Á rauðum sokkum
Baráttukonur segja frá

Á RAUÐUM SOKKUM

BARÁTTUKONUR SEGJA FRÁ

Ritstjóri
Olga Guðrún Árnadóttir

HÁSKÓLAÚTGÁFAN
RANNSÓKNASTOFA Í KVENNA- OG KYNJAFRÆÐUM (RIKK)
Reykjavík 2011

Bókin er gefin út með styrkjum frá Kennarasambandi Íslands, Eflingu, stéttarfélagi, Hagþenki, félagi fagbókahöfunda, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, SFR – stéttarfélagi í almannaþjónustu, menntamálaráðuneytinu og Bókmenntasjóði.

Á rauðum sokkum – Baráttukonur segja frá
Ritstjóri: Olga Guðrún Árnadóttir
© Höfundar

Útlit og kápuhönnun: Alda Lóa Leifsdóttir
Umbrot: Helgi Hilmarsson
Myndaöflun og myndstjórn: Olga Guðrún Árnadóttir
Myndvinnsla: Alda Lóa Leifsdóttir
Portrettmyndir af höfundum: Alda Lóa Leifsdóttir
Ljósmynd á kápu: Ari Kárason
Prentun: Litlaprent ehf.
Meginmál er sett með 10,5 Berkeley Old Style letri á 15 pt. fæti

Printed in Iceland
Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum (RIKK)
Háskólaútgáfan
Reykjavík 2011

Öll réttindi áskilin

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða
í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

U201136
ISBN 978-9979-54-926-0

EFNISYFIRLIT

Formáli *Olga Guðrún Árnadóttir* 7
Inngangur *Vilborg Sigurðardóttir* 11
Vilborg Dagbjartsdóttir 22
Ljóð Vilborgar, Hæka 25
Konan sem stendur bak við eldavélina þína gæti verið rauðsokka *Auður Hildur Hákonardóttir* 26
Ljóð Vilborgar, Kyndilmessa, III 59
Við neituðum að ganga inn í hefðina *Guðrún Hallgrímsdóttir* 60
Ljóð Vilborgar, Ljóð 91
Barátta rauðsokka: forðabúr femínismans *Helga Ólafsdóttir* 92
Ljóð Vilborgar, Morgunsöngur útivinnandi húsmóður 126
Ný tilvera *Edda Óskarsdóttir* 128
Ljóð Vilborgar, Heimsstjórnarfundur 160
Brutum þagnarmúra *Gerður G. Óskarsdóttir* 163
Ljóð Vilborgar, Óður til mánans 193
Takmarkið var jafnrétti í reynd *Rannveig Jónsdóttir* 194
Ljóð Vilborgar, Myndir frá pressuballi 1972 233
Konur á rauðum sokkum *Lilja Ólafsdóttir* 234
Ljóð Vilborgar, Draumur 263
Á ferð með Lýsiströtu *Elísabet Gunnarsdóttir* 264
Ljóð Vilborgar, Furða 289
Besti skóli ævi minnar *Guðrún Ágústsdóttir* 290
Ljóð Vilborgar, Morgunverk 320
Í Rauðsokkahreyfingunni *Guðrún Friðgeirsdóttir* 322
Ljóð Vilborgar, Erfiðir tímar 351
Frá lögum til reyndar *Björg Einarsdóttir* 352
Ljóð Vilborgar, Interlude 386
Dreift innra ópol verður að samstilltri ólgu *Vilborg Sigurðardóttir* 389
Eftirmáli – en ekki endir *Dagný Kristjánsdóttir* 418
Tilvísanir og heimildir 426
Myndaskrá 444
Nafnaskrá 447

FORMÁLI

Rúm fjörutíu ár eru liðin síðan Rauðsokkahreyfingin, ein af merkustu mannréttindahreyfingum Íslandssögunnar, varð til. Þar sameinaðist hugsjónafólk af báðum kynjum í baráttu fyrir rétti kvenna til að njóta jafnræðis og fullrar virðingar á við karla á öllum sviðum þjóðfélagsins. Hreyfingin lifði í tólf ár, frá 1970 til 1982, en áhrif hennar urðu varanleg.

Frumkvöðlar Rauðsokkahreyfingarinnar voru konur og konur báru hitann og þungann af starfsemi hennar frá degi til dags. Margar þeirra voru virkar í hreyfingunni um árabil, aðrar stóðu skemur við. Þessar konur komu úr ýmsum áttum og höfðu ólíkan bakgrunn en eitt áttu þær allar sameiginlegt: brennandi löngun til að afhjúpa og aflétta þeirri kynbundnu kúgun sem gegnsýrði samfélagið leynt og ljóst. Þær beittu gjarnan óhefðbundnum meðulum til að vekja athygli á málstaðnum, voru hugmyndaríkar og hugrakkar og örlátar á tíma sinn og krafta. Árangur erfiðisins var þeim sjálfum ekki alltaf sýnilegur og oft gafst tilefni til að efast, einkum fyrstu árin á meðan þyngst var fyrir fæti, en hugsjónafólk kallar ekki allt ömmu sína og fyrir vikið urðu á skömmum tíma straumhvörf í jafnréttisbaráttu á Íslandi.

Árið 2009 var frumsýnd heimildarmynd Höllu Kristínar Einarsdóttur, *Konur á rauðum sokkum*, þar sem saga Rauðsokkahreyfingarinnar er rakin í stórum dráttum. Myndin var fagnaðarefni fyrir áhugafólk um samfélagssögu og jafnréttismál og vakti verðskuldaða athygli. Nokkrar þeirra kvenna sem tekið höfðu þátt í stofnun Rauðsokkahreyfingarinnar og verið þar hvað virkastar á fyrra skeiði hennar, 1970–1975, tóku í framhaldinu að ræða það í sinn hóp hvort ekki væri löngu tímabært að rifja upp og skrásetja minningar um starfið í hreyfingunni. Lítið væri til af skriflegum heimildum fyrir áhugafólk um sögu hennar og enginn þekkti hana jú betur en þátttakendurnir sjálfir. Dýrmætt

tækifæri til að halda til haga persónulegri reynslu af merku skeiði í sögu 20. aldarinnar væri á góðri leið með að glatast.

Ein úr hópnum, Rannveig Jónsdóttir, hafði forgöngu um að kanna hug gamalla baráttusystra til verkefnisins og allar brugðust þær við í sönnum rauðsokkaanda, jákvæðar og reiðubúnar að leggja sitt af mörkum. Afraksturinn er þessi bók, sem inniheldur ekki aðeins upprifjun á starfinu innan Rauðsokkahreyfingarinnar, með megináherslu á árin 1970–1975, heldur einnig ágrip af lífi og störfum kvennanna tólf sem rita hér endurminningar sínar, auk ljóða úr safni rauðsokkunnar Vilborgar Dagbjartsdóttur.

Ég hóf ritstjórnarstarf mitt á haustmánuðum 2010. Þá hafði hópurinn þegar sett sér lauslegan ramma til að vinna út frá og Vilborg Sigurðardóttir og Dagný Kristjánsdóttir verið fengnar til þess að gera í stuttu máli grein fyrir aðdraganda og eftirmála þess skeiðs Rauðsokkahreyfingarinnar sem hér er mest til umræðu. Edda Óskarsdóttir hafði jafnframt unnið vandaða samantekt á ýmsum heimildum frá fyrstu árum hreyfingarinnar mér til upplýsingar og afnota við vinnslu bókarinnar.

Sannast sagna hafði ég í upphafi fremur óljósa hugmynd um hvers væri að vænta, en þegar frásagnirnar tóku að streyma til mín úr tölvum rauðsokka varð mér brátt ljóst að hér væri ekki á ferðinni einföld og afmörkuð baráttusaga. Vissulega draga höfundar upp skýra mynd af hugmyndafræði, viðfangsefnum og baráttuaðferðum Rauðsokkahreyfingarinnar, en í persónusögu þeirra er jafnframt fólginn margvíslegur sannleikur um aðstæður kvenna á liðinni öld og merkur vitnisburður um þau áhrif sem „rauðsokkauppeldið“ hafði á einstaklingana sjálfa og samfélagið allt í framhaldinu. Allt er þetta vekjandi, áhugavert og lærdómsríkt frá mínum bæjardyrum séð.

Þakkir

Margir eiga þakkir skilið fyrir liðsinni og gott samstarf við gerð þessarar bókar. Fyrst skulu þar nefndir forsvarsmenn Háskólaútgáfunnar og RIKK, sem höfðu trú á verkefninu og tóku það upp á arma sína. Starfsfólk þessara stofnana hefur lagt okkur margt gott til, en á engan er hallað þótt Sigríði Harðardóttur, ritstjóra á Háskólaútgáfunni, séu færðar sérstaklega hlýjar þakkir fyrir hjálpsemi sína, alúð og umhyggju fyrir verkinu. Hönnuðinum og ljósmyndaranum Öldu Lóu Leifsdóttur og umbrotsmanninum Helga Hilmarssyni er ég sömuleiðis afar þakklát fyrir að hafa búið efninu svo fallega umgjörð sem raun ber vitni.

Dagnýju Kristjánsdóttur þakka ég innilega fyrir hvatningu og góðar ábendingar á vinnsluferli bókarinnar.

Er þá ótalið allt það góða fólk sem lagði mér ómetanlegt lið við öflun myndefnis í bókina. Þar nefni ég fyrst Kristínu Hauksdóttur, verkefnisstjóra á Ljósmyndasafni Reykjavíkur, sem reyndist einstök hjálparhella við leit að 40 ára gömlum blaðaljósmyndum tengdum rauðsokkastarfinu. Sumar fundust, aðrar ekki, en Kristín á einlægar þakkir skilið fyrir elju sína og glöggskyggni. Sömuleiðis þakka ég Ingu Láru Baldvinsdóttur og Ívari Brynjólfssyni á Ljósmyndasafni Þjóðminjasafns Íslands fyrir þeirra góðu aðstoð og Auði Styrkársdóttur á Kvennasögusafni fyrir liðsinni í þessu sambandi og öðru. Fjölmargir einstaklingar lánuðu fúslega myndefni úr einkasöfnum sínum, bæði höfundar og aðrir velviljaðir, og eiga því stóran þátt í útliti bókarinnar. Of langt mál væri að telja þá upp, en þakklæti mitt í þeirra garð er ómælt. Öllum öðrum sem á einhvern hátt greiddu götu mína við gerð þessarar bókar færi ég einnig bestu þakkir.

Og þá er komið að þeim sem allra mest hafa lagt af mörkum: sjálfum rithöfundunum. Hafi einhvern tíma hvarflað að mér að það kynni að vera fífldirfska að taka að sér verkstjórn svo fjölmenns hóps annálaðra kvenskörunga þá er skemmst frá því að segja að fyrir slíkum grunsemdum reyndist ekki flugufótur. Ósérhlífni, metnaður og óbilandi kjarkur í þágu málstaðarins eru enn sem fyrr aðalsmerki þessara frábæru kvenna og samstarfið við þær hefur verið í alla staði ánægjulegt, lærdómsríkt og gefandi. Ég þakka þeim af heitu hjarta fyrir samfylgdina, stórhuginn og arfleifðina.

Olga Guðrún Árnadóttir ritstjóri

INNGANGUR

VILBORG SIGURÐARDÓTTIR

Þessum inngangsorðum er ætlað að gefa örstutt yfirlit yfir þróun kvenréttindabaráttu á Íslandi á seinni hluta nítjándu aldar og fyrri hluta hinnar tuttugustu og þær réttarbætur sem konur fengu á því tímabili.

Íslenskar konur fengu erfðarétt til jafns við karla 1850 en áður höfðu dætur tekið hálfan arf á móti bræðrum. Það ár kom út í Kaupmannahöfn bók eftir unga stúlku, *Clara Raphael – 12 breve*. Höfundur bókarinnar hét Mathilde Fiebiger. Hún skrifaði hugleiðingar um áhugamál sín, einkum trúmál og kvenfrelsismál. Skoðanir hennar þóttu byltingarkenndar og vöktu athygli. Árið eftir kom út önnur bók sem svar við bók Mathilde Fiebiger. Hún hét *Breve til Clara Raphael fra Theodor Immanuel* og var eftir Íslendinginn Magnús Eiríksson guðfræðing. Hafði hann hrifist af bréfum Clöru Raphael og þótt þau svaraverð. Hann var þeirrar skoðunar að konur stæðu körlum ekki að baki í neinu og væru þeim að ýmsu leyti fremri.

Þessi skrif vöktu mikla athygli en þó liðu tuttugu ár þar til Dansk Kvindeforbund var stofnað. Minning Mathilde Fiebiger er í hávegum höfð hjá kvenréttindaforkólfum í Danmörku til vorra daga.

Magnús Eiríksson er fyrsti karlmaður á Norðurlöndum sem gerist talsmaður kvenna og á skilið að hans sé minnst þegar rifjað er upp hver þróunin hefur orðið í þeim efnum.

Menntamál og kosningaréttur kvenna á 19. öld

Þóra Grímsdóttir Melsted hóf undirbúning að skólastofnun fyrir stúlkur á áttunda áratug 19. aldar. Hún var mjög vel menntuð á þeirra tíma mælikvarða,

hafði áður rekið stúlknaskóla fyrir eigin reikning, 1851–1853, og reyndi að auka skilning manna á mikilvægi menntunar fyrir stúlkur. Árið 1871 sendu 25 frúr áskorun til landsmanna um að gefa fé til stofnunar kvennaskóla í Reykjavík. Hann hóf starfsemi 1874 í húsi Þóru og manns hennar, Páls Melsted sagnfræðings, við Austurvöll. Nemendur voru níu. Kenndar voru bóklegar greinar og einnig hannyrðir og fleira verklegt.

Kvennaskólinn á Laugalandi í Eyjafirði hóf starfsemi 1877 og var forstöðukona þar Valgerður Þorsteinsdóttir. Þar voru líka kenndar bóklegar greinar og verklegar, hannyrðir og meðferð matar. Í Skagafirði og Húnavatnssýslu var um svipað leyti hafin kennsla fyrir konur og þeir skólar voru 1883 sameinaðir í Kvennaskólann að Ytri-Ey á Skagaströnd. Var skólastjóri þar Elín Eggertsdóttir Briem. Hún var höfundur *Kvennafræðarans* sem var endurprentaður aftur og aftur og þótti ómissandi á menningarheimilum næstu áratugina.

Þessir skólar nutu ríkisstyrks en hann var mjög takmarkaður og ótrúlegur munur á fjárveitingum til kvenna- og karlaskóla. Kvennaskólarnir fengu árið 1891 5.000 kr. samanlagt en búnaðarskólarnir á Hvanneyri, Hólum, Eiðum og í Ólafsdal fengu 10.000 kr. hver. Tæpast þarf að taka það fram að Lærði skólinn í Reykjavík var eingöngu ætlaður piltum og kostaður að öllu leyti af opinberu fé.

Áður en konur fóru að láta til sín taka opinberlega sem hópur voru þeim veittar nokkrar réttarbætur sem rétt er að rekja hér. Áður er vikið að erfðaréttinum 1850. Árið 1861 voru sett lög þess efnis að konur yrðu myndugar með tilsjónarmanni við 18 ára aldur og fullmyndugar 25 ára. Reyndar átti það bara við um ógiftar konur. Giftar konur þurftu eftir sem áður að beygja sig undir forræði eiginmanns.

Árið 1882 var konum veittur kosningaréttur til hreppsnefnda, sýslunefnda, bæjarstjórna og safnaðarnefnda, þ.e.a.s. ekkjum og ógiftum konum sem orðnar voru 25 ára og stóðu fyrir búi og á annan hátt áttu með sig sjálfar eins og það var orðað. En þær höfðu ekki kjörgengi. Þessum fáu konum var sem sagt leyft að kjósa karlmenn til ábyrgðarstarfa. Í Gullbringu- og Kjósarsýslu höfðu milli 10 og 20 konur þennan rétt og svipað hlutfall var í öðrum sýslum landsins. Ein kona greiddi atkvæði á Ísafirði 1884 og ein kona í Reykjavík 1888.

Konum var veitt leyfi 1886 til að gangast undir fjórðabekkjarpróf og burtfararpróf við Latínuskólann en ekki máttu þær sitja í skólanum né höfðu þær aðgang að styrkjum sem skólapiltum stóðu til boða en nokkrir þeirra gátu fengið 100–200 krónur á ári.

Í Reykjavík starfaði prestaskóli frá 1847 og læknaskóli frá 1876. Konum var heimilað að njóta kennslu við þá í tilteknum greinum frá 1887 og taka einhvers konar próf sem engin réttindi fylgdu. Ólafía Jóhannsdóttir, sem hér er getið síðar, tók fjórðabekkjarpróf við Latínuskólann 1890 og vildi taka stúdentspróf árið eftir en var neitað um það. Tvö ár skyldu líða á milli. Það varð til þess að hún hætti við það nám. Fyrsta konan sem tók stúdentspróf frá Latínuskólanum hét Elínborg Jakobsen.

Engin kona notfærði sér leyfið til að hlýða á fyrirlestra við læknaskólann eða prestaskólann.

Umræða um kvenréttindi í ræðu og riti

Valdimar Ásmundsson ritstjóri birti 7. janúar 1885 grein í blaði sínu *Fjallkonunni* undir fyrirsögninni „Kvenfrelsi". Þar segir hann að „ánauð og vanvirða kvenfólksins [hafi] jafnan verið bölvun lands og lýða". Hann álítur að samskólun sé nauðsynleg, sundurgreining skaðleg. Hann talar líka um þrældóm vinnukvenna og telur hann hættulegan sem og óréttlæti í launum.

Nokkrum mánuðum síðar birtist svo í *Fjallkonunni* grein eftir „unga stúlku í Reykjavík". Heiti greinarinnar er „Nokkur orð um menntun og réttindi kvenna". Þessi unga stúlka var Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Hún talar um gildi menntunar og hve mjög sé erfitt fyrir konur að afla sér hennar. Karlar meini konum aðgang að frelsi og réttindum og beri ýmsu við. Hún nefnir nokkra fræga kvenskörunga Íslandssögunnar, t.d. Guðrúnu Ósvífursdóttur og Þorbjörgu Ólafsdóttur hina digru í Vatnsfirði, Þorgerði Egilsdóttur og fleiri. Feður hafi skyldur við börn sín og þeim beri að virða langanir og hæfileika dætra sinna ekki síður en sona. Bríet eggjar konur til að nýta hæfileika sína og efla með sér sjálfstæði, atorku og viljastyrk. Konur þurfi að fá aðgang að öllum menntastofnunum, embættum og atvinnuvegum. Hún fordæmir tildur og tepruskap og telur að með menntun kvenna eflist framfarir þjóða og mannúð sé ávöxtur sannrar menntunar. Greinina má telja stefnuskrá sem Bríet Bjarnhéðinsdóttir fylgdi það sem eftir var ævinnar og verða áhrifin seint ofmetin.

Fyrirlestur Páls Briem

Á þessu herrans ári 1885 kom svo fram opinberlega þriðji talsmaður kvenréttinda og kvenfrelsis. Hinn 19. júlí það ár heldur Páll Briem, síðar amtmaður, opinberan fyrirlestur sem hann kallaði *Um frelsi og menntun kvenna*. Hann telur að

menningarstig þjóða megi ráða af því hver sé staða kvenna. Norðurlandaþjóðir séu á háu menningarstigi enda sé staða kvenna einna best þar af þjóðum heims. Með villimannaþjóðum sé staða kvenna afleit en á Íslandi hafi konur verið í hávegum hafðar frá upphafi byggðar. Páll rekur sögu kvenréttindahreyfinga í Ameríku og Englandi. Hann er mjög bjartsýnn á að hér á landi verði haldið áfram að veita konum réttindi og frelsi til jafns við karlmenn.

Þjóðviljinn á Ísafirði, Skúli Thoroddsen og Theodóra kona hans

Útgáfa *Þjóðviljans* hófst 1886 og var Skúli ritstjóri blaðsins. Þau Theodóra studdu kvenréttindamálið með ráðum og dáð frá og með fyrsta blaði. Þar birtast greinar um réttleysi kvenna, ranglæti þess og skaðsemi. Konur eru hvattar til að láta í sér heyra. Óframfærni þeirra er rakin til menntunarskorts. Gert er lítið úr þeim tilslökunum sem gerðar höfðu verið í sambandi við skólagöngu kvenna og getið er hér að ofan og ráðherrann (þ.e. Nellemann, Íslandsmálaráðherra í Kaupmannahöfn) hvattur til þess að beita sér fyrir því að á fjárlögum verði stúlkum ætlaður árlega álíka styrkur til náms og karlmönnum er veittur.

Sumar greinanna eru merktar nafninu – gerður –. Þar mun hafa komið við sögu Þórdís Eggertsdóttir frá Kleifum í Gilsfirði og þær Theodóra samið greinarnar í sameiningu.

„Vestfirsk kona“ telur að konur eigi að stofna félög um allt land sem vinni að því að bæta hag kvenna og ættu félögin síðan að halda úti riti til að ræða málin. Er þetta í fyrsta skipti sem bólar á þeirri hugmynd, sem síðar varð að veruleika.

Þjóðviljinn hefur án efa haft áhrif, að minnsta kosti í Þingeyjarsýslu, því að fyrsta skiptið sem *hópur kvenna* lætur til sín heyra um eigin réttindamál er þegar sent er „Opið bréf til ísfirzkra kvenna frá nokkrum konum í Þingeyjarsýslu“ og birt í *Þjóðviljanum* 26. apríl 1888.

Áskorun sem þingeyskar konur ætla að koma á framfæri á Þingvallafundi 1888:

- Að konur fái jafnan rétt við karlmenn í fjárráðum.
- Að konur hafi óskoraðan rétt til allra menntastofnana, sem kostaðar eru af landsfé.
- Að konur hafi rétt til allra embætta í landinu og annarrar atvinnu með sömu skilyrðum og karlmenn.

- Að konur hafi kosningarétt og kjörgengi til allra opinberra starfa með sömu takmörkunum og karlmenn.

Þarna er krafist fulls jafnréttis og er það í fyrsta skipti sem það er gert ótvírætt.

Þingvallafundur samþykkti að skora á alþingi að gefa málinu sem mestan gaum en alþingi virðist hafa stungið því undir stól því það var ekki nefnt á þinginu 1889. Skúli Thoroddsen og séra Ólafur Ólafsson flytja frumvörp um rétt kvenna til skólagöngu, um fjárráð giftra kvenna og um kjörgengi kvenna til sveitarstjórna, sýslunefnda og sóknarnefnda. Ekki féll það í kramið hjá öllum þingmönnum, jafnvel heyrðist að konur myndu áður en langt liði bola karlmönnum frá öllum störfum og embættum og láta þá sitja heima við barnagæslu og gólfþvott.

Stjórnarfrumvarp um fjármál hjóna var lagt fyrir þingið 1899 og varð að lögum 1. júlí 1900. Er þar ákvæði um að bóndi megi ekki ráðstafa nema með samþykki konu sinnar hennar eignum, er hún lagði til búsins. Hins vegar hefur hann einn umráð yfir félagsbúinu. Hann má þó ekki skuldbinda búið um meira en 5% á ári.

Stofnun Hins íslenska kvenfélags 26. janúar 1894

Þorbjörg Sveinsdóttir ljósmóðir í Reykjavík var helsti hvatamaðurinn að stofnun Hins íslenska kvenfélags. Tvö hundruð konur voru á stofnfundinum og nokkrir karlmenn. Einn þeirra, Tryggvi Gunnarsson, var fundarstjóri. Mest var rætt um háskólamálið, þ.e. nauðsyn þess að stofna háskóla á Íslandi. Þorbjörg var eina konan sem tók til máls. Skömmu síðar hélt félagið tombólu til styrktar væntanlegum háskóla. Þar söfnuðust 1.763 krónur og var það talsvert fé.

Fyrsti formaður félagsins var Sigþrúður Friðriksdóttir. Sat hún til 1897 en þá tók Þorbjörg við formennskunni og gegndi henni til dauðadags 1903. Áhugamál félagsins næst á eftir háskólamálinu var að styðja eftir megni að menningu og réttindum kvenna og taka yfirleitt þátt í málum þeim sem efst væru á dagskrá þjóðarinnar. Gefið var út ársrit í fjögur ár. Ritstjóri þess var Ólafía Jóhannsdóttir sem áður er nefnd og var hún fósturdóttir Þorbjargar Sveinsdóttur. Í stað fjögurra næstu árganga ritsins gaf félagið út þýðingu Sigurðar Jónassonar frá Eyjólfsstöðum í Vatnsdal á *Kúgun kvenna* eftir John Stuart Mill.

Sigþrúði Friðriksdóttur blöskraði þrældómurinn á vinnukonum sem fóru með þvott húsbænda sinna inn í laugar, þvoðu hann og báru blautan til baka. Hún stjórnaði í því að félagið beitti sér fyrir akstri með þvott inn í laugar og til baka.

Ólafía Jóhannsdóttir var 1895 fengin til þess að fara á Þingvallafund og halda fram helstu baráttumálum félagsins: kvenréttindamálinu, háskólamálinu, stjórnarskrármálinu og bindindismálinu. Ólafía gerði það sem í hennar valdi stóð en árangur var enginn. Sama ár beitti hún sér fyrir undirskriftasöfnun meðal kvenna um allt land þar sem skorað var á alþingi að samþykkja lög um kjörgengi kvenna og fjárráð giftra kvenna.

Félagið samþykkti 1896 að stofna sjúkrasjóð og var safnað til hans með tombólu. Efnt var til samskota meðal félagskvenna til að styrkja bágstaddar konur á jarðskjálftasvæðinu á Suðurlandi. Félagið fékkst einkum við líknar- og góðgerðastarfsemi næstu árin. Eftir stofnun Kvenréttindafélagsins unnu félögin saman að ýmsum réttindamálum kvenna.

Blaðið Framsókn á Seyðisfirði

Mæðgurnar Sigríður Þorsteinsdóttir og Ingibjörg Skaptadóttir stýrðu þessu blaði og skrifuðu mestallt efnið sem þar birtist. Á svofelldan hátt gera þær grein fyrir erindi sínu: Aðaltilgangur Framsóknar er sá að hlynna að menntun og sjálfstæði íslenskra kvenna, og að undirbúa þær til að girnast og nota þau réttindi er aldirnar kunna þeim að spinna.

Þær höfðu báðar menntað sig í Kaupmannahöfn og voru skeleggar kvenréttindakonur eins og kemur fram í ofanrituðum orðum og fyrirsögnum greina í blaðinu: Fjárráð giftra kvenna, Menntun kvenna, Bindindismálið – en það var kvennasamtökum þessa tíma ákaflega hugleikið. Menntun kvenna var hjartansmál þeirra mæðgna og söfnuðu þær fé til kvennaskóla á Austurlandi og stóðu fyrir samskotum til Húsmæðrakennaraskólans í Reykjavík.

Þær gáfu bara út fjóra árganga af *Framsókn*. Þá tóku við blaðinu þær Ólafía Jóhannsdóttir og Jarþrúður Jónsdóttir og gáfu út í önnur fjögur ár undir merki Hins íslenska kvenfélags.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir

Ætli sé þá ekki tími til kominn að minnast aftur á þá manneskju sem lengst og ötullegast barðist fyrir réttindum kvenna á síðari hluta 19. og fyrstu áratugum 20. aldar?

Bríet fæddist í Húnavatnssýslu 27. september 1856, missti föður sinn tvítug og fór þá í vist til Arnljóts Ólafssonar á Bægisá. Hún var einn vetur á Laugalandsskóla og skaraði þar fram úr. Árið 1885 birtir hún greinina í *Fjallkonunni* sem áður er minnst á. Hún flyst til Reykjavíkur 1887 og 28. desember það ár flytur hún fyrirlesturinn sinn fræga, *Um hagi og réttindi kvenna*. Virðist hún hvergi smeyk, talar skörulega og kemur víða við. Rekur sögu kvenna og telur hag þeirra hafa versnað með kristninni. Nú séu konur að öðlast ýmis réttindi, t.d. aðgang að háskólum og almennan skólagöngurétt ásamt rétti til að stunda ýmsar atvinnugreinar. Hún útmálar stöðu mála hér á landi og hvetur kynsystur sínar til að leita sér menntunar, vera sjálfstæðar, samtaka, félagslegar, ekki feimnar, ekki framtakslausar, dáðlausar, teprulegar. Vera mannúðlegar, umhyggjusamar, starfsamar, þrifnar og vinnusamar.

Hún fær hól í blöðum, *Þjóðólfi*, *Ísafold* og *Fjallkonunni*, fyrir málsnilld, góðan flutning, sögulega þekkingu og skipulega framsett efni. *Ísafold* telur fæsta hafa búist við jafngóðri frammistöðu af sjálfmenntuðum kvenmanni.

Bríet giftist 1888 Valdimar Ásmundssyni, sem áður er getið. Eignuðust þau tvö börn, Laufeyju 1890 og Héðin 1892.

Kvennablaðið og Kvenréttindafélag Íslands

Fyrsta tölublað *Kvennablaðsins* kom út 18. febrúar 1895 en boðsbréfið var sent út í nóvember 1894. Útgefandi blaðsins og ritstjóri var Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Blaðið hafði að geyma fjölbreytilegt efni ætlað konum og átti að efla félagsanda og samvinnu milli kvenna. Þar var að finna mataruppskriftir, húsráð, greinar um handavinnu, fræðslugreinar um ýmis efni, svo sem matjurtagarða, meðferð ungbarna, uppeldismál, menntun kvenna, vefnað og húsmæðraskóla erlendis. Þýddar skemmtisögur voru í hverju blaði, bæði smásögur og framhaldssögur, lærdómsríkar eða táknrænar eða hvorttveggja í senn. Á öðru ári útgáfu var upplagið komið í 2.500 eintök og hafði ekkert hinna blaðanna náð slíkri útbreiðslu.

Smám saman færir Bríet sig yfir á áhugasvið sitt, t.d. eru í 5. árgangi greinar um fjármál hjóna, fjárráð giftra kvenna, frétt frá Alþjóðaréttindasambandi kvenna – The International Woman Suffrage Alliance –, grein um kvenfélög og fyrirlestur eftir Sigurlaugu Gunnarsdóttur í Ási í Hegranesi um uppeldi og menntun kvenna. Sigurlaug er annars frægust fyrir að hafa fyrst íslenskra kvenna komið sér upp skautbúningi eftir fyrirsögn Sigurðar málara en hann var frændi hennar.

Í 10. árgangi segir Bríet frá ferð sinni til Norðurlanda. Þar kynntist hún konum sem voru framarlega í kvenréttindamálum og átti síðan í bréfasambandi við nokkrar þeirra. Hún segir frá kjörgengi norskra kvenna í sveitar- og bæjarstjórnir og að giftar konur hafi þar kosningarétt og kjörgengi og séu víða komnar í stjórnir sveitarfélaga. Hún hvetur konur til að sækjast eftir réttindum til jafns við karla og taka á sig skyldur í samræmi við það.

Alþjóðakvenréttindasambandið IWSA, sem nefnt er hér að ofan, var stofnað árið 1903. Enginn fulltrúi var frá Íslandi. Fyrsta þing alþjóðasambandsins var haldið í Kaupmannahöfn 1906 og var Bríeti Bjarnhéðinsdóttur boðið að sitja það þótt ekkert félag stæði á bak við hana.

Um haustið fór hún að undirbúa stofnun nýs félags eftir að hafa talað við formann Hins íslenska kvenfélags sem taldi fráleitt að hverfa aftur að kvenréttindamálinu. Bríet boðaði 15 konur til sín í Þingholtsstræti 18 og var Kvenréttindafélag Íslands stofnað 27. janúar 1907. Bríet var kosin formaður og var það til 1927. Félagskonum fjölgaði allhratt og stofnaðar voru félagsdeildir úti um land.

Þá gerðust þau stórtíðindi 1907 að allar konur, giftar sem ógiftar, fengu kosningarétt og kjörgengi með sömu skilyrðum og karlar til bæjarstjórnar í Reykjavík og Hafnarfirði. KRFÍ fékk önnur kvenfélög í Reykjavík í lið með sér og hóf undirbúning að framboði. Unnu konurnar frægan sigur í bæjarstjórnarkosningunum 1908 og komu fjórum konum að, listi þeirra fékk 345 atkvæði. Á kjörskrá voru þá 1174 konur og 1630 karlar.

Árið 1909 var sveitarstjórnarlögunum breytt þannig að konur fengu kosningarétt og kjörgengi með sömu skilyrðum og karlar í öllum sveitarfélögum landsins.

Árið 1911 er stigið stórt skref í réttindamálum kvenna. Hannes Hafstein flytur frumvarp um full réttindi kvenna til náms og embætta og var ekkert undanskilið, ekki embætti presta, biskupa né ráðherra eins og var þó sumstaðar gert í nágrannalöndum. Námsstyrkir skyldu standa stúlkum til boða eins og piltum. Í umræðum um frumvarpið beittu sumir þingmenn furðulegustu mótbárum við þessari réttarbót handa konum en frumvarpið fékkst þó samþykkt 23. apríl 1911.

Þetta ár var alþjóðafundur IWSA haldinn í Stokkhólmi. Laufey Valdimarsdóttir og Inga Lára Lárusdóttir sóttu fundinn fyrir hönd Kvenréttindafélagsins en þær voru báðar við nám í Kaupmannahöfn.

Verkakonur í Hafnarfirði gerðu verkfall 1911 og var kaup þeirra hækkað. Þóttu það allmikil tíðindi og vakti athygli um allt land.

Bríet hafði frá upphafi lagt áherslu á að félagskonur í Kvenréttindafélaginu ræddu ekki um landsmálapólitíkina á fundum sínum, áleit að það mundi valda sundurþykkju. Ekki voru allar konurnar sammála því og systurnar Ragnhildur og Guðrún Pétursdætur sögðu sig úr félaginu vegna þeirra deilna.

Árið 1913 var haldið heimsþing IWSA í Búdapest. Bríet sótti um ferðastyrk úr ríkissjóði til að sækja þingið. Ýmsir þingmenn lögðust gegn því að hún fengi hann og létu ekki þar við sitja því að einn þeirra, Jón Ólafsson, skrifaði svæsna níðgrein um Bríeti í *Reykjavíkina*. Aftur á móti fannst þessum sömu mönnum upplagt að styrkja íþróttamenn til Stokkhólmsfarar til að keppa á Ólympíuleikum.

Bríet fékk nú samt styrkinn og fór á þingið og Laufey dóttir hennar með. Það var nýstárleg reynsla sem hún skrifaði um í *Kvennablaðið* og leyfði þar með lesendum að njóta með sér.

Jónína Jónatansdóttir hóf 1913 máls á því hvort félagið ætti ekki að beita sér við að bæta kjör kvenna í fiskvinnu. Það var samþykkt en þá fengu konur 15 aura á tímann en karlar 35 aura. Vinnutíminn var 11 tímar á sólarhring, frá 6 á morgnana til 7 á kvöldin. Hinn 25. október var svo stofnað *Verkakvennafélagið Framsókn* og var Jónína Jónatansdóttir kosin formaður og Bríet ritari. Félagskonur voru 124. Vinnuveitendur reyndu ýmsar hefndarráðstafanir til að spilla fyrir samtökum verkakvenna og konurnar voru auðvitað hræddar við að styggja þá og missa kannski atvinnuna en ranglætið var hróplegt. Sumir vinnuveitendur sýndu sanngirni og aðrir fylgdu svo í kjölfarið.

Barnaleikvallarstarfsemi var eitt af áhugamálum Kvenréttindafélagsins og söfnuðu félagskonur til þess fé og tóku að sér umsjón vallarins við Grettisgötu í sjálfboðavinnu. Löngu síðar tók Barnavinafélagið Sumargjöf við rekstrinum.

Stjórnarskrárfrumvarpið sem lengi var búið að velkjast á milli alþingis Íslendinga og dönsku stjórnarinnar var loksins samþykkt 19. júní 1915. Hafði það að geyma ákvæði um kosningarétt og kjörgengi kvenna og eignalausra karla. Afturhaldsmönnum hafði þó tekist að lauma inn í frumvarpið ákvæði um takmarkaðan kosningarétt kvenna þess efnis að einungis fertugar konur og eldri fengju að kjósa og svo yrði fært niður smám saman í 25 ár. Það ákvæði var fellt niður 1918.

Konur í Kvenréttindafélaginu – og vonandi allar konur – urðu harla glaðar þegar þessi langþráðu réttindi voru í höfn. Þær héldu mikla hátíð 7. júlí,

marseruðu á Austurvöll, heimsóttu alþingi og Bríet Bjarnhéðinsdóttir hélt ræðu og þakkaði þingmönnum. Um kvöldið var svo haldin veisla í Iðnó og var mikið um dýrðir.

Ákveðið var að Kvenréttindafélagið starfaði áfram þótt markmiðinu væri náð. Hafin var fjársöfnun til byggingar Landspítala í Reykjavík. Hið íslenska kvenfélag beitti sér líka í því máli.

Kvenréttindafélagið hélt áfram að gæta að réttindum kvenna og hugsa um hag allra kvenna. Árið 1921 voru sett lög um rétt óskilgetinna barna og mæðra þeirra en það hafði verið áhugamál félagsins frá upphafi og var rætt um það strax á fyrsta fundi.

Vinnumiðlun kvenna var komið á fót 1931 þegar kreppan var skollin á en sameinuð vinnumiðlunarskrifstofunni sem ríki og bær kostuðu árið 1935.

Mæðrastyrksnefnd var stofnuð fyrir forgöngu KRFÍ með þátttöku fleiri kvenfélaga 20. apríl 1928 til að styðja og styrkja einstæðar mæður. Laufey Valdimarsdóttir var formaður frá stofnun til dauðadags.

Kvenréttindafélagið starfar enn eins og kunnugt er og fylgist með og tekur afstöðu til mála eins og félagskonum þykir ástæða til.

Sýnd veiði en ekki gefin

Margir líta svo á að baráttunni fyrir pólitískum réttindum kvenna hafi lokið með fullum sigri, en næstu áratugir leiddu annað í ljós. Þátttaka kvenna í íslenskum stjórnmálum var hverfandi og örfáar konur náðu kjöri til setu á alþingi. Bríet Bjarnhéðinsdóttir skipaði fjórða sæti á lista Heimastjórnarmanna við landskjör 1916, hún varð annar varamaður og tók aldrei sæti á þingi. Olli það henni sárum vonbrigðum. Kjörsókn kvenna í þeim kosningum var einungis 10,37%. Þá voru það aðeins fertugar konur og eldri sem máttu kjósa. Fyrsta konan sem kjörin var á þing var Ingibjörg H. Bjarnason 1922. Sárafáar konur áttu sæti í sveitarstjórnum og var það mikil öfugþróun eftir glæstan sigur kvenna í bæjarstjórnarkosningum í Reykjavík 1908. Stúlkur voru í miklum minnihluta nemenda í menntaskólum og háskólum lengst fram eftir tuttugustu öldinni.

Hægt gekk konum sókn til embætta. Launamisrétti kynja var ríkjandi munstur í atvinnulífinu. Svokölluð kvennastörf voru lágt metin til launa. Konum fjölgaði þó í kennarastétt alla tuttugustu öldina og kennarastarfið var eitt þeirra fáu þar sem konur nutu launajafnréttis á við karla. Hins vegar var það afar fátítt

fram á síðasta fjórðung tuttugustu aldar að konur gegndu yfirmannsstöðum í skólakerfinu. Þar var fjöldi karla yfirgnæfandi.

Fyrstu lögin um launajafnrétti karla og kvenna voru sett 1961 að kröfu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og var Íslendingum gefinn nokkurra ára aðlögunarfrestur. Víða í fyrirtækjum og stofnunum var hann nýttur til að breyta starfsheitum þannig að körlunum væru tryggð hærri laun.

Eftirstríðsárin færðu með sér miklar breytingar í lífi og lífsviðhorfum kvenna. Æ fleiri konur sóttu fram til menntunar og starfa í samræmi við það og heilmikil bjartsýni var ríkjandi. Þegar nánar var að gáð var þó mikill munur á þeim tækifærum sem konum og körlum buðust. Samfélagsviðhorfin fólu ekki í sér hvatningu til kvenna til menntunar og starfa. Dagvistun barna stóð ekki til boða nema einstæðum mæðrum og börnum giftra karla sem stunduðu háskólanám. Mæðrum í háskólanámi voru allar bjargir bannaðar hvað það snerti. Skólahald var skipulagt þannig að börnum var ætlað að fara heim til hádegisverðar. Almennt var í þjóðfélaginu neikvætt viðhorf til launavinnu giftra kvenna.

Margir óþægilegir þröskuldar og illkleifir múrar stóðu í vegi fyrir konum sem vildu stunda launaða vinnu. Vaxandi óánægja kvenna leitaði farvegar á sjöunda áratugnum. Og þá kom Rauðsokkahreyfingin …

VILBORG DAGBJARTSDÓTTIR

Vilborg Dagbjartsdóttir, fædd á Vestdalseyri við Seyðisfjörð 1930, var einn helsti frumkvöðull þeirrar kvenfrelsishreyfingar sem spratt upp á Íslandi vorið 1970 og hlaut nafnið Rauðsokkahreyfingin. Vilborg henti á lofti bollaleggingar samkennara sinna í Austurbæjarskólanum um þörfina fyrir íslensk baráttusamtök í anda þeirra róttæku erlendu afla sem létu æ meira til sín taka í þágu kynjajafnréttis og ásamt þeim tók hún af skarið um að hrinda hugmyndinni í framkvæmd. Fyrsti fundur verðandi baráttukvenna var haldinn að frumkvæði Vilborgar og stallsystra hennar, það var í hennar kolli sem hugdettan um að bera Lýsiströtustyttuna niður Laugaveg í 1. maí-göngunni kviknaði og útvarpsauglýsinguna sem hvatti konur á rauðum sokkum til að drífa sig á Hlemm þann dag greiddi Vilborg með glöðu geði úr eigin vasa.

Vilborg tók virkan þátt í starfi Rauðsokkahreyfingarinnar næstu árin. Hún sat í fyrstu miðstöð hreyfingarinnar og lagði málstaðnum lið á ýmsum vettvangi, en líkt og fleiri höfundar þessarar bókar dró hún sig að mestu í hlé frá rauðsokkastarfinu um miðjan áttunda áratuginn.

Eins og alkunna er hefur Vilborg Dagbjartsdóttir löngu skipað sér sess meðal fremstu ljóðskálda þjóðarinnar. Þegar þetta rit var í bígerð lagði hún sjálf til að framlag hennar yrði í formi skáldskapar fremur en endurminninga, enda hefðu þær þegar verið allrækilega skráðar í öðru samhengi. Ritstjóri valdi því í samráði við Vilborgu tólf ljóð úr safni hennar sem auka dýrmætri vídd við söguna sem hér er skráð. Flest ljóðanna birtust fyrst á prenti á áttunda áratugnum og öll eiga þau ríkan samhljóm með umfjöllunarefni bókarinnar.

Hæka

Einu sinni flaug
Valentína um geiminn
táknmynd jafnréttis
Á jörðu niðri gekk allt
hversdagslegan vanagang

KONAN SEM STENDUR BAK VIÐ ELDAVÉLINA ÞÍNA GÆTI VERIÐ RAUÐSOKKA

AUÐUR HILDUR HÁKONARDÓTTIR

Ég fæddist á Leifsgötunni ári áður en stríðið hófst en skömmu síðar fluttust foreldrar mínir, Hákon Guðmundsson og Ólöf Dagmar Árnadóttir, inn á Bústaðaveg, austur fyrir sumarbústaðina sem stóðu vítt og breitt um Fossvoginn innan um smábýli og gróðrarstöðvar. Þau keyptu nýlegt heilsárshús með útbyggðri sólstofu sem hefur fengið að standa allt til þessa dags. Innbúið var í hreinum bauhaus-stíl og afar nýtískulegt og þau hljóta að hafa keypt það á einu bretti þegar þau hófu búskap. Sambyggður stofuskápur og sófi með kringlóttu sófaborði, allt með fallega innlögðum viði. Tveir hægindastólar og skrifborðsstóll með stálgrindarbogum, lítill bókaskápur og gólfteppi fullkomnuðu myndina. Ég man vel eftir fyrsta gólfteppinu, sem fór aðdáunarvel við mublurnar og var ofið með kaflamynstri sem hægt var að nota sem landslag. Það var snarpt viðkomu svo draga mátti yfir það leikföng á hjólum.

Ég er ekki í vafa um að þessi formræni hreinleiki og stofan með sínum stóra suðurglugga og gardínum sem ofnar voru hjá Karólínu á Ásvallagötunni og ísaumaðar af okkur mæðgum áttu sinn þátt í að vekja myndlistaráhuga minn auk þess sem málverk meistaranna héngu á veggjum: eitt stórt eftir Kjarval, nærmynd úr Svínahrauninu sem hefur þurft dirfsku til að kaupa, og annað ílangt með Dyrfjallamótívinu og álfaborginni yfir píanóinu. Kjarval og föðuramma mín Ragnhildur voru þremenningar svo það taldist skyldleiki þótt hann kæmi aldrei í heimsókn það ég man. Seinna komst ég að því að lífskúnstnerinn Karl Einarsson, sjálfskipaður hertogi af St. Kilda, var líka náskyldur pabba í sama

Hildur á bernskuslóðum við Bústaðaveginn um 1950. Elliðaárdalurinn og Breiðholtið í baksýn.

skaftfellska vænginn. Ásgrímur var hafður yfir sófanum. Málverkin voru öll í jarðarlitum og ég eyddi miklum tíma í að leiðrétta aftur og aftur í huganum vissa sjónvillu í mynd Ásgríms þar sem Esjan speglaðist í haffletinum, því að hann hafði dregið pensilförin lóðrétt svo að speglunin varð eins og foss og ég þurfti að beita mig hörðu til að sjá þetta eins og það var hugsað af hans hálfu.

Systir mín, Inga Huld, var tveimur árum eldri og hún þoldi mér lengi framan af þá sjónrænu áherslu sem ég hafði í leikjum okkar en hún var öll í bókum. Textinn var hennar veröld. Hún var afar fljót til náms en ég líklega með snert af lesblindu, en af því að ég tók allt upp eftir henni skautaði ég yfir heilmarga erfiðleika sem heilahvelamisvísun getur haft í för með sér og bar mig að eins og ég væri séní líka. Ég held að ég hafi fundið einhverjar snjallar aðferðir til að stranda ekki á erfiðleikum sem skólakerfið hefði annars getað flækt mér í með því að apa hreinlega eftir henni.

Þarna á ytri mörkum bæjarlandsins ríkti visst félagslegt tómarúm en ég vissi það ekki þá því að ég þekkti ekkert annað. Menningarlífið sem tilheyrði miðbænum náði varla út að endastöð strætisvagnaleiðanna. Þessi jaðarbyggð hafði enga miðju þar sem fólk hittist, þar var hvorki kirkja né samkomuhús, ekki einu sinni matarbúð og engin samkennd nema á milli nágranna þegar best lét. Ég varð blátt áfram hissa þegar ég á fullorðinsárum skildi hversu djúp

áhrif og mikla skemmtan mátti hafa af félagslífi eins og það tíðkaðist enn í sveitum. Það var fremur í braggabyggðum hermannanna sem örlaði á félagslífi og bíósýningum heldur en að fólkið í Sogamýrinni eða Blesugrófinni tæki sig saman um eitthvað. Laugarnesskólinn sinnti vissulega skyldu sinni og hélt jólaskemmtanir og leiksýningar en fátt þar fyrir utan.

Ég gerði þó alvarlega tilraun til að gerast meðlimur í félagsskap á æskuárunum. Mér hafði verið komið fyrir á Úlfljótsvatni um sumar hjá Hrefnu Tynes ásamt fleiri smástúlkum til að læra að verða ljósálfur meðan móðir mín var að sinna þriðju systurinni, Hjördísi Björk, sem kom í heiminn á lýðveldisárinu. Þegar ég kom aftur í bæinn fannst mér spennandi að vera orðin þátttakandi í svona merkilegri hreyfingu og var orðin nógu myndug til að ferðast með strætisvagni á fundi. Ég lagði stolt af stað í ljósbrúna einkennisbúningnum mínum, var reyndar rígmontin og vonaðist til að allir tækju eftir mér í vagninum. En stelpurnar tóku þessu ekki vel og sögðu mér að á félagsfundum væri ekki til siðs að vera í búningi. Tíminn leið og ég samlagaðist hópnum. Við fórum að æfa fyrir árshátíð eða skemmtun og þar hafði ég hlutverk. Þegar stóri dagurinn rann upp og ég skyldi stíga á sviðið klæddi ég mig í hárauðan amerískan sparikjól með litlu skjuði um mittið og hvítum kraga. Aftur féll stelpunum allur ketill í eld því að ég stóð þarna eins og blikkandi ljósapera en þær allar komnar í mólita ljósálfabúningana með áunnin merki á öxlunum og snúrur. Einhvern veginn vissi ég þá að ég ætti það ekki í mér að vera eins og hinar stelpurnar og yrði bara að taka því.

Önnur tilraun endaði á svipuðum nótum. Ég bað um að fá að læra ballett. Bæjarstelpurnar gerðu grín að því að ég væri í merktum sokkum, því að á Úlfljótsvatni varð auðvitað að merkja allar flíkur. Ég yppti öxlum og hætti að æfa mig í að ganga útskeif enda fannst mér þessar stöður frekar asnalegar, en einhvern veginn þurfa stelpur að komast að því hvort þær séu uppvaxandi ballerínur. Það er bara þannig.

Í Hudsondalnum

Árið 1956 fluttist ég til Ameríku. Ég hafði eignast dóttur, Kolbrúnu Þóru, og klárði því ekki menntaskólann. Barnsfaðirinn, Oddur Benediktsson, haskaði sér í gegnum það sem hann átti eftir til stúdentsprófs og fékk styrk fyrir skólagjöldum í Ameríku; námsmenn nutu líka sérstakra kjara hvað varðaði gjaldeyri á eftirstríðsárunum svo að þar var hægt að komast af með minna.

Við hjónakornin fylgdumst ekki að því að ég þurfti að bíða í nokkra mánuði eftir græna kortinu, en þar kom að ég, táningurinn, flaug til Ameríku með kornabarnið, nokkrar bækur og fatapinkil. Ég man sérstaklega eftir hvítu hönskunum, en af tilviljun las ég á miðann sem á stóð að bómullin væri bandarísk en varan saumuð í Japan; eftir einhverjum leiðum höfðu þeir ratað til Íslands og veraldarreisu þeirra lauk svo þegar ég var að hefja mína. Meðal bókanna í farteskinu var *Walden*[1] eftir bandaríska heimspekinginn H. D. Thoreau sem hundrað árum áður dvaldi í kofa sem hann sjálfur byggði við Waldenvatnið í Massachusetts í sátt við sjálfan sig og náttúruna.

Við settumst að í Tróju (Troy) við Hudsonfljótið, litlum háskólabæ sem stendur á árbakkanum rúma 200 kílómetra frá sjó. Trója hafði áður verið mikilvirkur iðnaðarbær en nú var ekkert eftir nema ein bjórverksmiðja. Bærinn var í afneitun og kunni engan veginn sitt nýja hlutverk. Þarna var ekkert kaffihús, aðeins einn kaffiskúr – hálfgert trukkastopp – og svo sjoppan þar sem maður keypti *New York Times* og beyglur, lax og rjómaost á sunnudagsmorgnum að gyðingasið, því að það var eitt af því fáa sem hægt var að gera til tilbreytingar um helgar. Ég man ekki eftir bakaríi. Þarna sameinast Mohawkáin Hudsonfljótinu frá vestri og skipaskurðirnir taka við upp í vötnin miklu. Þar höfðu dráttar- og ferjumenn, afar og langafar kunningja minna, sofið með beittan rýting uppi í erminni því að lífið kringum flutningaleiðirnar og skipastigana var viðsjárvert.

Bærinn sem státaði þessu hetjulega nafni átti sér töluverða sögu sem mótaðist af legu hans. Fyrstu hvítu íbúarnir á Manhattan og í Hudsondalnum voru hollenskir en áður voru þarna herskáir Iroquois-indíánar og Móhíkanar. Hudsonáin er nefnd eftir landkönnuði sem sigldi upp hana um 1600 og taldi í fyrstu að hún hlyti að ná alla leið til Kína, því að þá trúðu menn því enn að Ameríka væri tengd Austurlöndum. Rökfærsla Hudsons byggðist á því að straumurinn var ýmist í þessa áttina eða hina. Það reyndist þó ekki annað en sjávarflóð en þau hafa áhrif alla leið upp til Tróju, svo lygn er straumurinn. Dalurinn og áin búa yfir mörgum leyndardómum, sumum svolítið ógnvekjandi en þar ríkir líka mjúklát fegurð.

Nyrst á Manhattaneyjunni er safnabyggingin Cloisters, reist úr leifum ýmissa miðaldabygginga í Evrópu og fjármögnuð af J. D. Rockefeller yngri sem skreytti hana með frönskum einhyrningsteppum sem voru í miklu uppáhaldi hjá honum – og mér líka. Ættaróðal hans, Kykuit, er uppi í dalsmynninu ásamt öðrum glæsivillum auðkýfinga. Þar voru haldin hanastélspartý og til

Hildur í Tróju á sjötta áratugnum. Elegant skvísa í ameríkskum stíl.

þeirra kom Kennedyættin og aðrir hópar fólks sem sóttust eftir æðstu völdum. Samkvæmt lýsingu heyrnarvotta var lítill munur á þeim duldu hótunum sem flugu yfir kristalsglasabarmana um meiðingar og morð og orðaskiptunum sem gætu hafa átt sér stað í súlnagörðum Rómverja forðum þegar varkárir senatorar höfðu sérstaka smakkara til að tryggja að þeir kæmust lifandi heim. Í stofunum héngu stíflökkuð rómantísk málverk Hudsondalsskólans í gylltum römmum sem voru oft veigameiri en myndirnar sjálfar. Lengra upp með ánni voru svo önnur stórhýsi en dimmleitari – fangelsin Sing Sing og Dannemora sem hýstu þá sem höfðu ekki haft heppnina með sér.

Trója þóttist einu sinni hafa keppt um völd og áhrif við New York á meðan skipin voru minni og sigldu alla leið þangað upp eftir. Þar bjó kjötkaupmaðurinn Sam frændi sem stimplaði U.S. á vistasendingar til hersins og var eiginlega í gríni gerður að samnefnara fyrir þjóðina snemma á 19. öld. Hann á stóran legstein í kirkjugarðinum í Tróju sem hallar á móti sól niður að ánni. Færi maður svo yfir gömlu, mjóu járnbrautarteinana sem voru enn í notkun og niður að bakkanum var þar skilti á húsi og á því stóð gullnum stöfum að hér hefði Herman Melville skrifað söguna um Moby Dick.

Í miðbæ Tróju mátti finna upp undir þaki yfir banka nokkrum tónleikasal sem hvað bestan hljómburð hafði í gjörvöllum Bandaríkjunum. Bankinn var byggður úr marmara sem sagt var að skapaði þennan fína óm. Í kirkju við hliðina gat að líta ekta tiffany-glerglugga. En einhver uppgjöf fyrir fátækt og eymd virtist fylgja bænum sem gerði hann að ógeðfelldum bústað og tengdist því að þótt áin liðaðist fagurlega niður dalinn átti hún bágt með að hreinsa sig af sora. Kannski var það vegna þess að helgistaðir indíánanna á ármótunum, eyjur og hólmar á bak við yfirgefnar vefnaðarverksmiðjulengjur, voru fullir af drasli sem hafði dagað þar uppi: bíldekkjum, spýtum, plasti og járnstykkjum.

Vatnsaflið hafði knúið bæði stálsmiðjur og vefnaðarverksmiðjur en iðnaðurinn var horfinn til Suðurríkjanna þar sem launin voru lægri; virðingin fyrir gnótt landsins grafin undir sóðaskap sem fylgdi ofurvaldi peninga. Þó slógu mannleg hjörtu þar vestra oft af meira afli en annars staðar og gera enn. En að það væri land hinna frjálsu skildi ég aldrei almennilega.

Eftirstríðsárin í Bandaríkjunum

Á þessum árum leyndust skuggabaldrar kommúnistaveiðarans McCarthys enn í lautum og skutu stundum upp höfðinu, allavega á Austurströndinni. Það voru ekki bara kvikmyndagerðarmenn sem sáu sér hag í að flytja til Kaliforníu til að nýta sér ókeypis birtuna og losna undan vökulu auga ritskoðunar heldur fylgdu aðrir í kjölfarið sem sóttust eftir nýju og öðruvísi lífi. Ekki endilega af pólitískum orsökum, því að suma dreymdi um öðruvísi trú og andlega meistara, aðrir leituðu eftir kynferðislegu frelsi, enn aðrir að athafnafrelsi og bak við allt leyndist oft rómantík gullgrafarans. Þvert ofan í það sem almenningi var talin trú um voru fjölmiðlar í Ameríku næsta óvirkir og smábæjarblöðum ritstýrt framhjá flestu sem máli skipti. Fréttir af þjóðfélagshræringum bárust því ekki alltaf gegnum fjölmiðla heldur einnig eftir þeirri gamaldags leið þegar maður segir manni. Ég fann það greinilega þegar ég skrapp heim að fréttaflutningur á Íslandi var opnari þótt umfjöllun og eftirfylgni sem stóru blöðin vestra gátu leyft sér vantaði.

Sálarfræðin var tekin að ryðja sér til rúms og það að komast í sálgreiningu þótti næstum eins spennandi og að komast út í geiminn í dag enda ekki á færi nema hinna betur settu. Með sálgreiningunni vöknuðu meðal annars spurningar um hvort og þá hvernig líf genginna kynslóða gæti haft áhrif á afkomendurna marga ættliði fram í tímann. Það hljómaði eins og lykill að himnaríki að eiga þess kost að botna svolítið í sjálfum sér, en flest urðum við að láta okkur nægja að skyggnast ögn til fortíðarinnar til að dýpka skilninginn á eigin gerðum.

En uppgangur sálarfræðinnar átti sér líka skuggahliðar. Óttaandi McCarthyismans hafði ekki verið svæfður. Dauði Wilhelms Reich, sem var lærisveinn og samstarfsmaður Freuds en fór sínar eigin róttæku leiðir, byggði orgonboxið í leit að frumorku mannsins nátengdri kynorkunni og taldi að konur yrðu að öðlast fjárhagslegt sjálfstæði fór ekki framhjá mér þrátt fyrir fréttafátækt og útvarpsleysi. Eyðileggingin á lífsverki hans af stofnunum eins og FBI og FDA og bókabruninn mikli gerðu forboðin fræðin ennþá forvitnilegri.

Þegar blökkumenn tóku að mótmæla aðskilnaðarstefnunni undir forystu Martins Luthers King voru þær hræringar fyrst í stað nógu langt í burtu til að óhætt þætti að segja frá þeim í fréttamiðlum Norðurríkjanna. En í kjölfarið varð til önnur hreyfing, því að rétt eins og í þrælastríðinu skynjuðu konurnar sem studdu blökkumennina óhjákvæmilega um leið sína eigin veiku þjóðfélagsstöðu. Ég frétti einhverju sinni að konur ætluðu að funda og ræða stöðu sína og fannst það lyginni líkast, en sjálf var ég ekki nægilega innvígð til þess að vita hvar eða hvenær þau fundarhöld yrðu. En þessar fréttir bárust aðeins með orðspori og áttu eitthvað sameiginlegt með leynd hins heita myrkurs sem getur falið í sér unað, ofbeldi og dulúð sem svarti maðurinn flutti með sér yfir hafið og er svo einkennandi fyrir Ameríku. Þar sem ég bjó tvinnaðist þetta saman, mótmæli þeldökkra og vitundarvakning kvennanna.

Svörtu konurnar tóku líka þátt í baráttunni fyrir jafnrétti í Suðurríkjunum. Þekktust þeirra varð Rosa Parks sem árið 1955 neitaði að gefa eftir sæti sitt í yfirfullum strætisvagni handa hvítum farþega. Hún lýsti síðar atburðinum á þessa leið: „Þegar hvíti strætisvagnabílstjórinn kom aftur í vagninn bandandi með hendinni og skipaði okkur að standa upp og gefa hinum eftir sætin okkar, þá fann ég hvernig bjargföst sannfæring lagðist yfir líkama minn eins og bútasaumsteppi á vetrarnóttu.“[2]

Rosa Parks ritaði nafn sitt á spjöld sögunnar þegar hún neitaði að standa upp fyrir hvítum farþega í strætisvagni í Suðurríkjunum árið 1955.

Tilfinningin að hafa siglt í strand

Það var erfitt að finnast ég vera strönduð í mörg ár á stað sem hafði mótast af eilífu rennsli vatns og umferðar um árþúsundir. Ég undi mér fremur illa þarna þrátt fyrir að hafa eignast soninn Hákon Má og helsta tilhlökkunarefnið var að komast niður til New York-borgar. Sannkallaður uppgangstími ríkti í söfnunum, ekki bara góðar sýningar heldur einhver smitandi kátína sem náði alla leið inn í kaffistofur safnanna. Listhandverki var líka gert hátt undir höfði í American Crafts Museum, rétt hjá Museum of Modern Art, en það heitir eitthvað annað núna og er ekki svipur hjá sjón. Alþýðulistin átti sér sömuleiðis sterka málsvara. Í heimskreppunni miklu á fjórða áratugnum hafði verið sett af stað veigamikið viðreisnarprógram, New Deal, að undirlagi Roosevelts forseta og því ætlað að vera mótvægi við atvinnuleysið og í því var víðtækt stuðningskerfi við listamenn. Stjórnandi annars arms þessa menningarprógrams var Íslendingur ættaður frá Skógarströnd sem hafði tekið sér nafnið Holger Cahill. Hann átti mikinn þátt í því að kynna alþýðulist og afla henni virðingar. Ég lifði mig inn í þennan heim og skynjaði opnun Guggenheimsafnsins árið 1959 eins og persónulega gjöf frá forsjóninni. Að fá að ganga upp þennan furðuspíral sem byggingin er og virða fyrir sér feiknastóran óróa Alexanders Calder í hvelfingunni var eins og að klífa sjálfan himnastigann. Ég hef reynt að endurlifa þetta í heimsóknum mínum til borgarinnar á síðari tímum en eitthvað hefur breyst. Upplifunin er ekki sú sama.

Önnur ástæða þessarar sköpunargleði í bandaríska listaheiminum var efalítið sú að höfuðvígi abstraktmálverksins hafði flutt sig frá París vestur um haf í seinni heimsstyrjöldinni þegar Evrópa var frosin af skelfingu og ekkert virkaði eins og það átti að gera. Stjórnin vestra, ráðamenn og þorri almennings höfðu ekki smekk fyrir þessari tegund myndlistar en nú þykir sannað að sögusagnirnar um að leyniþjónustan CIA hafi ákveðið að nota sér innrás hins óhlutbundna listforms markvisst sem vopn í kalda stríðinu séu á rökum reistar. Með því að beita stuðningskerfinu sem fyrir hendi var frá kreppuárunum og gera einstaka listamönnum, söfnum og galleríum sem sýndu eða seldu verk þeirra hátt undir höfði gátu stjórnvöld sett upp andlit frjálsræðis á alþjóðlegum vettvangi þótt hugur fylgdi ekki máli. Talað var um *long leash*-aðferðina (fólk var í bandi en tók ekki eftir því, snúran var höfð svo löng) því að vitað var að margir málaranna voru vinstrisinnaðir og áreiðanlega fylgst vel með þeim. Austurblokkin hneppti hins vegar allar listir í spennitreyju pólitískrar þjónkunar eða beitti þöggun

nema kannski ballettinn því hann er svo formfastur fyrir. Tvímælalaust virkaði þetta tvíeggja leynivopn og við svo hagstæðar kringumstæður, sem vöruðu í meira en tvo áratugi, blómstraði vissulega hið óhlutbundna málverk en tókst þó um leið að ganga fram af sjálfu sér með hömluleysi.

Konur voru aldrei fyllilega gjaldgengar í veröld abstraktlistarinnar og frægðarmarsi málaranna, pössuðu ekki inn í ímyndina. Margar höfðu þó þegar hér var komið sögu öðlast myndlistarmenntun og þær gripu til sinna ráða, leituðu að nýjum miðli og hófust handa óháðar því sem á undan var gengið. Þær fóru fyrst að vefa. Litlar, óreglulegar pjötlur leystu fyrirhafnarlaust mörg vandamál sem olíumálverkið hafði verið að glíma við, eins og þekkilega og síbreytilega áferð, og þess vegna var athæfi kvennanna á vissan hátt móðgun við risastór málverk meistaranna og ofurvald safnanna. Vefnum fylgir ákveðinn agi eða hrynjandi sem bilið á milli þráðanna í uppistöðunni skapar og á þessum tímum þoldi myndlistin alveg svolítinn aga. Vefurinn bauð því upp á lausnir sem málverkið hafði, um stundarsakir allavega, þurft að rembast svo mikið við að ná fram. En konurnar gerðu meira á galleríloftunum í SoHo í New York. Í þessari borg hraðans þótti vefnaður fljótt of seinunninn og þær fóru að skapa skúlptúra úr efnisafgöngum frá sníðaverkstæðum, vefnaðarverksmiðjum og saumastofum. Vefnaðurinn leystist upp í þræði og konurnar gengu enn lengra og fóru að kasta ytri hjúpnum og vinna með eigin líkama í ljósmyndum og gjörningum. Flóðgátt opnaðist fyrir kvenlega túlkun á umheiminum með nýjum efniviði og öðruvísi nálgun.

Heimkoman og heklaða innkaupanetið

Ég hélt heim með þennan graut mótsagna í kollinum eftir sjö ára dvöl vestra, nokkrum vikum eftir sprengjuárásina á babtistakirkjuna í Birmingham í Alabama þegar fjórar blökkustúlkur létust. Mótmælagöngur gegn illvirkinu náðu alla leið inn í hverfi hvítra í norðri og fólk hélst í hendur og söng gamla, uppfærða gospel-sönginn *We shall overcome* og enginn gat hætt og allir fengu tár í augun. Ég var ekki búin að vera á Fróni nema í þrjá daga þegar Surtseyjargosið hófst og tíu daga þegar Kennedy var myrtur.

En hugur minn var áfram beggja vegna Atlantshafsins. Hvirfilvindurinn sem blökkukonan og háskólakennarinn Angela Davis[3] þyrlaði upp árið 1970 þegar hún var að reyna að ljá félögum í Svörtu hlébörðunum lið snerti mig eflaust dýpra en flesta samlanda mína því að ég leit ekki á hlébarðana sem spellvirkja

heldur menn sem gátu ekki þolað kynþáttabælinguna lengur. En manneskjan er svo skemmtilega fordildarsöm að það sem lengst lifði frá þessari baráttu var kannski afrógreiðsla Angelu sem minnti á svartan geislabaug. Ég fylgdist með þegar kvennahreyfingunni í Bandaríkjunum tók að vaxa fiskur um hrygg. Hvítar menntakonur fóru að beita fyrir sig myndlist og stílvopni og í kjölfarið fóru svartar konur einnig að skrifa sínar sögur.

Öll árin mín í Ameríku þvældist ég með *Walden* hans Thoreaus, en komst aðeins einu sinni til að sjá út um bílglugga hina frægu tjörn sem lífskúnstnerinn dvaldi við forðum. Ég andaði hins vegar að mér eins og ég hafði tækifæri til heimspeki hans og Emersons[4]. Hún hefur verið kölluð *transcendentalism* eða yfirskilvitleiki á íslensku en ég smíðaði mér þann skilning að ekkert væri í sjálfu sér fyrirfram ákveðið, öllu mætti breyta til betri og réttlátari vegar og samfélagið þyrfti að vera í stöðugri leit að jafnvægi og skynsamlegum lausnum. Í siðferðilegum og heimspekilegum vangaveltum tvímenninganna fann ég einhverja menningarlega fótfestu sem vó upp á móti því glansyfirborði sem stöðugt var reynt að sykra með sögu landnámsins vestra. Þegar ég nú tek fram þessa bók undrast ég að þótt ég hafi tæpast skilið enskuna til neinnar hlítar þegar ég var táningur skuli ég meira og minna hafa tileinkað mér alla hugsun hennar og tekið mið af henni í lífsstíl mínum. Thoreau var mikill hugsuður og skrifaði auk annars ritið *Civil disobedience* (*Borgaraleg óhlýðni*)[5] sem Gandhi tók sér til fyrirmyndar þegar hann losaði Indland undan oki breska heimsveldisins. Síðar gengu forvígismenn frelsisafla svartra í Bandaríkjunum eins og Martin Luther King í sjóð hjá Thoreau og lífsviðhorfin sem hann predikaði urðu við-mið hippanna á sjötta áratug síðustu aldar. Enn er boðskapur Thoreaus í fullu gildi þegar litið er til *Slow food*-hreyfingarinnar og hinnar vaxandi *Slow travel*-hreyfingar, og trúlega megum við búast við *Slow living*-hreyfingu innan tíðar, sprottinni úr sama jarðvegi. En því miður er ekki hægt að segja að Thoreau hafi verið skilningsríkur á hlutskipti kvenna. Hann virti okkur varla viðræðu í bókum sínum og ekki hvarflar að honum að kvenkynið muni lesa skrif hans, og raunar varla að nokkur muni lesa þau yfir höfuð. Þar var hann skammsýnn.

Sumt var skrýtið við að koma heim. Í henni Ameríku var það siðvenja að konur versluðu inn og keyptu líka vín ef því var að skipta, enda fékkst það í matarmarkaðinum. Ég man þegar ég fór í fyrsta sinn í Ríkið á Snorrabrautinni. Þetta var seint á föstudegi og búðin stútfull út úr dyrum þegar ég gekk þar inn með hvíta, heklaða innkaupanetið mitt og uggði ekki að mér. Rétt eins og þegar

Baráttukonan Angela Davis séð með augum listakonunnar Steinunnar Bergsteinsdóttur. Steinunn var nemandi Hildar í Myndlista- og handíðaskólanum upp úr 1970 og óf verkið undir handleiðslu hennar þar.

Rauða hafið aðskildist fyrir Ísraelsmönnum svo að þeir gætu gengið yfir þurrum fótum opnaðist mér leið inn að afgreiðsluborðinu og það var ekkert annað að gera en að ganga þangað rakleitt og hnakkakerrt milli fimm- eða sexfaldrar raðar karlmannanna sem steinþögnuðu og þar þurfti ég að segja upphátt hvað ég vildi í staðinn fyrir að taka það þegjandi úr hillunni eins og ég hafði vanist. Þarna lærði ég að konur færu venjulega ekki í Ríkið, allavega ekki á þessum tíma dags. Það var freistandi að trúa því að karlarnir væru svona riddaralegir, en ég var ekki svo hrokafull að láta mér detta það í hug. Þeir vildu bara flýta sér að losna við mig svo að þeir gætu haldið áfram að vera þeir sjálfir og notið þess að bíða í tilhlakkelsinu og kjafta saman.

Listnámið

Eftir Ameríkudvölina var loks komið að mér að öðlast einhverja menntun. Foreldrar mínir höfðu skynjað þegar ég var unglingur að mér lét betur að fást við það sem var myndrænt og ég tók það á sínum tíma sem móðgun að þau ætluðu mér ekki endilega að fara í menntaskóla því að með minni aðferðafræði stóðst ég fyllilega allar námskröfur og gott betur. En á þeim tíma voru engar álitlegar leiðir í boði til að læra listir eða handverk. Þegar heim kom var ég hins

vegar orðin nógu gömul til að sækja um inngöngu í Myndlista- og handíðaskólann, sem ég og gerði því að þá höfðaði bóknám ekki lengur til mín. Segja má að minn háskóli hafi verið seturnar á kvöldin í rökræðum við strákana sem stunduðu doktorsnám í tækniháskólanum í Tróju, upprennandi forritara í tölvuheiminum sem var að ryðja sér til rúms og allt snerist um innan stærðfræðinnar þá. Þetta var fyrsta forritarakynslóðin sem þurfti að berjast við að móta stærðfræðina fyrir þá tölvuveröld sem við lifum í núna, veraldarvefinn og fésbókina. Ég þurfti sannarlega að beita mér af hörku til að hafa við þeim því að rökfræði og skýr hugsun var það sem þeir urðu fyrst og fremst að temja sér.

Í Myndlista- og handíðaskólanum valdi ég mér myndvefnað sem sérgrein þótt strangt tiltekið væri hann ekki kenndur þar, en eftir að hafa séð hvernig þær báru sig að konurnar í New York setti ég það ekki fyrir mig. Vefnaður krefst skipulagningar og útreikninga, næstum verkfræðilegrar hugsunar, og þar var ég í essinu mínu. Þegar ég útskrifaðist fjórum árum síðar fékk ég hins vegar vægt taugaáfall því að mér fannst ég hafa sóað dýrmætum tíma í geðþóttaverkefni. Ég stóð á tímamótum, leiðir mínar og barnsföður míns voru að skilja og ég taldi útilokað að ég gæti séð fyrir börnunum með svo óhagkvæma menntun í veganesti.

Á þessum árum var hið talaða og ritaða orð sem Marteinn Lúther lagði svo gríðarlega áherslu á og hafði mótað menningarlegt umhverfi okkar síðustu 500 árin á hröðu undanhaldi fyrir sjónrænni túlkun. Þar með var hægra heilahvelið að verða virkara og farið að draga úr ofuráherslu á beitingu þess vinstra. Í upphafi prentlistarinnar þótti hún svo merkileg að birtist eitthvað á prenti taldist það nægileg sönnun fyrir sannleiksgildi þess og eimir líklega eitthvað eftir af því viðhorfi enn. En tímarnir voru óðum að breytast. Hið myndræna fékk æ meira vægi og eftir eitt ár í framhaldsnámi í Edinborg lögðust mér til ýmis verkefni auk kennslu og einhvern veginn blessaðist þetta með meðfæddri útsjónarsemi.

Félagsgenin vakna úr dái

Það var dagur eins og hver annar þegar hringt var í mig og ég spurð hvort ég vildi koma með á fund sem Vilborg Dagbjartsdóttir hafði boðað til og átti að fjalla um stöðu okkar kvennanna í samfélaginu. Ég var forvitin, en að fenginni reynslu bjóst ég satt best að segja ekki við því að ég myndi endast lengi þótt ég drægist inn í hópinn. Fáar konur höfðu sama reynsluheim og ég og enga þekkti ég sem ég gat rætt við um veru mína vestra. Þar hafði ég verið í móðurhlutverki og því í vissri einangrun og heima tók við öðruvísi einangrun því að flestir

kunningjar mínir höfðu menntast í Evrópulöndum eftirstríðsáranna innan um rústir og endurbyggingu og það var allt annar heimur. Ég kom því sjálfri mér töluvert á óvart með því að finna mig þarna.

Á þessum fyrsta fundi talaði Vilborg meðal annars um að hinn nýi miðill, kvikmyndin, hefði gert það að verkum að konan sæi sjálfa sig og stöðu sína í raunsæju ljósi. Kvikmynd lygi ekki. Ég var búin að vera of lengi í glansmyndaheiminum vestra til að trúa því að kvikmyndin væri endilega sannsögul og taldi að þessi söguskoðun kynni að vera runnin undan rifjum Þorgeirs Þorgeirsonar, eiginmanns Vilborgar, sem var róttækur kvikmyndagerðarmaður. En úr því að ég man þetta hefur umræðan tekið sér bólfestu í leynum hugans; spurningin um hverju mynd fær áorkað.

Í þetta sinn fann ég til raunverulegrar löngunar til að taka þátt í að skapa félag þar sem ég gæti starfað og áður en langt um leið hafði ég komið mér upp mjög ákveðnum skoðunum á því hvers konar félagsform hentaði hinni nýju hreyfingu best. Jafnvel má segja að trúin á að formið skapaði félagið yrði mér sem heilagt stríð, svo sannfærð var ég.

Þegar ég velti því fyrir mér núna hvert ég geti hafa sótt félagsgenin sem þarna virtust vera að taka við sér koma mér ýmsir í hug. Ein fyrirmyndin var móðursystir mín, Dýrleif Árnadóttir, en hún hafði að sumu leyti tekið móður mína, sem var langyngst í systkinahópnum, undir sinn verndarvæng. Dylla, eins og hún var kölluð, var ekki eins og fólk var flest því að hún var yfirlýstur kommúnisti. Það var svolítið viðkvæmt í fjölskyldunni og ég sá að Dylla forðaðist að vera í návist sumra mága sinna. En um systrahópinn giltu önnur lögmál; pólitík kom þar hvergi nærri. Þegar ég komst til vits var fyrir löngu búið að gera eitthvert þegjandi samkomulag um það hver umgekkst hvern, en til okkar komu allir jafnt, bara ekki allir í einu, og þar var aldrei hallað orði á nokkurn mann. En Dylla heillaði mig af því að hún virtist una því vel að vera öðruvísi þótt það kostaði dálitla útskúfun. Hún var bæði stór og móðurleg en á einhvern hátt fannst mér eins og hún brúaði bilið milli kvennaveraldarinnar og hins eftirsóknarverða heims landkönnuða, vísindamanna og heimspekinga sem mér þótti svo mikið til koma þegar ég var lítil. Ég leitaði raunar markvisst að konum sem ég gæti tekið mér til fyrirmyndar en fann enga sem hafði lifað því lífi eða skapað þá ímynd sem ég gæti hugsað mér.

Dylla, sem var líka mikil kvenréttindakona, skrifaði grein í fyrsta tölublað *Melkorku*, tímarits kvenna, fullveldisárið 1944. Þar segir hún meðal annars:

„Hvílík orka fer ekki forgörðum í okkar litla menningarsamfélagi meðan meginþorri kvenna má hírast í eldhúsum sínum langa ævi. Gáfukonur, snillingar, hugvitskonur, skáld, konur sem unnið gætu afrek á ýmsum sviðum menningar og tækni, ef að þeim væri hlúð og þær fengju aðstöðu til að verja tíma sínum að nokkru leyti til sinna hugðarmála.“[6] Dýrleif frænka, sem var önnur tveggja kvenna sem tók stúdentspróf 1918, var ötull talsmaður þess að 8. mars væri tekinn upp sem alþjóðlegur baráttudagur kvenna hér á landi.

En svo gætu það eins hafa verið genin hans Guðmundar föðurafa míns sem allt í einu urðu virk. Hann var merkilegur kall. Kominn úr Landeyjunum af bændafólki aftur í aldir en átti þó niðri í skúffu hjá sér litla svarta kompu þar sem hann rakti sig til Snorra og Egils – sem samkvæmt Íslendingabók er hæpið að standist – en konan hans, Ragnhildur amma mín, virðist frá flestum nafntoguðum víkingum komin. Ég held reyndar að afi hafi verið næsta hreinræktaður kelti þótt hann væri ljóshærður og búlduleitur framan af, því að það kom þannig samanbarinn svipur bæði á hann, systur hans og fleiri ættingja þegar þau urðu öldruð. Hann hafði lítið gengið í skóla utan hann lærði bókband og verslunarstörf einn vetur í Reykjavík. En hann var af aldamótakynslóðinni og óþreytandi allt sitt líf að hefja barnafræðslu og stofna stúkur, því að hann var bindindismaður, og svo sneri hann sér að búnaðar- og framfarafélögum ásamt bættri afurðavinnslu í sveitum Suðurlands. Hann hafði óbilandi trú á framförum og samtakamætti. Ef það var félag þá var hann þar og ef það var ekki til félag um eitthvert þjóðþrifaverkefni þá stofnaði hann það. En með tímanum geta félög líka snúist gegn upprunalegu markmiði sínu og orðið tappi í kerfinu. Barátta dagsins í dag er að komast framhjá sumum þeim vinnslustöðvum sem afi studdi svo dyggilega og afhenda vöruna beint frá býli. Hann væri áreiðanlega í stjórn Matarklasa Suðurlands ef hann væri uppi núna.

Lifandi form

Þegar ég lít til baka yfir árin með rauðsokkunum finnst mér að orkan hafi fyrst og fremst farið í að berjast fyrir félagsforminu. Ég fann hjá mér nýlega í snjáðri pappamöppu fjögur plögg. Hið elsta er rauðfjólulitaður fimmblöðungur, þétt vélrituð og samanheft blöð frá Jóni Ásgeiri Sigurðssyni útvarpsmanni og félagsfrömuði sem kenndi einhverja tíma í sálarfræði við teiknikennaradeild Myndlista- og handíðaskólans í lausamennsku, í hléi frá námi í Los Angeles. Vegna þess að við rauðsokkur köfuðum aldrei tæknilega niður í smáatriði

varðandi útfærslu starfseminnar hafði ég hreinlega gleymt, eða kosið að gleyma, þessu upphafi þangað til ég hitti Jón niðri í útvarpshúsi fyrir örfáum árum og hann minnti mig kíminn á að hann ætti nú sinn hlut í félagsforminu sem skapaði kraftinn hjá rauðsokkunum. Jón kallaði plaggið, sem hafði yfirskriftina *Um starfshópa*, lauslegan uppdrátt að kerfi ætluðu til að auðvelda mönnum öflun á nothæfri þekkingu. Plaggið fjallaði um gildi hópeflis. Framsetningin var afar flókin eins og stundum er þegar verið er að brjóta nýja hugsun til mergjar. En boðskapurinn kemur hversdagslega fyrir sjónir í dag því að nú er búið að þróa hann og fella inn í margvísleg vinnuferli. Á þessum tíma hljómaði það hins vegar eins og ný stærðfræðiformúla að ef margir störfuðu að sameiginlegu marki áorkuðu þeir miklu meira en jafnmargir einstaklingar þar sem hver ynni í sínu horni. Plaggið kom frá Ameríku og ég skildi það á augabragði þótt textinn væri skringilega framsettur.

Annað plaggið í möppunni og það næstelsta er fjórblöðungur með frumstæðri teikningu af eldflaug. Árið 1957 sveif rússneski gervihnötturinn Spútnik yfir norðanverð Bandaríkin í miðju kalda stríðinu og skapaði þar með andrúmsloft móðursýki og spennu og tólf árum seinna sýndu Bandaríkjamenn myndir frá lendingu sinni á tunglinu. Eldflaugin sem setti Spútnik á sporbaug sinn táknaði sterkasta og nýjasta aflið sem var að útvíkka veröld okkar og við það að sjá myndir af bláa hnettinum sínum utan úr geimnum breyttist varanlega eitthvað í sjálfsvitund jarðarbúa. Mér fannst tilhlýðilegt að nota þetta sem líkingu á vinnuplaggi þar sem einfölduð úrvinnsla úr rauðblöðungi Jóns var sniðin að þörfum Rauðsokkahreyfingarinnar. En það þurfti að kynna þessi lögmál til að hópstarfið gengi vel og greiðlega. Sameiginlegur áhugi á viðfangsefnunum var þó okkar helsti hvati að góðum árangri. Ábendingar voru vegvísar en ég man aldrei til þess að þetta plagg væri grannskoðað eða notað til að skera úr um ágreiningsmál.

Fyrsta þrepið snerist um að afla þekkingar og umbreyta henni í félagslegt afl. Fólk skyldi koma undirbúið á fundi og áherslan lögð á að virkja sem flesta. Frumkvæði skipti máli.

Annað þrepið snerist um að gott samband væri milli þátttakenda án hroka eða tortryggni. Menn skyldu temja sér að hafa eftirlit með og örva samræður og viðhafa tímavörslu.

Þriðja þrepið snerist um að koma frá sér efninu. Starfshópar skyldu vinna markvisst og hafa takmark með vinnu sinni. Takmarkið gat verið margvíslegt, frá því að ná prófi ef um námshóp var að ræða til þess að semja álitsgerðir eða

stefnuyfirlýsingar. Einnig gat takmarkið verið að boða til fjöldafundar eða hefja herferð í blöðum og fjölmiðlum. Ef fyrri þrepin tvö höfðu ekki nægt til þess að kynda undir því þriðja hafði eitthvað farið úrskeiðis.

Þriðja plaggið sem ég fann í möppunni fjallar um píramídann sem félagsform. Ég sá fyrir mér þríhyrningsformið sem steinrunninn óvin. Samsuðan upp úr rauðu plöggunum frá Los Angeles var farin að taka á sig sjálfstæðari mynd. Við ætluðum að róa á ný og áður ókunn mið.

Eftirfarandi hugleiðingu í máli og myndum er að finna í plagginu:



Píramídinn er tákn drottnunarvalds.
Píramídinn er tákn embættisvalds.
Píramídinn er form skipulagðra herja.
Píramídinn er form okkar þjóðfélags.
Píramídinn er félagsform samtaka og hópa.



Þetta er mynd af félagsformi í dag, með formanni og fjórum meðstjórnendum, virkum starfshópum og óstarfandi (passívum) einstaklingum. Formið er ólífrænt. Lítum á vaxtarmöguleika þess.



Það getur vaxið á tvennan máta:
1. Með því að leggja undir sig nýjan hóp.
2. Með nýrri hliðarröð frá grunni upp í topp. Stjórnunarkerfi hins félagslega píramída á þó mjög erfitt með að tileinka sér slíkan vöxt.

Önnur einkenni eru þau, að starfshópar verða ekki ábyrgir fyrir störfum sínum nema fyrir stjórninni og dregur það úr krafti þeirra. Skoðanir einstaklinga eða smærri hópa um starfsaðferðir til að nálgast heildarmarkmið félagsskaparins fá lítt notið sín. Einstaklingar sveifa samkennd sína með félagsgjöldum.

Þetta félagsform er til orðið til að hafa eftirlit með undirsátum – háþróað og skipulagt drottnunarkerfi – og með öllu ósæmandi fyrir okkur og okkar markmið.

Andstæðan er lífrænt form. Líkami getur þróast. Form, sem gefur hugmyndum vaxtarrými.



Lífrænt félagskerfi:

A. Miðstöð.
B. Virkur starfshópur.
C. Nýr starfshópur.
D. Hópur að ljúka verkefni sínu og birta niðurstöður sínar.

Hildur Hákonardóttir.

Félagi yrði sá einn, er starfar í starfshóp (þó getur einn maður myndað starfshóp). Hafi starfshópur lokið verkefni sínu, verða einstaklingar hans að sameinast öðrum starfshópum eða finna sínum hóp nýtt verkefni. Óvirkir félagar verða því engir. Væru verkefni valin þannig, að þau hefðu stutta tímaáfanga, gæti kona „hlaupið yfir starf", þ.e. horfið úr starfshóp og þar með úr félaginu um stundarsakir.

Tengiliður milli starfshópanna verður upplýsingamiðstöð, sem er í eðli sínu þjónustufyrirtæki en ekki stjórn. Þjónustan yrði fólgin í minnisgeymslu og upplýsingamiðlun. Þetta er samgöngukerfi starfshópanna, sem auðveldar skoðanaskipti og formun nýrra hópa er þeir eldri hafa lokið hlutverki sínu. [...] Sé verkefnið ofviða einhverjum hóp, getur hann notað miðstöðina til að komast í samband við einstaklinga eða aðra starfshópa, sem vildu taka þátt í úrlausninni um lengri eða skemmri tíma.

Hugmyndabanki komi í stað sundurliðaðrar stefnuskrár. Ráði áhugi og innbyrðis tengsl hugmyndanna sjálfra tímaröð þeirra.

Hér er því ekki um að ræða samtök með ákveðnum þátttakendafjölda eða yfirstjórn. Stefnuskráin verður rituð sem starfssaga og ekki þarf samþykki óstarfandi félaga á verkefni því sem starfsglaðir hafa valið sér.

Fjórða og yngsta plaggið í möppunni snjáðu fjallar um fyrirhugaðar breytingar. Fyrst eru endurteknar fyrri ábendingar um starfshópana og virkni þeirra. Síðan segir: „Sumarið 1974 var ákveðið á almennri ráðstefnu að setja ákvæði um örari og virkari skiptingu meðlima í miðstöð […] Hreyfingin er virkur félagsmálaskóli fyrir þá sem þar starfa."

Að vilja breyta hlutunum

Ég flutti tölu um nýja félagsformið í Norræna húsinu 19. október 1970, á fyrsta opna fundinum okkar, með glærum sem var kastað á stóra tjaldið sem situr svo hátt upp undir loftinu á salnum. Þá ræðu finn ég ekki nú, en man að framsetningin var nýstárleg því að glærurnar voru ekki í beinu samræmi við textann nema stundum. Frekar höfðu þær tilfinningalega tilvísun til þess sem verið var að tala um.

Ég gleymi aldrei þessum fundi. Ég man meira að segja eftir kjólnum sem ég var í og í þetta sinn var hann ekki hárauður heldur svartur; þetta var á tímum op-tískunnar og í miðjunni var innsett, breitt, hvítt stykki – í þá daga var maður enn stoltur af grönnu mitti og vildi láta bera á því. Op-listastefnan kom oft skemmtilega út í fatnaði og gerir reyndar enn. Ég var algerlega óvön að tala fyrir framan fullan sal af fólki en það var góð aðsókn því að fundurinn var vel auglýstur og vakti verðskuldaða athygli. Glærurnar hjálpuðu til og áheyrendur sveipuðust myrkri en samt vissi ég varla af mér, fannst eins og mér sortnaði fyrir augum og hélt um púltið með báðum höndum á meðan ég hafði mig í gegnum textann og vonaði að athygli gestanna beindist að stóra, lýsandi myndfletinum. Þarna lærði ég þó á það seiðandi vald sem ræðumaður öðlast við að fanga óskerta athygli svo margra.

Þróun upplýsinga- og tölvualdarinnar varð hraðari en nokkurn grunaði. Í dag er hægt að finna á veraldarvefnum ókeypis fyrirlestra prófessora við fræga háskóla, tímaritsgreinar hvaðanæva úr heiminum eru aðgengilegar og almenningur semur sjálfur alfræðiorðabækur sínar á Netinu. Fæstir leiða nú hugann að þeim tíma þegar þekking var lokuð inni í lærdómsstofnunum sem aðeins útvaldir höfðu aðgang að og erfitt er að ímynda sér að lýsing á vinnuaðferðum starfshópa hafi verið eitthvað nýtt og framandlegt fyrir aðeins örfáum áratugum.

Ég efaðist ekki um að kúgun kvenna væri samofin lagskiptri samfélagsgerðinni og taldi því nauðsynlegra en flest annað að finna nýtt og heppilegra form. Ég

hlýt þá að hafa verið búin að lesa Simone de Beauvoir. Líklega hef ég fyrst lesið *Memoirs of a Dutiful Daughter*[7]. Þegar ég svo sá kiljuútgáfu af *The Second Sex*[8], eða *Hinu kyninu* eins og hún var kölluð á íslensku þótt hún hafi ekki verið þýdd, í bókaskáp frænda míns varð ég svo áköf að ég stakk á mig heftinu og réttlætti það þannig fyrir mér að hann væri áreiðanlega búinn að lesa bókina og myndi ekki gera það aftur og hefði enga þörf fyrir hana. Einhvern veginn fórst fyrir að skila henni og nú er hún týnd svo að eiginlega var þetta þjófnaður.

Ég þurfti að beita öllum mínum sannfæringarkrafti til að fá stelpurnar til að vinna með hið frjálslega og opna form. Það var siðvenja þegar stofna skyldi félag eða samtök að tilnefna eða kjósa þrenninguna formann, ritara og gjaldkera, semja síðan félagslög eða plagg í nokkrum liðum sem lýsti tilgangi félagsins og starfsháttum og enda svo með því að tilgreina staðsetningu varnarþings. Og bara trúin á að svona eigi þetta að vera getur orðið svo sterk að hún útilokar alla aðra möguleika fyrirfram.

Ég barðist líka á móti félagatali og félagsgjöldum. Þetta er fjöldahreyfing, sagði ég, ekki lokaður félagsskapur eða hagsmunasamtök. Ég sá engan mun á því að leggja fram fé einu sinni á ári í sjóð og að greiða það sem greiða þurfti hverju sinni með samskotum. Ég var heldur aldrei viss um að við værum allar rauðsokkur alveg allan daginn, alla daga. Það kostaði gífurlegt álag. Sumar konur taldi ég að væru stundum rauðsokkur í einhverjum mæli eða við vissar kringumstæður þótt þær sværu það af sér opinberlega og gerðu jafnvel út á að þykjast ekki vera það. Ef til væri félagatal væri maður búinn að skrá sig fyrir aldur og ævi og á efa- og álagsstundum væri það alls ekki heppilegt. Ég taldi líka óheppilegt að ákveðinn hópur gerði sig þannig útvaldan. Miklu vænlegra væri að álíta að allar konur væru baráttu- og framfarasinnar í hjarta sínu þannig að enginn karlmaður gæti verið viss um að ekki stæði rauðsokka „bak við“ hans eldavél, svo að ég vitni í meint orð Guðna Ágústssonar. Vegna þess að við ætluðum okkur að rétta hlut kvenna í þjóðfélaginu fengum við á tilfinninguna að við værum óvinir ríkisins númer eitt, verri en kommúnistar og fjárglæframenn, sem í þá daga hétu hermangarar, smyglarar og okurlánarar. Það var svolítið fyndið.

Þessi bjargfasta trú á nauðsyn þess að umbylta félagsforminu verður ekki rakin til áðurnefndrar félagslegrar einsemdar minnar í æsku eða til barnslegrar

Mynd á næstu opnu: Hluti fundarmanna á fyrsta opna fundi Rauðsokkahreyfingarinnar, sem haldinn var í Norræna húsinu 19. október 1970. Þar kynnti Hildur hugmynd sína að nýstárlegu félagsformi hreyfingarinnar.

einfeldni því að við krakkarnir þjálfuðum okkur í myndun leynifélaga og hefðbundinni útfærslu á félagsformum og rökræðum þeim tengdum, sem er liður í þroskaleikjum flestra barna. Staðfesta mín var frekar grunduð í existensíalískum fræðum, jafnvel kenningum stjórnleysingja og þeirri fullvissu að hver óbrengluð manneskja hefði innbyggðan hæfileika til að stjórna sér og taka ábyrgð og lyti lögmálum framþróunar án yfirstjórnar eða valdstýringar. Það er auðvelt að stofna félög en oft nauðsynlegt að kunna að leysa þau upp. Félag getur staðið í einn dag þegar við komum saman til að klára eitthvert verkefni eins og að undirbúa veislu, tónleika, listsýningu eða kennsluáætlun. Við erum alltaf að hittast út af einhverju, slíta samvistum og hittast aftur. Þegar rauðsokkurnar voru að hefja starfið var vitaskuld mikið talað um félagshefðir og hefðir almennt og ekki síst í sambandi við Kvenréttindafélag Íslands. Úurnar[9], sem sumar voru dætur hinna eldri kvenréttindakvenna, höfðu forskot á okkur og voru farnar að láta að sér kveða. Auðvitað bar að sýna virðingu fyrir því sem á undan var gengið. Við vorum þess vegna afar þakklátar fyrir það starf sem Úurnar voru að inna af hendi, enda var það allt vandað, en það veitti okkur jafnframt mikið frelsi. Við vissum að við þyrftum rými til að skapa eitthvað nýtt. En það var ekki auðvelt.

Að setja haus á búk

Sjálf háði ég líka aðra baráttu en hún var listræns eðlis. Óhlutbundna málverkið eða abstraktið sem notið hafði vaxandi vinsælda meðal íslenskra listamanna snerist ekki um að túlka mannslíkamann. Oft er talað um raunsæ tímabil í listum en þarna var ef til vill á ferðinni visst óraunsæi. Erfitt var að horfast í augu við stríðið og hvað mennirnir höfðu gert hver öðrum, betra að þrengja sjónarhornið og vinna út frá litbrigðum vatns eða mosa á steini. Við konurnar vildum aftur á móti finna leiðir til að túlka manneskjuna, túlka líf okkar sjálfra. Þegar sýningin *Með viljann að vopni* var sett upp haustið 2010 á Kjarvalsstöðum í því skyni að varpa ljósi á myndlist kvenna frá áttunda áratugnum sá ég að sama vandamálið gekk yfir línuna. Við gátum í fyrstu ekki túlkað heila manneskju á myndfleti og þá var sama hver miðillinn var. Vandalaust var að gera hausa af fólki, jafnvel brjóstmyndir. Einnig gerðum við búka – en heil manneskja með líkama og höfði og einhverjum andlitsdráttum sem tjáðu hver þetta væri eða hvort þetta væri samnefnari fyrir hóp – það var erfitt.

Sjálf var ég meðvituð um þetta og leitaði mér hjálpar þar sem hana var helst að fá, hjá meistara Kjarval. Settist í stigaganginn í Landsbankanum þar sem hann gerði veggmyndina frægu af verkakonunum með saltfiskinn. Maður þarf að eiga í einhverju svona vandamáli sjálfur til að meta að fullu lausnir annarra. Kjarval lék sér að víðum pilsum kvennanna og lét þau stemma saman við slöttungsstóra flatfiskana sem konurnar veifuðu og fylltu inn í formin á milli þeirra. Skuplurnar huldu svo höfuðin og mynduðu aftur laglínu af formum eins og flauta sem færir sig hærra upp eftir tónstiganum. Á áttunda áratugnum var fólk ennþá almennt mjótt, buxurnar flaksandi og útvíðar og rúllukragapeysur upp í háls. Ákaflega sterk andstæða við fiskverkunarkonur Kjarvals sem hafa áreiðanlega tjaldað öllum flíkum sem þær áttu til að halda á sér hita á fiskreitunum.

Úr stigaganginum í bankanum hélt ég niður á Granda og bað um að fá að skissa í vinnslusalnum og það var auðsótt mál. Það var verið að ganga frá karfa. Pilsin voru ekki eins víð og á saltfiskreitunum en óþjálu, hvítu olíudúkssvunturnar og skuplurnar hljómuðu saman og mynduðu heild. Í sjónvarpinu eru myndir úr fiskvinnslusölum yfirleitt vel heppnaðar því að það er viss endurtekning í mótívinu, allir í bláu og hvítu að vinna við það sama. Ég gerði netta skissu og óf svo mynd af konunum við borðið. En eitt atriði sem ég hafði tekið eftir í heimsókninni sat í mér. Í vinnslusalnum var hátt til lofts og þar uppi á veggnum var feitur karl innan við glugga eitthvað að gaufa og horfði þess á milli yfir salinn á konurnar niðri í kuldanum sem voru að vinna fyrir peningunum sem hann dundaði sér við að telja saman á skrifstofunni sinni. Þessi karl lét mig ekki í friði svo að ég óf hann líka og saumaði teppin saman með frönsku saumspori sem ég hafði lært í teppaviðgerðum í höllu Elísabetar drottningar í Skotlandi. Þar með hófst ferill minn sem pólitískur listamaður. Kannski gerði karlinn eitthvert gagn eftir allt saman.

Uppáhelling og hlutverk kynjanna

Út af fyrir sig er ekkert að því að hafa aðskilin hlutverk. En sæmilegt jafnræði verður að ríkja og endrum og sinnum þarf að endurskoða reglurnar um það hver á að gera hvað og hvort umbunin er sanngjörn. Á fyrstu árum Rauðsokkahreyfingarinnar var ég að síga inn í samband við seinni eiginmann minn, Þór Vigfússon, sem var svolítið á skjön við það sem var að gerast hjá mörgum öðrum

þar sem fremur var að losna um sambönd. Hjá okkur Þór var enginn sérstakur ágreiningur um kynjamálefni. Ef eitthvað þá greindi okkur á um mataræði og tilfinningasemi. Það var alveg föst venja þegar einhver kom í heimsókn, og ég þekkti ekkert annað, að fólki var boðið í stofu og aðeins nákomnir eða unglingar fengu að fara beint í eldhúsið. Húsmóðirin fór fram og hellti upp á könnuna og húsbóndinn sat og spjallaði við gestina á meðan. Þetta var svo sjálfsögð regla að hún var rétt eins og náttúrulögmál. Svo er það einn daginn að bóndi minn, sem á létt með að spjalla, segir við mig og nú man ég ekki lengur hver þá barði að dyrum: „Far þú nú með þeim inn í stofu og ég skal færa ykkur kaffið.“ Í endurminningunni stóð ekki þannig á að þetta væru „mínir“ gestir fremur en hans. Mér fannst þetta hlutverk hræðilegt, að fara með gestunum beint inn í stofu og upphefja samræður. Ég kunni ekki einu sinni formið, fannst þetta vandræðalegt og man ennþá eftir mér þar sem ég sat framarlega á sófabrúninni og vonaði að þessu færi að ljúka og hann að koma með kaffið. Á móti var ég stolt af þessu frumkvæði hans, að sýna svona ótvírætt að hann styddi okkar málstað og væri tilbúinn að hafa hlutverkaskipti.

Hvernig sem á því stóð uppgötvaði ég mörgum árum seinna að þetta var ekki svona einfalt. Hann gat verið útsmoginn og þarna sá hann að hægt var að gera tvöfalda hrókeringu. Hann fengi klapp á bakið fyrir að sýna samstöðu en sannleikurinn var sá að honum þótti ég ekki laga nógu sterkt kaffi, enda var engin kaffimenning í Ameríku, og hann sá þetta sem sterkan leik til að ná undir sig uppáhellingunni. Það lá við skilnaði þegar þetta rann upp fyrir mér en staðan var flókin, erfitt að sanna sök og málið féll niður.

Í erindum frá þessum tíma hef ég viljað aðskilja störf og hlutverk: „Strákar eru aldir upp til starfa frá því þeir eru smápollar, en stúlkur eru aldar upp til hlutverks frá jafn ungum aldri. Í starfi velur maður sér viðfangsefni til að vinna að og fær við það viðmiðun á sjálfan sig gagnvart umhverfinu og svo framfæri sitt og oftast annarra. Það þykir sjálfsagt að hver karlmaður starfi. Konur hafa hins vegar fyrst og fremst hlutverk. Við tölum ekki um móðurstarf eða eiginkonustarf heldur hlutverk móður og eiginkonu. Stúlkum var yfirleitt ekki beint inn á þær brautir í æsku sem leiða til markviss starfs, né sérhæfingar seinna meir, og þó svo sé gert eru kraftar þeir, sem beina henni inn á svið tilvonandi kvenhlutverka mun sterkari. Þessi hlutverk krefjast þess að þau gangi

Fiskikonurnar (1971) eftir Hildi Hákonardóttur. Verkið er í eigu Listasafns Íslands.

Þór Vigfússon hellir upp á almennilegt kaffi í bakhúsinu við Brekkustíginn þar sem þau Hildur bjuggu á áttunda áratugnum.

fyrir, en starfið víki, verði árekstrar. Reglur hlutverka eru fyrirfram ákveðnar, oft óbreyttar frá kynslóð til kynslóðar. Þótt þessar reglur séu nógu ítarlegar til að ná til margra hinna duldustu hvata er ekki í þeim fólgin nein vizka um mannlega náttúru, heldur [vitna þær] þvert á móti um íhaldssamar tilhneigingar mannsins, enda eru hlutverkin orðin samofin efnahagslífi þjóðarinnar. Þau sem ekki eru til sparnaðar eru umyrðalaust lögð niður. Þótt konur séu komnar út í atvinnulífið sleppa þær samt ekki úr hlutverkum sínum auðveldlega, hvorki á heimilunum eða á vinnustað, svo mótuð eru hlutverkin orðin í huga bæði karla og kvennanna sjálfra. Því forðast konur þau störf sem helzt brjóta í bága við hlutverkareglur sem þeim voru innprentaðar allt frá barnæsku. Þarna má nefna stjórnunarstörf og störf á sviði stjórnmála."

Að brosa gegnum tárin

Hvað var erfiðast? Hvað var skemmtilegast? Hvað var mikilvægast? Þetta eru spurningar sem maður spyr sig þegar litið er um öxl.

Langsamlega erfiðasti þáttur baráttu okkar rauðsokka var að reyna að tryggja að konur hefðu sjálfar lokaorðið þegar kom að réttinum yfir eigin líkama. Það tók mestan tíma og orku. Endurskoðunin á fóstureyðingarlögunum var ekkert skemmtimál. Það liggur í augum uppi að sé ekki jafnrétti á milli kynjanna hefur annað kynið bælt hitt einmitt þar sem snertingin á milli þessara tveggja hópa er nánust. En það hefur aldrei verið auðvelt að tala eða skrifa um kynferðismál. Jafnvel sjálft orðið er svo þvælt að það er varla brúklegt og ég veit ekki hvort kynjafræðinni hefur tekist að smíða ný orð sem gagnast betur.

Í gömlu erindi finn ég þessar bollaleggingar: „Þegar menn óttast nú að kynferðislegt frelsi aukist, þá er þessi ótti raunverulega stéttbundinn. Ráðandi stéttir verða að byggja á kynbælingarþjóðfélaginu til að fá stöðugt vinnuafl og nægjanlega undirgefni. Hinn netti kvenfótur má því alls ekki gægjast undan pilsfaldinum, jafnvel þótt þeim [þ.e. karlmönnum] þyki hann fagur og æsilegur, vegna þeirrar hættu að hann stígi ofan á hlussuna hagfótinn í okkar daglega dansi."

Meginátökin stóðu um setningu nýrrar löggjafar um sjálfsákvörðunarrétt kvenna til fóstureyðinga. En í dag er það áreiðanlegt að kringumstæður þessarar lagaendurskoðunar þættu fáránlegar og ekki boðlegar. Þrír karlmenn úr hópi þingmanna með enga sérþekkingu voru settir í nefnd til að fjalla sín á milli um þetta viðkvæma og örlagaríka mál sem snerti sjálfsvirðingu og réttindi helmings þjóðarinnar. Ég hafði fyrir nokkrum árum tilefni til að hafa samband við einn þessara nefndarmanna og fann þá ekki að hann hefði á nokkurn hátt gert sér grein fyrir ábyrgð sinni. Hann skildi varla af hverju ég var að rifja þetta upp, það var eins og hvert annað nefndarmál, en hann var stoltur yfir því að hafa verið á þingi.

Við héldum að við gætum stigið fram og öðlast kynferðislegt sjálfstæði í krafti hugrekkis og sjálfsvirðingar. Ég finn í skrifum mínum eftirfarandi hugleiðingu: „Við lifum í kynfjandsamlegu þjóðfélagi. Afneitun holdsins hefur alla tíð verið rauður þráður í kristinni trú. Á kirkjuveggjum sjáum við myndir af heilögum Sebastian sundurskotnum, búklaust höfuð Jóhannesar og „hann sjálfan" á þríarma krossi, á fjórarma krossi bundinn ýmist eða negldan með fætur í kross eða fætur samhliða, stunginn og pyntaðan. Á Skólavörðuholtinu í Reykjavík er verið að reisa minnisvarða yfir mann, sem orti fagurt ljóð um dauða og pínu Jesú Krists. En svo nærtækt er þó holdið og erfið leiðin til andlegrar upphafningar og lostafjandskapar að kirkjubyggingin sjálf er ekkert annað en stíliseruð eftirmynd af limi mannsins."

En vissulega skjöplaðist okkur líka. Ekki hefði ég skrifað þetta í dag. Okkur óraði ekki fyrir þeirri peningatengdu klámvæðingu sem átti eftir að ríða yfir heiminn eða að við þyrftum að ganga í gegnum þá eldskírn mansals og vændisþrælkunar sem við stöndum mitt í núna og nær jafnvel til nýfæddra barna.

Skemmtilegasti hluti starfsins í hreyfingunni var þegar þessi lifandi kraftur tók baráttuna út á götu og framdi þar uppákomur. Árið 1970 var þannig lagað athæfi lítt þekkt á Íslandi og gjörningar myndlistarmanna voru rétt að byrja að sjást á götum og í galleríum. Þegar við krossfestum örþreyttu húsmóðurina

í Austurstrætinu með svuntu sína mitt í jólainnkaupaösinni á Þorláksmessu 1974 fengum við sjálfar nýja sýn á eigin tilveru.

En mikilvægast var að standa með sjálfum sér þótt í því fælist einnig grimm blekking. Maður taldi sér trú um að maður væri að vinna fyrir komandi kynslóðir og mikið væri í sölurnar leggjandi vegna þess. Ég efaðist reyndar ekki um þetta. En flest börn óska þess að eiga mömmu sem er heima að baka kleinur og ryksuga og sættir sig við norm þjóðfélagsins. Það er miklu betra að einhver frænka eða vinkona mömmu sé í atinu og hægt sé að horfa á þetta úr hæfilegri fjarlægð. Eftir að hafa gengið í gegnum allar þessar sviptingar og séð eins og í baksýnisspeglinum hinar erfiðu hliðar á útivinnu mæðra og kvenna almennt sem við vissum auðvitað að myndu koma í ljós var það mér samviskuléttir þegar ég sat á tali við glögga sveitakonu í Flóanum og hún var að lýsa eigin reynslu og sagði svo: „Það breyttist allt þegar karlmennirnir fóru að heiman að vinna.“ Það tók mig svolitla stund að átta mig á því hvað hún var að segja. Ég hafði sem sé gleymt þeirri staðreynd að gegnum mestalla sögu mannkynsins var obbinn af karlmönnum heimavinnandi. Eiginmaður umræddrar konu tók tarnir í sláturhúsinu á Selfossi en þar fyrir utan sinnti hann búinu. Það var með öðrum orðum aðeins þannig að karlarnir fóru á undan okkur út af heimilinu til að afla peningatekna.

Sumum hefur fundist að lítið hafi þróast í jafnréttisátt, sérstaklega í launamálum, og ekki mæli ég því bót en þykist þó muna að mörg störf sem teljast lágt launuð nú voru alls ekki launuð fyrir 40 árum. Þá er ég einkum að tala um umönnunarstörf af ýmsu tagi sem þótti sjálfsagt að konur bættu á sig orðalaust og kauplaust, í mesta lagi var okkur vorkennt að þurfa að leggja svona hart að okkur. Félagsleg staða kvenna í dreifbýli hafði setið á hakanum á meðan borgarsamfélagið var að mótast enda sóttu konur burt úr sveitunum þess vegna. En nú hafa konur á landsbyggðinni möguleika á menntun og fjölbreyttari störfum. Ég hef smám saman áttað mig á því að líklega er miklu erfiðara að ná fram jafnrétti en hreinlega að hrifsa til sín völd. Jafnrétti krefst þess að báðir aðilar séu sammála um að deila með sér ábyrgð, afrakstri og skyldum. Báðir aðilar þurfa að vilja hafa þennan háttinn á. En mannkynssagan úir og grúir ekki beinlínis af dæmum um gott siðferði og réttlæti af því taginu. Þar er ævinlega hrifsað og sá sem hrifsar hefur unnið. Og mannkynssöguna lærum við strax í barnaskóla.

Endir eins og upphaf annars

Efasemdaraddir um gagnsemi opna félagsformsins voru stöðugt uppi á starfstíma mínum í Rauðsokkahreyfingunni. Einkum voru ástæðurnar tvær. Sú fyrri var nýstárleikinn. Þá efasemd átti ég auðvelt með að ráða við af því að ég skildi hana en hafði sjálf óbilandi trú á að einmitt formið héldi okkur gangandi og gat beitt sannfæringarkrafti. Hin ástæðan var miklu erfiðari. Þegar á móti blés – sem var auðvitað viðvarandi ástand því að við vorum að sækja fram og líkt og hjólreiðamenn hjóluðum við á okkur vind – og þegar eitthvað mistókst þá var auðveldast að kenna félagsforminu um. Ég skildi þetta vel en sá aldrei að það væri minnsti fótur fyrir því þótt ég gæti ekki alltaf rökstutt það. Ég ákvað að halda forminu til streitu í lengstu lög, en vissi að ég myndi gefa eftir ef skynsemin segði mér það og þá mætti prófa annað og sjá til. En málin þróuðust á annan veg.

Vorið 1975 var mér boðið að taka við skólastjórn Myndlista- og handíðaskólans. Ég vissi að starfið myndi taka allan minn tíma og að enginn sem þjónaði slíku embætti gæti verið virkur frá degi til dags í róttækri hreyfingu eins og rauðsokkurnar voru. Ég var ekki sú eina sem gripin var upp og boðið ábyrgðarstarf í þjóðfélagi sem var að ganga í gegnum öra breytingu í kjölfar '68-byltingarinnar og horfði til þess að nýta ferska, kvenlega orku til að mæta nýjum tíma. Við baráttukonurnar vorum auðsjáanlega orðnar vel þjálfaðir starfskraftar. En það veikti hreyfinguna inn á við þegar við hurfum af vettvangi hennar. Um sama leyti varð hún fyrir mikilli ásókn maóista og annarra byltingarsinna; það var hægðarleikur að lauma sér inn í raðir okkar og erfitt að verjast. Ég er ekki viss um að annars konar félagsform hefði breytt neinu þar um, enda gjörsamlega andstætt markmiðum okkar að amast við nýju fólki. En mér var létt þegar Kvennalistinn tók að mótast nokkrum árum síðar því að eitthvert áframhald þurfti að verða og eðlilegt að það veldi sér nýtt form til að starfa eftir. Við rauðsokkar höfðum þó sannarlega bylt við ýmsu og lagt grunn sem kvennalistakonur gátu byggt starf sitt á.

Þó að ég væri fyrir löngu búin að átta mig á því að frumbýlistilraunin hans Thoreaus þar sem hann ræktaði ofan í sig rófur og kartöflur var nú ekki erfiðari en svo að hann gat alltaf skroppið heim til mömmu ef með þurfti, eða til kunningjanna, þá varð ég stöðugt heillaðri af hugmyndum hans. Í stað þess að leitast eftir að umbylta því sem að mati okkar rauðsokka voru úreltir eða niðurlægjandi

siðir langaði mig til að ástunda þau lífsgildi sem ég taldi æskileg og hlúa að þeim í bókstaflegum skilningi. Undir lok áttunda áratugarins fluttist ég með fjölskyldunni út á land, tók til við að rækta og jafnframt að stýra Byggða- og listasafni Árnessýslu. Vinkonur mínar, samstarfsmenn og nemendur í veflistinni, voru þá þegar farnar að túlka náttúruna í auknum mæli í verkum sínum. Ég fylgdi þeim eftir en aðeins með hálfum huga því að mér fannst þetta í fyrstu vera einhvers konar afturhvarf til náttúrurómantíkur. Mér var líka ennþá hulið að þar kynni ef til vill að koma að náttúran eins og við þekktum hana yrði ekki lengur til. Listakonur hafa nú skipað sér í framvarðarsveit til að reyna að verja móður okkar, jörðina, með ráðum og dáð. Og þær hafa gengið enn lengra og reynt að verja manngildi og frelsi. Baráttan hefur eins og abstraktmálverkið forðum leyst upp, skilið rammann eftir og haldið út á ný og ókunn mið.

Kyndilmessa, III

Blessaðir veri fingurnir smáu
hennar mömmu
sem tíndi fífu í mýrinni
Blessaðar veri hendurnar gigtarbólgnu
hennar ömmu
sem sneri kveikinn
Blessaður veri hann afi minn
sem smíðaði kolu úr járni
Blessaðir veri frændur mínir
sem bræddu lýsið
Blessað veri fólkið
sem þreyði í myrkrinu
Blessað veri ljósið
sem logaði á grönnum kveik
örlítil blaktandi týra
í heimskautanóttinni.

VIÐ NEITUÐUM AÐ GANGA INN Í HEFÐINA

GUÐRÚN HALLGRÍMSDÓTTIR

Rauðsokkahreyfingin hóf starfsemi sína með þátttöku í 1. maí-göngu verkalýðsfélaganna vorið 1970 og lagði sjálfa sig niður árið 1982. Þýðir þetta að hreyfingin hafi verið mislukkuð? Hvarf hún sporlaust? Við sem vorum í broddi fylkingar á fyrstu árunum höfum stundum velt því fyrir okkur hvort til einskis hafi verið barist. Hefðu baráttumál okkar ef til vill náð fram hvort sem var?

Ég er ekki í nokkrum vafa um að án baráttu rauðsokka væri staða kvenna á Íslandi önnur en hún er í dag. Auðvitað hefði smátt og smátt orðið breyting á högum kvenna hér eins og annars staðar, en hún hefði ekki orðið eins róttæk. Helstu baráttumálin voru dagheimili fyrir öll börn, sjálfsákvörðunarréttur til fóstureyðinga, launajafnrétti og menntun kvenna. Við lögðum höfuðáherslu á að breyta hugarfari og viðhorfum í samfélaginu. Á kröfuspjöldunum 1. maí 1970 stóð: *Vaknaðu kona* og *Konur, nýtið mannréttindi ykkar*. Á styttuna úr leikritinu *Lýsiströtu* sem við bárum í göngunni festum við borða með áletruninni: *Manneskja – ekki markaðsvara*. Með framkomu okkar, baráttuaðferðum, jafnvel klæðaburði, réðumst við á viðteknar staðalímyndir og hefðir og vöktum athygli á hvers kyns misrétti. Okkur tókst að vekja konur og vinna þær til fylgis við baráttu okkar. Án þeirrar vakningar hefðu breytingarnar orðið á öðrum forsendum og mörg málanna sem við börðumst fyrir ekki náð í höfn.

Okkur tókst að leiða sum þessara mála til lykta, baráttu fyrir sjálfsákvörðunarrétti kvenna til fóstureyðinga lauk einfaldlega fyrir okkar atbeina. Um 1970 stunduðu um 150 konur háskólanám, tuttugu árum síðar voru þær

orðnar meira en 20 þúsund. Krafan um dagheimili fyrir öll börn varð sjálfsögð enda þótt það tæki tímana tvo að hrinda henni í framkvæmd. Þeir njóta sjaldan eldanna sem kveikja þá. Þegar ég eignaðist dóttur mína, Guðrúnu G, árið 1983 var óhugsandi að fá pláss fyrir hana þar sem við foreldrarnir vorum í sambúð. Meira að segja dagmömmur fengust ekki fyrr en börn voru orðin nokkuð stálpuð. Árangurinn af starfi okkar var ekki eins afgerandi á sumum öðrum sviðum; þannig eru ungar stúlkur því miður ennþá plataðar í bikiníi upp á pall til að láta glápa á sig.

En hvað var það sem rak einmitt okkur af stað vorið 1970?

Uppruni minn

Æskuheimili mitt var á Lokastíg í Reykjavík; ég finn enn til viðkvæmni þegar ég geng þar hjá. Þetta var barnmörg gata, umferð lítil og þar var farið í fallin spýta, brennó og fimmaurahark. Á vorin var gatan hefluð og borin í hana gróf rauðamöl, sárt var að hrasa og detta í mölina, við byltu hrófluðust hné og hendur, rétt eins og við að missa fótanna í nýstorknuðu hrauni. Á Skólavörðuholtinu var Iðnskólinn í byggingu og vart hægt að hugsa sér neitt meira spennandi en að stökkva út um glugga á hálfbyggðri byggingunni. Á vetrum byggðum við snjóhús sem lýst voru upp með kertaljósum og líktust höllum álfa. Tígrisklóin og Sannir Vesturbæingar áttust við og tókum við Lokastígsbörnin þátt í götubardögum á Skólavörðustígnum. Á handarbakið var rispað TK.

Við systkinin gengum í Austurbæjarskólann. Leiðin í og úr skóla lá yfir Skólavörðuholtið þar sem enn var mikil braggabyggð en samskipti við börnin þar voru lítil. Aðeins kór Hallgrímskirkju var risinn, klettarnir fyrir framan hann svo og Leifsstyttan voru freistandi leiktæki, á leirmunaverkstæði Guðmundar frá Miðdal var alltaf eitthvað hrífandi að sjá og oft dróst að komið væri heim í matinn sem mamma beið með. En svo var okkur sagt upp leiguhúsnæðinu og við fluttum vorið 1952. Eiginlega held ég að barnæsku minni hafi þar með lokið.

Móðir mín var Margrét Árnadóttir, fædd árið 1908 í Látalæti í Landsveit, yngst tíu systkina. Árið 1912 féll faðir þeirra frá og var ömmu minni og nöfnu meinað að búa áfram þótt eldri systkinin væru komin á legg og hefðu getað lagt henni lið. Að lokinni jarðarför voru innbú og skepnur boðin upp. Ég minnist þess hve amma mín var stolt yfir því að andvirðið nægði til að greiða með öllum börnunum, ekkert þeirra fór á sveitina. Fyrsta árið fékk mamma að fylgja

Guðrún 5 ára með bræðrum sínum Hrafni (í miðju) og Jakobi. Yngri systkinin, Jón Ármann og Valgerður, eru enn ófædd.

móður sinni í húsmennsku en dvaldist eftir það hjá vandalausum á fjölmörgum bæjum við misjafnt atlæti. Skólaganga var takmörkuð, tvær vikur í senn í tvo vetur og lauk með fullnaðarprófi með dágóðum vitnisburði. Var það hennar eina menntun. Hún yfirgaf síðan sveitina tæplega tvítug, hélt til Reykjavíkur og vann þar þau störf sem til féllu, fór fyrst í vist, var kaupakona í Dölum og vann síðan í fiski, hreinsaði garnir í Garnastöðinni og starfaði í eldhúsi á Elliheimilinu Grund þar sem hún stóð fyrir uppsteyt til að mótmæla illri meðferð á samstarfsfólki. Árið 1934 fengu mamma og vinkona hennar samstarfskonur sínar í Kexverksmiðjunni Fróni til að leggja niður vinnu og fara heim þegar vinnudegi lauk til að mótmæla því að þær ynnu á hverju kvöldi eins lengi fram eftir og þörf var á til að ljúka frágangi á því kexi sem bakað var yfir daginn, án þess að fá fyrir það greitt aukalega. Þessu lauk með brottrekstri forsprakkanna en atburðurinn varð undanfari stofnunar Iðju, félags verksmiðjufólks. Sumarið 1933 var móðir mín ásamt systur sinni í síld í Ingólfsfirði og sumarið eftir á Siglufirði. Það var aflabrestur bæði sumrin, þetta var fyrir kauptryggingu og komust þær systur heim við illan leik, sjóveikar, svangar og allslausar.

Faðir minn hét Hallgrímur Jónas Jónsson Jakobsson, fæddur á Húsavík 1908 en fluttist ásamt foreldrum sínum og sex systkinum til Vesturheims árið 1912. Fjölskyldan bjó í Winnipeg og Gimli þar sem afi minn, Jón Ármann

Jakobsson, glímdi við atvinnuleysi. Faðir minn gekk í barnaskóla í Winnipeg en eitthvað varð skólagangan rysjótt sökum þrálátra veikinda; veturinn 1915–16 veiktust systkinin af mislingum og öðrum barnasjúkdómum auk taugaveiki og var fjölskyldan vikum saman í einangrun af þeim sökum. Árið 1920 fluttu þau öll heim til gamla landsins en fjölskyldan var húsnæðislaus og afi án atvinnu. Eldri bræðurnir sóttu kvöldskóla og pabbi mun hafa lokið einhverjum bekkjum í gagnfræðaskóla í MR. Seinna nam hann píanóleik og tónsmíði í Tónlistarskólanum, eftir stríð lauk hann söngkennaraprófi frá Kennaraskólanum og varð tónlist eftir það hans ævistarf. Árið 1931 var faðir minn orðinn virkur í pólitík á vinstri væng þar sem leiðir foreldra minna munu hafa legið saman árið 1933.

Ég ólst upp við frásagnir af verkalýðsbaráttu kreppuáranna. Foreldrar mínir stunduðu þá vinnu sem gafst og lögðu málstaðnum lið hvort með sínum hætti. Pabbi stóð ekki fyrir verkföllum en samdi byltingarlög og stjórnaði Karlakór verkamanna sem söng á baráttusamkomum á 4. áratugnum.

Æskuheimili mitt var hefðbundið; eftir að börnin fæddust var móðir mín heima og faðir minn leitaði ýmissa leiða til að sjá fjölskyldunni farborða, afgreiddi meðal annars í lítilli vefnaðarvöruverslun á Laugaveginum, hann var listfengur og saman útbjuggu foreldrar mínir margs konar minjagripi til sölu. Árið 1947 varð pabbi stundakennari í söng við Austurbæjarbarnaskólann og tók nemendur í píanótíma heim. Okkur börnunum sinnti hann af alúð. Við vorum fimm systkinin, ég var næstelst, fædd 5. nóvember 1941. Gæsla yngri systkinanna og aðstoð við heimilishaldið kom frekar í minn hlut en bróður míns sem var elstur. Bræður mínir dvöldu lengst af sumarlangt á Bjalla í Landsveit hjá móðursystur okkar meðan ég var bundin heima við barnapössun og snúninga. Mér fannst þetta oft ranglátt, hefði heldur viljað vera í sveitinni eða leika við vinkonurnar. Foreldrar mínir hafa án vafa verið jafnréttissinnaðri en umhverfið því þeir komu til móts við mig og leyfðu mér að vera hjá Árna móðurbróður mínum og Hrefnu konu hans í Stóra-Klofa í Landsveit um skeið.

Launamisréttið

Þegar ég var 11 ára breiddi ég saltfisk hjá Ísbirninum. Við áttum heima inni á Rauðarárstíg og þegar vel viðraði hjólaði ég í bítið alla leiðina vestur á Seltjarnarnes til að breiða. Síðan var hjólað heim fyrir hádegið og aftur vestur eftir þegar kvöldaði til að taka saman. Strákar og stelpur báru á móti hvert öðru

en bæri stelpa á móti stelpu var það mikið metnaðarmál að hafa ekki minna á brettinu en hjá strákunum. Ekki held ég að gert hafi verið upp á milli stráka og stelpna í launum í þessum aldursflokki, en um leið og farið var að greiða samkvæmt unglingataxta, þ.e. þegar við vorum orðin 14 og 15 ára, var stelpum greitt samkvæmt unglingataxta Framsóknar og strákum eftir unglingataxta Dagsbrúnar. Þar var munur á. Sá munur minnkaði ekki þegar við urðum 16 ára.

Ég var kraftalega vaxin, hafði unnið ýmis störf til sjávar og sveita frá því að ég var barn og það sveið undan þessari mismunun. Munurinn lá ekki aðeins í töxtunum, störf voru afar kyngreind og stúlkur höfðu ekki sömu möguleika til tekjuöflunar og piltar. Í menntaskóla komust sumir strákar á sjóinn, í hvalskurð, í síldarverksmiðjur eða til ýmissa starfa þar sem unnið var í törnum yfir sumarið og þénuðu vel. Stúlkum buðust einfaldlega ekki þessi störf og er ekki að efa að það hafi fyrir tíma námslána haft áhrif á námsval þeirra og oft komið í veg fyrir háskólanám. Mér þykir líklegt að þetta óréttlæti hafi orðið til þess að ég fór að starfa með ungum stúlkum í Kvenréttindafélaginu og minnist þess að hafa flutt erindi hjá þeim um möguleika skólastúlkna til að afla sér tekna veturinn sem ég var í sjötta bekk í MR.

Sumarið eftir stúdentspróf, árið 1961, var allsherjarverkfall í bænum og enga vinnu að fá. Ég réð mig í gegnum vinnumiðlun á sumarhótel á Laugarvatni. Kjörin áttu að vera 2.500 kr. á mánuði fyrir dagvinnu, ferðir greiddar, rómuð aðstaða með öllum þægindum og vinnuveitandi myndi sjá um vinnufatnað og þvott á honum. Þangað komin fékk ég að vita að rútuferðina greiddi ég sjálf og rúmföt ætti ég að skaffa sem og vinnufatnað auk þess að annast þvotta, en þvottaaðstaða var engin og frítíminn fór í að þvo sloppa og svuntur upp úr litlu vaskafati. Vinnutíminn var eftir þörfum, oftast 10–11 tímar, engin yfirvinna greidd og engir frídagar. Með ærinni fyrirhöfn og tilkostnaði þurftum við að fá send rúmföt, sloppa og svuntur. Við kröfðumst leiðréttingar en fengum á móti tilboð um að hótelið greiddi okkur til baka þóknunina sem við höfðum greitt til vinnumiðlunarinnar. Ég neitaði því staðfastlega og krafðist greiðslu fyrir eftirvinnu og helgidaga. Eftir að hafa beðið nokkrum sinnum eftir kvöldmatargestum til miðnættis lagði ég til að við strækuðum og heimtuðum greiðslur fyrir eftirvinnu.

Við héldum á fund hótelstjórans og ég man að ég var kófrauð í andliti og hjartað barðist; hvað ef hann nú ræki okkur? Ég stundi upp erindinu og fékk

að heyra að hér væru engir kommúnistar liðnir. Eftir nokkurt þref voru okkur boðnar 500 kr. á mánuði fyrir alla eftirvinnu og 100 kr. fyrir hvern unninn sunnudag gegn því að við féllum frá öllum frekari kröfum. Mér fannst samstarfskonur mínar vera ansi fljótar að kyngja tilboðinu. Eitt hundrað krónur fyrir unninn sunnudag jafngiltu dagvinnulaunum, ekki helgartaxta. Árið eftir fengu stúlkurnar einn frídag í viku og eftirvinnu greidda og var þeim sagt að það væri vegna þess að kommúnistar hefðu verið þarna sumarið á undan og gert allt vitlaust með heimtufrekju.

Veturinn 1962–63 vann ég á Rannsóknastofu Fiskifélags Íslands og komst síðan sumarið 1963 í vaktavinnu á rannsóknastofu í síldarverksmiðju SR á Seyðisfirði. Þar fékk ég svo sannarlega ekkert kvenmannskaup. Og verkalýðsbaráttan á þeim bæ var með allt öðru sniði en á Laugarvatni. Þegar líða tók á ágúst átti að slíta vöktum og fela mannskapnum útskipun í tímavinnu, en vaktir gáfu miklu meira í aðra hönd en tímavinna. Þar sem verkalýðsfélagið á Seyðisfirði hafði ekki samið við Síldarverksmiðjur ríkisins fyrir hönd starfsmanna var farið eftir samningum á Siglufirði en greitt samkvæmt kauptaxta á staðnum, sem var eitthvað hærri en á Siglufirði. Einhver piltanna vissi að í Siglufjarðarsamningunum væri kveðið á um að ekki mætti slíta vöktum meðan síld væri í þró. Verksmiðjustjóri mótmælti þessari túlkun og lét slíta vöktum kl. 4 á mánudagsnóttu og síðan skyldi útskipun hefjast næsta morgun kl. 8 í tímavinnu. Starfsmenn tóku sig þá saman og ákváðu að mæta ekki til vinnu fyrr en kl. 12 á hádegi og kröfðust launa fyrir vaktina frá kl. 4–12 sem aldrei var ræst út. Þegar enginn mætti til vinnu kl. 8 féll verksmiðjustjórnin frá ætlan sinni til að forða því að skipið færi tómt á brott. Við skipuðum út í vaktavinnu og önnur vaktin svaf heila vakt á fullu kaupi og fékk næstu vakt á frívaktarkaupi.

Þetta var lærdómsríkt, ekki endilega til eftirbreytni að mér fannst, en afar frábrugðið fyrri reynslu. Á Laugarvatni voru ungar stúlkur sem áttu engan að. Vinnumiðlunin skirrðist ekki við að lofa þeim gulli og grænum skógum án þess að þurfa að standa við orð sín. Í síldarverksmiðjunni voru nánast eingöngu piltar, þeir áttu styrkan bakhjarl í verkalýðsfélögum og studdust við flókna samninga. Það var sama hvar drepið var niður fæti á uppvaxtarárum mínum, allt þjóðfélagið var sniðið fyrir karla og við konur kunnum ekki á það. Þessi staða hefur án efa átt þátt í því að ég hóf snemma afskipti af stjórnmálum, ég gekk í Æskulýðsfylkinguna, ungmennasamtök Sósíalistaflokksins, og var kjörin formaður félagsins í Reykjavík haustið 1961.

Guðrún ásamt félögum sínum í stjórn Æskulýðsfylkingarinnar haustið 1961. Frá vinstri: Jóhann Þórarinsson, Hrafn Magnússon, Gísli Svanbergsson, Guðrún Hallgrímsdóttir (formaður), Ingibjörg Haraldsdóttir, Björn Ólafsson og Auðunn Einarsson. Á myndina vantar stjórnarmeðlimina Einar Örn Guðjónsson og Bjarna Guðmundsson.

Staða kvenna í lok 7. áratugarins

Þegar við stofnuðum Rauðsokkahreyfinguna var ég nýkomin heim eftir tæplega sex ára dvöl í Þýskalandi eftirstríðsáranna. Vegna skorts á karlmönnum á vinnufærum aldri eftir stríðið gengu konur þar í öll störf; þær mátti sjá í byggingavinnu, við námuvinnslu og í verksmiðjum, við akstur almenningsfarartækja, í stjórnunarstöðum og í öllum greinum háskólanáms. Ég var mér ekki mjög meðvituð um kynjamismunun í háskólanum, strákar og stelpur voru þar á svipuðu róli og báru flest aðeins ábyrgð á sjálfum sér. Af þessu drógum við ályktanir um samfélagið í heild og trúðum því jafnvel að jafnrétti væri náð. Ég minnist þess að hafa séð *Brúðuheimili* Ibsens í leikhúsi í Berlín og skrifaði ásamt fleirum hrokafull á umsagnarblað um sýninguna: *Völlig überholt* – gjörsamlega úrelt. Ég varð að vísu nokkuð hugsi yfir reglum sem giltu á vinnumarkaði og ætlað var að rétta hlut kvenna. Giftar konur fengu frí einn dag í mánuði til að sinna heimilisstörfum. Af hverju fengu eingöngu konur þennan frídag? Eftir á að hyggja var þetta aðeins til þess fallið að viðhalda hefðbundinni verkaskiptingu á heimilum.

Við heimkomuna til Íslands vorið 1969 blasti annar veruleiki við. Konur höfðu almennt minni menntun en karlar en voru orðnar þátttakendur í atvinnu-

lífinu, ýmist sem íhlaupavinnuafl eða í fastri vinnu allt árið um kring, mest í láglaunastörfum. Engu að síður hvíldi ábyrgð á heimilunum á þeim með fullum þunga. Skorturinn á dagvistun fyrir börn bitnaði á mæðrunum fyrst og fremst enda sökin aðeins þeirra yrði börnum eitthvað á eða eitthvað kæmi fyrir þau. Launamismunur var gífurlegur þótt í orði kveðnu væri komið launajafnrétti. Og ótækt þótti að konum væru greiddar atvinnuleysisbætur, þær væru aðeins handa fyrirvinnum!

Enn nöturlegri var myndin af þátttöku kvenna í stofnunum samfélagsins. Ein kona sat á þingi, aðeins örfáar konur áttu sæti í bæjarstjórnum og hvergi gegndi kona starfi bæjarstjóra eftir að Hulda Jakobsdóttir lét af störfum í Kópavogi 1962. Sárafáar konur stýrðu fyrirtækjum eða stofnunum, í fljótu bragði minnist ég aðeins Teresíu Guðmundsson, forstöðumanns Veðurstofu. Í stjórnarráðinu bar engin kona hærri starfstitil en fulltrúi, engin kona var sérfræðingur, deildarstjóri, skrifstofustjóri eða ráðuneytisstjóri. Ein kona gegndi stöðu yfirlæknis og Margrét Guðnadóttir læknir var fyrsta konan sem skipuð var prófessor við Háskóla Íslands, árið 1969. Ekki var staðan betri hjá félagasamtökum, engin kona var í stjórn Sambands íslenskra barnakennara þótt konur væru um helmingur félagsmanna. Nánast ógerningur var að hafa uppi á giftri konu vissi maður ekki nafn eiginmannsins; aðeins hann var skráður í símaskrá og á dyrabjöllu. Mér er minnisstætt er ég, nýkomin til starfa eftir heimkomu, sótti um síma og fékk afsvar. Ég gerði mér ferð til póst- og símamálastjóra og tíundaði þörf mína fyrir síma, vinnu minnar vegna. Hann taldi alla annmarka á að ég gæti fengið síma, fá númer væru laus og þeir sem hefðu meiri þörf myndu sitja fyrir. Það fauk í mig, ég stóð upp og skundaði til dyra. Stjórinn kallaði á eftir mér og spurði hvað maðurinn minn gerði. Ég sneri mér við, tjáði honum að mann ætti ég engan en sjálf væri ég verkfræðingur og skellti á eftir mér. Það hreif; aðeins nokkrum dögum síðar fékk ég símann.

Það gilti einu árið 1970 hvaða stöðu konur höfðu, hvort þær unnu ófaglærð störf eða höfðu haft tækifæri til að mennta sig, voru einar eða báru ábyrgð á heimili og umönnun barna, þær áttu eitt sameiginlegt: kúgun á grundvelli kyns. Það þurfti þess vegna ekki mikið til að fá konur til að rísa upp.

Rauðsokkahreyfingin verður til

Ég sótti fund nokkurra kvenna í kjallara Norræna hússins í apríl 1970 þar sem ákveðið var að taka þátt í 1. maí-göngu verkalýðsfélaganna. Ég man hvað mér

fannst mikill styrkur felast í því að deila reynslu minni, ósjálfstæði og öryggisleysi með öðrum konum. Mér fannst ég standa höllum fæti í samkeppni við karlmenn í atvinnulífinu og leitaðist því í störfum mínum við að annast verkþætti sem karlar í mínum sporum hefðu gert. Og ég reyndi að standa mig. Mér fannst að ósigrar mínir hefðu verið ósigrar allra kvenna.

Að námi loknu hafði ég ráðist til Sambands íslenskra samvinnufélaga sem forstöðumaður Rannsóknastofu Búvörudeildar Sambandsins. Spennandi tímar voru framundan, uppbygging Kjötvinnslustöðvar Sambandsins á Kirkjusandi og bygging stórra sláturhúsa með færikeðjufyrirkomulagi víða um landið. Á þessum tíma dreymdi menn um stóraukna lambakjötsframleiðslu með útflutning til Bandaríkjanna í huga. Ein meginástæða stækkunar sláturhúsanna var krafa um heilbrigðiseftirlit með sláturgripum framkvæmt af dýralækni og augljóst að erfitt yrði að uppfylla þær kröfur í fjölmörgum litlum sláturhúsum dreifðum um allt land. Gagnrýnislaust fylgdi ég þessum hugmyndum eftir og hef oft síðan velt fyrir mér ábyrgð sérfræðinga. Ofbeit var vaxandi vandamál á stórum svæðum og fjárfesting í uppbyggingu sláturhúsa sem aðeins voru nýtt í 6–8 vikur á ári gat aldrei skilað arði. Í sláturtíðinni heimsótti ég sláturhús um allt land, fékkst við að endurbæta sláturlínur og samræma vinnubrögð. Hvert haust ók ég stórum jeppa frá Reykjavík norður um land til Hornafjarðar og til baka aftur því að enginn var hringvegurinn. Fáförult var á fjallvegum í október og ekki á aðstoð treystandi spryngi dekk eða yrði ófært vegna snjóa. Ég hef alla ævi búið að því að hafa kynnst landinu og fólkinu þar á þessum ferðum mínum.

Þegar ég hugsa til þessara ára velti ég því stundum fyrir mér hvernig ég hefði átt að bera mig að með tilliti til seinni tíma fullyrðingar um að rauðsokkar hafi, öfugt við aldamótakonurnar, hafnað mun á kynjunum og leitast við að ná jafnrétti við karla þrátt fyrir kynferði sitt; kvennalistakonur hafi hins vegar, rétt eins og aldamótakonurnar, barist fyrir því að vera metnar sem konur. Í ritgerð sinni, „Að gera til að verða“, segir Sigríður Dúna Kristmundsdóttir að rauðsokkar hafi hafnað „hinum hefðbundnu hlutverkum kvenna og endurskil[greint] persónu kvenna sem sams konar og persónu karla, þ.e. þær drógu út úr persónuskilgreiningunni kynbundinn mismun á hlutverkum kvenna og karla“.[1]

Það er að vísu hárrétt, við höfðum karlmenn sem viðmið. Við vildum að konur hefðu sömu möguleika og karlar til fastráðningar í fiskiðnaði en væru ekki meðhöndlaðar sem varavinnuafl og sendar heim launalausar í hvert sinn sem afli brást eða dróst saman. Við vildum að konur gætu komist á samning

og fengið iðnmenntun en þyrftu ekki að vinna í áratugi sömu störf og karlarnir en bara sem aðstoðarmenn þeirra með miklu lægri laun og skert réttindi. Við börðumst fyrir dagvistun fyrir öll börn og sjálfsákvörðunarrétti kvenna svo að konur gætu stjórnað lífi sínu.

Með tilvísun til kröfu rauðsokka um að uppræta bæri kynskiptan vinnumarkað dregur Sigríður Dúna þá ályktun að „Liberationist evaluation of what characterized women culturally as gender group was therefore a negative one. Instead of being equal to but different from men as the suffragists saw it women should according to the lib be equal to and the same as men".[2]

Þessi greining hefur reynst lífseig, hún kemur m.a. fram í mastersritgerð ungrar vísindakonu við Háskóla Íslands, Droplaugar Margrétar Jónsdóttur mannfræðings, frá 2006. Ritgerðin heitir „Vitund vaknar: Hugmyndafræði í íslenskri kvennabaráttu 1970–2006" og þar er hugmyndafræði þriggja femínískra hreyfinga, Rauðsokkahreyfingarinnar, Kvennalistans og Femínistafélagsins, borin saman.[3]

Það er rétt að kvennalisti eða kvenfélag var ekki uppi á borðum í aðdraganda Rauðsokkahreyfingarinnar. Við litum á okkur sem mannréttindahreyfingu en þar sem misréttið var mest gagnvart konum beindist baráttan að kvenfrelsi og kjörum kvenna. Reyndar veittumst við stundum að hinum ýmsu kvenfélögum sem okkur fannst þjóna þeim tilgangi einum að hefta konur í plógförum vanans. Eftir á að hyggja vorum við oft óþarflega gagnrýnar á störf kvenfélaganna, þær unnu ómetanlegt starf á mörgum sviðum. En við vorum okkur afar meðvitaðar um að engin breyting yrði á högum kvenna tækju karlar ekki þátt í baráttunni með okkur og við börðumst fyrir jafnrétti, ekki kvenréttindum.

Ég var kosin í framkvæmdanefnd til að undirbúa stofnun samtaka á fundi í Þjóðleikhúskjallaranum 14. júní 1970. Hinn 7. september boðuðum við svo til fundar þar sem ákveðið var að stofna hreyfingu samkvæmt félagsformi sem Hildur Hákonardóttir hafði kynnt og samþykkt voru fimm markmið fyrir hreyfinguna. Fyrsta markmiðið var: „Að vinna að fullkomnu jafnrétti karla og kvenna á öllum sviðum þjóðfélagsins."[4] Í þeirri vinnu sem við lögðum á okkur til að leiðrétta ríkjandi löggjöf á sviði hjúskapar, trygginga og skatta bentum við á ýmis ákvæði þar sem karlar nutu ekki sama réttar og konur. En mýtan um að við hefðum afneitað öllu kvenlegu hefur verið furðu lífseig. Með klæðaburði okkar vorum við einfaldlega að mótmæla þeim staðalímyndum sem þá, líkt og nú, var haldið að konum. Á fjölmennum ráðstefnum sem Rauðsokkahreyfingin

stóð fyrir með ýmsum aðilum var ég gjarnan fundarstjóri. Ég minnist þess að ég lagði mig fram um að vera kvenlega klædd, ævinlega í kjól, einmitt til að rugla þessa mynd sem fjölmiðlar drógu upp af okkur.

Þótt hreyfingin hafi ekki formlega hafið störf fyrr en eftir kynningarfundinn í Norræna húsinu 19. október 1970 var sumarið síður en svo viðburðasnautt. Í minni minningu hófst hjá mér nýtt háskólanám. Á skólaárunum hafði ég lesið *Hitt kynið* eftir Simone de Beauvoir sem opnaði augu mín fyrir því að hjálparleysi kvenna í heiminum væri ekki náttúrulögmál heldur ástand sem enginn nema konur sjálfar gætu breytt. Um sumarið fórum við að lesa bækur sem fjölluðu um það hvernig fara ætti að til að breyta stöðu kvenna.Við lásum rit ýmissa bandarískra baráttukvenna en einnig allt sem kom frá hinni nýju kvennahreyfingu á Norðurlöndum. Dönsku rauðsokkurnar voru aðeins á undan okkur, stofnuðu sín samtök vorið 1970. Það veitti okkur styrk að skynja okkur sem hluta af alþjóðlegri hreyfingu. Ég held að strax á þessum sumarmánuðum hafi okkur verið ljóst að við vorum að skapa öðruvísi framtíð – eða vorum við að skapa öðruvísi konur?

Veturinn 1970–1971 er eftirminnilegur. Húsfyllir var á fyrsta opna fundinum sem við héldum í Norræna húsinu 19. október[5] þar sem við skýrðum frá því hvernig við hygðumst starfa og hver yrðu helstu baráttumálin. Við vöktum greinilega strax mikla athygli og vorum eftirsóttar á fundi hvers kyns félagasamtaka til að greina frá baráttumálum og baráttuaðferðum. Ég hef oft velt því fyrir mér hverju þetta var að þakka og held að það hafi fyrst og fremst verið hispursleysi okkar í máli og hversu lausar við vorum við viðkvæmni gagnvart okkur sjálfum. Ég minnist þess að hafa heimsótt nemendur í Menntaskólanum við Hamrahlíð ásamt Elísabetu Gunnarsdóttur. Við ræddum um viðjar tískunnar og Elísabet tók dæmi af sér og systur sinni og lýsti því hvernig það hefði verið fyrir sig, svona flata að framan – og strauk höndum yfir brjóstin – að vera gjaldgeng á tímum Brigitte Bardot. Þegar systirin hefði verið unglingur hefði Twiggy verið í tísku en hún með mjólkurbú Flóamanna framan á sér og lagði Elísabet áherslu á brjóstastærðina með handasveiflu.

Mynd á næstu opnu: Í júní 1971 stóð Rauðsokkahreyfingin fyrir aðgerðinni Andóf í miðborg Reykjavíkur ásamt námsmannasamtökum og fleiri hópum. Þessi mynd af Guðrúnu (með derhúfu) á tali við Eyborgu Guðmundsdóttur og Guðjón Friðriksson var tekin við það tækifæri. Frásögn af aðgerðinni má lesa í grein Eddu Óskarsdóttur hér í bókinni.

LA AURORA
MANZANAS DE RIO NEGRO
INDUSTRIA ARGENTINA
RIO NEGRO

Þá voru tengsl okkar við fjölmiðla ómetanleg. Vilborg Harðardóttir var þar fremst í flokki og hélt úti jafnréttissíðu í *Þjóðviljanum* sem varð nokkurs konar málgagn okkar, en við áttum líka hauka í horni á öðrum blöðum. Sólveig Jónsdóttir var á *Tímanum* og flutti reglulega fréttir af starfseminni með frábærum myndum Gunnars V. Andréssonar ljósmyndara.

Svava Jakobsdóttir rithöfundur hristi svo sannarlega upp í jafnréttisumræðunni með leikriti sínu, *Hvað er í blýhólknum*, sem Gríma frumsýndi árið 1970. Við rauðsokkar kunnum flest tilsvörin úr leikritinu utan að og höfðum á hraðbergi í málflutningi okkar. Svava hafði áður vakið athygli á áhrifaleysi kvenna með smásagnasöfnum sínum *12 konur* og *Veisla undir grjótvegg*[6] og í kjölfar *Blýhólksins* birtust fjölmörg viðtöl við hana þar sem hún á sinn skarpa hátt greindi stöðu kvenna í þjóðfélaginu. Svava varð þingmaður Alþýðubandalagsins eftir kosningarnar 1971 og flutti strax á sínu fyrsta þingi frumvarp um jafnlaunadóm[7]. Málið fékk ekki framgang á því þingi og var endurflutt ári seinna en þá breytt og var samþykkt sem lög um jafnlaunaráð[8]. Þau lög voru undanfari núgildandi jafnréttislaga. Svava sá til þess að öll mál sem lögð voru fyrir alþingi og snertu stöðu kvenna og barna væru send Rauðsokkahreyfingunni til umsagnar. Þær voru ófáar stundirnar sem við sátum í kjallaranum á Ásvallagötu 8, hjá Helgu Ólafsdóttur og Stefáni Karlssyni, og sömdum umsagnir um frumvörp og þingsályktunartillögur. Haustið 1970 flutti Magnús Kjartansson, alþingismaður og ritstjóri *Þjóðviljans*, þingsályktunartillögu um rannsókn á jafnrétti þegnanna. Í greinargerð kom fram að engar tölur væru til á Íslandi um launamismun kynjanna en slíkar upplýsingar lágu fyrir hjá hinum Norðurlöndunum. Óhætt er að segja að allur málflutningur Magnúsar hafi verið í anda okkar rauðsokka en hann fullyrti að hlutur kvenna væri fyrir borð borinn á mörgum sviðum. Við fundum svo sannarlega að það var tekið mark á okkur.

Helstu málaflokkarnir sem við fengumst við þennan fyrsta vetur voru launamisréttið og skorturinn á dagheimilum. Við veittumst líka að framkvæmd fegurðarsamkeppna með eftirminnilegum hætti þegar við stóðum fyrir utan Laugardalshöllina á annan í jólum þar sem verið var að kjósa ungfrú Reykjavík og dreifðum blaði með skoðanakönnun um meyjamat[9]. Við stóðum fyrir fjölmörgum könnunum, m.a. á launamisréttinu, þörfinni fyrir dagvistun barna og mismunun í námskrá grunnskóla. Niðurstöður þessarar vinnu svo og athuganir og umsagnir um lagafrumvörp sem snertu aðstæður kynjanna birtust í 5. tbl. *Samvinnunnar* haustið 1971 og má furðu sæta hverju við komum í verk.

„Við rauðsokkar kunnum flest tilsvörin úr leikritinu utan að og höfðum á hraðbergi í málflutningi okkar," segir Guðrún. Atriði úr leikriti Svövu Jakobsdóttur, *Hvað er í blýhólknum?,* sem frumsýnt var hjá Grímu 1970 í leikstjórn Maríu Kristjánsdóttur. Í efri röð frá vinstri eru Þórhallur Sigurðsson, Randver Þorlákssson og Sigurður Skúlason, og fyrir framan þá Bríet Héðinsdóttir (t.v.) og Guðrún Alfreðsdóttir.

Sjálfsákvörðunarréttur kvenna

Veturinn 1971–72 var fóstureyðingarlöggjöfin í brennipunkti. Haustið 1971 flutti Bjarni Guðnason alþingismaður þingsályktunartillögu um endurskoðun löggjafar um fóstureyðingar og benti í greinargerð sinni á að í gildandi löggjöf væri varla minnst á ósk eða vilja konunnar. Tillögunni var vísað til ríkisstjórnarinnar með þeim rökum að starfandi væri stjórnskipuð nefnd sem ynni að endurskoðun laganna. Sú nefnd var eingöngu skipuð körlum, en vegna gagnrýni okkar og fleiri kvennasamtaka var Guðrún Erlendsdóttir lögmaður skipuð í nefndina í stað eins karlsins. Í nóvember 1971 þegar Magnús Kjartansson var orðinn heilbrigðisráðherra bætti hann Vilborgu Harðardóttur í nefndina.

Hinn 20. nóvember 1971 sameinuðust konur um allan heim um að krefjast skynsamlegrar og heilbrigðrar löggjafar um fóstureyðingar og við nýttum þennan dag með því að dreifa bréfi[10] til íslenskra kvenna þar sem við spurðum spurninga eins og hvort konur þekktu gildandi löggjöf, hvort þær vissu hve mörg börn hefðu fæðst heyrnarskert eftir nýlegan faraldur rauðra hunda og hvort þvinga ætti stúlku til að eignast barn til að gefa það. Bjarni Guðnason

alþingismaður var einn framsögumanna á afar velsóttri ráðstefnu sem við héldum í samvinnu við Æskulýðssamband Íslands í Félagsheimili stúdenta 27. og 28. nóvember 1971. Auk hans höfðu framsögu þau Gunnlaugur Ástgeirsson háskólanemi, Svava Jakobsdóttir alþingismaður, Haraldur Blöndal háskólanemi og Rannveig Jónsdóttir kennari og rauðsokkur. Síðan sátum við fjórar fyrir svörum, Helga Sigurjónsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Maia Sigurðardóttir og ég. Þrátt fyrir að fleiri mál væru á dagskrá snerist ráðstefnan að mestu um fóstureyðingarlöggjöfina. Í rökstuðningi fyrir nauðsyn nýrrar löggjafar tíundaði ég hve margt gæti farið úrskeiðis þótt stúlkur stunduðu ábyrgt kynlíf. Mér eru minnisstæð orð læknis sem barðist hugdjarfur gegn sjálfsákvörðunarrétti kvenna er hann svaraði mér og sagðist ekki vera undrandi á því að verkfræðingnum þætti getnaðarvarnir vera illa hannaðar.

Þær konur sem tóku þátt í sjónvarpsþáttum um fóstureyðingarlöggjöfina urðu fyrir margs konar árásum, þær voru úthrópaðar sem barnamorðingjar og skrifaðar voru greinar í blöðin sem báru yfirskriftir eins og „Barnaslátrun“ eða „Barnamorðingjar“. Í einum sjónvarpsþáttanna benti Vilborg Harðardóttir á að fóstureyðing væri forréttindi þeirra ríku sem hefðu ráð á að fara utan í aðgerð og hneyksluðust margir á orðum hennar. Við gættum þess að aðeins þær okkar sem áttu börn á þessum árum færu í umræðuþætti í sjónvarpinu svo að ekki væri hægt að ráðast á okkur fyrir að vera á móti barneignum. Baráttan varð löng og okkur öllum erfið en ég held að á engan sé hallað þótt ég fullyrði að Vilborg Harðardóttir hafi borið hitann og þungann af átökunum.

Nefndin sem skipuð var til endurskoðunar á fóstureyðingarlöggjöfinni frá 1935 vann frábært starf og skilaði frumvarpi[11] að nýjum lögum í júní 1973 sem Magnús Kjartansson heilbrigðisráðherra lagði fram um haustið. Þar var í 9. grein kveðið á um að fóstureyðing væri heimil að ósk konu. Vonbrigði okkar urðu mikil þegar frumvarpið dagaði uppi í nefnd. Ári seinna skipaði þáverandi heilbrigðisráðherra, Matthías Bjarnason, þriggja manna nefnd til að undirbúa endurframlagningu frumvarpsins með breytingum. Og enn mótmæltu rauðsokkar og KRFÍ því að eingöngu karlar voru skipaðir í nefndina. Frumvarpið var síðan endurflutt með nýrri 9. grein í desember 1974[12] þar sem numin var á brott heimild til fóstureyðingar að ósk konu en hún hins vegar heimiluð af félagslegum ástæðum að læknisráði. Fylgismenn upphaflega frumvarpsins börðust ötullega á þingi en útslagið gerðu þverpólitísk samtök, Baráttusamtök fyrir sjálfsákvörðunarrétti kvenna til löglegrar fóstureyðingar. Í forystu

fyrir undirbúningi samtakanna var ungur líffræðinemi í liði okkar rauðsokka, Álfheiður Ingadóttir. Stofnfundur var haldinn á Hótel Sögu 24. mars 1975[13] og voru stofnfélagar 329 úr öllum stjórnmálaflokkum og starfsgreinum. Markmið samtakanna var að felldar yrðu niður þær breytingar sem gerðar höfðu verið á upphaflegri gerð frumvarpsins. Á fundinum var kosin 10 manna framkvæmdanefnd sem endurspeglaði vel þessa breidd. Lokaorustan hófst með snarpri árás á alþingismenn og lauk með því að nýtt frumvarp varð að lögum fyrir þinglok þar sem ákvörðunarréttur kvenna var í raun viðurkenndur.

Útvarpsþættirnir Ég er forvitin rauð

Síðla árs 1971 hafði Björn Ólafur Gíslason, dagskrárgerðarmaður á útvarpinu, samband við mig og fór þess á leit að ég annaðist þætti fyrir húsmæður í dagskrá sem hét „Við sem heima sitjum“ og var flutt eftir hádegi virka daga. Ég spurði Björn hvort hann væri ekki til í að fá Rauðsokkahreyfinguna til að annast dagskrá í staðinn og Björn sló til. Ég held að ég hafi aldrei haft samband við Björn og þakkað honum. Í mínum huga sýndi hann af sér ótrúlegt hugrekki; varla hefur nokkur dagskrármaður þurft að axla jafnmiklar skammir. Við Gerður G. Óskarsdóttir tókum að okkur undirbúning þáttanna og ég stakk upp á því að kalla þá „Ég er forvitin rauð“ en þá höfðu gengið í kvikmyndahúsum umdeildar, djarfar kvikmyndir eftir Svíann Vilgot Sjöman sem hétu *Ég er forvitin – gul* og *Ég er forvitin – blá*. Með nafninu vildum við gefa til kynna að okkur væri ekkert heilagt.

Þættirnir urðu tíu talsins og var þeim útvarpað tvisvar í viku. Á undan og eftir hverjum þætti var flutt tónstef frá Afríku. Við Gerður sátum lengi dags hjá Elíasi Davíðssyni, tónlistarmanni og kerfisfræðingi, sem þá var virkur í Rauðsokkahreyfingunni og hlustuðum á tónlist í leit að kynningarstefi. Mér er það minnisstætt hversu samtaka við urðum um valið; fyrst syngur kór karla, konur svara með söng og syngjandi karlarnir gera greinilega stólpagrín að svörum þeirra, enda varð stefið álíka þekkt og kynningarstef Dallas-sjónvarpsþáttanna tíu árum seinna. Eftir að efnisflokkar voru ákveðnir var umsjónarkona fengin fyrir hvern þátt og fékk hún síðan aðrar konur með sér. Það er fróðlegt að hlusta á þessa þætti nú. Efnistök eru vönduð og sérstaka athygli vekur hve flutningurinn er góður. Útvarpsþættirnir „Ég er forvitin rauð“[14] eru án efa besta fáanlega heimildin um starf rauðsokka fyrstu tvö árin og það þjóðfélag sem við lifðum í.

Fyrir útvarpsþættina fengum við þóknun sem við nýttum til að hefja útgáfu blaðsins *Forvitin rauð*. Fyrsta tölublaðið kom út 1. desember 1972 og var þar komið víða við: Meðal efnis var umfjöllun um fóstureyðingar á hispurslausari hátt en áður tíðkaðist, og Helga Sigurjónsdóttir skrifaði grein um samsköttun hjóna þar sem hún tók fyrirvinnuhugtakið fyrir og nauðsyn þess að skilgreina það að nýju. Helga færði rök fyrir því að húsmóðirin væri ekki síður fyrirvinna en karlmaðurinn þar sem hún legði fram vinnu í þágu fjölskyldunnar og skapaði verðmæti. Á næstu árum vann Helga mikið starf við endurskoðun laga sem snertu líf og kjör kvenna. Efnistök blaðsins voru fjölbreytt, húmorinn hvergi langt undan og hann undirstrikaður með frábærum teikningum Eddu Óskarsdóttur myndlistarmanns og margvíslegum tilvitnunum í skáldskap um stöðu kvenna. Þetta fyrsta tölublað er lýsandi fyrir vinnubrögð hreyfingarinnar, virkni félaganna og geislandi húmor. Það var einmitt húmorinn sem gerði þetta tímabil svo gefandi fyrir okkur þátttakendur; við gættum þess að taka okkur ekki of alvarlega og það hefur án efa auðveldað okkur hreinskilni í málflutningi og ekki síst að standa af okkur oft hatursfullar árásir.

Fátt var okkur óviðkomandi

Við störfuðum ekki einangrað innan Rauðsokkahreyfingarinnar heldur freistuðum þess að gera okkur gildandi á flestum sviðum þjóðlífsins. Við létum okkur annt um bókmennta- og menningarlíf. Ég minnist þess að konur voru yfirleitt ekki höfundar greina í *Skírni*, en árið 1970 birtust þar greinar eftir tvær konur; önnur þeirra var Helga Kress sem svo sannarlega átti eftir að breyta umfjöllun um bókmenntir. Til að sýna þeim samstöðu gerðumst við margar áskrifendur en fram að þeim tíma voru aðeins fáar konur á meðal þeirra. Tengsl okkar við leikhúsið voru augljós; *Blýhólkurinn* hennar Svövu – leikrit eftir konu, um konu og leikstýrt af konu – kveikti neista, Lýsiströtustyttan kom úr leikhúsi, sum laganna sem við sungum voru ættuð úr leiksýningu í Þjóðleikhúsinu, margar leikkonur voru meðal okkar, konur fóru að setja hvert leikritið á fætur öðru á svið og við fjölmenntum í leikhús. Baráttan var afar myndræn og nutum við þess hve frábærir myndlistarmenn voru meðal okkar. Sýningin *Með viljann að vopni* á Kjarvalsstöðum haustið 2010 með verkum kvenna frá 8. áratugnum sýndi að jafnréttisbaráttan setti sterkan svip á myndlistina og sú spurning vaknar hvort baráttan hafi ekki opnað listaheiminn fyrir konum.



Forsíðumynd Eddu Óskarsdóttur á 2. tbl. *Forvitinnar rauðrar* sem kom út 1. maí 1973.

Í Rauðsokkahreyfingunni ræktuðum við samkennd og lærðum að meta samstöðu kvenna, nokkuð sem hefur fylgt okkur æ síðan. Þegar ég lít til baka virðist mér að við höfum samt brugðist á einu sviði – varðandi þátttöku kvenna í íþróttum. Einu sinni fórum við Vilborg Harðardóttir á fund hjá Íþróttasambandinu þar sem konur gerðu grein fyrir þeirri mismunun sem þær urðu fyrir, en við gerðum ekkert meira enda sjálfar ekki þátttakendur í íþróttahreyfingunni. Nú fjörutíu árum síðar njóta drengir í íþróttum enn sem fyrr meiri stuðnings og hvatningar en stúlkur. Þetta kom berlega í ljós þegar stúlkurnar í Gerplu unnu Evrópumeistaratitil í fimleikum haustið 2010. Þátttaka í íþróttum veitir ungu fólki án efa aukinn styrk til að stefna að ákveðnu markmiði og ná árangri í lífinu. Það virðist því vanmetið hve þýðingarmikið það er fyrir stúlkur að stunda íþróttir.

Eftir að vinnu við útvarpsþættina „Ég er forvitin rauð“ lauk, á vormánuðum 1972, dró nokkuð úr þátttöku minni í hreyfingunni um skeið. Ég ferðaðist mikið starfs míns vegna hjá Sambandinu en einnig kom til að ég var skipuð stjórnarformaður í nýrri ríkisstofnun, Sölustofnun lagmetis, sem sett var á laggirnar með lögum frá alþingi vorið 1972. Þá var ég einnig formaður stjórnar Þróunarsjóðs lagmetis sem hafði það hlutverk að styðja við rannsóknir og þróunarstarf í lagmetisiðnaði. Við ætluðum okkur að gera Ísland að stórveldi í fullvinnslu sjávarafurða. En það fór á aðra leið. Þá sem nú hamlaði vexti hve lítill heimamarkaðurinn var og hve langt við vorum frá stórum mörkuðum. Dýrt og seinlegt var að flytja nauðsynleg aðföng til Íslands og vöru á markað.

Ráðstefnan á Skógum og kvennaárið

Þegar kom fram á árið 1974 fór að bera á margvíslegum ágreiningi innan hreyfingarinnar um þau mál sem við höfðum afskipti af. Okkur þótti mörgum tengsl skorta við konur í verkalýðsfélögunum og vildum sýna undirokuðum og kúguðum konum um heim allan samstöðu okkar. Dagana 15. og 16. júní var haldin ráðstefna um innri mál hreyfingarinnar á Skógum undir Eyjafjöllum. Þegar kom að samþykkt nýrrar stefnuskrár var ég hikandi, taldi að hún hefði ekki fengið þá umræðu sem nauðsynleg væri og gæti haft í för með sér að við misstum frábærar konur frá okkur. Stefnuskráin[15] var samþykkt og var þar kveðið á um að baráttu kvenna fyrir frelsi og jafnrétti yrði að heyja með vopnum stéttabaráttu. Þetta þýddi að nokkrar duglegar konur yfirgáfu hreyfinguna og var svo sannarlega eftirsjá í þeim.

En hjá okkur sem eftir vorum hófst nýtt blómaskeið. Við opnuðum Sokkholt, félagsaðstöðu okkar á Skólavörðustíg 12, í lok september[16] og starfsemin blómstraði sem aldrei fyrr. Baráttan fyrir sjálfsákvörðunarrétti kvenna var í algleymingi og umræða um fyrirvinnuhugtakið og nauðsynlegar leiðréttingar á skatta- og tryggingalöggjöf var áberandi í starfinu. Við héldum ráðstefnur um kjör láglaunakvenna, sóttum fundi hjá karlaklúbbum sem og hvers kyns kvenfélögum og stóðum fyrir margs konar uppákomum. Við sáum þjóðfélagið sem við lifðum í með öðrum augum, við höfðum öðlast ný eyru eins og ein okkar orðaði það. Svo kom kvennaárið. Við ætluðum að hefja það með kynningarfundi í Neskaupstað en hin mannskæðu snjóflóð þar hinn 20. desember 1974 breyttu fyrirrætlunum okkar. Þess í stað hófum við árið með láglaunaráðstefnu í Reykjavík 26. janúar í samvinnu við öll helstu stéttarfélög kvenna. Framsögumenn á ráð-

stefnunni voru flestir almennir félagsmenn sem aldrei höfðu haldið ræður.[17] Það var stórkostlegt að hlýða á konurnar sem miðluðu okkur reynslu sinni. Ég minnist þess að hafa stjórnað fundi en annars er mér kjötsúpan ofarlega í huga sem við elduðum í sameiningu í eldhúsinu í Lindarbæ á meðan við undirbjuggum ráðstefnuna. Í miðri setningu sagði Vilborg Harðar: „Bíðið þið, stelpur," hljóp út og kom til baka með rauða papriku. „Hún gefur svo gott bragð." Síðan hef ég alltaf rauða papriku í kjötsúpu.

Rauðsokkahreyfingin og Fóstrufélagið héldu sameiginlega ráðstefnu[18] í febrúar um dagvistun og forskóla og í apríl héldum við kynningarfund[19] í Neskaupstað og tókum þátt í ráðstefnu heimamanna undir heitinu „Konur til sjós og lands". Á þennan hátt tókst okkur að virkja fjölda kvenna í verkalýðsfélögunum. Nægir þar að nefna nöfn Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur, Guðrúnar Emilsdóttur og Herdísar Helgadóttur þótt margar fleiri komi í hugann. Rauðsokkar í leikarastétt sungu baráttusöngva inn á plötuna *Áfram stelpur* og hljóma þeir enn. Ég held að engin hreyfing á Íslandi hafi átt jafn stóran hlut í árangri kvennaársins og rauðsokkar.

Þetta sama vor annaðist ég námskeið í Sokkholti í fundarsköpum, ræðumennsku og framsögn og kynntist þar fjölda ungra kvenna sem komu til liðs við hreyfinguna á kvennaárinu.

Eftir kvennaárið varð spennufall. Hjá mér söfnuðust upp leiðindi og óánægja. Föður minn missti ég sviplega í mars 1976 og átti mjög erfitt með að sætta mig við fráfall hans. Ég fór að hugsa mér til hreyfings.

Hjá Sameinuðu þjóðunum

Sameinuðu þjóðirnar samþykktu Lima-yfirlýsinguna 1975[20] þar sem lögð var áhersla á þátttöku kvenna í þróunarstarfi. En fyrst þurfti að fjölga konum í helstu stofnunum SÞ. Í árslok 1976 kom kona frá aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna til Íslands í því skyni að finna konur til starfa. Ég var meðal 80 umsækjenda sem fóru í viðtal og fékk fljótlega eftir áramótin bréf þar sem mér bauðst staða hjá UNIDO, Iðnþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna í Vínarborg. Í lok apríl 1977 kvaddi ég Sambandið og hélt til Vínarborgar. Þar með lauk afskiptum mínum af Rauðsokkahreyfingunni utan hvað ég heimkomin tveimur árum síðar fjallaði um konur og þróunarstörf á fundi í Sokkholti.

Starfið í Rauðsokkahreyfingunni mótaði okkur allar sem að því komum. Við fengum þjálfun í rökstuðningi, hikuðum ekki við að ræða málefni sem annars

Guðrún á ráðstefnu í Addis Abeba í Eþíópíu 1978 á vegum UNIDO, Iðnþróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna.

voru ekki til umræðu, leituðumst við að vinna bug á hleypidómum og vorum óhræddar við að segja skoðanir okkar afdráttarlaust; jafnvel framkoma okkar og fas báru starfseminni merki. Mér er minnisstætt að þegar ég hóf störf hjá UNIDO var ég strax kosin í nefnd sem hafði það hlutverk að tryggja konum framgang innan stofnunarinnar, án þess að ég vissi nokkurn skapaðan hlut um stöðu kvenna þar á bæ. Reyndar komst ég fljótt að því að valdapíramídinn hjá stofnuninni var spegilmynd stéttaskiptingar í heiminum. Framkvæmdastjórar voru karlmenn frá valdamestu þjóðunum, 90% háskólamenntaðra fulltrúa voru karlar, 90% skrifstofufólks konur og verkamenn komu frá þriðja heiminum.

Dvölin í Vínarborg var lærdómsrík. Ég kynntist miklu hugsjónafólki en líka öðrum sem eingöngu var annt um eigin frama. Ég minnist með nokkru stolti alþjóðlegrar ráðstefnu, *Preparatory Meeting on the Role of Women in Industrialization in Developing Countries*,[21] sem ég veitti forstöðu í nóvember 1978 og fjallaði um þátttöku kvenna í þróunarstarfi. Með Lima-yfirlýsingunni var ákveðið að stefna að því að framleiðsla í þróunarríkjum næmi 25% af heimsframleiðslu. Jafnframt var viðurkennt að það markmið næðist ekki nema með þátttöku kvenna og að hefðbundnar aðferðir við iðnvæðingu í þróunarríkjum hefðu orðið til þess að breikka bilið milli fátækra og ríkra. Vonlítið var talið að komið yrði á félagslegu réttlæti nema með því að virkja konur til fullrar þátttöku og til þess þyrfti pólitískan vilja hjá stjórnvöldum í hverju ríki. Eina leiðin til að skapa þann vilja var að gera æðstu stjórnvöld á hverjum stað meðvituð um þann

hagnað sem í þátttöku kvenna fólst. Félagslegir fordómar og viðhorfshindranir stóðu í vegi, konur komu sjaldan að ákvarðanatöku og ekki var tekið tillit til þeirra þegar iðnþróun, atvinnumál og menntun voru til umræðu.

Það var því eitt af viðfangsefnum okkar sem stóðum að ráðstefnunni að draga fram og gera sýnilegt framlag kvenna í þróunarlöndum til efnahags hvers ríkis. Auk þess samþykktum við fjölda tilmæla til stjórnvalda og alþjóðasamfélagsins sem áttu að stuðla að þátttöku kvenna og vinna gegn mismunun. Það var undarlega margt líkt með þessum tilmælum og helstu baráttumálum rauðsokka á Íslandi. Okkur tókst að stuðla að framkvæmd flestra okkar baráttumála, staða kvenna í þriðja heiminum hefur hins vegar lítið batnað.

Mér féll ekki starfið hjá UNIDO, þáði ekki framhaldsráðningu og hélt heim þegar tveggja ára samningstíma lauk.

Áfram var barist

Heimkomin hóf ég störf í iðnaðarráðuneytinu og sinnti ýmsum verkefnum í tengslum við hefðbundinn iðnað. Árið 1979 var ég skipuð formaður stjórnar Iðntæknistofnunar. Hún hafði verið stofnuð ári fyrr með sameiningu tveggja stofnana, Rannsóknastofnun iðnaðarins og Iðnþróunarstofnun. Til stóð að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins færi einnig undir stofnunina en af því varð þó ekki fyrr en tæpum 30 árum seinna. Aðlögun iðnaðarins að EFTA sem ljúka átti 1980 var krefjandi verkefni fyrir stofnunina. Við sameiningu var Iðntæknistofnun á tveimur stöðum, á Keldnaholti og í Kópavogi, og var brýnt að koma allri starfsemi undir eitt þak sem tókst með nýbyggingu á Keldnaholti. Þá var mér falin formennska í verkefnisstjórn Átaks fyrir rafiðnað. Þar lágu leiðir okkar eiginmanns míns, Björns Kristinssonar rafmagnsverkfræðings, saman.

Ég tók þátt í pólitísku starfi og lagði mig fram um að virkja konur á þeim vettvangi. Það var því rökrétt framhald að ég beitti mér fyrir kjöri Vigdísar Finnbogadóttur til forseta vorið 1980. Mér er ákaflega minnisstætt þegar við Edda Óskarsdóttir sátum heima hjá henni í byrjun janúar það ár. Einn karl hafði þegar gefið kost á sér í framboð til forseta og við höfðum orðið varar við að verið væri að safna meðmælendum fyrir framboð annars karls. Við horfðumst í augu og sögðum báðar í einu: „Þetta eru ekki okkar frambjóðendur.“ Við sátum lengi kvölds, veltum upp nöfnum, hringdum í vini og kunningja og bárum upp hugmyndir okkar. Þegar við skildum um nóttina vorum við ákveðnar; Vigdís yrði næsti forseti.

Vigdís Finnbogadóttir, leikhússtjóri og forsetaframbjóðandi, hoppar í parís á kosningaferðalagi um Snæfellsnes vorið 1980, skömmu áður en hún tók stökkið inn á Bessastaði og varð fyrsta lýðræðislega kjörna konan á forsetastóli í heiminum.

Á næstu dögum fór mikil vinna í gang og eftir á að hyggja held ég að fátt sem ég hef fengist við á ævinni hafi skipt mig jafn miklu máli. Kvöld eftir kvöld sátum við Svanhildur Halldórsdóttir, síðar kosningastjóri Vigdísar, við símann og virkjuðum fólk um allt land til þátttöku í framboðinu. Kvöldið fyrir kjördag var þáttur í sjónvarpi með öllum frambjóðendum. Ég hafði boðið móður minni í Laugardalshöll til að hlýða á Pavarotti á Listahátíð í Reykjavík. Þetta var fyrir daga vídeótækjanna; ég fór með mömmu í Höllina, fylgdi henni til sætis og bað hana síðan afsökunar, ég yrði að fara heim og horfa á þáttinn og kæmi síðan að sækja hana. Ekki man ég viðbrögð móður minnar en sjálf hefði ég ekki viljað missa af frammistöðu Vigdísar í þættinum. Morgunninn eftir að Vigdís var kjörin var einn fallegasti morgunn í lífi mínu.

Árið 1979 tók ég þátt í forvali hjá Alþýðubandalaginu. Ég náði 4. sæti á framboðslista til alþingis og sat nokkrum sinnum á þingi sem varamaður á næsta kjörtímabili. Þá voru umhverfismál að vísu orðin mjög ofarlega í huga mér, en það hafði vakið athygli mína hve ungar bónusdrottningarnar í fiskinum voru og ég flutti þingsályktunartillögu um rannsókn á áhrifum ákvæðisvinnu

í fiskvinnslu á heilsu kvenna. Tillaga frá stjórnarandstöðuþingmanni fór að sjálfsögðu til nefndar og síðan ekki söguna meir.

Margar okkar rauðsokka komu að stofnun Kvennaathvarfsins árið 1982 og átti ég lengst af sæti í fjármálahópi athvarfsins. Ég er enn viðloðandi starfsemina, stýri gjarnan aðalfundum og var kosin formaður stjórnar Sjálfseignarstofnunar Kvennaathvarfs við stofnun hennar 2010.

Ég var kosin í stjórn Húsnæðisstofnunar árið 1983. Slíkar opinberar stjórnir voru þá flestar eingöngu skipaðar körlum og tók öll starfsemin mið af því. Fundir hófust klukkan 16 og stóðu fram yfir kvöldmat. Með kaffinu voru matarmiklar brauðsnittur, pantaðar utan úr bæ, og menn gæddu sér á þar til þeir fóru heim. Enginn þurfti að flýta sér og eftir að hafa innbyrt allar snitturnar gat ég ekki ímyndað mér að menn þyrftu kvöldmat, sem þó beið þeirra áreiðanlega. Það var mikill styrkur í að fá fulltrúa Kvennalistans í stjórnina þegar þar að kom; ég átti miklu meira sameiginlegt með henni en körlunum, hvar í flokki sem þeir voru. En útskiptareglur Kvennalistans ollu því að þegar fulltrúi hans hafði komist vel inn í málin var henni skipt út fyrir nýja. Næstum allir yfirmenn Húsnæðisstofnunar voru karlar, vinnuálag var mikið á starfsmönnum, einkum konum, og minnti það mig daglega á að enn væri margt ógert í réttindamálum þeirra.

Úr stjórnarráðinu fór ég 1984 og gerðist forstöðumaður hjá Ríkismati sjávarafurða. Það var ný eftirlitsstofnun í sjávarútvegi sem varð til með sameiningu Framleiðslueftirlits sjávarafurða og Síldarmats ríkisins. Þegar stofnanir eru sameinaðar skortir oft töluvert á að það takist, starfsmenn koma hver með sína siði og vilja gjarnan halda þeim. Hjá Ríkismatinu var þetta sérstaklega erfitt; Framleiðslueftirlitið hafði orðið til við sameiningu tveggja stofnana stuttu áður og var síðan fljótlega sameinað annarri. Breytingar á hlutverki ríkisvaldsins við eftirlit krafðist margvíslegrar uppstokkunar, kvótinn var að festast í sessi, ennþá án framsals, og fyrstu fiskmarkaðirnir að verða til. Þetta var á árdögum gæðastjórnunar, sem við trúðum að gæti gjörbreytt umgengni um fiskimiðin og meðferð aflans. Á sínum tíma hafði ég lært matvælaverkfræði með það í huga að starfa í sjávarútvegi og ég taldi að sú menntun sem og kunnátta í gæðastjórnun gæti komið að gagni við þessar aðstæður. Hjá Ríkismatinu var ég til sumarsins 1990. Þá urðu forstjóraskipti, ég sótti um starfið en fékk ekki. Við svo búið óskaði ég ekki eftir að vera lengur við stofnunina og hvarf til sérstakra verkefna í sjávarútvegsráðuneytinu í leyfi frá stöðu minni við Ríkismatið. Þegar Ríkismatið var síðan lagt niður rúmu ári seinna varð ég atvinnulaus.

Nýr starfsvettvangur

Næstu mánuðina sótti ég um tugi starfa án árangurs. Veturinn 1993–94 settist ég í Háskóla Íslands og aflaði mér kennsluréttinda. Haustið 1994 var ég ráðin til eins árs í stöðu verkefnisstjóra gæðaátaks í matvælaiðnaði á vegum Samtaka iðnaðarins, Iðntæknistofnunar og iðnaðarráðuneytis, með aðsetur á minni gömlu stofnun, Iðntæknistofnun. Þangað var gaman að koma aftur sem starfsmaður og kynnast því góða fólki sem þar vann. Þegar átakinu lauk vann ég áfram við stofnunina og réði mig til fræðsludeildar þar sem ég starfaði með Þuríði Magnúsdóttur, vinkonu minni úr Rauðsokkahreyfingunni. Þuríður lagði áherslu á námsframboð fyrir ófaglært starfsfólk, ekki síst konur. Við vorum þátttakendur í ýmsum evrópskum verkefnum, þar á meðal verkefninu CEEWIT[22], eða Sívit eins og við kölluðum það, þróunarverkefni um konur og upplýsingatækni. Verkefnið fólst í að hanna, þróa og halda námskeið á landsbyggðinni sem væru sérstaklega sniðin að þörfum kvenna með litla eða enga tölvureynslu. Samstarfsaðilar voru Kennaraháskólinn og Menntasmiðjur kvenna á Akureyri, Vesturlandi og í Vestmannaeyjum. Ég var verkefnisstjóri á Íslandi en önnur þátttökulönd voru Írland, Noregur og Slóvakía. Ástæður þess að við fórum af stað með þetta verkefni voru niðurstöður Gallup-könnunar árið 1998 sem sýndi fram á að konur hefðu mun minni reynslu af notkun tölva og upplýsingatækni en karlar og þá sérstaklega konur af landsbyggðinni. Haldin voru tilraunanámskeið á fjórum stöðum á landinu og var árangur engu líkur. Nokkrir tugir kvenna sem aldrei höfðu opnað tölvu náðu stórkostlegum árangri og veitti þessi nýja þekking mörgum þeirra aðgang að fjarnámi á ýmsum skólastigum.

En Iðntæknistofnun var skipt upp í ríkishluta og samkeppnishluta, fræðslan lenti í þeim síðarnefnda og róðurinn reyndist afar þungur. Þegar Þuríður lét af störfum fannst mér ekkert gaman lengur enda lítill áhugi hjá stofnuninni á verkefnum okkar. Ég aflaði mér réttinda sem leiðsögumaður á þýsku og sagði upp haustið 2004. Ég stofnaði lítið ráðgjafarfyrirtæki, vann sem leiðsögumaður og veitti ráðgjöf við að koma á innra eftirliti í matvöruverslunum og uppfræða starfsfólk en sú starfsemi lognaðist út af í kjölfar hrunsins 2008.

Snemma á áttunda áratugnum hóf ég ásamt traustum hópi vina að ferðast gangandi um landið. Í ómetanlegum félagsskap höfum við í hartnær 40 ár notið náttúrufegurðar saman, glímt við náttúruöflin og deilt gleði þegar í áfangastað er komið. Gönguferðirnar hafa mótað sýn mína á náttúruna og það sem úrskeiðis

hefur farið í samskiptum manna við hana. Náttúruvernd og umhverfismál hafa orðið mér sífellt hugstæðari og ekki síst af þeirri ástæðu gekk ég til liðs við Vinstri hreyfinguna – grænt framboð þegar sá flokkur var stofnaður. Ég hef tekið þátt í margvíslegri starfsemi sem tengist umhverfismálum, meðal annars sit ég í stjórn Vottunarstofunnar Túns sem vottar lífræna framleiðslu og aðföng og hef verið formaður vottunarnefndar hennar frá stofnun Túns árið 1994. Vottunarstofan hóf undirbúning að vottun í sjávarútvegi árið 2009 og hlaut faggildingu til að annast vottun sjálfbærra fiskveiða, svokallaða MSC[23]-vottun, árið 2011 og fyrstu fyrirtækin hlutu MSC-vottun í júní sama ár.

Árið 2005 auglýsti Toshiki Toma, prestur innflytjenda, eftir sjálfboðaliðum til að heimsækja vikulega hælisleitendur í Njarðvíkum og freista þess að rjúfa félagslega einangrun þeirra. Ég gaf mig fram og við mynduðum fyrsta heimsóknarhópinn. Fljótlega varð hann að sjálfboðaliðahópi hjá Rauða krossinum sem heldur vel utan um starfsemina. Fjórir hópar með 3–4 sjálfboðaliðum hver skiptast á að heimsækja og fer ég mánaðarlega suður eftir. Þótt margt megi betur fara í þessum málaflokki hefur mikil breyting til batnaðar átt sér stað frá því að við fyrst hófum afskipti. Þar munar mestu hve tekist hefur að stytta meðferðartíma mála.

Ég er félagi í ReykjavíkurAkademíunni og hef haft þar vinnuaðstöðu undanfarin ár. Það er líflegt samfélag sjálfstætt starfandi fræðimanna úr ýmsum áttum þar sem hugmyndir krauma. Í samstarfi við félaga mína í akademíunni hef ég tekið þátt í fjölda verkefna og unnið að hugðarefnum mínum, ásamt því að vinna sem leiðsögumaður. Ég sat í stjórn áhugamannafélagsins Matur-sagamenning sem stofnað var árið 2006 og hefur að markmiði að styðja við og efla rannsóknir, kynningar og þróun á matarhefðum um land allt. Við höfum staðið fyrir ferðum til að kynna matarhefð einstakra héraða og fyrir ráðstefnum og sýningum. Matarhefðin og ferðaþjónusta hafa tvinnast saman hjá mér og leitt til stundakennslu við Háskóla Íslands og hjá Endurmenntun Háskólans. Þá er ég í stjórn Ólafsdalsfélagsins sem vinnur að uppbyggingu í Ólafsdal þar sem fyrsti landbúnaðarskóli landsins starfaði á árunum 1880–1907. Þar hef ég m.a. komið að endurreisn matjurtagarðs Torfa skólastjóra og Guðlaugar konu hans ásamt frábærum garðyrkjufræðingum og félögum í Ólafsdalsfélaginu.

Undanfarin ár hef ég setið í kvennanefnd Verkfræðingafélags Íslands. Við höfum leitast við að vekja athygli á störfum kvenna í stéttinni svo að kvenverkfræðingar hafi jafnmikil áhrif og þeir sem karlkyns eru. Með því að gera kven-

verkfræðinga sýnilega vonumst við til að auka ásókn stúlkna í verk- og tæknigreinar. Við leggjum áherslu á að konur innan greinarinnar kynnist innbyrðis og styrki þannig stöðu sína. Haustið 2009 buðum við stúlkum í verk- og tölvufræði við HÍ til samkomu í Verkfræðingahúsi og þangað komu 70 stúlkur í sínu fínasta pússi, allt nemendur í þessum greinum, og var það ógleymanleg sjón.

Í ágúst 2010 var ég skipuð í Háskólaráð Háskóla Íslands. Fjárveitingar til háskólans voru skornar niður í kjölfar bankahrunsins og auðveldar það ekki að reka metnaðarfullan háskóla. En verkefnið er bæði krefjandi og gefandi, ólýsanleg ánægja fylgir því að kynnast fjölbreyttri starfsemi skólans.

Að lokum

Ásamt breiðum hópi kvenna átti ég þátt í að móta Rauðsokkahreyfinguna, hreyfingin mótaði mig og hefur með einum eða öðrum hætti ráðið miklu um hvað ég hef tekið mér fyrir hendur og hvernig ég hef komið að málum og menningu. Vinnubrögðin sem við tömdum okkur eldast vel, ég nefni sem dæmi að þegar Samtök lífrænna neytenda voru stofnuð veturinn 2011 var félagsform Rauðsokkahreyfingarinnar haft til hliðsjónar til að tryggja virkni grasrótarinnar. Rauðsokkahreyfingin, eins og allar merkar hreyfingar, reis af nauðsyn og heimurinn hefur svo sannarlega breyst, staða kvenna er önnur en hún var, hlutverkaskipti kynjanna og sambúð er með öðrum hætti. En baráttunni fyrir betri heimi lýkur aldrei. Nýjar kynslóðir munu öðlast skerpta sjón og heyrn og aftur munu hreyfingar rísa af nauðsyn. Megi barátta okkar, sigrar og ósigrar verða þeim bæði til fróðleiks og innblástur til átaka.

Ljóð

Sorg mín er bláklædd stúlka.
Bak við marglitan glaum daganna
bíður hún þögul
og baldýrar silfurrósir
í svart flauel
næturinnar

Fyrir löngu hefði ég átt
að gefa henni rauðan kjól
og leiða hana út
í sólskinið.

BARÁTTA RAUÐSOKKA: FORÐABÚR FEMÍNISMANS

HELGA ÓLAFSDÓTTIR

Ég fæddist á Landspítalanum árið 1937 og ólst upp í Reykjavík. Ég er yngra barn foreldra minna. Alsystir mín, Jóhanna, var hálfu þriðja ári eldri. Hún lést árið 2008. Hálfbróðir minn, Jón Ólafsson, var átta árum eldri en ég. Hann lést árið 2005.

Tæpan fyrsta áratug ævi minnar bjuggum við í þröngri íbúð í fjögurra hæða fjölskylduhúsi með föðurfólki mínu, fjölskyldan bjó einnig í hluta næsta húss. Þetta var við Hringbraut þar sem nú heitir Þorfinnsgata. Þarna úði og grúði af börnum. Við höfðum gott leiksvæði úti í grónu hverfi og lékum okkur og ólmuðumst þess á milli í kjallaranum þar sem Jón bróðir minn sat oft og æfði sig að leika á harmónikku, munnhörpu eða sagarblað. Þetta var á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar, og þegar óvinavélar sveimuðu yfir gall í loftvarnarflautum. Íbúar af öllum hæðunum söfnuðust þá í kjallarann. Í minningu minni var þetta á kvöldin og við börnin vorum oft farin að sofa þegar við vorum tekin upp úr rúmunum og borin niður. Þarna var alvara á ferðum og við sátum hljóð hjá fullorðna fólkinu þar til flauturnar blésu hættuna af.

Vatnaskil urðu þegar ég níu ára missti vinalega umhverfið á Hringbraut og leikfélagana allt í kring og flutti upp í Hlíðar sem árið 1946 voru úthverfi í byggingu. Nær daglega hristist allt og skalf þegar sprengt var fyrir húsgrunnum og þess á milli nötraði jörðin undan þunga vinnuvéla. Hamarshöggin dundu óslitið úr öllum áttum. Í þurru veðri lagðist ryk yfir allt og konurnar þurrkuðu

úr gluggakistunum oft á dag. Grunnar og hús í byggingu voru leiksvæði stráka. Leiksystkin eignaðist ég ekki beint á nýja staðnum en ég minnist skemmtilegra útileikja með krökkunum í götunni á mildum og björtum kvöldum. Við söfnuðumst saman eftir kvöldmat og fórum í kýló, hornabolta og fleiri leiki. Við höfðum alla götuna fyrir okkur og rétt vikum til hliðar fyrir einum og einum bíl. Hliðarnar voru malbikaðar rúmum áratug síðar en þá var ég farin að heiman.

Mamma

Móðir mín, Steinunn Ögmundsdóttir (1901–1989), fæddist á Laugarási í Biskupstungum en fluttist til Reykjavíkur 12 ára. Hún lærði hjúkrun í Kaupmannahöfn og útskrifaðist frá Bispebjerg Hospitalet árið 1929.

Mamma var í hópi hjúkrunarkvenna sem kom til starfa á fyrstu mánuðum Landspítalans árið 1931. Enda þótt henni auðnaðist ekki að vinna eins óslitið við hjúkrunarstörf og hún hefði viljað átti hún góðar vinkonur meðal hjúkrunarkvenna, sem flestar voru einhleypar. Mér er í fersku minni þegar þessar hressu konur komu í heimsókn. Þær höfðu skoðanir á málefnum og ræddu spítalaheiminn sem mér fannst heillandi. Sagan af mömmu á Landspítalanum þegar hún af snarræði skutlaði brennandi jólatré út um glugga fannst mér skemmtileg. Þær dáðu læknana og ekki var hægt að merkja að þær leiddu hugann að launabilinu, en þær héldu reisn sinni og virðingu fyrir eigin fagi. Lífsmáti þeirra markaðist af ráðdeild. Klæðnaðurinn var vandaður og hæfði veðri og vindum og skófatnaðurinn stóðst eðjuna á götunum. Þær bjuggu gjarnan í einu herbergi eða leigðu litla íbúð í eða við sjúkrahúsin sem þær unnu við. Ég bar virðingu fyrir þessum vinkonum mömmu og fannst áhugavert að sjá hvernig þær leiddu hjá sér ameríska tískustrauma eftirstríðsáranna.

Koma systur minnar í heiminn batt enda á hjúkrunarferil mömmu á Landspítalanum. Hún átti alltaf erfitt með að sætta sig við að hafa þurft að velja á milli þeirra sjálfsögðu réttinda að eignast fjölskyldu og þess að geta starfað við sitt fag. Á erfiðum stundum varð henni að orði: „Og ég sem ætlaði aldrei að gifta mig.“ Eftir að ljóst var að hún vegna fötlunar myndi ekki framar stunda það starf sem hún hafði menntað sig til og hjúkrunarkonur fóru að heyja harða launabaráttu eins og aðrar stéttir gat hún ekki tekið undir kröfurnar; þær máttu bara þakka fyrir sitt einstaka hlutskipti. Þetta var ekki síst undarlegt þar sem hún átti mágkonu sem var ekkja og framfleytti sér og barni sínu með hjúkrunarstarfi.

Systurnar Helga (t.v.) fimm ára og Jóhanna sjö ára.

Mamma var sérstaklega myndarleg kona. Hún var há og bar sig vel, skarpleit og brúneygð með fallega húð og fínlegt, þétt, dökkt hár. Stundum dubbaði hún okkur systur upp, fór sjálf í fallega kápu og setti upp hatt og tók okkur með sér í bæinn í strætó. Neðst á Leifsgötu var stigið upp í Njálsgötu-Gunnarsbrautarvagninn, sem ók lystitúr með okkur um Norðurmýrina áður en haldið var upp á Skólavörðuholtið og niður í bæ. Eftir útréttingar var stundum sest inn á Hressingarskálann. Sérstaklega man ég eftir laufskálanum á bak við; þar fengum við systur freyðandi kókómalt úr háum glösum með pappastrái. Stundum fengum við ís í bakaríi á Laugavegi 5 og síðan var lagt á Skólavörðustíginn og gengið heim. Ég var ákaflega stolt af minni glæsilegu móður. Hún agaði okkur, við vorum afar hlýðnar og fengum hrós frá öðrum mæðrum fyrir fallega framkomu.

Pabbi

Faðir minn, Ólafur Pálsson (1899–1996), fæddist á Litlu-Heiði í Mýrdal. Hann fór í Kennaraskólann í Reykjavík og tók kennarapróf árið 1921. Hann lauk sveinsprófi múrara frá Iðnskólanum í Reykjavík árið 1933. Mamma var seinni kona pabba, en fyrri kona hans, Jóhanna Jónsdóttir (1900–1931), var skólasystir hans í Kennaraskólanum.

Pabbi var barnakennari á árunum 1921–1926 við Deildarár- og Reynisskóla í Mýrdal. Á tíðum ferðum mínum um Mýrdalinn hefur fólk sagt mér frá þessum einstaka kennara, sem tók það upp hjá sjálfum sér að kenna börnunum að synda. Kennslan fór fram í Dyrhólaósi, heimagerðum sundpollum á bæjum og eins var synt í Heiðarvatni. Mikill sundáhugi spratt upp meðal Mýrdælinga sem búa við hafnleysi og stunduðu sjóróðra fram yfir 1940. Að bjarga sér á sundi gat skilið milli lífs og dauða.

Eftir þennan stutta en farsæla kennsluferil sneri pabbi til Reykjavíkur sumarið 1926 á fund unnustu sinnar, Jóhönnu, sem hafði einnig stundað kennslu þessi ár í sinni heimabyggð á Vestfjörðum. Hvorugt gat hugsað sér að flytja á svæði hins og þau ákváðu því að setjast að í Reykjavík, sem var óheppileg niðurstaða að því leyti að þar var enga kennarastöðu að hafa. Erfiðleikar dundu yfir þegar Jóhanna veiktist fljótlega af berklum og dó eftir nokkurra ára veikindi. Jón bróðir minn, sem var þá á þriðja ári, var sendur vestur á firði til móðurfólks síns. Átta ára kom hann aftur til pabba og sameinaðist fjölskyldunni á Hringbrautinni. Hann fór að heiman 16 ára.

Vegna atvinnuleysis gaf pabbi kennaraferilinn frá sér, lærði múrverk og vann í nokkur ár við það handverk. Í hvert sinn sem hann settist inn í áhorfendasalinn í Þjóðleikhúsinu og virti fyrir sér stuðlana í loftskreytingunni var hann dálítið drjúgur með sig því að hann hafði einmitt verið í vinnuhópnum sem vann þá erfiðu og vandasömu vinnu. Lengst af og fram yfir áttrætt starfaði pabbi þó við uppmælingar og launaútreikninga fyrir múrara og um tíma einnig málara. Hann var virtur í sinni stétt og gegndi mörgum trúnaðarstörfum fyrir iðnaðarmenn og einnig fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Ekki var að heyra annað en að hann væri sáttur við hvernig til tókst með starfsferilinn. Pabbi var skemmtilegur og hress á meðal fólks. Hann var ljúfur og uppörvandi faðir, ég fann hjá honum skjól og hann hvatti mig unga áfram. Grundvallarsjónarmið um réttlátt þjóðfélag fóru saman hjá okkur, en við völdum ólíkar leiðir og kusum aldrei sama stjórnmálaflokk. Honum líkaði ekki allar ákvarðanir mínar í lífinu og togstreita uppreisnar og einlægrar vináttu einkenndi samband mitt við pabba.

Það var jafnræði í hjónabandi foreldra minna. Þau voru bæði tvö stórhuga og dugleg með góða menntun á þess tíma mælikvarða. Þau lásu bækur, Laxness og Þórberg og endurminningar athafnafólks. Mamma hafði fagra sópranrödd og pabbi spilaði upp úr *Ljóðum og lögum*, söngvasafni Þórðar Kristleifssonar á

Laugarvatni. Mamma var afbragðs eftirherma og þau höfðu sama húmor. Þau tóku okkur systurnar ungar með sér á tónleika og í leikhús og við vorum settar til pínónáms. Ég held ekki að annað þeirra hafi haft yfirhöndina frekar en hitt. Það var ekki fyrr en stóra áfallið dundi yfir að myndin skekktist.

Sveitin

Frá unga aldri vorum við Jóhanna sendar í sveit á sumrin, hún til vinafólks í Ölfusinu og ég til föðurfólks okkar á stóru og barnmörgu heimili að Litlu-Heiði í Mýrdal. Sú ráðstöfun reyndist giftusamleg fyrir alla fjölskylduna. Okkur leið báðum vel í sveitinni og mamma gat unnið í sumarafleysingum við hjúkrun.

Bærinn Litla-Heiði er í dal sem nefnist Heiðardalur og er umkringdur fjöllum. Gjöfult stöðuvatn hefur í aldanna rás séð íbúum dalsins fyrir nýmeti. Þarna lærði ég að vinna og bjarga mér. Ég var uppnumin af fegurð náttúrunnar, kyrrðinni sem aðeins fuglakvakið og hundgá í fjarska brutu upp og gróðrinum sem breytti sífellt um yfirbragð. Sóleyjar tóku við af fíflum, blóðbergið af lambagrasinu, um mitt sumar birtust blágresisbreiðurnar og svo voru það fínlegu blómin með fallega nafninu gleymmérei, sem börnin skreyttu sig með. Moldirnar höfðu fagran brúnan súkkulaðilit og í öskulagasniði þeirra mátti lesa Kötlugos aldanna. Síðsumars tók umfeðmingurinn sem við kölluðum flækju að þvælast um fætur krakka í gúmmískóm úr dekkjaslöngum. Vellíðan og hið góða atlæti á Heiði kom þó ekki í veg fyrir að heimþrá gripi mig. Þá hljóp ég gjarnan að læknum við sumarbústað foreldra minna á Litlu-Heiðar-jörðinni, þar sem ég gat volað ótrufluð. En ég hresstist fljótt við gutlandi lækinn og sneri heim eins og ekkert hefði í skorist. Foreldrar mínir dvöldu vikutíma á sumri í þessum bústað og sjálf hef ég löngum átt þar athvarf.

Ég held að ástin á umhverfinu í Heiðardal hafi haft áhrif á viðhorf mín til náttúruverndar og hvers kyns mannréttinda. Aðför að íslenskri náttúru er hliðstæð öðru ofbeldi, eins og því sem konur verða fyrir.

Menningarskil

Það voru aldir á milli lífsstílsins í Mýrdalnum og í Reykjavík. Nýi tíminn var ekki genginn í garð á Heiði þegar síðustu sumardvöl minni lauk haustið 1950. Dráttarvélar voru ekki fyrir hendi eða aðrar vélar, nema skilvindan og tæki til heyskapar sem gengu fyrir raunverulegum hestöflum.

Krakkar gegndu mikilvægu hlutverki til sveita á þessum tíma. Auk þess að reka kýr, stugga kindum úr túninu, safna hænueggjum og færa á engjar tókum við þátt í heyskapnum með amboðum útbúnum í réttri stærð miðað við hæð. Með dráttarhross fórum við á milli teigs og hlöðu flytjandi kaðalbundna bagga á heygrindum. Við vorum tvö börn sem höfðum það embætti að flytja mjólkina fjögurra kílómetra leið á pall við þjóðveginn. Býlin tvö í dalnum skiptu með sér verkum þannig að þessar ferðir féllu í okkar hlut annan hvern dag. Með mjólk beggja bæja á hestvagni teymdum við út á veg en hina leiðina voru brúsarnir tómir og þá sat annar mjólkurpósturinn í vagninum og hinn öfugt á hestinum, sem heimfús réði för. Til að forða mjólkinni frá sól fóru flutningarnir fram síðla dags og þegar haustaði að gat verið myrkur er við komum heim og sprettum af hrossinu. Þá skein út um gluggana á bænum gul og mild birtan af olíulömpum. Mér hefur alltaf þótt olíulampaljós gefa fallegasta birtu allra ljósa.

Mamma var Reykjavíkurdama og þau pabbi höfðu valið sér Reykjavík til búsetu á tímum þegar þorpið var að breytast í borg. Árið 1946 fluttum við í Drápuhlíðina og settumst að á efri hæðinni og í hluta af risinu, sem annars var leigt út. Foreldrar mínir höfðu nú komið sér upp heimili með borgaralegum fínheitum eftirstríðsáranna. Húsgögnin voru falleg, íslensk framleiðsla því að innflutningsbann var á þeim vöruflokki. Þá var dýrtíð og hörgull á ýmsu eins og t.d. hurðarhúnum. Allt kostaði þetta vangaveltur og basl þeirra sem ekki höfðu mikil efni eða réttu samböndin.

Á Litlu-Heiði þurfti ekki stóla handa öllum, við röðuðum okkur þétt á rúmin og nutum nándarinnar. Ef svo bar undir beið húsmóðirin með að borða þar til áhald losnaði og karlmennirnir þurftu ekki hnífapör. Með sjálfskeiðungi flysjuðu þeir silunginn af dálkinum og renndu upp í sig. Í sveitinni kynntist ég húsmæðrum sem fylgdu í fótspor formæðra sinna, þar sem forn kvennastörf höfðu gengið í arf frá móður til dóttur. Þessar konur sáu heimilisfólki fyrir nauðþurftum, að hluta til með sjálfbærum hætti. Stallsystur þeirra í Reykjavík eftirstríðsáranna áttu sér annars konar kvennaheim, sem um flest einkenndist af neyslustraumum frá Bandaríkjunum. Eftirsóknarverður var kvenfatnaður, ekki síst skór, frá Ameríku. Þrátt fyrir innflutningsbönn voru sumir í aðstöðu til að krækja sér í ýmiss konar húsbúnað og heppnar voru telpur sem fengu „stórar dúkkur“ og „alvöru dúkkuvagna“ frá draumalandinu. Ég var ekki ein af þeim, en við krakkarnir á Heiði gleymdum okkur löngum stundum í búleik með kindabein fyrir húsdýr. Kjálkar voru hestar, leggir kýr og kögglar sauðfé.

Móðir Helgu, Steinunn Ögmundsdóttir, í hjúkrunarbúningi 1934. Myndin er tekin á lóð Landspítalans.

Reynsla mín af íslenskum veruleika má segja að spanni meira en eina öld. Ég kynntist lífi fólks til sveita eins og það var fyrir aldamótin 1900 og álít að þekking á mannlífinu á breiðu tímabili hafi opnað mér víddir í kvenfrelsishugsjóninni.

Áfallið

Þegar ég kom úr sveitinni 1950 var allt breytt heima. Mamma lá rúmföst inni í svefnherbergi með dregið fyrir glugga og bar vart af sér vegna höfuðkvala. Pabbi þurfti að vinna mikið, en þess á milli annaðist hann mömmu eftir mætti. Við systurnar fundum mjög fyrir breytingunni, örvænting hafði tekið við af eðlilegu fjölskyldulífi, vinir héldu sig til hlés og heimilið einangraðist.

Mamma hafði fengið sjaldgæfan augnsjúkdóm, sem leiddi til blindu. Hún bjó við þennan óbærilega höfuðverk og ógnvænlega dvínandi sjón sem hvarf alveg á tæpum tveimur árum. Hún var undir handleiðslu lækna sem gátu lítið annað fyrir hana gert en að gefa henni sífellt sterkari verkjalyf og þau tók hún til æviloka. Ákvörðun var fljótt tekin um að hún leitaði lækninga hjá helstu augnsérfræðingum erlendis, fyrst í Kaupmannahöfn og síðan í London. Hún

fór ein í þessar ferðir, og með tilliti til þess hve illa haldin hún var lýsir það vel hugrekki hennar. Þetta var fyrir daga sjúkratrygginga og engin tök á því fyrir pabba að fylgja henni. Hún var dugleg að skrifa bréf heim og hélt uppi voninni fyrir sig og okkur hin, von sem hún gaf ekki upp þótt hún yrði blind og vísaði þá til tækniframfara sem hún átti þó ekki eftir að lifa. Við lestur bréfanna sáum við hvað var að gerast þegar skriftin á þeim stækkaði meir og meir. Blinda var þó ekki nefnd á nafn og sá möguleiki ekki reifaður í eyru okkar systra.

Lundúnaferðin var síðari ferð mömmu og hún kom heim með Gullfossi snemma vors 1952. Pabbi hafði fengið að skjótast um borð og hann leiddi mömmu skref fyrir skref niður landganginn. Við systurnar stóðum í mannþrönginni á hafnarbakkanum þegar Jóhanna hvíslaði stundarhátt í eyra mér: Mamma er orðin blind.

Aðlögun

Pabbi var ákaflega natinn í allri umönnun við mömmu þrátt fyrir langan og strangan vinnudag. Hann sá um alla aðdrætti heimilisins fyrir vinnu (Jónsbúð opnaði klukkan hálf átta). Áður en hann fór til verka sinna gaf hann sér tíma til að lesa úr Mogganum fyrir mömmu og á kvöldin las hann framhaldssögu fyrir svefn.

Ekki leið á löngu þar til mamma fór að þreifa sig áfram með nauðsynlegustu húsverk og hún fór að matreiða einfaldar máltíðir í hádeginu. Skaftfellsk vinkona á neðri hæðinni kom til hjálpar ef þurfti að steikja og hún tók að sér fleiri húsverk sem ómögulegt er að framkvæma án sjónar. Svo fengu þær sér kaffisopa hvor hjá annarri á morgnana. Konan sem var mömmu ómetanlegur félagsskapur og hægri hönd hét Ágústa Vigfúsdóttir, fyrrum húsfreyja í Suður-Vík.

Jóhanna systir mín var tæpra fimmtán ára þegar veikindi mömmu dundu yfir. Stór hluti heimilishaldsins færðist yfir á hennar herðar og hún breyttist í fullorðna konu. Jafnaldrar hennar lifðu og léku sér á meðan hún hafði skyldum að gegna heima. Sjálf kom ég mér of mikið undan húsverkunum, ég var yngri og í uppreisn og komst upp með að stinga stundum af.

Móðir mín, sem í eðli sínu var atorkusöm, sat (klúkti kallaði hún það) ein heima tímunum saman og hlustaði á útvarp, aðgerðarlaus eða prjónandi eldhúshandklæði með garðaprjóni úr bómullargarni. Þegar öll heimili í kringum okkur höfðu fengið gnægð eldhúshandklæða rakti hún prjónlesið

upp að loknu verki og prjónaði aftur handklæði úr upprakningnum. Einveran reyndi mjög á hana.

Fljótlega eftir að mamma varð blind fórum við aftur að stunda leikhús, tónleika og aðra menningu sem blindir geta notið. Í leikhúsinu hvíslaði pabbi að mömmu því sem fram fór á sviðinu og ég fyrirvarð mig fyrir hvað hann talaði hátt og lýsti aðstæðum ýtarlega. Ég sem hafði verið svo stolt af mömmu og pabba kiknaði nú undan forvitnu augnaráði fólks og gekk í humátt á eftir foreldrum mínum, þóttist ekki vera með þeim. Ég var ekki nógu þroskuð til að skilja að einmitt við þessar aðstæður nutu þau aðdáunar fólks sem fylgdist með dugnaði þeirra og reisn.

Bíltúrar út í náttúruna voru skemmtilegir. Bíllinn var þá stöðvaður á afskekktum afleggjara, til að mynda við Heiðmörk. Slökkt var á bílvélinni og rúður skrúfaðar niður. Kennarinn pabbi fræddi okkur og við ræddum fram og aftur um gróðurinn, fjallahringinn, birtuna og ýmislegt forvitnilegt í náttúrufarinu. Þegar kom að fuglum var mamma oft sterkust, hún greindi á undan okkur kvak fugla sem við komum ekki auga á. Keppikeflið var að vera fyrstur til að heyra í lóunni á vorin og það útheimti dauðaþögn í bílnum. Þarna fengum við systurnar góða skólun í að lesa í náttúruna.

Hamrahlíð 17

Líf mömmu gjörbreyttist til hins betra í kringum 1960 þegar hún hóf dagleg störf á vinnustofunni í nýju húsi Blindrafélagsins að Hamrahlíð 17. Þar eignaðist hún vinkonur sem eins var ástatt um, en allar blindar frá fæðingu eða ungum aldri. Flestar voru ógiftar eða áttu einnig blinda menn, því á þeim tíma áttu blindar konur tæpast völ á sjáandi mökum, blindir karlar áttu þess frekar kost. Þessar konur höfðu öðlast nýtt sjálfstæði í litlum og snotrum íbúðum á Blindraheimilinu í Hamrahlíð. Af nokkurra ára reynslu sem blind húsmóðir gaf mamma þeim uppskriftir í mælieiningunum bollum og skeiðum og með aðferðum sem byggðust á snertiskyni handa. Á móti voru þær mömmu uppörvun með lífsgleði sinni og ég held að þarna hafi mamma orðið þess áskynja að líf í blindu gæti líka verið innihaldsríkt.

Um það bil tíu manns sat þarna og þræddi í burstasköft eða vann aðra blindravinnu. Fólkið skemmti sér við að kveðast á, segja sögur af skrítnu fólki og hafa í frammi eftirhermur. Mamma gerði það gott í öllum greinum. Hlakkað var til árshátíðanna og konurnar ræddu kjólana sem þær voru að láta sauma

sér. Eins og flestir hafði blinda fólkið gaman af að syngja saman og dansa. Þegar árekstrar urðu á dansgólfinu var hlegið dátt og spurt: Hver er þetta?

Fast framlag mömmu á vinnustofunni var að endursegja fréttirnar úr Moggaanum og ræða kvöldlesningu þeirra pabba. Á þeim tímum höfðu blindir tæpast aðgang að lesefni nema einhver væri fyrir hendi heima til að lesa upphátt fyrir þá. Hljóðbönd voru að byrja að koma fram, en innlestur á þau var handahófskenndur og úrvalið lítið. Það var því tæpast tilviljun að ég legði fyrir mig bókaþjónustu við blinda og að forstöðumannsstarf við Blindrabókasafn Íslands skyldi verða mitt helsta ævistarf.

Félagsleg áhrif

Mamma tók mjög nærri sér hve fötlunin markaði hana í útliti og faldi afmynduð augun, sem höfðu verið hennar prýði, á bak við dökk gleraugu. Til að vega upp á móti andlitslýtinu var hún ævinlega vel til höfð, og þrátt fyrir sjónleysið hafði hún næma tilfinningu fyrir góðum efnum og klæðilegum sniðum og lét bestu saumakonu bæjarins sauma á sig falleg föt. Mamma gekk ekki inn í staðalímyndina af blindu hjálparlausu konunni. Hún gætti þess að bera sig vel og þoldi illa meðaumkun.

Eftir að sjón mömmu var horfin linnti smám saman höfuðverknum, en vandamálin hrönnuðust þó upp. Áfallahjálp eða önnur félagsleg aðstoð var ekki fyrir hendi á þeim tíma. Við hin þrjú vissum ekki hvernig við ættum að haga okkur gagnvart mömmu sem bjó við svo mikla erfiðleika. Í skugga umbreytinganna og úrræðaleysisins riðlaðist félagslegt jafnvægi á heimilinu. Móður minni var ekki alltaf sjálfrátt. Hún gat verið óbilgjörn og beitt okkur hörku. Fordómafull var hún gagnvart þeim sem fóru ekki troðnar slóðir, svo sem rauðsokkum þegar þær komu fram. Hún festist í þessu samskiptamynstri enda þótt hún hafi smám saman, eftir því sem aldurinn færðist yfir, sætt sig betur við hlutskipti sitt. Pabbi áleit að við ættum aldrei að andmæla mömmu. Reglan, sem var sett fram af tillitssemi við hana eða meðvirkni eins og það myndi kallast í dag, snerist upp í andhverfu sína og reyndist mér óásættanleg. Fyrir bragðið sýndi ég mömmu oft fálæti og kulda og gjá myndaðist á milli okkar.

Öll fjölskyldan bognaði við þessar aðstæður og skugginn af fötluninni hvíldi yfir heimilinu, en við héldum nokkurn veginn okkar striki. Daglegur heimilisrekstur komst furðu fljótt í gott lag, ekki síst fyrir árvekni Jóhönnu. Þetta var sterk lífsreynsla fyrir okkur systurnar og ég tel hana hafa mótað okkur fyrir lífstíð.

Nokkuð þungbær æska dró úr mér mátt framan af, en að einhverju leyti hafa erfiðleikarnir styrkt mig eins og oft gerist. Á mínu æskuheimili voru vandamálin annars eðlis en hjá samferðafólki mínu. Þau voru djúpstæð og ég átti í innri baráttu sem losnaði um og nýttist mér þegar á reyndi á starfsferlinum og í Rauðsokkahreyfingunni.

Skólagangan

Námi mínu í Verslunarskólanum lauk með verslunarprófi árið 1955. Ég vann við skrifstofustörf í nokkur ár, en giftist tuttugu og eins árs Stefáni Karlssyni handritafræðingi og fluttist til Danmerkur þar sem ég bjó í tólf ár. Í fyrstu vann ég við skrifstofustörf í Kaupmannahöfn, en hætti því árið 1961 þegar dóttir okkar, Steinunn, fæddist. Við Stefán slitum samvistum árið 1980.

Ég kom til Kaupmannahafnar haustið 1958 og kunni strax vel við mig. Danmörk bauð upp á svo margt sem ég hafði aldrei kynnst og ég hreifst af fallegu fötunum í búðargluggunum og langaði til þess að vera fín dama. En áherslurnar áttu eftir að breytast.

Í Danmörku gerðist ég fljótt ákafur lesandi dagblaða og ég setti mig inn í samfélagsumræðuna án þess að leiða hugann svo mjög að stjórnmálum, enda ekki með kosningarétt þar í landi. Á Íslandi þekkti ég bara þjóðfélagsumræðu í formi togstreitu milli stuðningsmanna stjórnmálaflokka.

Í nágrenni við mig bjó ung íslensk kona. Við hittumst nokkuð oft, örkuðum með barnavagnana um götur og trúðum hvor annarri fyrir draumum okkar. Hún vildi leggja fyrir sig listir en ég vildi bæta við mig bóklegri menntun. Þarna töldum við kjarkinn hvor í aðra þar til við vorum orðnar of seinar heim að elda og fengum ákúrur frá eiginmönnunum sem voru komnir heim á undan okkur og enginn matur. Við hófumst handa, hún fór á batíknámskeið sem var hennar fyrsta skref á listabrautinni og ég fór að undirbúa nám til stúdentsprófs. Konan heitir Messíana Tómasdóttir og varð síðar leikmyndahönnuður og höfundur brúðuleikgerða. Venusstyttan sem konur báru niður Laugaveginn 1. maí 1970 var hluti af leikmynd hennar úr *Lýsiströtu*.

Stefán studdi mig í náminu með því að taka að sér heimilisstörf og annast Steinu litlu. Stundum settist hann með mér yfir latínuna.

Stúdentsprófinu lauk ég úr fornmáladeild árið 1967. Þá tók við dönskunám við Kaupmannahafnarháskóla. Róstursamur tími var að renna upp meðal danskra stúdenta. Því fylgdi töluverð truflun á kennslu og ekki heiglum hent að

Helga Ólafsdóttir og Messíana Tómasdóttir örkuðu saman með barnavagna um götur Kaupmannahafnar á 7. áratugnum. Á Íslandi áttu þær áfram samleið undir merkjum kvennabaráttu. Hér er leikmyndahönnuðurinn og rauðsokkan Messíana árið 1971.

skipuleggja nám sitt. Aftur á móti sat ég marga fundi og upplifði alvöru baráttumálflutning þar sem hlutirnir voru settir í samhengi. Fundarefnin voru meðal annars aukið lýðræði í háskólanum, færri próf, meiri menntun og útrýming aldagamalla hefða. Mér fannst sérkennilegt að kennarar tóku þátt í fundunum sem var þó boðað til af stúdentum. Umræðan beindist ekki gegn kennurunum heldur skipulagi og uppbyggingu náms og skóla, og um það var reynt að ná sáttum. Í dönskudeildinni féllu tímar oft niður eða snerust upp í pólitískar umræður. Við þessar aðstæður gaf ég frá mér próf, enda var þeim á stundum aflýst í óreiðunni sem ríkti.

Akademískur ávinningur af þessu fyrsta ári mínu í háskóla var einungis próf í skyldunámskeiðinu forspjallsvísindum. En þegar ég lít til baka held ég að þetta ár í Kaupmannahafnarháskóla hafi verið vendipunktur í lífi mínu. Fram að þessu hafði ekki hvarflað að mér að berjast fyrir réttindum. Ég hafði alltaf verið í ákveðinni uppreisn gegn því sem mér fannst vera óréttlæti, en þessi vetur leiddi til þess að ég fór að leita mér að farvegi til að fylgja eftir skoðunum mínum.

Með skuplur og á fótlaga skóm

Snemma vors 1970 hóf göngu sína í Danmörku ný kvennahreyfing, Rødstrømpebevægelsen. Dönsku rauðsokkurnar stóðu fyrir uppákomum víðs vegar um Kaupmannahöfn, og þar lét ég mig ekki vanta þótt enn væri ég bara áhorfandi. Sú nýstárlegasta var þegar þær marséruðu með fyrirferðarmikla úttroðna brjóstahaldara framan á sér eftir Strikinu, námu staðar á Ráðhústorginu og brenndu þá á báli; áhrifamikill táknrænn gjörningur. Ég heillaðist af frumlegum baráttuaðferðum þeirra og kjarki í allri framgöngu. Áhugi á kvenréttindum hafði

áður leitt mig inn í Dansk kvindesamfund, sem starfaði á hefðbundnum nótum vestrænna kvenréttindafélaga. Þar voru sterkar konur úr öllu hinu pólitíska litrófi og sumar fetuðu leiðina inn á þjóðþingið.

Hippahreyfingin barst frá Bandaríkjunum til Danmerkur á sjöunda áratugnum. Hippunum, stúdentum og konum úr nýju kvennahreyfingunni fylgdi nýtt yfirbragð. Ungar konur klæddust ekki lengur þröngum pilsum og háhæluðum skóm. Þær höfnuðu þykkri andlitsförðun og stífri hárlagningu. Föt áttu að vera þægileg, úr ekta efnum (bómull, hör, ull, silki) og gjarnan litskrúðug. Konur feyktust nú um götur með sítt, slétt hárið og skuplur, í frjálslegum fötum og fótlaga skóm, oft klossum. Þetta höfðaði til mín og ég gekk ákveðið þessari tísku á hönd. Hún hafði þó ekki alveg slegið í gegn á Íslandi þegar ég sneri heim. Messíana kom þá aftur til sögunnar og útbjó á mig mussur og önnur listileg hippaföt í nokkur ár.

Þjóðfélagsumræða 68-kynslóðarinnar í Danmörku var stéttbundin og einskorðaðist aðallega við frekar vinstrisinnað menntafólk af yngri kynslóðinni. Sumir aðhylltust róttækustu flokkana, SF (Socialistisk folkeparti) og Venstresocialisterne, en flestir kenndu sig ekki við stjórnmálaflokka. Hinn almenni Dani lét sér fremur fátt um finnast róttækni þessa fólks. Á Íslandi voru pólitískir flokkar miklu sýnilegri í allri umræðu. Málflutningur hægri- og vinstriflokkanna stangaðist á og kjósendur tóku upp viðhorf sinna flokka.

Plakat Messíönu Tómasdóttur úr Herranætursýningu MR árið 1970 á gamanleiknum *Lýsiströtu* eftir Aristófanes. Kvenlíkneskið sem rauðsokkar báru á herðum sér niður Laugaveginn 1. maí 1970 var hluti af leikmynd Messíönu úr þeirri sýningu.

Þarna mátti koma upp aðstöðu

Við fjölskyldan komum til Íslands um miðjan maí 1970 og settumst að í rúmgóðu einbýlishúsi á Ásvallagötu 8 í Reykjavík. Ég fór í Háskóla Íslands og gat nú stundað nám mitt í friði fyrir ólátum nemenda. Í bókasafnsfræði og dönsku voru stúdentar ekki með uppsteyt. Ég tók BA-próf í þessum greinum 1976. Árið 1987 tók ég masterspróf í bókasafnsfræði með sérstakri áherslu á þjónustu við fatlaða við Florida State University. Maðurinn minn, Hilmar Skarphéðinsson verkfræðingur, sem ég giftist 1985, útskrifaðist samtímis. Hann lagði stund á tölvunarfræði við sama skóla.

Meðfram námi mínu við Háskóla Íslands stundaði ég dönskukennslu. Að prófinu loknu hætti ég kennslu og fór til starfa í Borgarbókasafni í deild sem veitti fötluðum bókaþjónustu. Hljóðbókaþjónusta við blinda varð mitt aðalviðfangsefni. Ferill minn á Borgarbókasafni endaði árið 1982 þegar ég varð forstöðumaður nýstofnaðs Blindrabókasafns Íslands. Reynslan af starfinu með rauðsokkum nýttist vel í baráttunni fyrir stofnun ríkisrekins safns fyrir blinda. Ég fór á eftirlaun árið 2007.

Eftir komuna til Íslands 1970 saknaði ég innilega Danmerkur, landsins þar sem ég hafði tekið út þroska síðustu tólf árin, verið þátttakandi í þjóðfélagsumræðu og orðið meðvituð um samfélag mitt. Mig langaði til að taka upp þráðinn, sérstaklega langaði mig til þess að komast í samband við konur með áhuga á róttækri kvenfrelsishreyfingu óháðri stjórnmálaflokkunum. Svava Jakobsdóttir opnaði mér leiðina þegar hún bauð mér í síðdegisþátt sinn, Við sem heima sitjum. Ég átti að segja frá kvennasamtökunum dönsku, eins og það var kynnt. Ég hafði á síðustu vikunum í Danmörku viðað að mér upplýsingum um dönsku rauðsokkurnar og á þeim grundvelli flutti ég 20 mínútna erindi í útvarpið 16. júní 1970.

Tvær ungar kennslukonur, Gerður Óskarsdóttir og Helga Gunnarsdóttir (1943–1991), sem voru farnar að velta fyrir sér nýrri kvennabaráttu og höfðu tekið þátt í undirbúningi að henni frá því snemma vors, heyrðu þetta útvarpserindi og höfðu samband við mig. Hæg voru heimatökin því að eiginmenn okkar unnu allir á Handritastofnun Íslands. Við Stefán buðum þessum hjónum heim og eftir ánægjulegan danskan frúkost og könnunarferð um húsið var engum blöðum um það að fletta að þarna mætti koma upp aðstöðu í tveimur herbergjum í kjallara fyrir sellufundi kvenna. Fyrsta aðkoma mín að nýju kvennahreyfingunni á Íslandi var að veita henni húsaskjól á Ásvallagötu 8.

Kjallari þessa virðulega húss að Ásvallagötu 8 var suðupottur róttæks femínisma fyrstu fjögur starfsár Rauðsokkahreyfingarinnar, frá 1970 til 1974. Myndin er tekin 40 árum eftir að rauðsokkar tóku að streyma þangað á kvöldin og um helgar til þess að ráða ráðum sínum.

Margar hendur hjálpuðust að við að gera vistarverurnar fundahæfar. Þær voru málaðar í glaðlegum litum, tréverk var málað með skipamálningu og við Stefán létum smíða veglega bálka meðfram veggjum. Þeir áttu einnig eftir að nýtast vel fræðimönnum frá útlöndum, sem þáðu þarna gistiaðstöðu eftir að rauðsokkur voru fluttar.

Kvenfrelsishreyfing verður til

Rauðsokkur héldu kynningarfund í Norræna húsinu 19. október 1970 og húsið fylltist af fólki. Skipulag hreyfingarinnar var kynnt; starfið skyldi fara fram í starfshópum sem hefðu fullt sjálfstæði. Hreyfingin átti ekki að hafa neina yfirbyggingu, engir yrðu settir ofar öðrum. Þriggja til fjögurra manna miðstöð, tilnefnd til nokkurra mánaða í senn, yrði tengiliður hreyfingarinnar út á við og starfshópum til aðstoðar. Í anddyri Norræna hússins var þéttur skógur spjalda með nöfnum starfshópa, og félögum var einnig frjálst að stofna aðra hópa.

Fyrstu hópar Rauðsokkahreyfingarinnar tóku til starfa og straumur áhugasamra kvenna skaut sér inn í kjallarann á kvöldin og um helgar. Það fyrirkomulag var með fullkomnu samþykki okkar þriggja manna fjölskyldunnar á efri hæðunum. Ég dembdi mér í starfið og fljótlega fóru feðginin líka að taka þátt, Stefán í hópvinnu og Steinunn sat fundi og var með mér í öðrum viðburðum. Undir handleiðslu föður síns þýddi hún úr dönsku sænskt ljóð og þýðingin birtist í *Samvinnunni*. Ljóðið fjallar um kvenfrelsi frá sjónarhóli barns og heitir

„Tvö tilbrigði við þekkt stef“. Mig minnir það heita á dönsku „To variationer omkring et kendt tema“, höfundurinn er Inga Lindsjö.

Ýmsum þótti níu ára barnið verða fyrir óheillavænlegum heilaþvotti, sem mátti ef til vill til sanns vegar færa vegna þess að hún mátti gjalda fyrir skoðanir sem voru henni tamar. Frjálslynd viðhorf danska skólans viðgengust ekki í Melaskólanum og hún átti til að skera sig úr með því að halda þeim til streitu. Fyrir það uppskar hún andúð kennarans og ekki bætti um fyrir henni að foreldrarnir voru trúlaust fólk og áberandi í Rauðsokkahreyfingunni.

Í kjallaranum á Ásvallagötu starfaði hreyfingin fram til haustsins 1974 þegar hún flutti aðsetur sitt á Skólavörðustíg 12, í Sokkholt, hentugt og nægilega stórt húsnæði.

Upphaf starfsins

Fæstar höfðu konurnar sem komu til starfa kynnst vitundarvakningu nýju kvenfrelsishreyfingarinnar. Ferill margra hófst í leshringjum, þar sem þær ræddu saman, fóru í gegnum lesefni og gerðu sér grein fyrir stöðu sinni og annarra kvenna. Starfshópar um tiltekin málefni sem boðaðir höfðu verið á stofnfundinum hófu jafnframt göngu sína.

Ég var í leshring með Gerði Óskarsdóttur, Helgu Gunnarsdóttur, Guðrúnu Ágústsdóttur og Eygló Eyjólfsdóttur (1943–2010). Ég minnist þess að við lásum danska bók frá 1967, *To køn – ét samfund,* í ritstjórn Bodil Graae og Janne Houman, um konur í atvinnulífinu. Af öðrum bókum má nefna rit framsækinna femínískra höfunda, svo sem *Woman's Estate* (1971) eftir Juliet Mitchell og *Sexual Politics* (1971) eftir Kate Millett, sem voru allt að því skyldulesning. Lesin var grein fyrsta karlfemínistans, Johns Stuarts Mill, um pólitíska einangrun kvenna, *Kúgun kvenna* (*The Subjection of Women,* 1869). Í *Uppruna fjölskyldunnar* (*The Origin of the Family,* 1884) eftir Friedrich Engels lásum við nær aldagamla úttekt á hjónabandinu sem úreltu fyrirbæri. Í *Hinu kyninu (Le Deuxième sexe,*1949) skilgreinir Simone de Beauvoir ólíka eiginleika karla og kvenna. Við hlustuðum líka á Soffíu Guðmundsdóttur lesa í útvarp úr þýðingu sinni á köflum úr *The Feminine Mystique* (1963) eftir Betty Friedan, sem bar þýðingartitilinn *Þjóðsagan um konuna*. Betty Friedan var frumkvöðull „nýju kvennahreyfingarinnar“, þ.e.a.s. kvennahreyfingarinnar frá lokum seinna stríðs. Flestar bókanna sem við lásum þurftum við að panta frá útlöndum og eintökin velktust á milli okkar. Við lásum jafnframt lög og reglugerðir, sönkuðum að okkur efni um skólamál,





The Second Sex eftir Simone de Beauvoir og *The Feminine Mystique* eftir Betty Friedan voru meðal þeirra bóka sem rauðsokkar sóttu innblástur í.

útgáfuritum verkalýðshreyfingarinnar og hvers kyns handbókum er vörðuðu líf og aðstæður kvenna.

Íslenska kvenrithöfunda lásum við og rauðsokkur hrifust af smásögum Svövu Jakobsdóttur, *Tólf konum* (1965) og *Veislu undir grjótvegg* (1967), þar sem hún lýsir hugarheimi og hlutskipti samtímakvenna með táknrænu raunsæi. Leikritið *Hvað er í blýhólknum?* átti sér einnig góðan málefnalegan hljómgrunn hjá rauðsokkum. Aðalpersóna verksins sem leikin var af Bríeti Héðinsdóttur berst gegn ríkjandi viðhorfum um stöðu sína á heimilinu, í vinnunni og í vinahópnum, en rekur sig á veggi. Leikfélagið Gríma sýndi leikritið í Lindarbæ haustið 1970. Verkið kom út á bók árið 2003 og er einnig til sem sjónvarpsleikrit.

Svava var baráttukona fyrir réttindum kvenna. Hún var þingmaður Alþýðubandalagsins á árunum 1971–1979 og var í nánu sambandi við rauðsokkur. Stundum kom hún á fundi í hreyfingunni. Af málum sem hún ræddi við rauðsokkur má nefna frumvarp um Jafnlaunaráð og frumvarp um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Fyrstu rauðsokkurnar voru flestar um þrítugt með nokkra lífsreynslu og þekkingu á vinnumarkaðnum og sumar höfðu lokið langskólanámi. Þegar ég lít til baka finnst mér einhugur hafa ríkt meðal okkar um hvernig við vildum vinna að jafnréttisbaráttu kvenna. Samfélagið utan kjallaramúranna sýndi okkur áhuga, en tók merkilega treglega undir sjálfsagðar kröfur sem höfðu þegar verið settar fram víðast hvar á Vesturlöndum, en aðeins að hluta til á Íslandi. Má þar nefna möguleika kvenna til að komast út á vinnumarkaðinn.

Heimilislíf mitt og fjölskyldu minnar mótaðist mjög af því sem fram fór í kjallaranum. Jafnréttismál voru rædd fram og aftur milli okkar þriggja og fyrir

kom að við hjónin köstuðum okkur út í heitar umræður við gesti okkar eða þar sem við vorum gestkomandi. Fólki gat fundist nærri sér höggvið og átti það til að snúa við okkur baki svo að við stóðum eftir eins og hrópendur í eyðimörkinni.

Viðhorf kvenna til hreyfingarinnar

Konur voru almennt forvitnar um þennan nýja félagsskap. Þær fjölmenntu á kynningarfundi og innrituðu sig í hópa. Jafnframt áttum við fjölmargar stuðningskonur, sem hvöttu okkur til dáða hvar sem þær rákust á okkur.

Konur sem, að minnsta kosti í byrjun, höfnuðu rauðsokkum og fannst baráttumálin ekki varða sig voru yfirleitt heimavinnandi. Þær töldu sig sitja á hakanum hjá hreyfingunni, að baráttan fyrir kjörum kvenna á vinnumarkaðnum hefði allan forgang, en framlag heimahúsmæðra lægi óbætt hjá garði. Ófaglærðar fjögurra barna mæður, en það var ekki óalgengur barnafjöldi árið 1970, áttu ekki margra kosta völ. Ætluðu þær sér út á vinnumarkaðinn beið þeirra m.a. óheyrilegur launamunur karla og kvenna og sjaldnast viðurkenning á reynslu þeirra við uppeldis- og heimilisstörf, lítill eða enginn möguleiki á vistun fyrir börn sín á dagvistarstofnunum, tvöfalt vinnuálag og tveggja vikna fæðingarorlof, þó aðeins fyrir þær sem unnu hjá ríki og sveitarfélögum. Rauðsokkur áttu eftir að berjast fyrir úrbótum á öllum þessum atriðum. Eins og gefur að skilja urðu aðstæðurnar þess valdandi að flestar barnmargar konur voru heimavinnandi ef hægt var að framfleyta fjölskyldu án atvinnutekna þeirra. Framlag þessara kvenna til þjóðfélagsins vegna vinnu þeirra inni á heimilunum fór of lágt. Þær gegndu veigamiklu hlutverki til dæmis með því að viðhalda gömlum íslenskum hefðum við tímafreka matargerð og handiðnir sem útivinnandi konur sinntu í æ minni mæli.

Á þetta bentu rauðsokkur en grundvallarsjónarmið þeirra var að fjárhagslegt sjálfstæði væri undirstaða fyrir frelsi kvenna og þær börðust fyrir að greiða götu mæðra út á vinnumarkaðinn með góðri vistun fyrir börnin, réttlæti í launum og konunni sem fullgildum þegn sem skattgreiðanda og fyrirvinnu, en það var hún ekki á þessum tíma.

Ýmis málefni rauðsokka áttu ekki við konur til sveita. En á ferðum okkar út um land þar sem við áttum aðallega erindi við verkakonur kynntumst við einnig konum úr bændastétt sem slógust í lið með rauðsokkum. Mér er Ágústa Þorkelsdóttir á Refstað í Vopnafirði efst í huga fyrir tímamótaviðtal í *Búnaðarblaði*

Þjóðviljans 1976. Hún ræðir þar um bóndakonuna í íslenskum landbúnaði og vanmatið á vinnu hennar. Rauðsokkur lögðust á árar með bændakonum sem kröfðust aðgangs að stéttarfélögum bænda og aðildar að Búnaðarþingum.

Viðhorf karla

Stór hópur karla studdi, að minnsta kosti í orði, málstað rauðsokka. Hreyfingin var opin körlum og nokkrir tóku þátt í starfinu og lögðu henni um tíma gott málefnalegt lið.

Nokkuð oft vorum við kallaðar til sem einskonar skemmtiatriði á fundi hjá félagasamtökum, svo sem Lions og Kiwanis. Ungar og skeleggar rauðsokkur gerðu grein fyrir nýjum kvennaviðhorfum við glettnar undirtektir fundarmanna, sem álitu ekki högum sínum alvarlega raskað við þessa nýju framtíðarsýn. Margir karlar gerðu sér þó vel grein fyrir því hvað jafnrétti kynjanna gæti þýtt fyrir valdastöðu þeirra sjálfra. Frá þeim fengum við oft kaldar kveðjur, þeir svæsnustu höfðu uppi ótrúlegan munnsöfnuð um kynkaldar rauðsokkur sem enginn karlmaður liti við. Við hlutum góða þjálfun í að standa fyrir máli okkar og að láta ekki slá okkur út af laginu. Í okkar eigin hópi bárum við saman bækur okkar, við studdum hver aðra, höfðum húmor fyrir fáránleikanum og reyndum að taka því með yfirvegun þegar gengið var býsna nærri okkur sem einstaklingum. Smám saman skaut þessi málflutningur rótum í þjóðfélaginu og skaðaði ímynd rauðsokka. Enn í dag má finna konur á öllum aldri sem hafna því að þær séu fylgjandi rauðsokkum eða femínistum, eins og róttækar kvenréttindakonur samtímans kalla sig, en segjast þó hlynntar jafnrétti kynjanna.

Eitt er víst: Við náðum augum og eyrum þjóðarinnar, hugmyndir okkar voru ræddar hvar sem fólk kom saman og á síðum blaðanna gengu skoðanaskiptin með og á móti.

Aðferðir

Rauðsokkur á Íslandi fóru að dæmi nýju kvennahreyfingarinnar úti í heimi og gerðu sér far um að vera sýnilegur þrýstihópur. Öflugustu leiðir íslenskra rauðsokka til þess að koma umræðu um kvenfrelsi út í samfélagið voru þrjár.

Í fyrsta lagi tíu fyrirlestra röð í útvarpi undir heitinu „Ég er forvitin rauð". Þarna efndum við til geysilega yfirgripsmikillar jafnréttisumræðu. Mitt framlag fjallaði meðal annars um þann sið að karlmenn einir máttu bjóða upp í dans

og konurnar sátu og biðu eftir því að vera valdar og eftir tveimur til þremur dömufríum á kvöldi.

Í öðru lagi málgagn rauðsokka, *Forvitin rauð*, sem kom út einu sinni til tvisvar á ári 1972–1982 (árið 1980 voru tölublöðin fjögur). Þarna voru málefni kvenna og barna rædd frá ótal hliðum í ýtarlegum greinum sem hefðu átt skilið að koma fyrir augu fleiri lesenda en keyptu þetta blað. *Staglið* hét innanhússfréttabréf rauðsokka.

Í þriðja lagi tóku starfshópar rauðsokka á árunum 1976–1980 við ritstjórn vikulegrar jafnréttissíðu af blaðamönnum *Þjóðviljans*. Jafnréttissíðan var vettvangur fyrir kvenfrelsisumræðuna, lesendur lögðu „Orð í belg“ og þarna voru auglýstir viðburðir sem viðkomu hreyfingunni. Á árunum 1977–1978 var ég um hálfs árs skeið í hópi sem ritstýrði síðunni.

Vilborg Harðardóttir (1935–2002) var blaðamaður á *Þjóðviljanum* og árið 1973 stofnaði hún Jafnréttissíðuna ásamt Helgu Sigurjónsdóttur (1935–2011), sem var þá einnig starfandi við blaðið. *Þjóðviljinn* gerði lífi og aðstæðum kvenna betri skil en önnur dagblöð á þessum tíma og bar þess merki að Vilborg gegndi þar lykilhlutverki. Hún var mikill frumkvöðull og í forystu fyrir starfi rauðsokka. Við hörmuðum ótímabært fráfall hennar.

Réttur kvenna yfir eigin líkama

Árið 1971 stofnuðu rauðsokkur starfshóp um lögleiðingu frjálsra fóstureyðinga og þar hófst mín vinna að þessu málefni. Rauðsokkur héldu uppi þrotlausri baráttu fyrir rétti kvenna til að ráða yfir eigin líkama þar til „Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir“ voru samþykkt á alþingi vorið 1975 og var það breyting á lögum frá 1938. Árið 1973, tveimur árum áður, var lagt fram frumvarp sem kvað á um sjálfsákvörðunarrétt kvenna til fóstureyðingar innan tólf vikna eftir getnað. Frumvarpið náði ekki fram að ganga og var sigur rauðsokka því ekki að fullu unninn. Samkvæmt löggjöfinni frá 1975, sem enn er í gildi þegar þetta er ritað, fara konur í gegnum umsóknarferli, en framkvæmd laganna er konum þó hagstæð og ekki munu vera dæmi þess að kona sem treystir sér ekki til að eignast barn sé knúin til þess af kerfinu. Sjá lögin frá 1975 í frumvarpi með greinargerð um upphaflega frumvarpið frá 1973.

Aðferðir rauðsokka málstaðnum til framdráttar voru af ýmsum toga. Við skrifuðum greinar, lögðum málgagnið *Forvitna rauða* 1974 undir baráttuna,

Vilborg Harðardóttir var að margra dómi fremst meðal jafningja í rauðsokkastarfinu og lagði jafnréttisbaráttunni auk þess ómetanlegt lið í störfum sínum sem blaðamaður. Myndin sýnir Vilborgu við vinnu sína á *Þjóðviljanum* snemma á rauðsokkaárunum.

ástunduðum lobbýisma og gripum hvert tækifæri til að koma máli okkar á framfæri í fjölmiðlum.

Meðal þess sem ég tók þátt í var að útbúa dreifiblöð með rökum fyrir afstöðu rauðsokka og rétta vegfarendum niðri í bæ. Þetta voru leiðangrar sem tóku verulega á. Að standa frammi fyrir fólki sem hvæsti á mig af hatri var allt að því óbærilegt. Fóstureyðingar, sem vissulega voru framkvæmdar ólöglega úti um allan bæ, lágu á þessum tíma í fullkomnu þagnargildi og skýrir það viðbrögð margra.

Í desember 1971 við upphaf baráttu rauðsokka um rétt kvenna til löglegra fóstureyðinga var ég kölluð í umræðuþátt í útvarpi. Ég átti að ræða málefnið frá sjónarhóli „svokallaðra“ rauðsokka eins og þáttarstjórnandi tók ítrekað til orða. Meðal háttsettra embættismanna sem allir settu sig upp á móti breytingum á

frumvarpinu frá árinu 1938 var biskupinn. Í langri fordæmingartölu kallaði hann fóstureyðingar dráp.

Umræðan um fóstureyðingarfrumvörpin var almenn og heit í fjögur ár og fjölmennir baráttuhópar með og á móti urðu til. Áhrifaríkur var samtakamáttur hundrað kvenna úr öllum starfsstéttum þjóðfélagsins sem árið 1975 rituðu nöfn sín undir mótmælaskjal vegna breytinga sem upphaflega frumvarpið hafði tekið með því að fella niður þann hluta sem segir að fóstureyðing skuli heimiluð *að ósk konu* fyrir lok 12. viku meðgöngu. Á þær var þó ekki hlustað.

Ég tel baráttuna fyrir sjálfsákvörðunarrétti kvenna til löglegra fóstureyðinga hafa verið eitt brýnasta verkefni rauðsokka.

Mótmælastöður

Tvisvar efndu starfshópar rauðsokka til mótmæla á aðventunni, annars vegar var aðaláherslan lögð á verslunaræðið og hins vegar var bent á vinnuþrælkun húsmæðra fyrir jólin. Árið 1971 gengum við einar tuttugu rauðsokkur syngjandi hressilegt göngulag með logandi kyndla frá Ásvallagötu að verslun Silla og Valda í Austurstræti. Í broddi fylkingar héldum við á spjaldi með ámálaðri madonnumynd eftir Eddu Óskarsdóttur. Helgimyndin var af kaupmönnunum tveimur þar sem þeir hvíldu með kúluhatta og geislabauga hvor á sínum handlegg móður sinnar, Maríu meyjar. Eitthvað fór þetta öfugt í ýmsa því að ég fékk snjóbolta í hausinn og ókvæðisorðin dundu á okkur göngukonum, sérstaklega frá miðaldra körlum.

Bent var á vinnuþrælkun húsmæðra á Þorláksmessu árið 1974 með mótmælastöðu í Austurstræti við Útvegsbankahúsið, sem nú hýsir Héraðsdóm Reykjavíkur. Að þessu sinni var tuskudúkka í fullri stærð með í för. Húsmóðirin, sem var í kjól og með svuntu, í sokkum og skóm á bólgnum fótunum var fest á langt prik sem haldið var á lofti. Hárið var úfið og þreytan skein úr svip hennar. Spurning okkar til kvenna á staðnum var: Eru þetta okkar jól? Þessi dúkka, sem var ekki alltaf í sömu fötunum, fylgdi rauðsokkum alla tíð og sést á mörgum myndum frá Sokkholti. Hún var á Lækjartorgi á kvennafrídeginum 1975, þá íklædd puntulegum sparikjól af mér frá því ég ætlaði að vera fín dama. Ég kinkaði til hennar kolli og minntist liðins tíma.

Mótmælagöngur og -stöður áttu vel við mig. Undirbúningnum fylgdi samstaða og ánægja með að ætla með óvenjulegum hætti að koma skoðun sinni á

framfæri. Við vorum aldrei margar, tíu, mest tuttugu hverju sinni, en okkur tókst að láta fara fyrir okkur, dreifa boðskap meðal fólks og vekja athygli. Viðtökurnar voru ekki alltaf á besta veg og við áunnum okkur óskemmtilega stimpla, svo sem rauðsokkubrussur, ljótar lopapeysukerlingar og margt fleira. En það voru líka konur, sérstaklega af eldri kynslóðinni, sem studdu okkur beint og óbeint og stundum með því einu að líta vinsamlega til okkar.

Stefnubreytingin 1974

Eftir fjögurra ára starf fannst sumum kvennanna vera kominn tími til breytinga. Ef til vill var farið að gæta málefnalegrar þreytu. Við vorum töluvert einsleitur og stundum fámennur hópur og áhugi vaknaði á að stækka hann með því að nálgast betur verkakonur og fjalla um stöðu þeirra úti á vinnumarkaðnum.

Efnt var til tveggja daga ráðstefnu á Skógum undir Eyjafjöllum í júní 1974. Gagnorð stefna var samþykkt. Henni lýkur með yfirlýsingu um að „heyja baráttu kvenna fyrir frelsi og jafnrétti með vopnum stéttabaráttunnar“ og í leiðara *Forvitinnar rauðrar* var kvennabaráttan nú skilyrt stéttabaráttunni.

Ég var ekki á landinu þegar Skógaráðstefnan var haldin og var því fjarri umræðunni sem þar fór fram. Ég tel að kvenfrelsisumræða rauðsokka hafi að hluta til orðið þéttari og markvissari með stefnuyfirlýsingunni, en að marxískar áherslur hafi verið óheppilegar. Yfirlýst nálgun til láglaunakvenna var til heilla.

Í upphafi kærðu rauðsokkur sig kollóttar um flokkspólitísk viðhorf hver annarrar. Flestar rauðsokkur voru þó vinstrisinnaðar konur sem andmæltu til dæmis stríðsrekstri Bandaríkjamanna í Víetnam og her í landi. Eftir Skógaráðstefnuna áttu hægrisinnaðar konur ekki lengur samleið með rauðsokkum og ólíkur fréttaflutningur í *Morgunblaðinu* og *Þjóðviljanum* bendir til þess að niðurstaða Skógaráðstefnunnar hafi leitt til flokkspólitískrar togstreitu um Rauðsokkahreyfinguna. Ég hef þá trú að á þessum tímamótum hafi gagnstæðu stjórnmálaflokkarnir tveir séð hag sinn í að fá rauðsokkur til liðs við sig. Sjálfstæðisflokkurinn hefur þá boðið þeim útilokuðu inn í hlýjuna og Alþýðubandalagið hinum hliðhollu sér.

Mynd á næstu opnu: Helga í einni aðgerðinni af mörgum sem hún tók þátt í. Hér er hún í essinu sínu (4. f.v. í forgrunni) ásamt Helgu Gunnarsdóttur (3. f.v.) og fleiri rauðsokkum að mótmæla fegurðarsamkeppnum fyrir utan Laugardalshöllina á annan í jólum 1970. Innandyra var verið að kjósa Ungfrú Reykjavík.

ÚRVALS LAMBAKJÖT
Í HÁTÍÐAMATINN
„SEIGAR GAMALÆR"
Útlitsdómur á
Kúm
Meðalbrjóstummál
Úr skýrslu
Búnaðarfélags
HRÚTASÝN
KVENNAS
Allt á sama

HVER, GRÆÐIR
Á
FEGURÐARSAMKEPPNI
?

Nýir straumar

Um það leyti sem Skógaráðstefnan var haldin var kominn góður liðsauki yngri vinstrisinnaðra kvenna inn í Rauðsokkahreyfinguna. Kröftugar með ferska sýn og nýjar hugmyndir léttu þær ásýnd hreyfingarinnar eftir nær óslitið ísbrot frumkvöðlanna fyrstu árin. Sumar þeirra urðu upphafskonur að Kvennaframboðinu 1982 ásamt konum úr öllum áttum stjórnmálanna.

Marxískar áherslur Rauðsokkahreyfingarinnar leiddu nú byltingarsinnaða hópa inn í hreyfinguna. Mest bar á ungum stúlkum, margar framhaldsskólanemar úr Fylkingunni og EIK (ml) – Einingarsamtökum kommúnista, marx-lenínista. Hatrammar deilur voru á milli þessara hópa um túlkun á marxisma. Hópunum var stýrt af strákum og í upphafi benti ýmislegt til þess að þeir kepptust um að ná undirtökum í Rauðsokkahreyfingunni, sem engum einum hópi tókst. Þrátt fyrir ítök strákanna voru hér á ferðinni sjálfstæðar og öflugar baráttukonur, sem lögðu hreyfingunni gott lið. En í umræðunni lögðu þær áherslu á að þjóðskipulagið kúgaði konur fyrst og fremst og að bylting væri endanlega leiðin til frelsunar kvenna. Aðeins lesnar konur í marxískum fræðum gátu rætt við þær um málefni kvenna og aðrar tíndust smám saman á braut.

Náð til láglaunakvenna

Rauðsokkur boðuðu til þriggja svokallaðra láglaunaráðstefna í Reykjavík, kölluðu til konur úr verkalýðsfélögunum og þær fjölmenntu. Fyrsta ráðstefnan var haldin í Lindarbæ 26. janúar 1975 og hana sóttu konur úr fjórum verkalýðsfélögum. Niðurstaða ráðstefnunnar var skýlaus krafa rauðsokka um bættan hag láglaunakvenna. Óskað var eftir því að þær sem flyttu framsöguræðurnar kæmu beint frá vinnustöðum en væru síður framákonur í félögunum. Þarna mátti heyra marga áhrifaríka lýsinguna á vinnuaðstæðum kvenna. Ráðstefnan stóð frá morgni laugardags og fram eftir degi. Til þess að missa konurnar ekki heim í hádeginu löguðum við bragðgóða kjötsúpu og bárum fram. Það var handagangur í öskjunni þegar rauðsokkur voru að brytja í pottana ofan í á annað hundrað konur undir stjórn yfirkokksins, Guðrúnar Hallgrímsdóttur matvælaverkfræðings.

Fundir um kjör kvenna sem haldnir voru í samvinnu við konur á landsbyggðinni voru jafnframt menningarvökur þar sem heimakonur og gestir lögðu saman krafta sína, til að mynda með upplestri og tónlist.

Herdís Helgadóttir gekk til liðs við Rauðsokkahreyfinguna eftir láglaunaráðstefnuna í Lindarbæ 1975. Að lokinni formlegri starfsævi fékk hún undanþágu til háskólanáms og lauk meistaraprófi í mannfræði rúmlega sjötug að aldri. Árið 1996 sendi hún frá sér bókina *Vaknaðu kona!* sem fjallaði um baráttu rauðsokka og myndin er tekin um það leyti.

Starf mitt með rauðsokkum snerist lengst af um baráttu. Því var það kærkomið verkefni að vinna að menningardagskrá um skáld- og myndlistarkonuna Ástu Sigurðardóttur (1930–1971) í glöðum og uppbyggilegum starfshópi rauðsokka með Silju Aðalsteinsdóttur fremsta í fylkingu. Ásta var góð listakona og á undan sinni samtíð. Rauðsokkur vildu minnast hennar fyrir hve heiðarlega og opinskátt hún fjallaði um líf og vandamál kvenna í verkum sínum. Kynningin var haldin fyrir troðfullum sal Norræna hússins hinn 27. febrúar 1977. Í undirbúningnum leituðum við í starfshópnum til Oddnýjar, systur Ástu. Hún fræddi okkur um líf og list Ástu og opnaði okkur óbirt gögn frá henni. Ásamt fyrirlestri um ritverk Ástu og upplestri á smásögum og óbirtum ljóðum var myndlistarsýning á verkum hennar, og einnig myndum af henni, frá þeim tíma sem hún starfaði sem fyrirsæta. Í tilefni dagsins samdi Gunnar Reynir Sveinsson lög við þrjú ljóða Ástu. Gunnar og fleiri þekktir tónlistarmenn fluttu þessi lög og eiginkona tónskáldsins, Ásta Thorstensen, söng. Konur á landsbyggðinni sýndu áhuga á að fá rauðsokkur í heimsókn með dagskrána og við fluttum hluta hennar í Neskaupstað, á Akureyri og Ísafirði.

Með láglaunaráðstefnunum í Reykjavík og fundunum með konum í sjávarþorpum út um land tókst rauðsokkum að ná fram vitundarvakningu og samstöðu meðal kvennanna sem sóttu fundina og þær héldu vissulega áfram kjaraumræðu á vinnustöðum sínum. Nokkrar baráttukonur slógust í lið með rauðsokkum. Herdís Helgadóttir (1929–2007) gekk til liðs við rauðsokkur eftir láglaunaráðstefnuna 1975. Hún kom frá Verslunarmannafélaginu og lýsti einum vinnudegi sem skrifstofustúlka hjá Trésmiðafélagi Reykjavíkur. Við lok

formlegrar starfsævi fékk Herdís undanþágu til inngöngu í Háskóla Íslands og lauk þaðan meistaraprófi í mannfræði árið 2000. Á stuttum fræðaferli var femínismi viðfangsefni hennar og eftir hana liggja m.a. tvær bækur, *Vaknaðu kona!: barátta rauðsokka frá þeirra eigin sjónarhóli* (1996) og *Úr fjötrum: íslenskar konur og erlendur her* (2001).

Starfsmannafélag Reykjavíkur

Virkt starf í Rauðsokkahreyfingunni útheimti að vera alltaf til taks. Þess vegna komum við og fórum eftir því hvernig á stóð að öðru leyti. Um miðjan áttunda áratuginn hvarf ég af vettvangi um stund. Ég var upptekin af að ljúka BA-námi mínu 1976 og við tóku áframhaldandi annir á nýjum starfsvettvangi, Borgarbókasafni, við stofnun hljóðbókasafns fyrir blinda og sjónskerta. Ég kom þó aftur til starfa og sat í miðstöð 1977. Helstu samstarfskonur mínar að þessu sinni voru mér yngri konur, margar komu úr mismunandi örmum byltingarsinna. Þessar fáu fyrstu rauðsokkur sem eftir voru áttu ekki alltaf málefnalega samleið með þeim. Hinn 1. maí 1976 gripum við til þess örþrifaráðs að koma í veg fyrir dreifingu *Forvitinnar rauðrar*. Við settum okkur upp á móti marxískum málflutningi í þessu blaði. Vissulega óheppileg ráðstöfun í ljósi þess að hreyfingin var að stórum hluta rekin fyrir ágóðann af blaðsölunni.

Ég var orðin borgarstarfsmaður og leiddist út í verkalýðsbaráttu innan Starfsmannafélags Reykjavíkur með þátttöku í óánægðum hópi sem stofnaði kosningabandalag, Nýja hreyfingu, til þess að steypa íhaldsmeirihluta stjórnar félagsins til margra ára. Það mistókst auðvitað, við höfðum ekkert í fólk sem hafði hreiðrað þarna um sig um langt skeið. Ég fór þó að starfa dálítið innan Starfsmannafélagsins og við *Ásgarð*, málgagn regnhlífarsamtakanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Síðasta verk mitt á þessum vettvangi er grein sem birtist í *Ásgarði* 1981 þar sem borin eru saman launakjör karla og kvenna í Starfsmannafélagi ríkisstofnana, SFR. Greinin var byggð á töluverðri talnavinnu og sem að líkum lætur kom þar fram meiri launamunur kynjanna en fólk hafði almennt gert sér grein fyrir.

Endalok Rauðsokkahreyfingarinnar – Kvennaframboðið

Ég var samþykk því að leggja niður Rauðsokkahreyfinguna sumarið 1982. Rauðsokkur sem á þeim tíma stóðu í eldlínunni voru því eðlilega mótfallnar. Auk

þess að vera ekki fyllilega samstíga þeim hafði það óneitanlega áhrif á afstöðu mína að hópur utan Rauðsokkahreyfingarinnar hafði skotið upp kollinum með spennandi kvennaframboð til borgarstjórnarkosninga þá um vorið og fengið tvo fulltrúa kjörna.

Framboðið lagði áherslu á menningararf kvenna, reynslu þeirra og hefðir. Konurnar sem að hugmyndinni stóðu voru flestar um það bil tíu árum yngri en fyrstu rauðsokkurnar. Þær voru menntakonur með fágað yfirbragð og markvisst tóku þær sér stöðu fjarri Rauðsokkahreyfingunni. En við vorum nokkrar áhugasamar rauðsokkur sem tókum þátt í málefnaumræðu kvennaframboðsins. Ber þar sérstaklega að nefna Helgu Sigurjónsdóttur, sem var frumkvöðull í skilgreiningu á nýjum áherslum í kvennabaráttunni hér á landi með viðtalsgrein í *Tímariti Máls og menningar* 1981 undir heitinu „Það er menning að fæða barn". Þær Eva Björkander-Mannheimer, sænskur félagsfræðingur, ræða þar nýjustu hugmyndir kvenfrelsishreyfingarinnar. Upp úr þessu spruttu nokkrar umræður um kvennamenningu í *Þjóðviljanum* í vikulegum pistlum, þar sem spurt var og svarað, „Mér er spurn", í júlí 1981.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir barðist í áratugi fyrir kosningarétti og kjörgengi kvenna til alþingis, sem ávannst með takmörkunum árið 1915. Síðan hefur kvenfrelsisbaráttan á hverju skeiði markað sér stöðu með eigin áherslum. Kvenréttindafélag Íslands (stofnað 1907) hefur fylgt eftir lagalegum rétti kvenna. Rauðsokkahreyfingin lagði áherslu á launajafnrétti og sjálfsákvörðunarrétt kvenna um eigið líf, Kvennaframboðið og Samtök um kvennalista (framboð til alþingis 1983) vöktu athygli á reynsluheimi og menningu kvenna og Femínistafélagi Íslands (stofnað 2003) hefur orðið ágengt í baráttu á móti vændi og það andæfir kynbundnu ofbeldi í víðasta skilningi.

Niðurlag

Enginn getur velkst í vafa um að Rauðsokkahreyfingin hafði mikil áhrif, jafn áberandi og hún var í þjóðfélagsumræðunni. Flestir vissu á henni deili og höfðu sína skoðun á henni, of oft reyndar markaða af fordómum. Óneitanlega skilaði hreyfingin miklum árangri með jafnréttisumræðunni sem hún efndi til í samfélaginu og hún stuðlaði að breyttu hugarfari hjá almenningi. Hreyfingin beitti sér í fjölmörgum lagasetningum á alþingi. Má þar nefna jafnlaunalögin frá 1973, fóstureyðingarlögin frá 1975, fæðingarorlofslögin frá 1975, lög um

jafnan rétt kynjanna frá 1976 og fleiri breytingar sem réttu hlut kvenna, svo sem ákvæði um jafnrétti kynjanna í grunnskólum. Að síðustu var hreyfingin mikilvægur skóli fyrir konurnar sem tóku þátt í starfi hennar.

Í bjartsýni okkar héldum við að viðhorfsbreytingarnar sem okkur fannst við hafa náð fram væru komnar til að vera. En með vissu millibili tekur framþróunin afturkipp og ennþá eru konur sniðgengnar á vinnumarkaðnum og víðar þar sem þær ættu að njóta jafnræðis á við karlana. Á sérhverjum tíma er það skylda kvenna að standa vörð um það sem áunnist hefur og halda vökunni í baráttunni á móti kynbundnu misrétti.

Rauðsokkubarnið og einkadóttir mín, Steinunn Stefánsdóttir, er aðstoðarritstjóri *Fréttablaðsins* þegar þetta er ritað. Í leiðurum blaðsins hefur hún leitast við að gera jafnréttisbaráttunni skil og styðja málstað kvenna sem standa höllum fæti. Viðhorf okkar mæðgna til kvenfrelsis koma fram hjá afkomendunum því dætur Steinunnar, þær Helga, Anna og Halla Tryggvadætur, eru allar femínistar og leggja sitt af mörkum fyrir réttlátara þjóðfélag. Með þessum hætti taka kynslóðirnar við hver af annarri og kvennabaráttunni er fjarri því lokið.

Víkjum sögunni aftur að rauðsokkum. Við vorum allar útivinnandi og/eða í námi og stefndum að því að eiga starfsferil þar sem framlag okkar skipti máli. Flestar voru fjölskyldukonur með börn. Við lögðum hart að okkur fyrir málefnið og aðrar skyldur máttu á stundum bíða á meðan. Há tala hjónaskilnaða innan okkar raða er staðreynd. Það á sér vísast margar ástæður, en hjónaböndum sem stóðu ekki traustum fótum fyrir gat staðið ógn af jafnréttiskröfum kvennanna í Rauðsokkahreyfingunni.

Þátttaka mín í Rauðsokkahreyfingunni hafði veruleg áhrif á líf mitt. Þar kynntist ég konum sem ég þróaði mín helstu lífsviðhorf með. En hún setti einnig mark sitt á samskipti mín við fólk sem ég þekkti fyrir og var mér mikils virði. Vegna útbreiddra fordóma í garð rauðsokka skapaðist fjarlægð milli mín og æskuvinkvenna minna. Þátttaka mín í Rauðsokkahreyfingunni varð feimnismál sem við sneiddum hjá að ræða. Segja má að fjölskylda mín utan heimilisfólksins hafi hafnað Rauðsokkahreyfingunni. Í besta falli myndaðist þagnarmúr sem var þó ósjaldan rofinn af tvíræðum bröndurum. En það féllu einnig köpuryrði sem særðu og báru vott um sleggjudóma og skilningsleysi á málefnum sem voru mér heilög og það varð umhugsunarefni hvers vegna sjálfsögð réttlætismál næðu ekki betur eyrum fólksins míns. Í gegnum tíðina hafa þó margar mér ókunnugar konur tekið mig tali og komið á framfæri virðingu og þakklæti fyrir

merkilegt starf rauðsokka og ekki heyri ég betur en að ungar konur í fjölskyldu minni séu hæstánægðar og stoltar af að eiga mömmu, ömmu og frænku sem lifði og hrærðist í Rauðsokkahreyfingunni.

Eftir að hreyfingin var lögð niður 1982 tvístruðust rauðsokkur, enda þótt margar héldu fast í vináttuböndin. Án samtakamáttar í baráttu risu margar ekki lengur undir róttækri kvenfrelsisumræðu rauðsokka og þær raddir hljóðnuðu. Mér er óhætt að fullyrða að þar til jákvæð heimildarmynd Höllu Kristínar Einarsdóttur um rauðsokkurnar, *Konur á rauðum sokkum,* kom fram á tjaldi og í sjónvarpi árið 2009 hafi margar konur haldið því fyrir sjálfar sig að hafa verið virkir þátttakendur í baráttu rauðsokka. Með tímanum hafa sumar okkar gengið í hófstilltari samtök, svo sem í Kvenréttindafélagið. Ég starfa jafnframt í Hvítabandinu og í Mæðrastyrksnefnd og legg af mörkum töluverða sjálfboðavinnu í þeim samtökum.

Allt var þetta mikil og um margt sérkennileg lífsreynsla. Hún gaf og þroskaði en útheimti fórnir í persónulegu lífi. Mér finnst vinnutarnirnar með rauðsokkum og í öðrum tengdum félagsmálum hafa krafist mín óskiptrar. Allt annað, svo sem fjölskyldulíf, varð að víkja – í bili, hugsaði ég. En þráðurinn verður ekki tekinn upp aftur þar sem frá var horfið því að lífið heldur bara áfram. Sumt glatadist, en á vegferðinni ávannst dýrmæt reynsla og einhver viska. Ég helgaði mig baráttunni fyrir réttindum kvenna í rúman áratug og með starfi mínu í Rauðsokkahreyfingunni leiddist ég inn í iðu einnar brýnustu mannréttindabaráttu síðustu aldar.

Næsta opna: Myndasyrpa úr *Samvinnunni,* 5. tbl. 1971, af starfshópum rauðsokka í bækistöðvum sínum á Ásvallagötu 8 í Rvk. Ljósmyndari óþekktur.

Starfshópur sem kynnti sér barnaheimilismál í Kópavogi: Guðný Gunnarsdóttir, Guðrún Albertsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Helga Sigurjónsdóttir og Ingveldur Þorkelsdóttir.

Launarannsóknastarfshópur: Ragnhildur Bjarnadóttir, Þuríður Pétursdóttir, Erla Guðmundsdóttir, Björk Thomsen, Rannveig Jónsdóttir og Vilborg Sigurðardóttir. Á myndina vantar Guðrúnu Egilson og Sigrúnu Jóhannsdóttur.

Leshringur: Gerður G. Óskarsdóttir, Helga Gunnarsdóttir, Eygló Eyjólfsdóttir, Helga Sigurjónsdóttir, Helga Ólafsdóttir og Guðrún Ágústsdóttir.

En ég vil gjarnan borga skattinn minn sjálf.

Starfshópur sem kynnti sér tilhögun handavinnukennslu í skyldunámsskólum: Þórunn Árnadóttir, Hildur Hákonardóttir og Bára Guðmundsdóttir. Á myndina vantar Bryndísi Gunnarsdóttur.

Miðstöðin: Gerður G. Óskarsdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir og Hildur Hákonardóttir.

Starfshópur sem fjallaði um hjúskaparlöggjöfina: Stefán Karlsson, Lilja Ólafsdóttir, Guðjón Friðriksson og Bjarni Ólafsson. Á myndina vantar Láru Björnsdóttur.

Morgunsöngur útivinnandi húsmóður

(*Gömul tugga*)

Klukkan fimm:
Hann þarf að vera kominn út á flugvöll fyrir sex
réttir honum skyrtu
réttir honum sokka
réttir honum
réttir
viltu ekki húfu það getur verið kalt í Stokkhólmi
viltu ekki hanska stundum getur verið hráslagalegt í Kaupmannahöfn
viltu ekki fara í frakkann
viltu ekki
viltu
gleymdu ekki skilríkjum
gleymdu ekki handtöskunni
gleymdu ekki
gleymdu

Klukkan sjö:
Strákurinn þarf að vakna
taktu lýsið
borðaðu grautinn þinn
greiddu á þér lubbann
láttu ofan í töskuna
vertu nú ekki of seinn í skólann
vertu nú ekki
vertu nú
vertu

Klukkan átta:
Þá er að koma barninu í leikskólann
eina skeið svo barnið verði stórt
eina skeið fyrir ömmu sína
eina skeið fyrir mömmu
eina skeið
eina

Klukkan níu:
Hún á sjálf að vera komin í vinnuna
missir af strætó
missir af
missir
Verslunarstjórinn hneykslaður:
Þetta kvenfólk
það hefur ekkert tímaskyn
það hefur ekkert
EKKERT

NÝ TILVERA

EDDA ÓSKARSDÓTTIR

Það er septemberkvöld við Drekkingarhyl á Þingvöllum, ekki bærist hár á höfði, árið er 2006. Saman er kominn allnokkur fjöldi fólks að vera viðstaddur gjörning sem myndlistarkonan Rúrí (Þuríður Fannberg) fremur ásamt tveimur köfurum og fjórum öðrum myndlistarkonum.

Hvað fer hér fram? Á jörðinni liggja fjöldamargar börur. Hljóðlega og ákveðin birtist Rúrí í blautbúningi, gengur rakleiðis að bakkanum og veður út í hylinn. Úr höndum kafara dregur hún þar upp búk sveipaðan kvenklæðum, þann fyrsta af mörgum. Tvær og tvær koma hinar meðfram árbakkanum með börur, leggja búkana til og bera þá dágóðan spöl og setja frá sér í langa röð. Annasamt er hjá köfurunum og áfram er dregið þar til tölunni 18 er náð. Þá stígur Rúrí á stokk og les upp nöfn þeirra kvenna sem staðfest er að drekkt var í hylnum og fyrir hvaða sakir. Hverjar voru sakirnar? Þunganir og barneignir með mönnum sem samfélag þess tíma leyfði ekki samkvæmt stóradómi að þær ættu mök við. Fúsar eða þvingaðar.

Þessi stund í Almannagjá er með þeim áhrifameiri sem ég minnist og víst er að fleirum en mér vöknaði um augu við þessa táknrænu útför.

Þarna kristallaðist ranglæti og yfirgangur sem konur höfðu um aldir búið við, grimmdin, skilningsleysið, stritið, haldið frá menntun, giftar gegn vilja sínum. Hvernig formæður okkar drógu fram lífið í köldum, rökum og þröngum húsakynnum, í reykmettuðum myrkum eldhúsum, í klæðum sem vindurinn næddi um og vart til skiptanna, dragandi vosklæðin af körlunum, reynandi að þurrka þau um nætur, gangandi til starfa úti og inni, allt við nauman kost, – þetta er

óskiljanlegt nútímafólki. Vissulega voru ytri kjör karlanna hin sömu, þó hygg ég að stritið hafi verið enn meira á kvenþjóðinni sem bar og ól börnin.

Í raun er svo stutt síðan þetta þjóðfélagsmynstur sem varað hafði um aldir breyttist og við í Rauðsokkahreyfingunni þurftum ekki að líta aftar en til móður eða ömmu sem ólust upp við þessu lík kjör.

Foreldrar

Ég er fædd 1938, eina barn foreldra minna sem þá voru vel yfir þrítugt og höfðu verið í hjónabandi í nokkur ár þegar ég kom í heiminn. Móðir mín, Margrethe Nielsen, var dönsk, Kaupmannahafnarstúlka sem hafði verið í launavinnu frá ungum aldri og vann á ritstjórn blaðsins *Vort landbrug* er hún tók þá ákvörðun að flytjast hingað til lands 28 ára að aldri. Föður mínum, Þorleifi *Óskari* Gíslasyni, hafði hún kynnst og trúlofast meðan hann var við nám og störf hjá silfursmiðju Georgs Jensen í Kaupmannahöfn. Þau ráku síðan skartgripaverslun og gullsmíðaverkstæði í Reykjavík í áratugi, lengst af á Skólavörðustíg 5 og þar var einnig æskuheimili mitt. Þetta var gamalt hús með sögu, reist 1881 af Sigurði Jónssyni fangaverði og þá nefnt Ekkjukassinn enda hugsað sem bústaður konu hans ef hann félli fyrr frá. Í því höfðu búið merkar konur, m.a. Vigdís Guðnadóttir, amma Vigdísar Finnbogadóttur, er seldi foreldrum mínum húsið.

Móðir mín tók fullan þátt í rekstri fyrirtækisins með föður mínum, fannst það áhugaverðara og gagnlegra en að sinna venjubundnum heimilisstörfum. Til þeirra starfa voru fengnar vinnustúlkur, oftast danskar, sem fengu greiddar ferðirnar, uppihald og einhver laun og dvöldust oftast í um eitt ár í vistinni, stundum lengur. Móðir mín var mjög atorkusöm og vildi fjárhagslegt sjálfstæði. Hvort hún undi sér hér verulega vel er spurning sem seint verður svarað. Best var kannski að sökkva sér í þrotlausa vinnu til að deyfa söknuð eftir vinum, ættingjum, mildari veðráttu, skógarilmi og stórborgartilveru; alltént hamaðist hún daginn langan fram á nótt og kunni hvorki að slaka á né unna sér hvíldar. Hún tók þeim aðstæðum sem hún hafði kosið, en ævinlega var í henni togstreita og þegar hún var hérlendis var „heima“ í Danmörku, en þegar hún var þar var „heima“ hér. Svo er eflaust flestum farið sem flytjast frá föðurlandi sínu. Stríðsárin hafa einnig reynt á þolrifin þegar engar fregnir bárust af ættingjum, hvort þeir væru lífs eða liðnir.

Faðir minn var Reykjavíkursveinn, fæddur og uppalinn á Grettisgötunni, fór kornungur að spila á hljóðfæri – trompet og selló – og var í lúðrasveitum

frá fermingaraldri. Hann lærði ungur til gullsmiðs og fór eftir það utan til framhaldsnáms í þeirri grein og í sellóleik sem var hans hjartansmál þó svo að gullsmíðin hafi þótt vænlegri til tekjuöflunar. Á gullsmíðaverkstæðinu unnu ætíð 3–4 menn, gullsmiðir og nemar, og fyrir kom að stúlkur væru í læri. Einnig áttu foreldrar mínir 1/3 hlut í Silfursmiðjunni h/f þar sem framleiddur var silfurborðbúnaður og sá pabbi lengi um rekstur þess fyrirtækis og mamma um bókhaldið. Þegar harðnaði á dalnum í íslensku samfélagi á sjöunda áratugnum hættu þau rekstri skartgripaverslunarinnar og stofnsettu barnafataverslun og var rekstur sá alfarið í hennar höndum. Bæði voru þau félagslega virk fram á elliár.

Edda ung að árum fyrir framan æskuheimili sitt, „Ekkjukassann" á Skólavörðustíg 5. Myndin er tekin um 1943.

Við Elliðavatn byggðu þau sér sumarbústað og breyttu grýttu holti í trjálundi og ræktuðu grænmeti. Mörgum unaðs- og púlsstundum hefur fjölskyldan eytt þar jafnt á sumri sem vetri.

Að sjálfsögðu setja foreldrar mark sitt á börn sín og svo er um mig sem aðra. Þó að ég væri einkabarn tel ég að ég hafi fengið nokkuð aðhaldssamt uppeldi og ekki var verið að flíka tilfinningum með kjassi enda ekki til siðs. Að sjálfsögðu vildu þau allt fyrir ungann sinn gera og reyndu að velja það sem þau töldu mér fyrir bestu varðandi nám mitt og framtíð, hvort sem mér líkaði betur eða verr.

Fjögurra ára var ég sett í leikskóla til Bryndísar Zoëga sem var kjarnakona og rak leikskóla í KFUM-húsinu við Amtmannsstíg og þangað sótti ég seinna sunnudagaskóla og var þá mest spennandi að fá Jesúmynd áður en farið var heim að afloknum ræðum og söng.

Það voru stríðstímar, hermannakampur var á Hallveigarstíg þar sem nú er stórhýsi, hermenn á ferð um götur og stíga, sandpokabyrgi víða til að flýja í ef árás yrði gerð. Loftvarnaflautur voru þeyttar ef vart varð óvinaflugvéla og þá var klöngrast ofan í kjallara í myrka kolageymsluna þar til hættan var liðin hjá. Meðan Bretarnir voru hér man ég að mér fannst tilkomumikið á sunnudögum að fylgjast með því þegar Skotarnir í fararbroddi og fagurlitum pilsum gengu

fylktu liði með sekkjapípuleik niður Skólavörðustíginn á leið til messu í Dómkirkjunni.

Skólagöngu mína byrjaði ég 5 ára hjá Ísak Jónssyni og konu hans, frú Sigrúnu Sigurjónsdóttur, í Grænuborg sem þá var þar sem geðdeild Landspítalans er nú. Þar var ég tvo vetur og leið mín lá yfir Skólavörðuholtið þar sem einnig var hermannakampur. Mér var uppálagt að taka sprettinn þar hjá og alls ekki að eiga nein samskipti við hermenn; við það var staðið og kom ég móð og másandi í skólann eða heim. Minnisstæður er dagurinn þegar tilkynnt var í skólanum: Stríðið er búið! Gefið var frí og við þustum heim með stórtíðindin.

Fræðsla og frí

Móðir mín hafði í bernsku verið í einkaskóla og þannig skyldi það einnig vera um mig. Ég var því sett í Landakotsskóla sem hafði á sér orð fyrir að vera mjög góður skóli. Með þessari ráðabreytni var ég slitin úr tengslum við krakkana í hverfinu. Nóg var að vera einbirni, mér leiddist að eiga ekki systkini eins og aðrir krakkar en lærði snemma að dunda mér ein. Skólavistin var ágæt, en að skóladegi loknum fóru allir hver í sína áttina.

Í þá daga sátu kennararnir á háum stalli við kennarapúlt; þannig gátu þeir haft góða yfirsýn yfir bekkinn og séð að allt væri í röð og reglu, og nemendurnir litu þar með í eiginlegri merkingu upp til kennaranna. Frá 10 ára aldri kenndi íslensku frk. Guðrún Jónsdóttir frá Skál. Það var gríðarlegt tilhlökkunarefni að komast til fröken Guðrúnar því að hún sagði nefnilega sögur. Íslendingasögur. Þær kunni hún allar utanbókar og hafði þann háttinn á að í kvæðatímum þegar búið var að hlýða yfir kvæðin sagði hún okkur sögurnar það sem eftir var tímans og vei þeim sem ekki kunni kvæðin eða rak í vörðurnar, því þá varð minni tími fyrir sögu. Hún sagði okkur Njálu, Egilssögu, Grettissögu og Laxdælu, Fóstbræðrasögu, Harðar sögu og Hólmverja og einnig úr Sturlungu o.fl. Hún hafði einstakt lag á að segja sögurnar með þeim hætti að við biðum óþreyjufull eftir næsta kafla og sáum ljóslifandi fyrir okkur sögusvið og persónur. Við urðum snemma þess áskynja að minna fór fyrir kvenpersónum í sögunum, karlarnir fyrirferðarmeiri og iðnir við vígaferlin.

Guðrún Jónsdóttir var frábær kennari enda vildu allir sitja og standa sem henni líkaði. Aldrei hækkaði hún róminn heldur stýrði með mildi og festu öllum þeim skara sem hennar naut. Ég held að vart sé til sá nemandi sem ekki dáði hana, hún var sönn fyrirmynd um visku og prúðmennsku og það

var sárt að kveðja hana þegar skólagöngu í Landakoti lauk. Svo var einnig um bekkjarsystkinin sem nú tvístruðust í ýmsa skóla. Mér var þungt um hjarta þar sem ég rölti heim úr skólanum í síðasta sinn og hafði lengi kviðið deginum.

Á þessum árum fóru flestir krakkar í sveit á sumrin. Ég átti þess kost að dveljast nokkur sumur eftir stríð í danskri sveit þar sem móðurbróðir minn var bústjóri á feiknarstóru búi, eins konar herragarði, á Sjálandi. Þar kynntist ég stéttaskiptingu eins og hún tíðkaðist í þá daga og var framandi fyrir íslenska stelpu. Skörp skil voru á alla lund milli vinnuveitenda og vinnufólksins. Annar matur var borinn fyrir vinnufólkið en fyrir bústjórann og hans fólk, kallað var til hádegisverðar með slætti á gong og börn áttu að sitja stillt og prúð við matborðið sem búið var hvítum damaskdúk ásamt línservíettum og stofustúlka þjónaði til borðs; eins gott að missa ekki niður og setja blett í dúkinn.

Ég sótti þó mest í eldhúsið til vinnukvennanna, þær voru alþýðlegar og þar var mest fjörið. Þarna átti ég yndisleg sumur í ljúfri danskri náttúru. Mikið var hjólað og gengið til baða í sól og sumaryl, en um allt ólíkt tilveru í íslenskri sveit.

Svo var það sveitin mín hér heima. Ég var svo lánsöm að fá að verja nokkrum sumrum hjá frænku minni, Guðrúnu Davíðsdóttur, sem bjó rausnarbúi á Grund í Skorradal. Rúna frænka hafði ung misst mann sinn frá fjórum börnum og þá var úr vöndu að ráða: annaðhvort að hætta búskap eða taka slaginn með dyggri aðstoð barnanna og varð það úr. Þau gengu síðan til allra starfa með móður sinni og vinnuhjúum og skiluðu dagsverki sem fullorðin væru. Þarna lærði ég að vinna og fæ aldrei fullþakkað þá gæfu mína að fá að taka þátt í lífi og störfum þar á bæ. Það var ný tilfinning að vera gjaldgeng og halda sig gera gagn. Eflaust var gagnið takmarkað, en ég reyndi að leggja mig fram um að standa ekki öðrum að baki.

Systkinin, sem öll voru nálægt mér í aldri, urðu mér afar kær. Dóttir Rúnu, jafnaldra mín, kenndi mér tökin úti og inni, við hrærðum deig í bakstur, þvoðum upp, gengum í heyskapinn, rökuðum og rifjuðum, hjálpuðum til við að flytja hey í hlöðu, rákum og sóttum kýr, þvoðum mjólkurbrúsa, mokuðum flórinn, gáfum hænsnum, þvoðum þvotta í bala og skoluðum úti í læk, afgreiddum bensín og flengdumst á hestbaki með símskeyti á næstu bæi því símstöð var á Grund. Allt var þetta ævintýri líkast og á sunnudögum var farið ríðandi í Andakílslaug. Bærinn lá í þjóðbraut og símstöðin og bensínsalan gerðu að verkum að þarna var stöðugur straumur gesta. Rúna frænka var kát

og skemmtileg, hamhleypa til verka og hún gat allt, lét aldrei deigan síga og karlmenn stóðust henni ekki snúning. Hún fór fyrst á fætur og síðust í rúmið og væri laus stund var sest við prjónavélina eða orgelið. Hún varð mér vissulega fyrirmynd í því hvernig takast skyldi á við lífið.

Fröken, frú

Þegar að því kom að skipta um skóla vildi ég fara í Gaggó Aust (Gagnfræðaskóla Austurbæjar) þangað sem besta vinkona mín ætlaði og var í raun minn hverfisskóli. Foreldrar mínir höfðu aðrar skoðanir; nei, ég skyldi í Kvennaskólann, það væri betri skóli. Þessa ráðstöfun var ég mjög ósátt við og sór að líta þar aldrei glaðan dag og fyrirhafnarlaust gekk það eiginlega eftir. Síðar á lífsleiðinni gerðist ég kennari og hef aldrei getað skilið þann þankagang sem þarna var við lýði eða framkomuna við nemendur. Strangar kröfur voru gerðar um lágmarkseinkunnir til að komast í skólann. Allt var mjög stíft, reglufast og gleðisnautt og þéra skyldi kennarana, alla nema einn sem leyfði okkur nemendum að þúa sig. Nemendur voru hálfskjálfandi taugahrúgur hjá sumum kennaranna enda óspart hæddir fyrir litlar eða engar sakir. Mikil áhersla var lögð á hannyrðir. Fáum stúlkum var hleypt í landspróf, okkur var talin trú um að aðeins þær sem hæstar hefðu einkunnirnar ættu þangað erindi enda kom ekki til mála að kvennaskólastúlka stæðist ekki prófið með glans. Kvennaskólastúlkur urðu að skara fram úr til að skólinn héldi sínum status. Námið í skólanum gekk á þessum árum út á að gera okkur að fyrirmyndarhúsfreyjum, eða afbragðs skrifstofudömum. Bannað var að ganga í síðbuxum, við áttum að vera kvenlegar, skíðabuxur aðeins leyfðar þegar klofsnjór var í bænum.

Nemendur gegndu ýmsum hlutverkum, svo sem að moka „kennaratröppurnar“ við aðalinnganginn. Um þær tröppur máttu nemendur hins vegar ekki ganga, þeir gengu inn bakatil þar sem fyrir voru svonefndir mottuverðir sem sáu til þess að allir þurrkuðu kirfilega af skóm sínum. Námsmeyjum var bannað að mála sig eða nota andlitsfarða. Þær elstu og bíræfnustu stálust til að mála sig í fatahenginu að skóladegi loknum áður en laumast var út með samanbitnar varir; eins gott að mæta ekki kennurunum, en möguleiki að rekast á menntskælingana á leiðinni heim og þá þurfti að hafa „lúkkið“ í lagi. Aðskilnaðurinn við hitt kynið gerði strákana óhemju spennandi; ekki var um annað talað í frímínútum en stráka og síðan hver væri með hverjum og snemma þótti hrikalega hallærislegt að vera ekki með strák.



Edda Óskarsdóttir, fjórtán ára kvennaskólamær.

Það kom síðan að því að ég fór að vera með strák, dansfélaga mínum úr Dansskóla Rigmor Hanson. Ég hafði mikinn áhuga á dansinum og Rigmor var mér sérlega góð og elskuleg. Iðulega fór ég með henni eftir skóla bæði til Keflavíkur og upp í Mosfellssveit að liðsinna við kennsluna þegar hún hélt námskeið þar og það gaf smá pening í vasann og var skemmtilegt.

Það kom sér vel fyrir árshátíðina í skólanum að hafa dansherra, en ekki mátti mæta á árshátíð nema með herra og var það aðaláhyggjuefni námsmeyja allan veturinn hverjum ætti að bjóða með sér á árshátíðina og hafðar allskyns útveganir í þeim efnum. Þetta var æði fínt ball, síðir kjólar og dökk föt. Það fór nú svo, eftir að hafa verið með dansfélaganum meira og minna í heilt ár prúð og pen, að æ verr gekk að ráða við flæði hormónanna. Það hafði þær afleiðingar að ég varð ófrísk og nú var illt í efni.

Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að kynslóðin okkar fæddist inn í borgaralegt samfélag þar sem gamaldags viðhorf réðu ríkjum og algjör þöggun ríkti um kynferðismál og getnaðarvarnir. Jafnvel blæðingar kvenna voru feimnismál og margar stúlkur stóðu bara andspænis því einhvern daginn, sér nánast að óvörum, að vera orðnar kynþroska. Fyrstu fræðslu um kynferðismál hlaut maður á barnsaldri frá jafnöldrum sem höfðu einhvern pata af því hvernig fólk gerði hitt. Foreldrar töluðu ekki um slík málefni. Í skólum var uppfræðslan engin, hlaupið yfir kaflann um kynfæri og æxlun og nemendum sagt að líta yfir þetta sjálfir því kennarar treystu sér ekki til að ræða neitt sem snerti kynferðismál við nemendur. Aðgangur að getnaðarvörnum var ekki auðveldur, aðeins um smokkinn að ræða fyrir ungt fólk og um hann þurfti að biðja í apóteki þar sem hann var geymdur í skúffu undir afgreiðsluborði. Vanhagaði einhverja um slíkan varning hvísluðu þeir sótrauðir í vöngum að afgreiðslumeyjum og þá vissu allir viðstaddir hvað verið var að biðja um.

Ég varð að sjálfsögðu gjörsamlega miður mín þegar ég uppgötvaði ástand mitt og vissi ekki mitt rjúkandi ráð. Foreldrarnir urðu ekki par ánægðir eins og gefur að skilja, höfðu hugsað sér annars konar framtíð einkadótturinnar.

Fiskisagan flaug. Í skólanum sat ég sem fastast í sæti mínu í frímínútum. Varð nú spennandi að kanna hvort farið væri að sjást á mér og inn í stofuna okkar var stöðugur straumur til að athuga hvort ég væri farin að þykkna undir belti. Ári áður hafði ég séð eina námsmeyna sem eins var ástatt fyrir ganga grátandi um gangana og altalað var að hún ætti ekki að fá að ljúka skólanum, en hún gafst ekki upp og fyrir harðfylgi fékk hún að ljúka sínum prófum. Ég lagði einfaldlega ekki í þennan slag enda ekki eins langt komin í námi og hún hafði verið og lauk því aldrei námi mínu við skólann.

Trúlofun var opinberuð eins og þá var til siðs og ég fór ekki út úr húsi nema tilneydd, þvílíkt var hneykslið. Foreldrum mínum þótti málið allt álitshnekkir, bæði fyrir mig og sig. Að sjálfsögðu missti ég síðan af skólafélögunum og hinum glöðu og áhyggjulausu æskuárum sem svo rómuð eru.

Sextán ára gömul var ég svo orðin móðir, eignaðist yndislega litla stúlku og hét sjálfri mér því að ég skyldi annast hana vel, enginn skyldi geta sagt að ég stæði ekki í stykkinu. Þegar faðirinn, Gunnar Dyrset, lauk sínu stúdentsprófi og við vildum fara að búa, auk þess sem mig langaði mikið til að fara með honum í stúdentsferðalag um Evrópu sem lengi hafði verið safnað fyrir, var gerð krafa um að við giftum okkur. Við hokruðum síðan á loftinu hjá foreldrum mínum næstu árin. Bóndinn fór í nám við Háskóla Íslands, námslánum ekki fyrir að fara og það varð að afla tekna. Sumarhýra eiginmannsins og síðan laun mín fyrir afgreiðslustörf í skartgripaverslun foreldranna dugðu með ýtrustu sparsemi til að framfleyta okkur. Þar kom að önnur yndisleg dóttir fæddist. Til þess að ég gæti unnið þurfti pössun fyrir börnin og ég fór ítrekaðar ferðir á fund forstöðukonunnar í Tjarnarborg til að reyna að fá inni fyrir telpurnar. Dagheimilispláss voru þá eingöngu fyrir einstæða foreldra og námsfólk og þar sem maðurinn minn var í námi hefði það átt að duga, en ég fékk þau svör að ég ætti svo góða að, aðrir þyrftu að hafa forgang. Ég taldi okkur ekki geta legið uppi á foreldrum mínum og það hafðist að lokum fyrir þrákelkni að fá pláss fyrir telpurnar.

Árin liðu svo með þessum hætti: telpunum komið í Tjarnarborg á morgnana, mætt í vinnuna klukkan níu, hádegishléi sleppt og ég fékk síðan að fara klukkutíma fyrir lokun til að sækja dæturnar, matarinnkaup, eldað, þvegnir þvottar og saumaður allur fatnaður fram á nætur. Mjög algengt fyrirkomulag í hjónaböndum ungs fólks var að konurnar ynnu á meðan karlarnir stunduðu

háskólanám og síðan stóðu vonir til að eitthvað betra tæki við þegar þeir lykju embættisprófi og gætu séð fyrir eiginkonu og börnum.

Það stóðst hins vegar á endum að þegar háskólanámi mannsins míns lauk var hjónabandið að þrotum komið og við skildum. Þó að skilnaðurinn hafi tekið á okkur bæði sem og dæturnar auðnaðist okkur að halda vinskap sem staðið hefur alla tíð og kært er með okkur öllum.

Fyrirvinna

Við skilnaðinn stóð ég á krossgötum. Ég byrjaði í myndlistarnámi í kvöldskóla og stundaði það stíft næstu árin auk þess sem ég fór fljótlega að vinna á keramikverkstæðinu Glit h/f hjá Ragnari Kjartanssyni. Á starfsárum mínum unnu þar margir ungir myndlistarmenn lengur eða skemur, svo sem Jónína Guðnadóttir, Þorbjörg Höskuldsdóttir, Hringur Jóhannesson, Haukur Dór Sturluson, Sigurjón Jóhannsson, Jón Gunnar Árnason, Dieter Roth o.fl. Daginn langan sátum við ýmist við framleiðslu á leirmunum eða skreytingu þeirra og önnur tilfallandi störf. Þetta var skemmtilegur vinnustaður, gestakomur tíðar, menningarleg og róttæk umræða og glatt á hjalla. Snemma urðum við konurnar þó varar við að kaupið okkar væri allnokkru lægra en karlanna þótt við skiluðum nákvæmlega sams konar verki og afköstuðum síst minna. Þetta var nokkuð erfiður biti að kyngja. Málið var afgreitt með þeim rökum að karlarnir væru fyrirvinnur og mismununin þá alsiða.

Á þessum árum hóf ég að ferðast með Ferðafélagi Íslands og kynntist dýrð íslenskrar náttúru; háfjallakyrrðin dró. Við Þorbjörg Höskuldsdóttir ferðuðumst mikið saman og höfðum þörf fyrir að teikna og mála úti í náttúrunni. Til þess gafst ekki mikið tóm í ferðum FÍ þar sem farið var hratt yfir og því brugðum við sameiginlega á það ráð að nurla saman fé til kaupa á nýjum Landrover-jeppa svo að við gætum farið okkar eigin ferða og ég haft telpurnar mínar meðferðis. Landroverinn var á þessum tíma flokkaður sem landbúnaðartæki og ekki svo ýkja dýr. Það var nýlunda árið 1964 að kvenfólk keypti sér jeppa til að skottast á upp um fjöll og firnindi, við hljótum að hafa verið fyrstar til þess. Við fórum í löng ferðalög í sumarfríum, bæði yfir Kjöl og Sprengisand og eins langt austur og komist varð fyrir tíma hringvegarins, einnig vestur og norður á Strandir, könnuðum Suðurland og sulluðumst í ám. Þetta voru ógleymanlegar og ævintýralegar ferðir. Um helgar héldum við oft í Þórsmörk þar sem við kynntumst

Edda og dæturnar, Margrét Þóra (t.v.) og Anna Vilborg, við jeppann Hippókrates sem þær Þorbjörg Höskuldsdóttir keyptu í sameiningu 1964 til þess að geta ferðast frjálsar um landið og stundað náttúruskoðun og listsköpun í góðu tómi.

Jóni Böðvarssyni og Finni Torfa Hjörleifssyni sem voru skálaverðir á staðnum og langar og spaklegar samræður við þá komu umróti á hugsanir mínar og lífsskoðun. Nokkru seinna leiddi Jón okkur Hjalta Kristgeirsson saman og þau kynni urðu til þess að síðan höfum við fetað saman langan æviveg.

Á þessu tímabili kynntist ég einnig Vilborgu Harðardóttur og fjölmörgu ungu, róttæku fólki. Foreldrar mínir studdu mig og voru mér hjálplegir með uppeldið á dætrunum og við bjuggum enn í risinu hjá þeim. Hvort þeim hugnaðist vaxandi róttækni dótturinnar er annað mál. Þau vildu gjarnan bæta menntun mína svo að ég samdi um leyfi frá vinnu og fór eitt sumarið á listaskóla í Cornwall, mér til mikils gagns og ánægju. Það var frelsandi tilfinning að þurfa aðeins að hugsa um sjálfa sig um skeið. Á meðan voru telpurnar mínar í sveit á Ökrum á Mýrum sem er þeim eftirminnilegur tími.

Eftir þrjú ár í Glit var kominn tími til að huga að framtíðarstarfi. Ég sótti um inngöngu í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og útskrifaðist þaðan sem myndlistarkennari 1967. Í skólanum lágu leiðir okkar Hildar Hákonardóttur saman og við urðum strax miklir mátar. Við horfðum með vaxandi gagnrýni á samfélagið þar sem víða blasti við hróplegt misrétti og löngunin jókst til að leggja eitthvað af mörkum til úrbóta. Erlend herseta var okkur eins og svo mörgum öðrum þyrnir í augum og brátt vorum við farnar að taka þátt í Keflavíkurgöngum Samtaka hernámsandstæðinga.

Árin í skólanum voru frjór og skemmtilegur tími og við höfðum frábæra kennara sem opnuðu okkur nýjar víddir og mikil gerjun í gangi. Námsárin voru á enda fyrr en varði og þá hófst ferill minn sem myndlistarkennari. Í

nærri áratug starfaði ég við grunnskólastigið. Einn vetur í Miðbæjarskólanum í afleysingum og síðan á Seltjarnarnesi við Mýrarhúsaskóla og Valhúsaskóla í hópi ungra og áhugasamra kennara. Verkgreinakennarar sátu síðan ekki við sama borð og aðrir varðandi launauppbót er þarna tíðkaðist. Við það sætti ég mig ekki og hætti því störfum þótt mér þætti leitt að skiljast við nemendur og samstarfsfólk.

Fylkjum liði

Það var á starfsárum mínum á Seltjarnarnesi sem ég starfaði í Rauðsokkahreyfingunni, allt frá stofnun hennar 1970 og fram yfir kvennafrídaginn haustið 1975. Ekki er laust við að nokkuð hafi snjóað yfir einstakar minningar um það sem á dagana dreif í því streði öllu, enda liðnir um fjórir áratugir og fátt skjalfest. En stóru drættirnir eru skýrir og ekki síst minnisstætt hversu baráttuglaðar við vorum og hvað húmorinn var alltaf ríkur þáttur í öllu sem við tókumst á við þó svo að viðfangsefnin væru grafalvarleg.

Um þær mundir sem Rauðsokkahreyfingunni var hleypt af stokkunum var mikil ólga með ungu fólki á Íslandi í kjölfar stúdentauppreisna erlendis og fréttir teknar að berast af konum sem ekki létu lengur bjóða sér úrelt viðhorf og voru farnar að láta til sín taka. Hinn 24. apríl 1970 var blásið til fundar í kaffistofu Norræna hússins til að ræða stöðu kvenna. Fundurinn varð svo fjölmennur að flytja varð hann niður í kjallara, sem þá var óinnréttað rými, og setið var á gólfi og kössum og staðið hvar sem drepa mátti niður fæti. Heitar umræður urðu og hugdjarfar konur hvöttu til samstöðu og aðgerða.

MR-ingar höfðu þá nýlega sýnt *Lýsiströtu* Aristófanesar á Herranótt í leikstjórn Brynju Benediktsdóttur í Háskólabíói, áhrifamikla og ógleymanlega sýningu um samtakamátt kvenna. Brynja hafði látið gera mikla styttu – kvenlíkneski úr frauðplasti – fyrir sýninguna; verkið vann Jón Benediktsson myndhöggvari. Upp kom sú hugmynd að fá styttuna léða og bera hana í 1. maí-göngunni sem eins konar kennitákn hinnar nýfæddu kvennahreyfingar. Við Hildur Hákonardóttir fórum ásamt Brynju og einhverjum fleiri, minnir mig, heim til Messíönu Tómasdóttur leikmuna- og búningahönnuðar sýningarinnar, sem geymdi styttuna í bílskúrnum hjá sér, til að falast eftir gripnum, mæla hann og kanna með hvaða hætti væri unnt að bera flikkið. Sett var saman burðargrind og borði með áletruninni „Manneskja – ekki markaðsvara“ var því næst strengdur eins og fegurðardrottningarborði á styttuna. Þegar kom að stóru stundinni vógu

Táknmynd hinnar nýfæddu kvenfrelsishreyfingar, Lýsiströtustyttan úr Herranótt, var drifin út úr bílskúr Messíönu Tómasdóttur, skreytt fegurðardrottningarborða og borin niður Laugaveg af mörgum fúsum höndum.

margar hendur styttuna á loft og færri komust að en vildu. Fjöldi kvenna hafði heyrt auglýsingu Vilborgar Dagbjartsdóttur í útvarpinu, þar sem skorað var á konur á rauðum sokkum að mæta í gönguna, og flykkst á Hlemm þar sem þær fylktu sér undir og umhverfis styttuna. Illa ætlaði að ganga að fá að vera með í göngunni en látið gott heita að við yrðum aftastar.

Þetta sjónræna uppátæki vakti feikna eftirtekt og varð kveikjan að því að við notuðum svo til alltaf einnig sjónræna framsetningu á okkar málflutningi. Segja má að Rauðsokkahreyfingin hafi orðið til 1. maí 1970 með þessari aðgerð. Stuttu seinna eða 14. júní var síðan haldinn fjölmennur fundur í Þjóðleikhúskjallaranum þar sem talsverðar umræður urðu, m.a. um heiti samtakanna. Stungið var upp á því að nefna þau Mannréttindafélag Íslands, en það var ekki borið undir atkvæði þar sem viðstöddum þótti ráðlegast að framkvæmdanefnd gengi fyrst frá drögum um framtíðarskipulag og heiti samtakanna yrði síðan ákveðið á stofnfundi.[1]

Um sumarið var unnið í starfshópum að undirbúningi formlegrar stofnunar og fundur var haldinn í Norræna húsinu 22. september þar sem heitið *rauðsokkar* og framtíðarskipulag hreyfingarinnar var kynnt.[2] Hinn 19. október var svo haldinn opinn kynningarfundur um starfið framundan fyrir troðfullu húsi og fólk flykktist í starfshópa.[3]

Hjónin Helga Ólafsdóttir og Stefán Karlsson buðu fram tvö herbergi á jarðhæð í húsi sínu á Ásvallagötu 8 sem fundaraðstöðu endurgjaldslaust. Þetta var afar höfðinglegt og ómetanlegt fyrir alla starfsemina því hreyfingin hélt til í húsi þeirra hjóna næstu árin með tilheyrandi ánauð á húsráðendum, allt þar til vistarveran var löngu sprungin utan af okkur. Þá var fengið inni fyrir starfshópa í Hamragörðum við Hofsvallagötu þar sem Samvinnuhreyfingin réð ríkjum, en á haustmánuðum 1974 var loks ákveðið að taka á leigu stærra húsnæði. Það var á efstu hæð á Skólavörðustíg 12, í svonefndu Kronhúsi.

Við fluttum með allt okkar hafurtask og nú þurfti að standsetja nýja húsnæðið, mála og dytta að og verða sér úti um húsgögn og annan búnað með snöpum. Í Kassagerðinni fengum við flennistóra hólka innan úr pappírs- eða papparúllum og söguðum í sundur, máluðum þá og saumuðum sessur og úr urðu fínustu kollar. Smalað var saman húsgögnum og á mettíma tókst að gera húsnæðið vistlegt og var það nefnt Sokkholt.

Á Ásvallagötunni tóku ýmsir karlmenn þátt í starfinu með okkur og auk Stefáns Karlssonar eru mér sérlega minnisstæðir Bjarni Ólafsson, Finnur Fróðason og Guðjón Friðriksson, en einnig komu þar við sögu Eiríkur Guðjónsson, Elías Davíðsson og fleiri. Komið var á aðgerðahópum og leshringjum og nýjar erlendar kvennabókmenntir voru krufðar til mergjar. Karlarnir fundu sig þegar á hólminn kom kannski ekki alveg í allri þessari kvennaumræðu og rjátluðust flestir smám saman af okkur en voru áfram eindregnir stuðningsmenn líkt og margir aðrir sem ekki tóku beinlínis þátt í starfseminni en studdu okkur leynt og ljóst.

Orðspor okkar fór eins og eldur í sinu um þjóðfélagið og stóð mörgum mikill stuggur af starfseminni. Við þóttum ógnvekjandi og vorum sagðar hinar verstu frenjur, ljótar brussur í mussum, óalandi og óferjandi, en jafnframt dálítið spennandi eins og allt sem hættulegt er. Beiðnir tóku að berast frá hinum og þessum karlaklúbbum um að koma á þeirra fund og upplýsa félagsmenn um hvað það væri í raun og veru sem við vildum. Ég man eftir einni slíkri ferð suður í Keflavík þar sem við Guðrún Hallgrímsdóttir messuðum yfir klúbbmeðlimum á meðan þeir átu sinn þorramat eða annað góðgæti, Guðrún sköruleg að vanda og kvað þá alla í kútinn þegar þeir reyndu að koma höggi á okkur, ég með heimagerðu plakötin til að sýna þeim svart á hvítu hvernig staða kvenna væri í launamálum, menntunarmálum, dagvistarmálum o.s.frv. Að endingu kvöddu þeir okkur með virktum, allnokkru fróðari. Margar fórum við í slíka leiðangra

og reyndumst þegar til kom hvorki eins forljótar né hroðalega hættulegar og af var látið og menn sáu að við höfðum hreint ekki svo lítið til okkar máls.

Störf mín í Rauðsokkahreyfingunni fólust að mestu í hinni myndrænu framsetningu okkar. Við gerðum allskyns plaköt/veggspjöld sem voru mikið notuð til að leggja frekari áherslu á málflutninginn auk þess sem útbúa þurfti spjöld og borða fyrir kröfugöngur og uppákomur. Til þess þurfti rúmgott húsnæði og þegar mikið lá við kom fyrir að við Hildur Hákonar fengjum leyfi til að vinna á kvöldin í Myndlista- og handíðaskólanum. Þar lágum við svo á hnjánum ásamt vöskum konum við að mála spjöld og slagorðaborða eins langt fram eftir og leyfilegt var. Ég safnaði í úrklippumöppur öllu því sem um okkur var skrifað í blöðin og mér tókst að nálgast og spannar það árin 1970–1974. Flest hygg ég að ratað hafi í möppurnar sem eru nú gagnlegar heimildir.

Við vorum með allskyns uppákomur á götum úti, t.d. á Þorláksmessu þar sem við vöktum athygli á kaupæðinu fyrir fæðingarhátíð frelsarans og hinni útslitnu húsmóður sem hamaðist vikum saman við undirbúning jólanna, bakandi óteljandi sortir af smákökum sem þá þótti tilhlýðilegt og saumandi gjafir og jólafatnað á fjölskylduna langt fram eftir öllum nóttum ásamt öðrum undirbúningi, allt að afloknum venjulegum vinnudegi.

Mínir foreldrar sofnuðu ævinlega úrvinda á aðfangadagskvöld meðan verið var að taka utan af jólagjöfunum og þannig var það víst víða og er eflaust enn hjá þeim sem vinna við eða standa í verslunarrekstri.

Í maí 1971 hélt hópur rauðsokka í Kópavogi opinn og fjölsóttan fund um dagheimilismál að undangenginni viðamikilli könnun á dagheimilisþörf þar í bæ.[4] Þarna voru settar fram sláandi tölur í ræðu, riti og myndrænu formi og komu niðurstöður mörgum bæjarstjórnarmönnum í opna skjöldu og því augljóst að gera þyrfti bragarbót í þessum efnum. Fundinum voru gerð góð skil í *Þjóðviljanum* og könnunin hratt af stað aukinni umræðu um skortinn á dagheimilisplássum sem alls staðar blasti við. Gift fólk fékk ekki inni fyrir börn sín nema vera í námi og langt frá því að það dygði alltaf til. Því gripu nú sumir til þess ráðs að leigja í sameiningu húsnæði og starfrækja sjálfir dagheimili fyrir börn sín. Seinna komu dagmæður til sögunnar sem leystu brýnan vanda margra en úr þessum málum rættist ekki að gagni fyrr en Reykjavíkurlistinn kom því í gegn að allir skyldu eiga kost á gæslu fyrir börn sín, og var þá eitt af brýnustu baráttumálum okkar í höfn.

Hinn 19. júní 1971 gengust rauðsokkar (þá þegar umhverfissinnar) ásamt öðrum hópum fyrir uppákomu neðst í Bankastræti og fyrir framan Bernhöftstorfuna sem kallaðist Andóf. Meðal annars var þar mótmælt miklu jarðraski sem á svæðinu var vegna malbikunarframkvæmda til að greiða einkabílum för um miðbæinn. Við vorum með plaköt sem á stóð: „Börn en ekki bíla í miðbæinn!“ og margs konar önnur veggspjöld sem komið var fyrir á húsveggjum.

Enn fremur var mótmælt eiturhernaði í Víetnam og misrétti í ýmsum myndum. Í frétt *Þjóðviljans* af uppákomunni[5] segir að rauðsokkur hafi gengið um miðbæinn og framleitt músík með sleifum, pottum og pönnum til að vekja athygli á Andófi, og minnir sú lýsing óneitanlega nokkuð á seinni tíma andóf, fyrir ekki svo löngu.

Útbúið hafði verið svohljóðandi dreifibréf:

A N D Ó F

19. júní nefnist kvenréttindadagur.

Sumum finnst fáránlegt að berjast fyrir réttindum kvenna og fólks almennt í því þjóðfélagi sem þeir telja hið íslenzka vera. Mörg okkar lifa í þeirri trú að hér hafi mannréttindum verið framfylgt í einna ríkustum mæli. Það er ósatt.

Á meðan gæðum er misjafnlega skipt, og mannleg samskipti afbakast vegna peningahyggju og glórulausrar samkeppni, er ástæða til að standa fast gegn ágangi á réttindi fólks.

Mannréttindi eru þáttur stjórnmála, og stjórnmál eru ekki bara flokkarígur og dægurþras.

Umhverfið, félagslegt og annað, mótar stjórnmálaskoðanir fólks. Stjórnmál eru afstaða manna til umhverfis þess, sem þeir skynja. Léleg og einhliða upplýsingamiðlun á Íslandi, er grundvöllur ófullkominnar skoðanamyndunar. Menntun og uppeldi fara fram á röngum forsendum.

H v a ð v i t u m v i ð u m :
aðstöðumun ungs fólks til menntunar?
stöðu og innrætingu konunnar í þjóðfélaginu?
verkalýðsmál og launakjör?
forsendur herverndar?

> dreifingu valdsins og þingræði?
> EFTA og Efnahagsbandalag Evrópu?
> mótun einstaklingsins? … svo dæmi séu nefnd.
>
> Undirritaðir hópar fólks vilja vekja athygli á þessum spurningum, og ýmsum öðrum málefnum. Við gerum því laugardaginn 19. júní að öðru og meiru en sérstökum kvenréttindadegi og efnum til ýmissa aðgerða þann dag:
> m a n n r é t t i n d a d a g i n n.
>
> Við verðum á ferð víðsvegar um miðbæinn og dreifum upplýsingum. Leikin verður syrpa af vinsælum lögum. Auk þess verður upplýsingamiðstöð starfrækt í Bakarabrekkunni, þar sem aðgerðum lýkur með vakningu klukkan 12 á hádegi.
>
> Aðgerðirnar hafa samnefnið ANDÓF
> Iðnnemar, Bylting, SÍNE-fólk, Fylkingin, 19. júní starfshópur Rauðsokka, Atvinnulausir skólanemar, Verðandi-fólk.[6]

Þjóðviljinn birti myndir undir fyrirsögninni: „Andóf með nýjum brag“. Undir einni myndinni stendur:

> Rauðsokkar syngja þekkt lag við nýjan texta, sem ritaður er á spjaldið. […] Aðgerðirnar voru með öðru svipmóti en hingað til hefur tíðkast hér á landi. Þannig hljóðar Rauðsokkuljóðið: Fósturlandsins frægi, / fagri vanaprins./ Faðir, gumi, gæi, / göfugt er lof vors kyns. / Blessað sé þitt blíða / bros og gullið tár. / Þú ert lands og lýða / ljós í þúsund ár. […][7]

Sigurður A. Magnússon var ritstjóri *Samvinnunnar* þessi árin. Hann nefndi 5. tölublað ársins 1971 „Konan er maður“ og var það að meginhluta helgað skrifum og starfi rauðsokka og vakti mikla eftirtekt og umtal.[8] Þetta tiltæki Sigurðar þótti djarft og ekki kunnu allir honum þakkir fyrir, en þarna reyndist hann okkur rauðsokkum drjúgur liðsstyrkur.

Forvitin rauð

Árið 1972 réðumst við í útgáfu rauðsokkablaðsins *Forvitin rauð*. Þá voru önnur vinnubrögð uppi en nú tíðkast. Engar voru tölvurnar, allt vélritað, teiknað,

klippt og límt saman á stórar arkir sem síðan var farið með í offsetprentun. Starfandi voru blaðhópar að hverju blaði er sáu um greinaskrif og efnisöflun. Þegar kom að uppsetningu blaðanna voru fyrstu tölublöðin að mestu unnin af okkur Vilborgu Harðardóttur sem sá iðulega um vélritun greina og annars efnis en við Hildur Hákonardóttir önnuðumst útlit og myndefni. Ég gerði blaðhausinn og sá um forsíður fyrstu blaðanna, ýmist ein eða ásamt Hildi, og við báðar áttum síðan teikningar á innsíðum.[9]

Vilborg var forkur til vinnu, blaðamaður að atvinnu, öllum hnútum kunnug og þekkti allt og alla, sem auðveldaði okkur mjög þá miklu vinnu sem inna þurfti af hendi, t.d. við að koma blaðinu í prentun hjá Offsetprenti sf. Eftir prentun tók blaðhópurinn aftur við og skipulagði söluna sem fyrstu árin fór eingöngu fram í lausasölu og á götum úti, svo sem í 1. maí-göngunni eða við aðrar tilfallandi uppákomur. Upplagið var í fyrstu ekki stórt, ég held nokkur hundruð eintök. Síðar komu aðrar myndlistarkonur að útliti blaðsins svo sem Sigrún Eldjárn, Hjördís Bergsdóttir og einhverjar fleiri, en mér ekki kunnugt. Stundum voru gerðir einblöðungar sem dreift var meðal almennings, t.d. í tengslum við fegurðarsamkeppnir sem okkur þótti fáránlegar og niðurlægjandi.

Fegurð og fé

Gagnrýni okkar á fegurðarsamkeppnir byggðist á því að við vildum að konur væru metnar að verðleikum af störfum sínum og getu, en ekki af ytri ásýnd. Okkur fannst niðurlægjandi að konur væru leiddar á pall eins og búfé og dæmdar þar samkvæmt máli, útliti og ríkjandi tískuviðmiðum. Þær væru hafðar að féþúfu með sölumennsku í kringum keppnirnar auk þess sem alið væri á hégómagirnd þeirra í stað þess að hvetja þær til að afla sér menntunar til betra lífs. Til þess að vekja athygli á þessum sjónarmiðum mættum við utan við þá staði þar sem fegurðarsamkeppnir fóru fram og frægust varð uppákoman okkar á Akranesi 10. september 1972.

Ferðin þangað var upphaflega farin í öðrum tilgangi, til fundar við verkakvennafélagið á Akranesi. Þetta var fjölsóttur og vel heppnaður fundur þar

Mynd á næstu opnu: Rauðsokkar og stuðningsmenn þeirra syngja um vanaprinsinn í Andófi á Bernhöftstorfunni 19. júní 1971. Í sönghópnum má m.a. þekkja (frá vinstri) Gerði Steinþórsdóttur, Þorgeir Þorgeirson, Vilborgu Dagbjartsdóttur (með sjal), Helgu Gunnarsdóttur, Árna Björnsson, Lilju Ólafsdóttur (með blað í hendi), Hildi Hákonardóttur (í ljósri kápu) og Eiríki Guðjónsson (utarlega til hægri með köflóttan trefil). Guðrún Hallgrímsdóttir snýr baki í ljósmyndarann og kollurinn á Gerði G. Óskarsdóttur gægist upp fyrir vinstri öxlina á henni.

FÓSTURLAN
FAGRI VAN
FAÐIR, GU
GÖFUGT
BLESSAÐ
BRÓS OG
ÞÚ ERT
LJÓS Í
JÁ AURORA

ANDSINS FRÆGI,
ANNAPRÍNS.
GUMI, GÆI,
ER LOF VORS KYNS
SÉ ÞITT BLÍÐA
OG GULLIÐ TÁR.
T LANDS OG LÝÐA
Í ÞÚSUND ÁR.
Markmið okkar eru:
1. Að vinna að fullkomnu jafnrétti karla og kvenna á öllum sviðum þjóðlífsins.
2. Að vinna gegn því, að kynferði komi í veg fyrir að einstaklingar geti valið sér starf í samræmi við hæfileika sína og áhuga.
3. Að hvetja konur til að notfæra sér ráðleggingar sem þær geta nú þau nýtist, sem þær þegar hafa.
4. Að
5. Að
MAMMA
HEIM
EX!
REYKJA
VEIMI
S EY
IR MENN
NN
Í LUND
UND
JÓS
ABERG
MERG.

sem Svava Jakobsdóttir, rithöfundur og alþingismaður, og Herdís Ólafsdóttir, formaður kvennadeildar verkalýðsfélagsins, höfðu framsögu og almennar umræður fylgdu í kjölfarið.

Þetta sama kvöld átti að halda fegurðarsamkeppni á Hótel Akranesi, það var okkur fullkunnugt um og höfðum undirbúið aðgerðir. Tveir kumpánar höfðu keypt réttinn til að halda fegurðarsamkeppnir þetta ár og voru nú á yfirreið um landið þar sem þeir sjálfir völdu „í sparnaðarskyni“ stúlkur í fegurðarsamkeppnina um ungfrú Ísland. Að fundinum loknum fórum við í lítilli rútu inn í Hvalfjörð að bænum Galtalæk til fundar við bóndann Sæmund Helgason. Hann léði okkur kvíguna Perlu Fáfnisdóttur Blesasonar, henni var komið upp í rútuna og bóndinn kom með okkur í leiðangurinn. Við skemmtum okkur konunglega á meðan ekið var aftur út á Skaga. Þar var Perla skrýdd kórónu og borða að drottningarhætti og teymd að anddyri Hótels Akraness þangað sem ungmenni streymdu nú að í stríðum straumum. „Þetta fór allt friðsamlega fram, sagði lögreglumaður sá á Akranesi er fyrir svörum varð, þegar álits lögreglunnar var leitað. Rauðsokkurnar voru mjög prúðar og háttvísar og létu ekki á sig fá, þó að keppandi þeirra fengi ekki að ganga í salinn. Og kvígan rauðsokkótta var til sannrar fyrirmyndar í allri hegðun.“[10] Við vorum að vanda með áróðursspjöld og dreifðum fjölriti með skoðanakönnun um meyjamat.

Sæmundur Helgason, bóndi á Galtalæk, með fegurðardísinni Perlu Fáfnisdóttur, Miss Young Iceland 1972.

S k o ð a n a k ö n n u n

(setjið kross, þar sem við á)

1) Hvaða eiginleika á að verðlauna hjá fólki að yðar mati?

☐ rétt brjóstmál
☐ brjóstgæði
☐ rétt mjaðmamál
☐ mannkosti
☐ þyngd
☐ þolinmæði
☐ fegurð
☐ félagsþroski

2) Hvað veldur því að fólk lætur sýna sig?

☐ gróðavon
☐ menntunarvon
☐ frægðarvon
☐ hégómagirnd

3) Í hvers þágu haldið þér að svona sýningar séu haldnar?

☐ í þágu sýningargripanna
☐ í þágu þjóðfélagsins
☐ í þágu þeirra sem verið er að skemmta
☐ í þágu skemmtanaiðnaðarins

4) Hvert teljið þér að ágóðinn af sýningunni renni?

☐ til stúlknanna sem sýndar eru
☐ til stúlknanna sem horfa á
☐ til mjaltavélarinnar Opus*
☐ í landhelgissjóðinn.

Skilið áður en sýningu lýkur.[11]

* (Til skýringar á mjaltavélinni Opus má geta þess að annar keppnishaldara var í hljómsveitinni Opus sem einmitt stóð fyrir dansleiknum.)

Perlu var að áliðnu kvöldi ekið heim aftur og mikið lofuð, enda hafði hún staðið sig með prýði og vakið óskipta athygli.

Mikið var skrifað um tiltækið í blöðum og fegurðarkeppnir lögðust eftir þetta af um nokkurt skeið; stúlkur lögðu ekki í að láta teyma sig á pall til mats, þetta var orðið að aðhlátursefni. Eftirfarandi vísur birtust í *Alþýðublaðinu* skömmu síðar, Lómur orti:

Akraneskvígan er stolt okkar blómlegu byggða
og bráðum mun dýrð hennar skína á Langasandi,
aldrei sást fríðari fulltrúi kvenlegra dyggða
í fegurðarsamkeppninni á voru landi.

Ekki verður á betra bent eða kosið
en ballettspor kusu, þótt árin og dagarnir líði,
hreimfagra röddina, hlýtt og elskulegt brosið
og halaskúfinn, skepnunnar meginprýði.

Akraneskvígan er forkunnar fagur gripur,
fljótandi augun, glæsileg vaxtarmálin,
og sézt hefur varla annar eins yfirsvipur,
allt er fullkomið – líkaminn jafnt og sálin.[12]

Seinna sótti aftur í sama farið. Útlitsdýrkun og prjál hefur síðan tröllriðið tísku og því ævinlega haldið að ungum stúlkum hversu þroskandi sé að taka þátt í fegurðarsamkeppni og atvinnutækifærin bíði þeirra síðan í hrönnum!

Frenjur og fóstureyðingar

Að undirlagi Guðrúnar Hallgrímsdóttur höfðum við unnið 10 útvarpsþætti um helstu baráttumál okkar og voru þeir fluttir snemma árs 1972 á hlustunartíma húsmæðra eftir hádegi þegar uppvaski var lokið, en þá tíðkuðust enn aðalmáltíðir dagsins í hádeginu.[13] Greiðslan sem fékkst fyrir þessa þætti gerði okkur síðan kleift að ráðast í útgáfu blaðsins okkar. Útvarpsþættirnir, sem mikil og góð vinna var lögð í, vöktu verulega athygli og allnokkurt umrót. Í lesendadálkum blaðanna mátti lesa um hvernig kommúnistakerlingar og kvenvargar sölsuðu undir sig útvarpið á besta hlustunartíma. Einnig mátti sjá að „meira frá rauðsokkum í fjölmiðlana væri indælt“[14].

Í *Mánudagsblaðinu* birtist eftirfarandi:

> *Vilja rauðsokkur „kála“ afkvæmum sínum?*
> […] Það er reyndar reginhneyksli að þessir 10 áróðursþættir skyldu yfirleitt fá inni í útvarpinu, því þeir eru ekkert annað en uppreisnarkvabb í afdönkuðum kommúnistakellingum. Hefði maður þó haldið að þeim ætti að nægja þessi fasti nöldurþáttur ABC, sem hefur verið annar aðalvettvangur sósíalista í útvarpinu (hinn er harmkvælaþátturinn um verkalýðsmál), til þess ætlaður að ala kvenfólk upp í frekju og dónaskap og auka þannig úlfúð og upplausn í samfélaginu. Gengur þetta svo langt að rauðsokkur eru farnar að krefjast „frelsis“ til að láta koma eigin börnum í móðurlífi fyrir kattarnef, saklausum börnum sem þær af léttúðarsökum hafa leiðzt út í að eiga með hinum og þessum. Verður þó ekki annað séð en að fullfrískar stúlkur geti vel unnið fyrir börnum sínum nú til dags. Auk þess tekur ríkið ótaldan skildinginn af skattborgurum til að kosta uppeldi þessara krakka. Ef í hart færi gætu stúlkur alltaf gefið barn sitt einhverju góðu fólki. En það er til marks um ósvífni rauðsokka, að ein þeirra lýsti því yfir í sjónvarpsþætti, að það væri ólíkt mannúðlegra að gera fóstureyðingu á barni heldur en gefa það einhverju fólki út í bæ!
>
> Rauðsokkur virðast halda að þær geti leikið sér að spillingunni án minnstu ábyrgðar, og þegar barn kemur undir heimta þær að því sé óðara kálað svo að þær geti haldið áfram að mennta sig endalaust og lifað dátt á þeim lánum og styrkjum sem alþjóð er uppálagt að veita þeim. Hér á landi mun þriðja hvert barn fæðast óskilgetið, og yrði það þjóðinni afdrifaríkt, ef hugsunarháttur rauðsokka og glamuryrði Bjarna Guðnasonar og annarra kommúnista yrðu höfð að nokkru. Hin guðlausa svívirða myndi þá löghelguð undir yfirskyni persónufrelsis. Ég hef þó það traust á íslenzku kvenþjóðinni, að ég þykist vita, að það yrði aðeins lítill hópur samvizkulausra eiginhagsmunakvenda, sem léti leiðast til slíkrar óhæfu, enda hljóta flestar ærlegar konur og meyjar, sem nenna að berjast fyrir lífinu, að vera á móti þessari ónáttúru í rauðsokkaskössunum.
>
> Að endingu vil ég benda blaðamönnum á það, að þessi rauðsokku-hreyfing er í kjarna sínum aðeins liður í niðurrifsstarfsemi sósíalista, eins og glöggt má sjá af hinni andlegu forarvilpu, Þjóðviljanum. Ræð ég yður blaðamönnum til að firra oss lesendur við öllum leiðindafréttum

af heimskulegum uppátækjum rauðsokka. Einkum vil ég þó vara allar heiðvirðar húsmæður og annað almennilegt kvenfólk við þessari pest sem nú herjar á heimili [vor] Íslendinga.

Rvk. 7. feb. 1972.
Virðingarfyllst,
WIDALINUS.[15]

Ekki var óalgengt að heyra tal í þessa veru, margir voru hatrammir í okkar garð. Sú sem þetta skrifar er eflaust ósvífna rauðsokkan í sjónvarpinu sem huldumaðurinn Widalinus vitnar til, en ég tók þátt í umræðuþætti sem Jóhanna Kristjónsdóttir stjórnaði og fjallaði um fóstureyðingar. Þær voru mikið hitamál í þjóðfélaginu um þessar mundir enda verið að endurskoða fóstureyðingalöggjöfina sem var meira en 35 ára gömul.

Umræðan um fóstureyðingar varð langvinn og margir geystust fram á ritvöllinn til að tjá skoðanir sínar á málefninu. Árið 1974 helguðum við eitt blaðið okkar umfjöllun um fóstureyðingar[16] og birtum þar frásagnir nokkurra kvenna sem gengið höfðu í gegnum slíka lífsreynslu. Fóstureyðingar voru ekki leyfilegar og reyndar fangelsissök. Þó vissu allir að slíkar aðgerðir voru gerðar leynilega hérlendis og einatt við afleitar aðstæður, enginn mátti vita neitt því það gat orðið bæði þeim sem framkvæmdi verkið og þeirri sem í hlut átti dýrkeypt. Stundum fór illa og konurnar urðu fárveikar en ekkert mátti vitnast. Svo var tekið morð fjár fyrir. Konur fóru utan til að fá fóstureyðingu á lækningastofum í löndum þar sem aðgerðin var leyfileg og gerð við mannsæmandi aðstæður. Það kostaði mikið fé og fæstar voru svo fjáðar eða þannig settar að þær kæmust yfirleitt að heiman eða úr vinnu. Mikinn kjark þurfti líka til að standa í því streði sem umsóknarferlið útheimti og tungumálakunnátta eflaust oft takmörkuð. Fullljóst var að engin kona léti eyða fóstri að gamni sínu, mikil kvöl og sálarangist lægi ávallt að baki slíkri ákvörðun, hverjar sem aðstæður væru. Við vorum þeirrar skoðunar að konur ættu að ráða yfir líkama sínum, hvort eða hvenær þær gengju með börn og hversu mörg börn þær kysu að eiga. Börn ættu að vera velkomin í heiminn og aðstæður foreldra þannig að þeir gætu með góðu móti séð börnum sínum farborða. Mannfjöldaógnunin á Hótel Jörð var einnig áhyggjuefni og oft til umræðu á þessum árum hvernig ætti að brauðfæða allan þann fjölda sem menn sáu fyrir.

Edda á rauðsokkaárunum.

Minnisstætt er viðtal sem var í ríkisfjölmiðli dag einn fyrir mörgum árum við bóndakonu eina aldraða og slitna er alið hafði 20 börn og spurt var hvort hún væri nú ekki stolt af hópnum sínum og að koma öllum þessum fjölda til manns. Svarið var: Æ, ég var nú aldrei neitt fyrir börn. Ætla mætti að ævi hennar hefði orðið öðruvísi hefði hún haft eitthvert val.

Fyrirheit

Við vildum fæðingarorlof og að feður ættu þess kost að kynnast börnum sínum og tækju þátt í uppeldi þeirra. Alsiða var að karlarnir væru einu fyrirvinnur heimilisins, konur áttu að vera heima og sinna búi og börnum og standa tilbúnar með inniskóna og matinn þegar örmagna bóndinn kæmi heim.

Við vildum styttri vinnutíma fyrir bæði kynin og að hjón skiptu með sér verkum svo að báðir foreldrar nytu barna sinna og þau beggja foreldra. Kommúnur voru í tísku erlendis og mörgum þótti fáránlegt að verið væri að elda og þvo í hverju horni; nær væri að sameinast um eldamennsku og önnur heimilisstörf. Ýmsir gældu við slíka tilhögun og vinnuhagræðingu og einhverjir reyndu, en aldrei náði þetta tilveruform neinni fótfestu hérlendis.

Við vildum breyttar áherslur í skólum og þá sérstaklega varðandi verklega kennslu þannig að hver einstaklingur lærði í raun að sjá um sig sjálfur. Stúlkum yrðu kennd grundvallaratriði smíða, svo sem að handleika hamar og sög, og drengirnir fengju tilsögn í heimilisstörfum til þess að verða í framtíðinni færir um að þvo og dytta að fötum sínum og elda ofan í sig og sína.

Starfsgreinar voru nánast algerlega kynskiptar. Konur voru í hjúkrunargeiranum, örfáar voru læknar eða lögfræðingar. Konur voru í afgreiðslu-, skrifstofu- og kennslustörfum og þá helst á barnaskólastiginu, miklu færri á gagnfræðastigi eða í framhaldsskólum. Þá voru konur í fiskverkun þar sem vinna var stopul, reknar heim ef ekki aflaðist. Konur sáu um skúringar og þrif á vinnustöðum. Alls staðar í láglaunastörfum eða lægra launaðar en karlarnir. Ef heimavinnandi konur ætluðu út á vinnumarkaðinn voru heimilisstörfin til margra ára einskis metin. Starfsauglýsingar voru yfirleitt kynskiptar. Konur voru

helmingur þjóðarinnar en hvorki sást þess staður á alþingi né í borgarstjórn eða meðal hæstráðandi á vinnustöðum. Karlar voru kennarar á æðri skólastigum og karlar voru skólastjórar, forstjórar og allsráðandi allsstaðar. Vildirðu hafa tal af konu símleiðis og hafðir ekki númerið varðstu að vita hvað maðurinn hennar héti, konur voru ekki skráðar í símaskrá. Við vildum vera ábyrgar manneskjur og sjálfstæðir skattgreiðendur en á þessum tíma voru konur viðhengi eiginmannanna. Og við vildum jafnan rétt til náms og starfa, jöfn laun og tækifæri til að starfa á okkar áhugasviði.

Við vorum óhemju vinnuglaðar og ötular þessi fyrstu ár hreyfingarinnar, ótal starfshópar starfandi, sumar okkar virkar í mörgum hópum og við notuðum frjálslegri aðferðir en áður höfðu tíðkast. Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi og ungar stúlkur á nýrri öld geta tæpast gert sér í hugarlund hversu frábrugðin tilveran var því sem nú er og þykir sjálfsögð mannréttindi. Breytingarnar sjást m.a. ljóslega á námsþátttöku kvenna, sem í dag eru orðnar fjölmennari en karlar í framhaldsskólum og háskólanámi. Konur eru í stjórnunarstöðum og ráðherrar og þykir sjálfsagt mál. Flestar konur eru orðnar fagmenntaðar. Karlmenn hafa aukið hlutdeild sína í uppeldi og heimilisstörfum þótt enn hvíli oftast meginþungi þeirra starfa á konum. Verr gengur með launajafnréttið sem virðist seint ætla að nást.

Fylkingar og félagar

Veturinn eftir að við höfðum eignast hina prýðilegu aðstöðu í Sokkholti tók snarlega að fjölga á fundum hjá okkur. Þangað flykktist nú ungt og róttækt fólk úr ýmsum pólitískum hópum, málglatt og lét til sín taka. Upphófst nú endalaust þras um hvernig haldið skyldi á málum. Þetta var allt hið ágætasta fólk en sjónarmið um starfshætti fóru ekki saman. Ljóst var að nýliðarnir kusu annars konar vinnubrögð en starfað hafði verið eftir til þessa og árekstrar því óhjákvæmilegir.

Í *Verkalýðsblaðinu* sem Einingarsamtök kommúnista (marx-leninistar) gáfu út má t.a.m. sjá eftirfarandi umfjöllun um Rauðsokkahreyfinguna:

1. Skipulag nær ekkert, engin venjuleg stjórn, ekkert meirihlutavald varðandi daglega ákvarðanatekt og enginn ber ábyrgð á neinu.
2. Markmið er óráðið, stefnuskrá engin utan ráðstefnusamþykktir, starfsaðferð óráðin – en mýgrútur ólíkra st[ra]uma.

3. Samtökin eru bundin við Reykjavík eftir margra ára starf.
4. Regluleg starfsemi er engin, hvorki innávið né útávið, að heitið getur. […] baráttusamfylking verður ekki til nema unnið verði gegn of[an] nefndum atriðum og tekin upp ný og andstæð vinnubrögð.[17]

Í öllu þjarkinu og þrefinu fjaraði undan starfsgleði minni. Svo að orðið *hreyfing* stæði undir nafni taldi ég því í rauninni ágætt og eðlilegt að nýir kraftar tækju við. Eftir ráðstefnuna sem Rauðsokkahreyfingin hélt sumarið 1974 að Skógum undir Eyjafjöllum skerptust línur pólitískt, sá samhugur sem ríkjandi hafði verið í verkefnum var nú með öðrum brag og við drógum okkur ýmist til vinstri eða hægri.[18]

Afdrif hugmyndar Rauðsokkahreyfingarinnar um kvennaverkfall á kvennaári Sameinuðu þjóðanna voru einnig sár vonbrigði. Hugmyndin var reifuð á ráðstefnu kvennasamtaka um undirbúning og framkvæmdir á kvennaári sem haldin var í júní 1975 á Hótel Loftleiðum og þar kom í ljós að orðið verkfall var eitur í beinum þeirra sem voru á hægri vængnum og niðurstaðan sem sæst varð á var kvennafrí.[19]

Með því að nefna aðgerðina „frí“ fannst okkur mörgum að hið beitta vopn verkfallsins væri gert marklaust og allt varð þetta til þess að löngunin til að standa lengur í þessu streði dvínaði. Mín síðustu afskipti voru því á kvennafrídaginn, ég hafði dregist inn í sönghópinn sem tróð upp á Lækjartorgi og stundin tilfinningaþrungin. Ég held að enga okkar hafi órað fyrir þeim fjölda kvenna sem streymdi að úr öllum áttum. Allt okkar brölt undanfarin ár hafði þá skilað einhverju, konur sýndu samstöðu og sáu að það var hægt að breyta hlutum!

Þannig fór þó að ég dró mig í hlé enda farin að sinna verkefnum innan Alþýðubandalagsins og taldi að rétta leiðin til að þoka málum áfram væri innan stjórnmálaflokkanna. Þar starfaði ég nokkur næstu árin og reyndi að leggja mitt lóð á vogarskálar. Ég hygg að flestum okkar rauðsokka sem þar komu að málum og vanist höfðu samhug og eindrægni hafi fundist þar nokkuð þungt fyrir fæti. Á mig hlóðust nú félagsstörf á faglegum vettvangi mínum og samfara því dró úr flokkspólitískri virkni minni.

Starfið í Rauðsokkahreyfingunni mótaði í raun alla lífsafstöðu mína og litaði allt sem á eftir kom. Við vorum þar samferða margar mínar bestu vinkonur og höldum enn saman þótt með öðrum hætti sé. Vilborg Harðardóttir er því miður horfin okkur við sáran söknuð, hennar skapadægur varð í faðmi móður náttúru

við Snæfell. Vilborg var náttúrubarn og frábær félagi, ég tel að hún hafi verið límið í Rauðsokkahreyfingunni og að öðrum ólöstuðum hafi hún með elju sinni, óeigingirni og örlæti á tíma sinn átt einna ríkastan þátt í því hversu vel okkur í raun vegnaði. Sem blaðamaður hélt hún úti jafnréttissíðu í *Þjóðviljanum* um langt skeið, það hafði áhrif og var ómetanlegt í baráttunni. Hún fékk einnig fjölmarga myndlistarmenn til að myndskreyta forsíðu *Sunnudagsblaðs Þjóðviljans* með teikningum sem voru innlegg í baráttuna og var gagnmerkur kafli það skeið er það varði.

Aðra góða og kæra baráttukonu, Helgu Gunnarsdóttur, sem var með okkur frá upphafi misstum við einnig alltof snemma og var hún öllum sem hana þekktu harmdauði.

Margar fleiri bæri að nefna til sögu og sumar nú látnar sem lögðu á sig ómælda og ómetanlega vinnu þessi fyrstu ár hreyfingarinnar og verður seint tíundað sem skyldi.

Ferillinn

Ég lagði metnað minn í starf mitt. Eftir Seltjarnarnesárin bætti ég við mig tveggja ára námi í keramikdeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands og kenndi þar jafnframt í lausum stundum á unglinganámskeiðum og við Ármúlaskóla. Ég ílentist síðan innan MHÍ við kennslu og stjórnunarstörf, starfaði þar í 20 ár og undir lokin sem settur skólastjóri um skeið. Öll þessi ár var barist fyrir stærra og hentugra húsnæði, enda húsnæðið löngu sprungið utan af starfseminni. Loks fékkst vorið 1991 stór og glæsileg bygging í Laugarnesi, ætluð til að hýsa Listaháskóla Íslands sem tók til starfa laust undir síðustu aldamót, en var aldrei nýtt til fulls og þykir nú ekki henta. Einnig var barist fyrir því að listmenntun sem var á framhaldsskólastigi yrði færð á háskólastig enda tíð nemendaskipti við erlenda listaháskóla og ótækt að námið væri ekki jafngilt. Við stofnun Listaháskólans var svo Myndlista- og handíðaskólinn lagður niður og námið fært í Listaháskólann, ásamt öðrum listgreinum.

Um 15 ára skeið var ég mjög virk í Félagi íslenskra myndlistarkennara með ungum og áhugasömum kennurum er stóðu m.a. árið 1979 að vikulangri Listahátíð barna að Kjarvalsstöðum, þar sem um 1000 börn komu fram, og seinna að norrænum farandsýningum á barna- og unglingalist. Þar var ég lengi í stjórn og formaður félagsins um skeið. Mikil samvinna var milli allra norrænu mynd-

Vilborg Harðardóttir fékk marga myndlistarmenn til að myndskreyta forsíðu *Sunnudagsblaðs Þjóðviljans* í ritstjóratíð sinni. Edda Óskarsdóttir gerði forsíðumynd jólablaðsins árið 1974.

listarkennarafélaganna sem stóðu árlega fyrir vikulöngum ráðstefnum, „Nordisk kurs“, til skiptis í löndunum og mikil vinna því samfara. Einnig kenndi ég á endurmenntunarnámskeiðum Kennaraháskóla Íslands.

Ég kom mér upp vinnustofu til leirvinnslu og gerðist stofnaðili að Leirlistafélaginu og tók þátt í sýningum félagsins og öðrum listsýningum. Gerðist síðan Langbrók, en Langbrækur voru félagsskapur myndlistarkvenna sem rak gallerí á Bernhöftstorfunni um árabil. Einnig liðsinnti ég við að koma Gallerí Borg á laggirnar og starfaði þar tvö fyrstu ár fyrirtækisins meðfram kennslu. Á langri leið var fengist við ýmis myndlistartengd verkefni og ætíð reynt að afla aukinna tekna enda verða kennarar seint taldir ofaldir af launum sínum. Frá 1996 og síðustu átta ár kennsluferils míns starfaði ég við listasvið Fjölbrautaskólans í Breiðholti í hópi frábærra samstarfsmanna. Listsköpun á stopulum stundum, en öll minni að vöxtum en ung kona hugði.

Veikindi og umönnun aldraðra foreldra stóðu í aldarfjórðung og ljúft og skylt að launa þeim atlætið og aðstoðina sem þau alla tíð höfðu veitt mér og dætrunum. Afkomendurnir eru orðnir 13, allt ljúflingsfólk sem ég síst hefði viljað fara á mis við.

Ferðagleði og útivistarþörf greip mig unga. Frá árinu 1972 er Vilborg Harðardóttir og fleiri starfsmenn *Þjóðviljans* smöluðu vinum saman í dagsgöngu um Grindaskörð og í Selvog hefur sá hópur að stofni til haldið saman og gengið um landið þvert og endilangt og er enn að.

Göngur um fáfarnar slóðir, lengst af með allan búnað á bakinu, hafa verið með dýrlegri stundum lífsins og sálarbót. Ófáar ferðir einnig utan landsteinanna til funda og fróðleiks.

Haukur í horni hefur eiginmaður minn Hjalti verið, alla tíð stutt mig með ráðum og dáð jafnt í rauðsokkastörfum sem öllu öðru er ég hef tekið mér fyrir hendur um dagana.

Ef litið er um öxl og spurt hvort eitthvað hafi áunnist hlýtur svarið að vera jákvætt. Tilveran öll er gjörbreytt frá því kyrrstöðusamfélagi sem ríkjandi var þegar við hófum okkar rauðsokkabaráttu, ung og kappsfull. Margir veggir sem við rákum okkur á eru nú hrundir, hjónabandsmynstrinu sem ungum stúlkum var ætlað og við gerðum uppreisn gegn hefur verið varpað fyrir róða og ungir feður taka nú þátt í heimilisstörfum og umönnun barna sinna á þann hátt sem feðrum þeirra og öfum hefði aldrei til hugar komið. Gífurlegt vinnuálag er þó enn á konum og seint verður öllu misrétti útrýmt.

Ungar konur í okkar heimshluta eiga nú menntunarmöguleika, þær sækja fram, sýna sjálfsöryggi og standa körlum síst að baki. Baráttumál okkar rauðsokka var að konur hefðu valfrelsi og væru mótendur tilveru sinnar!

Fram, fram

Einn kaldan vetrardag snemma í janúar 1980 sátum við Guðrún Hallgrímsdóttir yfir kaffibolla og spjölluðum um forsetakjörið sem stóð fyrir dyrum. Þrír karlar höfðu gefið kost á sér og við vorum sammála um að engan þeirra kappa gætum við kosið. Þá skaut upp spurningunni: Af hverju ekki konu í forsetaembættið? Við hófum nú að velta fyrir okkur hverjar gætu komið til greina. Ýmis nöfn voru nefnd og þótti okkur fljótlega að Vigdís Finnbogadóttir hlyti að vera vænsti kosturinn. Ung, glæsileg, sjálfstæð, úr menningargeiranum, óflokksbundin og vel þekkt fyrir störf sín. Guðrún tók nú upp tólið og hringdi nokkur símtöl.

Hvernig litist þér á konu sem forseta? Hvað um Vigdísi? Viðbrögðin voru fljúgandi fjör! Og boltinn oltinn af stað. Ekkert skal fullyrt um það hvort aðrir hafi samtímis fengið þessa hugmynd. En ekki liðu margir dagar þar til allt var komið á fulla ferð og þrýstingur á Vigdísi mikill.

Þess var mjög vel gætt að ekki kæmi rauður stimpill á framboðið, það yrði því ekki til framdráttar. Á brattann væri að sækja, kona í fyrsta sinn í framboði. Nægur var andróðurinn samt, hamast á því seint og snemma að Vigdís væri herstöðvaandstæðingur og að auki einstæð móðir, sem átti að vera fráleitt fyrir forseta.

Margir lögðu hönd á plóg í kosningabaráttunni en höfðu sig ekki í frammi. Afla þurfti fjár og meðal annars var efnt til happdrættis, haft samband við fjölda listamanna að fá þá til að gefa listaverk í vinning. Allir utan einn tóku erindinu með gleði.

Sigur Vigdísar varð heimsfrétt og ótrúleg lyftistöng fyrir jafnréttisbaráttuna. Vigdís gegndi embættinu með glæsibrag, vakti eftirtekt hvar sem hún fór, líkt og hún gerir enn, og beindi athygli að íslenskum konum. Litlar stúlkur svöruðu kotrosknar er þær voru spurðar hvað þær vildu verða þegar þær yrðu stórar: „Forseti!“

Heimsstjórnarfundur

Svartgljáandi bens
stansar á breiðstræti
framan við steinhöll
lögregluþjónar
með kylfur
dinglandi við beltið
halda aftur af
fréttamönnum
sem ryðjast fram
tilbúnir að smella af
auðmjúkur bílstjórinn
opnar buktandi
afturdyrnar
svartklæddur
sköllóttur
skegglaus
hvítflibbaþræll
stígur út

hann setur upp
brosgrettu
fyrir súmlinsuaugun
gengur svo reigingslega
að mósaíkskreyttum þrepum
þar stendur tvífari hans
þeir fallast í faðma
leiðast svo inn
í ráðstefnusalinn
við langborðið bíða
tugir af öðrum
svartklæddum
sköllóttum
skegglausum
hvítflibbaþrælum
fundur er settur
í alheimsráðinu.

BRUTUM ÞAGNARMÚRA

GERÐUR G. ÓSKARSDÓTTIR

Mér er í fersku minni þegar vinkona mín, Helga Gunnarsdóttir heitin, hringdi í mig á vordögum 1970 og sagði mér frá hugmynd sem kviknað hafði í frímínútnarabbi í Austurbæjarskólanum milli þeirra kennaranna Vilborgar Dagbjartsdóttur og Önnu G. Njálsdóttur. Nú væri tími kominn til að við konur gripum til aðgerða hér á landi í kvennabaráttunni, sagði hún, aðgerða í líkingu við það sem við höfðum heyrt af í nágrannalöndum og virtist öðruvísi en gert hafði verið áður. Ég varð strax uppnumin af hugmyndinni.

Fyrstu skrefin á rauðum sokkum

Við Helga og Anna vorum nánar vinkonur – vorum saman í saumaklúbbi með nokkrum skólasystrum úr stelpnabekk í Menntaskólanum í Reykjavík – og urðum, ásamt tveimur öðrum vinkonum úr klúbbnum, þeim Eygló Eyjólfsdóttur og Snjólaugu Sigurðardóttur, virkar í Rauðsokkahreyfingunni. Við vorum á þessum tíma farnar að ræða stöðu okkar sem mæður, húsmæður og útivinnandi konur. Fjárhagslegt sjálfstæði okkar og annarra kvenna var okkur ofarlega í huga. Við fundum líka fyrir þeim vanda að hafa ekki öruggan aðgang að leikskóla fyrir börnin okkar og aldrei meira en hálfan daginn – ef við vorum heppnar. En við vorum sumar svo lánsamar að eiga mæður eða tengdamæður sem hlupu undir bagga með okkur. Líklega vorum við að ströggla við að viðhalda lífsgildum mæðra okkar sem húsmæður og mæður en þurftum um leið að tileinka okkur gjörólík lífsgildi sem þátttakendur á vinnumarkaði. Við vildum standa okkur vel í báðum þessum heimum.

Við vinkonurnar fórum fullar eftirvæntingar á undirbúningsfundinn fyrir gönguna 1. maí 1970. Þar var mikið rætt um hvaða kröfur við ættum að bera uppi og á endanum sæst á slagorðin: „Manneskja – ekki markaðsvara“, „Konur, nýtið mannréttindi ykkar“ og „Vaknaðu, kona“. Ég var ánægð með þá niðurstöðu og við fórum galvaskar á rauðum sokkum í gönguna. Upp úr þessu fór boltinn að rúlla fyrir alvöru og Rauðsokkahreyfingin að verða að veruleika.

Ákveðið var að móta hreyfingunni stefnu. Við Anna, Eygló, Helga og Snjólaug mynduðum ásamt Guðrúnu Ágústsdóttur starfshóp sem samdi drög að stefnuskrá[1] eða markmiðum[2] fyrir hreyfinguna. Ég man að við stöllur sátum eitt sinn saman á pallinum fyrir utan sumarbústað fjölskyldu minnar sumarið 1970 og pabbi var á vappi í kringum okkur; þetta var stuttu áður en hann dó. „Verður þetta svo birt einhvers staðar?“ spurði hann. Við héldum nú það! Svo var að sjá að pabba þætti þetta eitthvað áhugavert sem við vorum að gera. Varla er hægt að telja þessi markmið okkar róttæk nú en þau ollu samt merkilega miklum usla. Var svona róttækt að segja að kynferði kæmi í veg fyrir eitthvað, að uppræta þyrfti hugsunarhátt um verkaskiptingu kynjanna í þjóðfélaginu eða að hvetja konur til að nýta réttindi sín, kynna sér þjóðfélagsmál og vera virkar í þjóðfélaginu? Þessi sterku viðbrögð stöfuðu án efa af því að við sögðum upphátt eitthvað sem ekki mátti segja – við vorum að brjóta þagnarmúra – og umræðuefnið var óþægilegt.

Markmiðin voru síðan kynnt á kynningarfundi hreyfingarinnar í Norræna húsinu 19. október 1970. Þar kom í minn hlut að flytja erindi um málefni barna. Litskrúðug veggspjöld með myndum og textum prýddu veggi. Okkur kom á óvart hvað fundurinn var vel sóttur og ekki síður að þarna létu um 100 manns skrá sig í 10 starfshópa.[3] Þar með var þessi óskilgreinda Rauðsokkahreyfing orðin til og með henni starfaði ég fram til vors 1974.

Markmið Rauðsokkahreyfingarinnar, samþykkt á fundi framkvæmdanefndar hinn 7. september 1970:

- Að vinna að fullkomnu jafnrétti karla og kvenna á öllum sviðum þjóðfélagsins.
- Að vinna gegn því, að kynferði komi í veg fyrir að einstaklingur geti valið sér starf í samræmi við hæfileika sína og áhugamál.
- Að hvetja konur til að notfæra sér í ríkara mæli en þær gera nú þau réttindi, sem þær þegar hafa.

- Að uppræta aldagamlan hugsunarhátt og alls konar fordóma varðandi verkaskiptingu í þjóðfélaginu eftir kynjum.
- Að hvetja félaga sína til þess að kynna sér þjóðfélagsmál og vera virkari þátttakendur í þjóðfélaginu.

Jarðvegurinn í réttlætiskenndinni

Mér finnst ég hafa verið með sterka réttlætiskennd frá unga aldri. Stundum þótti mér farið illa með okkur nemendurna í skólanum, ég var reið yfir því að fá greidd laun samkvæmt kvennataxta í frystihúsinu í sumarvinnunni og mér var umhugað um jafna möguleika og jöfnuð milli fólks. Mér líkaði vel að talað væri við mig eins og fullorðna manneskju þegar ég var unglingur. Þarna liggur trúlega grunnurinn að því að ég fór að hugsa um stöðu kvenna og jafna möguleika þeirra á við karla.

Fyrir tíma rauðsokka var ég til dæmis óánægð með að stelpur og strákar hlytu ólíka reynslu í skóla, einkum í verklegum greinum. Ég vildi að stelpur lærðu að smíða og strákar að sauma. Haustið 1969 skrifaði ég grein í vikublað í Kópavogi um jafnrétti í námi[4] og lagði áherslu á að stelpum og strákum væri kennt það sama í handavinnu en þá nýlega hafði hópur kennara sent fræðsluráði Kópavogs erindi þar um. Sama er uppi á teningnum í grein minni í *Foreldrablaðinu* ári síðar.[5] Á þessum árum þýddi ég líka lítið rit um kynfræðslu fyrir börn og fjölfaldaði til dreifingar.[6]

Þannig var ég tilbúin að taka þátt í baráttu kvenna fyrir jöfnum réttindum og jöfnum möguleikum á við karla þegar kallið kom. Andrúmsloftið í þjóðfélaginu bæði hér heima og erlendis hjálpaði til; andstaðan gegn hernaðarbröltinu í Víetnam og frelsishreyfingar blökkumanna, stúdenta og kvenna erlendis sem okkur bárust fréttir af á seinni hluta sjöunda áratugarins. Það var byrjað að tala opinskátt um þessi mál. Ég stökk því á hugmyndina um að fara „að gera eitthvað“ í málefnum kvenna eins og „þær í útlöndum“ og „öðruvísi“ en áður hafði verið gert.

Foreldrahúsin

Ég er fædd í Reykjavík árið 1943 og ólst þar upp. Foreldrar mínir voru Jóna Svanhvít Hannesdóttir og Óskar Gunnarsson. Við erum tvær systur; Unnur systir mín er ellefu árum eldri en ég. Jafnrétti kvenna og karla eða staða kvenna var almennt ekki til umræðu í uppvexti mínum. Móðir okkar var heimavinnandi

Gerður (t.v.) og Kata vinkona halda matarboð fyrir góða gesti við sumarbústað fjölskyldu Gerðar. Kata heitir fullu nafni Katrín L. Irvin.

og faðir okkar sá fyrir fjölskyldunni. Mamma sótti peninga til pabba til að kaupa í matinn og hann sagði stundum nei þegar hana langaði að kaupa eitthvað. Nafn mömmu var ekki í símaskránni og aðeins nafn pabba stóð á dyrabjöllunni. En mamma vílaði ekki fyrir sér að taka við rekstri lítils fyrirtækis sem pabbi rak þegar hann féll skyndilega frá, hún þá hátt á sextugsaldri, og rak það í nær tuttugu ár. Langt fram eftir aldri fannst mér það sjálfsagður hlutur að verða heimavinnandi húsmóðir þegar ég yrði stór eins og mamma og aðrar konur í kringum mig. Þær útivinnandi konur sem ég þekkti voru einhleypar, ekkjur eða einstæðar mæður. Ég sá mig ekki í hópi þeirra. Ég las bara stelpnabækur sem barn þar sem við blasti hin hefðbundna kynjaímynd. Ung tileinkaði ég mér kvenlegar dyggðir eins og að sauma harðangurs- og klaustursdúka eða telja út góbelínveggteppi eftir mynstri, auk þess að sauma föt og prjóna peysur. Mamma var mér fyrirmynd en hún var mikil hannyrðakona. Ég var dugleg að hjálpa henni heima við og fór að safna uppskriftum að góðum mat og kökum þegar ég óx úr grasi. Við Helga vinkona brutum okkur reyndar út úr hefðbundnum saumaskap eftir fyrirmyndum yfir í að sauma veggteppi og rýja gólfmottur eftir eigin mynstrum og litavali og jafnvel sauma föt samkvæmt eigin hönnun. Við vildum setja mark okkar á það sem við tókum okkur fyrir hendur.

Heima var aftur á móti alltaf litið á það sem sjálfsagðan hlut að ég héldi áfram í skóla eftir skyldunám; sagt var „þegar þú ferð“ en ekki „ef þú ferð“ í menntaskóla. Þar hafði ég fyrirmyndir, þær Unni systur mína og Gullu móðursystur sem báðar höfðu lokið stúdentsprófi. Mamma hafði lokið Kvennaskólanum og pabbi stundað verslunarnám í kvöldskóla. Mér gekk vel að læra en þótt ég fengi ágætiseinkunn í stærðfræði á landsprófi í Gagnfræðaskólanum við Vonarstræti varð það ekki til þess að einhver hvetti mig til að fara í stærðfræðideild í menntaskóla og enginn hvatti mig til að halda áfram í háskóla eftir stúdentspróf, hvorki fjölskyldan né kennarar. Þó man ég að Gulla frænka sagði að ég gæti farið í lyfjafræði af því að ég væri svo góð í stærðfræði, en maðurinn hennar var lyfjafræðingur. Mér kom þessi hugmynd hennar á óvart og fannst hún óraunveruleg. Ég ákvað að fara í svonefnda stúdentadeild í Kennaraskóla Íslands eftir stúdentspróf og öðlast þar með kennsluréttindi á einu ári. Það hafði áhrif á mig að Anna vinkona fór að tala um að læra til kennara eins og bróðir hennar hafði gert. Mér fannst gaman að landafræði og ákvað því að innrita mig jafnhliða í Háskóla Íslands í þá grein, eiginlega fyrst og fremst til að skemmta mér til að byrja með, en að baki bjó þó trúlega metnaður til að læra meira og ég bætti þýsku við. Ég held að mamma hafi lítið sagt um þessi áform mín. En ég man að pabbi sagði að það gæti verið gott að hafa kennarapróf ef eitthvað kæmi upp á í lífinu og alltaf væri gott að kunna tungumál. Hann átti ekki von á að ég færi strax að kenna eftir kennaraprófið og héldi því hiklaust áfram þótt ég gifti mig og eignaðist börn, hvað þá að ég héldi síðar utan til frekara náms og lyki meistaraprófi og doktorsprófi.

Rauðsokkahreyfingin var mikill skóli

Árin mín í Rauðsokkahreyfingunni, 1970–1974, voru mér mikill og góður skóli – hreyfingin var sannarlega námssamfélag. Þegar ég hugsa til rauðsokkaáranna kemur efst í hugann það sem ég lærði og þjálfaðist í með félögum mínum á þeim árum. Mér finnst ég þannig geta metið áhrif hreyfingarinnar á sjálfa mig en mun erfiðara er að meta hvort hún hafði einhver varanleg áhrif á þjóðfélagsþróunina. Eitt er þó víst: hún vakti upp mikla umræðu!

Ég var að ljúka BA-námi við Háskóla Íslands þegar Rauðsokkahreyfingin varð til árið 1970 og hef oft haldið því fram að rauðsokkaskólinn hafi kennt mér miklu meira en Háskóli Íslands – hreyfingin var einn af „háskólunum mínum“. Þarna lærði ég mikilvæga hluti sem ekki eru kenndir í hefðbundnum

skólum. Starfið fól í sér áhrifaríkt *nám og þjálfun í starfsháttum* – í samstarfi, vinnubrögðum og skipulagi. Í því fólst einnig *nám í félags- og stjórnmálafræðum* frá mörgum sjónarhornum, ekki síst í þáttum sem snertu okkar daglega líf. Síðast en ekki síst voru rauðsokkaárin *þjálfun í að rækta góðan anda og í hugrekki.*

Við lærðum bæði með formlegum og óformlegum hætti hver af annarri, af því að lesa saman, ræða, pæla, skipuleggja og framkvæma og ekki síst með því að hvetja hver aðra til dáða. Það var alltaf svo gaman í rauðsokkunum og við vorum svo frjálsar, engum háðar og engum skuldbundnar. Enginn hafði til dæmis kosið okkur til þess sem við vorum að gera og enginn „stjórnaði" þessum skóla. Við töluðum tæpitungulaust og brutum mál til mergjar sem legið höfðu í þagnargildi. Í því fólst mikil frelsun. Við töluðum um að vakna til vitundar, brjóta af okkur minnimáttarkenndina og styrkja sjálfstraustið; konur væru kúgaðar, á þeim væri troðið, það þyrfti að taka á ef breyting ætti að verða. Talað var um harða baráttu því að karlarnir ríghéldu í völd og fé. Til þess að heyja hana þurfti að hugsa upp leiðir og aðferðir og bestar þótti okkur þær sem voru öðruvísi en áður höfðu verið notaðar í kvennabaráttu. Við vissum að við vorum hluti af alþjóðlegri hreyfingu, það gerði okkur bjartsýnar á að nú væri eitthvað að breytast og við drukkum í okkur skrif erlendra kvenfrelsiskvenna. Mér eru til dæmis minnisstæðir leshringir sem lásu saman bækurnar *To køn – ét samfund,*[7] bók Betty Friedan: *The Feminine Mystique*[8] og *Fra mannssamfunn til menneskesamfunn* eftir Margarete Bonnevie.[9] Í fyrsta tölublaði af blaðinu okkar, *Forvitinni rauðri,* segir að „slíkir leshringir […] kom[i] ekki að gagni nema allir komi undirbúnir á fund og mæti vel."[10] Ég man ekki annað en vel hafi verið mætt og allir lesnir, það þurfti ekki að setja reglur þar um!

Ég hef gegnt þremur stjórnunarstörfum um ævina; var skólastjóri og skólameistari í Neskaupstað, kennslustjóri í kennslufræðum í Háskóla Íslands og fræðslustjóri og framkvæmdastjóri Menntasviðs Reykjavíkurborgar. Það er engin spurning að ég tók með mér mikið nám og mikla reynslu úr Rauðsokkahreyfingunni í þessi störf – úr öllum þeim þremur þáttum sem ég nefndi hér framar. Skoðum þá aðeins betur.

Sveigjanlegt skipulag og hvetjandi starfshættir

Opið og sveigjanlegt skipulag Rauðsokkahreyfingarinnar og starfshættirnir sem af því leiddu veittu okkur ómetanlega þjálfun og menntun í samstarfi og lýðræðislegum vinnubrögðum. Flatt skipulag hreyfingarinnar í stað hefðbundins

Frá kröfugöngu rauðsokka 1. maí 1970. Helga Gunnarsdóttir, ljóshærð með gleraugu og í dökkri úlpu, er fyrir miðri mynd en Gerður væntanlega í hvarfi við hlið hennar. Þarna sjást líka m.a. Vilborg Harðardóttir (heldur uppi borðanum vinstra megin á mynd) og við hlið hennar Dagbjört Gunnarsdóttir, systir Elísabetar Gunnarsdóttur.

píramídaskipulags félaga og fyrirtækja hentaði okkur vel, var hvetjandi og stuðlaði að því að gera starfið jafn frumlegt og líflegt og það varð. Við drukkum í okkur hugmyndina að skipulaginu þegar Hildur Hákonardóttir kynnti okkur hana í Norræna húsinu á myndrænan og lifandi hátt.[11] Við skyldum starfa í sjálfsprottnum og sjálfskipuðum starfshópum sem ynnu sjálfstætt og eftir eigin skipulagi, en væru tengdir saman með miðstöð – engin lög, félagatal né fundargerðarbók. Sá sem var virkur á hverjum tíma var félagi, því voru engir óvirkir félagar.[12]

Miðstöð hafði það hlutverk að halda skrá yfir starfandi hópa. Tilkynna átti stofnun þeirra og verkefnaval til miðstöðvar og hafa símatengilið sem var í tengslum við miðstöð. Miðstöðin tengdi fólk saman, brást við erindum um fundi og sá til þess að blaðhópur væri starfandi eftir að blaðaútgáfa hófst. Miðstöð sá líka um hálfsmánaðarlega rabbfundi sem fyrstu árin voru í kjallaranum að Ásvallagötu 8, húsi Helgu Ólafsdóttur og Stefáns Karlssonar. Þá skiluðu hópar af sér og nýir urðu til. Við lýstum miðstöð sem „þjónustufyrirtæki en ekki stjórn“.[13] Fyrstu miðstöð, veturinn 1970–1971, skipuðu Vilborg Dagbjartsdóttir, Hildur Hákonardóttir og ég. Við töluðum mikið saman í síma en hvort við funduðum oft man ég ekki. Engar fundargerðir voru skrifaðar en miðstöð á þessum tíma

hélt dagbók. Mig minnir að þar væru skráðir starfandi hópar, kynningarfundir sem við fórum á og ákvarðanir um framkvæmdir. Því miður virðist dagbók miðstöðvar fyrstu árin glötuð en á símanúmeralista sem ég útbjó fyrir veturinn 1970–1971 eru skráð tæplega 70 nöfn og sjö starfshópar.[14]

Í starfshópunum tókum við allar ákvarðanir saman, við töluðum okkur niður á lausn eða niðurstöðu. Hún gat verið um áherslur á kynningarfundi, aðgerð á götum úti, könnun á máli, lestur um eitthvert efni eða yfirlýsingu í fjölmiðlum. Ég man ekki eftir að nokkurn tíma væru greidd atkvæði á þessum árum til að ná niðurstöðu. Allar hugmyndir fengu að blómstra, hversu fáránlegar sem þær voru, og oft komum við reyndar fáránlegum hlutum í framkvæmd. Þetta var ótrúleg þjálfun í að taka ákvarðanir í hópi: læra að komast að niðurstöðu saman, gjarnan að semja um niðurstöðu og ósjaldan að láta af því sem maður hafði viljað í fyrstu.

Það leysti úr læðingi kraft og þor að enginn var „yfir okkur“ til að taka ákvarðanir fyrir okkur og engum lögum eða samþykktum þurfti að fylgja. En við áttum okkur málefnagrundvöll og það var sérlega lærdómsríkt að vera í hópnum sem vann að mótun stefnunnar, þurfa að horfa fram og sjá fyrir sér markmið í reynd. Síðar á ævinni gekk ég margsinnis óhikað að stefnumörkunarvinnu.

Starfsaðferðir Rauðsokkahreyfingarinnar voru einnig þjálfun í samvinnunámi. Það var lærdómsríkt að vera í hópi og afla sér þar nýrrar þekkingar í samvinnu við aðra, skýra sýn sína á mál og sjá fyrir sér þróun sem okkur dreymdi um. Slíkur lærdómur situr miklu betur eftir en lestur í einrúmi án allrar umræðu eins og tíðkast hafði í Menntaskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands. Í námi mínu í þessum skólum var nánast óþekkt að nemendur ynnu saman í hópum. Við í Rauðsokkahreyfingunni vorum líka oftast svo frjóar og sáum hlutina frá mörgum hliðum. „Já en ef ... “ eða „já en ef ekki væri ...“ var gjarnan viðkvæðið. Ef við vissum ekki eitthvað viðurkenndum við það fúslega og fórum bara að leita að svarinu. Öllum steinum var velt við, allt dregið í efa og efnið krufið. Það var bæði gaman og skapandi.

Ég bjó að þessum starfsháttum í stjórnunarstörfum síðar meir. Sem skólastjóri og síðar skólameistari í Neskaupstað hafði ég þann hátt á að leggja öll þýðingarmikil mál sem vörðuðu skólastarfið fyrir vikulega kennarafundi. Menn voru ekki vanir slíkum vinnubrögðum, kennarafundir höfðu verið sjaldan og mest til að kynna ákvarðanir sem þegar höfðu verið teknar, að sögn kennaranna. Þetta var fámennur skóli og því ekki svo fjölmennir kennarafundir. Ég

Rauðsokkar í bækistöðvum sínum á Ásvallagötunni í nóvember 1971. Frá vinstri: Helga Gunnarsdóttir, Þuríður Pétursdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Vilborg Harðardóttir og Elín Hjaltadóttir.

skrifaði mál sem ég vildi leggja fyrir á blað sem hékk á skápgafli á kaffistofunni vikuna á undan og kennararnir, sem fyrsta árið voru eingöngu karlmenn, gátu sett mál á listann sem þeir höfðu áhuga á að taka fyrir. Þegar kom að fundi var handskrifaður listinn einfaldlega tekinn niður og farið yfir hvert málið af öðru og ákvarðanir teknar sameiginlega. Ég man að stundum fannst sumum þetta erfitt og það heyrðist úr horni: „Æ, getur þú ekki bara ákveðið þetta."

Sem fræðslustjóri Reykjavíkurborgar hafði ég vikulega fundi með sviðsstjórum í yfirstjórn skólamála, síðar skrifstofustjórum, og þangað komu þau öll með mál sem þau vildu taka fyrir og ákvarðanir voru síðan teknar sameiginlega. Þetta var það sem ég hafði lært og þjálfast í til margra ára og ég gat ekki hugsað mér annað. Löngu eftir tíma rauðsokka, þegar almennt var orðið viðurkennt hér á landi að stjórnun ætti sín fræði eins og flest annað, var farið að leggja áherslu á samráð og stjórnendum kennd vinnubrögð við að leiða fólk með ólík viðhorf að sameiginlegri niðurstöðu. Ég fór á námskeið í slíkum vinnubrögðum en átti minn grunn úr rauðsokkunum – við höfðum verið langt á undan okkar samtíð.

Ég man að við sögðum alltaf „við" og sömdum gjarnan ræður, bréf eða greinar til birtingar tvær eða fleiri saman eða lásum vel yfir hver hjá annarri. Tilfinningin fyrir samvinnunni var svo sterk. Ég held að ég hafi haldið þessu áfram í störfum

mínum; ekki talað um að ég hafi tekið þessa og hina ákvörðunina, gert þetta og hitt eða ráðið þennan og hinn í starf eða skipað í nefnd. Það vorum „við“ sem gerðum það. Á rauðsokkaárunum hafði ég vanist því að enginn þyrfti að hafa eignarhald á hugmyndum eða aðgerðum.

Reynslan af starfsaðferðum í Rauðsokkahreyfingunni gerði mig örugglega hispurslausari og opnari í framkomu en ella hefði verið og síðan hef ég yfirleitt talað fremur tæpitungulaust. Það hefur ekki alltaf verið í takt við hið hefðbundna, karllæga samfélag sem ég átti eftir að starfa í. Ég veit að ég breytti á margan hátt öðruvísi en karlarnir sem ég vann með; var ekki eins hátíðleg þótt ég væri kannski formleg, og sumum þeirra þótti ég kerlingarleg ef ekki barnaleg fyrir vikið. Ég held að ég hafi sem sagt ekki gengið karlaheiminum á hönd! En ég stóð oft með samstarfsfólki mínu frammi fyrir flóknum og erfiðum málum sem þurfti að leysa. Ég lagði áherslu á að menn rökstyddu mál sitt – kunni að hlusta, held ég – og ynnu hratt og vel að lausnum. Það var eins og í mér væri áfram gamli eldmóðurinn að gefast ekki upp þótt á móti blési, sem það vissulega gerði oft. Þegar kom að því að fylgja eftir ákvörðunum þótti ég oft hörð í horn að taka. Það fannst sumum kannski „karllegt“.

Þjóðfélagsmál – um daglegt líf

Umfjöllun okkar í Rauðsokkahreyfingunni um fjölda mála sem sneru að félags- og stjórnmálum veitti okkur innsýn og dýpri skilning en við höfðum áður á svo mörgum þáttum sem snerta okkar daglega líf og nútíðina. Þetta var eitthvað sem við höfðum ekki lært á hefðbundinni skólagöngu okkar. Í starfshópunum tókum við fyrir allt sem okkur datt í hug og snerti stöðu kvenna, svo sem heilu lagabálkana, atvinnumál í víðum skilningi, launamál, skattamál, fæðingarorlof fyrir allar konur, konur sem varavinnuafl, kynferðismál og fóstureyðingar en líka menningarmál, bókmenntir, listir – og sögu kvenna. Sú saga hafði ekki verið sögð í sögubókum menntaskólanámsins, sem láðist líka að tengja sögu fortíðarinnar við nútímann. Við vorum trúar því markmiði okkar frá 1970 að félagarnir kynntu sér þjóðfélagsmál.

Á þessum árum var fyrsta konan skipuð prófessor við Háskóla Íslands (1969), fyrsta konan varð ráðherra í ríkisstjórn (1970) og fyrsta konan hlaut prestvígslu (1974).[15] Árið 1970 var aðeins ein kona á alþingi af 60 alþingismönnum[16] og þrjár konur í fimmtán manna borgarstjórn Reykjavíkur.[17] Þessar konur urðu fyrirmyndir og gáfu öðrum kjark.

Við rauðsokkur gerðum í því að skapa þekkingu á stöðu kvenna og vorum líka duglegar að koma niðurstöðum úr starfshópum á framfæri. Á þessum tíma var ótrúlega lítið til af tölfræðilegum upplýsingum. Við könnuðum launataxta og greidd laun og bárum saman laun fólks í ýmsum starfsstéttum. Fólk trúði ekki niðurstöðum okkar og þeim var oft mótmælt. Sáralítið lá fyrir af opinberum tölfræðilegum upplýsingum um hlut kvenna hér á landi á þessum árum.

Veturinn 1970–1971 tókum við níu rauðsokkur sem vorum saman í leshring þátt í námskeiði á vegum Bréfaskóla SÍS og ASÍ um stöðu kvenna á heimili og í þjóðfélagi. Samviskusamlega lásum við og ræddum fjögur námsbréf, leystum verkefni í „svarbók" og fengum ýtarleg viðbrögð og mat kennarans til baka en hún var virkur félagi í Kvenréttindafélagi Íslands. Við fengum vitnisburðinn „ágætt" fyrir verkefni í tveimur bréfum og „gott" fyrir hin, en aðaleinkunn okkar var 9,00.[18] Ég held að við höfum litið svo á að við værum þarna að eiga orðastað við Kvenréttindafélagið og máta okkar hugmyndir við þeirra, jafnframt því sem við vildum auka við þekkingu okkar á stöðu kvenna.

Í starfshópi um fjölskyldumál var spáð í verkaskiptingu á heimilum, fjölskylduform, húsnæðismöguleika og hjúskaparlöggjöf, svo dæmi séu tekin. Hvers vegna ekki að eiga eldhús með annarri eða fleiri fjölskyldum og skiptast á að sjá um matinn, kaupa inn og gæta barna?[19] Við létum okkur jafnvel dreyma um líf í stórum húsum sem voru til sölu! Þetta voru áhrif frá hugmyndum þessa tíma um kommúnur þar sem fjölskyldur bjuggu saman. Mér sem giftri konu bar ekki að skila skattskýrslu á þessum árum.[20] Í bréfi til þáverandi fjármálaráðherra, Halldórs E. Sigurðssonar, kölluðum við þetta „algert hallærisástand".[21] Við fengum svar við þessu erindi með nokkrum spurningum sem við svöruðum.[22] Það þótti líka nóg að húsbóndinn væri skráður fyrir símanum og talað um að símaskráin yrði allt of þykk ef konurnar færu nú að bæta nöfnum sínum þar við!

Sumar okkar tóku þátt í starfi Norræna sumarháskólans. Ég var þar í starfshópi veturinn 1973–1974 sem safnaði efni um kvenfélög, markmið þeirra og starfsemi[23] og í umræðuhópi um stöðu konunnar í atvinnulífi kapítalískra landa. Þar lásum við meðal annars danska þýðingu á bók Germaine Greer, *The Female Eunuch*.[24]

Í umfjöllun okkar um félagsmálin skipti máli að við vorum að fjalla um raunveruleikann, alvörulíf, en ekki einhverja tilbúna ímynd. Ég hafði gengið í barnaskóla þar sem sveitalífið var dásamað og hafið til skýjanna en varla minnst

á borgarlífið sem var það sem ég þekkti, ég hafði aldrei verið í sveit. Sveitalíf var ekki alvörulíf fyrir mér. Ætli ég hafi ekki þekkt meltingarveg kýrinnar betur en minn eigin! Við rauðsokkur ræddum um okkur sjálfar og stöðu okkar hér og nú, teygðum og toguðum þá stöðluðu ímynd, oft á tíðum glansmynd, sem var hin „opinbera mynd“ af því sem sagt var að konum bæri að gera, finnast og vilja. Mikil frelsunartilfinning fylgdi því að fara inn á þessar nýju lendur, tala opinskátt og hiklaust – brjóta múra þöggunarinnar!

Menntamálin hugstæð

Málefni barna og menntamál almennt voru mörgum okkar hugstæð. Við trúðum því að hagur kvenna mundi batna með aukinni menntun og það hefur gerst. Um 1970 luku um 10% af árgangi kvenna stúdentsprófi miðað við fjölda tvítugra og um 17% karla[25] en konur voru rúmlega þriðjungur nemenda menntaskólanna fimm í landinu.[26] Talsvert lægra hlutfall stundaði háskólanám og árið 1970 voru konur aðeins um 15% þeirra sem luku prófi frá Háskóla Íslands.[27] Sama ár voru konur um þriðjungur mannafla í atvinnulífinu, um þriðjungur giftra kvenna vann utan heimilis en 46% kvenna alls voru virk á vinnumarkaði (öfluðu tveggja til þriggja mánaða tekna á ári).[28]

Við vildum skapa konum möguleika á að bæta við menntun sína. Við fjölluðum um skóla sem lengi vel voru lokaðir konum, eins og Hótel- og veitingaskólinn og Vélskólinn, og mismunandi handmenntir stelpna og stráka. Við vildum að stelpur lærðu að handleika hamar og strákar að prjóna. Ég fór sjálf að bora með borvél og skipta um rafmagnsklær og hef gert það síðan. Við tókum saman gátlista yfir atriði til að skoða í barnabókum, veltum fyrir okkur notkun tungumálsins og skoðuðum hlut stelpna og stráka í kennslubókum. Á þessum tíma stóð enn í nýrri lestrarbók, *Barnagamni*: „Ása er líka þæg. Í dag er hún að laga til fyrir mömmu sína. Ása sogar með ryksugu. Hún fágar og fágar. […] Ása á bæ og bú, en Óli á tvo gula bíla.“ Mæðurnar eru alltaf með svuntu á myndunum og háhæluðu skórnir eru samvaxnir fótum þeirra![29] En á þessum tíma vann samt um þriðjungur húsmæðra utan heimilis. Haustið 1970 var ég í hópi sem skipulagði kvöldfundi með kennurum í barnaskólunum í Kópavogi undir yfirskriftinni: Ríkir jafnrétti milli kynjanna í barnaskólunum?[30]

Við fundum á eigin skinni hve umhverfisáhrifin eru sterk. Eitt sinn kom Ásta dóttir mín, þá fimm ára, til mín gráti nær yfir því að Óskar bróðir hennar, þá sjö ára, vildi ekki vera með sem læknirinn í læknisleik sem hún og vin-

kona hennar voru í. Ég spurði: „Af hverju ert þú ekki læknirinn?“ Og hún svaraði: „Ég er auðvitað hjúkrunarkona, ég get ekki verið læknir, konur eru aldrei læknar.“[31] Og eina páskana fékk sonur minn, þá átta ára, í páskaegginu sínu málsháttinn: „Þögn er kvenna kostur.“[32] Það var talsvert í land á þessum árum til jafnréttis kynja í námi.

Málefni leikskólanna voru hluti af menntamálaumræðunni. Ég var í barnaheimilishópi í Kópavogi ásamt Guðnýju Gunnarsdóttur, Guðrúnu Albertsdóttur, Helgu Sigurjónsdóttur, Ingveldi Þorkelsdóttur og Margréti Guðmundsdóttur. Í Kópavogi eins og annars staðar var mikill skortur á dagvistunar- og leikskólarýmum. Á þessum tíma sagði í tillögu að greinargerð með *Aðalskipulagi Kópavogskaupstaðar* frá 1969, þar sem höfundur fjallar um þörf fyrir „dagheimili o.þ.h.“ að viðmiðunargrundvöllur fyrir áætlanagerð um dagheimilisþörf sé fjöldi barna í umsjá „einstæðrar heimilisfyrirvinnu“.[33] Því næst segir: „Síðan verður það félagslegt mat ráðamanna hve mikið tillit skal tekið til hinnar tilbúnu þarfar, sem felst í þægindum fyrir hverja húsmóður að geta komið börnunum af sér hluta úr degi.“[34] Í áætluninni er miðað við helming barna einstæðra foreldra, alls um 180–200 börn, því vænta megi „að um helmingur þessara barna hafi umönnun af móður- eða föðurskyldmennum vegna heimilisvistar foreldris á annarra heimili.“[35] Þetta voru 10% barna á aldrinum 0–6 ára í Kópavogi á þessum tíma.

Við í barnaheimilishópnum gerðum könnun á þörf fyrir dagheimilisrými í Kópavogi í janúar 1971 og lögðum spurningalista fyrir úrtak 430 kvenna á aldrinum 20 til 50 ára.[36] Við sóttum okkar leiðsögn og samstarf til kennara í Háskóla Íslands, Þorbjörns Broddasonar. Athygli er vakin á því að þetta var talsvert fyrir tíma spurningakannana nútímans. Við bárum sjálfar spurningalistana í húsin og sóttum aftur.[37] Um 80% kvennanna svöruðu listanum. Þetta var mikil vinna en við unnum þetta glaðar í hópi. Könnuninni fylgdi bréf með ýmsum upplýsingum um stöðu mála. Þar kemur meðal annars fram að í bænum sé eitt dagheimili fyrir 40 börn einstæðra mæðra og námsfólks og tveir leikskólar fyrir alls 106 börn annaðhvort fyrir eða eftir hádegi. Í bænum voru aftur á móti um 1.900 börn á aldrinum 0–6 ára.

Við fengum hjálp við úrvinnsluna og þegar niðurstöðuskýrslan lá fyrir héldum við mikinn fund í Félagsheimili Kópavogs.[38] Þar héngu uppi spjöld með helstu niðurstöðum sem bæði voru sýndar sem stöpla- eða línurit og í myndrænu formi sem unnið var af Eddu Óskarsdóttur en hún hafði mikil áhrif á

myndrænt „útlit“ Rauðsokkahreyfingarinnar. Á spjöldunum voru hús og börn klippt út úr pappír. Hvert hús táknaði leikskóla sem þörf var fyrir og útklippt börnin sem leiddust táknuðu hvert fyrir sig ákveðinn fjölda barna sem ekki komst í leikskóla en átti móður sem vann úti (um 36% kvennanna í hópi svarenda unnu úti). Önnur útklippt börn í tveimur húsum táknuðu þau sem voru á leikskóla en „opnunar- og lokunartími passa[ði þeim] ekki,“ eins og stóð á spjaldinu og loks var spjald með „börn[um] þeirra mæðra sem vildu vinna utan heimilis, ef þær hefðu örugga gæslu fyrir börnin“.

Við sögðum hreint út á fundinum og í bréfi til bæjarstjórnar Kópavogs, sem fylgdi ýtarleg greinargerð um niðurstöður, að það þyrfti að byggja einn leikskóla á ári í Kópavogi til aldamóta til að fullnægja þörf tæplega 2.000 barna í bænum undir 6 ára aldri fyrir leikskólapláss.[39] Við töluðum skýrt og skorinort og ekki stóð á viðbrögðunum. Fulltrúar í bæjarstjórn voru mættir og gerðu að okkur góðlátlegt grín. „Er þetta nú ekki heldur langt gengið, stelpur mínar?“ Því var líka haldið fram af fundarmönnum að staða konunnar væri á heimilinu og ekki hollt fyrir börn að vera á barnaheimilum. Málflutningur okkar væri fáránlegur. En sá tími kom, þótt síðar yrði, að þessir leikskólar voru byggðir.

Gerður í pontu á Kópavogsfundinum 15. maí 1971 og Guðný Gunnarsdóttir með bendiprik við skýringarspjöld Eddu Óskarsdóttur.

Rauðsokkar á Kópavogsfundinum. Frá vinstri: Rúna Þorkelsdóttir, Helga Sigurjónsdóttir, Guðrún Albertsdóttir, Edda Óskarsdóttir, Hildur Hákonardóttir og Margrét Guðmundsdóttir.

Hluti fundarmanna á Kópavogsfundinum. Lengst til vinstri eru Geir Gunnarsson alþingismaður og Ólafur Jónsson, bæjarfulltrúi í Kópavogi, og fremst til hægri er Svava Jakobsdóttir.

Þegar frumvarp til laga um hlutdeild ríkisins í uppbyggingu og rekstri dagvistarstofnana lá fyrir alþingi stóðum við fyrir undirskriftasöfnun því til stuðnings í samvinnu við Kvenréttindafélag Íslands og Úur.[40] Í fyrsta tölublaðinu af *Forvitinni rauðri* segir af því tilefni að „stórfjölgun dagvistarstofnana (dagheimili, leikskólar, skóladagheimili) fyrir börn [sé] ein aðalforsenda þess, að konur á Íslandi nái jafnrétti á við karlmenn.“[41] Við sáum fyrir okkur að skóladagheimili væru nauðsyn þar til skólar yrðu einsetnir og skóladagurinn lengdur til muna frá því sem þá var.[42] Einsetning skólanna og lengdur skóladagur svo og leikskólapláss fyrir öll börn frá eins til tveggja ára aldri urðu ekki að veruleika fyrr en um 30 árum síðar.

Ég tók þátt í ráðstefnu ASÍ og BSRB í Munaðarnesi í september 1975 um kaup og kjör kvenna á vinnumarkaði[43] og á ráðstefnugögn um félagslega þjónustu hef ég handskrifað undir erindi Öddu Báru Sigfúsdóttur borgarfulltrúa: „Það þarf að reikna út þann ágóða sem fæst af byggingu dagvistarheimila (vegna þeirra sem ekkert skilja nema peninga).“ Ekki veit ég til að það hafi verið gert ýtarlega fyrr en Svavar Gestsson, þá menntamálaráðherra, fól Hagfræðistofnun Háskóla Íslands slíka útreikninga árið 1991.[44]

Hugrekki og góður andi – í mótlætinu

Rauðsokkahreyfingin var svo sannarlega þjálfun í að halda uppi góðum anda og í hugrekki – og ekki veitti af í þeirri andstöðu og mótlæti sem við urðum fyrir. Mér finnst eftir á að við höfum verið ótrúlega áræðnar. Við tókum djarfar ákvarðanir í krafti hópsins. Um það vitna uppákomurnar sem við stóðum fyrir, skrif okkar í blöð og tímarit, framsögur á alls konar fundum sem við vorum kallaðar á, útvarpsþættirnir „Ég er forvitin rauð“ í ársbyrjun 1972 og blaðið okkar, *Forvitin rauð*. Við skrifuðum hiklaust bréf til forsætis-, fjármála- og menntamálaráðherra ef við áttum við þá erindi[45] og sendum álit okkar á lagafrumvörpum til alþingismanna.[46]

Við vorum skorinorðar og djarfhuga þegar við vorum beðnar að koma á fundi um allt land í Lions- og Rotary-klúbbum, kvenfélögum og kennarafélögum, fagfélögum og saumaklúbbum, í skólastofur og á stjórnmálafundi. Við töluðum skýrt og af einbeitni og vorum ekkert að skafa utan af hlutunum. Það var snúið út úr málflutningi okkar og við uppskárum oft mikla andstöðu og jafnvel dónaskap af hálfu fundarmanna – sem höfðu reyndar boðið okkur á fundinn. En mönnum ofbauð, þetta var ekki það sem vænst hafði verið. Við sem konur

vorum að gera tilkall til valda og áhrifa og það kallaði á átök og fjandsamleg viðhorf bæði karla og kvenna. Við litum reyndar á völd sem tækifæri til athafna og áhrifa en ekki sem völd yfir einhverju eða einhverjum. Við drógum aldrei af þrátt fyrir mótlætið og stóðum keikar á okkar, sannfærðar um að við værum á réttri leið. Við vorum líka yfirleitt tvær eða fleiri saman á þessum fundum og í því fólst mikill stuðningur. Á eftir, þegar við vorum búnar að jafna okkur á mestu svívirðingunum, hlógum við að öllu saman og höfðum gaman af – í hópi. Ekkert dró úr okkur að halda áfram með sama efni á næsta fundi. Ég minnist þess ekki að við höfum nokkurn tíma talað um að tempra málflutninginn. Nú mundu menn hlæja að því sem þá hneykslaði. Þegar ég nú les ávörp sem flutt voru á fundum á þessum tíma[47] finnst mér þau fremur saklaus en við lýstum stöðu kvenna á raunsæjan hátt; það var nýlunda og þurfti hugrekki til.

Sama á við um útvarpsþættina sem ég hlustaði nýlega á, þessum 40 árum síðar; þeir bera ekki síður vott um einurðina. Við sögðum hreint út það sem okkur lá á hjarta um mál sem voru kirfilega þögguð niður á þessum tíma. Uppákomurnar sem við stóðum fyrir eru einnig dæmi um áræðnina, eins og ferðin með kvíguna á fegurðarsamkeppni á Akranesi, þreytta húsmóðirin á jólaföstu og „eplin hennar Evu“ sem við buðum flóttalegum körlum í Bankastræti. Við vorum hugrakkar og alltaf svo kátar með það!

Við mættum líka ranghugmyndum um okkur af festu. Þegar ég kom til Neskaupstaðar haustið 1974, fyrsti kvenskólastjóri gagnfræðaskóla á landinu utan Kvennaskólans og síðar fyrsti kvenskólameistari framhaldsskóla – rauðsokka og fráskilin kona með börnin mín tvö – mætti ég alls konar viðhorfum og viðmóti. En það var eins og ég léti það ekkert bíta á mig, ég var orðin svo sjóuð! Hugrekkið úr Rauðsokkahreyfingunni bar mig áfram.

Því var hiklaust haldið fram á þessum árum að rauðsokkur væru ókvenlegar, ljótar og púkalegar, jafnvel nefndar „hryllilegar tröllskessur nútímans“ og „gráar fyrir járnum sérþóttans“.[48] Sagt var að við héldum ekki heimili og hugsuðum ekki um börnin okkar.

Jú, trúlega vorum við púkalegar. Við gerðum í því að brjóta af okkur hlekki fatatískunnar. Við vorum ekki í stuttum pilsum, nælonsokkum og óþægilegum skóm, heldur kusum þægilegri föt. Ég flutti ræðu í Félagsheimilinu í Neskaupstað 1. maí 1975 fyrir fullu húsi – í gallabuxum, bláröndóttri mussu, með bláan tóbaksklút á höfði og í bláum klossum. Þetta voru ein mótmælin – að sýna að við þyrðum að losa okkur við þvingandi fatnað ef okkur sýndist svo eða

fatnað sem virtist fyrst og fremst vera ætlaður til að ganga í augun á körlunum. Kannski von að við þættum fremur ófínar. Að hluta til var þetta tíska og við urðum fyrir áhrifum af henni eins og aðrir en fatasmekkur minn átti reyndar eftir að breytast þegar fram liðu stundir!

Sem dæmi um þann orðróm að við sinntum ekki heimilishaldi má nefna að nágrannakona kom í heimsókn til okkar þegar við vorum nýflutt til Neskaupstaðar og leit í kringum sig. „Ég sé að þú heldur heimili," varð henni að orði. Ég veit ekki á hverju hún átti von, alla vega einhverju öðru en hún sá.

Ég neita því reyndar staðfastlega að við höfum ekki hugsað vel um börnin okkar. Mér er mjög minnisstætt að alltaf voru börn í kringum okkur í rauðsokkunum. Við vorum iðulega með börnin með okkur, komum upp barnahornum á fundum og leyfðum börnunum að taka þátt í viðburðum. Við ræddum líka mikið um uppeldi barnanna okkar. Því var samt haldið fram í fjölskylduboðum í minni ætt að rauðsokkur hugsuðu ekkert um börnin sín. Og ég fyrir mitt leyti spurði hiklaust: „Finnst ykkur ég ekki hugsa vel um börnin mín?" Þá var svarið: jú, að ég gerði það, en hinar … Mamma studdi mig þá eindregið.

Kannski voru karlar – og konur líka – hræddir við rauðsokkurnar og sú tilfinning braust út í því að segja bara að þær væru óalandi og óferjandi. Kannski voru líka einhverjir karlar hræddir um konurnar sínar. Ég man eftir karli sem bannaði konu sinni að umgangast mig en hún gerði það samt. Við vorum góðar vinkonur og í henni brann þessi sama löngun til að breyta samfélaginu og bæta stöðu kvenna. Þáverandi eiginmaður minn, Bjarni Ólafsson, tók aftur á móti þátt í starfi Rauðsokkahreyfingarinnar, var í starfshópi um hjúskaparlöggjöfina og skrifaði í blöð um hreyfinguna og stöðu kvenna.[49] Oft sögðu konur að þær væru alls ekki rauðsokkur en styddu samt margt af því sem við héldum fram eða styddu okkur að sumu leyti.[50] Kannski þorðu þær ekki að samsama sig rauðsokkum algjörlega.

Ég held að þjálfunin í hugrekki hafi einnig fylgt mér í stjórnunarstörfin sem ég hef gegnt, ekki síður en samstarfsþjálfunin. Mér finnst sjálfri að ég hafi stundum þorað að fara út í erfið verk eða taka óvenjulegar ákvarðanir fremur en að velja auðveldustu leiðina. Hugrekkisþjálfunin kom einnig að gagni þegar ég mætti mótlæti í starfi. Sem dæmi má nefna þegar ég fann fyrir andstöðunni sem ríkti meðal kennara í skólum gagnvart yfirvöldum, bæði þegar ég var ráðunautur ráðherra í menntamálaráðuneytinu um tíma og sem yfirmaður skólanna í Reykjavík. Á þeim árum var innbyggt í menningu kennara að vera á

móti yfirvöldum og er kannski enn. Þá er erfitt að vera sjálf hluti af yfirvaldinu. Annaðhvort gerir maður sem minnst og lætur lítið fyrir sér fara til að forðast andstöðuna eða lætur sér standa á sama og stígur fram. Ég þakka það meðal annars þjálfuninni í Rauðsokkahreyfingunni að ég tel mig almennt hafa valið síðari kostinn.

Þó að þjálfunin að baki væri góð er langt frá því að mér hafi alltaf fundist ég mega mín til jafns við karla í starfi. Oft hef ég verið eina konan í karlahópi eða í minnihlutahópi kvenna í blönduðum hópum og mátt þola að komast ekki að með mín viðhorf, að fram hjá mér væri talað og ekki gert ráð fyrir að ég hefði vit á málinu. Ég hef líka lent í því að karlarnir myndu ekki hvað ég héti þótt þeir vissu nöfn allra hinna karlanna og fram hjá mér væri gengið af því að ég var kona – að minnsta kosti að því er ég taldi sjálf. Iðulega var sagt á fundum „við allir“ en ekki „við öll“. Til viðbótar má nefna þá reynslu að ef konur voru orðnar jafnmargar körlum á einhverjum vettvangi fannst körlunum að konurnar hefðu tekið „allt yfir“ og þoldu það illa! Ég hef líka fundið fyrir því að karlar reyndu að stoppa mig af ef þeim fannst ég hafa of mikið svigrúm eða mér gengi hreinlega of vel. Sem sagt, oft hef ég haft tilfinningu fyrir að vera lægra sett í reynd en finnast engu að síður sjálfri að ég væri jafnoki.

Útvarpsþættirnir og blaðið Forvitin rauð rufu þögn

Það var gaman að vinna að útvarpsþáttunum *Ég er forvitin rauð* og útgáfu fyrstu blaðanna sem gefin voru út á vegum Rauðsokkahreyfingarinnar. Heiti þáttanna og blaðsins vísuðu til titils umdeildra kvikmynda sænska kvikmyndagerðarmannsins Vilgots Sjöman, *Ég er forvitin – gul* og *Ég er forvitin – blá*.[51] Við vorum einnig beðnar að koma í umræðuþætti í sjónvarpi og fór ég í einn slíkan fyrir hönd okkar.

Útvarpsþættirnir vöktu sterk viðbrögð. Fjöldi kvenna kom að undirbúningi þessara tíu þátta sem fluttir voru vikulega í janúar og febrúar árið 1972.[52] Þeir voru í föstum dagskrárlið eftir hádegi á þriðjudögum sem bar heitið „Við sem heima sitjum“. Hver þáttur stóð í hálfa klukkustund og í þeim var farið yfir mikið efni. Við Guðrún Hallgrímsdóttir héldum utan um þáttaröðina og ég var í hópum sem undirbjuggu og fluttu tvo þætti. Sem dæmi um sterk viðbrögð sendi lesandi Velvakanda í *Morgunblaðinu* bréf þar sem hann talar um „mjálm rauðsokkakvenna“.[53] Annar nefnir okkur „kommúnistastelpur“ og segir að „Telpur með einhliða skoðanir fá[i] að vaða […] uppi [í útvarpinu]“

og spyr síðan: „Fá allir krakkar strax inni í útvarpinu, þegar þeir koma með sín hugðarefni, ef þeir eru á „réttri línu“ í pólitík?“ Hann klykkir svo út með því að segja: „og það er blóðugt að þurfa að halda þessu fólki uppi fyrir að láta það ljúga að sér.“[54] Við sendum bréf til útvarpsráðs í september sama ár og fórum þess á leit að þættirnir yrðu teknir til endurflutnings vegna fjölda óska.[55] Ekki var orðið við því. Greiðslur sem fengust fyrir útvarpsþættina voru nýttar til að ýta blaðinu úr vör.

Blaðið okkar var bæði róttækt og hnyttið. Í minningunni var mikið fjör í þessari blaðaútgáfu og náin samvinna um efnið. Það var unnið hratt, til dæmis gleymdust ártal, númer blaðs og blaðsíðutöl í fyrsta blaðinu! Mig minnir að við höfum oft og einatt skrifað greinarnar í blaðið í hópi þó svo að aðeins ein setti upphafsstafi sína undir viðkomandi grein; það átti að minnsta kosti við um grein sem ég skrifa undir sem fjallar um leiðbeiningarbækling fyrir einkaritara[56] og leiðara í blaðið sem fjallar um fóstureyðingar,[57] svo dæmi séu tekin. Við hikuðum ekki við að sækja um það til fjármálaráðuneytisins að fá felldan niður söluskatt af blaðinu og fengum það samþykkt.[58]

Við blaðaútgáfuna var ómetanlegt að starfa með og undir leiðsögn Vilborgar Harðardóttur sem var mjög fær og hugmyndaríkur blaðamaður á *Þjóðviljanum*. Hún kenndi okkur líka að setja upp fréttatilkynningar og hvernig átti að koma þeim á framfæri – beint til þeirrar ritstjórnar sem við átti. Ég minni á að þetta var löngu fyrir tíma upplýsingatækninnar og mikil handavinna að setja saman blað. Við vélrituðum greinarnar, klipptum þær til og límdum upp á blöð, auk mynda, og svo voru síðurnar offsetprentaðar. Að öðrum ólöstuðum er mér í minni hvað Edda Óskarsdóttir og Hildur Hákonardóttir voru flinkar í umbroti og myndskreytingu.

Í blöðunum er gjarnan slegið á létta strengi. Sem dæmi um það má nefna opnuna í fyrsta blaðinu um viðbrögð karla við rauðsokkum[59] og bréf til blaðsins frá „Sveini Garibaldasyni“ um raunir heimavinnandi húsfeðgar.[60] Á baksíðu blaðs nr. 2 er ýjað að verkfalli kvenna með mynd sem sýnir konur hraða sér glaðbeittar út úr verksmiðjum, skólum og sjúkrahúsum. Greinar voru í blöðunum frá konum víða að af landinu.[61]

Mikil vinna var lögð í blaðið um fóstureyðingar, enda er það efnismikið og vandað auk þess að vera ansi róttækt.[62] Árið áður, 1973, hafði verið mikil umræða um nýtt fóstureyðingafrumvarp og við rauðsokkar höfðum sótt fundi um málið, meðal annars ráðstefnu á vegum læknanema í desember 1973 og



Baksíðumynd Eddu Óskarsdóttur á öðru blaði *Forvitinnar rauðrar,* sem út kom 1973. Þarna er ýjað að verkfalli kvenna, tveimur og hálfu ári áður en hugmyndin um kvennaverkfall varð að veruleika.

fund hjá Félagi ungra framsóknarmanna í mars 1973.[63] Starfshópur rauðsokka um nýja fóstureyðingalöggjöf hafði einnig sent öllum alþingismönnum bréf þar um.[64] Í blaðinu er nýtt frumvarp að fóstureyðingalöggjöf borið saman við gömlu lögin frá 1935[65] og 1938[66] á skýran og greinargóðan hátt. Birt er ræða þáverandi heilbrigðisráðherra þegar hann kynnti frumvarpið á alþingi. Lögfræðingur og læknir skrifa um gildi frumvarpsins frá sjónarhorni fræðigreina sinna. Birt eru dæmi um ástæður neitana um fóstureyðingu og grein um að gefa barn. Áhrifaríkastar eru aftur á móti hárauðar miðsíðurnar með 10 reynslusögum kvenna sem gengið höfðu undir ólöglega fóstureyðingu, annaðhvort hér á landi eða á sjúkrahúsum erlendis. Lesandinn tekur andköf á hverri síðu.

Nú, öllum þessum árum síðar, finnst mér mjög mikilvægt að við skulum eiga þessa útvarpsþætti og blöð sem heimildir um hugmyndir kvenfrelsiskvenna á þessum tíma.

Rauðsokka og skólastjóri í Neskaupstað

Þegar ég fór til starfa sem skólastjóri í Neskaupstað haustið 1974 var mér haldið mikið kveðjuhóf í Sokkholti að Skólavörðustíg 12, húsnæði sem nýlega hafði verið tekið á leigu sem félagsmiðstöð rauðsokka. Í apríl þetta ár höfðum

við skrifað Ólafi Jóhannessyni forsætisráðherra bréf og óskað eftir afnotum af „einhverju þeirra húsa ríkisins í Reykjavík, sem nú standa auð og ónotuð“ til að reka félags- og kynningarmiðstöð og vísuðum sérstaklega til eins af húsunum í Bernhöftstorfunni – sögðumst mundu setja þar rúður í glugga og mála vistarverur.[67] Í svarbréfi sem dagsett er 10 dögum síðar var umsókninni hafnað þar sem ákvörðun um notkun framangreinds svæðis hefði ekki verið tekin.[68]

Mér fannst auðvitað leitt að yfirgefa rauðsokkastarfið þegar ég flutti. Eftirsjáin varð samt minni en ella þar sem ég var ekki alls kostar sátt við breytinguna sem varð á hreyfingunni eftir ráðstefnuna að Skógum sumarið 1974 þegar farið var að leggja áherslu á að kvennabaráttan væri samofin stéttabaráttunni og heyja yrði „baráttu kvenna fyrir frelsi og jafnrétti með vopnum stéttabaráttu“.[69] Mér fannst þessi samþætting ekki nauðsynleg og vissi að hún mundi fæla frá góða félaga.

Mig langaði að bera með mér andann úr Rauðsokkahreyfingunni til Neskaupstaðar og vekja fólk til umhugsunar um stöðu kvenna þar. Á mínum fyrsta vetri fyrir austan, í apríl 1975, kom hópur vinkvenna minna úr Rauðsokkahreyfingunni og hélt kynningarfund um hreyfinguna fyrir fullu húsi í félagsheimilinu Egilsbúð.[70] Daginn eftir var haldin ráðstefna á vegum kvennahóps í bænum um kjör kvenna til sjávar og sveita sem um 40 manns sóttu.[71] Í blaðaviðtali segi ég um ráðstefnuna að fólk hafi verið ofurlítið hissa og sumt hafi komið fólki á óvart.[72] Rauðsokkurnar gistu heima hjá okkur og sváfu á gólfinu um allt húsið. Þegar hópurinn fór til baka skall á mikið óveður – sem einhver nefndi „rauðsokkurumbu“.

Ég tók síðan þátt í 15 kvenna hópi af öllum stærstu vinnustöðum bæjarins sem undirbjó kvennafrídaginn 24. október 1975 og komst þannig í góð kynni við hóp kvenna á staðnum. Ég hikaði ekki við að halda tólf kvölda námskeið um jafnréttismál á vegum Námsflokka Neskaupstaðar á árinu 1976 með hópi vaskra kvenna á öllum aldri. Í starfsáætlun námskeiðsins segir að efni þess sé uppeldið, skólinn, atvinnulífið, skattar og lög, stéttarfélög og stjórnmál, heimilið og fjölskyldan og loks félagsleg þjónusta.[73] Dreifbýlishópur rauðsokka var okkur innanhandar um efni.

Hugmyndin um jafnréttisnefnd gaf mér kjörið tækifæri til að láta til mín taka um jafnréttismál á staðnum. Stofnuð var Jafnréttisnefnd Neskaupstaðar á vegum bæjarfélagsins árið 1976, eins og Helga Sigurjónsdóttir, þá bæjarfulltrúi, hafði átt frumkvæði að í Kópavogi. Ég varð fyrsti formaður nefndarinnar. Hún vann að vitundarvakningu með ýmsum aðferðum. Eitt fyrsta verkefnið var að

Eitt af dreifibréfum Jafnréttisnefndar Neskaupstaðar.

standa fyrir skoðanakönnun meðal 200 manna úrtaks bæjarbúa um jafnréttismál í samvinnu við jafnréttisnefndir í Garðabæ, Kópavogi og Hafnarfirði. Niðurstöðurnar voru kynntar á opnum fundi í félagsheimili staðarins í maí 1978[74] og árið eftir í fimm dreifibréfum til bæjarbúa, skreyttum skoplegum teiknimyndum.

Nefndin hélt fund með grunnskólakennurum á staðnum um kynjamisrétti í kennslubókum á árinu 1976 þar sem nokkrar bækur voru rýndar með hjálp gátlista.[75] Tveggja daga foreldranámskeið var jafnframt haldið á vegum nefndarinnar í samvinnu við aðra aðila á barnaárinu í maí 1979.[76] Einnig lét nefndin sig stöðu verkakvenna varða og hélt kaffistofufund í frystihúsinu í bænum í samvinnu við Verkalýðsfélag Norðfjarðar í mars 1978 sem um 100 manns sátu.[77] Kynning á verkum Ástu Sigurðardóttur var á dagskrá nefndarinnar árið 1977[78] og hún stóð fyrir fundi um konur og bókmenntir árið 1982 í samvinnu við menningarnefnd staðarins.[79] Loks má nefna fundi um kvennamenningu sem nefndin hélt í samvinnu við jafnréttisnefnd á Egilsstöðum á árinu 1983.[80] Fundirnir urðu til þess að Jafnréttisnefnd Neskaupstaðar, í samvinnu við Kvennahreyfinguna á Héraði og jafnréttisnefndir á Eskifirði og í Nesjum, stóð fyrir námskeiði í kvennasögu að Eiðum 10.–12. júní 1983 sem um 30 konur sóttu.[81]

Þrátt fyrir talsverða umræðu um stöðu kvenna í Neskaupstað á þessum árum voru aðeins tvær konur í 10 efstu sætum á lista Alþýðubandalagsins í sveitarstjórnarkosningum vorið 1978 en flokkurinn var með hreinan meirihluta í bæjarstjórn.[82] Við konurnar sem starfað höfðum í Alþýðubandalagsfélaginu í bænum vorum að vonum mjög óánægðar með þessa niðurstöðu og létum hana í ljós á fundi í félaginu. Í frétt af fundinum segir engu að síður: „Var það mál manna að kjörnefnd […] hafi unnið gott verk […] og var tillaga hennar samþykkt einum rómi.“[83] Þrátt fyrir talsverða baráttu fyrir umbótum á stöðu kvenna var erfitt að sjá áhrifin í reynd.

Kvennarannsóknir, jafnrétti í skólum og Kvennasögusafn Íslands

Staða kvenna í þjóðfélaginu var mér áfram hugleikin. Ég vil hér í lokin geta þriggja verkefna á því sviði sem mér eru kær. Það fyrsta lýtur að kvennarannsóknum. Fyrsta ráðstefnan um íslenskar kvennarannsóknir var haldin í Háskóla Íslands árið 1985. Ég var þá nýkomin til starfa við kennaramenntun í Félagsvísindadeild Háskólans. Við Margrét S. Björnsdóttir, þáverandi forstöðumaður Endurmenntunar Háskólans, og Ulrike Schildmann, prófessor við Háskólann í Dortmund, þá gestakennari við Félagsvísindadeild, höfðum skrifstofur á sama gangi. Einu sinni í kaffinu sagði Ulrike okkur frá kvennarannsóknaráðstefnum í Þýskalandi og það kveikti í okkur Margréti að standa fyrir slíkri ráðstefnu hér á landi. Við ákváðum síðan, ásamt fleirum, að hóa saman konum við Háskólann sem við töldum hafa áhuga á að undirbúa slíka ráðstefnu. Hún var svo haldin dagana 29. ágúst til 1. september 1985. Anna Sigurðardóttir ávarpaði ráðstefnuna í upphafi, síðan fluttu um 25 fræðikonur fyrirlestra um efni úr fræðum sínum sem varðaði konur og líf þeirra.[84] Við Margrét vorum ráðstefnustjórar og Messíana Tómasdóttir gerði fallegt og áhrifaríkt veggspjald fyrir ráðstefnuna. Í kjölfarið var stofnaður Áhugahópur um íslenskar kvennarannsóknir og mikil gerjun varð í þessum fræðum hér á landi sem nú eru stunduð af stórum hópi fræðimanna innan fjölda fræðigreina.

Jafnrétti kynja í skólum átti áfram hug minn. Fyrir tilstilli nokkurra jafnréttisnefnda og Námsgagnastofnunar tók ég saman námsefni fyrir unglingastigið, *Stelpur, strákar og starfsval,* árið 1985.[85] Þetta var verkefnabók með 30 verkefnum og henni fylgdu verkefnaspjöld til notkunar í hópvinnu. Samhliða tók Sigríður Jónsdóttir saman efni fyrir barnastig um stöðu kynjanna. Í framhaldinu héldum við Sigríður og Elín G. Ólafsdóttir námskeið fyrir kennara um nýtingu þessa efnis og stöðu kynjanna víða um land. Árið 1987 var ég síðan skipuð fulltrúi Háskóla Íslands í starfshóp um jafna stöðu kynja í skólum á vegum menntamálaráðuneytisins sem skilaði niðurstöðum sínum árið 1990 í bæklingi sem bar heitið *Jöfn staða kynja í skólum: Stefna – markmið – leiðir*.[86] Þar eru settar fram tillögur meðal annars um viðfangsefni í skólum, starfsmannastefnu skóla, náms- og starfsfræðslu, nám í fjölskyldufræðum, kvennafræði í öllum námsgreinum á háskólastigi, fræðsluefni fyrir foreldra og loks rannsókna- og þróunarverkefni. Lagt er til að fjármagn verði á fjárlögum hvers árs til að jafna stöðu kynja í skólum og framkvæmdanefnd skipuð til þriggja ára. Við Sigríður og Elín tókum saman bæklinginn *Upp úr hjólförunum* sem hugsaður var sem handbók

fyrir kennara og umræðugrundvöllur.[87] Myndasaga um tvíburana Ask og Emblu er fléttuð inn í umfjöllun ritsins og lýsir mismunandi möguleikum þeirra í lífinu svo og ólíkum viðhorfum og væntingum sem þau mæta. Því miður virðist fræðsla og umræða um mismunandi stöðu kynjanna ekki hafa fest almennilega rætur eða orðið sjálfsagður hluti af námi nemenda í íslenskum skólum.

Plakat Messíönu Tómasdóttur, gert fyrir fyrstu ráðstefnu um íslenskar kvennarannsóknir sem haldin var á Íslandi.

Loks er mér ofarlega í huga undirbúningur að flutningi Kvennasögusafns Íslands í Þjóðarbókhlöðuna. Anna Sigurðardóttir, stofnandi Kvennasögusafns Íslands, ræddi við mig og fleiri konur um mikilvægi þess að fá hóp kvenna til stuðnings safninu og hvernig það mætti verða. Áhugahópur um varðveislu og framgang Kvennasögusafns Íslands var síðan stofnaður árið 1987 og starfaði til ársins 1996. Ég var formaður hópsins þessi ár og sat í honum sem fulltrúi Áhugahóps um íslenskar kvennarannsóknir ásamt fulltrúum Kvenfélagasambands Íslands, Félags bókasafnsfræðinga, Bókavarðafélags Íslands, Félags bókavarða í rannsóknarbókasöfnum, Kvenréttindafélags Íslands og Kvennasögusafnsins. Við fengum árlegan styrk frá menntamálaráðuneytinu á árunum 1989–1994 til að kosta vinnu tveggja bókasafnsfræðinga við að skrá safnið, bækur, tímarit og úrklippur, svo að unnt væri að flytja það í aðgengilegu formi í Landsbókasafn – Háskólabókasafn samkvæmt erfðaskrá Önnu Sigurðardóttur. Hópurinn vann að undirbúningi samnings um flutning safnsins og leitaði í því sambandi fyrirmyndar til kvennasögusafns við Gautaborgarháskóla.[88] Við beittum okkur síðan fyrir því að safnið fengi árleg fjárframlög til að kosta starfsmann við safnið frá og með opnun þess.[89] Hlutverki áhugahópsins lauk við undirritun samnings um afhendingu Kvennasögusafnsins hinn 29. mars 1996[90] og það var síðan opnað í Þjóðarbókhlöðu 5. desember 1996.

Anna Sigurðardóttir, stofnandi og forstöðumaður Kvennasögusafns Íslands, á heimili sínu sem jafnframt hýsti Kvennasögusafnið frá stofnun þess 1. janúar 1975 til opnunar þess í Þjóðarbókhlöðu 5. desember 1996. Myndin er tekin 1978.

Þannig hef ég haldið áfram að vera rauðsokka í anda og unnið að málefnum kvenna bæði beint og óbeint.

Sumir draumar rætast

Á árunum eftir að ég flutti austur á land og hætti virkri þátttöku í rauðsokkunum sáum við svo margt verða að veruleika sem Rauðsokkahreyfingin hafði talað fyrir. Á alþingi voru samþykkt lög um jafnrétti kvenna og karla árið 1976[91] og Jafnréttisráð var stofnað að frumkvæði Svövu Jakobsdóttur alþingismanns. Ný lög um getnaðarvarnir og fóstureyðingar gengu í gildi árið 1975.[92] Sama ár voru stofnaðar jafnréttisnefndir í á þriðja tug sveitarfélaga úti um landið að norskri fyrirmynd og störfuðu nefndirnar út jafnréttisáratuginn eða lengur.

Fæðingarorlof fyrir allar konur í þrjá mánuði var lögfest árið 1975.[93] Jafnréttiskannanir voru gerðar í Reykjavík og Kópavogi á árunum 1980–1982 til að fá fram upplýsingar um viðhorf til jafnréttismála.

Á þessum árum fór fólk almennt að vakna til vitundar og viðurkenna misréttið milli kynjanna en konur þurftu að grípa til þess ráðs að taka sér frí í einn dag til þess að sýna fram á þátttöku sína í atvinnulífinu og berja niður allt tal um að staða konunnar væri á heimilinu og hvergi annars staðar. Það markmið náðist nokkurn veginn en uppgangur í hagkerfinu hjálpaði til. Hvað hefði gerst í atvinnulífinu ef það sjónarmið hefði ráðið för að konur ættu eingöngu að vinna innan heimilanna og það jafnvel allt sitt líf?

Aðrir draumar rættust talsvert seinna. Tökum menntakerfið sem dæmi. Lög um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistarheimila höfðu verið samþykkt árið 1973[94] en lög um leikskóla, bæði um faglegar áherslur og rekstrarlega ábyrgð, urðu ekki að veruleika fyrr en árið 1991.[95] Upp frá því var heitið leikskóli notað um allar dagvistarstofnanir og svo var komið í kringum síðustu aldamót að nánast öll börn áttu möguleika á leikskóladvöl eftir eins til tveggja ára aldur og hlutur foreldra í kostnaði var kominn niður í tæplega 15% af heildarkostnaði. Með nýjum grunnskólalögum frá 1995[96] lengdist skóladagurinn og í kjölfarið áttu nemendur kost á mat í hádeginu í skólanum. Þetta varð að veruleika um 25–30 árum eftir að við rauðsokkar leyfðum okkur að halda því fram að þjónusta sem þessi ætti að vera sjálfsögð.

En margir draumar hafa ekki ræst enn. Konur mega þola undirokun, kúgun og ofbeldi víða um heim og líka hér á landi. Þar er langt í land í kvenfrelsisbaráttunni. Þrátt fyrir stóraukna menntun kvenna er langt frá því að laun þeirra séu sambærileg launum karla og konur eru enn langt frá því að koma til jafns við karla að stjórnun á helstu valdastofnunum heimsins, því miður. Draumurinn um styttingu vinnutíma og „að öll fjölskyldan gæti verið komin heim um miðjan dag, til dæmis klukkan þrjú eða fjögur, jafnvel fyrr“[97] á enn talsvert í land.

Ég velti fyrir mér hugsanlegum tímabundnum forréttindum kvenna í grein í *Þjóðviljanum* 28. mars 1976 og segi þar meðal annars:

> Hin svonefnda nýja kvennabarátta hefur hingað til verið algerlega á móti öllum forréttindum kvenna. Baráttan hefur beinst *að jöfnum réttindum karla og kvenna.* En að undanförnu hefur sú hugsun stöðugt gerst áleitnari

> á huga minn, að þetta sé ekki raunhæft. Konum verði að búa viss tímabundin forréttindi svo jafnrétti verði náð. Karlmenn hafa hingað til notið forréttinda fram yfir kvenfólk, hvernig væri að snúa þessu við á nokkrum sviðum næstu 10 árin og veita konum ýmis forréttindi fram yfir karla í þeim tilgangi að jafna muninn og uppfylla þannig okkar skerf í 10 ára baráttu Sameinuðu þjóðanna til jafnréttis kynjanna?[98]

Forréttindin sem ég talaði um í þessari grein eru meðal annars þessi: Hið opinbera hækki sérstaklega laun í öllum kvennastörfum utan við almenna kjarasamninga, kona gangi fyrir karli um starf hjá hinu opinbera ef bæði eru talin hafa sömu möguleika á að gegna því, fjármagni verði veitt sérstaklega í að koma upp dagheimilum, þátttaka karla og kvenna í fréttaflutningi verði jöfnuð og kvótum komið á hjá stjórnmálaflokkunum. Þessari grein var harðlega mótmælt í blaðinu tveimur mánuðum síðar af hópi sex kvenna.[99] Ég var sökuð um þekkingarleysi og skilningsskort á þjóðfélaginu, ardrændir karlar væru líka kúgaðir og slík forréttindi breyttu ekki því þjóðfélagslega óréttlæti sem viðgengist í auðvaldsþjóðfélagi. „Þessi málflutningur á ekkert skylt við sósíalisma, þetta er „femínismi“," segja þær. Svona var tekist á í kvenfrelsisbaráttunni á þessum tíma. Nú eru kynjakvótar orðnir að veruleika á sumum sviðum.

Þegar frá leið varð okkur enn betur ljóst hvernig við rauðsokkar höfðum verið hluti af ótrúlegri bylgju sem gekk yfir heiminn á sjöunda og áttunda áratugnum. Þegar ég löngu síðar kom til Berkeley í Kaliforníu í doktorsnám var mikil reynsla að heyra af lífinu þar allan sjöunda áratuginn og lengur. Bandarískir vinir mínir og jafnaldrar lýstu kvennabaráttunni, stúdentabaráttunni, jafnréttisbaráttu blökkumanna og friðarhreyfingum og mér fannst þeir vera að lýsa íslensku rauðsokkunum.

Á fyrstu árum Rauðsokkahreyfingarinnar vorum við uppteknar af vitundarvakningu um stöðu kvenna, svo sem um hlutverkaskiptingu kynjanna, stöðu kvenna á vinnumarkaði og möguleikum kvenna til náms, eins og sjá má á markmiðum okkar frá árinu 1970. Við ætluðum að gera samfélagið betra og manneskjulegra og stuðla að jöfnuði. Sýn okkar þróaðist síðar yfir í að sjá kvennamenningu andspænis karlamenningu en greining á feðraveldinu var stutt komin. Hún kom síðar.

Það hefur verið nýtt lærdómsferli að horfa til baka og rifja upp þessa tíma – í hópi eins og áður – og finna þessa sterku vináttu sterkra kvenna.

Óður til mánans

Þegar ég er búin að vaska upp
þegar ég er búin að fara út með ruslið
þegar ég er búin að skúra eldhúsgólfið
þegar ég er búin að bóna gangana
þegar ég er búin að ryksuga
þegar ég er búin að þurrka af
þegar ég er búin að þvo
þegar ég er búin
ætla ég út á svalir
að steyta skrúbbinn
framan í mánann
þangað hefur engin kona
verið send með
KARKLÚTINN
ekki enn.

TAKMARKIÐ VAR JAFNRÉTTI Í REYND

RANNVEIG JÓNSDÓTTIR

Uppvöxtur í Vesturbænum

Ég var yngst í stórfjölskyldunni á Ránargötu 22 í Reykjavík. Móðurafi minn, Guðmundur Stefánsson, var höfuð fjölskyldunnar, sannkallaður *pater familias*. Hann var mildur maður sem tekið var mark á. Honum hafði fundist rétt að fjölskyldan héldi áfram að búa undir sama þaki þegar tvö barna hans festu ráð sitt í kreppunni og þess vegna seldi hann húsið í Skuggahverfinu. Þau lögðu öll í púkk, tóku stórt lán, keyptu lóð, byggðu þrílyft steinhús og fluttu inn 1930. Þarna bjuggu þau afi og amma, tvær ógiftar móðursystur mínar og móðurbróðir ásamt norskri konu sinni og dóttur, pabbi og mamma, eldri systir mín og fimm árum síðar fæddist ég. Þá vorum við ellefu. Fjölskyldan bjó þröngt mörg fyrstu árin og leigði út hálft húsið til að hafa upp í afborganir. Mikil húsnæðisekla var í Reykjavík á þessum tíma og húsið fullt af fólki, bæði íbúum og gestum. Ég sat og hlustaði löngum á samræður fullorðna fólksins. Af efstu hæðinni var útsýni til fjallanna og fylgst með skipum úti á Sundunum. Alla ævi hef ég notið þess að horfa út á sjóinn og vera í augnsambandi við Esjuna.

Afi hafði verið skútuskipstjóri en eftir mikla skipskaða kom hann í land að áeggjan ömmu og árið 1907 gerðist hann lögreglumaður í Reykjavík. Lengst af drýgði hann tekjurnar með seglasaumi. Starfs síns vegna var afi oft kallaður Guðmundur vaktari. Heimafyrir bar hann einnig nafn með rentu, því á kvöldin heyrðist skröltið í keðjunni þegar hann var að læsa garðshliðinu fyrir nóttina, sem vakti notalega tilfinningu þótt leikur einn væri að klifra yfir.

Amma, Vigdís Vigfúsdóttir, ættuð frá Grund í Skorradal, var við rúmið en sat oft í ruggustólnum og prjónaði eftirsótta sjóvettlinga. Hún kenndi mér

skemmtileg spil og sagði að ég hugsaði of mikið. Sjálfsagt hef ég þreytt hana með endalausum spurningum. Amma sagði frá því að norður í Húnavatnssýslu, þar sem hún fæddist og ólst upp á köldustu árum 19. aldar, hefðu menn oft verið að vorkenna „blessuðum klárunum“ og síðan bætti hún við óræð á svip: „en enginn vorkenndi mannfólkinu“. Vilhjálmur, bróðir ömmu, skrifaði árið 1913 blaðagrein um vinnuþrælkun sjómanna á botnvörpungum sem varð þekkt undir viðurnefninu „nafnlausa greinin“ og var sögð hafa haft áhrif á setningu vökulaganna 1921.[1]

Afi var kominn á níræðisaldur þegar hann varð bráðkvaddur við smíðar í kjallaranum heima. Amma hafði dáið tveimur mánuðum áður. Þá var ég ellefu ára.

Meðal fyrstu minninga minna eru forvitnileg póstkort frá erlendum hafnarborgum sem lesin voru upphátt svo að allir á heimilinu gætu notið. Kortin voru frá pabba, Jóni Kristóferssyni, skipstjóra á e/s Eddu. Í mínum augum var skipið ævintýraheimur og mikil upplifun að fá að sigla með á ströndina þegar verið var að lesta saltfiskinn sem svo var fluttur til Miðjarðarhafslandanna. En þetta gat líka verið háskalegur staður því að þriggja ára rann ég niður brattan stiga um borð og hef fundið til í bakinu síðan. Þegar tvö ár voru liðin af heimsstyrjöldinni fór pabbi að vinna í landi. Ég man að hann hjálpaði mömmu stundum við þvottana, sem voru erfiðustu heimilisstörfin. Þá heyrði til undantekninga að karlmenn ynnu húsverk. Mér fannst óþægilegt þegar ég heyrði eitt sinn nágrannakonu hneykslast á því að hún hefði séð gamla skipstjórann í þvottahúsinu.

Mamma, Þórunn Guðmundsdóttir, var þrítug þegar hún giftist og faðir minn kominn á fimmtugsaldur. Þau höfðu bæði veikst af berklum en fengið lækningu. Mamma útskrifaðist frá Verslunarskóla Íslands árið 1913. Afi hafði hvatt börn sín til náms en hún var sú eina sem lauk framhaldsskóla. Fyrst vann hún við bókhald hjá Kveldúlfi og síðan starfaði hún á lögmannsstofu í Reykjavík þar til ég fæddist. Eftir að hún varð ekkja sautján árum síðar fór hún aftur að vinna á lögmannsstofunni í hlutastarfi.

Þegar fólk kom saman á þessum árum töluðu konur gjarnan um börnin sín, annað fólk og það sem þær voru að gera. Karlarnir töluðu meira um landsins gagn og nauðsynjar, pólitík og ættfræði. En mamma var dálítið sérstök því að ég man að þegar staðið var upp frá borðum í einu fjölskylduboðinu renndi hún sér upp að frændanum sem var skrifstofustjóri SÍS og spurði stundarhátt: „Hvernig líst þér á nýjustu aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum?“ Mér krossbrá

Systurnar á Ránargötu 22: Vigdís tólf ára og Rannveig fjögurra ára.

þegar ég heyrði þetta, því svona hafði ég aldrei heyrt konur tala. Mamma fylgdist vel með þjóðmálunum þótt hún tæki ekki virkan þátt í félagsmálum. Hún var hollráð og frænkur og vinkonur leituðu gjarnan til hennar. Við mamma höfðum báðar löngun til að skilja mannlífið og töluðum mikið saman. Vinum mínum fannst líka gott að eiga hana að. Mamma lést árið 1960 og var sárt saknað.

Ömmusystirin sem bjó hjá okkur um tíma spurði mömmu eitt sinn af hverju hún léti stelpuna ekki hjálpa sér við húsverkin. Sjálfsagt hefur afskiptasemi gömlu konunnar farið í taugarnar á mömmu, því hún svaraði að bragði: „Hún fær nóg af húsverkum þegar hún verður búin að gifta sig og eignast börn.“ Seinna tókst mér að verða liðtæk í eldhúsinu eftir happa- og glappa-aðferðinni. En sem barn var ég fegin að sleppa við húsverkin og tuttugu árum síðar heyrði ég sjálfa mig gefa án umhugsunar nákvæmlega sama svarið og mamma þegar eiginmaðurinn spurði sömu spurningar og ömmusystirin forðum, af hverju ég léti ekki dótturina hjálpa til við heimilisstörfin. Samt minnist ég þess með nokkru stolti að á tímabilum tókst okkur að skipta heimilisverkunum réttlátlega á milli allra í fjölskyldunni. Það var eitt af uppeldismarkmiðum rauðsokka að piltar jafnt sem stúlkur yrðu ábyrgir, sjálfbjarga einstaklingar innan heimilis sem utan.

Yngri móðursystirin, Anna, vann á kontór en Sigríður sá um heimili afa og ömmu og var hinn góði engill hússins í þá hálfu öld sem fjölskyldan bjó á Ránargötunni. Í uppvextinum var því líkast að við Vigdís systir, sem er átta árum eldri en ég, ættum þrjár mömmur og við erum sammála um að allur sá

stuðningur sem við nutum í bernsku hafi gefið okkur þá ballest sem hefur dugað okkur í lífinu. Á hinn bóginn var þetta verndaða umhverfi þannig að maður fór út í lífið án þess að hafa notað olnbogana. Húsið okkar var heimur út af fyrir sig og ég þurfti lítið út fyrir það að sækja fyrstu árin. Þar lærði ég fimm ára að lesa hjá frænku minni, Önnu Jónasdóttur, í skólaleik sem var uppáhaldsleikurinn okkar enda urðum við báðar kennarar. Síðan þá hef ég unað mér vel með nefið ofan í bók.

Landakot, lýðveldið og Kvennaskólinn

Sex ára fór ég í Landakot eins og systir mín og frænka, bæði af því að skóli kaþólska trúboðsins var í næsta nágrenni og fjölskyldan trúði því að hann væri besti skólinn. Mér fannst gaman í skólanum þótt ég væri feimin og óframfærin í stórum hópi. En það styrkti mig að vera læs og fljót að átta mig á hlutunum. Í skólanum eignaðist ég góðar vinkonur og síðan þá hefur varla liðið sú vika að við María Bergmann værum ekki í sambandi. Reykelsisanganin og latneski söngurinn sveipuðu kaþólsku kirkjuna dulúð. Prestarnir og nunnurnar sem kenndu okkur voru barngóð og kurteis og varla hefur verið hjá því komist að við yrðum fyrir einhverjum áhrifum frá þeim. Seinna skildi ég að þau hafa þurft að tala varlega svo að nemendurnir snerust ekki til kaþólskrar trúar. Þá hefði fólk hætt að senda börn sín í skólann. Systir mín turnaði á fullorðinsaldri, en það freistar mín ekki vegna viðhorfa kaþólsku kirkjunnar til kvenna.

Tímarnir hjá fröken Guðrúnu Jónsdóttur frá Skál á Síðu, sem kenndi okkur íslensku og Íslandssögu, lýsa eins og perlur í minningunni. Hún er besti kennari sem ég hef kynnst á lífsleiðinni. Fröken Guðrún gaf okkur börnunum dýrar gjafir þegar hún sagði okkur Íslendingasögurnar sem framhaldssögur í lok tíma ef við vorum „góð börn“ og auðvitað voru allir þægir og góðir í tímunum hjá henni. Allar helstu Íslendingasögurnar lifnuðu þar fyrir hugskotssjónum okkar og enn í dag lifa þær góðu lífi innra með mér. Fröken Guðrún las ekki sögurnar af bók heldur mælti þær af munni fram þannig að hæfði aldri okkar. Mestan áhuga hafði ég á konunum í sögunum, þeim sem höfðu þor og kjark og kunnu að svara fyrir sig.

Íslandssögutímarnir höfðu ekki síður mótandi áhrif. Við lifðum okkur inn í frásagnir af landnáminu og söguöldinni, hinum myrku miðöldum, svartadauða, kúgun Dana, verslunarhöftum, fátækt og niðurlægingu. Síðan fór landið að rísa með Fjölnismönnum, Jóni Sigurðssyni og frelsisbaráttunni og loks fengum við

sjálf að lifa lýðveldisstofnunina, þann dýrðardag, 17. júní 1944. Þá var ég níu ára, í sveit hjá mínu góða frændfólki austur á Síðu en þangað var ég fyrst send sjö ára að aldri og varð snemma Skaftfellingur eins og pabbi í hjarta mínu. Úti var úrhellisrigning en sól í hjörtum og allt heimilisfólkið sat í sparifötunum í stofunni og fylgdist með athöfninni á Þingvöllum í útvarpinu. Hápunkturinn var þegar frændi okkar, sýslumaður Vestur-Skaftfellinga og forseti þingsins, lýsti því yfir að stjórnarskrá lýðveldisins Íslands væri gengin í gildi. Það var heilög stund.

Í sveitinni tók ég eftir því að meiri virðing var borin fyrir hvíldartíma karla en kvenna og velti fyrir mér hvers vegna. Greinilegt var að karlastörfin þóttu merkilegri en kvennastörfin. Þetta var ekki persónulegt, frekar eins og innbyggt í menninguna. Áhugi minn á kvenréttindum vaknaði snemma og ég sóttist eftir að hlusta á útvarpserindi skeleggra baráttukvenna í Kvenréttindafélagi Íslands, þeirra Önnu Sigurðardóttur, Láru Sigurbjörnsdóttur, Sigríðar J. Magnússon og ekki síst Aðalbjargar Sigurðardóttur, sem var mikill eldhugi. Því fannst mér töluvert til þess koma að hún var prófdómarinn sem undirritaði barnaprófsskírteinið mitt úr tólf ára bekk árið 1948. Flest bekkjarsystkini mín fóru þá í Miðbæjarskólann, en daginn eftir útskriftina sá ég strákakösina í slagsmálum í porti skólans og hraus hugur við að koma þar nærri. Mér fannst skólinn líka skelfilega stór. Þess vegna fór ég með barnaprófsskírteinið mitt aðeins sunnar í götuna og sótti um skólavist í Kvennaskólanum. Þangað fór ég því ekki af hugsjón eins og sumar stúlknanna heldur var það skyndiákvörðun.

Í Kvennaskólanum ríkti agi og regla en ekki fannst mér nú metnaðurinn mikill þegar ætlast var til þess að við námsmeyjarnar syngjum svokallaðan Kvennaskólasöng úr *Alþingisrímum*:

Dável þótti varið vera
vænni hrúgu af peningum
til að kenna að kókettera
Kvennaskólastúlkunum.

Við vorum nokkrar sem tókum aldrei undir þennan söng því að okkur fannst hann bæði asnalegur og lítillækkandi.

Kvennaskólinn var á þessum árum afar mótandi stofnun, því þarna var markvisst verið að ala upp hlýðnar og samviskusamar meyjar sem áttu að

Saumaklúbburinn árið 1950 á leið á árshátíð Kvennaskólans. Frá vinstri: Nína Kristmanns, Rannveig Jónsdóttir, Valva Ásgríms, Katrín Jóhannsdóttir og Dóra Kristmanns.

þegja og sætta sig við allt möglunarlaust. Það átti að viðhalda *status quo*. Við máttum ekki ganga í síðbuxum nema í verstu hríðarveðrum og fyrir kom að skólastýran, fröken Ragnheiður Jónsdóttir, sendi stúlkur heim til að skipta um föt ef henni fannst veðrið ekki nógu slæmt. Við máttum hvorki mála varirnar né lakka neglurnar. Eitt sinn spurði fröken Ragnheiður bekkinn hvort okkur þætti ekki gaman að vaska upp eftir að hitaveitan kom. Ég rétti ein upp hönd til merkis um hið gagnstæða. Hún leit á mig nístandi augnaráði og sagði: „Nú, þér ætlið auðvitað að verða ein af þessum dívansfrúm.“ En þegar ég spurði: „Hvað meinið þér eiginlega?“ virti hún mig ekki svars. Þorvarður Örnólfsson, sem kenndi reikning, höfðaði til okkar stelpnanna og sýndi skilning, enda uppskar hann eftir því.

Strax fyrsta skóladaginn kynntist ég ágætum stelpum og við vorum alltaf saman þau þrjú ár sem ég var í skólanum. Fleiri bættust í hópinn og við stofnuðum saumaklúbb til þess að stytta stundirnar við allt bróderíið, sem var skylda. Við hittumst heima hjá hver annarri, saumuðum út og gerðum

að gamni okkar. Fatasaumurinn var líka afar gamaldags en rétt eftir seinni heimsstyrjöldina var mikill skortur á álnavöru og handavinnukennslan mótaðist nokkuð af því. Annars var helsta skemmtun okkar vinkvennanna að ganga rúntinn í miðbænum, fara í bíó og spila bridds.

Stundum rifumst við heiftarlega um pólitík, aðallega út af hernum, sem var gríðarlegt hitamál á þessum tíma. Varnarsamningurinn var undirritaður 1951, árið sem við vorum í þriðja bekk, en 1946 hafði Keflavíkursamningurinn verið gerður. Þótt ég væri þá barn að aldri hafði ég verið alfarið á móti þeim gjörningi svo skömmu eftir lýðveldisstofnunina. Ég var hernámsandstæðingur og sósíaldemókrat. Ein okkar spilafélaganna var með hernum, hinar þrjár á móti. Eitt sinn hitnaði svo í kolunum að við hernámsandstæðingarnir rukum frá spilaborðinu, skelltum hurðum og æddum út úr húsinu, en við róuðumst fljótt og snerum til baka hálfskömmustulegar yfir því að hafa misst stjórn á skapinu. Með tímanum lærði ég að stilla mig og hætti að láta allt flakka. Eftir hálfrar aldar hlé spilum við kvennaskólasystur aftur saman bridds, skemmtum okkur konunglega og finnst við ungar í annað sinn.

Ég tók landspróf úr þriðja bekk og velti framtíðinni talsvert fyrir mér. Mér hafði dottið í hug að gerast loftskeytamaður og fara til sjós, en hætti við því að ég taldi að það mundi ekki samræmast fjölskyldulífi og börnum. Ég ákvað að fara heldur í Menntaskólann í Reykjavík, sem gaf fleiri möguleika.

Sumarið eftir landspróf var ég í kaupavinnu á stórbýli hjá vandalausum. Ég deildi herbergi með þýskri vinnukonu sem hafði lifað tímana tvenna og þegar við vorum komnar upp í á kvöldin létti hún á hjarta sínu og sagði mér frá reynslu sinni af karlmönnum og stríðinu á íslenskuskotinni þýsku. Miðaldra vinnumaður á heimilinu gerði mér lífið leitt með endurteknum bónorðum sem ég kunni alls ekki að meta en öðrum á heimilinu virtist þykja fyndið. Þótt hvarflaði að mér að hætta harkaði ég af mér og hélt út vistina því að ég þurfti á sumarhýrunni að halda.

Þoldi illa óréttlæti

Í MR var latína aðalfagið í máladeildinni og sögð hafa þjálfunargildi. Latnesku textarnir voru margir frábærir og gáfu innsýn inn í hinn fornklassíska menningarheim. Í skólanum var ofuráhersla lögð á að tala og skrifa rétta íslensku en bókmenntirnar fengu minni athygli. Gunnar Norland var hrífandi enskukennari og í skemmtilegum mannkynssögutímum hjá Ólafi Hanssyni varð

sagan lifandi veruleiki og kjörorð frönsku byltingarinnar: „Frelsi, jafnrétti, bræðralag“ kveiktu eld í hjarta. Á fundum í Málfundafélaginu Framtíðinni öttu kappi nokkrir drengir sem flestir höfðu fengið þjálfun í Heimdalli eða Æskulýðsfylkingunni. Fljótt missti ég áhuga á þeim fundum, því þótt ég hefði skoðanir á flestu milli himins og jarðar þorði ég ekki fyrir mitt litla líf að standa upp og tjá mig. Á skólaferlinum hafði verið ætlast til þess að við stúlkurnar þegðum og værum stilltar og prúðar. Satt að segja man ég ekki eftir einni einustu stúlku í ræðustóli á þeim fundum sem ég sótti í MR. Í skólanum eignaðist ég ómetanlega tryggðavini.

Í saltfiskvinnslunni hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur sumarið eftir fyrsta veturinn í MR fann ég fyrst fyrir launamisréttinu á eigin skinni. Við stelpurnar fengum fjórðungi lægri laun en strákarnir jafnaldrar okkar þótt oft ynnu strákur og stelpa hvort á móti öðru. Við kölluðum þetta „helvítis óréttlæti“ en gátum ekkert gert til að breyta því enda var launamunurinn lögbundinn. Til að bæta gráu ofan á svart kom rukkun frá Verkakvennafélaginu Framsókn þar sem dregið var fullt félagsgjald, sjötíu krónur, af okkar rýru launum í stopulli sumarvinnunni. Rukkunin var kornið sem fyllti mælinn. Í dagbókina mína hef ég skrifað í júlí 1952: „Það er nú einu sinni svo að mér er ómögulegt að láta það afskiptalaust þegar traðkað er svona á réttlætinu á skítugum skónum.“

Okkur Erlu Lúðvíksdóttur, skólasystrum úr Kvennaskólanum, var heitt í hamsi þegar við örkuðum upp í Alþýðuhús við Hverfisgötu til að mótmæla. Á skrifstofu Framsóknar fórum við fram á sanngjarnan afslátt af félagsgjaldinu en mættum takmörkuðum skilningi. Talskonan sagði að margar konur væru atvinnulausar langtímum saman og þær á skrifstofunni hefðu nóg að gera allt árið ef þær ættu að sortera okkur frá sem værum í skóla á vetrum. Við hlytum að skilja það. Þótt við hefðum ekki erindi sem erfiði leið okkur miklu betur eftir að hafa sagt okkar hreinskilna álit og veitt réttlátri reiðinni útrás. Hinn 26. júlí 1952 skrifaði ég í dagbókina: „Til þess að þetta lægi ekki í þagnargildi skrifuðum við Velvakanda hjá Mogganum og sögðum honum allt af létta, en hann birti bréfið og var okkur sammála.“[2] Þetta var fyrsta „aðgerðin“ sem ég tók þátt í.

Þegar ég mátti kjósa í fyrsta sinn birtist jafnaldri minn af Ránargötunni, kosningasmali Sjálfstæðisflokksins, á tröppunum til að flytja mig á kjörstað. Mér fannst það fyndið því að ekkert var fjær mér en að kjósa flokkinn hans. Þótt *Morgunblaðið* væri eina dagblaðið sem keypt var á heimilinu hafði lestur þess

einungis haft þau áhrif að auka meðvitund mína um misréttið í samfélaginu. Þegar ég var að alast upp var sýnilegur munur á fólki eftir efnahag og fátækt fólk leigði í kjöllurum og risum í Gamla Vesturbænum. Ég trúði aldrei *Morgunblaðinu* þegar fullyrt var á síðum þess að atvinnuvegirnir þyldu ekki launahækkun verkafólks. Alþýðuflokkurinn hafði hins vegar átt frumkvæði að setningu laga um almannatryggingar árið 1936, mesta framfaraspori sögunnar að mínu mati, sem batt enda á sárustu fátækt og niðurlægingu íslenskrar alþýðu. Ég var líka alfarið á móti stefnu Sjálfstæðisflokksins í hermálinu. Í mínum huga gat ekkert réttlætt að hið unga íslenska lýðveldi kallaði yfir sig erlendan her.

Barist fyrir stöðu

Eftir fjögurra ára háskólanám lauk ég BA-prófi frá Háskóla Íslands í ensku og sögu auk kennslu- og uppeldisfræði vorið 1959. Á háskólaárunum vorum við Ásdís Kristjánsdóttir, skólasystir mín, tvær annir við enskunám í University College í London. Við sóttum um gjaldeyrisyfirfærslu til Innflutningsskrifstofunnar við Skólavörðustíg, en var synjað án skýringa. Þegar einn frændinn heyrði þetta sagði hann: „Það er ekki von að þeir láti stelpur hafa gjaldeyrisleyfi þótt þær ætli til Englands að læra að mála sig!“ Í gegnum kunningsskap tókst loks að útvega nauðsynlegan gjaldeyri, en þetta er dæmi um það viðhorf sem stúlkur í háskólanámi á þessum tíma gátu átt von á að mæta.

Á námsárunum bjó ég heima en þurfti að vinna fyrir vasapeningum, bókum og einhverjum fatnaði. Þótt oft væri erfitt að fá vinnu tókst það alltaf að lokum og áður en yfir lauk hafði ég, eins og flest námsfólk, fengið margvíslega reynslu á vinnumarkaðnum. Fyrst við snúninga í sveit og barnapössun, síðan vinnu í fiski, kaupavinnu, afgreiðslu í mjólkurbúð, þjónustustörf til sjós og lands og loks við skrifstofustörf. Þetta reyndist mikilvægur undirbúningur fyrir lífið.

Að lokinni útskrift úr Háskólanum sótti ég strax um kennslu á framhaldsstigi hjá fræðsluskrifstofu Reykjavíkur og hélt að mér yrði tekið fagnandi því að skortur var á kennurum með full réttindi. Um haustið fór ég galvösk á fund fræðslustjórans í Reykjavík og spurði hvaða stöðu ég hefði fengið. Maðurinn leit á mig heldur kuldalega og sagði að ég hefði ekkert fengið. Þegar ég hváði og spurði hvort ekki væri skortur á réttindakennurum sagði hann að skólastjórarnir yrðu sjálfir að fá að velja sitt fólk. Mér hefði ekki brugðið meira þótt hann hefði hrækt framan í mig, því ég skildi hann þannig að skólastjórarnir gætu gengið framhjá réttindafólki og ráðið frændur og vini að vild. Upp í hugann

kom spurningin hvort ég hefði veðjað á rangan hest. Gat verið að kennarastarfið væri svo lágkúrulegt að menntun og réttindi væru einskis virt?

Mér var heitt í hamsi þegar ég hringdi í fræðslumálastjóra, sem hafði að gera með kennararáðningar á öllu landinu, og sagði honum frá viðskiptum mínum við fræðslustjórann í Reykjavík. Fræðslumálastjóri lofaði að gera hvað hann gæti og ég fann að honum stóð ekki á sama. Daginn eftir fékk ég þau skilaboð að enskukennsla stæði til boða í nágrannasveitarfélagi. Fimm barna faðir, að vísu réttindalaus, hefði sótt þar um enskukennarastarf og spurt var hvort ég gæti ekki sætt mig við að hann fengi stöðuna og ég einhverja tímakennslu. Ég man að ég hugsaði: „Hef ég virkilega verið fjögur ár í háskóla til þess að þurfa að þola þetta?“ Því herti ég upp hugann og sagði: „Ég vil fá stöðu.“ Þá var lofað að athuga málið betur. Næsta dag hringdi fræðslumálastjórinn sjálfur og sagðist geta boðið mér tíu tíma enskukennslu í Kennaraskóla Íslands og tuttugu tíma stundakennslu í nágrannasveitarfélaginu. Ég hafði ekki þrek til að segja annað en já.

Líklega hef ég þorað að standa á rétti mínum vegna þess að svo vildi til að ég hafði útskrifast frá HÍ með ágætiseinkunn í kennslu- og uppeldisfræðum og fyrstu einkunn í ensku og mannkynssögu. Ég vissi að ekki gátu margir boðið betur. Ástæðuna fyrir þessum kuldalegu móttökum í Reykjavík get ég ekki fullyrt um, en kærastanum mínum, Ingólfi A. Þorkelssyni, sem var róttækur og kallaður kommúnisti, hafði áður gengið illa að fá kennarastöðu í borginni. Ofsóknir gegn vinstrisinnuðum kennurum í Reykjavík stóðu lengi, en það er önnur saga.

Ári eftir að ég hóf kennslu gifti ég mig og á fjórum og hálfu ári eignuðumst við Ingólfur þrjú börn sem urðu miðpunktur lífsins og fylltu hjartað áður óþekktri gleði. Eftir fæðingu fyrsta barnsins var ég heimavinnandi húsmóðir í níu ár, en sinnti þó stundakennslu í ensku við Námsflokka Reykjavíkur tvö kvöld í viku megnið af þeim tíma. Annars hefði ég eflaust aldrei farið aftur í kennslu því að maður geymir ekki fagmenntunina heima í frystikistunni í níu ár.

Við bjuggum enn í fjölskylduhúsinu í Vesturbænum og þar vantaði gæsluvöll. Við Katrín Jóhannsdóttir kvennaskólasystir fengum níutíu og tvær mæður í nágrenninu til að undirrita áskorunarskjal þar sem borgaryfirvöld voru hvött til að bæta úr tilfinnanlegum skorti á öruggum leiksvæðum fyrir börn. Í júní 1963 var skjalið lagt fyrir fund í borgarráði Reykjavíkur, en svör og framkvæmdir létu á sér standa.

Fyrir borgarstjórnarkosningarnar vorið 1966 var auglýstur opinn fundur með borgarstjóra, Geir Hallgrímssyni, og við hjónin fórum á fundinn. Eftir ræðu borgarstjóra voru fyrirspurnir úr sal og ég spurði Geir hvenær hann ætlaði að leysa leikvallavanda okkar. Hann þekkti málið vel, því við höfðum oftar en einu sinni talað saman í viðtalstíma borgarstjóra, og sagði að málið yrði leyst fljótlega. „Já, en hvenær?“ ítrekaði ég og fann um leið að eiginmaðurinn var farinn að kippa í pilsið mitt. Ekki vissi ég hvort hann var hræddur um að ég yrði sjálfri mér eða honum til skammar. „Í sumar,“ svaraði borgarstjórinn. Og hann reyndist maður orða sinna, því málið var sett í forgang og fyrr en varði var gæsluvöllurinn orðinn að veruleika. Mörgum til undrunar voru þar milli sextíu og sjötíu börn fyrsta daginn, svo mikil var þörfin. Það var gott að finna að almennir borgarar gætu haft áhrif á gang mála.

Rauðsokkahreyfingin stofnuð

Ólga og átök víða um lönd á sjöunda áratugnum fóru ekki framhjá fólki sem fylgdist með fréttum hér heima. Áhugaverðust fannst mér nýja kvennahreyfingin í Bandaríkjunum og síðar í Evrópu. Árum saman hafði ég keypt vikublaðið *Time,* sem var dálítill gluggi út í heiminn. Og „dönsku blöðin“ sem bárust til landsins tvisvar í mánuði voru vinsæl lesning meðal kvenna, en smám saman urðu þau gamaldags í mínum augum. Lesendabréf þessara blaða voru samt áhugaverð, því þau veittu innsýn í líf fólks og svörin sýndu oftar en ekki viðhorf samfélagsins. Í anda þeirra flestra var setningin: „Í hjónabandinu hafa báðir aðilar sama hlutverki að gegna: að gera eiginmanninum allt til hæfis.“

En hvers vegna hljómar margt svo fáránlega í dag sem þá þótti sjálfsagt og eðlilegt? Hvað hefur breyst? Jú, sjónarhornið hefur breyst. Áður fyrr litu konur gjarnan á sjálfar sig og heiminn gagnrýnislítið frá sjónarhorni karla, sem var þægilegast því að það var hið ríkjandi viðhorf samfélagsins og af flestum talið eðlilegt. Konur sem héldu fram sínum eigin sjónarmiðum og rétti sem fullgildar manneskjur voru litnar hornauga og kallaðar frekjur, vargar og sköss. Flestar konur óttuðust mjög þann stimpil.

Þótt konur ynnu utan heimilis báru þær flestar alfarið ábyrgð á heimilisstörfunum. Húsmæður voru mærðar í orði en lítilsvirtar í verki og reynsla þeirra einskismetin í atvinnulífinu. Mér fannst ótrúlega margar konur vera fullkomlega ómeðvitaðar um stöðu sína og misréttið í samfélaginu. Ein jafnaldra mín sagði til dæmis: „Ég skil ekki um hvað þið eruð að tala. Maðurinn minn vaskar oft

upp fyrir mig.“ Umræðan var gjarnan á þessum nótum. Konur höfðu fengið flest formleg réttindi og þegar minnst var á launamisréttið og annan ójöfnuð hæddust karlar oft að því og sögðu að ástandið væri okkur sjálfum að kenna. Við værum ekki nógu duglegar að sækja okkar rétt. Margar hugsandi konur voru búnar að missa þolinmæðina og orðnar bálreiðar.

Fyrsta maí 1970 stóð ég við eldhúsvaskinn heima þegar lesin var í hádegisútvarpinu auglýsing þar sem konur á rauðum sokkum voru hvattar til að mæta í 1. maí-gönguna. Áhugi minn kviknaði strax. Ég fór í bæinn með fjölskylduunni eins og venjulega þennan dag og fylgdist með göngunni frá Lækjartorgi. Ógleymanlegt var að sjá rauðsokkurnar bera styttuna úr Lýsiströtu niður Bankastræti. Ein þeirra, Edda Óskarsdóttir, skólasystir úr Landakoti, sagði mér síðar að haldinn yrði fundur um haustið og þá gætu allir komið og verið með.

Á opna kynningarfundinum í Norræna húsinu 19. október 1970 ríkti samhugur og baráttustemning líkt og hans hefði lengi verið beðið. Á fundinum var fullt út úr dyrum og þar töluðu hressar konur sem kynntu þau markmið Rauðsokkahreyfingarinnar að vinna að fullkomnu jafnrétti karla og kvenna á öllum sviðum þjóðfélagsins. Hildur Hákonardóttir kynnti fyrirhugað skipulag hreyfingarinnar sem byggðist á starfshópum og var nýtt hér á landi. Allir í hópunum skyldu vera jafnir og bæði gefa og þiggja, þannig að hver og einn sem vildi starfa að markmiðum hreyfingarinnar fengi möguleika til að nýta frumkvæði sitt. Þetta fyrirkomulag átti eftir að skipta sköpum fyrir starfið, því það leysti úr læðingi ótrúlega mikla orku sem líkja mátti við sprengikraft. Í lok fundarins var hægt að skrá sig í ýmsa starfshópa og um hundrað manns gerðu það. Ég fann að þetta var félagsskapur sem mér líkaði og skráði mig í launarannsóknahópinn.

Ég var orðin þrjátíu og fimm ára og hafði um haustið byrjað að kenna í hlutastarfi við framhaldsdeildir Lindargötuskóla. Þá kom sér vel að búa í fjölskylduhúsi því að Sigríður móðursystir mín var börnunum sem besta amma og hljóp undir bagga þegar með þurfti. Án hennar hefði ég ekki getað tekið jafn mikinn þátt í starfi Rauðsokkahreyfingarinnar og raun varð á. Tengdamömmu fannst ég vera helst til mikið „út og suður“ og mér skildist á henni að konurnar austur á Jökuldal hefðu nánast verið hlekkjaðar við eldavélina, en Sigga frænka sagði ákveðin: „Konurnar í okkar ætt hafa alltaf staðið sig!“ Og börnin áttu líka föður sem var duglegur að sinna þeim. Sjálf var ég ein af þessum samviskusömu og nákvæmu og reyndi stöðugt að gera mitt besta bæði heima og heiman. Oft

vann ég langt fram á nætur til að ljúka öllu sem gera þurfti. Ég var gagntekin af hugsjónum Rauðsokkahreyfingarinnar og reiðubúin að vinna fyrir málstaðinn.

Við stefndum að *vitundarvakningu*. Með skýrum rökum og markvissum aðgerðum vildum við vekja fólk til vitundar um misrétti kynjanna og breyta þannig stöðnuðum viðhorfum og hugsunarhætti. Framan af fannst mér eins og við værum að sá fræjum út í vindinn og enginn vissi hvar þau mundu lenda eða hvort nokkurt þeirra festi rætur. Starfið byggðist sem fyrr segir alfarið á hópvinnu og samstarfi og það var okkar styrkur að engir metnaðarfullir foringjar voru á svæðinu. Við vorum allar jafnar og gátum hlaupið í skarðið hver fyrir aðra væri þess þörf. Barátta okkar var ekki persónugerð eða bundin við okkur sjálfar. Væru einhverjar konur órétti beittar snerti það mig fyrir hönd allra kvenna og þá fannst mér gert lítið úr móður minni, systur, dóttur og öllum þeim konum sem mér þótti vænt um.

Kennarar voru áberandi stór hópur innan Rauðsokkahreyfingarinnar en þótt launin væru lág miðað við ábyrgð og menntun minnist ég þess ekki að kjör kennara hafi verið rædd sérstaklega í okkar hópi. Ástæðan var trúlega sú að í kennarastétt höfðu konur og karlar sömu laun fyrir sömu vinnu. Okkur fannst mikilvægast að finna þær konur sem verst voru settar, beittar mestu launamisrétti, og reyna að hjálpa þeim að koma sínum málum á framfæri og vekja athygli á kjörum sínum.

Við vorum spurðar hvers vegna við kæmum ekki til starfa með Kvenréttindafélagi Íslands, baráttumálin væru þau sömu. Skömmu eftir kynningarfundinn í Norræna húsinu minnist ég þess að hafa farið ásamt öðrum rauðsokkum á fundi hjá Kvenréttindafélaginu. Þar voru eftirminnilegar baráttukonur sem sumar virtust harðar í horn að taka. Ég hafði aldrei áður séð svo margar sterkar eldri konur samankomnar á einum stað. Okkur varð þó fljótt ljóst að það yrði of mikið á brattann að sækja að koma okkar málefnum og baráttuaðferðum á framfæri í þeirra félagi. Hið frjálslega félagsform sem boðað hafði verið á kynningarfundi rauðsokkanna hentaði okkur betur.

Við komum með sannanir

Við vitum að menningarhefðin er sterkari en lagaákvæði, þótt slík ákvæði geti rutt braut nýrri menningu. Árið 1954 höfðu verið sett lög um launajafnrétti meðal ríkisstarfsmanna og þegar launajafnrétti kynjanna var lögfest árið 1961 töldu eflaust margir að langri baráttu væri lokið og sigur í höfn, því í lögunum

Rauðsokkar funda á heimili Helgu Ólafsdóttur á Ásvallagötu 8, sennilega árið 1972. Frá vinstri: Hjördís Bergsdóttir, á bak við hana glittir í Eirík Guðjónsson, Vilborg Sigurðardóttir, Rannveig Jónsdóttir og Edda Agnarsdóttir.

stendur: „Á árunum 1962–1967 skulu laun kvenna hækka til jafns við laun karla fyrir sömu störf í eftirfarandi starfsgreinum: almennri verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu og verzlunar- og skrifstofuvinnu.“[3] Konur höfðu bundið miklar vonir við þessa lagasetningu og flestir forstjórar og atvinnurekendur héldu því fram að algjört jafnrétti ríkti nú í launamálum. Störfin væru metin eftir því hvers eðlis þau væru, ekki eftir því hver gegndi þeim. Undir niðri kraumaði þó um allt samfélagið mikil óánægja vegna stöðu kvenna á vinnumarkaði. Gríðarlegur óútskýrður munur var enn á launum karla og kvenna í sömu og sambærilegum störfum. Einnig virtist það náttúrulögmál að hefðbundin kvennastörf væru lægst metin.

Leiðrétting á launamisréttinu var knýjandi en okkur skorti staðreyndir til að nota sem vopn í baráttunni. Launarannsóknahópur rauðsokka tók fljótlega til starfa og skipti með sér verkum. Hluti hópsins gerði samanburð á launum karla og kvenna hjá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur en hinn hlutinn kannaði mismun á launum kynjanna hjá tveimur opinberum stofnunum. Stjórnendur Ríkisútvarpsins og tollstjóraembættisins veittu okkur greiðan aðgang að nauðsynlegum gögnum. Við bárum saman launaflokka, menntun og starfsaldur eftir kynjum og Þorbjörn Broddason lektor leiðbeindi okkur

varðandi uppsetningu og úrvinnslu könnunarinnar þannig að niðurstöðurnar yrðu skýrar og marktækar.

Í ljós kom að launamunur karla og kvenna hjá þessum opinberu stofnunum var meiri en okkur hafði órað fyrir. Versta dæmið var að karlmaður með landspróf, sem samsvaraði níunda bekk grunnskóla, var fjórum launaflokkum hærri en kona með háskólapróf auk frekara sérnáms. Þau höfðu sambærilegan starfsaldur. Í VR-könnuninni kom einnig fram hrikalegur kjaramunur sem var að stórum hluta dulinn því að 44% karlanna fengu ekki greitt eftir launatöxtum heldur sömdu þeir hver fyrir sig um laun sín, en aðeins 1% kvennanna naut slíkra forréttinda. Að sjálfsögðu ríkti algjör leynd varðandi umsömdu launin. VR-könnunin benti eindregið til þess að atvinnurekendur legðu kynferði starfsfólks til grundvallar launagreiðslum fremur en menntun og starfsaldur. Með þessum könnunum tókst okkur að sanna launamisréttið með óyggjandi hætti.

Haustið 1971 birtist grein með niðurstöðum kannananna í tímaritinu *Samvinnunni*[4] ásamt öðru athyglisverðu efni frá Rauðsokkahreyfingunni. Niðurstöðurnar vöktu strax mikla eftirtekt og það varð okkur hvatning að oft var vitnað til þeirra í umræðum um launamálin.

Stjórnmálin

Fyrir alþingiskosningarnar 1971 var það orðin krafa tímans að hafa nokkrar konur á listum stjórnmálaflokkanna. Mér var boðið sæti á lista Samtaka frjálslyndra og vinstri manna í Reykjavík. Ég hallaðist að jafnaðarstefnunni og foringi Samtakanna, Hannibal Valdimarsson, hafði flutt frumvörp sem rétta áttu hlut kvenna, ýmist einn eða með öðrum.[5] Ég var of neðarlega á listanum til að skipta umtalsverðu máli, en nógu ofarlega til að þurfa að leggja eitthvað af mörkum í kosningabaráttunni. Mitt helsta framlag var ýtarleg grein um jafnréttismál sem birtist í málgagni Samtakanna, *Nýju landi*.[6]

Mikill var fögnuðurinn á kosninganótt þegar Samtökin komu fimm mönnum á þing og felldu sitjandi ríkisstjórn. Einnig er minnisstæð árshátíð Samtakanna þegar ég varð fyrir tilviljun vitni að nöturlegu hnútukasti manna á milli og andrúmsloftið minnti á gleðina í höllu Goðmundar konungs á Glæsivöllum þar sem menn vógu hver annan í bróðerni. Þá fann ég greinilega að ég átti betur heima í grasrótinni í Rauðsokkahreyfingunni og vissi að þar gat ég orðið að einhverju liði.

En þori ég, vil ég, get ég?

Fjölmenn rauðsokkaráðstefna var haldin á vegum Æskulýðssambands Íslands dagana 27. og 28. nóvember 1971. Þar fluttu stuttar framsöguræður Gunnlaugur Ástgeirsson stud. philol., alþingismennirnir Svava Jakobsdóttir og Bjarni Guðnason, Haraldur Blöndal stud. jur. og sú sem þetta ritar. Ég hafði verið beðin um að skýra niðurstöður launarannsóknahóps rauðsokka, sem þá þegar höfðu birst í *Samvinnunni*. Að loknum framsöguerindum voru almennar umræður og fyrirspurnir til frummælenda en auk okkar sátu fyrir svörum Guðrún Hallgrímsdóttir verkfræðingur, Helga Sigurjónsdóttir kennari, Gerður G. Óskarsdóttir kennari og Maia Sigurðardóttir sálfræðingur. Í umræðunum var farið yfir vítt svið og byrjað að ræða fóstureyðingalöggjöfina. Fundurinn stóð á fimmtu klukkustund og endaði með hártogunum um félagslega og málfræðilega merkingu orða eins og karl, kona og maður. Daginn eftir var unnið í starfshópum og mest var þátttakan í hópnum um fóstureyðingalöggjöfina. Í *Stúdentablaðinu* var haft eftir félagsfræðinema sem tók þátt í ráðstefnunni „að hann hefði lært meira um íslenzkt þjóðfélag um þessa einu helgi en nokkurntíma fyrr“.[7] Og frásögninni af fundinum lýkur svona: „Mættum við fá meira af svona frjálslegum og fróðlegum samkomum.“

Aðeins einu sinni áður hafði ég talað fyrir framan fullan sal af fólki, þegar ég ellefu ára flutti ávarp fjallkonunnar á barnaskemmtun í Góðtemplarahúsinu á sumardaginn fyrsta, skjálfandi á beinunum og klædd í skautbúning. Áður en rauðsokkaráðstefnan hófst kom ég varla upp orði fyrir stressi og tungan límdist við góminn. Vilborg Harðardóttir, sem var mér þarna til halds og trausts, sagði á sinn sannfærandi hátt: „Ég veit alveg hvernig þér líður. Hef upplifað þetta sjálf. Þetta lagast.“ Og einhvern veginn tókst mér að koma erindinu til skila en hugsaði á eftir að þennan fjára gerði ég ekki aftur nema fá einhverja þjálfun. Síðan dreif ég mig á námskeið í ræðumennsku til þess að losna við mesta hrollinn.

Í júní 1972 hringdi til mín maður með djúpa og kunnuglega rödd. Það var Magnús Bjarnfreðsson hjá Sjónvarpinu. Hann sagðist hafa heyrt að ég væri mikil valkyrja og vildi fá mig í þáttinn „Ólík sjónarmið“ að ræða launamálin. Mér leið satt að segja ekki eins og mikilli valkyrju og bað um sólarhrings frest til að hugsa málið. Var ekki viss hvort ég þyrði að fara í beina útsendingu og hugsanlega standa á gati fyrir framan alþjóð. Þá var aðeins ein sjónvarpsrás og ein útvarpsstöð í landinu og því var að vissu leyti auðveldara að ná til fjöldans

en nú er. Oftast vorum við rauðsokkur talsmenn starfshóps sem hafði unnið lengi að ákveðnu verkefni og því fannst mér ábyrgðin margföld. Ef illa tækist til væri maður að bregðast hópnum.

Ég bar málið undir eiginmanninn sem sagði: „Ef þú þorir ekki að fara biður hann einhvern annan sem veit ef til vill minna en þú og þá sérðu eftir að hafa ekki þorað.“ Hugsanlega var eitthvað til í því. Ég hringdi í Magnús og setti tvö skilyrði. Í fyrsta lagi að hann gripi ekki fram í fyrir mér og í öðru lagi að hann kallaði mig ekki „frú“. Ég hafði orðið vitni að því að fréttamaður spyrði yfirlætislega: „Og hvað segir frúin?“ og það hafði ekki verið gert í virðingarskyni. Magnús lofaði að kalla mig ekki „frú“, en hinu gat hann ekki lofað. Ég lét það gott heita og ráðfærði mig við Hildi Hákonardóttur, sem hafði reynslu af sjónvarpinu. Hún sagði: „Þú skalt vera búin að ákveða hverju þú vilt koma á framfæri og svo sveigirðu umræðuna að því þegar færi gefst.“

Í þættinum voru auk mín Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Dagsbrúnar, Ragnar Ingimarsson, formaður Bandalags háskólamanna, og Sigrún Jóhannsdóttir frá VR. Safnadeild Sjónvarpsins er búin að fleygja þessum þætti sem og öllu öðru sjónvarpsefni þar sem rauðsokkur komu við sögu á árunum 1970–1975[8] en ég man að Guðmundur sagði með nokkrum þjósti að við rauðsokkur værum bara menntakonur og ekkert að hugsa um verkakonur. Sem betur fer gat ég mótmælt þessu, því þá þegar höfðum við gert heiðarlega tilraun til að ná tengslum við verkakonur. Það átti aldrei við rök að styðjast að rauðsokkur hefðu ekki áhuga á hag verkakvenna.

Daginn eftir þáttinn rakst ég á frænda minn, ráðsettan bankamann, sem var ánægður með frammistöðu mína í þættinum. Það gladdi mig og kom satt að segja dálítið á óvart. Þótt við rauðsokkur reyndum að láta okkur hvorki bregða við lof né last var á þessum tíma gott að fá hrós og hvatningu úr óvæntum áttum, því ekki vantaði að okkur væri sendur tónninn í fjölmiðlum. Oftast leiddum við slíkt hjá okkur enda málfrelsi í landinu. Þó minnist ég ýtarlegrar svargreinar rauðsokka við svæsnum árásum tveggja presta.[9] Báðir hömuðust þeir gegn óvini sem þeir nefndu „rauðsokkur“. Annar talar um „þessar hryllilegu tröllskessur nútímans, sem gráar fyrir járnum sérþóttans leggja stund á það framar öllu að þurrka af sér kvenlegan þokka og verða sem líkastar leiðinlegum karlmönnum“ og hinn segir: „Og nú er nýjasta nýtt hjá vansælum konum, sem kalla sig rauðsokkur […] að leita inn á svið stjórnmálanna til að finna þar það, sem viðtöl við sálfræðinga og pillur lækna hafa ekki megnað að veita.“

Við ræddum slík skrif okkar í milli og reyndum að skilja hvað bjó að baki. Oftast virtist gagnrýnin byggð á hræðslu við breytingar, misskilningi og rangtúlkunum og þá gátum við hlegið að öllu saman. Aftur á móti grét ég þegar ég komst að því að dóttir mín hefði verið látin gjalda skoðana móður sinnar og kölluð rauðsokkukrógi með meiru á bæ sem fengið hafði bestu meðmæli til þess að taka börn til sumardvalar í sveit.

Þáttaröðin „Ég er forvitin – rauð“ sem hreyfingunni bauðst að gera fyrir Ríkisútvarpið snemma árs 1972 gaf okkur einstakt tækifæri til að koma áhuga- og baráttumálum rauðsokka á framfæri við þjóðina. Þættirnir voru tíu talsins, nýr umsjónarmaður hélt utan um hvern þeirra og ég hafði umsjón með þætti um vinnumarkaðinn en höfundar hans og flytjendur voru úr ýmsum áttum.[10] Talað var um kjör láglaunakvenna í frystihúsum og víðar, sagt frá aðstæðum ófaglærðs starfsfólks á hótelum og veitingahúsum, sem var afar illa sett, og greint frá merkri launakönnun[11] sem gerð hafði verið í bönkunum, svo eitthvað sé nefnt. Ekki minnsta athygli vakti frásögn Guðleifar Jörundsdóttur sem var fulltrúi hjá Skipaútgerð ríkisins og með samvinnuskólapróf. Hún lýsti þrjátíu ára erfiðri og niðurlægjandi baráttu sinni fyrir launajafnrétti hjá ríkisstofnun. Mikinn kjark þurfti til að koma þannig fram í eigin nafni og ræða launamál sín opinberlega.

Þættirnir komu af stað umræðum í þjóðfélaginu og við fengum margvísleg viðbrögð, bæði opinberlega og persónulega. Einna órækasta sönnun fyrir áhrifamætti þeirra fékk ég fyrir utan Hótel Akranes 10. september 1972 þar sem við rauðsokkur stóðum með kvíguna Perlu Fáfnisdóttur og mótmæltum fegurðarsamkeppni í skemmtilegustu aðgerð sem ég tók þátt í. Maður á miðjum aldri gaf sig á tal við mig, sagðist vinna í Frystihúsi Haraldar Böðvarssonar og þar hefði fólkið í vinnslusalnum hlustað á útvarpsþættina okkar. Maðurinn sagðist lesa blöðin með öðru hugarfari eftir að hafa hlustað á okkur. Seint gleymi ég fögnuðinum sem fór um mig við að heyra þetta. Þetta var í fyrsta skipti sem ég fékk staðfestingu á því að fræin okkar hefðu fallið í frjósama jörð. Maðurinn hafði orðið fyrir *vitundarvakningu*. Við vorum á réttri leið!

Úti á akrinum

Árið 1972–1973 var ég í miðstöð Rauðsokkahreyfingarinnar með þeim Björgu Einarsdóttur, Guðrúnu Ágústsdóttur og Lilju Ólafsdóttur. Við vorum á ólíkum

Rauðsokkar mótmæltu fegurðarsamkeppnum víðar en á suðvesturhorni landsins. Helgina eftir krýningu kvígunnar Perlu á Akranesi var haldin fegurðarsamkeppni í Sjálfstæðishúsinu á Akureyri og þar mættu norðlenskir rauðsokkar til leiks með dreifirit og spjöld. Hárprúði maðurinn til hægri á vinstri myndinni er Guðmundur Heiðar Frímannsson.

stöðum í pólitík, en það skipti engu máli því að við vorum einhuga í jafnréttisbaráttunni. Samstarf okkar var gott og aldrei hljóp snurða á þráðinn.

Mikilvægur hluti af starfi rauðsokka á þessum árum fólst í því að koma fram á ýmiss konar samkomum þangað sem okkur var boðið til að gera grein fyrir baráttumálum okkar. Ein af þeim eftirminnilegri sem ég tók þátt í var fjölmennur umræðufundur á Varmalandi 20. febrúar 1972 í boði skólanna í Borgarfirði, en hefð var fyrir því að þeir stæðu fyrir sameiginlegum fundum. Þar sátum við tíu fyrir svörum. Eftir fundinn nutum við gestrisni Steinunnar Ingimundardóttur, skólastýru Húsmæðraskólans á Varmalandi, sem sagði okkur að námið í skólanum væri einskis metið þegar kæmi að því að ráða stúlkur á sumarhótelið sem rekið var í húsnæði skólans. Námsmeyjarnar hefðu engan forgang þótt þær hefðu verið heilan vetur í húsmæðraskóla heldur væru ráðnar einhverjar stúlkur sem aldrei höfðu undið úr tusku.

Eitt sinn var okkur boðið að kynna hreyfinguna á fundi Sinawik-kvenna í Hafnarfirði. Sem sjá má er Sinawik spegilskrift af Kiwanis. Við urðum nær orðlausar þegar við lásum eftirfarandi í félagssamþykkt Sinawik í Hafnarfirði frá 29. maí 1972: „Meðlimir félagsins geta eingöngu orðið þær konur, sem giftar eru Kiwanis-bræðrum í Hafnarfirði og geta meðlimir félagsins aldrei orðið

fleiri heldur en meðlimir eru í Kiwanis-klúbbnum í Hafnarfirði.“[12] Þetta þýddi auðvitað að ef Kiwanismaður félli frá eða hjónin skildu yrði konan að hætta í Sinawik. Hvers vegna í ósköpunum höfðu konurnar samþykkt reglur sem gerðu þær útlægar úr eigin félagi?

Skólastjóri Eiðaskóla bauð okkur Björgu Einarsdóttur að kynna Rauðsokkahreyfinguna fyrir nemendum skólans 15. mars 1973. Við áttum nokkrar lausar stundir fyrir fundinn á Eiðum og boðuðum til fundar að loknum vinnudegi með konum sem unnu í tveimur verksmiðjum á Egilsstöðum. Um tuttugu konur mættu. Ein þeirra sýndi mikinn áhuga, var vel upplýst, hafði kjarasamningana meðferðis og sagðist gjarnan vilja starfa með okkur, sem hún og gerði. Mér fannst það góður árangur þegar einn nýr einstaklingur kom til liðs við okkur á slíkum fundi.

Á fundinum í Eiðaskóla um kvöldið reyndum við að fá nemendur til að hugleiða ólíka stöðu kynjanna. Ég benti á að árið áður hefðu 183 brautskráðst frá Háskóla Íslands, þar af 44 konur eða tæplega fjórðungur,[13] og bað nemendurna að hugleiða þennan mikla mun. Voru konur eitthvað heimskari en karlar? Ef ekki, hver var þá ástæðan? Við reyndum að fá krakkana til að hugsa málin og hvöttum stúlkurnar til að afla sér starfsmenntunar og hætta að líta á hjónabandið sem lífstíðaratvinnu.

Vonandi tókst okkur að vekja einhverja til vitundar á Austurlandi, en það væru ýkjur að segja að við hefðum gert stormandi lukku á Héraði. Um vorið kom bréf frá áhugasamri stúlku, sem hafði boðist til að selja *Forvitna rauða*, fyrsta tölublaðið, sem við vorum svo stoltar af. Í bréfinu segir: „Því miður gat ég ekki selt neitt af þessum blöðum ykkar. Það vildi enginn kaupa þau og ég hafði svo lítinn tíma til þess að fara um hæðirnar með þau því blöðin komu svo seint og ég er í landsprófi og það er svo mikið að læra.“[14] Í júlí fengum við svo heldur kaldar kveðjur að austan í „blaði allra landsmanna“.[15] Tilefni greinarinnar var að um vorið hafði „furðulegt blað […] málgagn rauðsokka“ borist inn á heimili greinarhöfundar „með ungmenni, sem var að koma heim að skólavist lokinni, frá stærsta menntasetri austan lands“. Síðan segir að *Forvitin rauð* hafi „að geyma klám í máli og mynd. Einnig áróður fyrir frjálsum fóstureyðingum. Og háðungarmynd af eiginkonunni, sem unir sér við heimilisstörfin“. Greinin var fróðleg því að hún veitti glögga innsýn í hugarheim og lífsviðhorf höfundar, sem klykkir út með þessum orðum: „Það er nú svona að heimilin eru sjálfstæð smáríki innan þjóðfélagsins, og stjórnendur þeirra þ.e. hjónin eiga að fá að ráða

sínum málum í friði fyrir óviðkomandi aðilum. Rauðsokkur; látið því af áróðri ykkar, og ráðist ekki inn í landhelgi heimilanna.“ Það var deginum ljósara að sumir vildu ekki láta hrófla við ríkjandi ástandi og hugmyndum.

Vissulega gat það verið sársaukafullt og afdrifaríkt fyrir konur á þessum árum að vakna til vitundar um misrétti sem þær höfðu verið beittar. Þannig vakning gat orðið eins og hulu væri svipt frá augunum, líkt og þegar blindir fá sýn, og þá dugar ekki að loka augunum þótt manni líki ekki það sem maður sér. Ég veit dæmi um konur sem vöknuðu þannig til vitundar og sáu sér ekki annað fært en að skilja við menn sína eftir að þær áttuðu sig á því hversu mjög þær höfðu verið bornar ráðum í hjónabandinu.

Fyrirvinnuhugtakið

Fyrirvinnuhugtakið var á þessum tíma mikill þrándur í götu launajafnréttis því að konur voru ekki viðurkenndar sem fyrirvinnur heldur fyrst og fremst litið á þær sem ódýrt vinnuafl og vinnu þeirra utan heimilis sem aukavinnu og íhlaupastörf. Á þessum tíma unnu þó 52% giftra kvenna meira eða minna utan heimilis og atvinnuþátttakan var meiri utan Reykjavíkur. Hefðin var sterk fyrir því að telja karlmann fyrirvinnu heimilis og því þyrfti kona lægra kaup og minni framamöguleika í starfi. Fjöldi kvenna leit heldur ekki á sig sem fyrirvinnur, sem sýndi sig í því að þurft hafði að draga sumar þeirra til þess að sækja atvinnuleysisstyrkinn í atvinnuleysinu 1968. Einnig spillti fyrir konum á vinnumarkaði að vera mæður, en ríkjandi viðhorf var ekki síður óréttlátt gagnvart hinum ógiftu og barnlausu.

Rauðsokkahreyfingin efndi til umræðufundar um fyrirvinnuhugtakið í Norræna húsinu 27. október 1973 þar sem Svava Jakobsdóttir alþingismaður og Auður Þorbergsdóttir borgarlögmaður höfðu framsögu. Svava sagði frá umræðum í Norðurlandaráði og fyrirhuguðum breytingum á löggjöf landanna í átt til jafnréttis kynjanna varðandi framfærsluskyldu og réttindi. Auður talaði um fyrirvinnuhugtakið eins og það kom fram hér á landi á þeim tíma í lögum og reynd. Hún benti á tvískinnunginn í þjóðfélaginu sem lýsti sér meðal annars í því að fyrir allar sveitarstjórnarkosningar væru stjórnmálamenn fullir af

Mynd á næstu opnu: Á fundi Rauðsokkahreyfingarinnar um fyrirvinnuhugtakið sem haldinn var í Norræna húsinu 27. október 1973. Fremsta röð frá vinstri: Björg Einarsdóttir, Rannveig Jónsdóttir, Auður Þorbergsdóttir og Svava Jakobsdóttir. Önnur röð: Guðrún Ágústsdóttir, Edda Óskarsdóttir, Guðrún Hallgrímsdóttir, Gerður Steinþórsdóttir og Unnur Jónsdóttir. Aftast eru m.a. Rannveig Löve og Katrín Fjeldsted.

áhuga á dagheimilum og gæsluvöllum en að afstöðnum kosningum væri það móðurumhyggjan ein sem dygði. Þá væri ekkert annað boðlegt börnum en að njóta hennar daglangt nema ef móðirin einhverra hluta vegna yrði ein með börnin. Þá skyldi hún út að vinna.[16]

Fyrirvinnuhugtakið gat á sinn hátt líka verið þjakandi fyrir karlmenn því að vissulega fólst ákveðið ranglæti í þeirri gamalgrónu samfélagskröfu að karlinn einn aflaði tekna. Ég man eftir leigubílstjóranum sem kvartaði yfir því að konan hans ynni bara úti þegar henni sýndist en sjálfur yrði hann alltaf að vinna hvað sem tautaði og raulaði. Ég var manninum hjartanlega sammála um að það ætti að vera sameiginleg ábyrgð hjóna að vinna fyrir heimilinu en það kallaði auðvitað á jafnræði á öðrum sviðum heimilishaldsins líka. Ekki veit ég hvort hann var mér sammála um heimilishaldið.

Skógaráðstefnan

Rauðsokkahreyfingin hélt ráðstefnu að Skógum undir Eyjafjöllum í júní 1974. Eftir heitar umræður og miklar deilur var samþykkt stefnuyfirlýsing sem lauk með þeim orðum að það yrði „að heyja baráttu kvenna fyrir frelsi og jafnrétti með vopnum stéttabaráttu“.[17] Þarna kvað við breyttan tón og mér fannst ástæðulaust að eyrnamerkja hreyfinguna svo kirfilega til vinstri. Aldrei hafði ég orðið vör við neina andstöðu innan okkar raða gegn því að vinna með konum úr verkalýðshreyfingunni. Eftir Skógaráðstefnuna breyttist andinn nokkuð og ég saknaði félaga sem vildu ekki vinna með okkur undir nýjum formerkjum.

Ráðstefnur um kjör láglaunakvenna

Fyrsta aðgerð Rauðsokkahreyfingarinnar á alþjóðlegu kvennaári Sameinuðu þjóðanna var ráðstefna um kjör láglaunakvenna. Hún var haldin í Lindarbæ 26. janúar 1975 í samvinnu við Starfsstúlknafélagið Sókn, Iðju – félag verksmiðjufólks, A.S.B. – félag afgreiðslustúlkna í brauð- og mjólkurbúðum og Starfsmannafélag ríkisstofnana.[18] Tilgangurinn var að auka samkennd og skilning milli kvenna úr mismunandi stéttum með því að draga fram sérstöðu kvenna í atvinnulífinu, aðstæður þeirra og aðbúnað á vinnustöðum og á heimilum. Láglaunakonum var þarna skapaður vettvangur til að vekja athygli á sínum málum og ræða þau óhindrað. Á þessa ráðstefnu vildum við helst enga formenn stéttarfélaga heldur almenna félagsmenn sem voru meðvitaðir og höfðu ákveðnar skoðanir á hlutunum. Við vissum að stjórnarmenn eiga það til

að verða ótrúlega fljótt meðvirkir og verja ríkjandi ástand þegar þeir telja sig samábyrga fyrir gildandi samningum. Eftirvæntingin var mikil, því ráðstefna af þessu tagi hafði ekki verið haldin áður hér á landi.

Rauðsokkur stjórnuðu fundi en framsöguræður fluttu Sigrún Clausen (Verkalýðsfélagi Akraness), Guðrún Emilsdóttir (Sókn), Herdís Helgadóttir (VR), Ásdís Guðmundsdóttir (Iðju), Hallveig Einarsdóttir (ASB), Ingibjörg Guðmundsdóttir (SFR), Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir (Sókn) og Stella Stefánsdóttir (Framsókn). Margt athyglisvert kom fram í erindum þessara skörulegu kvenna, svo sem að kauptrygging kvenna, sem nýlega hafði verið tekin upp í frystihúsunum, hefði skapað öryggi og ánægju. En Eva var ekki lengi í þeirri paradís því að þrem mánuðum síðar voru konurnar sviptar kauptryggingunni.[19] Fram kom að í iðnaði væru það yfirleitt karlmenn sem fengju yfirborganir og konur fengju hálfs mánaðar fæðingarfrí. Ein framsögukvenna upplýsti að engin kona væri í níu manna nefnd ASÍ, sem réð samningagerð.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir var svo flugmælsk og hrífandi að strax varð ljóst að rödd hennar ætti eftir að heyrast víðar. Hún lagði í ræðu sinni áherslu á að lífeyrissjóðirnir væru eign verkalýðsfélaganna og nota ætti þá til að byggja litlar íbúðir, því það væri mál verkalýðshreyfingarinnar að leysa húsnæðismál.

Ráðstefnan var einstaklega vel heppnuð og margt athyglisvert kom fram í áliti hennar. Meðal annars var þar tekið undir hugmyndina um „að allar íslenskar konur [legðu] samtímis niður vinnu dagstund á þessu ári til að leggja áherslu á vinnuframlag kvenna í atvinnulífinu og inni á heimilunum“.[20]

Vegna fjölda áskorana var haldin önnur ráðstefna um kjör láglaunakvenna rösku ári síðar, 16. maí 1976, í þetta sinn á Hótel Loftleiðum. Nokkrar konur sem komið höfðu að fyrri ráðstefnunni mynduðu undirbúningshóp sem sendi stéttarfélögunum bréf og kallaði eftir undirtektum. Á ráðstefnunni skyldu ræddar leiðir til úrbóta, starf og barátta stéttarfélaganna og virkni kvenna innan þeirra, staða bændakvenna, verkmenntun, fæðingarorlof, dagvistunarstofnanir og fleira. Fyrir þessari ráðstefnu stóðu auk Rauðsokkahreyfingarinnar stéttarfélögin Iðja, Starfsstúlknafélagið Sókn, Verkakvennafélagið Framsókn, Verslunarmannafélag Reykjavíkur, Verkakvennafélagið Framtíðin í Hafnarfirði, Félag afgreiðslustúlkna í brauð- og mjólkurbúðum, Starfsmannafélag ríkisstofnana og Ljósmæðrafélag Íslands. Öðrum stéttarfélögum og félagasamtökum sem höfðu margar konur innan sinna vébanda var boðið að senda fulltrúa til ráðstefnunnar og var vel mætt, bæði frá Reykjavík, Akranesi, Stokkseyri,

Borgarnesi, Akureyri, Siglufirði og Selfossi. Auk þess sótti ráðstefnuna margt annað áhugafólk og alls voru fundarmenn um tvö hundruð.

Dagskráin var umfangsmikil og metnaðarfull. Tólf konur fluttu athyglisverðar framsöguræður um hin ýmsu mál sem brunnu á þeim. Þetta voru Anna Þórðardóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Erna Arngrímsdóttir, Lára Þórðardóttir, Halldóra Sveinsdóttir, Ása Marínósdóttir, Elínbjörg Sigurðardóttir, Unnur Ingvarsdóttir, Þórunn Valdimarsdóttir, Guðríður Elíasdóttir, Kristrún Guðmundsdóttir og Herdís Helgadóttir. Mikla athygli vakti frásögn Kristrúnar af konu nokkurri sem starfað hafði í eldhúsi á hóteli í Reykjavík síðastliðin þrjátíu ár og ekki fengið helgarfrí í tíu ár. Hún átti frí einn dag í viku og það var alltaf sami vikudagurinn. Spurt var hvernig unnt væri að koma í veg fyrir að vinnuveitendur brytu gerða samninga. Að loknum framsöguerindunum var unnið í átta umræðuhópum.

Fjölmargar konur höfðu komið að undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar. Sérstaka eftirtekt mína vakti einn af framsögumönnunum, ung kona úr VR sem vann hjá Kassagerð Reykjavíkur og var áberandi ósérhlífin og dugleg. Hún heitir Jóhanna Sigurðardóttir og er forsætisráðherra Íslands þegar þetta er ritað.

Í lok ráðstefnunnar voru að venju bornar fram margar ályktanir og sendar fjölmiðlum. Ráðstefnugestum hafði meðal annars orðið tíðrætt um dagvistarmál, sem enn voru í mesta ólestri, og mér datt í hug að reynandi væri að stofna starfshóp til að fylgja eftir eftirfarandi ályktun ráðstefnunnar: „Ráðstefnan fordæmir þá breytingu sem gerð var á lögunum um þátttöku ríkisins í stofnun og rekstri dagvistunarstofnana, að fella niður hlutdeild ríkissjóðs í rekstrarkostnaði stofnananna, og telur það stórt skref aftur á bak. Ráðstefnan telur, að varanleg lausn á uppbyggingu nægilega margra dagvistunarstofnana fáist ekki nema ríki og sveitarfélög stofni þau og reki eins og aðrar uppeldisstofnanir og skóla þjóðfélagsins, svo öll börn geti átt aðgang að þeim. Ennfremur telur ráðstefnan æskilegt, að *stéttarfélögin beiti sér fyrir því, að tekið verði inn í kjarasamninga þeirra, að atvinnurekendur greiði ákveðið gjald í byggingarsjóð dagvistunarstofnana til að flýta fyrir framkvæmdum*.“ [21]

Tuttugu konur skráðu sig í starfshópinn, sem setti sér tvíþætt verkefni: að vinna að öflugri kynningu á dagvistarmálum og vinna að því að fá ákvæði inn í kjarasamninga um greiðslur í dagheimilasjóð. Hópurinn hélt sautján fundi í Sokkholti. Haft var samband við starfsmenn fjölmiðlanna – útvarps, dagblaða

Hluti starfshóps um dagvistarmál á blaðamannafundi í Sokkholti í nóvember 1976. Frá vinstri: Sigríður A. Valdimarsdóttir, Svandís Skúladóttir, Sigríður Thorlacius, Elísabet Sveinsdóttir, Rannveig Jónsdóttir, Bergljót Stefánsdóttir, Birna Karlsdóttir, Ingibjörg Stefánsdóttir og Helga Sigurjónsdóttir. Drengurinn á myndinni er sonur Helgu, Gísli Friðrik Þórisson.

og landsbyggðarblaða – og óskað liðsinnis þeirra við að koma upplýsingum um dagvistarmál á framfæri og brugðust þeir vel við.[22] Mörg útvarpserindi og blaðagreinar um efnið fylgdu í kjölfarið og vikuna 21.–28. nóvember voru dagblöðin með umfangsmikla kynningu á dagvistarmálum. Auk þess voru verkalýðsleiðtogar og félagar á Alþýðusambandsþingi spurðir álits.

Við lögðum áherslu á kynninguna dagana fyrir Alþýðusambandsþing, sem haldið var 29. nóvember til 3. desember, til að freista þess að koma dagvistarmálunum í brennidepil þar. Starfshópurinn skrifaði stjórnum hinna tvö hundruð og níu aðildarfélaga ASÍ til að minna á ályktunina frá láglaunaráðstefnunni þá um vorið. Bréfið endaði á þessa leið: „Starfshópurinn telur, að það ófremdarástand sem nú ríkir í þessum málum vari um langan aldur nema verkalýðshreyfingin beiti sér fyrir úrbótum í kjarasamningum.“[23] Allmörg verkalýðsfélög skrifuðu og skoruðu á stjórn Alþýðusambandsins að taka dagvistarmálin til umræðu á þingi samtakanna og leita ráða til að knýja fram úrbætur. Svo fór að 33. þing ASÍ samþykkti bæði ályktun og tillögu um dagvistarmál.

Velheppnað kvennafrí

Stjórnvöld voru sein að taka við sér varðandi alþjóðlegt kvennaár Sameinuðu þjóðanna og hin opinbera kvennaársnefnd ríkisstjórnarinnar var ekki skipuð fyrr en í maí 1975.[24] Þá hafði starfað mánuðum saman nefnd sem ýmist var kölluð samstarfsnefnd eða framkvæmdanefnd vegna kvennaársins og samanstóð af fulltrúum frá ýmsum kvennasamtökum. Við Vilborg Harðardóttir sátum í nefndinni fyrir hönd Rauðsokkahreyfingarinnar.[25] Nefndin undirbjó hátíðafund sem haldinn var í Háskólabíói 14. júní 1975 að viðstöddum forseta Íslands, Kristjáni Eldjárn. Sigríður Thorlacius, formaður Kvenfélagasambands Íslands, setti fundinn og kynnir var Vigdís Finnbogadóttir leikhússtjóri. Eva Kolstad, formaður kvennaársnefndar Noregs, var aðalræðumaður. Auk tónlistarflutnings voru lesin ljóð eftir Drífu Viðar og frumflutt dagskrá um verkakonur á Íslandi „fyrr og nú“, samin af starfshópi úr íslenskudeild Háskóla Íslands.[26]

Samstarfsnefndin undirbjó einnig stóra kvennaráðstefnu sem haldin var á Hótel Loftleiðum í júní. Meðal margra ályktana og áskorana ráðstefnunnar var þessi: „Kvennaársráðstefnan haldin 20. og 21. júní 1975, skorar á konur að taka sér frí frá störfum á degi Sameinuðu þjóðanna 24. október næstkomandi til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags síns.“[27]

Framkvæmdanefnd um kvennafrí vann frábært starf og mikill fjöldi kvenna tók þátt í undirbúningi dagsins með einum eða öðrum hætti. Ég var í starfshópi um opin hús á kvennafrídaginn ásamt þeim Einhildi Valdimarsdóttur, Ingibjörgu Stefánsdóttur, Sigríði Kristinsdóttur, Sigrúnu Jónsdóttur og Unni Jónsdóttur. Við héldum fyrsta fundinn 15. október svo að tíminn var knappur,

Rætt var við Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur (t.v.) og Rannveigu Jónsdóttur í *Þjóðviljanum* að lokinni kvennaársráðstefnunni í júní 1975. Í viðtalinu kemur meðal annars fram að ráðstefnugestir hafi verið á þriðja hundrað, þar af aðeins sex karlmenn.

Hin opinbera kvennaársnefnd, skipuð í maí 1975. Myndin er frá blaðamannafundi sem haldinn var í júní 1977 vegna útgáfu *Skýrslu kvennaársnefndar* þar sem m.a. voru birtar niðurstöður könnunar nefndarinnar á stöðu og störfum íslenskra kvenna. Aftari röð frá vinstri: Júlía Sveinbjarnardóttir, Esther Guðmundsdóttir (starfsmaður nefndarinnar), Brynhildur Kjartansdóttir, Sigurveig Hanna Eiríksdóttir, Margrét Einarsdóttir, Guðrún Erlendsdóttir (formaður) og Sigríður Thorlacius. Fremri röð frá vinstri: Þóra Þorleifsdóttir, Guðríður Elíasdóttir, Björg Einarsdóttir og Rannveig Jónsdóttir. Á myndina vantar Þórunni Valdimarsdóttur og Þórunni Magnúsdóttur. Björg og Rannveig voru varamenn fyrir Láru Sigurbjörnsdóttur og Elísabetu Gunnarsdóttur.

verkefnið ærið og starfshópurinn skipti með sér verkum. Fastsetja þurfti opnu húsin og fá ábyrgðarmenn í þau, panta veitingar og útvega fólk til að skemmta.[28] Allt var gert í sjálfboðavinnu en áhuginn fyrir kvennafrídeginum var mikill og samstaðan víðtæk.

Kvennafrídagurinn rann upp bjartur og fagur. Um morguninn var ég í Menntaskólanum við Hamrahlíð í boði skólastjórnar og talaði þar á sal í tilefni dagsins. Ég lagði áherslu á að kvennafrídagurinn væri ekki hátíð í venjulegri merkingu heldur liður í baráttunni fyrir raunverulegu jafnrétti og mikilvægast af öllu væri „að við konur fáum sterkari sjálfsvitund og aukið sjálfstraust þegar við finnum samtakamáttinn“. Síðan fórum við María vinkona á fundinn á Lækjartorgi og þaðan stendur þrennt upp úr í minningunni: gríðarlegur mannfjöldinn og mögnuð stemningin á fundinum, hrífandi ræða Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur og Guðrún Á. Símonar óperusöngkona, sem stjórnaði fjöldasöngnum af alþekktri röggsemi og húmor. Baráttusöngvarnir hleyptu okkur kappi í kinn og hafa síðan tengst þessum degi órjúfanlega. Rauðsokkamerkið, kreppta hnefann innan í kvennamerkinu, mátti sjá út um allt í mannhafinu. Góða stemningin á útifundinum ríkti áfram í opnu húsunum þar sem sjö hópar sjálfboðaliða skemmtu í anda dagsins. Um kvöldið enduðum við í Sokkholti í glaumi og gleði.

Breytingar

Í hópi þeirra sem komu inn í Rauðsokkahreyfinguna eftir kvennafrídaginn voru margar einlægar og jafnréttissinnaðar ungar konur sem vildu vinna málstaðnum gagn. En ekki voru allir nýliðarnir á þeirri línu og tónninn breyttist á fundunum. Minnisstæður er ungur maður sem fór að venja komur sínar til okkar. Hann var hortugur og sýndi hvorki skilning né áhuga á markmiðum hreyfingarinnar. Í fyrstu skildi ég ekki hvað í ósköpunum hann var að gera hjá okkur en svo áttaði ég mig á því að hann var að reyna að spilla fyrir. Greinilegt var að viss öfl lengst til vinstri voru að smeygja sér inn í okkar raðir. En eftir hverju voru þau að sælast? Starfið hafði verið þrotlaus vinna og öllum var sannarlega frjálst að berjast fyrir jafnrétti kynjanna og réttlátara þjóðfélagi. Við áttum engar eignir og vorum heldur ekki hluthafar í valdakerfi landsins. Það eina sem við „áttum" var nafn og orðspor hreyfingarinnar og blaðið okkar, *Forvitin rauð*. Var þetta lið að ásælast það?

Hreyfing með jafn lýðræðislegt, frjálst og opið skipulag og Rauðsokkahreyfingin stóð berskjölduð gegn aðför af þessu tagi.

Ég hætti að starfa í Rauðsokkahreyfingunni 1977. Sjö ár eru langur tími í svona virku starfi og ég var orðin þreytt. En að sjálfsögðu hélt ég áfram að vera rauðsokka í hjarta mínu og verð það til æviloka. Haustið 1982 var hreyfingin formlega lögð niður. Ég fór aldrei á fundi hjá Kvennaframboði eða Kvennalista, fannst ég vera búin með kvótann í bili. En ég kaus alltaf listana þeirra og hef verið pólitískur munaðarleysingi síðan þær hættu að bjóða fram.

Vorið 1980 lauk ég cand. mag.-prófi í ensku frá HÍ, eftir tveggja ára námsleyfi. Lokaritgerðin fjallaði um síðustu ljóð Sylvíu Plath og ævi hennar undir lokin.[29] Eftir útskriftina þegar fjölskyldan var heima að fagna með ættingjum og vinum sagði Sigga frænka við Katrínu kvennaskólasystur að ég hefði látið drauma margra rætast. En við mig sagði hún: „Já, Rannveig mín, það hefði áreiðanlega getað orðið eitthvað úr þér ef þú hefðir ekki farið að gifta þig og eignast börn." Ég þakkaði hrósið, en sýndist einhverjir verða dálítið skrítnir á svipinn.

19. júní

Árið 1981 tók ég sæti í ritnefnd *19. júní*, ársrits Kvenréttindafélags Íslands, og sat þar næstu sjö árin. Með skrifum í blaðið gat ég haldið áfram að leggja jafnréttisbaráttunni lið. Í fyrsta blaðinu sem ég kom að vakti ég athygli á konum

sem voru brautryðjendur á ýmsum sviðum og gátu orðið öðrum hvatning.[30] Seinna birtist viðtal við Svövu Jakobsdóttur þar sem hún lagði áherslu á viskuna og kærleiksboðskap Krists.[31] Svava vann íslenskum konum ómetanlegt gagn með frumlegum og vekjandi ritverkum sínum og störfum á alþingi. Eitt árið stjórnaði ég hringborðsumræðum kvenna í verkalýðshreyfingunni sem áttu það sameiginlegt að vera ósáttar við kjör sín, en ein þeirra sagði: „Mér finnst allt hafa breyst síðan um og eftir 1970, eftir að Rauðsokkurnar byrjuðu að starfa. Þá fóru konur að vakna til vitundar um að þær væru manneskjur og þær ættu einhvern rétt í þjóðfélaginu. Í félögunum finnst mér konur hafa farið að tala á fundum og orðið virkari. En mér finnst þetta aftur vera að minnka núna upp á síðkastið.“[32] Konurnar voru ósammála Þresti Ólafssyni, framkvæmdastjóra Dagsbrúnar, sem hafði sagt árið áður í viðtali í *19. júní* að hrein kvennafélög væru tímaskekkja og mikill veikleiki í senn og eina leiðin til að konur nytu sannmælis á vinnumarkaðnum væri að þær ynnu með karlmönnum.[33] Þeirra skoðun var sú að konur þyrftu að vera í félögum þar sem þær gætu ráðið. Annars þyrðu þær ekki að tala og koma fram og karlarnir tækju öll völd. Þær bentu á Iðju og Verslunarmannafélagið, þar sem konur væru í miklum meirihluta en réðu blátt áfram engu.[34]

Síðasta árið í ritnefndinni tók ég forsíðuviðtal við frú Vigdísi Finnbogadóttur, forseta Íslands, þar sem víða var komið við í lífi hennar og starfi. Um framboð sitt sagði hún meðal annars: „Kvennafrídagurinn 1975 var auðvitað afleiðing af þeirri vakningu sem Rauðsokkahreyfingin kom af stað og framboð mitt 1980 kom í kjölfar Kvennafrídagsins því að ákafinn við að koma konu í framboð var auðvitað í beinu framhaldi af honum.“[35] Viðtalið við Vigdísi birtist síðar á ensku í *Iceland Review* og *Atlantica* og stolt dreifði ég því á stúdentagarðinum í London þar sem ég bjó um tíma árið 1990.

Kvennakirkjan og vettvangskönnun á nektardansstaðina

Vilborg Harðardóttir, þá skólastjóri Tómstundaskólans, bauð upp á námskeið í kvennaguðfræði vorið 1991. Kennari var sr. Auður Eir Vilhjálmsdóttir, fyrsta konan sem hlaut prestvígslu á Íslandi, og hún stofnaði síðan Kvennakirkjuna ásamt fimm konum af námskeiðinu.[36] Við leikmennirnir í hópnum áttum það sameiginlegt að okkur hafði ekki liðið nógu vel í hinum hefðbundnu messum þjóðkirkjunnar þar sem söfnuðurinn var ávarpaður í karlkyni sem bræður, rétt eins og við konurnar værum ekki á staðnum, og oftast voru prédikanirnar fjarri

daglegum veruleika okkar. Fyrir mér var Kvennakirkjan eins konar trúarleg vitundarvakning.

Á ráðstefnu í Hlaðvarpanum 29. september 1999, á 25 ára vígsluafmæli sr. Auðar Eir, stakk Vilborg Harðardóttir upp á því að þær okkar sem hefðu áhuga færu í vettvangskönnun á nektardansstaðina, sem voru alræmdir og áberandi í miðborginni. Talsvert hafði verið rætt um þessa staði sem nýfrjálshyggjumenn vörðu af hörku enda vildu þeir að allt væri til sölu á frjálsum markaði. Ég var viðkvæm fyrir ástandinu og fús að taka þátt í aðgerðum því að fyrsta barnabarnið, hún nafna mín litla, hafði fæðst þá um vorið. Hvernig mundi Reykjavík líta út þegar hún yrði sautján ára ef ekkert yrði að gert?

Síðla kvölds föstudaginn 8. október 1999 stormuðum við 28 konur niður á Óðal í Austurstræti. En eigendurnir höfðu haft spurnir af ferðum okkar og neituðu að hleypa okkur inn, sögðust vera með „herrakvöld". Á Club Clinton við Fischersund og Club Seven við Hverfisgötu var okkur aftur á móti hleypt inn og á Maxim's í Hafnarstræti var um helmingur hópsins kominn inn áður en eigandinn læsti á okkur. Á Vegas við Laugaveg var líka „herrakvöld". Viku seinna litu nokkrar okkar inn í Þórskaffi í Brautarholti og síðan, í fylgd karla, á Bóhem við Grensásveg. Sama kvöld tókst fáeinum okkar að komast inn á Vegas, en þaðan vorum við reknar út hálftíma síðar með þeim orðum að við trufluðum viðskiptin. Í þarnæstu viku fóru fimm okkar í fylgd karlmanns á Óðal og þar með var lokið vettvangskönnuninni á alla sjö nektardansstaðina í Reykjavík.

Við blasti að allir þessir staðir voru lítt dulbúin vændishús. Ég fékk martraðir eftir þessar heimsóknir, því varla getur dapurlegri sjón en ungar stúlkur að selja aðgang að líkama sínum og glottandi karla sem græða á öllu saman. Hver mundi vilja sjá dóttur sína eða systur í slíkri stöðu? Á þessum tíma var óheimilt skv. 206. gr. almennra hegningarlaga að stunda vændi sér til framfærslu og einnig var ólöglegt að gera sér lauslæti annarra að tekjulind. Hrollvekjandi var að lögreglan virtist horfa á þessa starfsemi með blinda auganu. Hvers vegna?

Á Bóhem vorum við María Bergmann að tala við dyravörðinn þegar inn slagaði sauðdrukkinn Íslendingur, úlpuklæddur með hettuna dregna fram yfir andlitið. „Má velja úr þessum líka?" spurði hann og benti á okkur stæðilegar vinkonurnar á virðulegum aldri. Dyravörðurinn svaraði höstugur: „Sýndu dömunum virðingu eða ég hendi þér út!" Þessi saga vakti svo mikinn hlátur á kennarastofunni í Fjölbrautaskólanum við Ármúla að ég ákvað að segja hana ekki víðar til þess að draga ekki athyglina frá alvöru málsins. Um sama leyti

var sú góða rauðsokkusystir, Guðrún Ögmundsdóttir, eins og hrópandinn í eyðimörkinni á alþingi Íslendinga að reyna að vekja athygli á mansali og vændi á nektardansstöðunum.

Eftir vettvangskönnunina var ákveðið að skrifa forsætisráðherra opið bréf og lýsa því sem við höfðum orðið vitni að á nektardansstöðunum. Ég stílaði bréfið og við konurnar tuttugu og átta skrifuðum undir.[37] Á skrifstofu forsætisráðherra var í fyrstu tekið vel í beiðni um viðtal en eftir að skýrt hafði verið frá erindinu reyndist erfitt að finna tíma. Við Ingibjörg Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur, sem ásamt Margréti Guðmundsdóttur kennara höfðum lagt það á okkur að heimsækja alla sjö nektardansstaðina, brugðum þá á það ráð að fara snemma morguns upp í Stjórnarráð og setjast þar í sófa í anddyrinu. Eftir drjúga bið var okkur loks hleypt inn á skrifstofu forsætisráðherra, Davíðs Oddssonar. Hann tók okkur alúðlega og kvaðst mundu koma erindinu í réttar hendur. Einhver hreyfing komst á málin en okkur þótti alltof hægt ganga.

Vettvangskönnunin fékk meiri fjölmiðlaathygli en við höfðum átt von á og víða fundum við fyrir samstöðu frá almenningi. Sendibréf frá bónda úr Mýrdalnum yljaði mér um hjarta en hann sagði meðal annars: „Því miður er allt of mikið horft til gróðasjónarmiða nú um stundir en horft framhjá velsæmi og sanngirni. […] innilegar þakkir frá mér fyrir ykkar góða og glæsilega framtak. Þið hafið þorað og rutt braut til að stemma stigu við viðbjóðslegri spillingu.“[38]

„Engin venjuleg amma“

Svo langt sem ég man langaði mig að sjá hvað væri bak við fjöllin og óskin rættist þegar ég fékk að fylgja föðurbróður mínum í smalamennsku alla leið inn á Síðumannaafrétt. Útlönd voru sveipuð ævintýraljóma og mig dreymdi um að komast eitthvað langt, langt í burt, til landsins fyrir austan sól og sunnan mána, jafnvel alla leið á heimsenda.

Heimsendi reyndist raunar nær en mig grunaði, hann fann ég norður í Grímsey og á Hornströndum. Og mínir villtustu ferðadraumar rættust. „Þú ert nú engin venjuleg amma,“ sagði hún nafna mín litla eitt sinn. „Þú hefur farið til Kína!“ Og í pílagrímsferðinni með kaþólikkum til Rómar hitti ég bæði móður Teresu og Jóhannes Pál páfa. Þegar enski gestakennarinn í skólanum heyrði það sagði hún: „You lucky devil!“ og hitti naglann á höfuðið.

Enginn má sköpum renna og í skálanum við Snæfell gerði dauðinn ekki boð á undan sér þegar Vilborg Harðardóttir andaðist árla morguns þar sem

við vorum á ferð um hálendið norðan Vatnajökuls í góðra vina hópi. Það var í ágúst 2002 og snjóföl á jörðu, sumarið áður en framkvæmdir hófust við Kárahnjúka. Vilborgar var sárt saknað. Við vorum samtíðarmenn og ég gat verið henni sammála um flest. Við höfðum verið skólasystur í Kvennaskólanum og Menntaskólanum og baráttusystur í Rauðsokkahreyfingunni, þar sem við náðum vel saman.

Þegar ég lít til baka á starfið í Rauðsokkahreyfingunni finnst mér ekki síst ánægjulegt að minnast samstarfsins við konur í verkalýðshreyfingunni. Ráðstefnurnar okkar voru eftirminnilegar og samstarfið bar góðan ávöxt meðan það varði. Í Rauðsokkahreyfingunni einbeittum við okkur að afmörkuðum verkefnum, unnum með fólki og vöktum athygli á málum. Ég tel að við, gömlu rauðsokkurnar, getum borið höfuðið hátt, því við gerðum okkar besta og meira getur enginn gert.

Enn kemur það fyrir að ég hitti konur sem segjast kannast við mig en muna ekki hvaðan. Ef ekki dugar að tíunda vinnustaði og heimilisföng bæti ég gjarnan við: „Ég er ein af gömlu rauðsokkunum“ og þá eru viðbrögðin ævinlega: „Já, nú man ég!“

Svona er að vera kona með fortíð.

Bls. 229–231:
Ráðstefna um kjör láglaunakvenna,
haldin í Lindarbæ 26. janúar 1975.

Hluti ráðstefnugesta.

Helga Sigurjónsdóttir milli tveggja kvenna.

Sigrún Clausen frá Verkalýðsfélagi Akraness.

Ingibjörg Guðmundsdóttir frá Starfsmannafélagi ríkisstofnana.
Í baksýn Hildur Hákonardóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir.

T.v. Hildur Hákonardóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir og í pontu Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir frá Sókn.

Stella Stefánsdóttir frá Framsókn.

Guðrún Emilsdóttir frá Sókn.

Myndir frá pressuballi 1972

talið frá vinstri dýrleif ármann ég hélt að hún væri alþekktur kjólameistari en í myndtextanum er hvergi getið um starfsheiti kvenna hins vegar er árni johnsen blaðamaður eins og allir eiga að vita og dömurnar sín á hvora hönd utanríkisráðherranum eru auðvitað nafngreindar einnig þær sem eru svo heppnar að sitja standa eða liggja með formanni borgarstjóra arkitekt stórkaupmanni eða öðrum þeirra hana sem gala við háborð nægtanna við borðsendann sitja ungfrúr EKKI NEITT hjá blaðamönnum sem enn eru svo ungir að þeir eiga ekki nóg undir sér til þess að lyfta borðdömum sínum upp úr nafnleysinu
hefði þingmaðurinn bernadetta ekki verið úr stíl við þessar páfuglshænur þó aldrei nema þær hafi reytt af sér óþarfa dúnfjöður í sæng handa barnunganum hennar

KONUR Á RAUÐUM SOKKUM

LILJA ÓLAFSDÓTTIR

Í uppvextinum fór það að mestu framhjá mér að konum væri sniðinn þrengri stakkur en körlum og að staða kvenna væri ekki sú sama og karla. Ég er fædd árið 1943 og ólst upp á Jaðri í Hrunamannahreppi hjá foreldrum móður minnar, Kristínu Jónsdóttur og Guðna Jónssyni. Foreldrar mínir, Jóhanna Guðnadóttir og Ólafur Hólmgeir Pálsson, voru aðeins 16 og 17 ára þegar ég fæddist og það kom í hlut afa og ömmu að sjá um mig fram undir fermingu.

Á fimmta áratugnum var heiðarbærinn Jaðar fremur afskekktur. Vegasamband var lélegt og sími kom ekki fyrr en ég var níu ára. Af þessu leiddi að áhrif ytra samfélags á líf mitt voru ekki eins sterk og á börn sem alast upp í þéttbýli. Samskipti og staða þeirra níu heimilismanna sem bjuggu á bænum framan af bernsku minni voru því sterkari fyrirmynd mín að hlutverkum kynjanna en ella hefði orðið. Að vísu hafði hver sitt hlutverk í stórum dráttum en ég áttaði mig ekki á því að það væri bundið kyni. Afi og móðurbræður mínir sáu um gegningar en amma, mamma og móðursystir mín sinntu þvottum, þrifum og matseld. Allir gengu að mjöltum, smölun, sauðburði og heyvinnu. Karlar þvoðu upp ef því var að skipta eða hituðu kaffið. Á sama hátt gengu konur í alls konar útiverk eftir þörfum. Á heimilinu var borin virðing fyrir þeim störfum sem þurfti að sinna og þeim sem það gerðu. Ég fékk hrós og uppörvun og fannst gengið út frá því að ég væri sjálfstæður einstaklingur.

Seinna, þegar ég var uppkomin og kom til baka í sveitina, sá ég aðrar hliðar. Til dæmis sóttu konurnar ekki fundi um landbúnaðarmálin, það gerðu aðeins karlar þótt heima fyrir hefði konan jafnvel meira frumkvæði í búskapnum. Einnig rann þá upp fyrir mér að þegar bændur og búalið í nágrenninu ræddu um málefni

Lilja tíu ára.

líðandi stundar var minna hlustað á framlag kvenna til umræðunnar. Ég minnist þess meðal annars þegar nágrannar sem voru að aðstoða við byggingaframkvæmdir settust að snæðingi kringum eldhúsborðið og ég gekk um beina ásamt frænku minni af næsta bæ. Rætt var um landsmálin af miklum áhuga og ég fór auðvitað að leggja orð í belg. Fljótlega áttaði ég mig á því að mínum athugasemdum var ekki ansað og svo virtist sem enginn heyrði það sem ég sagði.

Einhvern tíma náði ég í eintak af tímaritinu *Lönd og lýðir* og las þar um líf ungrar ekkju í Súdan. Hún var hálfvegis útskúfuð úr samfélaginu vegna þess að maður hennar hafði látist og varð að lúta skipunum og valdi tengdafólksins í öllu. Ég man að í greininni stóð eitthvað á þá leið að slíkar konur mættu aðeins neyta einnar máltíðar á dag. Ég var örugglega ekki eldri en 9–10 ára en ég varð óskureið yfir því óréttlæti sem konan var beitt vegna aðstæðna sem hún gat enga ábyrgð borið á. Ég sá þó ekki að ég gæti gert neitt í málinu en gleymdi þessu ekki.

Skólaganga mín leið án alvarlegra árekstra vegna hlutverkaskiptingar kynja. Ég var sjálfsagt framhleypin og orðhvöt og lét ekki strákana eiga neitt hjá mér og í gagnfræðaskóla kom fyrir að við stelpurnar blésum til sóknar og tækjum duglega í pilta sem sýndu okkur áreitni.

Út á vinnumarkaðinn

Þegar ég var að ljúka námi í Samvinnuskólanum vorið 1961 kom það flatt upp á mig að stjórnendur í SÍS og fyrirtækjum þess komu upp að Bifröst og buðu strákunum í bekknum spennandi störf með möguleika á starfsframa en stelpunum ritarastöður á mun lægri launum. Þá fór alvarlega að læðast að mér sá grunur að misréttið væri ekki bundið við Súdan.

Mér varð fljótt ljóst að konur ættu ekki framamöguleika innan samvinnuhreyfingarinnar. Samtrygging karlanna sem stjórnuðu þar virtist pottþétt og

þeir tóku undir sinn verndarvæng unga karlmenn sem gengu inn í þá menningu sem þar ríkti. Vinkona mín sem vann í Samvinnubankanum rifjar upp að strákar komu beint úr Samvinnuskólanum og voru ráðnir í fulltrúastöður en vel menntaðar konur með frumkvæði og reynslu í starfi sem fyrir voru sátu fastar í neðstu þrepunum.

Eftir þrjá mánuði í SÍS í Austurstræti yfirgaf ég samvinnuhreyfinguna og réði mig sem aðalgjaldkera í lítið tryggingafélag. Starfsmenn voru ellefu. Konurnar gegndu almennum skrifstofustörfum en karlarnir höfðu allir einhvers konar sérfræði- eða yfirmannsstöður og með þeim flokkaðist mitt starf enda hafði því verið gegnt af karlmanni þar til ég var ráðin. Ég tók því illa að til þess var ætlast að allir kvenkyns starfsmenn hituðu kaffi og færu í sendiferðir en man ekki hvort ég lét það yfir mig ganga að lokum. Hitt var verra að samkvæmt kjarasamningum átti ég ekki rétt á sömu launum og forveri minn, karlinn. Í kjarasamningum Verslunarmannafélags Reykjavíkur á þessum tíma var samið um ákveðna launaupphæð fyrir gjaldkera þegar karl gegndi starfinu en umtalsvert lægri upphæð tilgreind væri starfsmaðurinn kvenkyns. Það var ekki fyrr en árið 1967 sem hætt var að semja sérstaklega um laun karla og kvenna í sama starfi en lög um afnám þeirrar mismununar í áföngum voru samþykkt árið 1961.

Með tímanum varð mér æ ljósara að ýmislegt annað en geta og hæfileikar voru ráðandi öfl í samfélaginu. Ég gat þó ekki sætt mig við að í starfi væri karl tekinn fram yfir mig og hlyti hærri laun jafnvel þótt ég vissi fullvel að viðkomandi stæði mér ekki á sporði. Á flestan hátt var litið öðrum augum á konur en karla bæði á vinnumarkaði og annars staðar. Starfsauglýsingar voru yfirleitt kyngreindar, þ.e. óskað var eftir starfsmönnum af tilgreindu kyni eins og þessi dæmi frá árinu 1975 sýna:

Vélritunarstúlka óskast
Félagasamtök óska eftir að ráða vélritunarstúlku til starfa.
Vélritunarkunnátta áskilin.

Bókhaldsstúlka
Óskum að ráða stúlku til að færa vélabókhald og fleira. Æskilegt er að hún hafi almenna bókhaldsþekkingu.

Skrifstofustarf
Hafnarstjórn Hafnarfjarðar óskar eftir að ráða karlmann um óákveðinn tíma á skrifstofu hafnarsjóðs.[1]

Ekki kom fram í auglýsingunni hvaða starfa karlmaðurinn ætti að hafa á skrifstofu hafnarsjóðs og engra hæfileika var krafist.

Ýmislegt má segja um það viðhorf sem fram kemur í eftirfarandi sögum úr atvinnulífinu frá árinu 1975:

Karlmaður á skrifstofu var spurður:
Hvað eru margir starfsmenn í bókhaldinu?
Við erum þrír, auk aðalbókarans, og svo eru þar tvær stúlkur.

Skrifstofustjórinn (kona) hringdi til Gjaldheimtunnar vegna upplýsinga. Skömmu síðar hringir starfsmaður Gjaldheimtunnar og segist þurfa að tala við þann, sem hringt hafi.
– Það hefur sennilega verið skrifstofustjórinn – segir símvörðurinn.
– Nei, segir karlröddin, – það var kona.

Þetta bar við 13. ágúst 1975.[2]

Til starfa hjá Reykjavíkurborg

Vorið 1967 hafði ég verið heimavinnandi í þrjú ár en einkabarnið, Gaukur, fæddist vorið 1964. Á þeim tíma gátu giftir foreldrar fengið leikskólapláss fyrir börn sín hálfan daginn frá þriggja ára aldri en útilokað var að fá heilsdagsvistun. Á sama tíma var ekki auðvelt að fá hálfsdagsvinnu á skrifstofu. Ég hafði tekið nokkur börn í gæslu á meðan ég var heimavinnandi og skipti svo við eina mömmuna því að við komum báðar sonum okkar á Holtaborg hálfan daginn frá 1. júní 1967 og hún tók nú að sér að gæta sonar míns hinn hluta dagsins.

Ég réð mig sem ritara á skrifstofu Rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem þá var í Hafnarhúsinu, til afleysinga fyrir konu sem var í fæðingarorlofi. Konur í starfi hjá hinu opinbera nutu þá þeirra forréttinda umfram konur sem störfuðu í einkageiranum að hafa þriggja mánaða fæðingarorlof. Ritarastarfinu gegndi ég þessa þrjá mánuði en fékk þá annað starf til frambúðar. Fyrstu þrjú árin var ég í hálfu starfi en frá 1970 vann ég fullt starf. Þá var sonurinn orðinn sex ára og hóf grunnskólagöngu. Það var sannarlega ekki auðvelt að sameina barnagæslu og starf á vinnumarkaði. Við hjónin reyndum að skipta á milli okkar ábyrgðinni heima jafnframt því að sinna bæði krefjandi störfum. Framan af fengum við gæslu fyrir drenginn þegar skóla lauk hjá vinkonu í nágrenninu sem átti son á

sama aldri. Síðar bjó frænka á unglingsaldri hjá okkur og var oftast komin heim úr skóla á svipuðum tíma og sá litli. En það henti líka að hann kæmi heim úr skólanum í mannlaust hús og enginn fullorðinn væntanlegur fyrr en eftir 1–2 klst. Nú kæmi fáum til hugar að bjóða börnum sínum upp á svo losaralega umsjón.

Lífið á skrifstofu Rafmagnsveitunnar var í föstum skorðum. Þar ríkti skýr verkaskipting kynja. Meðalstarfsaldur var hár, margir höfðu unnið þarna í áratugi. Rafmagnsveitan átti fimmtíu ára afmæli sumarið 1971 og um leið var haldið upp á fimmtíu ára starfsafmæli aðalgjaldkerans. Tölvuvæðingin var skammt á veg komin og talsvert um einhæf störf sem ekki kröfðust víðtækrar þekkingar. Þessi störf lögðust smám saman af með tæknivæðingunni.

Það fór ekki milli mála að sumir karlanna fundu dálítið til sín og höfðu haft lag á því að sveipa starfssvið sitt vissum ljóma. Til dæmis var einn sem þurfti að nota gataspjaldalesara (tabulator) við uppgjör dagsölunnar. Samstarfsfólkið (einkum konurnar) læddist lotningarfullt um á meðan athöfnin fór fram og maðurinn þótti greinilega yfir aðra hafinn. Það æxlaðist svo til að hann fékk starf í annarri deild og ég var fengin til að taka við af honum. Ég sá fljótt að hægt var að einfalda uppgjörið með annarri stillingu á spjaldalesaranum. Það kvisaðist og maðurinn lagði mikla fæð á mig fyrir að hafa steypt sér af stallinum.

Ég minnist þess að karl einn á skrifstofunni ræddi háðslega um hvað konur væru lélegir starfskraftar, létu meira að segja stundum leggja á sér hárið í hádeginu. Nokkrum dögum síðar setti hann upp hattinn og virðulegan svip og sagðist þurfa að fara á fund út á borgarskrifstofur. Til baka kom hann nokkru síðar nýklipptur. Ég veittist að honum fyrir tvískinnunginn og hann nefndi ekki framar hárgreiðsluferðir kvenna.

Á skrifstofum voru störf oft sérhæfð (og eru enn), þ.e. ekki endilega fleiri en einn við alveg sömu störf. Það gerði að verkum að umdeilanlegt gat verið hvort laun væru sambærileg og auðvelt var að mismuna fólki af þeim sökum. Sem borgarstarfsmaður var ég í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og þáði laun samkvæmt samningum þess við Reykjavíkurborg. Skrifstofustörf voru skilgreind og flokkuð og ekki gerður greinarmunur á karla- og kvennalaunum. En ég varð vör við að körlum sem ráðnir voru í starf þar sem kona hafði verið fyrir var umsvifalaust raðað 2–4 launaflokkum hærra en fyrirrennaranum. Á sama hátt duttu launin álíka mikið niður ef kona tók við starfi af karlmanni. Einnig var áberandi að samið var um vissan fjölda óunninna yfirvinnutíma

þegar karlar áttu í hlut en því var yfirleitt ekki til að dreifa með konurnar. Konurnar létu þetta þegjandi yfir sig ganga, oftast sárar í hjarta sínu en höfðu ekki einurð í sér til að krefjast úrbóta.

Líklega var það síðla árs 1971 eða snemma árið eftir sem mér bauðst fyrsta stjórnunarstarfið. Eiginmaður minn, Gunnar Sigurðsson, hafði verið í námi erlendis og kom heim sumarið 1971. Breytingar höfðu staðið yfir á skrifstofu Rafmagnsveitunnar í þeirri deild sem sinnti mælaálestri og reikningagerð og framkvæmd breytinganna hafði ekki gengið sem skyldi. Verið var að innleiða nýtt tölvukerfi og breytingastjórnun ekki markviss. Mér var boðið að taka við stjórn þessarar deildar og það sem eftir var starfsævinnar vann ég stjórnunarstörf. Ég frétti reyndar síðar að yfirmenn mínir hefðu íhugað alla aðra möguleika en að ráða mig til starfans þar sem þeir bjuggust við að nú færi ég að eignast annað barn eftir að eiginmaðurinn lauk náminu.

Konur á rauðum sokkum

Fyrsta maí 1970 heyrðum við vinkonurnar, Þuríður Magnúsdóttir og ég, auglýst í hádegisútvarpinu að *konur á rauðum sokkum* væru hvattar til að hittast á Hlemmi og taka þátt í kröfugöngu verkalýðsins. Við áttuðum okkur strax á því hvað átt var við því að fréttir af líflegri jafnréttisbaráttu kvenna erlendis voru farnar að berast. Ekki síst var fjallað um hinar dönsku *rødstrømper*. Við brugðumst skjótt við. Ég átti stranga af rauðu kakíefni og við skárum í snatri rauða borða sem við áletruðum slagorðum sem okkur þóttu viðeigandi en höfum nú gleymt, slengdum þeim um öxl og skunduðum á Hlemm. Þar var margmenni og kröfugangan í undirbúningi. En forystumönnum verkalýðsins leist ekkert á þennan óvænta liðsauka. Óskar Hallgrímsson var í forsvari og vildi að lögreglan hindraði þátttöku okkar í göngunni. Að lokum varð ljóst að ekki væri hægt að meina neinum að labba niður Laugaveginn og fór kvennagangan spölkorn á eftir hinni hefðbundnu kröfugöngu verkalýðsins. Konunum var svo hóað saman á fund í Þjóðleikhúskjallaranum fáeinum vikum síðar og þar vorum við nokkrar skipaðar í undirbúningshóp að stofnun hreyfingar kvenna á rauðum sokkum sem skyldi verða um haustið.

Að tillögu Hildar Hákonardóttur lagði undirbúningshópurinn meðal annars til félagsform sem ekki hafði tíðkast áður í þjóðfélaginu. Hið algenga félagsform þar sem fáir mynda stjórn og bera hita og þunga félagsstarfsins þannig að fjöldinn verður gjarna aðeins þöglir þátttakendur var ekki lokkandi. Í stað þess

Vinkonurnar Lilja og Þuríður um það leyti sem þær gengu jafnréttisbaráttunni á hönd. Frá vinstri: Jón Snorri Ásgeirsson (þáverandi maður Þuríðar), Lilja Ólafsdóttir, Gunnar Sigurðsson (maður Lilju) og Þuríður Magnúsdóttir.

byggðist starfið á sjálfstæðum starfshópum sem tengdust svonefndri miðstöð. Fjórar konur voru í miðstöð og var skipt um árlega. Mig minnir að ég hafi starfað í miðstöð þriðja árið ásamt Björgu Einarsdóttur, Guðrúnu Ágústsdóttur og Rannveigu Jónsdóttur.

Í raun var hreyfingin aldrei stofnuð formlega og hún hafði hvorki lög, félagaskrá né fundargerðabók. Af því leiðir að skortur er á skriflegum heimildum um einstaka þætti starfsins fyrstu árin og hverjir störfuðu. Opinn kynningarfundur var haldinn í Norræna húsinu 19. október 1970 og þar var Rauðsokkahreyfingunni í reynd hleypt af stokkunum. Fólk sem hafði áhuga á því að konur og karlar nytu sama réttar og hefðu sömu möguleika í þjóðfélaginu kom saman og byrjaði að starfa.

Eftirfarandi fimm baráttumarkmið voru sett fram:

- Að vinna að fullkomnu jafnrétti karla og kvenna á öllum sviðum þjóðfélagsins.
- Að vinna gegn því, að kynferði komi í veg fyrir að einstaklingur geti valið sér starf í samræmi við hæfileika sína og áhugamál.
- Að hvetja konur til að notfæra sér í ríkara mæli en þær gera nú þau réttindi, sem þær þegar hafa.
- Að uppræta aldagamlan hugsunarhátt og alls konar fordóma varðandi verkaskiptingu í þjóðfélaginu eftir kynjum.
- Að hvetja félaga sína til þess að kynna sér þjóðfélagsmál og vera virkari þátttakendur í þjóðfélaginu.[3]

Okkur svall móður á þessum tíma enda höfðum við allar orðið fyrir hinum ýmsustu óþægindum og rekið okkur á ósýnilega veggi á flestum sviðum þjóðlífsins fyrir það eitt að vera kvenkyns. Margar höfðum við orðið fyrir því að vera synjað um starf vegna kynferðis okkar og allar þekktu hið hróplega launamisrétti á vinnumarkaðnum. Við höfðum ólíkan bakgrunn og menntun. Samræða okkar og samvinna þessi ár var því ómetanlegur skóli fyrir okkur allar sem manneskjur og auðveldaði okkur jafnframt að taka þátt í umræðu um hin ólíkustu málefni.

Þjóðfélagsbreytingar

Árið 1970 voru áttatíu og fimm ár liðin frá því að fyrsta blaðagreinin eftir íslenska konu birtist á prenti[4] og konur höfðu haft kosningarétt í rúmlega hálfa öld. Þó var ekki mikil umræða á Íslandi um jafnréttismál kynjanna á sjöunda áratugnum. Kvenréttindafélag Íslands hafði starfað frá 1907 og í gegnum það höfðu margir sigrar unnist, ekki síst við að koma á lagalegu jafnrétti. Kvenréttindafélagið hafði átt sína blómatíma með vöskum brautryðjendum en um þessar mundir lét ekki hátt í félagskonum þess. Uppbyggingin var hefðbundin og þess gætt að jafnvægi ríkti meðal kjörinna forystukvenna, meðal annars með tilliti til stjórnmálaskoðana. Starfið hafði á sér vissan stofnanablæ og málflutningurinn kom ekki mikið við kaunin á samfélaginu. Þó voru ungar konur, sem nefndu sig Úur, byrjaðar að virkja krafta sína innan KRFÍ.

Þegar ég lít til baka sé ég hvað íslenska þjóðfélagið var lokað á þessum árum. Allt var í föstum skorðum. Samfélag stjórnmála-, vina- og ættartengsla naut þegjandi viðurkenningar. Hvort kyn hafði sitt hlutverk. Menn undirgengust viðteknar venjur og flestir sögðu og gerðu það sem þótti viðeigandi. Tíska var til að mynda mjög formföst. Eitt árið skyldu allir pilsfaldar nema við hnésbót, næsta ár e.t.v. um miðjan kálfa. Hálsbindi skyldu vera örmjó eitt árið en breikka svo umtalsvert það næsta. Allir áttu að steypast í sama mót. Almennt þótti ekki fínt að konur hefðu sig í frammi og ræddu heimsmálin. Þegar vinir hittust hópuðu konurnar sig saman og pískruðu um tísku, börn og heimilishald meðan karlarnir í hópnum belgdu sig út og viðruðu óspart skoðanir sínar á málefnum líðandi stundar. Talað var af bitru háði um karla sem byggju við konuríki og þegar ég spurði eitt sinn eldri konu hvort hún myndi ekki eftir Bríeti Bjarnhéðinsdóttur svaraði hún: Jú, ég man eftir henni, hún var óttaleg brussa.

Karlar voru litnir hornauga ef þeir sáust aka barnavagni. Fólk sem af einhverjum orsökum féll ekki inn í mynstrið rak sig sífellt á horn. Kona sem hafði sinnt barnauppeldi eingöngu og hafði litla starfsreynslu utan heimilis átti fárra kosta völ á vinnumarkaði við skilnað eða lát maka. Við skilnað fékk móðirin nær alltaf forræði barnanna og umgengnisréttur feðranna var oft stopull.

En í lok sjöunda áratugarins tók allt að þiðna. Blómabörn með stúdentauppreisnir, frjálsar ástir, kommúnur og sítt hár köstuðu hefðbundnum klæðnaði og viðtekinni framkomu. Skyndilega var sett spurningarmerki við nánast hvað eina sem áður var afgreitt með viðhorfinu: „En þetta hefur alltaf verið svona“ eða „svona gerir maður (ekki).“

Meðal þeirra sem gangast undir hefðina veldur það hins vegar óþægindum ef hróflað er við þeirra örugga, forritaða heimi. Þeir hrökkva við þegar einhverjir skera sig úr í málflutningi, klæðaburði eða framkomu og þeim líður illa þegar spurt er hvort hinn hefðbundni lífsmáti þeirra sé hinn eini rétti. Boðberum breytinga taka þeir þar af leiðandi ekki vel og snúast gjarna til varnar. Meðal annars voru ungir menn sem létu hárið vaxa niður á herðar iðulega stimplaðir samkynhneigðir, sem þá var mikil hneisa.

Hreyft við fólki

Eins og áður segir hófst starf Rauðsokkahreyfingarinnar haustið 1970. Við létum strax vel í okkur heyra og málflutningurinn virtist hreyfa verulega við fólki. Margir brugðust ókvæða við en aðrir tóku undir með okkur. Fljótlega varð vinsælt að fá tvær til þrjár rauðsokkur til að hafa framsögu á fundum alls kyns klúbba og félaga með umræðum á eftir. Mig minnir að það hafi einkum verið félög og klúbbar karla sem buðu okkur til sín. Það var misjafnt hvað við höfðum að aðalumræðuefni en viðbrögðin voru yfirleitt mjög sterk. Reynt var að hrekja þá staðhæfingu okkar að konur réðu við hvað eina í þjóðfélaginu. Bent var á að þótt konur væru sífellt að laga mat væru sárafáar konur kokkar, ekki gengi að konur færu til sjós, byggingavinna væri aðeins á færi karla og svo framvegis. Gleymd var nú sú staðreynd sem Brynjólfur Jónsson á Minna-Núpi gat um í frásögn af Þuríði formanni að á hennar tíð hefði verið alltítt að konur reru til fiskjar í Stokkseyrarhreppi. Heimildir eru um það sama víða um land.[5]

Margir héldu því blákalt fram að konur skorti hæfileika á við karla á flestum sviðum. Ætti það bæði við um störf sem unnin voru með höndum, s.s. alls kyns iðngreinar, og einnig þótti mönnum einsýnt að konur skorti andlegt atgervi



Aðeins þrjár konur voru meðal tuga nemenda í Hótel- og veitingaskólanum árið 1972 enda þótti kvenfólk ólíklegt til að standa sig við matreiðslu- og framreiðslustörf að sögn skólastjórans, sem latti konur mjög til náms við skólann: „Starfsemin krefst þess að vel sé mætt, en það má alltaf búast við því að stúlkur trúlofi sig, eignist börn og annað sem eðlilegt er og það er nú einu sinni þannig, að það fellur í hlut þeirra að sjá um börnin." Þessi teikning Eddu Óskarsdóttur birtist í 2. tbl. *Forvitinnar rauðrar* ásamt tilvitnun í blaðaviðtal við Friðrik Gíslason skólastjóra.

til ýmissa hefðbundinna karlastarfa sem krefðust háskólanáms, s.s. verkfræði, lögmannsstarfa og prestskapar. Ég man eftir karli einum sem fullyrti að konur gætu alls ekki orðið flugmenn. Til sannindamerkis kvað hann dóttur sína að vísu hafa lært flug en síðan ekki haldið áfram á þeirri braut. Stelpur gætu lært hitt og þetta en ekki þýddi að búast við að þær héldu út í starfi. Lítil umræða hafði þá farið fram um áhrif umhverfisins á starfsval. Mörgum þótti sjálfsagt að strákar væru studdir til náms fremur en stelpur. Það komu hins vegar vöflur á menn þegar við spurðum þá hvort þeim þætti eðlilegt að synir nágrannans fengju fremur tækifæri í lífinu en þeirra eigin dætur.

Mér hefur alltaf fundist að við höfum átt í fullu tré við andmælendur okkar og tel að yfirleitt hafi menn farið af fundum með víðari sjóndeildarhring og séð fleiri hliðar á málum en þegar rökræðan hófst.

Við héldum því vel á lofti að konur væru menn og að tegundarheitið maður væri ekki einskorðað við annað kyn þessa spendýrs. Í *Íslenzkri orðabók*, útgefinni 1976, er eftirfarandi skilgreining á orðinu maður: *Tvífætt og tvíhent spendýr, hið eina sem hefur lært að tala og notfæra sér orkulindir utan eigin líkama (homo sapiens).*[6] Mér þykir leitt að verða þess vör að fólk tekur sér æ oftar í munn orðið maður yfir karla eingöngu, sbr. menn og konur. Hvert er þá heiti þeirrar dýrategundar sem konur tilheyra ef við erum ekki menn?

Þónokkuð var um að menn létu álit sitt á hinum voðalegu jafnréttiskonum í ljósi opinberlega. Til dæmis ritaði sr. Benjamín Kristjánsson grein í *Morgunblaðið* í ársbyrjun 1971 undir yfirskriftinni „Sendibréf til Sankti Jósefs". Þar er að finna eftirfarandi kafla:

> Ekki er þess að vænta, heilagur Jósef, sem aldrei þekktir aðra konu en hina hjartaprúðu og miskunnsömu dóttur Jóakims, að þú getir gert þér í hugarlund þessar hryllilegu tröllskessur nútímans, sem gráar fyrir járnum sérþóttans leggja stund á það framar öllu að þurka [*svo*] af sér kvenlegan þokka og vera sem líkastar leiðinlegum karlmönnum.
>
> Guð forði þér frá því, sæll Jósef, að slíkar konur stigi nokkurn tíma inn á þína lóð að Landakoti. Þeim þykir skömm að því hlutverki, sem skaparinn hefur útvalið þær til, að vera mæður og hafa þannig aðstöðu til að verða áhrifamestu uppalendur kynslóðanna landi sínu og þjóð til blessunar. Þær eru að því leyti verri en sauðkindur, að þær nenna ekki að sjá um afkvæmi sín, en vilja gutla í öðrum ábyrgðarminni störfum, sem þær af skilningsleysi halda að séu merkilegri. Kom það nokkurn tímann fyrir þig sankti Jósef, að heilög guðsmóðir skammaði þig fyrir að koma ekki nógu snemma heim frá smíðum þínum til að hátta hennar unga svein eða elda grautinn handa fjölskyldunni?
>
> Nú reyna þær með pillum og alls konar tilfæringum að hliðra sér hjá því að líf megi kvikna af þeirra lífi. Aldrei munu slíkar konur verða ambáttir drottins og aldrei mun kraftur hins hæsta umskyggja þær, enda fæðast nú ekki framar Maríusynir á jörðu, heldur strákar, sem pína aura út úr öðrum smástrákum með opnum hnífum og ofbeldi.
>
> Aldrei verða þær „dularfulla blómið" í draumi nokkurs manns því mennirnir munu af hreinni eðlisávísun taka til fótanna og forða sér eins og Jón Loppufóstri gerði forðum, hvað mikla kynlífsspeki, sem þær orga í eyru þeirra. En þær munu öðlast það, sem þær biðja um: Óbyrjur skulu þær verða, tómlegt skal verða í kringum þær, þegar á ævina líður og bölvun einmanaleikans mun nísta sálir þeirra, af því að þær lærðu aldrei hvað það þýddi að elska.[7]

Oft heyrðist sagt að rauðsokkur væru bara ljótar konur sem enginn karl vildi líta við og væru ófullnægðar og óánægðar vegna þess.

Á fyrstu árum Rauðsokkahreyfingarinnar var lögð áhersla á að starfið væri ekki bundið pólitískum stefnum. Baráttan var þó í eðli sínu róttæk og meira í ætt við vinstri vænginn en þann hægri. Okkur lá á að koma málefnunum á framfæri og breyta viðhorfi og lífsmynstri í þjóðfélaginu. Margir aðhylltust skoðanir okkar og málflutning en fannst við of herskáar og hrófla óþyrmilega við ýmsu sem áður þótti sjálfsagt. Því íhaldssamari sem menn voru á ríkjandi ástand, því síður þoldu þeir að fram kæmu ný viðhorf og efasemdir um ágæti gamalla hefða. Það kom við kaunin að við höfðum orð á réttleysi húsmæðra sem þó voru hylltar á hátíðarstundum. Við bentum á fánýti fegurðardýrkunar. Ræddum tvískinnunginn annars vegar milli skírlífu meyjanna sem biðu brúðgumans heima meðan hann kannaði heiminn og hins vegar þess hvernig karlmönnum leyfðist að sænga hjá hverri sem var og stærðu sig jafnvel af ótryggð eins og oft heyrðist í dægurlagatextum þessa tíma sem enn eru stundum fluttir á öldum ljósvakans.

Innra starf hreyfingarinnar var líflegt. Helga Ólafsdóttir bjó í ágætu húsi á Ásvallagötu 8 og í kjallaranum voru tvö herbergi sem hún fékk okkur til afnota. Í minningunni finnst mér að við höfum hvað eftir annað setið þar margar saman og rætt jafnréttismálin. Svo mikið hafi okkur legið á hjarta að allar töluðu hver upp í aðra án þess að nokkru máli skipti hvort hinar heyrðu það sem sagt var. Það brann svo margt á okkur og við bjuggum yfir svo mikilli innibyrgðri óánægju að hver og ein þurfti að létta á huga sínum. Sjálfsagt er þessi minning ekki alls kostar rétt en þetta er allavega tilfinningin sem ég hef fyrir fyrstu árunum.

Mín skoðun er sú að einmitt þessi samræða okkar hafi verið eitt af því mikilvægasta fyrir okkur persónulega. Það stappaði í okkur stálinu að finna samstöðuna og við krufðum margt til mergjar. Þetta leiddi meðal annars til þess að ég varð mun meðvitaðri um sjálfa mig og skilningur minn á mannlegum samskiptum dýpkaði. Starfið í Rauðsokkahreyfingunni varð mér til mikillar uppbyggingar og skapaði grundvöllinn að flestu því sem ég hef tekið mér fyrir hendur síðan.

Ýmis baráttumál

Á fyrstu árum hreyfingarinnar störfuðu starfshópar um hin margvíslegustu verkefni. Sumir störfuðu um lengri tíma, aðrir voru stofnaðir vegna eins afmarkaðs atburðar og leystir upp að honum loknum. Helstu verkefni sem ég man eftir voru meðal annars eftirtalin:

- *Leshópar* störfuðu að staðaldri þar sem ýmsar bækur um jafnréttismál voru teknar til lestrar og umræðu. Í leshópum var meðal annars farið yfir hjúskaparlöggjöfina og íslensku nafnalögin svo eitthvað sé nefnt.
- *Kannanir* voru gerðar, s.s. á launum ríkisstarfsmanna og launum verslunarmanna, dagvistunarþörf í Kópavogi o.fl.
- *Athugun* var gerð á handavinnukennslu í skólum.
- Alþingi var skrifað vegna *lagafrumvarpa.*
- Vakin var athygli á fánýti *fegurðarsamkeppna*. Hápunktur aðgerða í þá veru var sunnudagskvöldið 10. sept. 1972 þegar við leiddum unga og fagra kvígu að dyrum samkomustaðar á Akranesi, skreytta kórónu og áletruðum borða í þann mund er dansleikur var að hefjast þar sem velja átti fegurðardrottningu Vesturlands. Var kvígunni veitt verðskulduð athygli og fóru fáir inn á ballið á meðan hún stóð við.[8]
- Gerðir voru og fluttir tíu hálftíma *þættir í Ríkisútvarpinu* undir nafninu: Ég er forvitin rauð.
- Farið var á *fundi* hjá alls konar starfandi félögum á höfuðborgarsvæðinu og víðar, m.a. á sameiginlegan fund borgfirskra framhaldsskóla á Varmalandi.
- Þátttaka var í *ráðstefnum* með ýmsum aðilum um málefni sem lutu að stefnumálum hreyfingarinnar. Á öllum þessum fundum og ráðstefnum höfðu rauðsokkur framsögu og alls staðar varð lífleg kappræða um jafnréttismálin.
- Blaðið *Forvitin rauð* var gefið út nokkuð reglulega og kom fyrsta blaðið líklega út seint á árinu 1972. Annað blað er dagsett 1. maí 1973.

Sérsköttun hjóna

Við beittum okkur fyrir breytingum á sérsköttun einstaklinga. Fram á miðjan áttunda áratuginn var helmingur launatekna giftra kvenna lagður við tekjur eiginmannsins og hann greiddi síðan tekjuskatt og útsvar eins og tekjurnar hefðu allar verið hans. Helmingur tekna eiginkonunnar var þá skattfrjáls. Þetta skapaði meðal annars ósamræmi milli skattlagningar giftra kvenna og annarra. Einstæð móðir þurfti að greiða skatta af öllum sínum tekjum en giftar konur töldust ekki skattgreiðendur. Þyrfti gift kona að fá afrit af skattframtali þýddi

Mynd á næstu opnu: Óhætt er að fullyrða að málefnin sem brunnu á rauðsokkum hafi víða átt sér hljómgrunn. Myndin er frá fundi Rauðsokkahreyfingarinnar um fyrirvinnuhugtakið sem haldinn var í Norræna húsinu hinn 27. október 1973.

ekki að gefa upp eigið nafnnúmer á skattstofunni, hennar nafn og númer fannst einfaldlega ekki í skránni. Vitanlega voru giftar konur með háar launatekjur vel settar í þessu kerfi en það var óeðlilegt og skapaði mismunun.

Launamál

Við létum launamálin til okkar taka, bæði sem hópur og einnig beittum við okkur margar hverjar innan okkar stéttarfélags.

Meðal forystumanna stéttarfélaga ríkti mismikill skilningur og áhugi á því að rétta hlut kvenna og framganga karlkyns félaga minna í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar var ekki sérlega lofsverð framan af þótt nú sé viðhorfið breytt. Því kynntist ég innan frá þegar ég starfaði þar í samninganefnd fyrir kjarasamninga á fyrri hluta áttunda áratugarins. Áhugi flestra karlkyns félaga minna í stéttarfélaginu á því að tosa konum ofar í launastigann var ekki áberandi. Sá hugsunarháttur var enn við lýði á þessum tímum að konum bæru ekki sömu laun og körlum þótt um sambærileg eða jafnvel sömu störf væri að ræða.

Ég minnist þess að við lok samningsgerðar einhverju sinni á þessum árum röðuðust tveir skrifstofumenn í sama launaflokk, hvor af sínu kyni. Starfi konunnar fylgdi talsvert meiri krafa um nákvæmni og ábyrgð og hún var góður starfsmaður. Karlinn átti í nokkrum örðugleikum vegna vínhneigðar. Konan var alveg undrandi á því að vinnufélaginn skyldi láta bjóða sér þessa niðurstöðu þótt hún yndi þegjandi sama dómi.

Stundum heyrðist sagt ef kona hafði sæmileg laun: Þú þarft víst ekki að kvarta, sem hefur karlmannskaup.

Oft varð ég vör við að körlum þætti það svíðandi niðurlæging að kona hefði hærri laun en þeir þótt hún gegndi starfi sem bar sú launagreiðsla. Enn lengur eimdi eftir af því að eiginmaður ætti erfitt með að sætta sig við að kona hans hefði hærri laun en hann. Fyrirvinnuímyndin var í huga karla ríkur hluti af karlmennskunni.

Prestvígsla konu

Prestvígsla séra Auðar Eirar Vilhjálmsdóttur árið 1974 olli talsverðri umræðu í þjóðfélaginu og lyfti teppishorninu ofan af því viðhorfi sem enn ríkti til kvenna meðal sumra þjóðfélagshópa. Ýmsir tóku tímamótunum fagnandi en margir fussuðu og sögðust ekki mundu vilja konu til að gegna prestsverkum í sinni fjölskyldu. Karlprestar voru ekki á einu máli um það hvort vígja skyldi konu,

Auður Eir Vilhjálmsdóttir var vígð til prests fyrst kvenna árið 1974 í óþökk margra kollega sinna sem vildu halda prestastéttinni einkynja.

jafnvel þótt íslensk löggjöf hefði heimilað það í 63 ár. Stjórn Prestafélags Íslands fundaði um málið 5. september 1974 og samþykktu þar fjórir af fimm stjórnarmönnum eftirfarandi bókun:

> Þeir lýsa sig samþykka því að biskup veiti konum vígslu að loknu guðfræðiprófi, og þær fái embætti í kirkjum. Þeir sjá engar guðfræðilegar mótbárur gegn því, þótt erfðavenja styðji slíkt ekki. En jafnrétti kynjanna og íslenzk löggjöf gerir andstöðu óraunhæfa.[9]

Tvennt í þessari bókun getur talist umhugsunarvert. Í fyrsta lagi kemur það spánskt fyrir sjónir að stjórn Prestafélagsins skuli telja sig hafa umboð til að samþykkja (eða synja?) vígslu konunnar, sem þó var fyllilega eðlileg lögum samkvæmt. Í öðru lagi finnst mér að lesa megi milli línanna að stjórnarmenn hafi velt fyrir sér hvort þeir gætu fundið haldbærar mótbárur gegn vígslunni.

Eftirfarandi eru kaflar úr grein sem séra Hannes Guðmundsson, prestur í Fellsmúla, skrifaði í *Morgunblaðið* í október 1974:

> Eins og ég hef áður sagt gegndu konur mikilvægu hlutverki í lærisveinahópi Jesú Krists og létu ómetanlega þjónustu í té. M.a. er frá því sagt, að konur hafi styrkt starf Jesú með beinum fjárframlögum. Þetta örlæti og þessi fórnfúsi þjónustuandi hefur einkennt starf konunnar innan kirkjunnar allt til þessa dags. Segja má með sanni, að þær hafi verið burðarás kirkjulegs starfs frá öndverðu. Hvað kirkjusókn snertir bera konur af karlmönnum. Ég hugsa um kvenfélögin, kirkjukórana, kvenorganistana,

> að ógleymdum þeim vígða þætti, sem prestskonan á í starfi mannsins síns. Þá má geta þess, að meðal stríðsþjáðra þjóða hafa konur á liðnum öldum gegnt prestþjónustu, en aldrei nema í neyðartilvikum og aldrei tekið prestsvígslu. […] Allt þetta mas um kúgun og vanmat kirkjunnar í aldanna rás á hæfileikum kvenna er hreint hégómaþvaður, sem ekki þarf að eyða orðum að. Og allar þessar staðreyndir benda ótvírætt í þá átt, að einhver dulin rök hafi ráðið í því, að konur tóku ekki prestsvígslu, eins og tíðkazt hafði meðal heiðingja. [...]
>
> Vígsla kvenpresta í kristnum sið er ekki nema tæpra þriggja áratuga gamalt fyrirbrigði á Norðurlöndum, Evrópu og Bandaríkjunum. Að mínu mati er hér um að ræða lágkirkjulegan skilning á prestsembættinu og það sem verra er lágkúrulegan hugsunarhátt með ívafi frá réttindabaráttu kvenna, *sem er alls óskylt mál*. Ég veiti því athygli, að öll mótmæli eru á þeim sömu röngu forsendum byggð.[10]

Séra Grímur Grímsson, prestur í Ásprestakalli, var annarrar skoðunar. Hann gaf eftirfarandi álit í *Þjóðviljanum* 2. október 1974:

> Enda þótt ekki sé í ritningunni að finna beinan stuðning, má benda á að Kristur hefur konu í sínum söfnuði og þegar við vitum hver staða konunnar var hjá gyðingum, má segja að hann verði fyrstur til að taka málstað hennar sem manneskju.[11]

Fóstureyðingarlöggjöfin

Árin 1974–1975 var mikil umfjöllun í þjóðfélaginu um rýmkun á löggjöf um fóstureyðingar. Snerist umræðan aðallega um hvort félagslegar ástæður gætu réttlætt aðgerð og hvar ákvörðunin skyldi liggja, hjá konunni sjálfri eða lækni. Í frumvarpi til laga *um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir* sem var samþykkt sem lög frá alþingi 22. maí 1975 var það nýmæli m.a. (9. gr.) að skilgreindar félagslegar ástæður væru gild ástæða til eyðingar fósturs og konan sjálf virkari aðili í ákvörðunartöku en áður.

Baráttan varð mjög víðtæk meðal kvenna og ekki aðeins í Rauðsokkahreyfingunni þótt þar væri unnið af krafti að því að fá sjálfsákvörðunarrétt konunnar viðurkenndan. Flestir þeirra sem þá voru framarlega í jafnréttisbaráttunni létu mikið til sín taka og strax náðist góð samstaða milli þeirra og nokkurra lækna

og fleira starfsfólks í heilbrigðisþjónustunni. Fljótlega var myndaður nokkurs konar samstarfshópur fólks úr ýmsum áttum sem m.a. undirbjó opinn fund sem haldinn var á Hótel Sögu í apríl 1974. Þessi fundur markaði nokkur þáttaskil í baráttunni, salurinn var troðfullur, mörg erindi flutt og umræður urðu líflegar. Í kjölfarið fylgdu blaðaskrif, útvarpserindi og mikil umfjöllun í sjónvarpi. Fjöldi fólks hvaðanæva af landinu af ýmsum sviðum í þjóðlífinu kom fram á sjónarsviðið. Hreyfingin var breið og einskorðaði sig ekki við flokkspólitískar línur eins og oft vildi verða. Bréfum rigndi yfir þingmenn frá konum sem voru mjög einarðlega fylgjandi sjálfsákvörðunarrétti konunnar.

Eðlilega urðu umræður heitar og tilfinningaþrungnar um svo viðkvæmt siðferðilegt spursmál og oft reyndist erfitt að ræða málið á grundvelli raka. Mér fannst gæta mikils tvískinnungs hjá andstæðingum frumvarpsins. Í aðra röndina héldu þeir fram óskoruðum rétti kviknandi lífs en töldu um leið að undir vissum kringumstæðum mætti grípa inn í rás náttúrunnar. Þeim fannst óguðlegt að konan tæki þessa ákvörðun en eðlilegt að utanaðkomandi aðilar, þ.e. læknar, gætu gert það.

Sjálf skil ég betur þau rök að geta ekki undir nokkrum kringumstæðum sætt sig við fóstureyðingar. Kristin siðfræði boðar að sérhvert líf sé heilagt og enginn geti tekið sér það vald að tortíma lífi. Grundvallarspurningin hlaut því að vera sú hvort maðurinn hefði rétt til að taka sér þetta ákvörðunarvald yfir fóstri eða ekki. Lítið bar hins vegar á svo einörðum málflutningi, yfirleitt snerist andstaðan um það hvort læknar eða konan sjálf hefðu ákvörðunarréttinn og hvort félagslegar ástæður einar sér gætu verið gild ástæða fyrir fóstureyðingunni. Andstæðingar lögðu mikla áherslu á að koma ætti í veg fyrir þær félagslegu ástæður sem réttlættu aðgerðina, en lítið bólaði á aðgerðum í þá veru enda vandséð hvernig það yrði gert að öllu leyti.

Meðal þeirra sem harðasta andstöðu sýndu var Þorvaldur Garðar Kristjánsson alþingismaður. Hann flutti ítrekað frumvörp á alþingi næstu árin til þrengingar lögunum. Þau frumvörp hlutu ekki brautargengi en héldu umræðunni vakandi.

Lögin sem samþykkt voru vorið 1975 eru enn í gildi nú, röskum þrjátíu og fimm árum síðar. Okkur sem börðumst fyrir sjálfsákvörðunarrétti konunnar þótti þau ganga of skammt í þá átt en sættum okkur við þau sem áfangasigur. Þetta málefni er án efa eitt það erfiðasta sem ég hef komið að um ævina vegna hins djúpstæða siðferðisþáttar og þeirra víðtæku tilfinningalegu áhrifa sem

fóstureyðing óhjákvæmilega hefur á þær konur sem af einhverjum orsökum þurfa að grípa til slíks neyðarúrræðis.

Fundurinn á Skógum

Eins og ég gat um hér að framan var starf Rauðsokkahreyfingarinnar ekki pólitískt afmarkað fyrstu árin og áhersla var lögð á að fá til liðs fólk hvaðanæva að úr þjóðfélaginu. Þó voru róttækar konur í allnokkrum meirihluta innan hópsins, en þær voru þó alls ekki einráðar í starfinu og æ fleiri konur sem telja mátti til hægri í stjórnmálum gengu til liðs við hreyfinguna þegar á leið. Nokkrar kvennanna sem voru í broddi fylkingar voru flokksbundnar í Alþýðubandalaginu og tóku virkan þátt í starfi þess. En konur úr öllum öðrum stjórnmálaflokkum létu líka til sín taka í hreyfingunni. Sjálf vildi ég ekki taka þátt í landsmálapólitík eða festa mig einhverjum stjórnmálaflokki. Ég setti baráttuna fyrir jafnræði kynjanna í öndvegi og var eindregið andvíg því að einhver pólitísk öfl eignuðu sér þau mál. Ástæður þess voru fyrst og fremst tvær:

Um leið og einn stjórnmálaflokkur telst eiga málefni taka aðrir flokkar gjarna stöðu gegn því eða láta það í besta falli eiga sig. Þannig er það í okkar flokksstýrða samfélagi þar sem á þessum tíma kvað jafnvel svo rammt að flokksræðinu að illkleift var að fá bankalán nema í gegnum sinn flokkspólitíkus í bankanum. Þeir sem ekki tilheyrðu stjórnmálaflokki höfðu því ekki greiðan aðgang að lánsfé. Líka gat verið erfitt að fá áhugaverð störf nema með fulltingi flokksvéla. Ég sá fyrir mér að jafnréttismálin yrðu sniðgengin í öðrum flokkum ef yfirlýst stefna hreyfingarinnar væri í samræmi við stefnu ákveðins stjórnmálaflokks.

Hin rökin eru þau að stjórnmálaflokkunum var á þessum tíma nánast algerlega stýrt af körlum. Svo fjálglega sem þeir kunnu að taka undir við flokkssystur sínar á góðri stundu taldi ég þeim ekki treystandi til að setja jafnréttismálin á oddinn heldur yrðu önnur mál látin vega þyngra þegar til framkvæmda kæmi. Þannig yrðu jafnréttismálin einnig víkjandi innan þess stjórnmálaflokks sem í orði kveðnu virtist þó berjast fyrir þeim.

Það fór ekki milli mála árið 1974 að við rauðsokkur vorum orðnar sterkt afl í þjóðfélaginu og málflutningur okkar farinn að bera raunhæfan ávöxt. Stjórnmálahreyfingar litu því hýru auga til þess liðsauka sem í okkur hlaut að felast. Alþýðubandalagið hafði þar ótvíræða vinningsmöguleika vegna þeirra öflugu kvenna sem tilheyrðu báðum.

Á kvöldvökunni á Skógaráðstefnu rauðsokka ríkti mikil stemmning, en daginn eftir var stefnuyfirlýsing hreyfingarinnar samþykkt við litla gleði sumra. Á kvöldvökunni, ofar frá vinstri: Svanhildur Magnúsdóttir, Björg Einarsdóttir og Lilja Ólafsdóttir. Framar: Hlín Torfadóttir og Edda Óskarsdóttir.

Ég veit ekki hvernig það bar að en ákveðið var að efna til ráðstefnu á Skógum undir Eyjafjöllum í júní 1974. *Þjóðviljinn* birtir frétt um málið hinn 13. júní og þar segir:

> Um komandi helgi, dagana 15. – 17. júní, efna Rauðsokkar til fyrstu ráðstefnu sinnar eftir fjögurra ára starf. Þar má gera ráð fyrir, að teknar verði afdrifaríkar ákvarðanir varðandi framtíð Rauðsokkahreyfingarinnar, því það er fyrst og fremst starfið framundan, skipulag hreyfingarinnar, stefnumark og starfsaðferðir, sem á að ræða og taka til gagngerrar endurskoðunar.
>
> Starfshópar hafa undanfarnar vikur unnið að undirbúningi ráðstefnunnar og munu leggja fram tillögur eða umræðugrundvöll um stefnuyfirlýsingu, uppbyggingu, málaflokka og aðferðir [svo og] um húsnæðismál, því það er knýjandi nauðsyn orðin að Rauðsokkar fái fastan samastað fyrir starfsemi sína, stað, sem getur verið opinn daglega og ávallt má snúa sér til.
>
> Í tilefni þessarar ráðstefnu birtast meðfylgjandi hugleiðingar um mannréttindabaráttu kvenna og tengsl hennar við baráttu verkalýðsins, – upphaflega kaflar í ræðu, sem haldin var íslenskum námsmönnum í Osló á baráttuhátíð þeirra 1. maí sl.[12]

Neðar á sömu síðu eru hugleiðingarnar sem vísað er til undir fyrirsögninni „*Þetta er stéttabarátta* og verður ekki slitin úr tengslum við baráttu annarra undirokaðra stétta“. Upphaf greinarinnar er svona:

> Baráttan fyrir jafnrétti kynjanna og frelsi kvenna verður ekki slitin úr tengslum við baráttu annarra undirokaðra stétta fyrir jöfnuði í þjóðfélaginu né heldur verður sigur unninn í verklýðsbaráttunni án virkrar þátttöku kvenna, helmings mannkynsins.[13]

Það fer ekki milli mála að fyrirfram hafði verið ákveðið hver útkoma ráðstefnunnar yrði enda varð meginniðurstaða Skógafundarins eftirfarandi stefnuyfirlýsing:

STEFNUYFIRLÝSING RAUÐSOKKAHREYFINGARINNAR

- Barátta kvenna fyrir jafnrétti kynjanna verður ekki slitin úr tengslum við baráttu undirokaðra stétta fyrir þjóðfélagslegum jöfnuði, né heldur verður sigur unninn í verkalýðsbaráttunni án virkrar þátttöku kvenna.
- Í aðaldráttum er barátta tvíþætt; annars vegar fyrir breyttu þjóðfélagi gegn kúgunar- og afturhaldsöflum, samfara tímabundnum umbótum í þjóðfélaginu, og hins vegar sú uppbygging, sem snýr að konum sjálfum, vitundarvakning, andspyrna gegn bælandi uppeldis- og umhverfisáhrifum og aldagömlum fordómum og hefðum.
- Undirokun kvenna er efnahagslegs og kynferðislegs eðlis. Langvarandi bæling kvenna hefur fyrr og nú verið framkvæmd vitandi vits í þeim tilgangi að hagnast á vinnuafli þeirra innan heimilanna og á vinnumarkaðinum og að viðhalda kynferðislegri kúgun. Ríkjandi efnahagskerfi byggist að miklu leyti á hreyfanlegu vinnuafli, sem grípa má til eftir því hvort um er að ræða þenslu eða samdrátt í atvinnulífinu. Íhlaupavinnuaflið er fyrst og fremst konur, og konur eru meginþorri hinna lægst launuðu hvar sem er í atvinnulífinu.
- Þess vegna verður að heyja baráttu kvenna fyrir frelsi og jafnrétti með vopnum stéttarbaráttu [*svo*].

Samþykkt að Skógum 16.6.1974[14]

Ráðstefnuna sótti mikill fjöldi kvenna. Yfirgnæfandi meirihluti þátttakenda samþykkti yfirlýsinguna. Ég var meðal minnihlutans sem beitti sér af öllu afli gegn því að hreyfingin markaði sér svo afdráttarlausan, pólitískan bás. Umræður urðu afar miklar og hart var barist en ljóst var frá upphafi að sá hópur sem áfram vildi halda Rauðsokkahreyfingunni þverpólitískri væri mun fámennari en hinn. Þessi stefnubreyting varð mér mikil vonbrigði og markaði upphafið að því að ég fann baráttu minni fyrir jafnrétti kynjanna annan farveg.

Ég er enn þeirrar skoðunar og þykir það því miður hafa sýnt sig að hin pólitíska stefna hafi dregið úr möguleikum hreyfingarinnar til áhrifa. Konur á hægri væng stjórnmálanna gátu ekki talað fyrir jafnréttismálunum í hópi flokksbræðra sinna án þess að fá athugasemdir um að þetta væri kommatal sem var í augum hægri manna bæði hættulegt og fyrirlitlegt. Ekki var vænlegt til árangurs að láta það henda sig að taka undir við baráttumál pólitískra andstæðinga. Nú var opinberlega komið samasemmerki á milli jafnréttismála og vinstri pólitíkur og ekki fýsilegt fyrir konur sem ætluðu sér frama á hægri vængnum að beita sér af einurð og festu fyrir jafnri stöðu karla og kvenna.

Kvennafríið

Fullyrða má að enginn atburður í íslenskri kvennabaráttu fyrr og síðar hafi hlotið aðra eins athygli og umfjöllun bæði innanlands og utan og kvennafrídagurinn 24. október 1975.

Á kvennaráðstefnu sem haldin var á Hótel Loftleiðum 20.–21. júní 1975 í tilefni hins alþjóðlega kvennaárs Sameinuðu þjóðanna var samþykkt áskorun á konur að taka sér frí frá störfum á degi Sameinuðu þjóðanna 24. október til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags síns undir kjörorðum kvennaársins: JAFNRÉTTI – FRAMÞRÓUN – FRIÐUR. Á þessum fundi voru konur úr öllum stjórnmálaflokkum, á ýmsum aldri og úr mismunandi umhverfi.

Athyglisvert er að þegar kveðið var upp úr með þessa hugmynd voru aðeins fjórir mánuðir til stefnu. Í fyrstu voru konur hikandi en það breyttist hratt og daglega bættust einstaklingar og hópar við sem lýstu því afdráttarlaust yfir að þeir ætluðu að leggja niður störf. Það sýnir best hve auðvelt getur verið að ná til fólks í þessu fámenna landi og blása til samstöðu um málefni að árangurinn varð eins og best varð á kosið. Yfirgnæfandi meirihluti allra íslenskra kvenna hvarvetna á landinu gerði hlé á störfum þennan dag með þeim afleiðingum að atvinnulífið lamaðist að miklu leyti.



Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir við hljóðnemann á Lækjartorgi á kvennafrídeginum 24. október 1975 þar sem hún talaði blaðalaust frammi fyrir tugum þúsunda.

Hápunktur dagsins var útifundur á Lækjartorgi og áætlað var að allt að 25 þúsund manns hefðu safnast þar saman. Margt var á dagskrá. Meðal annars fluttu ávarp þær Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir verkakona, Björg Einarsdóttir verslunarmaður og Ásthildur Ólafsdóttir húsmóðir. Fundarstjóri var Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttarlögmaður. Tveir af þremur kvenkyns þingmönnum komu fram, þær Sigurlaug Bjarnadóttir og Svava Jakobsdóttir, lúðrasveit lék og Guðrún Á. Símonar óperusöngkona stjórnaði fjöldasöng.

Þegar fundinum lauk áttuðum við okkur á því að Aðalheiður átti ávarp sitt ekki skrifað. Hún hafði flutt þrumandi ræðu sem vakti mikla athygli og nú voru góð ráð dýr að glata ekki inntaki hennar. Við ákváðum að ég skyldi fylgja henni heim og freista þess að ná niður innihaldi ræðunnar. Á leiðinni barst í tal hvað forsjónin væri okkur hliðholl að hafa úthlutað okkur einmuna veðurblíðu þennan dag. Þá sagði ellefu ára sonur minn, sem var með í för: Já, nú veit ég að Guð er kona.

Þegar komið var í eldhúsið hjá Aðalheiði með kaffilögg í bolla fór hún að ganga fram og aftur um gólfið, álút og þegjandi um stund, þar til ræðan tók að streyma af munni hennar svo að ég varð að hafa mig alla við að hripa hana niður og held að mér hafi tekist það nokkurn veginn.[15]

Svo mikið hefur verið rætt og ritað um kvennafríið að ég læt nægja hér að draga fram þessi fáu atriði en minning mín um þennan dag bliknar ekki.

Á öðrum vettvangi

Eins og ég hef drepið á fyrr fjarlægðist ég Rauðsokkahreyfinguna smám saman eftir Skógafundinn. Ég gekk í Kvenréttindafélag Íslands og starfaði með því næstu árin. Þar var starfið þó mjög frábrugðið því sem tíðkaðist hjá Rauðsokkahreyfingunni og hafði ekki það viðbragðsfljóta grasrótaryfirbragð sem einkenndi starf hennar.

Ég hætti störfum hjá Rafmagnsveitunni í upphafi árs 1977 og var þá ráðin deildarstjóri hjá Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar (Skýrr). Aðdragandi þess var sá að ég hafði verið fengin til að gera úttekt á skipulagi og tillögur að endurbótum hjá ákveðnum starfshópi á skrifstofu Rafmagnsveitunnar sem ekki heyrði undir mig. Gekk það vel en skömmu síðar komst ég að því að sá sem veitti þeim starfshópi forstöðu og ekki hafði reynst fær um að skipuleggja starfið sjálfur fékk mánaðarlega greidda óunna yfirvinnu sem gerði heildarlaun hans um 20% hærri en mín. Mér sveið þetta að sjálfsögðu og taldi að tími væri kominn til að leita á önnur atvinnumið. Þá hafði ég starfað hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur í tíu ár.

Hjá Skýrr starfaði ég síðan óslitið í 18 ár, varð sviðsstjóri árið 1985 og aðstoðarmaður forstjóra árið 1994.

Þegar kom fram á níunda áratuginn fann ég að skortur á háskólaprófi var farinn að há mér að ýmsu leyti. Stjórnendur og tæknimenn á sviði upplýsingatæknimála þurftu að fylgjast vel með í þeirri grein og auðvelt var að sækja námskeið og ráðstefnur og afla sér lesefnis. Lengi vel var ekki boðið upp á formlegt nám í upplýsingatækni hér á landi og flestir sem störfuðu á þeim vettvangi höfðu menntast í starfi. En þar kom að gamla samvinnuskólaprófið gat varla talist fullnægjandi. Mér gafst þá tækifæri til að læra viðskiptafræði í háskóla í Bandaríkjunum. Þar var skipulagt utanskólanám fyrir millistjórnendur í atvinnulífinu sem ekki höfðu lokið háskólaprófi. Námið tók fjögur ár og var nokkuð strembið með fullri vinnu þótt það gengi snurðulaust og ég lyki því á tilskildum tíma.

Reykjavíkurborg eyddi glerþakinu

Vorið 1994 voru borgarstjórnarkosningar í Reykjavík. Þá lauk yfir sextíu ára nær óslitinni stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins og Reykjavíkurlistinn undir stjórn Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fékk meirihluta í stjórn borgarinnar.

Nýi borgarstjórinn gaf fljótlega út þá yfirlýsingu að nauðsynlegt væri að jafna hlutföll kynja meðal stjórnenda borgarinnar enda voru þá efstu stjórnunarstigin skipuð körlum með örfáum undantekningum. Hafði svo verið frá upphafi og lítið breyst.

Þessi yfirlýsta stefna varð til þess að konur sóttu nú í ríkum mæli um stöður sem losnuðu hjá borginni. Oft var kona úr hópi umsækjenda ráðin en þess var jafnan gætt að verðleikar réðu valinu. En stæðu karl- og kvenkyns umsækjandi jafnt að vígi var kona gjarna valin á meðan hlutfall kvenna var lægra meðal stjórnendanna.

Síðla árs 1994 var staða forstjóra Strætisvagna Reykjavíkur (SVR) auglýst. Einhver vakti athygli mína á því og ég sótti um starfið og var ráðin. Ef ekki hefði verið fyrir hina yfirlýstu stefnubreytingu hefði ekki hvarflað að mér að sækja um enda hefði þá sjálfsagt aðeins verið brosað að því að konu kæmi til hugar að hún gæti fengið starfið. Ég tók við forstjórastarfinu í upphafi ársins 1995 og gegndi því þar til fyrirtækið var lagt niður um mitt ár 2001 við stofnun Strætó, byggðasamlags um almenningssamgöngur á öllu höfuðborgarsvæðinu.

Mér líkaði starfið vel en það var veruleg áskorun að stjórna þessu stóra fyrirtæki þar sem konur höfðu hvergi komið að ákvarðanatöku fyrr á nær 70 ára ferli. Ég naut þess að hafa góða stjórnendur mér við hlið auk þess sem SVR var hluti af hinni víðtæku stjórnunarheild borgarinnar.

Þegar SVR var lagt niður bauðst mér að stjórna samræmingu og skipulagi á upplýsingatæknimálum Reykjavíkurborgar en þau höfðu þróast á ýmsa lund og brýn þörf að móta framtíðarskipan þeirra. Það varð minn síðasti áfangi í starfi hjá Reykjavíkurborg. Þá hafði ég gegnt stjórnunarstörfum hjá stofnunum og fyrirtækjum borgarinnar í nær fjóra áratugi. Starfsvettvangur minn var alltaf á blönduðum vinnustöðum, þ.e. þar sem karlar og konur störfuðu hlið við hlið, þótt framan af hafi kollegar mínir í stjórnunarstöðum nær allir verið karlar. Á nokkrum stöðum voru hreinir kvenna- eða karlahópar hluti af þeirri skipulagsheild sem ég veitti forstöðu, t.d. kvennahópurinn í gagnaskráningardeild Skýrr og viðgerðaverkstæði SVR sem eingöngu var mannað körlum. Mín skoðun er sú að blöndun kynja í starfshópum sé afar mikilvæg. Samstarf fólks með ólíka reynslu og viðhorf eykur starfsánægju og ýtir undir fjölbreyttari lausn viðfangsefna.

Eftir að hafa greitt í sama lífeyrissjóð allan minn starfsaldur hjá borginni að Skýrr-árunum meðtöldum náði ég vorið 2005 réttindum til þess að fara á

eftirlaun samkvæmt 95 ára reglunni svonefndu. Þá sagði ég starfi mínu lausu en var beðin um að vera ár í viðbót og hætti því störfum hjá Reykjavíkurborg vorið 2006 og hóf töku eftirlauna. Forsjóninni má ég þakka fyrir þau forréttindi að hafa átt þess kost að hætta að vinna á meðan ég hafði enn áhuga á starfinu og sveigjanleiki minn nægilegur til að takast á við önnur viðfangsefni.

Það voru einnig forréttindi að fá að vera í hópi stjórnenda borgarinnar á því tímabili þegar hlutföll kynjanna urðu sem næst jöfn. Oft er talað um hið ósýnilega glerþak sem konur komist ekki í gegnum á framabrautinni. Þær nái að komast upp að vissu stigi í stjórnun og áhrifastöðum en herslumuninn vanti. Í borgarstjórnartíð Ingibjargar Sólrúnar gerðust þau stórmerki að glerþakið yfir Reykjavík gufaði upp. Áður höfðu aðeins örfáar konur verið í röðum efri millistjórnenda og eingöngu karlar í efstu þrepunum en nú var borgarstjórinn kona og á fáeinum árum urðu konur fyllilega helmingur stjórnenda í næstu tveimur stjórnunarlögum þar fyrir neðan. Þetta er áreiðanlega einsdæmi, að minnsta kosti á Íslandi. Það var hins vegar undrunarefni hve lítið var rætt opinberlega um þessa stöðu. Svo virtist sem ítrekaðar tilraunir til að koma málinu á framfæri væru þaggaðar niður og sama jafnréttisþróun virtist ekki vera í gangi hjá ríkinu.

Þegar litið er yfir farinn veg finnst mér sú byltingarkennda vitundarvakning og viðhorfsbreyting sem orðið hefur í íslensku þjóðfélagi á því tímabili sem ég hef yfirsýn yfir í raun vera kraftaverk. Taka má undir með þeim mörgu sem minna á að enn er fullur sigur með jafnri stöðu kynjanna ekki unninn en það væri vanþakklæti að gleðjast ekki yfir þeim stórkostlegu framförum sem orðið hafa.

Draumur

Mér þótti ég stödd á eyri eða nesi. Lá vegur af eyraroddanum austanverðu á ströndinni en efra tóku við klettabelti. (Aldrei hef ég hvorki í svefni né vöku séð útyflislegra landslag.) Gekk ég sem leið lá norður tangann með hafið á aðra hönd en hamravegginn á hina. Sá ég þá hvar maður kom á móti mér í nokkurri fjarlægð. Þegar hann nálgaðist sá ég að þetta var karlmaður, mikill vexti, klæddur stuttum, gráum stakki með dökkan hatt, slútti annað barðið svo það huldi nær hálft andlitið.

Svo þröngt var á einstiginu að ég straukst við hann þegar við mættumst og um leið laust því í hug mér sem eldingu hver hann var. Kallaði ég þá til hans, því ég þóttist eiga við hann margt vantalað.

Hann snögg stansaði, vatt til höfðinu, og undan hattbarðinu glitti í auga logandi af girnd.

Rann þá upp fyrir mér að jafnvel Óðinn sjálfur á ekki nema eitt erindi við konur. Og ég sem hélt ég væri skáld – mér tókst að hrista af mér svefninn og komst yfir í vöku – í sál minni brann reiðin.

Á FERÐ MEÐ LÝSISTRÖTU

ELÍSABET GUNNARSDÓTTIR

Auglýsingin fræga fór alveg fram hjá mér; ég heyrði hana ekki og það var ekki fyrr en ég var komin inn á Hlemm að ég sá Venusarstyttuna koma siglandi eftir Rauðarárstígnum, fámennt fylgdarlið í fyrstu, kliður, undrunarhróp og svo þéttist um hana hringurinn. Ég hafði að vísu séð Venus þegar *Lýsistrata* var sýnd, en á því augnabliki sem ég hélt í humátt á eftir henni vissi ég ekkert hvert hún kynni að leiða mig og hafði hreint ekki hugsað út í hve langt ég vildi ganga. Þetta var afdrifaríkt því þótt ég hefði tekið þátt í andófsstarfi lá ekkert beint við að fylgja bendingum Lýsiströtu niður Laugaveginn.

Í friðarbyrjun

Ég er af eftirstríðskynslóðinni, fædd í Reykjavík vorið 1945, á þeim tíma sem bjartsýnir Íslendingar kölluðu „í friðarbyrjun“ og þrátt fyrir mikil átök í þjóðlífinu og þjóða í milli var þetta hugtak notað það lengi hér á landi að ég lærði það í barnæsku. Ég naut þeirra forréttinda að báðir foreldrar mínir voru heimavinnandi; pabbi, Gunnar Ólason, var bústjóri á Tilraunastöðinni á Keldum sem þá var utan við bæinn en er núna í úthverfunum og mamma, Kristín Bæringsdóttir, var húsmóðir og ráðskona á Keldum. Ég á tvær systur, Þórunni og Dagbjörtu, og við munum aðeins eftir örfáum skiptum þar sem við, þessi fimm manna fjölskylda, settumst ein að borðum; oft voru 10–15 manns í mat.

Eins og allir aðrir horfði ég upp á ólíkt mat á störfum og hegðun karla og kvenna í bernsku. Helst vildi maður gleyma mörgu því sem sagt var um konur á þessum árum, það var oft á tíðum ekki uppörvandi fyrir stúlkubörn. En ég heyrði

Þrjár kynslóðir kvenna: Amma Elísabetar, Ólöf Guðrún Guðmundsdóttir, og mamma, Kristín Bæringsdóttir, sitja saman í grasinu og að baki þeim standa systurnar Elísabet, með hendur um háls ömmu sinnar, og Þórunn. Þriðja systirin, Dagbjört, er enn ófædd. Myndin er tekin á Keldum um 1950.

líka talað um og kynntist sterkum konum: Sigríði frænku vestan af Breiðafirði sem ól barnið undir bátnum á leið heim úr róðri, nágrannakonu okkar, Hildi Jónsdóttur, sem var álitin svo fín með sig þegar hún hafði lært ljósmóðurstörf fyrir sunnan að hún öðlaðist ekki tiltrú sveitunga sinna fyrr en hún hafði sýnt fram á að hún gæti sundriðið jökulvötnin, prjónað á hvítvoðungana og stjórnað heilu heimilunum auk þess að taka giftusamlega á móti börnum, og Heiðu á Bakkanum sem hafði stjórnað verkföllum og varð formaður verkalýðsfélags rúmlega tvítug. Nú var hægt að kaupa hjá henni egg, en seinna stóð hún á Torginu og hvatti konur landsins til dáða á kvennafrídeginum. Sú sem næst mér stóð var móðir mín sem gat eldað allt, ræktað allt og saumað allt úr svo til engu og er eina manneskjan sem ég hef séð sofa standandi. Þetta voru konur sem höfðu mikil áhrif á mig, konur sem stundum litu hugsi upp úr verkunum og létu sig dreyma um eitthvað allt annað en amstrið sem fyllti vökustundir þeirra. Á svona konur var ekki minnst í sögukennslubókum í skólanum og ekki heldur þegar ég fór að lesa sagnfræði við Háskólann.

Sem barn gerði ég mér ekki mikla rellu út af kynjamisrétti, ef til vill vegna þess að ég naut ákveðins frjálsræðis eins og sveitabörn gera, jafnvel sveitabörn í bæ. Ég fór þó ekki varhluta af ójafnræði og átökum kaldastríðsáranna frekar en aðrir. Minnist þess að hafa komið við á verkfallsvakt á heimleiðinni úr Laugarnesskólanum þegar lokað var fyrir mjólkurflutninga til bæjarins og sló þá stundum í brýnu milli verkamanna og „mjólkurpósta“. Mér þótti verkfallsmenn

miklar hetjur og mér var nærtækast að taka afstöðu með þeim. Í skólanum blasti líka við stéttaskiptingin: annars vegar krakkarnir úr kömpunum, Höfðaborginni og fleiri fátækrahverfum og hins vegar prúðbúin miðstéttarbörn. Mismunun kynjanna fór þó ekki að mæða á eigin skinni fyrr en á unglingsárunum þegar ég byrjaði að sækja vinnu í bænum á sumrin og strákarnir fengu miklu hærra kaup fyrir sumarið en við stelpurnar, eða þegar vandræðagangur unglingsáranna kristallaðist á „dansæfingunum" – skólaböllum þar sem rokkið gekk í lið með hormónunum en kennarar höfðu eftirlit með siðferði öllu fremur en brennivíni, hvað þá dópi. Konum sem upplifðu „dömufrí" kom seinna ekkert á óvart varðandi enga eða eina staka konu í viðtalsþáttum, nefndum, ráðum, stjórnum og á framboðslistum. Þegar ég var komin undir tvítugt urðu þó sögulegar breytingar: pillan kom á markaðinn, einhver afdrifaríkasta uppfinning 20. aldarinnar fyrir samfélag ríkra þjóða. Í þessum hluta heims tóku mörkin að verða óskýrari milli lausbeislaðra stráka og stelpna sem óttuðust að verða óléttar. Ungar konur gátu nú stundað kynlíf og jafnframt hugsað til langskólanáms eða starfsframa. Þessi nýja staða mála breytti samskiptum kynjanna, þótt það tæki sinn tíma fyrir alla aðila að gera sér grein fyrir því.

Eftir því sem ég man best var skólinn ekki að benda stúlkum á að þær hefðu jafnan rétt og getu til náms og strákar, slík hvatning kom frá fjölskyldu, vinum og einstaka konum sem urðu fyrirmynd. Í kennaraliðinu voru auðvitað menntaðar konur sem hægt var að taka sér til fyrirmyndar, en á þessum tíma snarfækkaði þeim eftir því sem leið á skólagönguna og í menntaskóla voru þær í miklum minnihluta, en þessar fáu voru sumar vel menntaðar og klárar konur sem við litum upp til og dáðumst að. Í fjölskyldu minni voru engar menntakonur og ég held að ég hafi einungis kynnst tveimur háskólagengnum konum fyrir fermingu; langskólagengnir karlar voru aftur á móti allmargir á Keldum og áttu sumir konur sem hætt höfðu námi eða að vinna utan heimilisins þegar þær giftust þeim. Ókjörin öll hafa verið skrifuð um kvenímynd kaldastríðsáranna og ekki miklu að bæta við þau hér, en þó er ekki úr vegi að hafa í huga að árið 1965 þegar ég útskrifaðist úr menntaskóla urðu meira en helmingi fleiri strákar stúdentar en við stelpurnar – sem kallaðar vorum „stúdínur" – og hlutfallið var enn frekar konum í óhag þegar kom að innritun í háskóla um haustið, auk þess sem fleiri konur flosnuðu upp úr háskólanámi en karlar. Nú, hátt í hálfri öld seinna, ljúka fleiri konur stúdentsprófi en karlar og jafnframt eru þær fleiri í doktorsnámi. Einhverjar stórfelldustu breytingar sem orðið hafa á stöðu karla

og kvenna á Vesturlöndum eru á sviði menntamála: staðreynd sem yljar mér eftir meira en þrjátíu ára starf sem framhaldsskólakennari.

Uppistand í SÍS

Ég minnist þess ekki að hafa fyrir tvítugt nema einu sinni gert ágreining út af kynjamisrétti. Ég vann í nokkur sumur á skrifstofu hjá SÍS sáluga og þar var til siðs að „stelpurnar“ (sumar miðaldra) væru látnar fara út í bakarí til að kaupa með kaffinu og hafa það síðan til fyrir skrifstofufólkið og „karlana“ á lagernum. Þegar spurt var út í þessa tilhögun kom í ljós að sölumenn löguðu aldrei kaffi og þeir voru náttúrlega allir karlkyns en engir í almennum skrifstofustörfum. Nú var ég sett í að vera sölumaður í afleysingum og neitaði þá að laga kaffið þegar röðin kom að mér. Ég man ekki hvers vegna í ósköpunum mér datt þetta í hug, en ég man glöggt að allt datt í dúnalogn þegar ég lét þetta út úr mér. Það stóð þó ekki lengi; deildarstjórinn var kallaður til og kom fljúgandi fram og spurði hvern fjandann þetta ætti að þýða. Ég gat náttúrlega ekkert gert nema setið við minn keip og þá varð hann rauðglóandi og tók nokkur áköf dansspor, en „sölumenn löguðu ekki kaffi“. Næsta sumar var kona með áratuga starfsreynslu loks orðin sölumaður í fastri stöðu og lagaði heldur ekki kaffi. Þarna var ég heppin að deildarstjórinn minn hafði þónokkra kímnigáfu þrátt fyrir að hann ætti það til að trompast yfir frekju og framhleypni annarra. Ekki voru þær jafn heppnar vinkona mín og samstarfskona hennar sem mættu í síðbuxum til kennslu í einum af stærstu grunnskólum Reykjavíkur í brjáluðu veðri nokkrum árum seinna; fyrst átti að reka þær heim til að skipta yfir í frambærileg pils, en svo var sæst á að svona lagað gerðu þær aldrei aftur. Skólastjórinn komst upp með þetta. Lýsistrata og samstarfskonur hennar voru ekki komnar á kreik.

Háskólinn og SÚM

Þótt Rósa Parks hafi markað tímamót í réttindabaráttu svertingja í Bandaríkjunum með því að neita að standa upp fyrir hvítum í strætó, þá setur það sjaldnast heiminn á hvolf þótt einstaklingur reyni að standa á rétti sínum. Hverjum og einum er þó nauðsynlegt að reyna að verjast órétti, þótt ekki sé til annars en að halda sjálfsvirðingunni. Á sjöunda áratugnum var fólk á Vesturlöndum í auknum mæli að bindast samtökum fyrir nýjum hugsunarhætti og breyttu samfélagi og þessar uppreisnarhreyfingar áttu sér hliðstæður hér á landi. Kynni mín af þeim höfðu fram að þessu aðallega komið úr tveimur áttum: frá Háskólanum og

Karlarnir í SÚM voru róttækir í listinni en höfðu hefðbundnar hugmyndir um hlutverk kynjanna. Hér eru Súmararnir Sigurður Guðmundsson og Jón Gunnar Árnason (t.h.) ásamt ritaranum Elísabetu. Lengst til vinstri er hollenski listmálarinn Anton Rooskens. Myndin er tekin 1969.

SÚM. SÚM og rauðsokkar áttu það sameiginlegt að vera róttæk fyrirbrigði sem sprungu út með hvelli, áttu lystilegan blómatíma og fölnuðu. Sprengikrafturinn ljær svona hreyfingum lífskraft og því er þeim eðlislægt að verða ekki langlífar. Ef þær reyna það steinrenna þær og breytast í andstæðu sína. SÚM-hópurinn hélt fyrstu sýningu sína vorið sem ég varð stúdent og ég fór fljótlega að vinna fyrir þá félaga. Súmarar voru flestir karlmenn, mjög róttækir á sviði lista, fluttu nýja strauma frá útlöndum inn í íslenskt listalíf en höfðu mjög hefðbundnar hugmyndir um hlutverk kynjanna. Þarna voru þó líka skeleggar konur eins og Róska og Hildur Hákonardóttir, sem átti eftir að koma rækilega við sögu rauðsokkanna.

Vorið 1969 lauk ég prófi til kennararéttinda og BA-prófi í sagnfræði og ensku frá Háskólanum. Í sagnfræði skrifaði ég lokaprófsritgerð um upphafsmann borgaralegrar óhlýðni, Henry David Thoreau, og áhrif hugmynda hans á starfsaðferðir manna eins og Gandhis og Martins Luthers King. Ritgerð Thoreaus, „Civil Disobedience“, sem fyrst kom út 1849, er sífellt að stinga upp kollinum, ekki aðeins hjá þeim tveimur sem hér voru nefndir heldur einnig hjá andspyrnuhreyfingunni í Danmörku á árum síðari heimsstyrjaldarinnar, í uppreisninni í Tékkóslóvakíu þegar ég var að skrifa ritgerðina, í Kína 1989 í átökunum á Torgi hins himneska friðar og hér á Íslandi í búsáhaldabyltingunni eftir bankahrunið

2008, svo nokkur dæmi séu nefnd. Þetta er hugmyndafræði sem hefur höfðað til mín: að það sé ekki aðeins ríkisvaldið eða samfélagið sem heild heldur einstaklingurinn sjálfur sem beri ábyrgð á gerðum sínum eða aðgerðaleysi og eigi að fylgja þeim eftir sem hann framast getur, þó ekki sé nema með táknrænum hætti líkt og Gandhi gerði þegar hann lét vatnið gufa upp úr skál fullri af sjó til að mótmæla banni bresku nýlenduherranna við saltframleiðslu á Indlandi. Nú er ég loksins búin að þýða þessa grein Thoreaus og koma henni á prent.[1]

Á þeim árum sem ég var í Háskólanum hafði þeim Íslendingum fjölgað sem töldu sig ekki geta setið aðgerðalausir heldur vildu leggja eitthvað nýtt af mörkum til að breyta samfélaginu. Líkt og margir aðrir tók ég þátt í ýmsum mótmælaaðgerðum. En áður en ég hætti í Háskólanum í þetta sinn færði ég mig nær því sem seinna varð hjá rauðsokkum og skrifaði aðra lokaritgerð með þeim ábúðarmikla titli: *Hawthorne's Women,* um kvenímyndir í skáldverkum samtímamanns og nágranna Thoreaus, Nathaniels Hawthorne. Ég var að færa mig í áttina til Lýsiströtu og var ekki ein á þeirri leið.

Nýtt afl

Rauðsokkahreyfingin varð til á tímum umbreytinga, uppreisnar, atvinnuleysis og landflótta, en þetta var þó ekki hnípinn hópur eða niðurdreginn, þvert á móti ríkti þar glaðværð og oft prakkaralegur húmor þegar mál voru undirbúin eða farið í aðgerðir. Það vantaði ekki á að við værum reiðar út í misréttið og jafnvel gráti nær yfir þeirri grimmd sem konur eru oft beittar, en það breytti ekki því að fundir, hvort heldur var í fámennum starfshópum eða á stærri samkomum, voru sjaldnast alvörustundir út í gegn. Þarna hafði það frjálsa fundarform sem við notuðum innan hreyfingarinnar sitt að segja, það veitti okkur svigrúm og ýtti undir sköpunargleði en dró þó ekki úr þeirri sannfæringu að starf okkar hefði ótvíræða þýðingu, við værum að gera eitthvað merkilegt, jafnvel að breyta heiminum! Slík sannfæring er líka nauðsynleg hreyfingum á borð við rauðsokkana, það þarf kraft, slagkraft, til að þokast og þoka öðrum úr kyrrstöðu. Þetta voru miklir umbreytingatímar, það vissu allir, hvort sem þeir voru fylgjandi eða andvígir breytingunum. Viðbrögðin við skoðunum okkar og aðgerðum létu heldur ekki á sér standa: háðsglósur, soralegt orðbragð og hótanir og svo hins vegar hvatning, þakklæti og liðsinni. Rauðsokkar lifðu ekki afskiptir í fílabeinsturni.

Ég var ein þeirra sem fundir án ræðupúlts og strangra fundarskapa komu vel, þarna lærðist að leggja sitt til málanna án þess að eiga í stórátökum við feimni. Í starfshópum voru yfirleitt fimm til tíu manns, jafnvel færri, og á stærri fundum innan hreyfingarinnar var orðið oft látið ganga þannig að allir gátu sagt sitt þótt ekki væru nema nokkur orð og síðan smám saman fært sig upp á skaftið. Pistlar í blaðinu okkar, *Forvitinni rauðri*, og *Staglinu* (innanhússblaðinu) voru oft skrifaðir í hópvinnu eða þá að ein gerði uppkast sem svo var rætt og lagað. Við skiptumst líka á um að vélrita þótt það lenti oftast á þeim sem voru eða höfðu verið atvinnuvélritarar því þetta var fyrir tíma tölva og þess vegna fyrirhafnarsamara að leiðrétta villur. Það munaði líka um það að Vilborg Harðardóttir var vanur blaðamaður og myndlistarmenn eins og Edda Óskarsdóttir og Hildur Hákonardóttir sáu um útlit blaðsins.

Ég minnist þess ekki að atkvæðagreiðslum væri beitt til að taka ákvarðanir, málin voru rædd þar til niðurstaða fékkst og atkvæðagreiðsla, ef einhver var, þá aðallega til að sýna niðurstöðuna. Ekki er þar með sagt að allar hafi alltaf verið fullkomlega ánægðar með allt en hópnum var ekki skipt í minnihluta og meirihluta með handaupprettingum og leynilegar atkvæðagreiðslur þekktust ekki. Í fyrsta skipti sem atkvæði réðu úrslitum – og það í miklu átakamáli um framtíðarstefnu hreyfingarinnar – var á Skógaráðstefnunni 1974 og þá klofnaði hreyfingin; nokkrar hættu og nokkrar voru sáróánægðar með þá stefnu sem tekin var. Meirihlutinn var þó afgerandi, af þeim sem greiddu atkvæði voru 23 með, fimm á móti og tvær sátu hjá. Þótt ég hafi verið í hópnum sem samdi yfirlýsinguna er ég eftir á að hyggja efins um aðferðina og niðurstöðuna. Samt er það óskhyggja að hægt hefði verið að ná sáttum, ágreiningur var staðfestur innan hreyfingarinnar og á þessum tíma var ekki grundvöllur fyrir málamiðlun. En meirihlutaveldið með tilheyrandi atkvæðagreiðslum hafði haldið innreið sína og þær konur sem tóku við hreyfingunni af okkur beittu þeim óspart.

Atvinnuþátttaka kvenna var á þessum tíma miklu minni en núna og færri konur fóru í framhaldsnám, samt voru næstum allir rauðsokkar annaðhvort í skóla eða útivinnandi og þess vegna fóru fundir og önnur starfsemi fram utan vinnutíma á kvöldin eða um helgar. Einnig þurfti að standa vaktir síðdegis og á laugardagsmorgnum eftir að við komum okkur upp Sokkholti við Skólavörðustíginn. Þar var oft setinn bekkurinn, bæði fullorðnir og börn því þarna var barnahorn strax frá upphafi. Því má bæta við að við fundum upp á

Sokkholtsnafninu sjálfar vegna þess að við vissum að ef við kæmum ekki strax með grípandi nafn yrði einhverju ónefni klínt á staðinn.

Fyrsta starfsár rauðsokka var ég við nám í Svíþjóð og tók þess vegna ekki þátt í þeim tilfinningaþrungnu fundum þar sem fólk ræddi reynslu sína skipulega, þessu sem þá var kallað „vitundarvakning“, en þegar ég kom til baka haustið 1971 fór ég fljótt inn í kröftuga starfsemi þar sem voru innanfélagsfundir smáir og stórir, gefin út blöð og dreifimiðar, talað á útifundum og í útvarp og svo mótmælaaðgerðir og alls kyns uppákomur. Þegar farið var á kynningarfundi til samtaka eða embættismanna úti í bæ fórum við aldrei einar, vorum alltaf tvær eða fleiri. Valið í svona sendinefndir var líka oft á tíðum kostulegt vegna þess að við vissum að við vorum undir skarpri smásjá; þess vegna var reynt að velja saman konur úr mismunandi starfsgreinum, aldurshópum og fjölskyldugerð, pólitískum tengslum og jafnvel ólíkar í útliti – það síðastnefnda veit ég ekki til að hafi verið gert í karlasamtökum, en væri ef til vill ekki vanþörf á. Og ekki veitti af að hafa bæði röksemdir á reiðum höndum og að missa ekki skopskynið. Skattstjórinn í Reykjavík talaði til dæmis yfir okkur eins og tornæmum smákrökkum og taldi að tillögur okkar um sérsköttun hjóna myndu sliga stjórnkerfi ríkisins. Líkti því við þá ósvinnu að giftar konur færu að skrá sig í símaskrána, hver maður gæti nú séð hvert slíkt myndi leiða.

Krossfest húsmóðir

Viðbrögðin voru öllu harkalegri á Þorláksmessu 1974 þegar við vorum niðri í Austurstræti með húsmóður krossfesta á jólatré og dreifimiða þar sem stóð m.a.: „[Við spyrjum] í einlægni: Eru þetta okkar jól, eða erum við einnig í þessu að þjóna öflum sem hagnast á ósjálfstæði og forheimskun kvenna?“[2] Þá lá við að ég og vinkona mín, Erna Egilsdóttir, sem vorum saman á vakt værum barðar af fílefldum karlmönnum og unglingsstrákum sem áttu engin orð yfir hneykslun sína og vildu tugta okkur til. Mér er minnisstætt þegar að okkur veittist hópur stráka og einn þeirra, sérstaklega aðgangsharður, ætlaði að reka höndina upp undir pils þreyttu húsmóðurinnar. Þá rann upp þessi sjaldgæfa sælustund þegar manni detta í hug rétt orð á réttum stað og önnur okkar sagði hneyksluð: „Ertu vitlaus, þetta er hún mamma þín.“ Þá skildu þeir allt í botn og fóru orðalaust.

Þetta var ekki í eina skiptið sem rauðsokkar lentu í kröppum dansi. Umburðarlyndið gagnvart mótmælaaðgerðum hefur svo sannarlega vaxið í Reykja-

Elísabet stendur vaktina með örþreyttu húsmóðurinni í Austurstræti á Þorláksmessu 1974. Listmálarinn Stórval, Stefán Jónsson frá Möðrudal, aðstoðaði rauðsokka við að festa brúðuna á jólatréð.

vík. Eins held ég að það orðbragð sem stundum var notað um okkur á fundum og í fjölmiðlum yrði ekki leyft núna. Samanburður á orðafari um hina ýmsu þjóðfélagshópa á mismunandi tímum væri verðugt rannsóknarefni, en sjálf veit ég af reynslu minni sem myndlistarskríbent á tveimur dagblöðum á þessum tíma að þeir sem vildu fetta fingur út í eitthvað varðandi listir voru miklu hógværari í orðum, þótt þeir kölluðu ekki allt ömmu sína.

Karlaklúbbar og láglaunaráðstefnur

Karlaklúbbar, svo sem Lions, Rótarý og önnur slík samtök, buðu okkur stundum til sín og þar voru margir forvitnir og ekki ýkja neikvæðir sumir, einhverjir litu á okkur sem skemmtiatriði en aðrir töldu stöðu sinni ógnað og brugðust ókvæða við. Konum í eiginkvennafélögum karlaklúbbanna var stöku sinnum boðið á þessa fundi og þær urðu þá sumar heldur vandræðalegar, þögðu

margar, en þær voru nógu forvitnar eins og karlarnir til að bjóða okkur að koma til sín á fund. Á gamalli ræðu sem ég flutti á fundi með Lionsmönnum fyrir austan fjall sé ég að ég hef bent á að nýja kvennahreyfingin væri runnin af sömu rót og náttúruverndarmenn, húsfriðunarsinnar, stúdentahreyfingin og hipparnir. Þarna hef ég stiklað á stóru í sögu kvennahreyfingarinnar frá því í lok seinni heimsstyrjaldarinnar og rakið helstu baráttumál og viðfangsefni rauðsokka: dagheimilismál, stöðu kvenna í frystihúsum og við ræstingar, fóstureyðingamálið, tvöfalt vinnuálag kvenna, innrætingu karla og kvenna og afleiðingar hennar. Enn fremur hef ég látið þau orð falla að hreyfingin hafi

> alla tíð lagt áherslu á þá vitundarvakningu sem fæst fram með umræðu enda er það í samræmi við það kjörorð hinnar nýju kvenfrelsishreyfingar að hið persónulega sé pólitískt, að pólitískt ástand í hverju samfélagi nái inn á svið einkalífsins og það sé nauðsynlegt að fólk sitji ekki einangrað hvert í sínu horni og haldi að það sé sífellt að berjast við einstaklingsbundin vandamál, heldur beri saman bækur sínar til að sjá félagslegt samhengi vandamálanna og vera þannig færara um að berjast fyrir umbótum.[3]

Við höfum ekki verið ýkja trúaðar á að jafnréttisákvæði í lögum skiluðu okkur langt, lög væru oft eitt og framkvæmd þeirra annað eins og best sæist á lögum um jafnrétti til launa – og sést enn. Í umræddri ræðu vitnaði ég jafnvel í Íslendingasögurnar, en taldi nokkra von í auknu sjálfstrausti kvenna og sinnaskiptum ungra karla. Þessi atriði voru algeng í framsöguræðum okkar á karlafundum og reyndar sumum kvennafundum, en þegar við vorum á fundum hjá samstarfskonum okkar, eða væntanlegum samstarfskonum, voru tónninn og umræðan með öðrum hætti. Þá var lagt á ráðin.

Þetta átti t.d. við um láglaunaráðstefnurnar sem við héldum bæði í Reykjavík og úti á landi; þangað komu konur sem litu á okkur sem a.m.k. mögulega samstarfsmenn í sameiginlegri baráttu. Sumar þeirra sögðu frá því eftir á að þær hefðu aldrei talað á opinberum fundi fyrr en þarna. Láglaunaráðstefnurnar voru í samræmi við þær breytingar sem urðu á stefnu hreyfingarinnar á Skógaráðstefnunni frægu og við undirbúning þeirra var síður leitað til forystumanna verkalýðshreyfingarinnar og það jafnvel forðast. Þetta leiddi til þess að þarna komu fram konur sem ekki hafði borið mikið á áður en þekktu vel til kjaramála kvenna, voru kvenréttindasinnaðar og sumar auk þess trúnaðar-

Rauðsokkar í þungum þönkum. Frá vinstri: Guðrún Hallgrímsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Björg Einarsdóttir og Lilja Ólafsdóttir. Lengst til hægri sést í Hildi Hákonardóttur. Myndin er tekin á heimili Helgu Ólafsdóttur á Ásvallagötunni, líklega árið 1972.

menn á vinnustað, t.d. í Iðju. Þessar konur voru varkárar til að byrja með og ég man að á fyrstu ráðstefnunni sem haldin var í Lindarbæ breyttist tónninn og kliðurinn varð fjörlegri þegar hádegisverðarhlé var gert og í ljós kom að rauðsokkarnir höfðu eldað þessa fínu kjötsúpu ofan í allt liðið! Þetta var nú ekki það sem búist hafði verið við, því það orð lék á að við værum heldur andvígar heimilisstörfum.

Tengslin sem sköpuðust á þessum láglaunaráðstefnum lögðu grunninn að kvennaverkfallinu því að þarna var hugmyndin rædd áður en farið var á flot með hana á stóru kvennaráðstefnunni sumarið 1975. Ekki var að sjá að frammámenn verkalýðshreyfingarinnar – flestir karlmenn – tækju félagskonum sínum fagnandi þegar þær komu með ný tíðindi af samkomum rauðsokka. Vera má að sumum hafi fundist að við værum að skipta okkur af þeirra einkamálum en aðalástæða þess að margar konur innan stéttarfélaganna voru lengi vel andvígar sameiningu karla- og kvennafélaga var sú að þær óttuðust að konur misstu þau litlu áhrif sem þær höfðu innan hreyfingarinnar yfir til karlanna. Sem fulltrúar kvennafélaganna áttu þær örugg sæti á þingum samtakanna og í mörgum nefndum, en hugmyndir um kynjakvóta voru ekki komnar fram hér á þessum tíma. Ýmsar þær konur sem vildu gera sig gildandi í stéttarfélögunum litu til rauðsokka eftir hugmyndum og hvatningu.

Á þessum árum kom t.d. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir aftur að verkalýðsmálum með þunga en hún var kvenfrelsissinnuð og mjög velviljuð rauðsokkunum. Ég held að mér hafi verið það hollt í öllum þeim ákafa sem ríkti að hún talaði alltaf við mig eins og þegar ég var að koma til hennar sem krakki að kaupa egg, líka þegar ég ásamt fleirum kom til að biðja hana að taka við því fjöreggi að tala á Torginu á kvennafrídaginn í október 1975. Þess má til gamans geta að þegar ég nokkrum árum seinna var að vinna að stofnfundi Samtaka um kvennaathvarf var það fastmælum bundið að Starfsmannafélagið Sókn yrði stofnaðili, en Aðalheiður var þá formaður þess, og við vildum endilega að félagið yrði fyrsti stofnfélaginn. Þegar að fundinum kom flykktist fólk að en ekki bólaði á Heiðu og þegar ég hringdi í hana var hún á fundi. Fyrirmælin voru skýr: „Þú sérð bara um þetta fyrir mig, Beta mín“ og það er skýringin á því að Sókn er skráð í Samtök um kvennaathvarf með minni hendi.

Eftirtektarvert er hve mikið af tíma og athygli hreyfingarinnar fór í leikskólamálin þótt konum í Rauðsokkahreyfingunni væri oft legið á hálsi fyrir að vera barnfjandsamlegar. Á þessum tíma voru hlutfallslega fleiri konur heimavinnandi en nú er og því var ekki eins brýn þörf fyrir leikskóla, en þetta var að breytast og slíkar stofnanir voru svo fáar og smáar að fjöldinn allur af heimilum átti í sárustu vandræðum. Rauðsokkahreyfingin átti ekki upptökin að kröfunni um fleiri og betri dagheimili en rauðsokkar tóku rækilega til hendinni; gerðu kannanir og athuganir, héldu fundi og skrifuðu bréf og greinar. Þá voru mjög margir þeirrar skoðunar að dagheimilisvist væri börnum óholl, en gjörbreyting hefur orðið á þessum málum síðan og jafnframt svo gagnger viðhorfsbreyting að sjálfur orðaforðinn hefur breyst. Nú er þetta ekki dag*vistun* heldur leik*skóli* og væntingarnar hafa breyst eftir því. Aftur á móti þyrfti að athuga nánar hvort jafn löng dvöl í leikskólanum daglega og hér er algeng sé börnum til framdráttar, hvort langur vinnudagur foreldra sé ekki farinn að koma niður á börnunum, en það er önnur saga.

Fóstureyðingamálið

Harðasta rimman sem rauðsokkar lentu í var um fóstureyðingamálið. Löggjöf á því sviði var frjálslyndari í flestum nágrannalöndunum en hér á landi, auk þess sem skilgreining laganna hér var einstaklega þröng. Konum sem áttu við að stríða alvarlega sjúkdóma, líkamlega sem andlega, skelfilegar heimilisástæður eða ómegð – og jafnvel allt þetta – var neitað um fóstureyðingu. Vegna þessa

voru ýmsir innan heilbrigðis- og félagskerfisins fylgjandi breytingum, þar á meðal Ólafur Ólafsson landlæknir; þess voru jafnvel dæmi að læknir benti konu á að sækja sér liðstyrk hjá okkur rauðsokkunum. Fjöldinn allur af konum, sérstaklega fátækum, reyndi ekki einu sinni að sækja um fóstureyðingu. Aftur á móti var fræðsla um kynferðismál innan skólakerfisins mjög fátækleg og sums staðar engin og handbækur um kynferðismál og getnaðarvarnir fyrir almenning illfáanlegar og heldur rýrar þær sem til voru.

Þetta áhugaleysi um kynfræðslu og jafnvel andstaða við hana hélst lengi, t.d. var „bók um kynlíf fyrir ungt fólk“ sem ég þýddi og út kom 1985,[4] en upphaflega var gefin út af ekki óvirðulegra fyrirtæki en Oxford University Press, bönnuð á bókasöfnum grunnskólanna í Reykjavík og samt hafði margt breyst frá því að nýju lögin „um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir“[5] voru sett áratug áður. Þetta ástand leiddi m.a. til þess að milli kvenna, eða ef til vill aðallega ungra stúlkna, gengu skelfilegar ráðleggingar um hvernig koma mætti af stað fósturláti og stundum var þeim beitt með þeim afleiðingum að koma þurfti konunni á sjúkrahús í skyndi áður en henni blæddi illilega eða jafnvel blæddi alveg út. Flestar konur urðu að sætta sig við orðinn hlut, en eins og í öllum samfélögum fóru efnaðar konur til útlanda til að fá aðgerðina gerða eða notuðu sömu aðferð og þær efnaminni: að fá ólöglega fóstureyðingu hér á landi.

Fóstureyðingar komust í umræðuna á Íslandi í lok 7. áratugarins og þáverandi heilbrigðismálaráðherra skipaði þrjá karlmenn, virta menn á sviði læknavísinda, til að endurskoða lögin. Síðar urðu mannabreytingar í nefndinni og m.a. bættust þær Guðrún Erlendsdóttir lögfræðingur og rauðsokkurinn og blaðamaðurinn Vilborg Harðardóttir í hana, auk þess sem Svava Stefánsdóttir félagsráðgjafi varð ritari nefndarinnar og fór þá veruleg hreyfing að komast á málin. Þessi vinna tók mikið á Vilborgu, en hún lagði sig alla fram og við reyndum að styðja hana og liðsinna eftir því sem við best gátum. Gerð var víðtæk könnun á stöðu þessara mála hér, viðamikið nefndarálit var gefið út[6] og ný og breytt lög frá því sem var í nefndarálitinu voru svo samþykkt á kvennaárinu 1975.[7] Þetta gekk þó ekki hljóðalaust fyrir sig: blöðin voru uppfull af greinum,[8] fólk skiptist í fylkingar og harkalega var tekist á. Ég held að ég hafi aldrei kynnst hatrammari og nærgönguli deilum hér á landi. Ekki var óþekkt að konur sem fylgjandi voru rétti til fóstureyðinga væru kallaðar „barnamorðingjar“, jafnvel að börnum sínum viðstöddum.

Við rauðsokkar tókum málið fyrir á ótal fundum, bæði innan hreyfingarinnar og úti í bæ hjá öðrum samtökum og svo var haldinn stór og minnisstæður fundur á Hótel Sögu í mars 1975, mikill hitafundur[9]. Þar steig fram læknir, Katrín Fjeldsted, og mæltist vel og skynsamlega. Það þurfti hugrekki til af svo ungum lækni. Í sambandi við fóstureyðingamálið gáfum við út a.m.k. tvo dreifimiða og af þeim má sjá hvernig umræðan hefur harðnað. Á þeim fyrri er sagt að framundan sé dagur þar sem konur víða um heim sameinist „til að leggja áherzlu á að krefjast skynsamlegrar og heilbrigðrar löggjafar um fóstureyðingar". Síðan koma þrettán atriði, svo sem um skort á kynlífsfræðslu, óöruggar og dýrar getnaðarvarnir, rauðuhundafaraldurinn sem gekk yfir áratuginn á undan, barnungar stúlkur og ólöglegar fóstureyðingar og undir lokin er fullyrt: „Við viljum ekki láta Pétur eða Pál ráða yfir líkama okkar og örlögum"[10] og er þá þess að gæta að þarna er um nokkurn orðaleik að ræða, því formaður nefndarinnar sem endurskoðaði fóstureyðingalögin var Pétur H. J. Jakobsson, yfirlæknir fæðingardeildarinnar. Hann féllst reyndar í lokin á breytingar á lögunum en féll frá áður en málið var að fullu komið í höfn. Seinni dreifimiðinn er beinskeyttari en sá fyrri. Þar er aftur vísað til alþjóðlegs baráttudags fyrir sjálfsákvörðunarrétti kvenna og bent á nauðsyn þess að nýja frumvarpið verði samþykkt og þar er talað um „skýlausan rétt á ráðgjöf og fræðslu […] þjónusta er óskipuleg og takmörkuð […] réttur kvenna er fótum troðinn. Konur krefjast sjálfsákvörðunarréttar!"[11]

Sérstakur hópur, „Þingmannastarfshópurinn", var stofnaður innan Rauðsokkahreyfingarinnar til að herja á þingmenn; þeim var skrifað og lagðar fyrir þá spurningar. Svör þingflokksformannanna voru birt og sömuleiðis upplýst að einn þeirra taldi ekki ástæðu til að láta neina skoðun í ljósi. Auk alls þessa var 3. tölublað 1974 af *Forvitinni rauðri* helgað fóstureyðingamálinu – með frægri samfarateikningu Picassos á forsíðu – og í því fullt af greinum, bæði eftir rauðsokka og aðra. Þarna voru líka birtar glefsur úr nefndarálitinu og eldri lögum og gefin voru upp nöfn og heimilisföng á stofnunum erlendis þar sem hægt var að fá löglega fóstureyðingu – og verð tilgreint. Þetta þótti nú nokkuð djarft, en við bættist að við tókum að okkur nokkrar að hafa samband við erlendar stofnanir og sjúkrahús fyrir konur sem ekki treystu sér til að sjá um samskiptin sjálfar. Þetta var mikið pukur svo að stundum minnti helst á leynilögreglusögu. Ég man að hafa einhvern tíma hringt úr almenningssíma niðri við Landsímahúsið við Austurvöll í sjúkrahús í London fyrir par, en þau voru reyndar eina *parið*



Í þriðja tölublaði *Forvitinnar rauðrar*, útgefnu 1974, var fjallað mjög ýtarlega um fóstureyðingamál. Picasso-mynd skreytti forsíðuna.

sem hafði samband við mig og komu bæði; yfirleitt var konan ein á ferð. Þau fóru svo saman til London og þar á eftir í smáferð um Evrópu til þess að engan grunaði neitt. Það gefur svo augaleið að ekki höfðu fátækar konur efni á svona löguðu. Fyrir þær sem vildu reyna hérna heima vorum við líka með ráð um það til hvers konar lækna ætti að leita til að fá leyfi fyrir aðgerðinni og svo hvíta lista og svarta yfir lækna, þ.e. hverjir væru líklegir eða ólíklegir til að veita konunum lið.

Í fyrrnefndu tölublaði af *Forvitinni rauðri* voru jafnframt tíu frásagnir kvenna sem farið höfðu í ólöglega fóstureyðingu hér á landi, sögur tveggja sem farið höfðu í löglega aðgerð í London og einnar sem hafði gert hið sama einhvers staðar á Norðurlöndunum. Þessar frásagnir vöktu auðvitað mikla athygli og þá líka munurinn á þeim fóstureyðingum sem framkvæmdar voru hér og erlendis. Hér heima voru það læknar sem gerðu aðgerðina – eins og almennt tíðkaðist um langt árabil, sem betur fer, því hér höfðu konur þó lærða lækna en ekki fúskara eins og víða tíðkaðist erlendis og gerir enn. Ferðalag til útlanda kostaði mikið fyrir konurnar sem þangað fóru og auk þess þurfti að greiða klíníkinni eða sjúkrahúsinu í London, en á Norðurlöndunum kostaði fóstureyðing ekkert frekar en önnur læknisverk. Hér á Íslandi var ólöglega aðgerðin gerð á læknastofu, eftir vinnutíma eða um helgar, ekki mátti koma eða fara í leigubíl, yfirleitt var ekki notuð deyfing nema þá þegar aðgerðinni var lokið og ein minntist „fötuglamurs og kústaskarks“ frá ræstingakonunni í næsta herbergi. Oftast var fósturláti komið af stað og munaði þá stundum mjóu hvort konan kæmist á sjúkrahús áður en henni blæddi of mikið, en stundum var um fullkomna aðgerð að ræða. Verkið kostaði á bilinu hálf til heil dagvinnulaun verkakvenna í mánuð.

Við skiptum þessum frásögnum í blaðinu á milli okkar; aðeins ein vissi hver heimildarkonan var og ég man að mín kona „hafði aldrei séð eftir þessu“ þótt skelfilegt hefði verið meðan á því stóð. Ég tel að blessunarlega hafi tekist til

eftir að allt varð löglegt: framúrskarandi félagsráðgjafar störfuðu við deildirnar á sjúkrahúsunum og auk þess held ég að læknunum hafi verið létt. Auðvitað vissu þeir af því sem áður hafði tíðkast og jafnvel hverjir starfsfélaga þeirra stóðu fyrir starfseminni. Rauðsokkahreyfingin var frumkvöðull þess að svona hratt og giftusamlega tókst að koma þessum málum í höfn.

Kvennaverkfall og kvennafrí

Fóstureyðingalögin tóku gildi 1975, á kvennaárinu, því merka ári, því þetta var merkilegt ár þótt okkur mörgum finnist að þau fögru fyrirheit sem það gaf hafi ekki náð að rætast – eða konum ekki tekist að nýta þau. Fyrir mörgum ráðamönnum var kvennaárið rammíslenskt *átak* og síðan ekkert annað að gera en að fara aftur í sama farið og gleyma því að fyrirmæli Sameinuðu þjóðanna voru að þetta ætti að vera upphafsár að kvennaáratugnum. Rauðsokkar voru potturinn og pannan í öllu þetta ár: fundum, ráðstefnum, tillögum, ályktunum og aðgerðum, þar með töldu kvennaverkfallinu mikla 24. október. Hjá okkur hét þetta verkfall, því við vildum leggja niður störf til að sýna og láta alla sjá og finna hvert væri vinnuframlag kvenna til samfélagsins, bæði inni á heimilunum og á vinnumarkaðinum. Þetta var því liður í kvennabaráttunni en ekki bara skemmtun, þótt við skemmtum okkur vel við undirbúninginn og stórvel á kvennafrídaginn mikla. Megináherslan var ekki á launamismun heldur að sýna fram á hversu mikil þátttaka kvenna væri í atvinnulífinu. Nafninu var breytt í *kvennafrí* á stóru kvennaársráðstefnunni á Loftleiðahótelinu sumarið 1975 til að friða hægrisinnaðar konur sem ekki gátu hugsað sér að standa fyrir verkfalli. Það var Valborg Bentsdóttir sem af alkunnu skopskyni sínu og skarpskyggni lagði til nýja heitið. En hugmyndin að deginum kom frá Rauðsokkahreyfingunni, við öfluðum henni fylgis, knúðum hana fram og áttum stóran þátt í að skipuleggja hana og gera að veruleika. Enn minnast konur þessa atburðar sem tímamóta í lífi sínu; það er jafnvel hægt að skipta konum niður í tvo flokka: þær sem muna þennan dag og þær sem voru of ungar eða ekki fæddar.

Mjög stór hópur kvenna lagði sitt af mörkum til þess að við yrðum „svona margar“[12]. Til þess var líka leikurinn gerður: auglýsingastofa og velfjáð framkvæmdanefnd hefðu ekki getað skapað það andrúmsloft og þann fögnuð sem þarna ríkti, til þess þurfti fólk að finna sig eiga hlutdeild í atburðinum. Það gerðist með því að konur um land allt komu að undirbúningnum hver á sínum stað, þetta voru alls um 50 félög, og jafnvel ólíklegustu kvennasamtök hvöttu

Framkvæmdanefnd kvennafrídagsins ásamt ritara sínum. Aftari röð frá vinstri: Þuríður Magnúsdóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Erna Ragnarsdóttir, Þorbjörg Jónsdóttir, Gerður Steinþórsdóttir, Valborg Bentsdóttir og Björg Einarsdóttir (ritari). Fremri röð: Bessí Jóhannsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Margrét S. Einarsdóttir og Ásdís Guðmundsdóttir. Nefndin var skipuð upp úr miðjum september 1975 og auk hennar fimm starfshópar með alls um áttatíu konum sem skiptu með sér verkum í undirbúningi kvennafrídagsins. Í hverjum starfshópi voru tveir oddamenn úr framkvæmdanefndinni.

konur til að leggja niður vinnu og skunda á fund. Það gerði t.d. Kvenfélagasamband Íslands sem sá um að dreifa kynningarefni – eða eigum við að segja áróðrinum – röggsamar og vanar konur og hreint engar „mussukerlingar“. Mikið efni er til um þetta mál allt því að margar komu að því og ýmsum heimildum hefur verið komið í Kvennasögusafnið.

Ég tók þátt frá því að þessi fjarstæðukennda og gullfallega hugmynd kom fram, henni var velt á milli rauðsokka og gaukað að furðulostnum og síðan áköfum konum á láglaunaráðstefnunum. Ég minnist andstöðu íhaldssamra kvenna á stóru ráðstefnunni um sumarið, en þær gengu svo til liðs við hugmyndina því að þar kom strax í ljós að margar konur innan stéttarfélaganna þekktu til málsins og voru því fylgjandi, þetta hafði kvisast út frá láglaunaráðstefnunum og svo leist mörgum einfaldlega vel á þessa fyrirætlun þótt íhaldssamar væru. Næst tóku við síauknar annir við undirbúninginn. Á þessum tíma var ég kennari við Framhaldsdeildir gagnfræðaskólanna við Lindargötu eða „Rauðsokkuskólann“ sem svo var stundum kallaður því þarna kenndu líka Rannveig Jónsdóttir, Vilborg Sigurðardóttir, Gerður Steinþórsdóttir, Unnur A. Jónsdóttir og fleiri kvenréttindakonur. Ég var í „Geirustarfshópi“ rauðsokkanna og jafnframt fulltrúi þeirra í opinberu kvennaársnefndinni, sem við kölluðum Geiru (eftir þáverandi

forsætisráðherra, Geir Hallgrímssyni, en nefndin heyrði undir ráðuneyti hans og var reyndar ekki skipuð fyrr en í maí á sjálfu kvennaárinu), og fulltrúi hreyfingarinnar í framkvæmdanefnd kvennaverkfallsins ásamt Þuríði Magnúsdóttur. Starfsþrekið var því ekki alltaf mikið þegar kennsla var annars vegar, en samstarfskonur mínar komu þá færandi hendi með stíla, æfingar, próf og fleira sem til þurfti þótt þær væru líka á kafi í undirbúningi verkfallsins þetta haust. Þegar allt var um garð gengið, hinn 27. október, sendi skólastjórinn, Hafsteinn Stefánsson, yfirboðurum sínum eftirfarandi skýrslu: „Föstudaginn 24.10. mætti enginn kvenmaður til vinnu.“[13] Svo mörg voru þau orð – en gaman væri að sjá allar þær skýrslur sem yfirvöldum bárust um mætingar kvenna þennan dag.

Í Fælledparken

Hróður íslenskra kvenna barst víða um lönd með fréttum af kvennaverkfallinu, hingað komu erlendir fréttamenn og mikið var um fyrirspurnir þannig að í þónokkurn tíma eftir þetta var Ísland þekkt fyrir tvennt (auk HKL og fornbókmennta): kvennaverkfall og seinna kvenforseta. Ein afleiðing þessarar

Elísabet flytur ræðu sína á stóra sviðinu á Kvindefestival í Fælledparken í Kaupmannahöfn í ágúst 1976. Síða pilsið kom í góðar þarfir.

Rauðsokkarnir Guðrún Ögmundsdóttir (t.v.) og Elísabet með bunka af upplýsingaritum og þjóðlega danska hressingu í alþjóðatjaldinu á Kvindefestival í Fælledparken 1976.

nýju landkynningar var sú að rauðsokkum var boðið að senda fulltrúa í ágúst árið eftir á *Kvindefestival* í Fælledparken í Kaupmannahöfn og vorum við Guðrún Ögmundsdóttir settar í það verkefni. Danska rauðsokkahreyfingin stóð fyrir þessari tveggja daga hátíð, en alls kyns hópar sem létu sig jafnréttismál varða tóku þátt, m.a. lesbíur, og ekki laust við að við Gunna yrðum stundum dálítið feimnar þegar þær voru að skemmta sér – enda leikurinn ef til vill til þess gerður að hræra upp í penum dömum, rauðsokkum eður ei.

Svokallaðar „plattadömur“ í Konunglegu postulínsverksmiðjunum höfðu átt í löngu verkfalli og voru þarna á hátíðinni. Dönsku rauðsokkurnar höfðu verið flottar á því og greitt fyrir okkur ferðir og eitthvað í uppihald og ekki gátum við Gunna verið minni og gáfum plattadömunum þessa peninga, eða réttara sagt keyptum af þeim tvo pappadiska, fagurlega málaða konunglegum munstrum. Þessi kaup sættu miklum tíðindum. Hvernig við höfðum efni á þessu man ég ekki en við gistum hjá vini mínum, danska skáldinu og fyrrverandi andspyrnuhreyfingarmanninum Jörgen Bruun Hansen, sem líka las yfir ræðuna til að ekki væru einhverjar ambögur í dönskunni. Ræðuna flutti ég svo af „stóru senunni“ fyrri dag hátíðarinnar og verð að játa að það skulfu undir mér fæturnir þegar ég kom á sviðið. En við Gunna höfðum séð við því og sett mig í sítt pils – að flytja ræðu á dönsku fyrir áheyrendaskara sem hvergi sást út yfir, það þurfti skósítt pils til þess!

Þarna í garðinum voru ýmsir með tjöld til kynningar á starfsemi sinni og sömuleiðis var þar eitt stórt sameiginlegt „alþjóðatjald“ þar sem Gunna sagði frá og svaraði fyrirspurnum um kvennaverkfallið og aðdraganda þess báða hátíðardagana; góður rómur var gerður að því og margs spurt því gestirnir voru agndofa yfir framtakssemi og dirfsku kvenna á Íslandi.

Heima á Íslandi hefur okkur þótt hætta á að tækifærin sem kvennaárið gaf kynnu að glutrast niður. Á einhverjum fundi, sem ég man ekki lengur hver var, hef ég að minnsta kosti ávarpað fundarkonur og spurt: „Hver var útkoman úr kvennaárinu og hvað á að gera næst? […] þó við kunnum ekki enn til fullnustu gagnleikinn þá vitum við af sárri reynslu að einhver þau áhrifaríkustu vopn sem beitt er gegn okkur eru þögnin og *háðið*. […] Þið munið ef til vill eftir því að undir lok kvennaársins mátti heyra ýmsa tala um hvað þeir yrðu ofsafegnir þegar „þessu blessaða kvennaári“ lyki.“ Nokkru seinna í þessari ræðu hef ég bætt við: „Yfirleitt hljóta skólamál að verða mjög í brennideplinum hjá okkur á næstunni. Á kvennaárinu kom upp allmikil umræða um hversu kennslubækur og skólastarfið almennt stuðlaði að því að viðhalda hinni hefðbundnu hlutverkaskipan kynjanna.“

Eftir þetta fór þátttaka mín í starfi hreyfingarinnar minnkandi þótt ég væri þarna viðloðandi í rúm tvö ár; ég kláraði störfin í kvennaársnefndinni og einhver önnur verkefni og eins hélt ég áfram að vinna með Silju Aðalsteinsdóttur á Rauðsokkasíðu *Þjóðviljans*, en bætti litlu við. Ég hafði unnið mjög mikið árin á undan, bæði í skólanum, við myndlistargagnrýni og með rauðsokkum, og var orðin þreytt og hið sama held ég að átt hafi við um margar stallsystur mínar. Mig langaði í framhaldsnám í ensku og fór í það hér heima og í Bandaríkjunum. Ekki svo að skilja að við rauðsokkar værum orðnir þreyttir á málefninu, en margt annað hafði þurft að sitja á hakanum og sumar kvennanna höfðu ekki styrk og hvatningu frá sínum nánustu. Svo voru aðrar konur komnar inn og vildu komast að og til áhrifa. Skoðanir mínar og margra annarra af þeim sem verið höfðu með frá byrjun fóru ekki alltaf saman við það sem nýliðarnir vildu. Okkur fannst þær kreddufastar, þessu lauk með aðskilnaði og 1982 var hreyfingin formlega lögð niður. Ég verð að játa að mér þótti það ósköp dapurlegt og hélt fyrst, eða vonaði, að hægt væri að koma í veg fyrir aðskilnað, en það var fjarri lagi og eftir á að hyggja er ég fegin að hreyfingin skyldi vera lögð niður, andlitslyfting átti ekki við hana.

Bækur og kvennaathvarf

Ekki sagði ég þó skilið við Lýsiströtu og nokkru seinna barst mér skemmtilegt verkefni upp í hendurnar: að þýða skáldsöguna *Kvennaklósettið* eftir Marilyn French. Sagan hafði komið út í Bandaríkjunum 1977 og orðið metsölubók. Árið 1980 kom hún svo út hér á landi.[14] Þýðingin var mjög spennandi verkefni því að bókin var mjög umtöluð og umdeild, þetta er breið skáldsaga þar sem vikið er að öllum helstu baráttumálum fjölmennustu kvennahreyfinganna í Bandaríkjunum á þessum tíma, þ.e.a.s. hvítra miðstéttarkvenna. Konur hér á landi fundu margar fyrir samhljómi með því sem þarna var lýst.

Annað verkefni sem ég, ásamt öðrum, vann að á þessum tíma var *Nýi kvennafræðarinn*[15], bók sem upprunalega átti að vera þýðing á dönsku bókinni *Kvinde, kend din krop* með smávegis staðfæringum vegna öðruvísi félgsmála-löggjafar hér en í Danmörku og fleira í þeim dúr, en þegar yfir lauk vorum við búnar að endurrita og semja upp á nýtt meira en tvo þriðju hluta bókarinnar. Að þessu verki stóðu tíu konur sem ýmist voru í Rauðsokkahreyfingunni eða höfðu staðið henni nærri. Nafnið sóttum við til hins tæplega hundrað ára gamla *Kvennafræðara*[16] Elínar Briem þótt efnisval hennar hafi verið allt annað. En í fræðaranum nýja var í fyrsta skipti ekki aðeins fjallað um líffærafræði og sjúkdóma kvenna, blæðingar, getnaðarvarnir, meðgöngu og fæðingu, heldur líka útlitsdýrkun, fóstureyðingar, eftirfæðingarþunglyndi, kynlíf, lesbíur, klám, nauðgun og sjálfsvörn – auk ýmislegs annars. Það var skemmtilegt að sjá hve víða þessi bók fór og hve mikið hún var lesin; ég hef séð verulega *snjáð* eintök af henni.

Næst lögðum við Lýsistrata til atlögu við bók Faith McNulty, *The Burning Bed,* sem hét *Rúmið brennur*[17] á íslensku þegar hún kom út 1982. Þarna var ég farin inn á vettvang sem Rauðsokkahreyfingin fékkst lítið sem ekkert við: ofbeldi gegn konum. Samtök um kvennaathvarf voru stofnuð 2. júní 1982 og komum við ýmsar sem verið höfðum í Rauðsokkahreyfingunni að undirbúningi þeirra. Athvarfið sjálft var svo opnað 6. desember sama ár við Lindargötuna í litlu timburhúsi sem við fengum hjá Eimskipafélaginu fyrir sýndarleigu. Ekki veitti af, því í upphafi höfðum við enga peninga til starfseminnar og ekki einu sinni fræðilegar kannanir til að sýna fram á nauðsyn hennar. Aftur á móti hafði viðhorf almennings breyst það mikið og dirfska kvenna til að takast á við þessi mál aukist svo að þær dreif að á stofnfundinn og yfir 130 skráðu sig

Talsmenn Samtaka um kvennaathvarf héldu blaðamannafund í Norræna húsinu 3. júní 1982, daginn eftir stofnfund samtakanna. Frá vinstri: Guðrún Kristinsdóttir, Álfheiður Ingadóttir, Þorgerður Benediktsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Hildigunnur Ólafsdóttir, Ásthildur Ólafsdóttir, Valborg Bentsdóttir og Ásdís Rafnar.

í samtökin, sjálfboðaliðar komu á vettvang til að laga húsnæðið og til að vinna við athvarfið fyrir málamyndagreiðslu og svo var opnað með tíu þúsund krónur í handraðanum. Þarna vann ég með kennslu á veturna og svo á sumrin næstu árin. Mér fannst þetta eðlilegt framhald af þátttöku minni í Rauðsokkahreyfingunni og tel að ofbeldi, hvort sem það er andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt, sé það skelfilegasta sem hrjáir konur hvar sem er, hvort heldur er innan fjölskyldunnar, í vændishúsum eða í skipulögðum fjöldanauðgunum á stríðstímum. Og enn skelfilegra er hvað þessar konur eru margar; jafnvel hér á landi skipta þær þúsundum. Áferðarfalleg lagafyrirmæli hafa lítið að segja þegar almenningur og stjórnvöld taka þau ekki alvarlega; þá eru lögbrot látin viðgangast og lögunum ekki beitt. Kvennaathvarfið hefur unnið vel að þessum málum og Stígamót komið miklu til leiðar og ýmsar skeleggar konur þess utan.

Hvar á að enda frásögn af rauðsokkum? Þetta var hreyfing sem breytti lífi mínu – og margra annarra – og hefur áhrif á hvernig ég hugsa og hvað ég geri enn í dag. Þarna eignaðist ég vini sem mér finnst ég í mörgu eiga samleið með

enn – eins og sést á þessari bók. Frelsisþrá einkenndi hugarheim fólks, einkum ungs fólks, þegar ég var að komast á fullorðinsár. Við vorum enn í klakabrynju kalda stríðsins og vildum brjótast út. Aðstæður okkar voru aðrar en kynslóðanna á undan okkur: við vorum í nánara sambandi við umheiminn, gátum farið til útlanda, gátum verið í meiri tengslum við erlenda strauma en áður hafði verið. Ég horfi aftur til þessara ára með hlýju og gleði; það var gaman að taka þátt í þessari frelsisbaráttu, margt að gerast, mikil gróska. Það er ekki öllum kynslóðum gefið að eiga minningar um kátínu, ákefð, þátttöku – hvar svo sem fólk kaus að taka sér stöðu í atburðum samtímans. Næsta kynslóð á undan okkur horfði aftur til stríðsins, fyrstu fullorðinsár hennar voru allt önnur. Verkefni og vinnubrögð femínista eru með öðrum brag núna en þegar við rauðsokkarnir stóðum í ströngu. Það brennur við að okkur finnist þær ekki nógu atorkumiklar, en það er nú einu sinni einkenni gamalla baráttukerlinga, sem ég vona að okkur endist aldur til að verða.

Furða

Sumir karlar eru svo frábitnir öllu kvenlegu
að þeir sjá ekki einu sinni móður sína
fyrir fjallskugga föðurins

Þeir ráða ráðum sínum
í reykmettuðum skrifstofum
og fundarsölum

Síðdegis leita þeir hvíldar
á garðbekkjum
og muldra og tuldra í skeggið
hver við annan

Beri svo við
að þeir rölti niður á strönd
í kvöldrökkrinu
hætta hafmeyjarnar söng sínum
og stinga sér í þögult djúpið

Þeir heyra aðeins lágvært gjálfur
lognöldunnar við fjöruborðið

BESTI SKÓLI ÆVI MINNAR

GUÐRÚN ÁGÚSTSDÓTTIR

Allir á mínum aldri muna hvar þeir voru þegar Kennedy var skotinn og þegar Surtsey fór að gjósa. Ég man nákvæmlega hvar ég var og við hvern ég var að tala þegar augu mín opnuðust fyrir Rauðsokkahreyfingunni. Það varð eitt mikilvægasta augnablik ævi minnar. Vorið 1970 var ég í boði hjá vinkonu minni í Sólheimum 5. Þar var kona sem var að undirbúa stofnun þeirrar hreyfingar sem fékk nafnið Rauðsokkahreyfingin. Nokkrum dögum síðar hringdi ég í hana og bað hana um að segja mér meira frá því sem hún væri að gera. Eftir nokkurt samtal bauð hún mér að vera með. Ég þáði það með þökkum og þar með hófst mitt nýja líf.

En lítum aðeins á aðstæður mínar á þessum tíma. Ég var tuttugu og þriggja ára og 1. maí 1970 var ég heima með tveggja ára dóttur minni, Ragnheiði, sem var sofandi úti í vagni. Ég var að hlusta á útvarpið og heyrði þá eins og af tilviljun auglýsinguna um konur á rauðum sokkum sem ættu að safnast saman á ákveðnum stað. Forvitni mín var vakin og ég drakk í mig fréttirnar sem bárust af konunum sem báru Venusarstyttuna úr *Lýsiströtu* niður Laugaveg og Bankastræti. Undarlegar tilfinningar höfðu verið að bærast með mér, tilfinningar sem voru nafnlausar og erfitt þess vegna að ræða um við aðra. Ég var í vinnu, eiginmaðurinn Kristján Árnason í námi, ég ólétt að öðru barni okkar hjóna. Ég var stelpa með dæmigerðan borgaralegan, reykvíska bakgrunn en hafði þó kynnst vinstrisinnuðum sjónarmiðum í gegnum manninn minn og fólkið hans

fyrir norðan. Ég var með próf úr Kvennaskólanum í Reykjavík sem gat tryggt mér ágæta láglaunastöðu á skrifstofu og ég var einmitt að vinna hjá Sjóvá-tryggingafélagi Íslands um þessar mundir. Ég hafði verið flugfreyja áður en ég eignaðist fyrsta barnið. Og nú var von á öðru. Átti fyrir mér að liggja að vinna á meðan makinn væri í námi og verða eftir það heimavinnandi húsmóðir eins og mamma og amma? Innilokunarkennd, kvíði og sú tilfinning að vera komin á nokkurs konar endastöð lýsir því að einhverju leyti hvernig mér leið. Að verða öðrum háð fjárhagslega, alltaf, sinna síendurteknum verkum og eiga ekkert eigið líf utan heimilisins, enga vinnufélaga til að skiptast á skoðunum við og starfa með að sameiginlegum verkefnum. Mig langaði í annars konar líf.

Uppruni

Ég er fædd 1947 í Reykjavík, nánar tiltekið í húsi föðurömmu og -afa í Lækjargötu 12b. Föðurafi minn var dómkirkjuprestur í Reykjavík í áratugi og amma var húsfreyjan sem stjórnaði öllu innanstokks en tók jafnframt þátt í starfi hans, spilaði á píanóið við athafnir sem haldnar voru á heimili þeirra. Ég er yngra barn foreldra minna, Ragnheiðar Eide Bjarnason og Ágústs Bjarnasonar, en Bjarni bróðir minn er einu og hálfu ári eldri. Við bjuggum á neðri hæðinni og þar bjó langamma mín líka, en afi og amma á efri hæð og í risi. Þar bjó líka um tíma föðursystir mín með sinni fjölskyldu. Sömuleiðis bjuggu þar stundum „stúlkur“ sem hjálpuðu til við heimilisstörfin. „Stúlka“ var eiginlega starfsheiti þá í Reykjavík; það voru konur á ýmsum aldri, giftar og ógiftar, sem gengu í öll verk á heimilunum, þrif, matseld, allt. Húsið iðaði af lífi, enda var það að hluta til opinber stofnun því að afi minn gifti fólk og skírði börn í stofunni. Við barnabörnin fengum stundum að vera viðstödd skírnir og lærðum fljótt að hafa hljótt um okkur á meðan á athöfnum stóð.

Pabbi minn var skrifstofustjóri hjá tryggingarfélagi og mamma var heima-vinnandi. Móðurafi minn borðaði hádegismat til skiptis hjá okkur og móður-systur minni og ég hlakkaði alltaf til þess að hann kæmi. Þegar ég var fimm ára fluttum við úr þessu hlýja skjóli og ég saknaði þess ævinlega, notaði hvert tækifæri sem gafst til að heimsækja stórfjölskylduna í Lækjargötu og átti þar mitt annað heimili fram á fullorðinsár.

Það gefur augaleið að ég fékk kristilegt uppeldi. Afi var formaður KFUM í Reykjavík og amma formaður KFUK og ég sótti þar samkomur árum saman. Messur á sunnudögum í Dómkirkjunni voru fastur liður en oft leiddist mér,



Guðrún tíu ára með Bjarna bróður.

sérstaklega undir ræðunni. Þótt afi væri með eindæmum skemmtilegur maður sagði hann ekki brandara úr predikunarstólnum. Afi var mjög vinsæll og amma reyndar líka og nutum við þess barnabörnin í mörgu; skjólið í Lækjargötu náði út fyrir veggi hússins. Konur í fjölskyldunni lærðu á píanó og ég var þar engin undantekning. Ef ég skyldi nú giftast presti eins og amma væri nauðsynlegt að geta spilað undir sálmasönginn!

Konur í mínu félagslega nærumhverfi unnu ekki utan heimilis nema þær væru ekkjur eða fráskildar; hið síðarnefnda var sjaldgæft. Langamma hafði haft kostgangara og verið orgelleikari í Ísafjarðarkirkju eftir að hún varð ekkja 27 ára með þrjú börn um aldamótin 1900. Amma fylgdi manni sínum í öllum hans störfum, sem var heilmikil vinna, algjörlega ólaunuð en þótti sjálfsögð. En eigið líf á eigin forsendum átti hún ekki. Mamma var heimavinnandi sem fyrr segir eins og flestar hennar vinkonur, sem höfðu margar hætt vinnu utan heimilis við giftingu. Reyndar var langamma mín í beinan kvenlegg ljósmóðir austur á landi, lærði ljósmóðurfræði í Reykjavík og skildi mann og sex börn eftir heima á meðan. En hana þekkti ég ekki og vissi reyndar sáralítið um fyrr en seinna meir. Bæði hún og móðuramma mín voru látnar þegar ég fæddist.

Ég fór í Kvennaskólann í Reykjavík eftir fullnaðarpróf barnaskólans. Þangað fóru stelpur sem höfðu náð góðum einkunnum á barnaprófi og þar var lögð áhersla á að við lykjum fjórðabekkjarprófi og færum síðan út á vinnumarkaðinn. Þokkalega menntað fóður fyrir banka og skrifstofur. Að vísu var önnur bekkjardeildin á þriðja vetri landspróf, en við vorum alls ekki hvattar til að

þreyta landspróf, öðru nær. Þær sem það gerðu þó voru hvattar til að klára Kvennaskólann frekar en að fara í menntaskóla. Þær sem hunsuðu það ráð voru mun harðari af sér en ég var þá eða áttu foreldra eða ættingja sem tóku af skarið. Einn góður vinur minn lýsti þessu svona: „Duglegustu stelpurnar í mínum bekk í barnaskóla fóru í Kvennó og vinna nú sem skrifstofustúlkur víðs vegar um bæinn. Hinar fóru í menntaskóla og háskóla og eru vísindamenn víða um heim."

Ég fékk enga hvatningu til að fara í meira nám og hafði ekki miklar skoðanir á því sjálf, en var þó alveg klár á því að ég vildi fara í einhvers konar starfsnám. Það varð hins vegar úr að ég fór sem *au pair* til London og var þar í ár. Ég lærði ensku í kvöldskóla og kom heim 18 ára og fór að vinna í Landsbankanum. Nákvæmlega í takt við uppeldið í Kvennaskólanum! Þetta var ágætt starf en mig langaði ekki að ílendast þarna. Ég frétti af því að hægt væri að fara í próf til að komast í flugfreyjustarf og sló til. Ég held að um 200 stúlkur hafi þreytt þekkingarkönnunarprófið í húsnæði Iðnskólans, en við vorum innan við tuttugu sem komumst að. Það var á þessum árum einhver ævintýraljómi yfir starfinu og fjölbreytni í kvennastörfum takmörkuð. Utanlandsferðir voru ekki algengar og síður en svo á hvers manns færi. Mér fannst gaman í þann stutta tíma sem ég starfaði sem flugfreyja. Ég hætti eftir tæp tvö ár þegar ég var komin fimm mánuði á leið, komst þá ekki lengur með góðu móti í búninginn og eins var starfið erfitt og stöllur mínar farnar að hlífa mér. Ég fékk vinnu í Landsbankanum á nýjan leik og svo fæddist dóttir mín í byrjun febrúar 1968.

Ég fór að vinna hjá Sjóvátryggingafélaginu síðsumars 1968 og þar starfaði ég enn árið 1970 þegar líf mitt breyttist skyndilega, ég vaknaði af þyrnirósarsvefni og vildi losna úr þeirri prísund sem mér fannst konur vera í. Það hvarflaði ekki að mér að fara í nám. Mér fannst að ég hlyti að vera lélegur námsmaður og frekar illa gefin fyrst enginn hafði hvatt mig til að halda áfram í skóla. Sjálfsmynd mín að þessu leyti var í molum og það liðu mörg ár áður en ég treysti mér aftur í skóla.

Af hverju fann ég hjá mér þörf fyrir að ganga til liðs við róttæk samtök eins og Rauðsokkahreyfinguna? Auðvitað réð tíðarandinn þar miklu, en ég hafði líka sterka réttlætiskennd og var til 12 ára aldurs alveg viss um að allt óréttlæti í garð manneskjunnar væri hægt að stöðva, bara ef viðkomandi segði frá því. En þá las ég *Sölku Völku*. Bókin var í bókaskápnum heima svo það voru hæg heimatökin. Við lesturinn rann upp fyrir mér að ég hefði haft rangt fyrir mér

um réttlætið. Ég grét og grét og ákvað að lesa aldrei aðra bók eftir þennan höfund. Ég sá líka fátæktina í kringum mig þegar ég var að alast upp og hve himinhrópandi mismunur var á mínum kjörum og margra annarra. Það fannst mér hræðilega óþægilegt og ég skammaðist mín oft fyrir það.

Fyrirvinnuhugtakið

Stúdentauppreisnin 1968 í Frakklandi og baráttan gegn stríðinu í Víetnam markaði upphaf andófs ungs róttæks fólks um allan hinn vestræna heim. Auk baráttunnar fyrir friði varð krafan fyrir bættum kjörum verkalýðsins, baráttan fyrir kvenfrelsi, réttindabarátta svartra og baráttan fyrir réttindum homma og lesbía hávær og barst að ströndum Íslands. Pillan hafði gert það að verkum að kynlíf án barneigna varð að möguleika, sem leiddi svo til meira frelsis fyrir konur. Tíðarandinn var konum þó óhagstæður að flestu leyti. Ég leit í kringum mig á vinnustaðnum mínum og sá konur sem höfðu litla sem enga möguleika á að vinna sig upp í yfirmannsstöður, þrátt fyrir þekkingu og dugnað. Auk þess höfðu karlarnir meira frelsi en við. Þeir gátu skroppið í vinnutímanum og látið klippa sig eða smyrja bílinn; við konurnar gátum ekki leyft okkur það. Þeir voru líka á mun hærra kaupi en við. Við vorum ekki „fyrirvinnur“; það voru karlar hins vegar, hvort sem þeir voru giftir með börn eða einhleypir.

En svona var þetta ekki bara á mínum vinnustað heldur almennt á vinnumarkaðnum. Notkun fyrirvinnuhugtaksins átti mikinn þátt í því að halda konum niðri. Konur voru ekki sjálfstæðir skattþegnar. Þær voru íhlaupavinnuafl og ekki taldar bera ábyrgð á því að sjá sér og börnum sínum farborða. Konur í valdastöðum voru sárafáar, ein kona hafði verið ráðherra og ein borgarstjóri – sama konan – og þá aðeins í eitt ár og deildi starfinu reyndar með karli. Konur í fiskvinnslu voru eins konar varavinnuafl, kallaðar til þegar aflaðist en voru annars heima, að sjálfsögðu launalausar, enda ekki „fyrirvinnur“! Lög um sömu laun fyrir sömu vinnu frá árinu 1961 sem áttu að taka gildi í áföngum dugðu engan veginn til að leiðrétta launamismuninn og enn þann dag í dag fá konur lægri laun en karlar á Íslandi.

Dagheimili voru ekki fyrir börn giftra foreldra og leikskólinn bara hálfan daginn. Árið 1968 höfðu stúdentar við HÍ samvinnu við háskólayfirvöld um að setja á laggirnar dagheimili: Barnaheimili stúdenta í Efrihlíð. Þar var Ragnheiður mín í fyrsta hópnum og í góðu yfirlæti. Við höfðum aldeilis dottið í lukkupottinn, öll þrjú, fannst okkur. Síðar voru settar reglur um að hvert barn

mætti ekki vera lengur á stúdentabarnaheimilum en þrjú ár, til að gefa sem flestum kost á þessum samfélagslegu gæðum.

Lánasjóður íslenskra námsmanna var hvorki fugl né fiskur, nemendur í HÍ voru að miklum meirihluta karlmenn og konur sem lokið höfðu embættisprófi voru örfáar. Þar sem foreldrar reyndu að styrkja og hvetja börnin sín til háskólanáms var ekki óalgengt að áhersla væri lögð á nám sonanna frekar en dætranna, og þannig var það svo sannarlega líka heima hjá mér. Eins höfðu strákarnir mun betri möguleika á að fá vel launaða sumarvinnu en stelpurnar.

Svona birtist veröldin mér þar sem ég sat heima 1. maí 1970, og líklega var ég reið og óþolinmóð gagnvart því ranglæti sem ég upplifði á sjálfri mér og kynsystrum mínum. En hvað gat ég svo sem gert ein? Ég þekkti engan sem var að hugsa á þessum sömu nótum. Ég hafði ekki velt fyrir mér lífi mínu út frá einhverjum kúgunarkerfum kynjanna, fannst reiði mín vera persónulegs eðlis, mitt eigið vandamál. Ég studdi aðgerðirnar gegn Víetnamstríðinu og fannst her í landi til óþurftar, fylgdist með stúdentaóeirðum í Frakklandi og víðar, en kvenfrelsisbaráttan hafði farið gjörsamlega fram hjá mér og ég kunni ekkert í marxisma. Kvenréttindahreyfingin á Íslandi hafði aldrei höfðað til mín og ég vissi sáralítið um hana. Að vera kvenréttindakerling var hálfgert skammaryrði og það var gert grín að þeim, fannst mér. Ég hafði ekki á takteinum hugtök yfir líðan mína – en þegar ég loksins reyndi að lýsa henni var ég svo heppin að ég mætti miklum skilningi.

Afdrifaríkt samtal

Það var Snjólaug Sigurðardóttir sem ég hitti í boðinu og fyrr var minnst á. Hún talaði um hlutskipti kvenna, en þar sem ekki gafst almennilegt tóm til að ræða við hana við þetta tækifæri hleypti ég í mig kjarki nokkrum dögum seinna og hringdi til hennar. Snjólaug sagði mér að hún væri í hópi sem væri að undirbúa eins konar stofnfund hreyfingar um jafnréttismál og bauð mér að taka þátt. Þar með má segja að líf mitt hafi tekið ákveðna stefnu og þeirri stefnu hef ég fylgt síðan. Ég drakk í mig það sem konurnar í þessum hópi sögðu og þar gat ég talað um það í fyrsta sinn sem hafði verið að brjótast í mér. Það sem Betty Friedan kallaði „ónefnda vandamálið“ í bók sinni *The Feminine Mystique*[1].

Hópurinn sem þegar hafði hafist handa við að undirbúa stofnfund Rauðsokkahreyfingarinnar tók mér fjarskalega vel og þarna byrjaði ég í besta og mikilvægasta skóla lífs míns. Ekkert gamalt var tekið gott og gilt, hverjum

Snjólaug Sigurðardóttir, konan sem opnaði Guðrúnu leið inn í jafnréttisbaráttuna með því að bjóða henni að taka þátt í undirbúningi að stofnun Rauðsokkahreyfingarinnar.

steini var velt við. Við skoðuðum allt með gagnrýnu hugarfari, hvort sem það var tungumálið, lög frá alþingi, rekstur dagheimila og leikskóla, námskrár og kennsluefni skólanna, launamisréttið eða réttur kvenna til að ráða yfir eigin líkama. Á þessum tíma vorum við hvorki farnar að ræða um ofbeldi gegn eiginkonum né sifjaspell, það kom síðar. Ég man heldur ekki hvort við ræddum sérstaklega réttindi homma og lesbía. En það þurfti að skrifa niður markmið hreyfingarinnar og ákveða stjórnunarform og fyrirkomulag. Píramídafyrirkomulagi karlanna var hafnað og í staðinn ákveðið að mæla með láréttu hópastarfi sem Hildur Hákonardóttir hafði kynnt sér og kynnti svo fyrir okkur. Við vildum enga stjórn, engin félagsgjöld, engar kosningar, engar atkvæðagreiðslur heldur þriggja/fjögurra manna miðstöð til að sjá um samhæfingu hópastarfsins. Einungis þeir sem voru virkir í starfinu hverju sinni áttu að geta talist félagar. Unnið var baki brotnu, fleiri bættust í hópinn og fundardagur og -staður voru ákveðnir: Norræna húsið 19. október 1970. Þar gætu skráð sig í hópa þeir sem vildu kynna sér hreyfinguna og e.t.v. taka þátt í starfi hennar. Frá upphafi var ákveðið að karlar væru velkomnir í Rauðsokkahreyfinguna.

Norrænt hús og nýtt barn

Hinn 19. október rann upp og við sem höfðum tekið þátt í undirbúningnum mættum snemma og biðum spenntar eftir því að sjá hvort einhverjir hefðu

áhuga á þessu brölti okkar. Og viti menn, fólk streymdi að, meira að segja fjölmiðlar, og það voru ekki sæti fyrir alla. Ég sat t.d. uppi á borði með bumbuna út í loftið. Fundurinn var í alla staði vel heppnaður. Vilborg Dagbjartsdóttir tók til máls á fundinum. Hún hvatti fundarmenn til að mæta á pallana á borgarstjórnarfundi þegar fjallað yrði um tillögu Öddu Báru Sigfúsdóttur, borgarfulltrúa Alþýðubandalagsins, um dagheimili fyrir börn giftra kvenna til að þær gætu stundað nám og vinnu utan heimilis. Adda Bára lagði áherslu á samfélagslega ábyrgð á börnunum og heilsdagsvistun á dagheimili var í hennar huga sjálfsögð réttindi, ekki bara fyrir foreldra, gifta sem ógifta, heldur líka fyrir börnin sjálf. Ég hreifst mjög af málflutningi Öddu Báru, sem var þá einstæð móðir með tvö börn, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, varaformaður Alþýðubandalagsins, borgarfulltrúi og svo sannarlega fyrirvinna. Kannski hef ég skammast mín svolítið fyrir að hafa ekki kosið hana í borgarstjórnarkosningunum þá um vorið, hana sem hugsaði alveg eins og ég í réttindamálum kvenna. Ég hafði sett X við D eins og foreldrar mínir og öll mín fjölskylda höfðu ævinlega gert. Það gerði ég aldrei aftur. Ég var nýkomin með kosningarétt 1968 og kaus þá Kristján Eldjárn í forsetakosningunum, en 1970 var fyrsta skiptið sem ég átti þess kost að kjósa í almennum kosningum. Í alþingiskosningunum 1971 kaus ég Alþýðubandalagið og í næstu borgarstjórnarkosningum, 1974, var ég komin í framboð með Öddu Báru vinkonu minni, hún í öðru sæti og ég í því sjöunda. En fundurinn í Norræna húsinu gekk sem sagt afar vel og var mikilvægur upptaktur starfsins næstu árin. Ég fór heim í Blönduhlíð ánægð og bjartsýn og daginn eftir fæddist annað barn okkar hjóna, Árni. (Fæðingarorlof var þá þrír mánuðir hjá opinberum starfsmönnum. Ég sem var í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur fékk 14 daga fæðingarorlof 1970. Sem flugfreyja 1968 í sama stéttarfélagi fékk ég ekkert fæðingarorlof).

Fjölmiðlar gerðu fundinum í Norræna húsinu góð skil og fljótlega fór að bera á því að við þættum herskáar, einhverjir prestar fluttu jafnvel stólræður þar sem varað var við okkur. Börn voru talin hafa slæmt af því að vera á barnaheimilum, þau yrðu að hópsálum. Við þóttum gera lítið úr húsmóður- og móðurhlutverkinu. Karlasamtök ýmiss konar kepptust við að bjóða okkur að koma og kynna Rauðsokkahreyfinguna, líklega til að hafa gaman af og gera grín að okkur, en þeim varð ekki kápan úr því klæðinu. Það kom meira að segja fyrir að einhverjir þeirra segðu okkur sögur af mæðrum sínum og ömmum sem höfðu orðið fyrir óréttlæti sem rann þeim til rifja.

Eruð þið hreinar meyjar?

Ég sótti um vinnu sem var auglýst í blaði í febrúar 1971 og var boðuð í viðtal. Þá var Ragnheiður enn á barnaheimili stúdenta og Árni minn, fjögurra mánaða, að byrja þar. Skólastjóri Hjúkrunarskóla Íslands tók mig í viðtalið, ég mætti í pilsi og það varð í síðasta sinn í bili sem skólastjórinn sá mig í slíku fati. Ég fékk vinnuna, ekki út á pilsið heldur út á ákveðið fas sem rauðsokkan ég hafði nú tamið mér. Í Hjúkrunarskólanum starfaði ég næstu sautján árin með tveggja ára hléi meðan ég bjó í Skotlandi. Ég vann á skrifstofunni og hafði mjög mikil samskipti við nemendur og það var gífurlega góður andi meðal starfsfólksins. Þetta var frábær kvennavinnustaður þótt sumt væri að vísu dálítið gamaldags; ég man t.d. eftir því þegar nýir umsækjendur um hjúkrunarnám mönnuðu sig upp í að spyrja mig hvað það þýddi að vera með óspillt siðferði, sem tveir vottar áttu að skrifa undir á umsóknareyðublaðinu. Þeim létti sumum þegar ég sagði þeim að þetta þýddi í raun „hreint sakavottorð“ og hefði ekkert með meydóminn að gera. Í kjölfarið var umsóknareyðublaðinu breytt.

Ragnheiður mín var búin með árin sín þrjú á barnaheimili stúdenta og fékk leikskólaplass á Grænuborg sem var við hliðina á Hjúkrunarskólanum. Ég sótti hana kl. 12 og við borðuðum saman í mötuneyti skólans og stundum kom pabbi hennar þangað í mat líka og fleiri makar. Við borðhaldið er ég mjög hrædd um að ég hafi stöðugt verið að boða fagnaðarerindið, allavega man ég eftir einum kennaramaka sem dæsti og sagði: „Mikið er ég feginn að vera ekki giftur svona „kommúnis*ma*“ eins og þér.“ Ég þagði, enda vel uppalin, og hugsaði: „Og hvað ég er fegin að vera ekki gift karlrembusvíni eins og þér.“ Ragnheiður var svo með mér ef ég þurfti að vinna lengur en hálfan daginn, sem var oft, og eiginlega má segja að skólinn hafi verið hennar annað heimili. Á saumastofunni, þar sem búningar hjúkrunarnema og margt fleira var saumað, voru frábærar konur og þar sat Ragnheiður gjarnan eða á símavaktinni hjá öðrum góðum konum, en þess má geta að símavaktin var líka siðgæðisvörður námsmeyjanna á heimavistinni.

Þegar Árni minn var búinn með árin sín þrjú á stúdentabarnaheimilinu tókum við okkur saman nokkrir foreldrar og stofnuðum dagheimili, Krógasel í Árbæjarhverfi. Borgaryfirvöld töldu þá eins og áður að það væri ekki hlutverk borgarinnar að sjá börnum fyrir leikskólaplássi. Ábyrgðin væri hjá foreldrunum sjálfum og þá ábyrgð öxluðum við. Þessi nýja, sjálfsörugga ég sem gat haldið ræður og jafnvel skrifað greinar var fljótlega gerð að trúnaðarmanni

á vinnustaðnum. Þá fór ég að sækja fundi hjá Starfsmannafélagi ríkisstofnana og var áður en langt um leið beðin um að fara í samninganefnd fyrir skrifstofuhópinn innan BSRB. Við í Rauðsokkahreyfingunni máttum ekki neita, því þá staðfestist það sem um konur var sagt að við vildum ekki axla ábyrgð og neituðum hvers kyns beiðnum um þátttöku í opinberu lífi. Ég varð því að segja já og hef e.t.v. hnykkt til höfðinu um leið til að stappa í mig stálinu. Það var samt freistandi að segja nei. Þetta var mikið starf og erfitt að samræma það vinnu og tveimur litlum börnum, en pabbi þeirra gat þó yfirleitt verið með þau eftir skólatíma. Ég leit á það sem mitt hlutverk í samninganefndinni að bæta kjör kvenna í skrifstofustörfum og átti góða bakhjarla í Rauðsokkahreyfingunni. Tíðarandinn var að breytast, komin var vinstri ríkisstjórn, raddir kvenna voru háværar. Rauðsokkahreyfingin og fleiri höfðu birt kannanir sem sýndu fram á himinhrópandi launamun kynjanna og samningarnir sem þarna voru gerðir bættu kjör kvennastéttanna verulega. Síðar fréttist af því að laun margra karla hefðu verið „leiðrétt“ eftir á milli einstaklinga og fjármálaráðuneytisins, sem var okkar viðsemjandi. Þar var skilningur á því að það væri niðurlægjandi í sumum tilvikum að hafa konurnar svona nálægt sér í launum!

Þegar ég flutti til útlanda 1975 var sjálfhætt störfum í stéttarfélaginu mínu og eftir heimkomuna var ég ekki mjög virk á þeim vettvangi enda komin á kaf í annað.

Nýstárlegar aðgerðir vöktu athygli

En hverfum aftur til upphafsárs Rauðsokkahreyfingarinnar. Þar var starfið komið í fullan gang. Ég tók þátt í leshringjum þar sem við lásum *Hitt kynið* eftir Simone de Beauvoir, *The Feminine Mystique* eftir Betty Friedan, *The Descent of Woman* eftir Elaine Morgan, *Uppruna fjölskyldunnar* eftir Engels og fleiri merkisbækur. Við börðumst gegn fegurðarsamkeppni kvenna, minnugar borðans á Lýsiströtustyttunni: „Manneskja – ekki markaðsvara“, og við vorum með aðgerðir fyrir jólin þar sem öfgafullum jólaundirbúningi sem lagðist þungt á örþreyttar húsmæður var mótmælt – og líka kaupæðinu. Ég fékk í því sambandi það hlutverk að spyrjast fyrir um það innan heilbrigðiskerfisins hvort algengt væri að konur fengju taugaáfall fyrir jólin og þyrftu aðstoð heilbrigðiskerfisins. Nei, var svarið. Ekki algengt, miklu frekar að það gerist við undirbúning fermingarveislnanna.

Allar þessar uppákomur okkar vöktu athygli; baráttuaðferðirnar voru nýstárlegar og þóttu ögrandi. Ófáir hneyksluðust mjög og við vorum hart dæmdar. En þegar kom að baráttunni fyrir rétti kvenna til að ráða yfir eigin líkama færðist fyrst fjör í leikinn. Fóstureyðingar voru bannaðar nema móðirin væri í lífshættu og konum var neitað um ófrjósemisaðgerðir þótt þær væru búnar að fæða fjölda barna og komnar yfir fertugt. Ég var í aðgerðahópnum og man að það þurfti hugrekki til að standa utan við verslanir og dreifa ágætum einblöðungi þar sem við færðum rök fyrir því að konur ættu rétt á að ráða yfir eigin líkama. En sannfæringin um að við værum á réttri leið jók okkur kjark og þor og svo vandist það smátt og smátt að vera ekki hvers manns hugljúfi. Ég man eftir einum kennara mínum úr Kvennaskólanum sem horfði sorgmæddur á mig eins og ég væri farin í hundana, tætti í sundur blaðið sem ég hafði rétt honum og hvæsti á mig. Ég svaraði honum fullum hálsi og mikið var það nú gott og hressandi.

Við höfðum líka gífurlegan styrk hver af annarri og hjálpsemi og stuðningur einkenndu allt okkar innra starf. „Ég kann ekki að skrifa greinar," sagði ég, „og ég get ekki haldið ræðu." „Bull og vitleysa," sagði Vilborg Harðardóttir, þá blaðamaður á *Þjóðviljanum*. „Heldurðu að ég hafi ekki þurft að hafa fyrir því að byrja að skrifa? Þú getur þetta alveg." Og ég komst að því að það gat verið gaman að halda ræður og skrifa greinar; það sem skipti máli var að hafa góðan málstað. Þá var allt hægt. Þegar ég lít til baka finnst mér ég hafa verið mikill þiggjandi í þessum góða félagsskap, en vonandi hef ég samt getað lagt eitthvað jákvætt af mörkum.

Forvitin rauð

Ríkisútvarpið bauð okkur að vera með útvarpsþætti og í kjölfarið hófum við útgáfu blaðs með sama nafni og þættirnir, *Forvitin rauð*. Ég tók þátt í einum útvarpsþættinum og vann við útgáfu þeirra blaða sem komu út á árunum 1972 til 1975. Í starfi mínu á skrifstofu Hjúkrunarskólans vélritaði ég mikið, bæði próf og kennsluefni, og var orðin býsna fljót, og það voru reyndar fleiri konur og við vorum ómissandi í blaðaútgáfunni, eða það fannst mér að minnsta kosti. Ég held að ég hafi aðeins skrifað eina grein í málgagnið okkar, um kjarabaráttu flugfreyja. Hinar í útgáfuhópnum fengu að vélrita smákafla hver, bara til að vélritunin væri sameiginlegt verkefni eins og allt annað. Við vorum reyndar

þeirrar skoðunar að hæfni í vélritun gæti haldið konum niðri í launum og líka möguleikum þeirra á að hækka í tign. Góður vélritari fyrir tíma tölvanna var gulls ígildi en lágt metinn í launatöxtum stéttarfélaganna. Konur sem kunnu ekki vélritun gátu frekar lent í spennandi og fjölbreyttari störfum. Ég var sem sagt í blaðhópi við útgáfu fyrstu blaðanna og þegar ég kom heim aftur eftir tveggja ára búsetu í Edinborg tók ég þátt í útgáfu eins tölublaðs og sá jafnframt um einn nýliðahóp.

Árangur af erfiðinu

Í kjölfar kosninganna 1971 var mynduð ríkisstjórn Framsóknar, Alþýðubandalags og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna. Nú voru ákveðin frumvörp send Rauðsokkahreyfingunni til umsagnar og Vilborg Harðardóttir var skipuð í nefnd til að semja nýtt frumvarp til laga um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Hér verð ég að nefna nöfn Svövu Jakobsdóttur sem sat á þingi frá 1971 til 1979 og Magnúsar Kjartanssonar sem var þingmaður frá 1967 til 1978 og heilbrigðisráðherra 1971 til 1974. Svava vann með okkur innan hreyfingarinnar og málflutningur hennar og tillöguflutningur á alþingi var okkur gríðarlega dýrmætur. Leikrit Svövu og bækur urðu á þessum tíma líka til þess að opna augu fólks fyrir því misrétti sem konur bjuggu við. Magnús Kjartansson tók einnig upp baráttumál hreyfingarinnar og flutti þau inn í þingið, ekki síst eftir að hann varð heilbrigðisráðherra. Þess er líka vert að geta að í *Sunnudagsblaði Þjóðviljans* sem Vilborg Harðardóttir blaðamaður hafði umsjón með var hún með sérstaka kvennasíðu og kallaði í konur, aðallega úr Rauðsokkahreyfingunni, til að sinna henni með sér.



Magnús Kjartansson (1919–1981) var þingmaður Alþýðubandalagsins frá 1967 til 1978 og heilbrigðisráðherra 1971–1974. Hann flutti ýmis baráttumál Rauðsokkahreyfingarinnar inn í þingið og var ásamt Svövu Jakobsdóttur einn traustasti bandamaður hennar á þeim vettvangi.

Við vorum orðnar sýnilegar og tekið var mark á okkur. Árangur af erfiðinu var stöðugt að koma í ljós og það sem mestu máli skipti var að tíðarandinn var að breytast. Ýmislegt sem almennt hafði verið tekið gott og gilt hafði nú verið numið úr gildi eða í það minnsta búið að taka það til rækilegrar endurskoðunar.

Klæðaburður – lífsstíll

Við rauðsokkur vorum sakaðar um að vilja afmá allt kvenlegt. Ég hafði sjálf skipt út flotta flugfreyjubúningnum og var komin í listaverk eftir Guðrúnu Auðunsdóttur, þá miklu og góðu listakonu. Hún sameinaði listræna hæfileika og kvenlegar dyggðir eins og nýtni með því að nota hveitipoka sem hún litaði í gífurlega fallegum litum og sauma upp úr þeim – já, einmitt – mussur! Þessar listaflíkur entust árum saman og eru enn til hjá sumum okkar.

Hvað er kvenlegt? Hver á réttinn á þeirri skilgreiningu? Við sem höfðum sett spurningarmerki við allt tókum að sjálfsögðu líka á þessum málum. Við neituðum einfaldlega að láta tískuheiminn stjórna því hvernig við vorum klæddar. Bæði var það dýrt og óþægilegt. Magabelti, heilu buxurnar úr þykku teygjuefni sem náðu niður á hné, voru mjög í tísku, hvort sem konur voru feitar eða mjóar, litlar eða stórar. Nælonsokkarnir dásamlegu með öllum sínum lykkjuföllum og blöðrubólgum. Pinnahælar í slabbinu, túberað hár, sem þegar best lét leit út eins og heysáta ofan á höfðinu á okkur og ekki má gleyma hárlakkinu sem var nauðsynlegt til að halda greiðslunni í horfinu. Ég var nýkomin úr starfi þar sem mikil áhersla var lögð á útlitið; meira að segja skipti það máli við ráðningu hvort við þættum snoppufríðar, flugfreyjurnar. En úníform okkar rauðsokka laut öðrum lögmálum en flugfreyjudressið, þar

Mussur voru nokkurs konar einkennisbúningur rauðsokka og einn eftirsóttasti hönnuður þeirra var Guðrún Auðunsdóttir. Hér er listakonan sjálf á rauðsokkaárunum, íklædd eigin handverki.

voru þægindin í fyrirrúmi: fótlaga skór og klossar, gallabuxur, síð pils og bómullarbolir að ógleymdum mussunum frægu. Stundum vorum við með slæður, gjarnan litaðar bleyjur barnanna okkar, og svo nenntu sumar að mála sig, aðrar ekki. Allt var leyfilegt og ekki bara hjá okkur í Rauðsokkahreyfingunni; tískan almennt hafði breyst, varð frjálsleg. Hárið fékk að falla frjálslega um herðar og bærðist meira að segja í rokinu. Það var auðvitað fráleitt að við vildum afmá allt kvenlegt. Við höfnuðum einfaldlega ýmsu því sem við töldum eiga þátt í að viðhalda kúgun kvenna. Við vildum ekki að tískukóngar úti í heimi réðu því í hvernig fötum við vorum, eða hvort eða hvernig við máluðum okkur í framan.

Kvennabarátta er stéttabarátta

Ný stefnuyfirlýsing Rauðsokkahreyfingarinnar var samþykkt að Skógum í júní 1974. Þar segir m.a.: „Barátta kvenna fyrir jafnrétti kynjanna verður ekki slitin úr tengslum við baráttu undirokaðra stétta fyrir þjóðfélagslegum jöfnuði, né heldur verður sigur unninn í verkalýðsbaráttunni án virkrar þátttöku kvenna.“[2] Ekki var eining um þessa nýju stefnu og einhverjar konur hættu afskiptum af hreyfingunni, þar á meðal konur sem höfðu verið mjög virkar í starfi. Það var eftirsjá að þeim. En við vorum einfaldlega fleiri sem lögðum áherslu á að nýta þyrfti aðferðir stéttabaráttunnar til að draumurinn um betra samfélag yrði að veruleika, samfélag þar sem allir fengju notið sín og konur væru ekki annars flokks vinnuafl og áhrifalausar í valdastofnunum.

Kvennaáratugur Sameinuðu þjóðanna 1975–1985

Rauðsokkahreyfingin ákvað snemma að nýta sér kvennaárið 1975 til hins ýtrasta. Stjórnvöld voru hvött til dáða en þau tóku seint við sér og óskuðu eftir tilnefningum í sérstaka kvennaársnefnd eftir að kvennaárið var hafið. En Anna Sigurðardóttir, sú stórmerka fræðikona, sem gerð var að heiðursdoktor við Háskóla Íslands röskum áratug síðar, var vakandi. Þegar á fyrsta degi ársins stofnaði hún ásamt tveimur öðrum konum Kvennasögusafn Íslands á heimili sínu á Hjarðarhaga 26. Fyrstu gestir safnsins, hinn 5. janúar, voru fjögurra kvenna hópur frá Rauðsokkahreyfingunni: Björg Einarsdóttir, Lilja Ólafsdóttir, Rannveig Jónsdóttir og undirrituð. Við höfðum verið saman í miðstöð Rauðsokkahreyfingarinnar 1972 til 1973 og vorum þarna komnar til að fara yfir ýmis gögn safnsins sem gætu nýst okkur á kvennaárinu.[3] Seinna þegar ég var að

skrifa ritgerð um kvennablöð á Íslandi fór ég í smiðju til Önnu á Hjarðarhaganum og kom aldeilis ekki að tómum kofanum. Hún fann til bækur og gögn og hvatti mig eindregið til þess að gera lista yfir þau kvennablöð sem hefðu verið gefin út á Íslandi frá upphafi til ársins 1950, en það var það tímabil sem ég var að vinna með. Ég fór að hennar ráðum í hvívetna. Nokkrum árum síðar þegar við Gerður G. Óskarsdóttir vorum að vinna í menntamálaráðuneytinu lögðum við til og fengum stuðning ráðherrans við að Kvennasögusafnið skyldi verða sjálfstæð eining innan Landsbókasafns – Háskólabókasafns. Það var einlægur vilji Önnu, hún vildi síður að safnið tvístraðist. Vonandi hefur þessi tillaga okkar, sem varð að veruleika, sannað gildi sitt.

Láglaunaráðstefnan í Lindarbæ og kvennafrí

Áhersla hreyfingarinnar á launajafnrétti kynjanna og fjárhagslegt sjálfstæði kvenna auk hinnar nýju stefnuyfirlýsingar Skógaráðstefnunnar kallaði á nýjar leiðir í baráttunni og brýndi fyrir okkur nauðsyn þess að fá konur í láglaunastörfum til að vinna með okkur að bættum kjörum. Fyrsta aðgerð Rauðsokkahreyfingarinnar á kvennaárinu var því láglaunaráðstefna sem haldin var í Lindarbæ 26. janúar 1975. Konur úr ASB, félagi afgreiðslustúlkna í brauð- og mjólkurbúðum, Iðju, félagi verksmiðjufólks í Reykjavík, Starfsstúlknafélaginu Sókn og Starfsmannafélagi ríkisstofnana stóðu að ráðstefnunni með okkur. Vilborg Harðardóttir skrifar eftirfarandi í *Þjóðviljann* 28. janúar 1975[4]:

> Margt var óvenjulegt við þessa ráðstefnu, sem var fyrsta skipulagða aðgerð íslenskra kvenna á kvennaári SÞ, og þá ekki síst val framsögumanna, sem að þessu sinni komu ekki úr verkalýðsforystunni eða stjórnmálaheiminum, heldur beint af vinnustöðunum, – allt alþýðukonur sem vinna hörðum höndum, flestar tvöfalt starf, þe. bæði úti á vinnustað sínum og á heimili. Og hafi einhver haldið að konur ættu erfitt með að tjá sig og túlka skoðanir sínar mun sá hinn sami hafa sannfærst um hið gagnstæða. Það er langt síðan jafn einlægar og sterkar lýsingar á kjörum og viðhorfum hafa heyrst á opinberum vettvangi.
>
> Þær sem opnuðu þannig umræðu ráðstefnunnar voru Guðrún Ágústsdóttir, sem er bæði í SFR og Rauðsokkahreyfingunni og setti fundinn, Sigrún Clausen úr Verkalýðsfélagi Akraness, Guðrún Emilsdóttir úr Sókn, Herdís Helgadóttir félagi í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, Ásdís

Guðrún Ágústsdóttir flytur setningarræðuna á láglaunaráðstefnunni í Lindarbæ 26. janúar 1975.

Guðmundsdóttir úr Iðju, Hallveig Einarsdóttir ASB, Ingibjörg Guðmundsdóttir SFR, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir Sókn og Stella Stefánsdóttir úr Verkakvennafélaginu Framsókn.[5]

Mikilvægt þótti að sú okkar sem ávarpaði ráðstefnuna kæmi úr röðum félagskvenna í einhverju áðurnefndra stéttarfélaga og þess vegna varð ég fyrir valinu og fékk að halda setningarræðuna, ekki fyrir mína hönd heldur fyrir hönd okkar í hreyfingunni. Ég var um þessar mundir í samninganefnd fyrir skrifstofuhóp SFR og trúnaðarmaður á vinnustaðnum mínum. Þegar ég var búin að semja ræðuna fór ég með hana upp á Þjóðvilja til Villu sem las hana yfir og gerði e.t.v. einhverjar breytingar en ég man að hún hældi mér og mér fannst hólið gott. Svona unnum við, einstaklingurinn var aukaatriði, heildin og málstaðurinn voru það sem máli skipti.

Þótt ráðstefnan fjallaði um kjör láglaunakvenna höfðum við líka annan boðskap fram að færa sem síðar átti eftir að vekja heimsathygli. Vilborg Harðardóttir

hafði kynnt fyrir okkur í hreyfingunni gögn og upplýsingar um þá ákvörðun Sameinuðu þjóðanna að helga árið 1975 baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna, framförum og friði. Og sú hugmynd hafði komið fram í okkar röðum að allar íslenskar konur legðu niður vinnu til að leggja áherslu á vinnuframlag kvenna í atvinnulífinu og inni á heimilunum. Það kom í minn hlut að varpa þessari hugmynd fram í setningarræðu minni á þessari láglaunaráðstefnu. Þar segi ég m.a.: „Okkur í Rauðsokkahreyfingunni hefur því dottið í hug að allar konur legðu niður vinnu í 1/2 til heilan dag til að sýna fram á að það munar meira en lítið um okkur. Við höfum engar fastmótaðar hugmyndir um þetta, en gaman væri að heyra álit ykkar á þessu.“[6]

Hugmyndin um kvennaverkfall hinn 24. október á degi Sameinuðu þjóðanna var nefnd þarna í fyrsta sinn á opinberum vettvangi í ávarpi mínu. Vilborg Dagbjartsdóttir hafði raunar á stofnfundinum í Norræna húsinu í október 1970 nefnt möguleikann á því að konur legðu niður vinnu til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags kvenna. En hugmyndin um að kvennaverkfall skyldi eiga sér stað á kvennaárinu 1975 kom frá Vilborgu Harðardóttur og ég tel að á engan sé hallað þótt henni sé sérstaklega þakkað.

Ráðstefnan var fjölmenn og heppnaðist í alla staði mjög vel. Þarna mynduðust tengsl við konur í láglaunastörfunum og höfðum við allar af því mikið gagn. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, síðar formaður Starfsmannafélagsins Sóknar, kom þarna fram á sjónarsviðið sem öflugur ræðumaður. Hún var þess vegna sjálfskipuð til að flytja hvatningarræðu á sviðinu á Lækjartorgi 24. október 1975.

Í lok láglaunaráðstefnunnar var borið upp ýtarlegt álit fundarmanna þar sem hugmyndin um kvennaverkfall[7] var m.a. samþykkt samhljóða.[8] Þar með var hugmyndin ekki lengur bara hugmynd, heldur samþykkt borin fram af fjölmennum hópi kvenna í verkalýðsstétt. Þaðan varð ekki aftur snúið. Jafnframt voru í áliti ráðstefnunnar settar fram kröfur um þriggja mánaða fæðingarorlof á fullum launum fyrir allar konur, næg og góð dagvistarheimili fyrir öll börn, samfelldan skóladag og máltíð í hádegi og að sama námskrá gilti fyrir bæði kynin. Launamisrétti kynjanna var gagnrýnt og átalið hve fáar konur sætu í stjórnum og samninganefndum verkalýðsfélaganna. Varað er við bónuskerfinu, sem rannsóknir sýni að valdi andlegri og líkamlegri þreytu og hafi neikvæð félagsleg áhrif. Heimilisstörf verði metin sem starfsreynsla þegar

Mynd á næstu opnu: Hluti fundarmanna á láglaunaráðstefnunni í Lindarbæ 26. janúar 1975.

konur hefji hliðstæð störf á vinnumarkaði. Hvatt er til þess að komið verði á fót námskeiðum, endurhæfingu og fullorðinsfræðslu og að fræðsla um réttindi, skyldur og kjaramál fari fram á vinnustað. Húsnæðismálin eru talin eitt erfiðasta vandamál launafólks og verkalýðshreyfingin er hvött til þess að beita sér fyrir byggingu leiguíbúða og nýta fé lífeyrissjóðanna í því skyni. Í ályktuninni segir enn fremur:

> Konur hafa ævinlega verið fullgildir þátttakendur í þeim störfum, sem unnin eru í landinu. Vinnutími kvenna hefur oft á tíðum verið lengri en vinnutími karla. Sú var reyndin í bændaþjóðfélaginu og ekki síður í dag, þegar stór hluti kvenna skilar hlut sínum í atvinnulífinu jafnframt störfum á heimilunum þar sem barnauppeldi og þjónusta hvílir enn að langmestu leyti á herðum þeirra.[9]

Í þessari ályktun fundarins komu fram flest helstu baráttumál okkar. Þar sést að mínu mati að sú mikla gagnrýni sem við fengum á okkur fyrir að „fyrirlíta heimavinnandi húsmæður“ átti alls ekki við rök að styðjast. Það er tvennt ólíkt að hvetja konur til að verða fjárhagslega sjálfstæðar með því að fara út á vinnumarkaðinn, krefjast betri launa og berjast fyrir nægum og góðum dagheimilum fyrir öll börn og að gera lítið úr heimavinnandi konum. Við lögðum áherslu á að konur ættu val og gætu staðið á eigin fótum. Margar konur treystu sér ekki til að fara úr vonlausu hjónabandi vegna þess að þær áttu ekkert sjálfar og höfðu litla sem enga starfsreynslu. Þetta gilti og gildir ekki síst um konur í ofbeldissamböndum. Aðrar konur urðu einar vegna skilnaðar eða makamissis. Hjónaband átti ekki að vera afkomutrygging, það var í raun boðskapurinn. En það er ekkert skrýtið að reynt væri að snúa út úr okkar róttæka málflutningi.[10]

Pólitísk þátttaka

Vorið 1974 hringdi Svava Jakobsdóttir til mín og vildi fá að heimsækja mig. Við komuna vatt hún sér strax að efninu og spurði hvort ég vildi leggja Alþýðubandalaginu lið með því að taka þar sæti á framboðslista fyrir borgarstjórnarkosningarnar. Ég sagði auðvitað já, var þá búin að kjósa flokkinn einu sinni, í alþingiskosningunum 1971, mæta á nokkra fundi og vildi gjarnan gera gagn. Mig minnir að hún hafi nefnt 14. sæti, sem mér leist ágætlega á, og þegar hún hringdi næsta dag og spurði hvort mér væri sama þótt þetta yrði 7. sæti

sagði ég líka já. Ekki gat ég farið að neita þessari frábæru baráttukonu um mitt liðsinni í flokknum sem ég hafði þá ákveðið fyrir nokkuð löngu að væri eini stjórnmálaflokkurinn sem hefði stefnu sem ég ætti samleið með og sýndi hana í verki.

Ég var svo beðin um að halda ræðu á kosningafundi í sjónvarpinu í beinni útsendingu og sagði við sjálfa mig: Ef ég get þetta þá get ég allt. Ég las upp heimastíl eins og flestir aðrir frambjóðendur og ekkert meira um það að segja. Ég var sett í eina nefnd að kosningum loknum, stjórn Strætisvagna Reykjavíkur, og fannst það frábærlega skemmtilegt. Fjórum árum síðar varð ég formaður þessarar sömu stjórnar þegar vinstri meirihlutinn náði að fella meirihluta Sjálfstæðisflokksins í eftirminnilegum kosningum 1978. Þá fékk Alþýðubandalagið fimm borgarfulltrúa í stað þriggja áður, Alþýðuflokkur einn og Framsókn tvo sem dugði sameiginlega til að mynda meirihluta. Um þetta leyti voru börnin okkar Kristjáns orðin þrjú, Gunnhildur fæddist í október 1977. Ég byrjaði skömmu síðar í öldungadeild Hamrahlíðarskólans og starf mitt innan Rauðsokkahreyfingarinnar fjaraði út. Nýjar, ferskar dugnaðarkonur voru teknar við. Næstu 25 árin var ég svo föst í borgarpólitíkinni.

Það var þátttaka mín í Rauðsokkahreyfingunni sem opnaði mér leið og sjálfstraust til pólitískrar þátttöku.

Kvennaframboð, kvennalisti

Allir sigrar kvenna í baráttunni fyrir frelsun kvenna ryðja brautina fyrir nýja sigra. Þannig höfðu konur með samtakamætti sínum rutt brautina áður en Rauðsokkahreyfingin varð til og gerði okkur kleift að taka við keflinu. Kjör Vigdísar Finnbogadóttur til forseta 1980 markaði tímamót og vakti heimsathygli eins og kvennaverkfallið fimm árum áður. Konur voru vaknaðar til vitundar um stöðu sína og samtakamátt. Það var því í raun eðlilegt næsta skref að margar konur vildu bjóða fram sérstakan lista í pólitískum kosningum. Þegar umræður fóru af stað um kvennaframboð 1982 gengu margar konur sem fylgt höfðu Alþýðubandalaginu að málum til liðs við þá hreyfingu.

Ég fór á fyrstu fundi Kvennaframboðsins en tók ákvörðun um að halda áfram að starfa með Alþýðubandalaginu. Þessi ákvörðun var ekki alveg einföld, en ég vildi ekki aðeins berjast fyrir kvenfrelsi og jafnrétti kynjanna heldur einnig fyrir markmiðum sósíalista um jöfnuð, frelsi og réttlæti. Ári síðar buðu konur fram Kvennalistann í alþingiskosningum og komu að þremur af þeim níu konum

sem þá voru kosnar á þing. Kvennaframboðið var undanfari Kvennalistans, þ.e. hluti kvennaframboðskvenna gekk til liðs við og stofnaði Kvennalistann.

Um þetta leyti hafði Rauðsokkahreyfingin runnið sitt skeið á enda; Sokkholti, félagsmiðstöðinni okkar, var lokað og punktur settur aftan við kvennabaráttuna á þeim vettvangi. Þá myndaðist tómarúm sem Kvennaframboðið gat nýtt sér. Það vakti athygli mína við stofnun Kvennaframboðsins 1982 og eins Kvennalistans 1983 hversu mikilvægt þótti að skera á öll tengsl við rauðsokkana en margar forystukvenna þessara framboða höfðu verið virkar í hreyfingunni. Nú var það hin hagsýna húsmóðir sem hafin var upp til skýjanna og við konurnar sem störfuðum í öðrum flokkum vorum kallaðar karlkonur, hvað svo sem við höfðum verið að gera síðustu tíu–tólf árin í baráttunni fyrir bættum kjörum kvenna. Mér sárnaði, rétt eins og mér sárnar alltaf þegar gert er lítið úr störfum kvenna.

Framkvæmdanefnd um launamál kvenna

Það sem ég hef tekið mér fyrir hendur í lífinu eftir þátttöku mína í Rauðsokkahreyfingunni hefur gjarnan verið eins og í beinu framhaldi af því starfi. Árið 1983 stofnuðum við nokkrar konur samtök sem við nefndum Framkvæmdanefnd um launamál kvenna, í kjölfar ráðstefnu um verkalýðsmál sem haldin var á Seltjarnarnesi. Frumkvöðullinn var þingmaðurinn Jóhanna Sigurðardóttir. Tilgangurinn var að mynda þverpólitísk samtök sem gætu nýst sem bakhjarl kvenna sem stæðu í samningaviðræðum á vegum stéttarfélaganna. Öll helstu verkalýðsfélögin tilnefndu fulltrúa, sömuleiðis kvennasamtökin öll og stjórnmálaflokkarnir.

Fyrsta verkefni nefndarinnar var að safna saman upplýsingum um launamisrétti kynjanna og gefa þær út. Þjóðfélagsfræðingarnir Esther Guðmundsdóttir og Guðrún Sigríður Vilhjálmsdóttir voru fengnar til að taka saman þessar staðreyndir um stöðu kvenna á vinnumarkaði og gefið var út rit með sama heiti 1983 (*Staðreyndir um stöðu kvenna á vinnumarkaðnum*). Nefndin fór nokkrum sinnum inn í „Karphúsið“ til að hitta konur sem stóðu í ströngu í kjarabaráttunni. Mikilvægast var þó að konur sem unnu að kjaramálum ættu sér sameiginlegan vettvang til að skiptast á skoðunum og styrkja hver aðra. Helsta markmið framkvæmdanefndarinnar var að mynda samstöðu meðal kvenna innan raða verkalýðsfélaganna um launajafnrétti kynjanna á vinnumarkaðnum. Jafnframt töldum við að launajafnrétti kynjanna hlyti að vera eitt af sameiginlegum baráttumálum allra stéttarfélaga í landinu.

Framkvæmdanefnd um launamál kvenna, stofnuð 1983. Aftari röð, f.v.: Jóhanna E. Vilhjálmsdóttir, Arndís Steinþórsdóttir, Jónína Leósdóttir, Ásta Thoroddsen, Björg Einarsdóttir, Ragnheiður Ólafsdóttir, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, Vigdís Einarsdóttir, Sigríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Hallgrímsdóttir, Sigurveig Sigurðardóttir, óþekkt, óþekkt, Ragna Bergmann, Guðrún Sigríður Vilhjálmsdóttir, Elín Flygenring, María Pétursdóttir og Guðrún Árnadóttir. Sitjandi f.v.: Esther Guðmundsdóttir, Guðrún Ágústsdóttir, Gerður Steinþórsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, óþekkt, Kristín Tryggvadóttir og Unnur Schram.

Kvennaáratugurinn

Kvennaáratugurinn einkenndist töluvert af þverpólitísku samstarfi kvenna, bæði formlegu og óformlegu. Þetta samstarf hófst með undirbúningi kvennafrídagsins. Baráttusamtök fyrir sjálfsákvörðunarrétti kvenna til löglegrar fóstureyðingar voru stofnuð í lok mars 1975.[11] Frumvarpið sem Vilborg Harðardóttir hafði tekið þátt í að semja náði ekki að verða að lögum áður en ný ríkisstjórn tók við. Sú stjórn skipaði nýja nefnd og þar var Vilborg ekki og raunar engin kona. Þar þótti eldra frumvarpið of róttækt og unnið var að breytingum á því.

Undirbúningsnefnd að stofnun baráttusamtakanna kynnti drög að stefnuskrá á áðurnefndum fundi þar sem m.a. segir: „Markmið samtakanna er að vinna að því að breytingar sem gerðar hafa verið á upphaflegri gerð frumvarps til laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir verði felldar niður.“[12] Á þessum fjölmenna fundi á Hótel Sögu hafði framsögu ungur líffræðinemi, Álfheiður Ingadóttir, sem skömmu áður hafði flutt skeleggt erindi um málefnið í þættinum *Um daginn og veginn* í Ríkisútvarpinu. Segja má að hún hafi verið einn aðalfrumkvöðullinn að stofnun samtakanna. Fulltrúar allra flokka mættu og tóku til máls og árangurinn lét

ekki á sér standa. Eldra frumvarpið varð að lögum, þó með breytingum sem ekki voru til bóta, en dugði samt.

Þarna varð okkur öllum ljóst hve þverpólitískt samstarf gat skilað miklum árangri. Á sama hátt tókst að stofna Samtök um kvennaathvarf 1982, Samtök kvenna á vinnumarkaði urðu til 1983 og sömuleiðis Framkvæmdanefnd um launamál kvenna. Við lok kvennaáratugarins árið 1985 voru því hæg heimatökin að kalla saman hóp kvenna og kanna áhugann á því að halda baráttusamkomu á tíu ára afmæli kvennafrídagsins. Um þessa aðgerð voru þó skiptar skoðanir, en við sem hvöttum til hennar töldum að ný baráttusamkoma kvenna á Lækjartorgi væri mikilvæg til að pétta raðirnar. Giskað var á að um 18 þúsund konur hefðu mætt til fundarins.[13] Fjöldi kvenna gekk svo fylktu liði upp í fokhelt húsnæði Seðlabankans þar sem opnuð var kvennasmiðja sem kvennasamtök og stéttarfélög stóðu að og kynntu þar störf sín í heila viku. Kvennasmiðjan tókst mjög vel og mynduðust langar biðraðir við innganginn. Blaðakonur gáfu út blað á hverjum degi sem bar sama nafn og verkefnið, *Kvennasmiðjan*. Kjörorðið var: „Konan, vinnan, kjörin".[14] Tuttugu og fimm árum síðar, 24. október 2010, gengum við enn og aftur saman til baráttuhátíðar í miðbænum og þá tóku 50 þúsund manns þátt, þrátt fyrir rok og kulda. Að þessu sinni var baráttan gegn kynferðisofbeldi í brennidepli. Konum var kalt, en heitt í hjarta.

Norrænt kvennaþing

Sem fulltrúi í Framkvæmdanefnd um launamál kvenna var ég beðin um að taka þátt í undirbúningi og framkvæmd Norræns kvennaþings í Osló 1988. Alls voru þátttakendur tíu þúsund á þessu stærsta kvennaþingi sem haldið hafði verið á Norðurlöndum, þar af 800 konur frá Íslandi. Margar þeirra voru að fara í fyrsta sinn til útlanda. Þær höfðu ekki átt beint erindi út fyrir landsteinana áður og það skipti máli að mörg stéttarfélög veittu styrki til fararinnar, sem hafði án efa mikil áhrif á hina miklu þátttöku héðan frá Íslandi. Nokkur stéttarfélög hvöttu til þess að vikan sem fór í þingið yrði ekki dregin af sumarleyfisdögum kvennanna. Nú færu konur á ráðstefnu í útlöndum til að styrkja sig og efla og víkka sjóndeildarhringinn eins og margir karlar hefðu margoft gert.

Stéttarfélagskonurnar komu vel undirbúnar og vöktu mikla athygli. Við vestnorrænu þátttakendurnir náðum vel saman á þinginu og greinilegt var að grænlenskar og færeyskar konur gátu vel hugsað sér að við héldum okkar eigið kvennaþing. Þeirri hugmynd var komið á framfæri við Vestnorræna þing-

Yfir fimmtíu BSRB-konur gerðu rífandi lukku á norræna kvennaþinginu í Osló 1988 þegar þær lýstu með revíusniði vinnudegi fjögurra kynslóða íslenskra kvenna. Myndin sýnir atriði úr dagskránni sem Brynja Benediktsdóttir leikstjóri samdi og æfði framan af, en Guðrún Alfreðsdóttir leikari fylgdi hópnum á lokasprettinum.

mannasambandið sem leist vel á hugmyndina. Vestnorræna kvennaþingið var svo haldið á Egilsstöðum 20.–23. ágúst 1992. Ég var framkvæmdastjóri þess með aðsetur á skrifstofu Jafnréttisráðs eins og á Norræna kvennaþinginu fjórum árum fyrr. Sérstakur starfsmaður, Anna Ingólfsdóttir, var ráðinn tímabundið á Egilsstöðum. Hún og aðrar konur á Austurlandi lögðu mikið á sig í undirbúningnum og í skýrslum Vestnorræna ráðsins kemur fram að þingið hafi þótt takast vel. Yfirskrift þingsins var „Vinnumarkaðurinn“ og auk hans var fjallað um menntun og félagslega stöðu kvenna, möguleika þeirra til áhrifa í samfélaginu og um hafið, sjávarútveg og umhverfismál. Um 350 konur frá löndunum þremur komu þarna saman. Þær færeysku, 63 talsins, sigldu með Smyrli til Seyðisfjarðar og þær grænlensku, sem voru 48, komu í flugi.

Bæði þessi kvennaþing voru góð og gagnleg. Tengsl mynduðust og íslenskum konum veitti svo sannarlega ekki af því að opna gluggann til vestnorrænna systra sinna. Þarna komst m.a. á samstarf á milli kvennaathvarfa þessara þriggja landa.

Kvennaathvarfið

Stofnun Kvennaathvarfsins í Reykjavík 1982 var rökrétt framhald af þeirri róttæku kvennabaráttu sem hófst með tilkomu Rauðsokkahreyfingarinnar. Árið 1980 gerðist það á annarri kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn að heimilisofbeldi var í fyrsta skipti viðurkennt sem alvarlegt alþjóðlegt vandamál. Kvennasamtök á Íslandi tóku þátt í umræðunni og settu málið á dagskrá hér á landi. Konur úr ýmsum kvennahreyfingum ásamt þolendum ofbeldis og konum sem kynnst höfðu áhrifum heimilisofbeldis í starfi sínu boðuðu til stofnfundar Samtaka um kvennaathvarf 2. júní 1982.

Markmið samtakanna var að veita konum sem orðið höfðu fyrir heimilisofbeldi og/eða nauðgun tímabundið skjól með börnum sínum og að rjúfa þá þögn sem löngum hefur ríkt um ofbeldi innan fjölskyldu með fræðslu og umræðu. Barnahópur Kvennaathvarfs tók þátt í stofnun neyðarsíma fyrir börn og unglinga í samvinnu við hús Rauða kross Íslands og sami hópur ásamt ráðgjafarhópi Kvennaathvarfs um nauðgunarmál gekk til samstarfs við vinnuhóp gegn sifjaspellum og stofnaði Stígamót, miðstöð gegn kynferðislegu ofbeldi, hinn 8. mars 1990.[15] Stofnun Kvennaathvarfsins og Stígamóta er gott dæmi um ávöxt róttækrar kvennabaráttu og hverju samtakamáttur kvenna getur áorkað.

Árið 1991 var ég ráðin í hálft starf sem fræðslu- og kynningarfulltrúi Samtaka um kvennaathvarf og fá störf hafa skipt mig meira máli. Á árum mínum hjá athvarfinu kynntist ég frábærum starfssystrum en líka fórnarlömbum alvarlegasta birtingarforms kvennakúgunar. Þar á meðal voru margar hetjur og sögur sumra þeirra gátum við sagt – með þeirra leyfi, að sjálfsögðu – í blaðinu okkar, *Tilveru*, sem ég ritstýrði á starfstíð minni. *Tilvera* var fréttabréf Samtaka um kvennaathvarf og kom út nokkrum sinnum á ári. Blaðið fengu meðlimir í samtökunum, fjölmiðlar og ýmsar opinberar stofnanir, ráðuneyti og sveitarfélög. Þá var ég líka í hálfu starfi við að undirbúa Vestnorrænt kvennaþing, með starfsaðstöðu á skrifstofu Jafnréttisráðs.

Á milli kvennaþinganna tveggja eða frá hausti 1988 til vors 1991 var ég aðstoðarmaður menntamálaráðherra og vann þá með vinkonu minni úr Rauðsokkahreyfingunni, Gerði G. Óskarsdóttur, sem ráðin var sérstakur ráðgjafi í skólamálum. Í menntamálaráðuneytinu tókst að hrinda í framkvæmd ýmsum áherslumálum sem áttu rætur að rekja til þeirra hugsjóna sem við höfðum lagt rækt við frá því í Rauðsokkahreyfingunni. Þar má t.a.m. nefna ný lög um leikskóla. Kvennasögusafnið var gert að sjálfstæðri einingu í Landsbókasafninu eins og áður var nefnt. Einnig má geta þess að í ráðuneytinu var tekin upp sú regla að við tilnefningu í trúnaðarstöður væri skylt að nefna bæði karl og konu. Það skilaði heilmiklum árangri. Samstarfsnefnd aðstoðarmanna þriggja ráðuneyta: mennta-, fjármála- og félagsmálaráðuneytis, kom m.a. að stofnun Stígamóta 1990.

Reykjavíkurlistinn

Árið 1994 var ég komin á kaf í kosningabaráttu Reykjavíkurlistans, sem myndaður hafði verið fyrir borgarstjórnarkosningarnar. Reykjavíkurlistinn vann

kosningarnar og ég kvaddi vinnuna í Kvennaathvarfinu því starfið að borgarmálunum var fullt starf. Þarna vorum við þrjár rauðsokkur komnar í borgarráð: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri, Guðrún Ögmundsdóttir, formaður félagsmálaráðs, og ég var forseti borgarstjórnar og formaður skipulagsnefndar.

Margt jákvætt gerðist hjá borginni á þessum árum; þar ber hæst að bylting varð í leikskólamálum borgarinnar, konum í yfirstjórn borgarinnar fjölgaði gríðarlega og launamunur kynjanna minnkaði til muna. Þetta var árangursríkur tími með öflugu fólki.

Ég er amma mín

Reykjavíkurlistinn hélt meirihlutanum í kosningunum 1998. Þar með hófst enn eitt kjörtímabil mitt í borgarstjórn. Ég varð forseti borgarstjórnar og formaður skipulagsnefndar til ársins 1999.

Þá urðu þáttaskil í lífi mínu. Þegar síðari eiginmanni mínum, Svavari Gestssyni, bauðst að flytja til Winnipeg árið 1999 og taka að sér að sjá um hátíðahöld í Kanada vegna landafundaafmælisins árið 2000 og 125 ára afmælis íslenska landnámsins í Norður-Ameríku ákváðum við að venda okkar kvæði í kross. Eftir 25 ár í borgarmálunum fannst mér kominn tími til að gera eitthvað annað. Við vorum tvö ár í Kanada og nutum þess í ríkum mæli að kynnast hinu merka samfélagi í Vesturheimi. Ég dembdi mér á kaf í vinnuna með Svavari, mér til skemmtunar og fróðleiks, og sé ekki eftir því. Næsta stoppistöð var Svíþjóð þar sem Svavar gegndi stöðu sendiherra og við vorum þar í rúm fjögur ár. Þann tíma fékkst ég við ýmislegt gagnlegt og skemmtilegt, en þegar ég sendi sænskukennaranum stíl sem hét „Ég er amma mín“ var það vegna þess að mér fannst ég vera komin í stöðu sem minnti helst á stöðu hennar á árum áður. Ávallt viðbúin að taka á móti gestum, skella sér í spariföt, jafnvel íslenskan búning, og æða í næsta boð og vera viðstödd ýmsa viðburði, langoftast í hlutverki eiginkonu. Og stundum spilaði ég á píanó. Var ég að hverfa?

Þegar starf eiginmannsins bar okkur til Danmerkur langaði mig að láta langþráðan draum um háskólanám rætast og skráði mig í Hróarskelduháskóla. Ég lauk þaðan BS-prófi í félagsvísindum og landfræði og elti uppi alla kúrsa sem völ var á í kynjafræðum. Lokaritgerðin fjallaði um mismunandi ferðamynstur kynjanna.

Í Kaupmannahöfn eru Íslendingar fjölmennir og frábær aðstaða í Jónshúsi fyrir félags- og menningarstarf. Við tókum okkur saman nokkrar og skipulögð-

um fund 8. mars 2006, á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, sem síðan hefur verið árlegur viðburður þar. Sem sagt: Rauðsokkahreyfingin og vinnubrögðin sem ég lærði þar hafa fylgt mér alla tíð, heima og heiman.

Að breyta tíðarandanum

Markmiðið með þátttöku minni í baráttunni fyrir kvenfrelsi var alls ekki að kvennabaráttukonur yrðu settar á stall og þeim þakkað, heldur að næstu kynslóðir kvenna gætu tekið unnum sigrum sem sjálfsögðum hlut og haldið áfram að sækja á. Verkefnin eru því miður næg og ný bætast stöðugt við, ekki síst eftir nýfrjálshyggjuna sem fór eins og logi yfir akur. Nýjar kynslóðir kvenna þurfa að þekkja söguna til að sjá líf sitt í stóru samhengi, sem aftur gerir þeim kleift að vinna nauðsynlega sigra og vera viðbúnar þegar ekki miðar áfram heldur jafnvel aftur á bak. Þá þarf heildarsýn og þrek til að halda aftur af stað. Ég lít á mig sem einstaka gæfumanneskju og hluti af gæfu minni er að hafa á réttu og mikilvægu augnabliki átt þess kost að horfa gagnrýnum augum á samfélagið, greina vanda kvenna og taka þátt í að breyta tíðarandanum með öðrum konum.

Morgunverk

Fyrst átti ég að sópa eldhúsdyrahlaðið
og vera búin að því þegar mjólkurpósturinn kæmi
klukkan rúmlega sjö
Laufið lá í haugum á hverjum morgni
þetta var óvenju mollulegt haust
fúaþefinn lagði úr rotnandi laufdyngjunum
Eina nóttina kom stormur
þakplöturnar skröltu og trén lömdust um
í æðisgenginni kvöl
Ég skalf af hræðslu
en þorði ekki að kveikja ljósið
nágrannarnir voru vísir til þess
að semja frið við frúna
bara til þess að geta kjaftað því
að vinnukonan léti ljósið loga á nóttunni
Um morguninn fékk ég ríkulega umbun
fyrir skelfingar næturinnar
tré nágrannans hafði stráð fagurgulum
fullþroska plómum yfir hlaðið
ég tíndi þær í kengúruvasann á svuntunni minni
og faldi þær undir afþurrkunarklútnum

Kvöldið eftir bað ég Drottin um rok
í næturhúminu lá ég andvaka
og heyrði kulið vagga greinum plómutrésins
– örlítið hvassara Drottinn minn góður –
bað ég auðmjúk
Hvenær hefur himnafaðirinn skeytt um morgunsult fátæklings?

Enda kom mér ekki í hug að dekstra karlinn
heldur lét ég það verða mitt fyrsta verk í morgunsárið
að reka sópinn upp í plómutréð
þar sem það slútti yfir vegginn
– ekki samdi Drottinn Jave boðorðin
handa þjónum vinnukonum eða kvenfólki yfirleitt
þau gerði hann einungis handa húsbændunum
þess vegna rauf ég enga sætt
þegar ég hristi niður plómurnar
Nú þurfti ég ekki að bíða angistarfull
eftir naumum leifunum þess

Ég stóð í eldhúsdyrunum
og hlustaði á stráksleg blístur
vinar míns
svartþrastarins
sem tíndi reyniber úti í garðinum
meðan ég át gómsætar
plómur nágrannans
og hló
að komandi degi.

Í RAUÐSOKKAHREYFINGUNNI

GUÐRÚN FRIÐGEIRSDÓTTIR

Mér er minnisstætt hvenær ég lét fyrst í mér heyra um óréttláta stöðu kvenna í þjóðfélaginu. Það var árið 1947. Ég var þá 17 ára, í Menntaskólanum á Akureyri. Á málfundi nemenda var umræðuefnið: Eiga stelpur að ganga í menntaskóla? Langflestir fundarmenn voru karlkyns, flestir jafnaldrar mínir. Ég hafði aldrei áður haldið ræðu. Hjartað barðist í brjósti mér þegar ég gekk upp að ræðustólnum á sal en ég gat ekki látið vera. Mér ofbauð bæði fundarefnið og málflutningur skólabræðra minna. Ræðan var stutt, ég titraði og skalf og man ekki lengur hvernig ég hagaði orðum mínum eða hvernig þeim var tekið.

Á uppvaxtarárum mínum á Húsavík var enginn, hvorki karl né kona, sem ég gæti með nokkurri vissu talið að hefði verið áhrifavaldur um lífsviðhorf mín eða verið mér einhvers konar fyrirmynd, en líklega hefur staða móður minnar, Iðunnar Jónsdóttur, sem varð tuttugu og níu ára ekkja með tvö smábörn á framfæri í kreppunni miklu milli 1930 og 1940, markað óafmáanleg spor í barnssálina. Eignalaus, ein og óstudd barðist hún áfram árum saman og vann við hvað sem var, myrkranna á milli, ef hægt var að fá vinnu. Atvinnuleysi var þá, eins og nú á tímum, einn af verstu fylgifiskum kreppunnar. Það var móðir mín sem útskýrði fyrir mér þegar ég var barn að aldri hve mikill bölvaldur atvinnuleysi væri. Ekki varð það heldur til að létta henni róðurinn að laun verkakvenna voru á þessum árum næstum helmingi lægri en laun verkamanna.

Af einskærri tilviljun fékk ég tækifæri til að taka inntökupróf í Menntaskólann á Akureyri þegar ég var 14 ára og aðallega vegna stefnufestu minnar varð það að veruleika að ég fór í menntaskóla. Það breytti allri framtíð minni. Aðeins

Guðrún fimm ára með móður sinni, Iðunni Jónsdóttur, og bróður sínum, Eyvindi Garðari Friðgeirssyni.

ein stúlka frá Húsavík hafði lokið stúdentsprófi þegar þarna var komið sögu, frænka mín, dóttir prestsins. Enginn aðstoðaði mig fyrir þetta próf, ég hafði engar bækur til að lesa og vissi ekkert í hvaða greinum ég ætti að taka próf. Allt var þetta tilviljunarkennt og ég var mjög efins um að ég næði prófinu. En mig langaði til að halda áfram að ganga í skóla. Í barnaskólanum hafði mér alltaf gengið vel og mér fannst gaman að læra.

Forsjónin hagaði því svo þannig til að frá því um tvítugsaldur dvaldist ég rúmlega sautján ár erlendis, fyrst í Noregi en lengst af í Danmörku. Á þeim árum mótuðust lífsviðhorf mín verulega og mér varð æ ljósara það óréttlæti sem stúlkur og konur urðu að þola. Reyndar hafði ég orðið áþreifanlega vör við misréttið þegar ég var í menntaskóla því að það var til dæmis engin leið fyrir mig að fá nærri eins hátt kaup á sumrin og bekkjarbræður mínir. Það kom sér illa þar sem ég kostaði skólagöngu mína að mestu leyti sjálf, og vegna fjárskorts varð ég að lesa tvo bekki utanskóla. Ég átti ekkert heimili á menntaskólaárunum, bjó í heimavist og útvegaði mér vinnu sjálf á sumrin. Tvö sumur var ég í kaupavinnu, eitt á talstöð í síldarverksmiðju. Mamma hafði leyst upp heimilið á Húsavík og flust til Reykjavíkur því að bróðir minn, einu ári eldri en ég, var berklasjúklingur á Vífilsstaðahæli og hún vildi búa nær honum. Hvorki bækur né útvarp voru til á bernskuheimili mínu.

Eftir að ég fór að fylgjast með umræðunni um kvenfrelsismál í Danmörku á sjöunda áratugnum sá ég margt í mun skýrara ljósi. Nýjar áherslur og baráttuaðferðir fylgdu hinum ýmsu frelsishreyfingum sem þá voru víða að ryðja sér til rúms í okkar heimshluta. Þeim fjölgaði stöðugt sem gerðu sér grein fyrir hróplegu misrétti kynjanna í samfélaginu, að konur væru alls staðar sniðgengnar og þeim fyrst og fremst ætlað að þjóna karlmönnum. Valdaleysi kvenna varð æ greinilegra eftir því sem konum fjölgaði á vinnumarkaði og launamunur kynjanna var verulegur.

Nám og störf í Danmörku

Síðasta árið í menntaskóla hafði ég fengið áhuga á uppeldisfræði og lesið það sem ég náði í um þau efni. Það var ekki mikið, en ég man þó eftir bókinni *Barn á virkum degi* eftir Åse Gruda Skard sem ég las í efsta bekknum og skömmu síðar komst ég í dönsk blöð hjá færeyskri konu sem ég kynntist. Í þeim var talsvert fjallað um barnauppeldi.

Stuttu eftir að ég kom til Danmerkur heyrði ég af skóla í Kaupmannahöfn sem talinn var standa mjög framarlega í menntun leikskólakennara. Hann hét Kursus for Småbørnspædagoger. Ég hugsaði sem svo að líklega væri ágætt fyrir mig að fara í þennan skóla, fá starfsréttindi og bæta síðan við mig menntun síðar. Stúdentspróf var ekki inntökuskilyrði en tæplega helmingur nemendanna hafði það þó. Ég lauk námi leikskólakennara á tveimur og hálfu ári og það var bæði áhugavert og gagnlegt. Þarna voru vel menntaðir úrvalskennarar og í skólanum eignaðist ég eina bestu vinkonu sem ég hef átt um dagana og sú vinátta hefur haldist alla tíð.

Síðan vann ég nokkur ár í Danmörku, fyrst í leikskólum og síðar tvö ár á háskólasjúkrahúsi í Risskov rétt hjá Árósum á Jótlandi við meðferð barna með geðræn vandamál. Það var góður vinnustaður og starfið lærdómsríkt.

Námið og starfsreynslan í Danmörku áttu eftir að koma sér vel seinna í Rauðsokkahreyfingunni þegar við fórum að berjast fyrir fleiri og betri leikskólum, sem voru þá almennt kallaðir barnaheimili, dagheimili eða dagvistarheimili. Svo var að heyra á almenningsálitinu að það væri algjört örþrifaráð að koma barni sínu fyrir á slíkri stofnun, en lítil hætta var raunar á að það gerðist því að barnaheimili voru mjög fá og önnuðu alls ekki eftirspurn. Konur sem hentust snemma á morgnana í kulda og myrkri með börnin sín á barnaheimili og létu þau dúsa þar á daginn, eins og sagt var, voru ekki hátt skrifaðar. Ég

fékk stundum ónotalegar athugasemdir fyrir viðhorf mín til leikskólauppeldis. Ríkjandi viðhorf hér á landi voru þá að mæður ættu að vera heima hjá börnum sínum, það væri öllum börnum fyrir bestu og slíkt gerðu góðar mæður.

Fáfræði um þroskaferil barna og uppeldisfræði var áberandi hér á landi þegar Rauðsokkahreyfingin hóf göngu sína enda voru þá bækur og tímarit fyrir almenning um þessi efni sjaldséð hér. Barnabækur fyrir yngstu börnin voru varla til í verslunum og góð leikföng fyrir smábörn vandfundin. Hér voru fáir sálfræðingar starfandi og því miður máttu skoðanir þeirra sín ekki mikils í samfélaginu. Lætur nærri að sumir þeirra væru ofsóttir fyrir að láta í ljós gagnrýni og halda því fram að breytinga væri þörf, til dæmis á aðbúnaði bágstaddra barna sem fóstruð voru á vistheimilum. Eins og komið hefur í ljós á undanförnum árum hefði betur verið gefinn gaumur að orðum þeirra og rekstur þessara heimila tekinn til rækilegrar athugunar. Margt hefur breyst síðan og hugsunarhátturinn og viðhorfin í þjóðfélaginu sem rauðsokkur mættu í baráttunni fyrir fleiri og betri barnaheimilum (leikskólum) og betri uppeldisaðstæðum fyrir börn á árunum í kringum 1970 hljóma ótrúlega nú fjörutíu árum síðar.

Ósanngjörn gagnrýni

Gagnrýnin á baráttu okkar var ósanngjörn því að við vildum fyrst og fremst koma til móts við þarfir litlu barnanna og mæðra þeirra með vönduðum leikskólum í takt við tímann en ekki bara geymslustöðum fyrir börn eins og leikskólar eða dagheimili voru þá oft kölluð í umræðunni. Það var líka ósanngjarnt gagnvart þeim sem þá störfuðu á leikskólum.

Við héldum því aldrei fram að leikskólinn ætti að koma í staðinn fyrir uppeldi foreldra á heimilum, heldur ætti leikskólauppeldi að vera viðbót við uppeldið á heimilinu og heimili og leikskóli ættu að starfa saman. Það væru sjálfsagðar kröfur í nútímasamfélagi. Við héldum því heldur aldrei fram að öllum mæðrum bæri skylda til að vinna utan heimilis eins og stundum var sagt um okkur. Við börðumst fyrir frelsi kvenna til að velja sér það starf sem þær höfðu menntað sig til eða óskuðu sér að vinna við, rétt eins og karlar gerðu.

Eitt sinn vorið 1970 var stödd heima hjá mér menntaskólastúlka sem sagðist hafa verið á dagheimili frá því hún var tveggja ára og þangað til hún fór að ganga í skóla. Mamma hennar varð ekkja með tvö smábörn. „Hvernig fannst þér það?“ spurði ég hana. Svarið var á þessa leið: „Ég skil ekki hvers vegna fólk

kennir alltaf í brjósti um börn sem eru á dagheimilum. Við höfðum það alltaf gott og skemmtilegt og ég er viss um að mömmur gefa sér yfirleitt ekki tíma til að gera jafn mikið fyrir börnin sín og fóstrurnar á dagheimilinu gerðu fyrir okkur.“

Félagsleg þjónusta var ekki í neinu samræmi við þarfir fjölskyldunnar og atvinnuveganna þegar hér var komið sögu. Það ríkti ákveðin stöðnun í þjóðfélaginu á mörgum sviðum. Í opinberri umræðu var, sem fyrr segir, ríkjandi skoðun að óæskilegt væri að hafa börn í leikskóla.

Algengt var að talað væri um störf kvenna eins og eitthvert aukaatriði sem ekki skipti máli. Í fyrsta sinn sem ég fór í viðtal vegna umsóknar um kennslustarf var ég spurð hvort ég ætti börn og hvað þau væru gömul. Maðurinn minn var aftur á móti ekki spurður slíkrar spurningar þegar hann sótti um starf.

Viðhorfin til leikskólauppeldis í Danmörku voru á þessum tíma allt önnur enda varð mikil þróun og talsverðar framfarir þar í menntunarmálum á sjötta og sjöunda áratugnum.

Margt kom á óvart

Eftir áralanga búsetu í Danmörku var margt sem kom mér óþægilega á óvart eftir heimkomuna 1968. Húsnæðismálin voru erfið, húsaleiga há og óöryggið sem fólst í því að vera leigjandi á Íslandi var þrúgandi. Við hjónin, líkt og margir aðrir, vorum blátt áfram rekin út í að reyna að eignast eigið húsnæði löngu áður en við höfðum efni á að fjármagna það og meðan börnin okkar voru enn lítil og þurftu hvað mest á tíma okkar og umhyggju að halda. Þetta hefur víst lítið breyst enn þann dag í dag. Í Danmörku voru flestir hins vegar á leigumarkaði og þar voru í gildi lög sem vernduðu leigjendur svo lengi sem þeir greiddu húsaleigu á réttum tíma og skemmdu ekki húsnæðið.

Skólamálin voru annar höfuðverkur. Grunnskólinn á Íslandi virtist að ýmsu leyti á eftir því sem tíðkaðist í Kaupmannahöfn og tvískipting hans sem og tilfinnanlegur skortur á leikskólum og dagheimilum bitnaði illa á konum. Einn nemendahópur kom í skólann á morgnana og annar eftir hádegi, og einhver varð að vera heima til að taka á móti börnunum þegar þau komu heim og koma þeim af stað í skólann bæði fyrir og eftir hádegi.

Kennsluaðferðirnar voru í meira lagi gamaldags. Nemendum var til dæmis úthlutað listum með spurningum og svörum til að læra utan að og sífellt var verið að halda próf. Dóttir okkar var ellefu ára þegar hún kom til Íslands og hafði

gengið í danskan skóla frá sex ára aldri en aldrei tekið próf. Handavinnukennslan var ótrúlega stöðnuð. Allir nemendur voru látnir prjóna það sama, ekkert val. Algengt var, ef ekki algengast, að mömmurnar gerðu handavinnuna heima fyrir dæturnar. Nemendurnir voru áhugalausir. Í handavinnu var kynskipting. Strákar voru í smíðakennslu en stelpur gátu ekki fengið að vera þar. Ég er ekki í vafa um að ég fékk mun betri handavinnukennslu á árum síðari heimsstyrjaldarinnar í barnaskólanum á Húsavík.

Það kom okkur á óvart hvað allir kunningjar okkar og vinir hér heima voru önnum kafnir í vinnu alla daga, seint og snemma. En ekki leið á löngu þar til staða okkar beggja var orðin svipuð. Við heimkomuna lentum við í einni af hinum vel þekktu efnahagslægðum í íslensku þjóðfélagi í lok sjöunda áratugarins, eða efnahagskreppum eins og sumir kalla þær. Satt best að segja var ég enn ekki komin yfir „menningarsjokkið“ eftir heimkomuna þegar Rauðsokkahreyfinguna rak á fjörur mínar 1970. Ég tók henni fagnandi, fékk ögrandi og skemmtileg viðfangsefni og vináttan og samstaðan í hreyfingunni voru mér líka mikils virði.

Nýjar frelsishreyfingar og 1. maí 1970

Á síðustu Danmerkurárum mínum komst ég ekki hjá því að verða fyrir miklum áhrifum af nýju hreyfingunum sem fóru eins og eldur í sinu um Skandinavíu. Margar dugandi konur í Danmörku fóru að skrifa um kvenfrelsismál á sjöunda áratugnum á nýjan hátt og af miklum krafti og létu á sér bera með ýmsu móti. Ég fagnaði nýju kvennahreyfingunni. Það var heldur ekkert nýtt að ég hefði áhuga á þjóðfélagsmálum og kannski var tilfinningin eins og ég hefði lengi beðið eftir að þetta gerðist. Dagblöðin voru full af greinum um mannréttindahreyfingar víða um lönd og mest var skrifað um kvennahreyfinguna, fannst mér. Bókum af ýmsu tagi um kúgun kvenna og baráttu þeirra fyrr og nú fjölgaði mjög og ekki má gleyma söngvunum, hressilegum, skemmtilegum baráttusöngvum sem konur sungu og voru gefnir út á plötum sem bárust víða, líka hingað til lands.

Ég gleypti í mig hverja bókina á fætur annarri og las blaðagreinar um kúgun kvenna. Mér fannst ég sjálf vera ein af þessum kúguðu konum sem sagt var frá. Mig hafði lengi langað til að komast burt frá ofbeldi, ófrelsi og fjárhagslegum vandræðum. Ég var gift kona og tveggja barna móðir en átti enga fjölskyldu að. En einn daginn kynntist ég Stefáni Briem, ljúfum og traustum manni sem var við nám í Kaupmannahafnarháskóla, og tveimur árum síðar eignaðist ég nýtt

Vilborg Dagbjartsdóttir boðaði Guðrúnu á fund í Norræna húsinu í apríl 1970 og hreif hana þannig inn í upptaktinn að Rauðsokkahreyfingunni. Á þessari mynd, sem tekin var í júní sama ár, gerir Vilborg sig líklega til að ráðast til inngöngu á karlaklósettið í Hljómskálagarðinum til þess að mótmæla því að karlar notuðu salernið frítt en konur þyrftu að borga fyrir sína aðstöðu.

líf með honum. Hinu fyrra lífi mínu var lokið. Tveimur árum eftir okkar fyrsta fund giftum við Stefán okkur og eignuðumst tvo syni á næstu árum svo að draumur minn um að eignast fleiri börn rættist líka.

Síðast í apríl 1970, tveimur árum eftir að við fluttumst aftur til Íslands, hringdi Vilborg Dagbjartsdóttir til mín og boðaði mig á fund í Norræna húsinu. Þetta var fyrsti rauðsokkafundurinn sem ég fór á, hreyfingin hafði ekki enn verið stofnuð. Fundurinn var haldinn í kjallara Norræna hússins sem enn var ekki að fullu innréttaður og þar ýmist stóðum við eða sátum á gólfinu, tuttugu og átta konur á mismunandi aldri, líklega þó flestar milli tvítugs og fertugs. Ég man eftir fáeinum þeirra, Bríeti Héðinsdóttur, Eddu Óskarsdóttur, Hildi Hákonardóttur og Hólmfríði K. Gunnarsdóttur fyrir utan Vilborgu. Sterkur baráttuandi hafði borist hingað frá öðrum löndum og íslenskar konur tóku fljótt við sér. Andrúmsloftið á þessum fundi var til marks um það; þarna voru konur sem verið höfðu í viðbragðsstöðu, albúnar að kasta sér út í kvennabaráttu, og

mikill hugur og kátína voru ríkjandi. Sumar konurnar voru þegar búnar að fá sér rauða sokka eða rauðar sokkabuxur. Rætt var um undirbúning fyrir 1. maí-göngu verkalýðsins í Reykjavík sem var framundan.

Í hádegisútvarpinu 1. maí hljómaði svo auglýsingin: „Konur í rauðum sokkum! Komið í 1. maí-gönguna.“ Í göngunni vorum við allar komnar í rauða sokka og gengum niður Laugaveg með risastóra styttu af bústinni konu úr frauðplasti, sem gerð hafði verið fyrir sýningu Herranætur á gríska leikritinu *Lýsiströtu* og fengin að láni hjá Brynju Benediktsdóttur leikstjóra. Á borða sem festur var utan um styttuna stóð: „Manneskja – ekki markaðsvara“ með stórum, greinilegum bókstöfum. Þessi skilaboð skiptu alltaf meginmáli í baráttu okkar fyrir vitundarvakningu kvenna. Þetta var fyrsta aðgerðin til að vekja athygli á málstað okkar og hún var í meira lagi ögrandi og eftirminnileg. Önnur vígorð sem ég man eftir úr þessari göngu voru: „Vaknaðu kona“ og „Kona! Nýttu mannréttindi þín“. Við höfðum ekki fengið leyfi til að taka þátt í göngunni og einhverjir reyndu árangurslaust að ýta okkur út úr henni.

Enga okkar grunaði víst þá að konur á Íslandi ættu innan fárra ára eftir að halda fjölmennasta útifund sem nokkurn tíma hafði verið haldinn á landinu og bar hróður íslenskrar kvennabaráttu langt út fyrir landsteinana svo að eftir var tekið víða um heim.

Næsti fundur þessarar hreyfingar, sem enn var þá nafnlaus og óformleg, var haldinn í Þjóðleikhúskjallaranum sama vor. Ég komst ekki á fundinn, man ekki glöggt hvers vegna en margt var að gerast í lífi mínu á þessu tímabili, til dæmis var ég að ljúka BA-námi og gekk með yngsta barnið mitt af fjórum; átti fyrir tvo unglinga og eitt tveggja ára. Maðurinn minn var lítið heima vegna mikillar vinnu. Barnið kom í heiminn 19. nóvember og ég frestaði námslokum um eina önn, en eftir jólin réð ég til mín barnfóstru fjóra tíma á dag. Hún reyndist okkur vel og ég gat einbeitt mér að náminu og lauk því um vorið. Þá fórum við að byggja okkur raðhús í Skerjafirði, að nokkru leyti með eigin handafli eins og sagt var.

Ég fylgdist þó með Rauðsokkahreyfingunni eins og ég gat en litlu börnin mín höfðu forgang svo að ég tók ekki mikinn þátt í hópstarfi fyrstu misserin eftir að hún var formlega stofnuð en reyndi að mæta á fundi og ráðstefnur þegar ég gat. Fyrsti hópurinn sem ég starfaði í var leikskólahópurinn. Þar var gaman að taka til hendi með hinum konunum og í kjölfarið tóku við önnur verkefni tengd hópstarfinu. Seinna var ég til dæmis beðin að koma og segja frá dönskum

Á annað hundrað manns sótti sameiginlega ráðstefnu rauðsokka og Fóstrufélags Íslands um dagheimilismál og forskólafræðslu í Lindarbæ 23. febrúar 1975. Þar var Guðrún Friðgeirsdóttir meðal frummælenda. Myndin sýnir hluta fundarmanna.

leikskólum í öðrum hópi sem fundaði í Hamragörðum. Ég talaði líka á fundi sem Rauðsokkahreyfingin gekkst fyrir í Norræna húsinu í byrjun áttunda áratugarins um barnaheimilismál eins og þau voru þá kölluð. Í ársbyrjun 1972 fluttu rauðsokkur nokkra útvarpsþætti um margvísleg þjóðfélagsmál sem höfðu verið á dagskrá hjá okkur í starfshópunum og var einn þeirra um leikskólauppeldi og brýna þörf fyrir fleiri og betri leikskóla og dagheimili á landinu öllu. Þar fjallaði ég sérstaklega um leikskóla og dagheimili sem veita börnum þroskandi uppeldisaðstæður og hafa samstarf við foreldra.

Ég man eftir að hafa tekið þátt í að fara yfir kennslubækur með tilliti til þess hvernig hefðbundin hlutverkaskipting kynjanna var greinilega innrætt í þeim, jafnt í námsefni fyrir framhaldsskóla og grunnskóla. Enn fremur skrifaði ég um leikskóla í blaðið okkar *Forvitin rauð*[1] og ég var stundum beðin að tala um leikskólauppeldi í öðrum hópum, en ég skrifaði aldrei neitt hjá mér um þessi störf svo að umfang þeirra og einstakir fundir eru fallin í gleymskunnar dá.

Minnisstæð aðgerð

Ein aðgerð sem ég tók þátt í í febrúar 1975 festist mér þó sérlega vel í minni, ekki síst vegna þess að árangur hennar hafði líklega bein áhrif á atvinnu mikils fjölda kvenna á vinnumarkaðnum. Með henni áttum við þátt í að gera að engu áform dansks hreingerningafélags um að leggja undir sig hreingerningar á stofnunum í Reykjavík og markaðsvæða þær í gróðaskyni eins og þekktist í

útlöndum. Við vorum aðeins þrjár í þessum hóp, Rannveig Jónsdóttir og Erla Ársælsdóttir auk mín. Rannveig átti frumkvæðið að aðgerðinni og var potturinn og pannan í henni.

Seint í nóvember 1974 birtist auglýsing í *Þjóðviljanum* frá Det Danske Rengörings Selskab a.s.[2] sem auglýsti eftir lager- og skrifstofuhúsnæði og framkvæmdastjóra, en þá þegar, 10. nóvember, höfðu samningar um hreingerningar verið undirritaðir fyrir hönd Verkamannasambands Íslands og hins danska verktakafélags, með fyrirvara um samþykki félaga. Samkvæmt samningnum átti danska verktakafyrirtækið að taka við rekstri hreingerninga á stofnunum í Reykjavík. Slík verktakasamtök þrælskipuleggja og tímamæla hvert handtak og hverja hreyfingu upp á brot úr sekúndu í þeim tilgangi að fá sem mesta vinnu út úr starfsmönnum. Reynslan frá öðrum löndum hefur sýnt að þegar verktakafélög af þessu tagi taka að sér rekstur hreingerninga eykst vinnuhraði, vinnuskilyrði versna og samskipti fólks á vinnustað sömuleiðis. Roskið fólk getur ekki til lengdar haldið sama vinnuhraða og neyðist til að hætta störfum. Hér á landi voru einmitt margar rosknar konur við ræstingar og þær áttu oft ekki völ á annarri vinnu.

Við fórum vandlega yfir samninginn og stöldruðum allra fyrst við upphaf hans, sem hljóðaði svo:

> Á meðan þessi samningur er í gildi, má enginn þeirra, sem undirrita hann eða þeir, sem hjá þeim eru ráðnir eða félagsmenn, hvorki einn og einn né fleiri saman reyna með nokkrum hætti, ljóst né leynt, að vinna gegn ákvæðum hans eða knýja fram neinar breytingar á honum.[3]

Við skrifuðum blaðagrein þar sem við bentum á margt í samningnum máli okkar til stuðnings og lýstum þeirri skoðun okkar að Íslendingar væru einfærir um að sjá um hreingerningar sínar. Full ástæða væri til að staldra við og spyrja í þágu hverra þessi samningur væri gerður og hvort ef til vill væri von á fleiri slíkum samningum með verkalýðsforystuna í fararbroddi. Blaðagreinin birtist m.a. í *Þjóðviljanum* í febrúar 1975[4] undir fyrirsögninni: „Um samninginn við Danska hreingerningafélagið h.f.: Í þágu hverra?“ Einnig skrifuðu konur úr Verkakvennafélaginu Sókn blaðagreinar um þetta mál. Niðurstaðan varð sú að samningurinn gekk aldrei í gildi, hreingerningafélagið fékk ekki rekstrarleyfi og málið lognaðist út af. Margir þökkuðu okkur fyrir framtakið og mörgum

árum síðar viðurkenndi Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Dagsbrúnar, að rauðsokkur hefðu stöðvað þetta mál.

Kvennafrídagurinn 24. október 1975

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna lýsti því yfir 18. desember 1972 að á árinu 1975 skyldi sérstaklega unnið að málefnum kvenna. Kjörorð kvennaárs Sameinuðu þjóðanna var: Jafnrétti – framþróun – friður.

Á fyrri hluta árs 1974 mynduðu nokkur fjölmenn kvennasamtök á Íslandi nefndir til að undirbúa kvennaárið hérlendis. Fyrst í stað störfuðu þessar nefndir hver um sig en mynduðu síðan saman eina samstarfsnefnd.[5]

Í maí 1975 skipaði forsætisráðuneytið sérstaka kvennaársnefnd.[6] Í henni sátu fulltrúar frá Kvenfélagasambandi Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands, Rauðsokkahreyfingunni, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Kvenstúdentafélagi Íslands, Félagi háskólakvenna, Félagi Sameinuðu þjóðanna og Menningar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna. Þrír fulltrúar voru skipaðir án tilnefningar, þær Þóra Þorleifsdóttir, Margrét S. Einarsdóttir og Guðrún Erlendsdóttir, sem var formaður nefndarinnar. Kvennaársnefndin átti í samráði við ríkisstjórnina að sjá um framkvæmd þeirra tillagna sem samstarfsnefnd um kvennaár Sameinuðu þjóðanna hafði komið sér saman um, og auk þess átti hún að kanna stöðu kvenna í íslensku þjóðfélagi. Skýrsla nefndarinnar um það efni kom út árið 1977 hjá forsætisráðuneytinu.[7]

Samstarfsnefndin ákvað að halda aðalráðstefnu ársins 20.–21. júní á Hótel Loftleiðum og mættu þar um þrjú hundruð manns víða af landinu.[8]

Hugmyndin um kvennaverkfall hafði komið til umræðu á ráðstefnu sem Rauðsokkahreyfingin og verkakvennafélög héldu um kjör láglaunakvenna 26. janúar 1975. Reyndar hafði þessi hugmynd þegar komið fram í Rauðsokkahreyfingunni árið 1970 og líka síðar. Nokkur umræða varð um hvort orðið ætti að nota, kvennafrí eða verkfall, en kvennafrí varð á endanum ofan á og reyndist það að mínum dómi vera skynsamleg ákvörðun. Verkfall er sterkasta vopn verkalýðshreyfingarinnar og vekur allt öðruvísi hughrif en frí. Hugsanlegt var að skilaboðin með þessum fundi yrðu lögð út á þann veg að hann væri haldinn í þágu flokkspólitískra afla, en mikil áhersla hafði alltaf verið lögð á það í okkar hópi að leggja alla flokkapólitík til hliðar. Þar að auki var körlum leyfilegt að ganga í störf kvenna á kvennafrídaginn svo að verkfall kom ekki til greina við nánari athugun, til dæmis gagnvart atvinnurekendum.

Á kvennaráðstefnunni á Loftleiðahótelinu í júní 1975. Guðrún Friðgeirsdóttir ofanvert við miðja mynd (í ljósri blússu), henni á hægri hönd situr Guðrún Ágústsdóttir og á þá vinstri Vilborg Sigurðardóttir.

Hugmyndin fékk fyrst fullan stuðning nokkuð breiðs hóps kvenna víða að úr þjóðfélaginu og með mismunandi pólitískar skoðanir á Loftleiðaráðstefnunni. Þar var borin upp svohljóðandi tillaga: „Kvennaráðstefnan, haldin dagana 20. og 21. júní 1975 í Reykjavík, skorar á konur að taka sér frí frá störfum á degi Sameinuðu þjóðanna 24. október næstkomandi til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags síns.“ Konurnar sem báru fram tillöguna voru átta: Bessí Jóhannsdóttir, Björg Einarsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Gerður Steinþórsdóttir, Lilja Ólafsdóttir, Sigríður Friðriksdóttir, Valborg Bentsdóttir og Þorbjörg Jónsdóttir.[9] Tillagan var borin upp seint á fundartímanum og var þá farið að fækka á fundinum. Aðeins 100 konur greiddu atkvæði. Tillagan var samþykkt með 72 atkvæðum en 28 greiddu atkvæði á móti.[10]

Konurnar átta mynduðu bráðabirgðastarfshóp ásamt fulltrúa frá Rauðsokkahreyfingunni í ágúst en Þorbjörg Jónsdóttir fór skömmu síðar til útlanda og í hennar stað kom Þuríður Magnúsdóttir. Fyrsta verk hópsins var að senda bréf til allra stéttarfélaga, kvenfélaga og annarra áhuga- og hagsmunahópa og samtaka kvenna og bjóða þeim að senda fulltrúa í víðtæka samstarfsnefnd um kvennafrí.[11] Undirtektir voru strax góðar.

Á fundi sem haldinn var 11. september í Hamragörðum kom fram að kannanir sem höfðu verið gerðar á nokkrum fjölmennum vinnustöðum sýndu að 80–100% kvenna myndu leggja niður vinnu á kvennafrídegi ef af honum yrði.[12]

Skipulagningin

Hinn 15. september, á framhaldsfundi í Norræna húsinu, stofnuðu fulltrúar um það bil fimmtíu félaga og samtaka í Reykjavík og nágrenni samstarfsnefnd um framkvæmd kvennafrís 24. október. Síðan var tíu manna framkvæmdanefnd skipuð og fimm starfshópar með alls um áttatíu konum til að vinna að sérstökum verkefnum. Í hverjum starfshópi voru tveir oddamenn sem líka sátu í framkvæmdanefndinni. Hóparnir voru: kynningarhópur, fjölmiðlahópur, fjáröflunarhópur, landsbyggðarhópur og dagskrárhópur.[13] Þetta skipulag reyndist afar heilladrjúgt. Öll skipulagningin miðaði markvisst að því að höfða til allra hópa kvenna í þjóðfélaginu um allt land og strax í upphafi var ákveðið að leggja til hliðar mál sem ekki næðist samkomulag um. Þetta átti að vera þverpólitísk aðgerð og það gekk eftir. Kerfið virkaði frábærlega vel þótt verkefnin sem starfshópunum fimm var ætlað að sinna væru gríðarmörg og tíminn stuttur. Vinnan var mikil og margvísleg og allt sjálfboðavinna.

Kynningarhópurinn sá um að útbúa kynningarbréf undir yfirskriftinni: „Hvers vegna kvennafrí?“ sem sent var um allt land fyrir fundinn og dreift á vinnustaði og víðar auk þess sem því var dreift á sjálfum fundinum 24. október. Í þessu dreifibréfi, sem prentað var í 47.000 eintökum, er greint frá ástæðunum að baki þeirri áskorun að konur tækju sér frí frá störfum á degi Sameinuðu þjóðanna 24. október 1975.[14] Hópurinn sá einnig um gerð límmiða með merki kvennaársins sem framleiddir voru í 25.000 eintökum í kynningar- og fjáröflunarskyni. Einnig var prentað veggspjald í 6.000 eintökum með mynd af Vatnsberanum eftir Ásmund Sveinsson myndhöggvara. Á því stóð: „Stöndum saman 24. október“.[15]

DREIFIBRÉFIÐ

Hvers vegna kvennafrí?

Kvennaráðstefnan, haldin dagana 20. og 21. júní 1975, í Reykjavík, skorar á konur að taka sér frí frá störfum á degi Sameinuðu þjóðanna 24. október n.k. til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags síns.

Hvers vegna er tillaga sem þessi borin fram og samþykkt á ráðstefnu, þar sem saman voru komnar konur á öllum aldri, úr öllum stjórnmálaflokkum?

Ástæðurnar eru margar, en hér eru nokkrar:

- Vegna þess að vanti starfsmann til illa launaðra og lítils metinna starfa, er auglýst eftir konu.
  Vegna þess að meðallaun kvenna við verslunar- og skrifstofustörf eru aðeins 73% af meðallaunum karla við sömu störf.
- Vegna þess að engin kona á sæti í aðalsamninganefnd Alþýðusambands Íslands.
- Vegna þess að mismunur á meðaltekjum verkakvenna og verkakarla er kr. 30.000 á mánuði.
- Vegna þess að bændakonur eru ekki fullgildir aðilar að samtökum stéttar sinnar.
- Vegna þess að algengt svar er, þegar spurt er um starf konu, sem gegnir húsmóðurstarfi „hún gerir ekki neitt – hún er bara heima."
- Vegna þess að til eru menn með ákvörðunarvald um stofnun dagvistarheimila fyrir börn, sem telja þau aðeins til að auka á leti kvenna.
- Vegna þess að vinnuframlag kvenna í búrekstri er metið til kr. 175.000 á ári.
- Vegna þess að kynferði umsækjenda ræður oft meiru um stöðuveitingu en menntun og hæfni.
- Vegna þess að starfsreynsla húsmóður er einskis metin á vinnumarkaðinum.

Sameiginleg niðurstaða er sú, að framlag kvenna til samfélagsins sé lítils virt.

Sýnum okkur sjálfum og öðrum, hve mikilvægt framlag okkar er, með því að leggja niður vinnu 24. október.

Sameinumst um að gera daginn að eftirminnilegum baráttu- og sameiningardegi *undir kjörorðum kvennaárs Sameinuðu þjóðanna:*

JAFNRÉTTI – FRAMÞRÓUN – FRIÐUR[16]

Fjáröflunarhópurinn tók við styrkjum og fjárframlögum sem bárust frá félögum, samtökum og stofnunum víða á landinu og aflaði fjár á annan hátt, t.d. með sölu áðurnefndra veggspjalda og límmerkja sem voru límd út um allt. Öllum

Starfshópar undirbúa kvennafrídaginn 24. október 1975. Réttsælis kringum borðið: Ásdís Guðmundsdóttir, Björk Thomsen, Þuríður Magnúsdóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Gerður Steinþórsdóttir, Erna Ragnarsdóttir, Valborg Bentsdóttir og Elísabet Gunnarsdóttir.

Við borðsendann sitja (f.v.) Ásthildur Ólafsdóttir, Vilborg Harðardóttir og Guðrún Friðgeirsdóttir, en nöfn hinna kvennanna eru óþekkt.

útgjöldum var haldið í lágmarki, sérstaklega auglýsingakostnaði, en útvarpið og dagblöðin fjölluðu mikið um kvennafrídaginn. Bæði *Þjóðviljinn* og *Morgunblaðið* höfðu allt árið 1975 vikulega síðu um jafnréttismál.[17]

Landsbyggðarhópurinn sendi bréf til allra kvenfélaga og stéttarfélaga á landinu og hvatti þau til að undirbúa í heimabyggðum sínum fundahöld og aðrar uppákomur eða samkomur í sambandi við kvennafrídaginn. Verkalýðshreyfingin veitti hugmyndinni um kvennafrí strax stuðning og eftirtektarvert er að

fyrsti fjárhagslegi stuðningurinn barst frá Verkakvennafélaginu Sókn. Líklega hafa Sóknarkonur verið meðal lægstlaunuðu kvenna á landinu þá.

Dagskrárhópurinn undirbjó útifundinn á Lækjartorgi, dagskrá og framkvæmd hennar.

Fjölmiðlahópurinn, stundum kallaður „pressuhópur", sendi frá sér fréttatilkynningu í lok september um kvennafríið.[18] Auk útvarps, sjónvarps og dagblaðanna sex var fréttatilkynningin send til byggðablaða og fulltrúa erlendra fréttastofnana á Íslandi. Þar var greint frá stofnun samstarfsnefndarinnar, sagt frá könnunum á vinnustöðum, fjárframlögum og öðrum stuðningi. Hópurinn sinnti einnig viðtölum sem útlendir blaðamenn óskuðu eftir en á þessum tíma voru margir blaðamenn komnir til Íslands í tilefni af útfærslu landhelginnar 15. október 1975 úr 50 í 200 sjómílur.

Fjölmiðlahópurinn kom fyrst saman 30. september og fór Gerður Steinþórsdóttir fyrir honum ásamt Margréti S. Einarsdóttur. Báðar sátu þær einnig í framkvæmdanefnd. Ég var fulltrúi Félags menntaskólakennara í fjölmiðlahópnum. Góður andi ríkti og hópurinn náði vel saman. Eftir situr í minningunni mikið annríki flesta daga og öll kvöld, sérstaklega síðustu vikuna, eftir því sem tími okkar leyfði frá skyldustörfum heima og heiman. Eftir kvennafrídaginn sátum við svo nokkrar úr hópnum á laugardögum við að klippa og líma inn í stóra úrklippubók allt prentað efni um kvennafrídaginn sem við mögulega gátum náð í úr blöðum og tímaritum, innlendum og erlendum, bæði frá undirbúningnum og sjálfum kvennafrídeginum. Þetta verk tók nokkra mánuði. Úrklippubókin var afhent Kvennasögusafninu á fundi sem Framkvæmdanefnd kvennafrísins efndi til á Hótel Sögu 28. mars 1976.[19]

24. október nálgast

Í Menntaskólanum við Hamrahlíð (MH), þar sem ég var kennari, var ekki mikið talað um kvennafrídaginn en þó ákváðu skólayfirvöld að Rannveig Jónsdóttir kennari og rauðsokka héldi ræðu þar á Miðgarði, hátíðarsal skólans, fyrir hádegi á kvennafrídaginn og síðan gengju nemendur og kennarar saman niður á Lækjartorg þar sem almennur útifundur átti að hefjast kl. 2 e.h. Síðustu vikurnar var ég sjaldan heima hjá mér á kvöldin. Maðurinn minn gætti bús og barna í fjarveru minni og kvartaði aldrei. Síðustu dagana fyrir þennan merkilega dag átti ég svolítið erfitt með að einbeita mér að kennslunni enda dagarnir viðburðaríkir og æsandi. Frá vinum í Kaupmannahöfn hafði ég fengið senda

hljómplötu með fjörugum og skemmtilegum baráttusöngvum kvenna. Ég tók hana með mér upp í skóla einn daginn rétt fyrir kvennafrídaginn og spilaði hana í lok kennslustundar við mikla hrifningu nemenda og hélt áfram með hana í frímínútunum. Á augabragði fylltist kennslustofan af öðrum nemendum sem höfðu runnið á hljóðið. Dyrnar stóðu opnar og kennari gekk fram hjá og sagði við mig um leið: „Ef þú værir kennari í öðru landi yrðirðu rekin.“ Ég lét sem ekkert væri.

Síðustu vikuna fyrir kvennafrídaginn komu margir erlendir blaðamenn til landsins, einkum frá Skandinavíu. Þeim var bent á að fara á Hallveigarstaði til að leita upplýsinga. Kvenréttindafélagið hafði lánað húsnæði sitt þar fyrir undirbúning að kvennafrídeginum, sem var ómetanleg hjálp, og þar héldum við okkur nokkrar úr fjölmiðlahópnum. Við okkur voru tekin viðtöl á dönsku, norsku og sænsku og fáeinir blaðamenn komu einnig frá enskumælandi löndum. Þarna var oft mikið annríki síðdegis þegar stóri dagurinn nálgaðist. Á þeim tíma voru blaðamennirnir farnir að trúa því að þessi kvennafrídagur sem þeir höfðu heyrt um yrði að veruleika. Lengi vel hafði þeim þótt það fjarstæðukennt. Nú lá þeim öllum á að koma sem fyrst með fréttina. Þarna komu líka tveir danskir sjónvarpsmenn og báðu mig um nokkurra mínútna viðtal í danska ríkissjónvarpið. Ég talaði meðal annars um það mikla óréttlæti sem fólst í að senda verkakonur í frystihúsum heim þegar ekki barst afli að landi en karlarnir fengu áfram vinnu. Konurnar voru varavinnuafl fyrir atvinnurekandann. Það var skemmtilegt að fá seinna póstkort með hamingjuóskum frá vinum í Danmörku sem höfðu séð mig í sjónvarpinu.

Fjölmiðlahópurinn hélt blaðamannafund 16. október í Hamragörðum[20] og við þóttum mjög bjartsýnar þegar við lýstum því yfir þar að útifundurinn yrði sá fjölmennasti sem haldinn hefði verið á Íslandi. Allt benti þó til þess að svo yrði, kannanir, viðbrögðin á landsbyggðinni og jákvæð viðbrögð almennt. Mér datt þó aldrei í hug að fundurinn myndi vekja jafn mikla athygli í útlöndum eins og raun bar vitni.

Daginn fyrir kvennafrídaginn var ég nýkomin heim um hádegið og í þann veginn að setjast við matarborðið með börnunum mínum þegar síminn byrjaði að hringja og hann hringdi svo að segja stanslaust í meira en tvo klukkutíma. Þetta voru útlendir blaðamenn, flestir frá Skandinavíu, sem þyrsti í fréttir af hinum fyrirhugaða viðburði. Unnur Jónsdóttir hringdi líka rétt eftir hádegið og sagði að brýnt væri að við héldum fréttamannafund fyrir útlendinga sem fyrst,

því að margir erlendir blaðamenn væru komnir til landsins. Ég hringdi í Gerði og við ákváðum að halda slíkan fund um kvöldið en enginn tími vannst til að undirbúa neitt. Á fundinn, sem haldinn var á Hallveigarstöðum 23. október[21], mættu 19 erlendir blaðamenn, flestir frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Við Gerður svöruðum spurningum þeirra sem best við gátum, Gerður á ensku en ég á dönsku. Þótt fundinn hafi borið brátt að gekk hann stórslysalaust.

Hinn 24. október reis ég snemma úr rekkju því að ég átti mörg verk fyrir höndum áður en fundurinn á Lækjartorgi hæfist klukkan tvö. Von var á danskri blaðakonu heim til mín í morgunkaffi. Hún var reyndar búin að hafa viðtal við mig, sem síðar birtist í danska kvennablaðinu *Alt for damerne*[22], en hún vildi taka myndir og tala meira við mig. En tími minn var naumur því að ég vildi hlusta á ræðu Rannveigar í MH. Þar biðu líka litlu synir mínir og pabbi þeirra til að taka þátt í göngunni með mér niður á Lækjartorg ásamt langflestum kennurum og nemendum skólans.

Blaðakonan kom ekki í morgunkaffið en þegar ég kom upp í skóla var hún mætt þar og tók myndir. Eftir að hafa hlustað á ræðu Rannveigar, sem var vel tekið, gengum við fylktu liði niður að Lækjartorgi í mildu og lygnu haustveðri. Því er ekki að neita að innra með mér var ég spennt og svolítið óróleg vegna óvissunnar um hvernig fundurinn myndi takast. Fréttir voru farnar að berast um að víða hefði vinnustöðum verið lokað og atvinnulífið væri að lamast. Allur miðbærinn var að fyllast af konum.

Við stóðum uppi á sviðsvagni sem komið hafði verið fyrir á miðju Lækjartorgi, fáeinar rauðsokkur ásamt nokkrum þekktum leikkonum sem röðuðu sér fremst í fámennum söngflokki. Þarna var líka píanó og Agnes Löve píanóleikari. Við höfðum verið heima hjá henni kvöldið áður að æfa baráttusöngvana sem átti að syngja á fundinum. Leikkonurnar höfðu æft þá áður og þeir heyrðust í morgunútvarpinu þennan dag. Meðan við biðum þess að fólkið safnaðist saman á torginu og klukkan yrði tvö horfði ég yfir mannfjöldann, allan þennan ótrúlega fjölda kvenna sem liðaðist niður Bankastrætið og fyllti út í Lækjargötuna, Hverfisgötuna og Lækjartorgið. Margar þeirra báru spjöld með áletrunum, til dæmis: „Fleiri dagheimili“, „Jafnrétti, framþróun, friður“, „Kvennafrí – hvað svo?“. Á torginu sjálfu var mannfjöldinn hvað þéttastur. Aldrei hafði ég séð svo margar konur samankomnar. Þetta er sú stund sem ég man best frá kvennafrídeginum. Geðshræringin gagntók mig þar sem ég stóð, einhvers konar blanda af gleði, hamingju, létti eða feginleik og kannski undrun

hríslaðist um mig. Ég hafði ekki búist við þessum ósköpum þrátt fyrir miklar væntingar um góða þátttöku. Þetta var næstum yfirþyrmandi. Fundurinn hófst á slaginu klukkan tvö. Þegar röðin kom að okkur í dagskránni hófum við upp raust okkar, rauðsokkurnar og leikkonurnar. Söngurinn gekk ekki alveg hnökralaust, en hver hugsaði um það á þessum hamingjudegi?

KVENNAFRÍ 24. OKTÓBER 1975

FUNDUR Á LÆKJARTORGI

Dagskráin hefst kl. 2 á Lækjartorgi. Fundarstjóri: Guðrún Erlendsdóttir.

* Lúðrasveit kvenna leikur.
* Fundur settur.
* Ávarp: Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir verkakona.
* Fjöldasöngur undir stjórn Guðrúnar A. Símonar óperusöngvara.
* Alþingismannahvatning: Sigurlaug Bjarnadóttir og Svava Jakobsdóttir.
* Þáttur Kvenréttindafélags Íslands.
* Ávarp: Björg Einarsdóttir verslunarmaður.
* Fjöldasöngur: Hvers vegna kvennafrí? Ljóð Valborgar Bentsdóttur í tilefni dagsins.
* Ávarp: Ásthildur Ólafsdóttir húsmóðir.
* Kvennakrónika í þríliðu. Tekið hafa saman Anna Sigurðardóttir, Sigríður Thorlacius og Valborg Bentsdóttir. Flytjendur: Anna Kristín Arngrímsdóttir, Briet Héðinsdóttir, Helga Bachmann, Sigríður Hagalín og Sigurður Karlsson. Stjórnandi: Herdís Þorvaldsdóttir.
* Baráttudagskrá rauðsokka.
* Fjöldasöngur.
* Fundi slitið.
* Lúðrasveitin leikur í fundarlok.

OPIÐ HÚS

Orðið er frjálst — Áhugafólk skemmtir — Kaffi og öl

* Norræna húsið við Hringbraut. Opið kl. 15 til 19.
* Sokkholt, heimili rauðsokka, Skólavörðustíg 12. Opið kl. 10—19.
* Félagsheimili prentara, Hverfisgötu 21. Opið kl. 10—19.
* Lindarbær, Lindargötu 9. Opið kl. 15—19.
* Hótel Saga, Súlnasalur. Opið kl. 15—19.
* Hallveigarstaðir v/Túngötu. Opið kl. 10—19.
* Húsmæðrafélag Reykjavíkur, Baldursgötu 9. Opið kl. 15—19.

Framkvæmdanefnd um kvennafrí.

KONUR! STÖNDUM SAMAN!

Blaðaúrklippa með dagskrá útifundarins á kvennafrídaginn 24. október 1975.

Þegar fundi var slitið stóðum við saman við sviðsvagninn um stund, svo skildi leiðir. Sumar fóru í opnu húsin að syngja og skemmta konunum sem komu þangað til að fá sér kaffisopa og spjalla um fundinn, aðrar eitthvert annað. Ég fór á Hallveigarstaði til að halda áfram að þýða yfir á íslensku spurningar erlendu fréttamannanna til íslenskra kvenna sem voru í forystu fyrir stéttarfélögum sínum og snúa svörunum yfir á dönsku eða norsku svo að fréttamennirnir skildu þau og gætu skrifað um þá stórviðburði sem voru að gerast á Íslandi. Viðtölin voru mörg. Þetta var skemmtilegt starf og ég gaf mér ekki tíma til að fá mér kaffibolla það sem eftir var dagsins, þvílíkt var annríkið, og ekkert hafði ég borðað frá því um morguninn. Vitaskuld náði ég ekki heldur að komast í opið hús og sjá eða heyra neitt af því sem var í boði af skemmtun og menningu.

Komið var kvöld. Ég gekk ein míns liðs upp í Sokkholt til að hitta vinkonur mínar. Þar var margt um manninn og mikill glaumur og gleði. Við sungum og fögnuðum saman þeim stórkostlega sigri sem dagurinn hafði fært öllum íslenskum konum.

Við sem þarna vorum höfðum lagt fram skerf til þessa góða árangurs en mikill fjöldi annarra kvenna um allt land átti þar auðvitað líka stóran hlut að máli. Allt hafði gengið upp. Við stóðum saman, íslenskar konur, í einn dag. Það var einstakt. Margar konur komu í Sokkholt þetta kvöld og stemmningin var ógleymanleg. Talið er að um 30 þúsund manns hafi mætt á fundinn[23] og að um 90% kvenna á landinu hafi lagt niður störf þennan dag.[24]

Bls. 342–344: Svipmyndir frá göngu og útifundi á Lækjartorgi á kvennafrídaginn, 24. október 1975. Að ofan: Göngufólk streymir niður Laugaveg

Leikararnir Sigurður Karlsson, Sigríður Hagalín, Anna Kristín Arngrímsdóttir og Herdís Þorvaldsdóttir flytja *Kvennakróniku í príliði*.

Guðrún Á. Símonar söngkona skemmtir ásamt rauðsokkakór.

Mannfjöldi í Lækjargötu og Bakarabrekku.

Ásthildur Ólafsdóttir húsmóðir flytur ræðu.

Mynd á næstu síðu: Fundargestir á Lækjartorgi.

Rauðsokkar og leikkonur sameinast í baráttusöng.

Kvennafrídagur – hvað svo?

Yfirlýstu markmiði með kvennafrídeginum var náð: að sýna fram á að vinnuframlag kvenna skipti máli. Satt best að segja sannaðist það svo að ekki varð um villst að framlag þeirra væri svo þýðingarmikið að þjóðfélagið lamaðist ef þær hyrfu af vettvangi. Óhætt er að fullyrða að aðgerðin hafi heppnast vel og margvísleg áhrif kvennafrídagsins eru líka hafin yfir allan vafa.

Eftir kvennafrídaginn spurðu margir sjálfa sig og aðra: „Kvennafrídagur og hvað svo?“ Var ekki hægt að virkja áfram alla þessa orku og áhuga kvenna sem leystist úr læðingi í sambandi við kvennafrídaginn? Svarið reyndist vera neitandi. Eftir kvennafrídaginn virtist ekki vera jarðvegur fyrir áframhaldandi samstarf þeirra sem að honum stóðu, eins og margar konur höfðu vonað. Eftir fundinn sögðu mér konur í öðrum hópum en mínum að samstarfið milli hópa og einstaklinga innan þeirra hefði ekki alltaf verið upp á það besta meðan á undirbúningnum stóð enda þótt samkomulag hefði verið gert um að leggja til hliðar mál sem ekki var unnt að verða sammála um. Þótt aðgerðin væri þverpólitísk kom bæði pólitískur og persónulegur ágreiningur upp í samstarfinu og eftir kvennafrídaginn taldi kvennafrísnefndin ekki að þverpólitískt samstarf um jafnréttismál væri mögulegt í náinni framtíð.[25] Í fjölmiðlahópnum varð ég hins vegar aldrei vör við neitt annað en gott samkomulag og ég á eingöngu góðar og jákvæðar minningar frá því starfi, bæði undirbúningnum og sjálfum kvennafrídeginum.

Árið 1974 hafði verið haldin ráðstefna á Skógum undir Eyjafjöllum dagana 15.–17. júní á vegum Rauðsokkahreyfingarinnar og þá urðu ákveðin þáttaskil í hreyfingunni. Á ráðstefnunni var lögð fram tillaga um stefnuyfirlýsingu þar sem fullyrt var að heyja yrði „baráttu kvenna fyrir frelsi og jafnrétti með vopnum stéttabaráttu“ og að barátta kvenna fyrir jafnrétti kynjanna yrði „ekki slitin úr tengslum við baráttu undirokaðra stétta fyrir þjóðfélagslegum jöfnuði“. Annað sem stóð í þessari stefnuyfirlýsingu var ekki nýtt fyrir rauðsokkum. En hér var öðruvísi en áður kveðið að orði í hreyfingunni og það kom í ljós að einhverjar konur sem höfðu starfað í henni lengi sættu sig ekki við þessa áherslubreytingu og spenna ríkti á fundinum þegar hér var komið sögu. Mér fannst ekki vera þörf á breyttri stefnu og við vorum nokkrar sem töluðum á móti henni. En Vilborg Sigurðardóttir segir í ágætri grein um Rauðsokkahreyfinguna árið 2001 að margar konur í hreyfingunni hafi verið farnar að finna fyrir því að ákveðin málefni væru ekki rædd vegna mismunandi flokkstengsla kvenna innan hennar.

Ég varð ekki vör við þetta en því er við að bæta að ég var ekki meðal þeirra sem mest störfuðu og mest áhrif höfðu. Farið var að fækka á ráðstefnunni þegar tillagan var borin undir atkvæði. Svo fór að hún var samþykkt með 25 atkvæðum gegn fimm en þrjár sátu hjá.[26]

Eins og Vilborg Sigurðardóttir segir í áðurnefndri grein sinni var engin launung á því að mörg baráttumál okkar voru af svipuðu tagi og vinstri flokkar hafa yfirleitt á stefnuskrá sinni. En í grein sem Bjarni Ólafsson skrifaði árið 1971 segir hann að rauðsokkur láti „ekki negla sig niður pólitískt".[27] Það var von mín.

Rauðsokkahreyfingin hélt eftir sem áður áfram að starfa að merkilegum verkefnum. Meðal þeirra var láglaunaráðstefna í febrúar 1975 með verkakonum, sem haldin var í Lindarbæ. Þar voru góðar og gagnlegar umræður og nokkrar verkakonur tóku til máls. Eftirminnilegastar urðu mér ræður Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur og Guðrúnar Emilsdóttur. Á boðstólum var ljúffeng kjötsúpa sem nokkrar konur úr hreyfingunni höfðu búið til handa okkur öllum. Mikið líf var yfir þessari ráðstefnu og hún tókst í alla staði vel. Hreyfingin tók líka þátt í fundi á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars með öðrum kvennasamtökum, júníráðstefnunni á Loftleiðahótelinu með öllum kvennasamtökum á landinu og svo kvennafrídeginum 24. október 1975 eins og áður hefur komið fram. Ráðstefnan á Skógum lenti líklega eitthvað í skugga af kvennafrídeginum í nokkra mánuði meðan á undirbúningi hans stóð.

Framhaldsnám og ritstörf

Á árunum eftir kvennafrídaginn tók ég minni þátt í Rauðsokkahreyfingunni en áður, aðallega vegna þess að ég fór að huga að framhaldsnámi erlendis og þurfti að búa mig undir það með því að bæta við mig menntun hér heima áður en ég hélt utan. Á áttunda áratugnum kenndi ég danskar nútímabókmenntir í tvö ár í dönskudeild Háskóla Íslands en sneri mér síðan meira að uppeldisfræði sem varð vinsæl valgrein í MH.

Við Stefán fengum námsleyfi í eitt ár og fórum með litlu syni okkar, sem þá voru sjö og tíu ára, til Edmonton í Kanada í framhaldsnám 1978–79. Stefán fór í nám í tölvunarfræði og ég í uppeldissálfræði á mastersstigi en gat ekki lokið því á einu ári. Fjórum árum síðar fór ég ein til Kanada og lauk náminu. Þá fór ég til British Columbia við vesturströndina og stundaði nám við University of British Columbia (UBC) í Vancouver. Þetta var erfið ákvörðun en allt gekk að

óskum. Stefán kom og dvaldist hjá mér í 3 mánuði og ég fór heim í jólafrí. Í borginni bjuggu ættingjar mínir, sem ég þekkti lítillega. Tveir afabræður mínir höfðu flust til Kanada skömmu fyrir aldamótin 1900 og þessir ættingjar mínir voru afkomendur annars þeirra. Þeir tóku mér opnum örmum og studdu mig á margvíslegan hátt, sérstaklega fyrstu vikurnar. Mér líkaði námið í UBC vel.

Eftir að ég kom heim að loknu námi 1984 hélt ég áfram að kenna í MH, bæði í dagskóla og öldungadeild ein tvö ár, en síðan fór ég að vinna í fræðsludeild Iðntæknistofnunar Íslands, aðallega við námsefnisgerð næstu tvö árin. Mér hafði alltaf liðið vel í kennslustofu með unglingunum en eftir að ég lauk framhaldsnáminu var ég tilbúin að prófa eitthvað nýtt og nýta það sem ég hafði lært. Árin 1984–88, og reyndar síðar líka, hélt ég fjölmörg nokkurra daga námskeið (eða helgarnámskeið) í viðtalstækni, samskiptum og samvinnu á vinnustað, bæði í Reykjavík og úti á landi. Ég hélt lengri námskeið fyrir hjúkrunarfræðinga í Reykjavík á hverju vori í nokkur ár. Einnig hélt ég námskeið í skólum, sérstaklega í námstækni. Bæklingur í námstækni, sem ég hafði skrifað, upphaflega með Aðalbjörgu Björnsdóttur, var fjölritaður og sendur út um landið. Síðar endurbætti ég hann og Bréfaskólinn gaf hann út og hann var seldur í Bóksölu stúdenta í mörg ár.

Mér festust í minni orð Helgu Kress sem ég heyrði hana segja einu sinni uppi í Sokkholti: Ég vil vinna fyrir konur. Ég hugsaði þá að það vildi ég líka gera og þannig þróaðist starfsferill minn einnig að mestu leyti eftir að ég lauk framhaldsnáminu. Konur voru langoftast í meirihluta þátttakenda á námskeiðum hjá mér. Einni undantekningu man ég þó vel eftir, það var námskeið sem ég hélt fyrir starfsfólk í áburðarverksmiðjunni í Gufunesi. Þar voru karlmenn í meirihluta, bæði úr röðum yfirmanna og verkamanna.

Mér fannst alltaf gaman að kenna á námskeiðunum. Mestu þakkirnar held ég að ég hafi fengið fyrir þau stuttu námskeið í námstækni sem ég hélt fyrir nemendur í Öldungadeild MH.

Bréfaskólinn og næstu ár á eftir

Vorið 1988 var ég ráðin skólastjóri Bréfaskólans en hann var stofnaður af Sambandi íslenskra samvinnufélaga árið 1940 og rekinn af því einu til 1965 undir nafninu Bréfaskóli SÍS. En árið 1965 og síðar komu fleiri samtök til liðs við skólann (Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Stéttarsamband bænda, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Kvenfélaga-

samband Íslands og Ungmennafélag Íslands) og nafnið breyttist í Bréfaskólinn, þótt reksturinn væri áfram að mestu leyti á vegum Sambandsins. Þegar ég tók við skólastjórastarfinu var farið að halla undan fæti hjá Sambandinu og var þá ákveðið að skólinn skyldi framvegis standa á eigin fótum fjárhagslega, þótt margir efuðust um að það myndi ganga vel. Í Bréfaskólanum þurfti ég að vinna mikið viðreisnarstarf. Ég lagði hart að mér, sérstaklega fyrsta árið, og það tókst að reka skólann án taps. Starfið átti vel við mig. Það var fjölbreytilegt og nýtt fyrir mig að vera í yfirmannsstöðu og margt sem ég þurfti að læra í sambandi við rekstur fyrirtækis, útgáfu og innflutning á námsbókum og öðrum námsgögnum. Bréfanámskeiðum fjölgaði verulega en einnig var boðið upp á margt annað, til dæmis sjálfsnámsefni. Stoltust vorum við af byrjunarnámsefni í íslensku fyrir útlendinga, það fékk góða dóma og var selt fjölmörgum einstaklingum í mörgum löndum Evrópu og þónokkrum í Ameríku og Asíu.

Ég hafði mikla ánægju af að aðstoða konur á ýmsum aldri víða um land sem vildu hefja nám aftur, oft eftir langt hlé á skólagöngu. Konur voru í miklum meirihluta nemenda Bréfaskólans. Eftir sex og hálft ár sem skólastjóri var kominn tími til fyrir mig að minnka við mig vinnu og ég lét af skólastjórastarfinu.

Á sama ári byrjaði ég að skrifa greinar í tímaritið *Uppeldi* og hélt því áfram í þrjú ár en þá var tímaritið því miður selt. Við Margrét Jónsdóttir kennari vorum þá langt komnar með samningu kennslubókar í uppeldisfræði fyrir framhaldsskóla. Bókin: *Uppeldi, kennslubók í uppeldisfræði* var fyrst gefin út 1995 og endurútgefin aukin og endurbætt 2005. Hún er enn kennd í framhaldsskólum nú árið 2011.

Nú tók við nýr kafli í lífinu. Börnin fluttu að heiman og 1998 keyptum við minna hús í nágrenninu. Verkefnin voru næg, meðal annars matjurtaræktun, og ég hélt áfram að skrifa. Árið 1999 kom út eftir mig bókin *Námsráðgjöf í skólum*. Börnin mín hvöttu mig óspart til að skrifa bernskuminningar mínar, svo að ég lét af því verða og bókin *Norðanstúlka – bernskusaga* kom út árið 2002. Síðan hef ég skrifað ýmislegt að gamni mínu handa barnabörnum mínum og ferðasögur auk fáeinna greina, til dæmis í *Skólavörðuna* og *Veru*.

Jafnréttisbaráttunni miðar áfram

Af þeim breytingum sem orðið hafa í átt til jafnréttis kynjanna í íslensku samfélagi síðustu áratugina finnst mér sókn íslenskra kvenna í menntun athyglisverðust, ekki síst á háskólastigi, og sú breyting mun væntanlega skila

sér á komandi árum í bættri stöðu kvenna. Þessi þróun hófst um 1970 og hefur haldið stöðugt áfram síðan. Raunar finnst mér furðulegt að það skuli ekki vekja meiri athygli og umræðu í þjóðfélaginu hve íslenskir karlmenn eru orðnir miklir eftirbátar kvenna í skólunum. Mun fleiri konur en karlar ljúka nú námi í framhaldsskólum og háskólum. Sérstaklega er kynjahlutfall útskrifaðra úr háskólum eftirtektarvert en nærri lætur að tveir af hverjum þremur útskrifaðra séu konur. Samkvæmt nýjustu upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru árið 2008–2009 brautskráðar á háskólastigi og doktorsstigi 2277 konur og 1182 karlar. Á sama vef kemur fram að útskrifaðir stúdentar úr framhaldsskólum árið 2008–2009 voru 1777 konur og 1235 karlar.[28] Enn sem komið er endurspeglar námsval kvenna þó að einhverju leyti hefðbundna hlutverkaskiptingu kynjanna. Fjölgun kvenna í sveitarstjórnum og á alþingi var líka eitt af baráttumálum Rauðsokkahreyfingarinnar og verulegur árangur hefur náðst á þeim vettvangi síðustu áratugina. En launajafnrétti kynjanna er enn brýnt baráttumál kvenna.

Ný lög um fæðingar- og foreldraorlof urðu að veruleika og komu til framkvæmda 1. janúar 2001. Með þeim var áfram stigið stórt skref í áttina að jafnrétti.

Viðhorfin til leikskólauppeldis hafa gjörbreyst og leikskólum hefur fjölgað mikið síðustu áratugina. Líklega hefur þrýstingur frá fleiri konum sem vilja fara út á vinnumarkaðinn haft sitt að segja en einnig eru gæði leikskóla meiri nú en áður, sérstaklega hvað varðar menntun leikskólakennara.

Lokaorð

Rauðsokkahreyfingin var afar sérstök; opin með flata uppbyggingu en ekki píramídaform eins og almennt tíðkast í félögum, og hreyfingin höfðaði augljóslega til margra kvenna. Ég álít að hún hafi stuðlað að þróun á mörgum sviðum þjóðfélagsins, meira lýðræði, meira jafnrétti og eflt margar konur til dáða. Um það leyti sem Rauðsokkahreyfingin var lögð niður 1982[29] varð Kvennaframboðið til og ári síðar Samtök um kvennalista, en árið 1999 voru bæði kvennaframboð og kvennalisti horfin af sjónarsviðinu í íslensku þjóðfélagi.

Fjórða fjöldaganga kvenna í október 2010 bar vott um að enn eru duglegar, kjarkmiklar og hæfileikaríkar konur á Íslandi sem láta til sín taka í kvennabaráttunni svo að um munar. Talið er að um 50 þúsund manns hafi tekið þátt í göngunni þrátt fyrir kulda, rok og rigningu þennan dag. Baráttunni er langt frá því lokið. Áfram stelpur!

Erfiðir tímar

Nóra litla, hvert ætli þú hafir svo sem getað farið?
Jafnvel þótt þú hefðir tiplað yfir þessi ár
sem eru á milli okkar
biðu þín engin sældarkjör í húsi mínu.

FRÁ LÖGUM TIL REYNDAR

BJÖRG EINARSDÓTTIR

Aldarfjórðungur er liðinn frá lokum heimsstyrjaldarinnar síðari (1939–1945) og nýjar kynslóðir komnar til skjalanna. Námsmenn, vestanhafs og austan, mótmæla úreltum kennsluaðferðum, konur krefjast jafnréttis og fólk vill sjá nýja heimsmynd. Þörfin fyrir olnbogarými er knýjandi og uppstokkun flestra hluta ríkjandi.

Frjálslegur klæðnaður og djarft litaval, einfaldleiki í umhverfi og hispurslaus mannleg samskipti eru tímanna tákn. Naumhyggjan er allsráðandi gegn ofhlæði fyrri ára. Hippar og blómabörn láta til sín taka og tónlistin er gjörbreytt. Elvis Presley nær eyrum manna, Bítlarnir slá nýjan tón og nánast leggja heiminn að fótum sér.

Ungt fólk vill frelsi til athafna, sjálft velja sér farveg og ráða eigin lífsmáta. Inn í þessa hringiðu berast konur að sjálfsögðu eins og karlar. Hæverska og hljóðláta stúlkan sem áður tyllti sér hikandi fremst á stólbrún slengir sér nú þvert í hægindastól, ýmist klædd smápilsi eða síðbuxum.

En brautin reyndist konum ekki eins auðfarin og vænta mátti. Þrátt fyrir lagalegt jafnrétti kynja ríktu úrelt viðhorf: lærð kurteisi gilti ekki sama og jafnræði, sá lífsstíll sem siðvenjur mótuðu var álitinn eðlislægur, hlutverk í lífinu ótvírætt kynbundin og rótgrónar hefðir innan ætta og í fjölskyldum voru hamlandi. Konur undu þessu ekki, sögðu ástandinu stríð á hendur og nýja kvennahreyfingin (Women's Liberation) fór sem logi yfir akur í Norðurálfu á sjöunda tug 20. aldar.

Rauðsokkahreyfingin varð til (óformlega) hér á landi vorið 1970 og var starfandi allt til ársins 1982 er hún var að fullu lögð niður. Markmiðið var, í stórum dráttum, að vekja konur til vitundar um stöðu sína í þjóðfélaginu, réttindi sín

og skyldur og tækifæri til að uppfylla þau. Einnig hvernig unnt væri að móta það samfélag sem börn þeirra voru að vaxa upp í og leita leiða til þess að brjóta á bak aftur launamisréttið sem konur bjuggu við og fleira af því tagi.

Efnahagslegt sjálfstæði kvenna og lagaleg réttindi þeirra voru skilgreind sem undirstöðuatriði þess er keppt var að. Staðan á vinnumarkaðinum gekk gegn því fyrra en hinu síðara sú bitra reynsla að ekki er nóg að setja ákvæði í lög, þeim verður að fylgja eftir í reynd. Réttur sem ekki er notaður fellur sjálfkrafa öðrum til handa.

Ég gekk til liðs við hreyfinguna í ársbyrjun 1971 og var þar starfandi í nær fjögur ár. Í umfjöllun hér á eftir er stuðst við gögn úr mínum fórum, nema ef annað er tiltekið; ekki er sérstaklega getið nafna þeirra sem starfað var með í hópum hjá rauðsokkum en áhersla lögð á að greina frá verkefnum sem unnið var að eftir því sem heimildir endast til.

Inngangur

Skylt er að geta að nokkru uppruna míns og æviskeiðs. Ég er fædd í Hafnarfirði 25. ágúst 1925, dóttir hjónanna Ólafíu Guðmundsdóttur (1889–1929) húsfreyju og Einars Þorkelssonar (1867–1945), fyrrverandi skrifstofustjóra alþingis og rithöfundar. Þau gengu í hjónaband 1918 og varð sex barna auðið; ég var fjórða í aldursröð þeirra, en einnig voru hálfsystkini úr fyrra hjónabandi föður míns. Ólafía móðir mín lést í október 1929 og fór ég þá í fóstur til vinafólks hennar sem búsett var á Akureyri frá vori 1930 og til hausts 1937, ella í Reykjavík.

Fósturfaðir minn, Sigurjón Oddsson (1888–1937), var skipasmiður og hafði átt þátt í að stofnsetja skipasmíðastöð nyrðra og veitti því fyrirtæki forstöðu.[1] Veikindi hans voru bein orsök til þess að fjölskyldan fluttist aftur til Reykjavíkur og lést hann þar í október 1937.

Fósturmóðir mín, María Elísabet Coghill Jónsdóttir (1887–1971), hélt áfram heimili með fósturbörnum sínum tveimur, Guðjóni[2] 14 og mér 12 ára. María var vel efnum búin og festi kaup á húsi í Austurbæ Reykjavíkur, þar sem hún bjó fjölskyldunni heimili en leigði út hluta hússins.

Vinkonurnar María og Ólafía virðast hafa átt góða daga sem ungar stúlkur í Reykjavík og hvorug þeirra fór út á vinnumarkaðinn. Fyrrtalin bjó lengst í heimili systur sinnar, sem ásamt eiginmanni sínum starfrækti verslun við Laugaveginn, og leit María eftir þremur börnum þeirra uns hún giftist 1921 og þau hjón reistu sér heimili í eigin húsi við sömu götu.

Björg með systrum sínum, Ólafíu (t.v.) og Hrafnkötlu (í miðju). Myndin er tekin snemma vors 1930, skömmu áður en Björg fluttist til fósturforeldra sinna og með þeim til Akureyrar. Eftir það liðu átta ár þar til systurnar hittust allar á ný.

Ólafía var bóndadóttir úr Árnessýslu en dvaldist á heimili Jónasar föðurbróður síns í Reykjavík. Hann var umsjónarmaður Alþingishússins og hún var frænda sínum innanhandar við umsvifin í þinghúsinu, sem jukust mjög frá 1911 eftir að nýstofnaður Háskóli Íslands fékk þar inni.

Þær stöllur María og Ólafía tóku þátt í félagsmálum í bænum, einkum hjá Ungmennafélagi Reykjavíkur og áttu þátt í að stofna innan þess kvennadeildina Iðunni, þar sem markmiðið var að auka kvenréttindi og styrkja stöðu kvenna. Í barnsminni mínu er frásögn af hátíðinni miklu á Austurvelli 7. júlí 1915 þegar konur héldu upp á nýfengin pólitísk réttindi sín: kosningarétt og kjörgengi, og létu vinkonurnar sig ekki vanta í þann fagnað.

Móðir mín hafði lært fatasaum og fjölbreyttar hannyrðir og veitti síðar á ævinni tilsögn í þeim greinum. Hún nam einnig við Kennaraskóla Íslands og tileinkaði sér þar nýjar aðferðir í uppeldismálum með áherslu á að leiðbeina og temja fremur en aga og banna. Vissulega sitja í minni mínu, frá ungum aldri, langar samræður við foreldra og systkini um hvað beri að gera og hvað látið skuli ógert. Án efa er góðra gjalda vert að þjálfast ung í að búa hugsanir sínar og sjónarmið í mælt mál.

Björg að störfum í viðskiptamanna-bókhaldi árið 1942.

Umskiptin frá dvöl á Akureyri, þar sem nám ungmenna sýndist vera á nokkuð beinni braut, voru mikil. Fósturbróðir minn hafði tekið próf inn í menntaskólann þar en það gilti ekki til inngöngu í menntaskóla í Reykjavík og allir skólar höfuðstaðarins virtust fullsetnir. Ég lauk barnaskólagöngu minni í yfirfullum Miðbæjarskólanum og fékk að taka fullnaðarpróf þar eftir einn vetur. Viðbrigðin frá Barnaskóla Akureyrar, þar sem skólastjórinn þekkti öll börnin með nafni, voru auðfundin.

Ég hóf síðan nám í Kvennaskólanum í Reykjavík haustið 1938 og nam þar næstu þrjú árin. Ingibjörg H. Bjarnason, fyrrum alþingismaður, var skólastjóri en yfirkennari Ragnheiður Jónsdóttir. Þessar konur voru báðar víðförular, vel menntaðar og eftirminnilegir persónuleikar en hvor á sinn hátt. Skólastarfið var fast í sniðum, nemendum fylgt vel eftir við námið og þar var unnt að læra margt, mikið og gagnlegt ef hugur fylgdi máli.

Eftir það tók ég að búa mig undir skrifstofustörf, einkum með námi í bókhaldi, og setti svo starfsauglýsingu í *Morgunblaðið*, fékk tilboð sem mér hugnaðist og tók því. Hin sextán ára yngismeyja var tekin til starfa hjá traustu og fremur stóru fyrirtæki á þess tíma mælikvarða. Í fyrstu í viðskiptamannabókhaldi, lengi við starfsmanna- og launamálefni og að lokum til aðstoðar við sjóðvörslu. Allt var þetta gagnlegt og bar með sér þjálfun í mannlegum samskiptum.

Með rauðsokkum – Aðdragandi og aðferðir

Við Harald Guðmundsson[3] rafverktaki giftum okkur í ágúst 1950 og hófum búskap í húsi tengdaforeldra minna á Bárugötu 17 í Reykjavík. Þegar mannfjölgunin var að baki, tveir synir og ein dóttir[4], hóf ég að feta mig á nýjan leik út á vinnumarkaðinn líkt og tímanum tilheyrði. En meðan umstangið við börnin var í hámarki kom til starfa á heimilinu ung stúlka utan af landi, Ragna Eyjólfsdóttir, við urðum góðir mátar og hélst ávallt samband okkar á milli.

Eitt janúarkvöld 1971 kemur Ragna til mín, þá gift kona og búandi í Reykjavík með ung börn, og er á leið á fund hjá Rauðsokkahreyfingunni. Hún hvetur mig til að koma með sér, ég muni hafa áhuga á því sem þar fari fram og reyndist svo vera. Fundurinn var í kjallara hússins Ásvallagötu 8 þar sem bækistöð Rauðsokkahreyfingarinnar var fyrstu árin. Dálítill hópur kvenna var þar fyrir þegar við komum, ég þekkti enga þeirra en bar kennsl á nokkrar og mér virtist sem aldursbilið innan hópsins væri fremur breitt.

Spurningu minni um fyrir hverju þarna væri barist var svarað með því að kynna mér eftirfarandi markmið sem samþykkt höfðu verið á fundi í Norræna húsinu 19. október 1970:

- Að vinna að fullkomnu jafnrétti karla og kvenna á öllum sviðum þjóðfélagsins.
- Að vinna gegn því að kynferði komi í veg fyrir að einstaklingur geti valið sér störf í samræmi við hæfileika sína og áhugamál.
- Að hvetja konur til að notfæra sér í ríkara mæli en þær gera nú þau réttindi sem þær þegar hafa.
- Að uppræta aldagamlan hugsunarhátt og alls kyns fordóma varðandi verkaskiptingu í þjóðfélaginu eftir kynjum.
- Að hvetja félaga sína til að kynna sér þjóðfélagsmál og vera virkari þátttakendur í þjóðfélaginu.

Inntak þessara markmiða var mér að skapi og mér fannst það áhugavert sem þarna var á seyði. Ég fór umsvifalaust í starfshóp sem verið var að setja á laggirnar um svokallaða vitundarvakningu og áður en varði var ég komin á bólakaf í þessum efnum.

Vinnulagið hjá rauðsokkum var ekki samkvæmt viðteknu félagaskipulagi með kjörinni stjórn, félagaskrá og innheimtu árgjalda. Rauðsokkar völdu að ganga beint til verks undir frjálsu félagsformi án þess að eyða kröftum og tíma

Ragna Steinunn Eyjólfsdóttir varð örlagavaldur í lífi Bjargar þegar hún bauð henni með sér á rauðsokkafund í janúar 1971. Þessi mynd af Rögnu Steinunni var tekin við aðgerðina Andóf sem Rauðsokkahreyfingin og fleiri hópar stóðu fyrir í miðbæ Reykjavíkur 19. júní það ár. „Hvers vegna stoppar pabbi aldrei í sokka?“ spyr Ragna í textanum sem fylgdi myndinni í *Þjóðviljanum*.

í stjórnsýslu og e.t.v. baráttu innan eigin raða. Starfshópar mynduðust vegna sameiginlegs áhuga á tilteknu málefni, það var tekið til umfjöllunar og sá sem ekki lagði eitthvað af mörkum í starfshópi féll sjálfkrafa út því engin félagaskrá var haldin. Nýir félagar þjálfuðust við hlið þeirra sem reyndari voru, umræður fóru fram, skoðanir skýrðust og skiptust á milli og miðlun þekkingar átti sér stað. Aðeins þeir sem tóku þátt í hópastarfinu voru raunverulegir rauðsokkar og ef um eitthvert fjárþurfandi verkefni var að ræða safnaðist fé til þess innan hreyfingarinnar. Árlega voru valdir þrír eða fjórir í svokallaða miðstöð til að vera tengiliðir milli hópa og hvetjandi afl í starfinu; svo vildi til að ég var í miðstöð starfsárið 1972–1973 ásamt þremur konum öðrum og létum við okkur hafa nóg að gera þann tíma. En sameiginlegir fundir voru haldnir hálfsmánaðarlega þar sem hópar gátu skilað af sér verkefnum og nýir myndast.

Hópastarf var mér ekki með öllu framandi úr barnaskóla. Kennari sem hafði kynnt sér skólastarf erlendis skipti eftir það öllum bekknum upp í hópa, fjóra nemendur í hverjum, og þannig unnum við að námsefninu í samstarfi hvert með öðru. Þessi tilhögun var lærdómsrík, efldi samvinnu og persónulega framgöngu. Hópastarfið hjá rauðsokkum laut að vísu dálítið öðrum lögmálum og fór ekki að fyrirmælum heldur eftir áhugamálum hvers og eins. Fjölmennasti hópurinn sem ég man eftir að hafa starfað í hjá Rauðsokkahreyfingunni taldi níu manns en gat jafnvel verið aðeins einn eða tveir einstaklingar.

Leshópar og lagafrumvörp

Í upphafi minnist ég leshópanna sem þá störfuðu að staðaldri og við lásum, auk annars, og þaulræddum femíníska formbyltingarhöfundinn Svövu Jakobsdóttur. Smásögur hennar og leikrit hittu beint í mark hjá rauðsokkum ekki síður en öðrum. Hún kom á fund hjá okkur og var það eftirminnileg reynsla.

Svava tók sæti á alþingi árið 1971 og flutti sama ár frumvarp til laga um Jafnlaunadóm. Allsherjarnefnd neðri deildar þingsins sendi Rauðsokkahreyfingunni frumvarpið til umsagnar. Fyrir hönd rauðsokka sendi Starfshópur um launajafnrétti umsögn 6. febrúar 1972 og segir þar m. a.: „Við lýsum eindregnum stuðningi við framkomið frumvarp, sem við álítum mikilsverðan áfanga í baráttunni fyrir vinnuréttindum.“ Enn fremur: „Starfsmat hins opinbera og niðurröðun starfsgilda í atvinnulífinu byggjast á hefð fremur en rökum og spegla því misrétti það, sem ríkt hefur á vinnumarkaðinum.“

Persónulegar athugasemdir mínar um frumvarpið eru settar á blað í desember 1971 og lýsi ég þar ánægju minni með þá hugmynd sem liggi frumvarpinu til grundvallar en tel að eftirfarandi atriði mættu koma skýrar fram:

- Óheimilt verði að auglýsa eftir starfsfólki með tilliti til kynferðis.
- Starfsmat metur störf en ekki starfsmann samkvæmt skilgreiningu BSRB.
- Karlar og konur vinni undir sömu starfsheitum.

Ekki veit ég nú hvað varð um þessar klausur mínar en þarna drep ég á atriði viðvíkjandi stöðunni á vinnumarkaðinum sem mér voru ofarlega í huga, eða kyngreiningu starfa sem án efa viðhélt hefðum gegn rökum. Á þessum tíma starfaði ég einmitt við starfsmannamálefni og ýmislegt opnaðist þá fyrir sjónum mínum.

Frumvarpið tók breytingum í meðförum þingsins og varð að lögum sem Jafnlaunaráð nr. 37/1973 en þau voru felld úr gildi með lögum um jafnan rétt kvenna og karla nr. 78/1976 og stofnun Jafnréttisráðs til að framfylgja þeim lögum.

Árið 1971 lagði menntamálanefnd efri deildar alþingis fram frumvarp til laga um mannanöfn. Rauðsokkar mynduðu umsvifalaust starfshóp til að skoða frumvarpið, lesa skýringar við það og sögulegt yfirlit sem tók yfir 31 síðu, með smáu letri. Þar kemur fram að íslenskir nafnasiðir lúti tvenns konar nafnakerfum: föður- (og/eða móður-) nafnakerfi sem er germönsk arfleifð og ættarnafnakerfi sem mun frá Rómverjum runnið. Starfshópurinn lét sér það ekki fyrir brjósti

brenna en tók að huga að réttindamálum kvenna í þessu samhengi. Í drögum að bréfi til þingnefndarinnar segir m.a.:

„Bréfið er sent í nafni Rauðsokka með það fyrir augum að vekja athygli á því að mikil varúð ríkir gegn þessu frumvarpi hjá þeim konum, sem hafa látið réttindi kvenna í þjóðfélagsmálum til sín taka á undanförnum árum.“ Síðan heldur áfram: „Íslenskar konur eru samkvæmt fornum menningarhefðum sjálfstæðir nafnberar og standa þar skör framar kynsystrum sínum í öðrum löndum […].“ Málefninu er svo fylgt eftir með greininni „Eru íslenskar konur öfundaðar?“ í *Forvitinni rauðri,* 1. blaði Rauðsokkahreyfingarinnar, útg. 1. des. 1972.[5] En frumvarpið um mannanöfn mun að þessu sinni hafa dagað uppi í þinginu.

Haustið 1972 lá fyrir alþingi frumvarp um hlutdeild ríkisins í stofnun og rekstri dagvistunarstofnana (þ.e. dagheimila, leikskóla, skóladagheimila). Var hér um stefnubreytingu að ræða þar eð þessi málaflokkur hafði verið á vegum sveitarfélaga. Konum (og væntanlega öllum foreldrum) var það mikið kappsmál að málið næði fljótt fram að ganga. Til þess að ráðamenn mættu vita að um vilja fjölda væri að ræða var efnt til undirskriftasöfnunar því til framdráttar. Samstarfsnefnd Kvenréttindafélags Íslands ásamt Úum, yngri deild þess félags, og Rauðsokkahreyfingarinnar skoraði á alþingi að samþykkja frumvarpið og hraða því gegnum þingið. Mikill fjöldi skrifaði undir áskorunina og varð frumvarpið að lögum þegar á næsta ári.[6]

Mikið uppbyggingarstarf var framundan í málaflokknum og auka þurfti stuðning við menntun leikskólakennara til starfa á dagvistarheimilum. Það er fyrst á síðari árum sem svo traust kerfi er komið á fót að nú geta líklega allir sem vilja komið börnum sínum á leikskóla, og er það skólastig að þróast sem upphaf skólagöngu hvers ungmennis. Má því segja að betur hafi verið af stað farið en heima setið.

En því var ekki að heilsa varðandi næsta málefni sem Rauðsokkahreyfingin sneri sér að: plaggi um fóstureyðingar sem að fullu nefndist „frumvarp til laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir“. Í leiðara *Forvitinnar rauðrar* í janúar 1974 segir svo um þetta mál: „Hér er á ferðinni eitt af stærstu málum jafnréttisbaráttunnar, því styðjum við, sem stöndum að þessu blaði, af alhug það frumvarp um fóstureyðingar, sem lagt hefur verið fram á alþingi og treystum þjóðkjörnum fulltrúum okkar til að koma því í örugga höfn.“[7]

Áður en lengra er haldið má gefa gaum að því sem franski jafnréttismálaráðherrann, Françoise Giroud, skipuð af Giscard d'Estaing í júlí 1974, sagði nýtekin við embætti:

> Getnaðarvarnir eru undanfari frjálsra fóstureyðinga. Pillan og aðrar getnaðarvarnir gerðu konum kleift að ráða fjölda barna sinna og ákvarða fæðingartíma þeirra, án þess að fórna innra samlífi kynjanna. Takmark réttindabaráttu kvenna er að gera konur ábyrgar fyrir sjálfum sér og þjóðfélaginu, því ef engin ábyrgð – þá engin völd.[8]

Á fjórða tug seinustu aldar urðu nokkrar umræður um takmörkun barneigna og út komu ritin *Hjónaástir í* þýðingu dr. Bjargar C. Þorláksdóttur Blöndal og *Frjálsar ástir. Erindi um takmarkanir barneigna* eftir Katrínu Thoroddsen lækni. Allt vakti þetta umtal og leiddi til umræðna um fóstureyðingar. Vilmundur Jónsson landlæknir og alþingismaður samdi frumvarp um fóstureyðingar sem varð að lögum nr. 38/1935 og giltu þau næstu 40 ár með áorðnum breytingum í lögum nr. 16/1938. Í lögunum er einkum tekið mið af heilsufari konu eða hún hafi orðið fyrir nauðgun og fór nefnd lækna með úrskurðarvald um aðgerð innan átta vikna á meðgöngu. Þetta munu vera fyrstu lög sem þjóðþing samþykkir um fóstureyðingar og vöktu þau athygli víða um heim.[9]

Árið 1970 var skipuð nefnd þriggja karla til að endurskoða þessi lög. Rauðsokkar og Kvenréttindafélagið gerðu athugasemd við skipun nefndarinnar og var þá bætt við hana tveimur konum, þeim Guðrúnu Erlendsdóttur hrl. og Vilborgu Harðardóttur blaðamanni. Nefndin samdi frumvarp að nýrri löggjöf um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir og var það lagt fram á alþingi árið 1973.[10]

Í frumvarpinu kemur eftirfarandi fram: Fóstureyðing er heimil *að ósk konu*, sem búsett er hér á landi eða hefur íslenskan ríkisborgararétt, ef aðgerðin er framkvæmd fyrir lok 12. viku meðgöngu og ef engar læknisfræðilegar ástæður mæla móti aðgerð. Fleiri atriði eru útlistuð nákvæmar en ákvörðun um fóstureyðingu er í höndum konunnar innan tiltekinna tímamarka á meðgöngunni; ákvörðunarrétturinn var hjá henni sjálfri. Almenn umræða um þetta mál var gífurleg og margháttuð skrif komu fram. Umræðan var fyrst og fremst um endurmat á skilyrðum fyrir fóstureyðingu og hver skyldi hafa heimild til ákvörðunar.

Bæði rauðsokkar og Kvenréttindafélagið sendu þinginu jákvæðar umsagnir

um frumvarpið í þessari mynd.[11] En það tók miklum breytingum í meðförum þingsins og meðal annars var fellt út ákvæðið um sjálfsákvörðunarrétt konu og hlaut frumvarpið ekki afgreiðslu á þinginu 1973. Í nóvember 1974 var enn skipuð nefnd þriggja karla til að undirbúa framlagningu frumvarpsins á nýjan leik. Var það samþykkt sem lög 1975 og þá tvær meginástæður tilgreindar fyrir aðgerð: félagslegar og læknisfræðilegar. Skrifleg rökstudd greinargerð skal liggja fyrir áður frá tveimur læknum eða lækni og félagsráðgjafa.[12]

Þessi málatilbúnaður allur og hversu lengi þetta mál var í gerð gekk nærri fólki, málið mörgum viðkvæmt og afdrifaríkt persónulega. Rauðsokkar helguðu eitt blað *Forvitinnar rauðrar* þessu málefni og birtu þar m.a. persónulegar reynslusögur. Og fyrir þær sem leituðu úrlausnar á sínum málum erlendis birtust í blaðinu gagnleg heimilisföng í nágrannalöndum.[13]

Ung kona úr félagsmálum stúdenta og heitum umræðum þar sagði að líta bæri á fóstureyðingu sem neyðarúrræði og enn fremur: „Ég tel það grundvallaratriði að hver einstaklingur hafi frelsi til að marka sína eigin lífsstefnu, en sjálfsákvörðunarréttur kvenna um fóstureyðingar er liður í því.“[14]

Annar málaflokkur var til stöðugrar umfjöllunar hjá rauðsokkum og létum við ekki okkar eftir liggja í allri málafylgju en við sjálft skattakerfið var að eiga og sjaldnast er auðhlaupið að því að knýja fram breytingar á því. Annars vegar var um samsköttun hjóna að ræða og hins vegar fyrirvinnuhugtakið og hvorutveggja tekið til ýtarlegrar skoðunar hjá rauðsokkum í rituðu máli og á fundum.

Nefna skal umræðufund sem efnt var til í Norræna húsinu 27. október 1973. Ræðumenn voru Auður Þorbergsdóttir borgardómari sem fjallaði um fyrirvinnuhugtakið í lögum og reynd hér á landi og Svava Jakobsdóttir alþingismaður sem greindi frá umræðum um málefnið á þingi Norðurlandaráðs. Hið gamla kerfi, að við hjúskap og heimilishald aflaði eiginmaðurinn einn tekna en eiginkonan sinnti eingöngu störfum inni á heimilinu, var með breyttum þjóðfélagsháttum tekið að riðlast. Löggjafinn fylgdi ekki þróuninni í reynd. Við giftingu féllu konur út af skattskrá og engu var líkara en þær beinlínis sykkju í þjóðardjúpið.[15]

Tekjur hjóna voru taldar fram saman og skyldi bóndi ábyrgjast skattframtalið. Tekjuskattur var í þrepum og tekjur konu, ef einhverjar voru, bættust ofan á tekjur eiginmannsins og þau gátu hafnað á háu skattþrepi. Margvíslegar hræringar voru í íslensku þjóðfélagi árin 1950–1970. Vinnuafl skorti m.a. í

Björg á rauðsokkaárunum.

fiskiðnaði, heilbrigðiskerfi, fræðslugeira og við ýmis ófagleg störf. Konurnar, viðbótarvinnuaflið í landinu, voru að vonum tregar til að fara út á vinnumarkaðinn ef laun þeirra, eftir þessu kerfi, færu að mestu í skattgreiðslur. Þingvalin nefnd leitaði úrbóta á kerfinu 1957 og til bráðabirgða var giftum konum heimilað að draga frá helming launa sinna áður en þau væru lögð við tekjur eiginmannsins. Var álitið að með þessu væri versti gallinn sniðinn af samsköttuninni og ráðamönnum ynnist tími til að endurskoða þessa gerð skattlagningar í ró og næði.

Giftum konum fjölgaði á vinnumarkaðinum en þessi ívilnun (50% reglan) gat orsakað óvild milli samstarfsfólks þegar hjúskaparstaða og kynferði réð skattlagningu. Reglan sem skyldi vera til bráðabirgða gilti í rúm 20 ár[16] eða til 1978 er frumvarp um hreina sérsköttun launatekna varð að lögum á alþingi.[17]

Fjölmiðlun og útgáfumál

Í upphafi árs 1972 bauðst Rauðsokkahreyfingunni rúm í dagskrá Ríkisútvarpsins. Um var að ræða tíu hálftíma þætti á tímabilinu frá 25. janúar til 24. febrúar. Þessu tilboði var tekið með fögnuði og myndaðir jafnmargir starfshópar, þáttaröðinni gefið heitið *Ég er forvitin rauð* og valið hressandi kynningarlag. Listi var gerður yfir brennandi málefni og settur stjórnandi fyrir hvern þátt.

Að baki þessum þáttum lá mikil vinna þar eð gerð var tilraun til að kanna stöðu konunnar í þjóðfélagi okkar eins og hún blasti við frá ýmsum sjónarhornum, t.d. konan á heimilinu, konan á vinnumarkaðinum, konan í bókmenntum og konan sem auglýsingavara. Minnist ég þess að hafa komið að vinnu við þrjá þætti sem fjölluðu um vinnumarkaðinn, bókmenntir og heimilið (eða heimahúsmóðurina). Til frekari glöggvunar skal farið yfir handrit þess síðastnefnda.

Útsending er að hefjast, tónstefið hljómar, stjórnandinn kynnir og hefur síðan mál sitt á þessa leið: „Erum við konur vaknaðar til vitundar um okkur sjálfar sem einstaklinga og um leið virka þjóðfélagsþegna? Gerum við okkur

grein fyrir að heimilið er hluti af stærri heild og að nauðsynlegt er að þar á milli séu traust bönd?“ Stjórnandi heldur áfram: „Í bók Betty Friedan, *Goðsögnin um konuna,* segir m.a. …“ Önnur rödd kemur inn og les tilvitnunina og að því loknu hljómar stefið.

Síðan koma efnisatriði þáttarins og er skilið á milli atriða með tónstefi. 1. Heimilisstörfin. 2. Matið á störfunum. 3. Heimahúsmóðirin. 4. Föðurhlutverkið. 5. Tómstundir & lesefni. 6. Afþreying (út úr neyð). 7. Ofnotkun lyfja. Jafnmargar konur lesa og hver þeirra sinn eigin texta. Að síðustu kemur stjórnandinn aftur inn og flytur lokaorð eða hugleiðingu. Að ósekju má rifja hana upp:

„Ef við nútímakonur höfum lokast inni í lífsvenju-vítahring tekinn að erfðum frá þjóðfélagi, sem laut öðrum lögmálum en nú atvinnulega séð ber að stefna að því að rjúfa þann hring. Þróum með okkur áhuga og þekkingu á því sem er að gerast umhverfis okkur.“ Og áfram er haldið: „Neytum orku okkar til framdráttar framfaramálum þannig að hver einstaklingur – kona, karl, barn – geti fundið sér eðlilegan starfsvettvang innan vébanda hópsins. Íslenskt þjóðfélag má ekki við því að hluti þegna þess standi til hliðar við daglega önn samfélags í örri uppbyggingu. Óunnin verkefni hrannast upp og hrópa á fólkið.“[18]

Hér sýnist ekki vera auðmýktinni fyrir að fara. En minnisstætt er hversu rösklega og markvisst var tekið til hendi við þáttagerðina, öflun efnis og úrvinnsla þess skipuleg og hröð.

Þættirnir fengu mikla hlustun, vöktu athygli og umræður. Ýmsir voru sáttir við þá en öðrum fannst að sér vegið, að minnsta kosti bera lesendabréf í dagblöðum þess vitni.

En fyrirtækið dró dilk á eftir sér. Þessi þáttagerð naut vitaskuld þóknunar af hálfu útvarpsins en um það brutum við ekki heilann í upphafi. Var nú gripið til þeirrar eldgömlu viðskiptareglu að ábati sem myndast í rekstri gangi aftur inn í fyrirtækið því til eflingar. Rauðsokkar hófu útgáfu málgagns með heitinu *Forvitin rauð* og voru útvarpspeningarnir stofnfé blaðsins.

Starfshópar rauðsokka unnu blaðið algjörlega, sömdu allt efni að því undanskildu ef eitthvað barst aðsent, vélrituðu textann og brutu hann um, myndskreyttu síðurnar, sáu um að láta fjölrita, hefta og brjóta, sóttu til fjármálaráðuneytis um niðurfellingu söluskatts (skatturinn var síðar felldur niður af blaðinu), dreifðu blaðinu á sölustaði, sendu eintök til rauðsokka úti á landi, t.d. á Ísafirði og Akureyri, og seldu sjálfir í lausasölu á götum úti. Þetta starf var áhugavert, lærdómsríkt og messunnar virði því sumar rauðsokkurnar

störfuðu við blöð og tímarit og voru nánast fagmenn á þessu sviði.

Forvitin rauð var í stærðinni A4, fyrsta blaðið kom út í desember 1972 og var 16 síður. Hér hefur þegar verið vitnað í skrif þess um fóstureyðingar og skattamál, en einnig er grein um „eiginkonuna á vinnustað“ og þar skírskotað til þess hve sumir einkaritarar gangast upp í stöðu sinni.[19] Enn fremur er ýtarleg kynning á starfi rauðsokka og uppbyggingu hreyfingarinnar, þá er í opnu greint frá viðbrögðum karla við rauðsokkum og þar hjá mynd af karlmanni með liminn í fullri vígstöðu. Af siðgæðisástæðum var því hafnað á sölustað í miðbæ Reykjavíkur að hafa blaðið uppi við.



Myndin ógurlega sem varð til þess að fyrsta tölublaði *Forvitinnar rauðrar* var úthýst af siðgæðisástæðum á sölustað í miðbæ Reykjavíkur.

Á verkalýðsdaginn 1. maí 1973 kom 2. blað *Forvitinnar rauðrar* út og var nú 24 síður. Í blaðinu er því blákalt haldið fram að eins dýrt sé að lifa fyrir konur og karla: „Þær eru launþegar, og fyrirvinnur rétt eins og karlar, og geta ekki lifað af lægri launum en þeir.“[20] Haldið er fram að konur séu sinnulitlar um verkalýðsmál og súpi seyðið af því. Þarna er spurt hvenær karlapillan komi og fjallað um kosti hennar og galla, sagt er frá mælingu á ákvæðisvinnu kvenna og konum í íshúsi, könnun á kynbundnum starfsauglýsingum, húsmóðir lætur heyra í sér og auðvitað er eitt lesendabréf.

Þriðja eintak af *Forvitinni rauðri* kom út í janúar 1974 og var á 32 síðum helgað fóstureyðingum og löggjöf þeim viðkomandi líkt og áður er að vikið. Fjórða blaðið, einnig 32 síður, kom út 1. maí 1974. Í hönd farandi kosningar, til sveitarstjórna og alþingis, settu að þessu sinni svip á efnisvalið, einnig er ýtarlega fjallað um fyrirvinnuhugtakið eins og fyrr er rakið. Á útgáfudaginn var fagurt veður, miðborg Reykjavíkur þéttskipuð fólki og gaman að geta boðið til kaups nýtt eintak af kunnu og efnismiklu blaði; salan í mannmergðinni var rífandi enda þótt eintakið kostaði 100 krónur.

Vert er að geta yfirgripsmikillar umfjöllunar í 5. hefti tímaritsins *Samvinnunnar* 1971, bls. 12–32, með yfirskriftinni: Konan er maður. Þar eru greinar eftir 15

höfunda og starfshópar birta töflur og línurit viðvíkjandi Rauðsokkahreyfingunni og baráttumálum hennar. Þetta er líklega fyrsta vandaða kynningin á prenti sem rauðsokkar áttu hlut að. Í leiðara Sigurðar A. Magnússonar ritstjóra er efninu fylgt úr hlaði m.a. þannig: „Það er mannskemmandi að lifa við misrétti, en mannlegt að leita réttar síns, og þess vegna verður sífellt háværari og nærgöngulli sú krafa konunnar, að hún fái notið þeirra frumstæðu mannréttinda að velja sér hlutverk í lífinu.“[21]

Blaðið *Forvitin rauð* kom áfram út með hléum meðan Rauðsokkahreyfingin var við lýði en frekari umfjöllun um þau útgáfumál liggur utan tímaramma þessara skrifa.

Í dagsins önn

Kynning á Rauðsokkahreyfingunni í ýmsum myndum var í raun umfangsmikið verkefni. Mikið var um að félagasamtök færu þess á leit að fulltrúar rauðsokka kæmu á fundi eða ráðstefnur til að segja frá hreyfingunni. Miðstöð hverju sinni hafði metnað til að verða við beiðnum af því tagi. Regla var að ævinlega færu að minnsta kosti tveir saman í slíkt kynningarstarf en stundum fleiri og oftast réð kylfa kasti hverjir fóru, e.t.v. einn vanur og annar nýr. Rifja má upp eitthvað af því sem kom í minn hlut. Móttökur voru oft mjög skemmtilegar, en stundum töluverður andbyr og urðu þá gjarnan fjörugar umræður. Oft voru heimsótt almenn kvenfélög, kvenfélög afmarkaðra kirkjusókna, stéttarfélög af ýmsu tagi, ýmiss konar hagsmunafélög og einnig skólar. Af þeim fundum sem ég man eftir að hafa farið á til kynningar og umræðna fannst mér ríkastur skilningur og jákvæðust afstaða til (þáverandi) stöðu konunnar í þjóðfélaginu koma fram á fundi hjá Trésmiðafélagi Reykjavíkur og heyr fyrir þeim!

Sem starfandi á skrifstofu var ég félagsmaður í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur/VR. Komið hafði til tals að þörf væri á að stofna umræðuhópa innan þess félags; þar voru konur svo sannarlega í láglaunastörfum, það höfðu kannanir leitt í ljós, en af því varð þó ekki. En beiðni kom frá sölumannadeild félagsins um að rauðsokkar kæmu á hádegisfund til þess að kynna störf sín. Fórum við tvær saman og áttum þar góða stund og máltíð með háttprúðum herramönnum sem fengu okkur eftirfarandi spurningar til úrlausnar:

- Hvað er að vera Rauðsokka eða Rauðsokki?
- Hverjir eru Rauðsokkar?

- Er einhver sérstök stefnuskrá (mótuð)?
- Hver er afstaða Rauðsokka til heimahúsmóður?
- Hvernig taka Rauðsokkar á málum?
- Hvers vegna tóku Rauðsokkar ekki höndum saman við Kvenréttindafélag Íslands?
- Hvernig koma Rauðsokkar sínum málum fram?
- Telja þeir að starf þeirra hafi borið árangur?
- Vandamál aldraðra – liggja þau utan við áhugasvið Rauðsokka?
- Er það satt að Rauðsokkar séu eingöngu „menntafólk eða yfirstéttar“?
- Að hvaða málefnum snúa Rauðsokkar sér helst?

Við reyndum að veita svör eftir bestu getu og auðvelt var að koma umræðum á flot. Gestgjafarnir voru sammála um að konur ættu að taka meiri og kröftugri þátt í verkalýðsmálum en þær gerðu til að bæta kjör sín. Einn fundarmanna var staðfastur á því að konur væru svo miklar konur í sér að þær vildu að karlmenn ynnu fyrir þeim. En á vissan hátt má merkja tíðarandann á því hvaða efni í spurnarformi brunnu á fólki. Ekki er nóg að tala, líka verður að framkvæma var sjónarmið sölumannanna og því vorum við gestirnir sammála.

Samstarfsnefnd borgfirskra framhaldsskóla efndi til fundar í febrúar 1972 í sal Húsmæðraskólans á Varmalandi í Stafholtstungum og var fundarefnið „Kynning á málefnum Rauðsokka“ og fundarformið skyldi vera framsöguerindi og síðan frjálsar umræður. Svava Jakobsdóttir alþingismaður hafði framsögu og síðan sátum við tíu rauðsokkur fyrir svörum. Nemendurnir voru frá skólunum á Hvanneyri, Bifröst og Varmalandi og komu allir vel undirbúnir með langan spurningalista og kunnu greinilega eitthvað fyrir sér í ræðumennsku og fundahaldi.

Fundurinn stóð lengi og fjörugar umræður á báða bóga, margir fundarmanna voru þroskað fólk sem tók þátt í umræðunum af fullri alvöru. Spurningalistinn er fulllangur til að skrá hann hér en nefna má nokkur dæmi um málefni sem fólk vildi ræða: Hvaða álit hafa Rauðsokkar á fóstureyðingum og afstöðu til þeirra, og hefur karlmaður ekki ákvörðunarrétt við fóstureyðingu? Hvaða afstöðu hafið þið til yfirráða foreldra yfir börnum við skilnað? Kjósa konur ekki konur? Hafa Rauðsokkar á móti fegurðarsamkeppni og af hverju amist þið við kvennadálkum? Hvert er álit ykkar á húsmóðurinni sem er heima? Eru Rauðsokkar á móti elsta atvinnuvegi konunnar? Er fæðingarorlof orsök frama-

Örn Erlendsson trésmiður var á fundinum hjá Trésmiðafélagi Reykjavíkur þar sem Rauðsokkahreyfingin kynnti baráttumál sín. Honum segist svo frá tæpum 40 árum síðar að Björgu hafi tekist svo vel upp að hann sjálfur og margir aðrir fundarmenn hafi upptendrast og fengið áhuga á málefninu. Í framhaldinu sótti hann fund rauðsokka um fyrirvinnuhugtakið sem haldinn var í Norræna húsinu 27. október 1973 og tók þar til máls. Myndin er tekin við það tækifæri. Til hliðar sitja rauðsokkurnar Vilborg Sigurðardóttir (t.v. á mynd) og Lilja Ólafsdóttir.

leysis konunnar? Hvernig skal haga búskiptum við hjónaskilnað? Hvernig minnka heimilisstörfin ef bæði vinna úti? Sækjast konur ekki helst eftir hinum æðri stöðum? Hvað er hópsál? Máttum við þessar tíu sem sátum fyrir svörum hafa okkur allar við því að spurningar og andsvör dundu á okkur lengi kvölds. Þegar upp var staðið og hver hélt til sinna heimkynna vorum við reynslunni ríkari og hvað mig áhrærir var þetta ekki síðasti fundurinn sem ég sótti í tengslum við Rauðsokkahreyfinguna.

Í minn hlut kom að kynna Rauðsokkahreyfinguna á fjölsóttri helgarráðstefnu í Þjóðleikhúskjallaranum 22.–23. apríl 1972, þar sem fjallað var um stöðu konunnar í þjóðfélaginu. Landssamband sjálfstæðiskvenna og Hvöt, félag sjálfstæðiskvenna í Reykjavík, stóðu að ráðstefnunni. Ég var í starfshóp sem Katrín Fjeldsted læknanemi stýrði. Rætt var um Rauðsokkahreyfinguna og spurt: Hvað eru rauðsokkur? Hvað er athyglisverðast við Rauðsokkahreyfinguna? Af hverju gerist ung kona rauðsokka? Hópstarfið var líflegt og vildu ráðstefnugestir fræðast um nýja starfshætti rauðsokka, kosti þeirra og galla og einnig verkefni sem rauðsokkar tækju fyrir. Vorið 1972 gat stjórnmálaforinginn Jóhann Hafstein, enn í góðri trú, ávarpað kvennahóp svo: Hvar værum VIÐ ef ÞIÐ konurnar stæðuð ekki á bak við OKKUR; þá var svo komið að sumar konur spurðu sig í hljóði: Hverjir standa á bak við okkur þegar á þarf að halda?

Veturinn hafði verið annasamur með miklum fundahöldum inn á við og út á við, miklum umræðum um ýmiss konar málefni og margar okkar skynjuðu þörf fyrir að styrkja hópinn og skerpa áherslur og innviði. Leið að Jónsmessu og þá fæddist góð hugmynd. Fenginn var til afnota skíðaskáli í Skálafelli, bílfar að og frá var fastsett og boð látið út ganga að þeir sem hefðu starfað í hópum um veturinn gætu komið og eytt sumarnóttinni á fjöllum, að útlögðum kostnaði og með eigið nesti. Margar tilkynntu sig, haldið var af stað snemma kvölds og hópurinn sóttur aftur í morgunsárið. Skálinn beið þeirra sem þar vildu sitja og ræða saman, nokkrar gengu upp á fellið og aðrar dreifðu sér um hæðir og hóla, um miðnætti var kveiktur eldur og matast við hann. Birta var mikil, „logn var veðurs“ og glampandi sól, en þegar leið á sumarnóttina virtist flest vera fullrætt og þá aðeins eftir að njóta þess að vera úti í íslenskri náttúru, er við sem hana þekkjum teljum að ekki eigi sinn líka. Hópurinn sem kom til baka fyrir dagmál var endurnærður og tilbúinn til áframhaldandi starfa.

Það tímabil sem ég starfaði með Rauðsokkahreyfingunni, frá ársbyrjun 1971 fram á haust 1974, fór ég ásamt ýmsum öðrum í heimsókn til fjöldamargra félagasamtaka og einkaaðila. Var það auðvitað margt með svipuðu sniði, ævinlega áhugavert en þjónar ekki tilgangi að rekja slíkt efni lið fyrir lið í stuttri ritgerð. Ég hlýt þó að geta ferðar austur að Eiðaskóla á fund með nemendum þar, um miðjan mars 1973. Það var eftirminnilegt að koma í fundarsalinn og sjá þennan skara ungmenna, stúlkur og pilta, sem öll höfðu af tilefninu klæðst rauðum sokkum og finna áhuga þeirra og næstum ákefð að heyra eitthvað nýtt. Við vorum tvær rauðsokkur þarna á ferð, höfðum báðar framsögu og gáfum síðan tíma til fyrirspurna.

Í máli mínu lagði ég í fyrstu út af setningunni: Með lögum skal land byggja. Ég tók m.a. dæmi af ungmennum í Frakklandi sem nýlega hafði verið greint frá:

> Ungt fólk í París lagði undir sig skóglendi í nágrenninu og stofnaði nýlendu þar sem að þeirra mati algert frjálsræði ríkti og nefndu sjálfa sig hippa. Flest þeirra komu frá millistétt, mettuð af fyrirhyggju þjóðfélagsins og venjubundnum ramma daglegs lífs; þau voru ekki botnfallið úr stórborginni heldur afturkast í straumi venjubundins mannlífs. Innan árs var tilraunin um „frjálst samfélag“ farin út um þúfur. Aðspurð hvers þau hefðu helst saknað í nýlendunni sögðu þau að þegar nýjabrumið var farið

> þá fyrst og fremst LAGA og RÉTTAR. Einnig heilbrigðis og hreinlætis, þá einkalífs og eignarréttar, síðan refsivalds og þannig rakti sig hvað af öðru uns hið venjubundna varð aftur hið rökrétta. En dýrmæt reynsla var fengin með raunhæfri tilraun.[22]

Margt fleira var auðvitað í þessu innleggi mínu en eftir fundinn þegar spurningarnar flæddu yfir okkur töluðu nemarnir mikið um þetta mál og hvernig, þegar allt kemur til alls, hið venjubundna og þrautreynda reynist stundum best. Eiginlega var þetta býsna hollt fyrir okkur rauðsokkurnar.

Um miðjan janúar 1973 hófst lota tíu funda sem Rauðsokkahreyfingin efndi til og var fluttur einn útvarpsþáttur hverju sinni úr flokknum *Ég er forvitin rauð*. Ýmsir höfðu ekki átt þess kost að hlýða á þættina fyrr þar eð þeir voru fluttir á þeim tíma dags þegar margir eru bundnir við vinnu. Með endurflutningi þáttanna var ætlunin að mynda kveikju að umræðum um efnið, fá fram ný viðhorf og e.t.v. gagnrýni á þær skoðanir sem þar komu fram. Fundirnir voru hálfsmánaðarlega til vors og fóru fram í sal á Grettisgötu 3, yfirleitt vel sóttir og kom margt nýtt fólk.

Í desember 1973 efndu rauðsokkar til hópferðar í Þjóðleikhúsið á *Brúðuheimilið*, leikrit eftir norska höfundinn Henrik Ibsen. Við lok sýningarinnar fóru fram umræður milli leikenda og áhorfenda í svo til fullsetnu húsinu. Höfundur samdi verkið árið 1879 og fjallar þar á áhrifamikinn hátt um stöðu konunnar, einkum í hjúskap, og var sagt að hurðarskellurinn þegar Nóra, aðalpersónan, í lokin fer frá eiginmanni, heimili og börnum hafi heyrst um alla Evrópu. „Flestar persónanna í Brúðuheimilinu áttu sinn fulltrúa í salnum og því urðu sérlega fjörugar og litríkar umræður eftir leiksýninguna," er haft eftir Sveini Einarssyni þjóðleikhússtjóra í blöðum daginn eftir.[23] Ein rauðsokka sem var í áhorfendasalnum kom með þá rökréttu athugasemd að nútíma Nóra væri ekki í eins góðri aðstöðu og Nóra fyrir einni öld. Hún hafði tvær stúlkur í heimilinu, barnfóstru og vinnukonu. En nútíma Nóran býr með heimilistækjum og ekki getur verið auðvelt að stökkva frá þremur ungum börnum í félagsskap við þvottavélar og ísskápa þó að eitthvað slettist upp á hjónabandið.

Á fullveldisdaginn 1. desember 1973 hittust rauðsokkar í Hamragörðum, félagsheimili samvinnumanna í Reykjavík, og drukku þar morgunkaffi á eigin vegum, með rúnnstykkjum, smjöri, osti og marmelaði, og ræddu saman af kappi. Af boðunarlista sést að 26 hafa komið þann morgun til að eiga góða

stund innan hópsins; þessi aðstaða var oftar til reiðu og notuðum við okkur það iðulega á laugardagsmorgnum. Húsakynnin voru rúmgóð og heppilegt var, eftir að starfandi rauðsokkum fjölgaði, að allir gætu hist samtímis. Þegar leið fram á árið 1974 komu rauðsokkar sér upp félagsheimili á Skólavörðustíg 12. Varð þar miðstöð starfseminnar; síðdegis var opið hús og sjálfboðaliðar fylgdu því eftir, blöð og annað lesefni lá frammi, fundaraðstaðan var góð og starfseminni lyftistöng.

Geta má þess að rauðsokkar voru kröfuharðir við sjálfa sig þegar þeir þurftu að tala í heyranda hljóði og fóru því í framsagnarþjálfun. Brynja Benediktsdóttir leikari tók að sér að leiðbeina í framsögn og hófst námskeiðið á Ásvallagötu 8 þriðjudagskvöldið 21. apríl 1972 kl. 19.30–21.00. Í fyrsta tíma höfðu 23 rauðsokkar skráð sig og samkvæmt þátttökulista má ætla að kennt hafi verið í fjögur skipti við góða aðsókn; framtakið telst lofsvert og kennarinn var virtur.

Starfshópur rauðsokka um jafnréttismál, sem tvær skipuðu, sendi hollvini Rauðsokkahreyfingarinnar, Önnu Sigurðardóttur, forstöðumanni Kvennasögusafns Íslands, heillakveðjur með þökk fyrir bakstuðning í starfi í afmælisgrein í dagblaði í tilefni 65 ára afmælis hennar 5. desember 1973. Greinin endar á eftirfarandi orðum: „Kæra Anna! Þú hefur ekki látið púðrið vökna. Rauðsokkar taka þig sem fordæmi um óeigingirni, þar sem ekki er krafist daglauna að kveldi – en í eigingirni mælum við: Gott er að eiga þig að.“[24] Var það óumdeilt sjónarmið því að rauðsokkar leituðu óspart til Önnu við öflun efnis í störfum sínum eða til að fá staðfestar heimildir. Anna var hafsjór af fróðleik, fús að veita af honum og þankagangur rauðsokka virtist henni ekki á móti skapi.

Starfshópur rauðsokka um jafnréttismál er aftur á ferðinni í október 1974, nú skipaður þremur konum og aðeins einni sem einnig var í fyrri hópnum. Tilefnið kemur fram á einblöðungi sem ber yfirskriftina ANDLEG KYNVILLA og byrjar svo:

> Síðastliðinn sunnudag var í fyrsta sinn vígð kona, Auður Eir Vilhjálmsdóttir, til prestsembættis á Íslandi. Rauðsokkar fagna því, að þetta skarð er rofið í múr fordómanna. Á Norðurlöndum fer konum fjölgandi í prestastétt, þótt enn gæti þar nokkurrar andstöðu, sem á þó fremur rót sína að rekja til kirkjunnar en safnaðanna. Úr hópi þjónandi presta er einn sem vill ekki

Mynd á næstu opnu: Hópur rauðsokka var meðal sýningargesta á *Brúðuheimili* Ibsens í Þjóðleikhúsinu 9. desember 1973 og tók þátt í líflegum umræðum að sýningu lokinni.

sætta sig við kvenprest og ber fyrir sig guðfræðileg rök. Sá er illa villtur í trú sinni, sem telur kynferði prestsins skipta meira máli en boðskapurinn. Mundi ekki nærri lagi að kalla slíkt andlega kynvillu? Rauðsokkar óska Auði Eir þess, að af starfi verði hún vegin og metin – það er í samræmi við sjónarmið þeirra. Hæfni til að gegna störfum hlýtur að byggjast á gerð einstaklingsins án tillits til kynferðis. Rétturinn skal vera óskoraður, það eru einföld rök sem hljóta að duga mönnum best í mannheimi![25]

Sérverkefni og líður að lokum

Við lok heimsstyrjaldarinnar síðari 1945 var að bestu manna yfirsýn óhjákvæmilegt, með raunhæfum aðgerðum, að stemma stigu við að slíkur hildarleikur endurtæki sig.

Þjóðir heims gerðu með sér sáttmála sem gekk í gildi 24. október 1945 og telst dagurinn síðan stofndagur Sameinuðu þjóðanna (SÞ). Ísland gerðist aðili 19. nóvember 1946.

Samkomulagið er staðfesting þeirra viðhorfa að allir menn, konur og karlar, séu bornir frjálsir og skuli njóta sömu mannréttinda. Í inngangi er tekið fram að konur og karlar skuli njóta jafnra réttinda. Hlutverk SÞ er að stuðla að því að þessum háleitu markmiðum verði náð í reynd. Meginhugmyndin er að ef enginn gengur á annars rétt sé ekki tilefni til átaka.

Í mannréttindayfirlýsingu SÞ frá 10. desember 1948 eru almenn mannréttindi skilgreind. Áréttað er að sérhver eigi að njóta þessara réttinda, þau skuli vernduð með lögum og stjórnvöld aðildarríkja SÞ hvött til að flýta því að þau komist á, þar með talin jöfn réttindi kvenna og karla.

Alþjóðavinnumálastofnunin, ein af undirstofnunum SÞ, gerði samþykkt (nr. 100) 1951 um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf og aðra samþykkt (nr. 111) 1958 varðandi misrétti með tilliti til atvinnutækifæra og starfsöryggis. Ísland hefur, fyrir sitt leyti, fullgilt þessar samþykktir, þá fyrri 1958 og hina síðari 1964.[26]

Ísland hafði því skuldbundið sig til að koma jafnrétti kynjanna á í reynd og aðgerðir í þá veru voru Lög um launajöfnuð kvenna og karla nr. 60/1961 sem tóku gildi í áföngum til ársins 1967. Í fyrstu grein laganna segir svo: „Á árunum 1962–1967 skulu laun kvenna hækka til jafns við laun karla fyrir sömu störf í eftirfarandi starfsgreinum: almennri verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu og verzlunar- og skrifstofuvinnu.“

Verkalýðsforinginn Jóhanna Egilsdóttir, þá nær áttræð, kallar þessi lög „sögulegt tímamótaplagg“ og vissulega voru þau það í fleiri en einu tilliti og segir frekar af því í æviminningum hennar. Og einnig eftirfarandi: „Allt frá því að ég heyrði í fyrsta sinn nefnd af vörum Bríetar Bjarnhéðinsdóttur orðin *sömu laun fyrir sömu vinnu,* hef ég gert mér ljóst, að í þeim var fólgið æðsta takmark okkar verkakvenna í kjarabaráttunni.“[27] Þarna var sá draumur að rætast. En máltækið segir að ekki sé sopið kálið þótt í ausuna sé komið, og langt má komast með einbeittum vilja til að sniðganga réttlætið. Lögin áttu undir högg að sækja þar eð þau gengu þvert á það sem var viðtekið og venjubundið, að konur hefðu lægri laun en karlar í samskonar störfum. En andi laganna hefur unnið á enda þótt konur megi enn þann dag í dag búa við launamisrétti.

Lögin rötuðu beina leið inn á mitt vinnuborð þar sem ég sat við launamálin. Fyrst og fremst þurfti að gæta að ákvæðinu um árvissa hækkun kvenna í ófaglærðum störfum, konunum við ræstingar og á skrifstofunni, en það komst upp í vana uns markinu var náð á árunum sex. Við nokkur stéttarfélög var að eiga og eftir hverja samningalotu á vinnumarkaðinum komu ný taxtablöð og ævinlega með tveimur dálkum, karlalaun í öðrum og kvennalaun í hinum og gat munurinn milli kynja í samskonar starfi verið allt að 20% lægri ef konur áttu í hlut. En þegar pælt var í starfsheitum voru þau einnig að mestu kyngreind og viðhéldu þeim vana að sundurgreina störfin eftir kynjum.

Á skrifstofum stéttarfélaganna var skilningi að mæta og vilji til að bæta, undantekning var ef imprað var á rauðsokkastælum. En gæta varð að tungumálinu dýra, ekki mátti misþyrma því og ýmsir voru fastir í þeim málskilningi að orðið maður þýddi karlmaður, samanber bókarheitið *Maður og kona.* Flett var upp í orðabók Menningarsjóðs um hvernig orðið maður væri skilgreint: tvífætt og tvíhent spendýr, hið eina sem hefur lært að tala og notfæra sér orkulindir utan eigin líkama (*homo sapiens*)[28] – sem sagt tegund sem merkti bæði karl og kona, kvenmaður og karlmaður. Þvottakona gat verið ræstir eða ræstitæknir, símastúlka varð símavörður, vélritunarstúlka einfaldlega ritari, ráðskona leyst af sem bryti eða matráður, dropinn hefur holað þennan stein og mörg falleg og lýsandi starfsheiti eru nú til.

Því hefur verið haldið fram að þýðingarlaust sé að rita greinar í dagblöð, svo fáir lesi þær, í hæsta lagi tvö þúsund manns í allt sem líti á málin. Aftur á móti er texti í blöðunum sem hvert mannsbarn lítur ósjálfrátt yfir, þ.e. fyrirsagnir

og myndatextar. Var það mál tekið til skoðunar og gaf á að líta ef hugað var að hver hlutur kvenna var í því efni. Venjan bauð ef myndbirting var af hjónum að nafn karlsins væri skráð skýrum stöfum en konan fékk oftast þriggja stafa orðið „frú“, hún var sem sagt aðeins viðhengi hans. Sama var uppi á teningnum í texta í fyrirsögnum, nafns konu sjaldnast getið ef hún kom á annað borð við sögu. Tólfunum var þó kastað eitt sinn er mynd birtist af þekktum hjónum sem sátu úti við og nutu veðurblíðu ásamt hundi sínum. Í myndatextanum var getið um nafn hans og heiti hundsins en hennar ekki. Var nú ekki hægt að láta kyrrt liggja og haft samband við fjölmiðilinn. Athugasemd var vel tekið, þetta var eiginlega algjört hugsunarleysi og af gömlum vana. Tókum við nú höndum saman tvær í hóp og fylgdumst með dagblöðum, sem þá voru minnst fjögur talsins, og einnig öðrum fjölmiðlum eftir því sem við komumst yfir. Það vakti okkur ánægju þegar við merktum að bati á þessu sviði kom næstum sjálfkrafa, aðeins hafði þurft að vekja athygli á fyrirbrigðinu.

Mikil vakning var hjá konum að láta skrá nafn sitt og starfsheiti í símaskrána. Ég brá fljótt á það ráð en hlaut mótbárur hjá viðkomandi starfsmanni símans. Hafði eiginmaður minn leyft þessa viðbótarskráningu var spurt og taldi ég að svo væri. Höfðu konur gert sér grein fyrir hversu fyrirferðarmikil símaskráin myndi verða ef öll þessi nöfn bættust við? Var þá stungið upp á, til úrbóta, að fækka mætti karlanöfnum á móti en auðvitað var þetta ekki vinsamleg tillaga og eiginlega fremur hortug. Hringt var heim til eiginmanns míns og hann inntur eftir því hvort hans samþykki væri fyrir skráningunni og tel ég það bera vott um vönduð vinnubrögð þar eð hann var handhafi símans.

Þegar kom fram á vor 1974 mátti skynja þá spennu sem fylgir aðdraganda kosninga og áður er drepið á hér að hafi sett mark sitt á efnisval í málgagni rauðsokka, *Forvitinni rauðri*, útgefnu 1. maí það ár. Framundan voru tvennar kosningar, reglubundnar til sveitarstjórna og til alþingis eftir þriggja ára setu ríkisstjórnar. Málefnalega hleðslu mátti merkja í almennri umræðu, karlar heyrðust tuldra að ekki mætti hleypa konum of langt og bráðungar stúlkur höfðu orð á að umpóla þyrfti þjóðfélaginu. Það er ekkert nýtt að hinar pólitísku tilfinningar reynist heitari en venjulegar og vill gleymast hið margreynda að styrkurinn felst í rósemi; en allt er þetta hægara ort en gert.

Undanfarin fjögur ár höfðu rauðsokkar verulega látið til sín taka í samfélaginu og raunverulega sett svip á daglegt líf. Við höfðum leitast við að tendra eld hugsjóna hjá öðrum og opna augu fólks fyrir aðstöðumun kynjanna, brýnt

íslenskar konur til að þekkja sinn vitjunartíma og losa af sér viðjar vanans. Þróunarsjóður SÞ safnaði upplýsingum um stöðu kvenna í heiminum og samkvæmt þeim höfðu íslenskar konur besta formlega stöðu en því hafði ekki verið framfylgt í reynd. Mætti því ef til vill skilgreina áherslupunkt rauðsokka þar sem skarst í odda með lagalegum réttindum og venjubundnum viðhorfum.

Þess varð vart að reynt væri að etja konum saman til að splundra samstöðu þeirra, húsmæðrum gegn útivinnandi konum, verkakonum gegn menntakonum og þar fram eftir götum. Og vissulega sáu ýmsir í rauðsokkum samstilltan hóp sem þeir gjarnan vildu notfæra sér eigin málstað til framdráttar. Rauðsokkahreyfingin hafði á sér þverpólitískt yfirbragð fram á sumar 1974 og auðvitað opnaði það henni fleiri dyr en ella hefði orðið en lokaði ef til vill öðrum.

Á fyrstu sumardögum 1974 var í undirbúningi tveggja daga ráðstefna Rauðsokkahreyfingarinnar á Skógum undir Eyjafjöllum og var að mörgu að hyggja. Finna mátti í blaðagreinum að lifandi áhugi var á því sem rauðsokkar aðhöfðust og bar að meta það. Ein rauðsokka rétti mér blað með handskrifuðum texta og þeim orðum að hún vildi að ég læsi og varð ég við því; fyrir bragðið kom ég ekki alveg af fjöllum á fyrrnefndri samkomu á Skógum. Þessa samstarfskonu mína hafði ég áður haft í metum, taldi mig margt hafa lært af henni fyrr, en ekki minna er hér var komið.

Vel viðraði til ferðalags austur undir Eyjafjöllin og við ferðalangarnir, 35 að tölu, vorum í besta skapi. Tvær konur bættust í hópinn sem ekki höfðu áður starfað með hreyfingunni og voru þrjú börn þeirra með í förinni og ein rauðsokkan hafði ungbarn sitt með sér heldur en missa af atburðinum og allt jók þetta á fjölbreytnina. Við fengum góðan beina á staðnum og þar var sundlaug til afnota. Fyrsta kvöldið, föstudaginn, var kvöldvaka, fólk náði vel saman og börnin fluttu leikþátt sem gerður var góður rómur að og þeim spáð bjartri framtíð á leiksviði lífsins. Að laugardagsmorgni hófst fundahaldið með því að lögð var fram tillaga að nýrri stefnuskrá fyrir Rauðsokkahreyfinguna og var þar brotið upp á atriðum sem báru í sér frávik frá þeim markmiðum sem hreyfingin hafði samþykkt og unnið eftir frá stofnun 19. október 1970. Eðlilega urðu miklar og langar umræður um svo afgerandi mál. Að sunnudagsmorgni héldu fundarstörf áfram og var þá lögð fram önnur tillaga sem efnislega tók mið af fyrri markmiðum hreyfingarinnar. Var nú enn sest á rökstóla og að því búnu gengið til kosninga um báðar tillögurnar. Fékk tillagan að nýrri stefnuyfirlýsingu yfirgnæfandi meirihluta eða 23 atkvæði gegn 5, þrír atkvæðaseðlar voru

auðir en fjórir fundarmenn voru farnir áður en atkvæðagreiðsla fór fram. Hér var rétt að framkvæmd staðið og komist að lýðræðislegri niðurstöðu. Nýja stefnuyfirlýsingin var svohljóðandi:

> Barátta kvenna fyrir jafnrétti kynjanna verður ekki slitin úr tengslum við baráttu undirokaðra stétta fyrir þjóðfélagslegum jöfnuði, né heldur verður sigur unninn í verkalýðsbaráttunni án virkrar þátttöku kvenna.
>
> Í aðaldráttum er barátta tvíþætt; annars vegar fyrir breyttu þjóðfélagi gegn kúgunar- og afturhaldsöflum, samfara tímabundnum umbótum í þjóðfélaginu, og hins vegar sú uppbygging, sem snýr að konum sjálfum, vitundarvakning, andspyrna gegn bælandi uppeldis- og umhverfisáhrifum og aldagömlum fordómum og hefðum.
>
> Undirokun kvenna er efnahagslegs og kynferðislegs eðlis. Langvarandi bæling kvenna hefur fyrr og nú verið framkvæmd vitandi vits í þeim tilgangi að hagnast á vinnuafli þeirra innan heimilanna og á vinnumarkaðinum og að viðhalda kynferðislegri kúgun. Ríkjandi efnahagskerfi byggist að miklu leyti á hreyfanlegu vinnuafli, sem grípa má til eftir því hvort um er að ræða þenslu eða samdrátt í atvinnulífinu. Íhlaupavinnuaflið er fyrst og fremst konur, og konur eru meginþorri hinna lægst launuðu hvar sem er í atvinnulífinu.
>
> Þess vegna verður að heyja baráttu kvenna fyrir frelsi og jafnrétti með vopnum stéttabaráttu.
>
> Samþykkt að Skógum 16. 6. 1974.[29]

Við uppgjörið á Skógum varð ég í minnihluta og af því leiddi að þegar leið á sumarið 1974 dró ég mig í hlé frá störfum með rauðsokkum. Var það með nokkurri eftirsjá því að samstarfið hafði verið farsælt og lærdómsríkt, þéttleiki í persónulegum samskiptum og hefur sá kunningsskapur allur haldið velli. En ég vildi ekki yfirgefa málstaðinn: mannréttindi, kvenna og karla, algild hvernig sem þjóðfélagskerfið er í það og það sinnið. Ég hef litið á þetta sem aðskilin mál, annars vegar algilt málefni og hins vegar tímabundnar og breytilegar kringumstæður.

Ég sótti um aðild að Kvenréttindafélagi Íslands (KRFÍ) og var þar varaformaður um skeið og í ritstjórn ársritsins *19. júní*. KRFÍ er aðili að Alþjóðasamtökum kvenréttindafélaga (IAW). Ég var nokkur ár í stjórn IAW og sótti þá fundi m.a.

Stjórn Alþjóðasamtaka kvenréttindafélaga, IAW, fundaði í Teheran 1978. Hér sést Farah Diba, keisaraynja í Íran, heilsa stjórnarmanninum Björgu Einarsdóttur í móttökuathöfn til heiðurs IAW. Þetta varð eitt af síðustu opinberu verkum keisaraynjunnar, því fáum dögum síðar var eiginmanni hennar steypt af stóli og stjórn IAW komst með herkjum úr landi.

í Dublin og Teheran og hafði veg og vanda af einni af fastanefndum samtakanna.

Á kvennaárinu 1975 bauðst okkur fjórum konum vikulega rúm á síðum *Morgunblaðsins* fyrir efni sem okkur væri hugleikið og hefði í heiðri áherslur kvennaársins: Jafnrétti – framþróun – friður. Við héldum úti dálkunum „Í tilefni kvennaárs“ og reyndum að höfða til sem flestra kvenna, hvar í stétt sem þær stæðu. Við þessar fjórar höfðum reyndar allar hist á ráðstefnunni á Skógum.

Alþjóða kvennaár SÞ 1975 var voldug hvatning til kvenna um allan heim. Hjá KRFÍ var mikil vinna tengd þeim tíma, því það félag var virkur þátttakandi í viðburðum ársins; í húsakynnum þess, á Hallveigarstöðum við Túngötu í Reykjavík, fór fram skipulagning og undirbúningur kvennafrísins 24. október 1975.[30] Því verður ekki á móti mælt að hugmyndin um kvennafrí kom fram hjá Rauðsokkahreyfingunni og þar hélst hún vakandi. En beint tilefni kvennafrísins var tillaga sem samþykkt var á kvennaársráðstefnu á Loftleiðum í júní 1975, svohljóðandi:

„Kvennaársráðstefnan, haldin 20. og 21. júní 1975, skorar á konur að taka sér frí frá störfum á degi Sameinuðu þjóðanna 24. október næstkomandi til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags síns.“[31]

Samkvæmt orðanna hljóðan var aðgerðinni einfaldlega ætlað að leiða í ljós hver hlutur kvenna hér á landi væri í rekstri þjóðfélagsins. Hann reyndist vera

af þeirri stærðargráðu að þegar konur lögðu niður störf, heima og heiman, stansaði atvinnulífið.

Með þvílíkt sönnunargagn að vopni hefðu landvinningar á launamarkaðinum átt að vera auðsóttir – en gamla sagan er að Róm var ekki reist á einum degi.

Á erlendri grundu

Sumarið 1972 dvaldist ég um skeið í Danmörku. Ég komst þá í samband við rauðsokka þar og það var afar áhugavert. Hópurinn var í húsnæði fremur miðsvæðis í Kaupmannahöfn, líklega á Norðurbrú. Þar var jafnan opið hús þegar leið á daginn og margir litu inn, mestmegnis ungar konur, sennilega flestar á heimleið frá vinnu. Ævinlega voru líflegar umræður og suma daga beinlínis umræðufundir. Mér fannst til um hversu rauðsokkurnar voru þjálfaðar í að tjá sig og höfðu margt á hraðbergi. Einkum fannst mér áhugavert þegar markviss umræða var um hugmyndafræðilegt starf, oft voru deildar meiningar um hvort rauðsokkarnir héldu sig við tiltekna hugmyndafræði eða rokkuðu milli kerfa.

Ég áttaði mig á hversu raunverulega lítið var um slíkar samræður hjá okkur rauðsokkunum í Reykjavík. Ég tel að okkar hópur hafi fremur flokkast undir að vera baráttuhreyfing en fastmótaður eftir línum lögðum að tiltekinni hugmyndafræði. En þetta er ef til vill sá munur sem er á Íslendingum og nágrannaþjóðunum, hérna blasir við í návígi það sem er ógert eða bráðliggur á að hrinda í framkvæmd. Ekki er auðvelt fyrir okkur að skapa fjarlægð frá teoríu og að praxís líkt og unnt er hjá fjölmennari þjóðum. Í fámenninu hérna býr fólk við það að ef þú gerir ekki það sem nauðsynlega þarfnast framkvæmdar þá er enginn annar til þess.

Enn fremur tók ég eftir því hversu tíðrætt dönsku rauðsokkunum varð um heimsmálin í víðara samhengi, enda Danmörk lítið land, nánast aðeins skagi norður úr stóru ríki og á vafalaust mikið undir þeirri sambúð. Hópurinn í Höfn var greinilega í lifandi sambandi við Women's Lib. í BNA, uppi við voru myndir og plaköt þaðan og frammi lágu blöð og tímarit að vestan. Þarna varð gestum og gangandi tíðrætt um femínisma og skilgreiningu á því fyrirbæri og voru nefndar þrjár meginlínur: a) jafnrétti þegnanna, b) jafnrétti kynjanna, c) kvenfrelsi. Hins vegar var fátt sem minnti á sænsku rauðsokkana sem höfðu þó látið til sín taka með hinum fræga Grupp 8. Að öllu samanlögðu fannst mér til um að koma

þarna og hefði talið að fyrir okkur í Reykjavík hefði verið upplýsandi að hafa samband við dönsku rauðsokkana.

Geta ber farar á Eystrasaltsvikuna í Rostock í þáverandi Austur-Þýskalandi sumarið 1973. Því er gjörsamlega stolið úr minni mínu hvernig þetta boð kom til en að minnsta kosti tvær rauðsokkur voru með í för. Erindi mitt var að vera með innlegg í málstofu um jafnréttismál og skyldi ég gera grein fyrir stöðu íslenskra kvenna, lagalegri, á vinnumarkaðinum og almennt í jafnréttismálum og bjó ég mig undir það. Ekki var ég þýskumælandi að gagni og var túlkur með hópnum.

Alltaf er upplyfting að fara af bæ og þetta reyndist skemmtileg ferð í góðum hópi fólks. Flogið var til Kaupmannahafnar, gist þar eina nótt og síðan ekið með járnbrautarlest suður til Gedser og ferjan tekin þaðan til Warnemünde á norðurströnd Evrópu og var þá ekki langt á áfangastað. Landarnir voru yfirheyrðir í lestinni um það hvernig þeir hefðu eytt kvöldinu í Höfn, en þá var Ísland enn bjórlaust land og sýndi sig að allir höfðu farið á krárnar að slökkva þorstann nema tvö okkar, aldinn verkalýðsforingi og ég, sem bæði fórum á bíó og sá hann Mikka mús en ég Chaplin. Við erum á sitt hvoru landshorninu í pólitík heima á Íslandi en eigum þetta sameiginlegt.

Móttökur voru eftirminnilegar, heil vika við söng og dans, kynnisferðir til áhugaverðra staða, veislur og fundahöld. Málstofan um stöðu kvenna og jafnréttismál var fjölsótt og virtist mér þar mættar konur frá flestum ríkjum í austanverðri Evrópu. Það var ekki aðeins að ég væri með mitt innlegg, sem endaði á að segja frá hugmyndinni um frídag allra kvenna sem viðstöddum leist ekki á, heldur fékk ég vitneskju um málin í landi hverrar konu fyrir sig. Mér virtist áhersla lögð á að létta undir með konum sem ættu ung börn, m.a. með því að gera þeim kleift að hætta tveimur tímum fyrr í vinnu til að sækja börnin í tæka tíð á leikskólann. Að hætti Reykjavíkur-rauðsokka spurði ég þegar í stað hvort faðir barnanna ætti ekki kost á slíkum fríðindum ef hann vildi. Voru þá settar á miklar tölur til að útskýra fyrir mér hvers vegna ekki og komið kaffi áður en því lauk. Það er bæði gagnlegt og uppbyggilegt að kynnast viðhorfum og aðstæðum fólks á ólíkum stöðum, því sú hætta er auðvitað ávallt fyrir hendi að fólk sem fátt sér og heyrir verði of heimaalið.

Sumarið 1976 sótti ég þing IAW sem haldið var á Long Island í New York-ríki. Þarna voru konur hvaðanæva að úr heiminum og ótrúlega skemmtilegt

að hitta þær og blanda við þær geði. Þingið stóð í viku og fór skipulega fram og mér virtist bresku og norrænu konurnar setja mikinn svip á fundastörfin með öryggi sínu og þjálfun í vinnubrögðum. Umræður voru efnismiklar og víðfeðmar. Allar höfðu heyrt um kvennafríið á Íslandi og voru ákafar að fregna hvernig það hefði verið framkvæmt. Endaði það með því að eitt kvöld var tekið í að útskýra atburðinn og fékk ég þá spurningu frá blökkukonu: Voruð þið ekkert hræddar um að verða skotnar? Það hafði okkur íslensku konunum síst dottið í hug þótt við mættum ekki til vinnu einn dag.

Eftir þingið var ég eina viku í New York-borg með tveimur norskum konum og við gerðum víðreist. Meðal annars höfðum við uppi á félagsmiðstöð samtaka sem kölluð voru Redstockings og minntu að hluta á rauðsokkur en aðalviðfangsefnið var þó að reka hjálparstöð fyrir konur. Borgarhverfið hafði gefið leyfi fyrir aðstöðu í gamalli slökkvistöð sunnarlega á Manhattan og þar var opnuð hjálparvakt síðdegis hvern dag. Okkur var boðið að koma þangað einn dag til að kynnast því hvernig hlutirnir gengu fyrir sig. Mörg borð með símum voru þar og eitt stórt skiptiborð. Inn streymdi alls konar fagfólk: félagsráðgjafar, sálfræðingar, hjúkrunarfólk, læknar, lögfræðingar og aðstoðarfólk af ýmsu tagi, allt sjálfboðaliðar, og raðaði sér við borðin. Símalínurnar í skiptiborðinu voru glóandi og símtölunum var skipt út til fagfólksins eftir tilefni. Fyrir utan voru bílar og hjálparfólk sem var tilbúið að fara þangað sem þurfti eða aðkallandi ástand gaf tilefni til.

Segja má að þarna hafi neyð fólks birst í hnotskurn og með skelfilegum hætti, en jafnframt hversu mikilvægt starf var þarna unnið. Ef til vill eru orðræður um jafnan rétt karla og kvenna ekki fyrsta mál á dagskrá þeirra sem telja sig vera í aðstæðum til að leita í slíka hjálparstöð. En gæti verið í bakhöndinni ef og þegar betur árar í lífi fólks. Við stöllurnar þrjár sem þarna vorum áhorfendur hugsuðum með feginleik til okkar fjarlægu heimalanda. En borgin sem aldrei sefur, eins og það er kallað, býður upp á margt og merkilegt og ein vika dugar skammt til að kynnast því.

Að síðustu

Skrifin sem hérna birtast eru nær eingöngu upprifjun á þeim hluta ævi minnar sem tengist veru minni í Rauðsokkahreyfingunni og tengslum mínum við rauðsokka. Hvort tveggja var eftirminnilegt í lífi mínu og einnig er skylt að þeir sem

Útgáfufélagið Bókrún ehf. gaf meðal annars út greinasafn Helgu Sigurjónsdóttur, *Í nafni jafnréttis*, og hér handleika þær Björg (t.v.), formaður útgáfufélagsins, og Helga fyrstu eintökin í útgáfuteiti sem haldið var 8. desember 1988 á heimili Gerðar G. Óskarsdóttur við Brekkustíg.

komu við sögu á þeim tíma í íslensku þjóðlífi láti svo lítið að geta þess sem gert var.

Varðandi æviskeið mitt sem greint var frá í upphafi þessa pistils, og lítillega hefur verið aukið við á einum stað, má bæta við eftirfarandi: Ég hef verið í Sjálfstæðisflokknum síðan 1945 og starfað í flokksfélögunum í Reykjavík, var um skeið formaður Hvatar, enn fremur sat ég nokkur ár í stjórn flokksins og var einnig fáein skipti á listum við alþingiskosningar. Ásamt fleirum hef ég í heiðri kjörorðið: Einstaklingsfrelsi er jafnrétti í reynd. Ég er nú búsett í Hveragerði og þar er virkt félag sjálfstæðismanna svo einskis er vant í því efni.

En söguleysi íslenskra kvenna sótti á mig og ég hóf að flytja erindi í útvarpið um ýmsar konur vikulega í tvo vetur, 1984–1986. Síðan stofnuðum við fimm konur forlagið Bókrún ehf. og gáfum út, auk annars, þriggja binda ritverk um konur sem byggðist mikið til á útvarpserindunum. Tilgangurinn var að leiða í ljós að konur ættu sér sína eigin sögu hver og ein, aðeins þyrfti að gera henni skil. Síðan hef ég lagt til atlögu við fleiri ritverk.

Eins og sakir standa sit ég í hárri elli á heimili mínu og met hvern dag sem yfir mig gengur sem gjöf um meiri tíma til ráðstöfunar.

Heiti þessarar upprifjunar, „Frá lögum til reyndar“, er fengið úr einu af sérritum Sameinuðu þjóðanna.[32] Í ræðu sem ég flutti á kvennaársráðstefnu á Loftleiðum 21. júní 1975 mætti ætla að ég í upphafi hennar hafi verið með inntak þessara orða í huga. Þannig mælti ég þá:

„Hvað ætlar þú að verða þegar þú ert orðin stór?“

Telpan sem þessi spurning beindist að hafði nokkrum sinnum verið við messu og ætíð dáðst að þeim hagkvæmu vinnubrögðum sem þar birtust í því, að einn talaði við marga samtímis og hún áleit að það væri árangursríkt til að ná afköstum í mannlegum tengslum.

Þess vegna svaraði hún að bragði: „Ég ætla að verða prestur.“

Gagnviðbrögðin sem þetta afdráttarlausa stöðuval 6 ára stúlkubarns vakti á árinu 1931 voru jafn afdráttarlaus: „Stelpur verða ekki prestar.“

Sú hljóða undrun, sem fór um huga barnsins við þá uppgötvun að kyn hennar markaði henni bás, er ekki til útmálunar hér – en ef tekið er mið af því að árið 1911 öðluðust íslenskar konur lagalegan rétt til embætta eða eins og segir í lögum um rétt kvenna til embætta, náms og námsstyrkja (nr. 37/1911, 3. gr.): „Til allra embætta hafa konur sama rétt og karlar, enda hafa þær og í öllum greinum, er að embættisrekstri lúta sömu skyldur og karlar“ – ef tekið er mið af þessu er augljóst að jafnrétti að lögum leiðir ekki til jafnrar stöðu ef viðhorf fólks eru ekki samstiga inntaki lagabókstafsins.

Jafnframt færir það heim sanninn um að réttur sem ekki er nýttur fellur öðrum til handa.

Interlude

(skáld í eldhúsi ávarpar skáld í New York)
Tileinkað Federico Garcia Lorca

á borðinu epli
á borðinu tvö epli
á borðinu tvö græn epli
og rós
bleik rós
ég tek hníf
og rósina í hina höndina
og geng fram dimman ganginn
í eldhúsið
þar sker ég neðan af rósarstilknum
held henni síðan undir kaldri vatnsbunu
þessi rós vill ekki opna sig
þessi rós vill ekki springa út
þessi rós kostaði þrjátíu og fimm krónur
ég skrúfa meira frá kalda vatninu
í gær var allrasálnamessa
í gær keypti ég þessa rós

ég læt hana aftur í vasann
og tek hnífinn
og ræðst á
nýbakað sigtibrauð
kaffitíminn nálgast
ekki til setunnar boðið
á borðinu eru líka leifar af keilu
á borðinu eru líka kaldar kartöflur
á borðinu eru líka óhreinir diskar
á borðinu eru tvö græn epli
bleik rós og hnífur
ég geng fram dimman ganginn
í eldhúsið
læt vatn í pott
kaffitíminn nálgast
á borðinu eru tvö græn epli
bleik rós
og hnífur.

DREIFT INNRA ÓÞOL VERÐUR AÐ SAMSTILLTRI ÓLGU

VILBORG SIGURÐARDÓTTIR

Ekki get ég sagt að ég hafi ung komið auga á að fé og völdum væri misskipt milli karla og kvenna. En ég hef mínar afsakanir!

Ég er fædd 1939 í Núpasveitarskóla í Norður-Þingeyjarsýslu. Þar var móðir mín, Halldóra Friðriksdóttir, skólastjóri. Hún var frá Efri-Hólum í Núpasveit, hafði lokið kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1926 og gerst farkennari í Presthólahreppi, sem ekki er lengur til, en hann samanstóð af Núpasveit og Vestur-Sléttu. Árið 1929 var svo reist skólahús í hreppnum – og reyndar kirkja við hliðina. Mamma tók við skólahúsinu og hóf kennslu þar það ár. Árið 1932 gengu foreldrar mínir í hjónaband. Faðir minn, Sigurður Björnsson, var frá Grjótnesi á Melrakkasléttu. Hann hafði fengist við ýmislegt frá því hann lauk gagnfræðaprófi við Menntaskólann á Akureyri, meðal annars stundaði hann sjómennsku um hríð. Svo vann hann við bú foreldra sinna. Frá giftingu þeirra mömmu var hann við hlið hennar í rekstri skólaheimilisins auk þátttöku sinnar í búskapnum á Grjótnesi. Hann var oddviti sveitarfélagsins, sá um sjúkrasamlag og sinnti fleiri störfum á vegum sveitarfélagsins og sýslunnar.

Mamma skipulagði allt og stjórnaði öllu þarna heima. Hún var mild í fasi, virðuleg og alúðleg við alla, frekar alvörugefin, brosti oft en hló sjaldan. Orð hennar voru lög umhverfisins, börnin í skólanum beygðu sig undir forystu hennar eins og náttúrulögmál.

Faðir minn var oft í burtu en þegar hann var heima áttu margir erindi við hann vegna starfa hans sem fyrr er getið. Það voru eingöngu karlmenn sem töluðu mikið og hátt, fóru með gamanmál og hlógu. Það var heilmikið fjör í

kringum þá og stöðugt var verið að bera þeim einhverjar veitingar. Á hverju vori var haldinn fjölmennur fundur, svokallaður vorfundur, og þangað komu allir karlar í hreppnum. Aldrei kom nokkur kona á þessa fundi – en ekki tók ég neitt sérstaklega eftir því. Það var bara svona.

Í skólanum heima voru auðvitað bæði strákar og stelpur. Öllum kom vel saman, mamma leið ekki áflog og ef einhverjir árekstrar urðu var hún fljót að leysa úr málum. Mér finnst stelpurnar oftast hafa haft yfirhöndina en samkeppni var ekki áberandi. Mamma hlúði að öllum krökkunum og lét þá læra og læra. Hún stýrði líka leikjum og útivist, fór daglega með öll börnin í gönguferð í matarfríinu og svo var farið á skíði og skauta þegar snjór var og svell.

Þetta var glaðvært lítið samfélag þar sem ég held að öllum hafi liðið vel. Þó getur verið að ég hafi verið glámskyggn á það, tók því bara eins og það var án teljandi heilabrota, þetta var allt svo árekstralaust undir styrkri stjórn mömmu.

Kannski var þetta kvennaheimur, a.m.k. kvenstýrður. Ekki að furða þótt ég héldi að konur stjórnuðu heiminum – og þætti það eðlilegt! Heimili móðursystur minnar var í næsta nágrenni, hún stýrði fjölmennu heimili sínu af skörungsskap og glaðværð. Ömmur mínar báðar bjuggu nálægt, voru ekkjur og stóðu fyrir sínum búum.

Tvær af móðursystrum mínum voru forstöðukonur húsmæðraskóla og hjá annarri þeirra, Þórnýju Friðriksdóttur á Hallormsstað, dvaldist ég sumar eftir sumar og kynntist enn sterkari kvenveldisheimi en heima hjá foreldrum mínum. Móðursystir mín var hæstráðandi í sínum heimi og fyrirmynd mín í stóru og smáu.

Nýtt umhverfi

Foreldrar mínir fluttust til Reykjavíkur 1954 og við yngri systurnar hófum nám í reykvískum skólum. Eldri systir mín, Guðrún, var þá þegar gift og flutt austur á Hallormsstað til manns síns, Sigurðar Blöndal.

Við Sigurlaug, yngri systir mín, settumst í Laugarnesskólann og var tekið þar eins og hvítum hestum af bæði kennurum og nemendum. Björn bróðir okkar bjó fyrstu tvö árin hjá okkur, þar til hann giftist Herdísi Egilsdóttur og þau settu saman eigið bú.

Þótti okkur, a.m.k. mér – hvort sem það var tilviljun eða ekki – mjög mikið til sumra skólasystra minna koma en drengirnir voru enn um sinn í skugg-

Vilborg tíu ára með systur sinni og frænkum. Fremst er móðursystir hennar, Þórný Friðriksdóttir, forstöðukona Húsmæðraskólans á Hallormsstað, og frá vinstri fyrir aftan hana Guðrún Þórhallsdóttir (frænka), Guðrún Sigurðardóttir (systir) og Vilborg sjálf.

anum. Ekki varð ég vör við að piltar væru í meiri hávegum hafðir en stúlkur, námsárangur skapaði afstöðuna til nemenda – og þar voru stúlkur í fararbroddi í mínum bekk, bæði í Laugarnesskólanum og landsprófi við Vonarstræti.

Enn var ég blind á mismunun kynjanna en þegar litið er yfir farinn veg blasir það við að væntingar til kynjanna voru ólíkar; búist var við að piltar ættu eftir að klífa mannvirðingastiga þjóðfélagsins og stúlkur yrðu lukkulegar eiginkonur þeirra. Það sá ég þó ekki fyrr en löngu seinna þegar ég fór að leggjast í félagsfræðipælingar. Ég man reyndar að einn kennari okkar í menntaskólanum sagði að við stúlkurnar gætum haft gott af menntun okkar með því að fara með kennimyndir latneskra sagna við gólfþvott og þylja þýskar endursagnir yfir bakstrinum þegar fram liðu stundir. Mér fannst þetta bara hálfvitalegt – en öllu gamni fylgir nokkur alvara.

Eftir stúdentspróf vann ég á skrifstofu nokkur missiri og fór svo í stúdentadeild Kennaraskóla Íslands en var jafnframt í sagnfræðinámi í Háskóla Íslands. Ég var framan af steinblind á að mannkynssagan – að maður tali nú ekki um Íslandssöguna – væri karlmannasaga og kvenna lítið sem ekkert getið þar. Ég minnist þess þó að hafa hugsað eftir að hafa séð leikritið *Mutter Courage* eftir Bertolt Brecht, sem fjallar eins og kunnugt er um konu sem fylgir eftir herjum og orustum í þrjátíu ára stríðinu með allskyns söludót, að þar hefðu nú líklega

fleiri konur komið við sögu í ýmsu samhengi, að ekki sé nú minnst á það hvernig þessir stórkarlaleikir léku konur, börn og landið sjálft – lögðu allt í rúst, eyðilögðu allt.

Er þar kom að velja skyldi ritgerðarefni til lokaprófs í sagnfræði varð fyrir valinu kvenréttindabaráttan á Íslandi á seinni hluta nítjándu aldar og til þess dags sem færði íslenskum konum kosningarétt til alþingis með stjórnarskránni 1915.

Við heimildakönnun fékk ég nú gleggri sýn á ýmislegt sem ég hafði ekki tekið eftir áður eða fundist sjálfsagt. Ég hafði haft mjög óljósar hugmyndir um það hvernig íslenskar konur höfðu þurft að lúta í lægra haldi fyrir ofríki karlmanna og karlmiðuðum reglum samfélagsins, skráðum sem óskráðum. Mér var það mikil opinberun að kynnast nú því sem ég fyrst um sinn taldi horfinn heim en þegar ég fór að líta í kringum mig krítískum og upplýstum augum rann upp fyrir mér að ýmislegt sem ég var að lýsa í ritgerðinni af mikilli vandlætingu blasti enn við – sem sagt á árunum 1966–1968.

Mér þótti gaman að lesa um bresku kvenréttindakonurnar, sem kallaðar voru súffragettur þegar á þær var minnst á Íslandi, hvernig þær gengu ótrauðar á hólm við karlaveldið og efldust við hverja raun. Mér fannst að íslensku konurnar hefðu siglt lygnan sjó miðað við þau ósköp. Karlaveldið hérna var ekki eins hörkulegt en kannski var það enn lúmskara og „sjálfsritskoðun“ kvennanna dýpri, kannski voru þær ennþá varfærnari í því að hætta sér út á ystu nöf siðferðisviðmiðanna, kannski voru þær ennþá hræddari við fordæmingu samfélagsins. En gaman þótti mér að kynnast gegnum heimildirnar þessum löngu gengnu konum, ekki síst Bríeti Bjarnhéðinsdóttur, sem var brautryðjandi í kvenréttindabaráttunni, gaf út blaðið sitt, *Kvennablaðið*, í nærri 25 ár frá 1895 og stofnaði Kvenréttindafélag Íslands 1907 þegar henni þótti Hið íslenska kvenfélag hafa sofnað á verðinum. Bríet var alla tíð óþreytandi að vinna að réttindum kvenna og ekki hægt að segja annað en að henni og skoðanasystrum hennar hafi orðið nokkuð ágengt, að minnsta kosti voru að þeirra undirlagi samþykkt á alþingi 1911 lögin um jafnan rétt kvenna og karla til skólagöngu, styrkja og embætta með fulltingi Hannesar Hafstein sem var ráðherra og vinsamlegur þessum göfuga málstað. Margt fleira vannst í málum kvenna með forgöngu Bríetar.

Mæðgurnar Sigríður Þorsteinsdóttir og Ingibjörg Skaptadóttir á Seyðisfirði hófu útgáfu mánaðarritsins *Framsóknar* 1895 sem var að sínu leyti ekki síður

Konur á öllum aldri söfnuðust saman í Miðbæjarskólaportinu 7. júlí 1915 áður en þær gengu fylktu liði til hátíðarhalda á Austurvelli til að fagna nýfengnum kosningarétti kvenna. Merkum áfanga náð, en barátta margra kynslóða framundan fyrir jöfnum rétti kynjanna.

merkilegt en blað Bríetar og kannski hreinræktaðra kvenréttindablað því að þar voru einungis greinar sem fræddu um og studdu við kvenréttindamálstaðinn. Þær mæðgur voru líka duglegar að afla sér heimilda frá útlöndum og fræða lesendur sína. En blaðið þeirra kom ekki út eins lengi og *Kvennablaðið*; um aldamótin létu þær það í hendur Hinu íslenska kvenfélagi og Ólafía Jóhannsdóttir, fósturdóttir Þorbjargar Sveinsdóttur ljósmóður, ritstýrði því næstu tvö árin ásamt Jarþrúði Jónsdóttur. Þær Ólafía og Jarþrúður beittu sér fyrir því að bók John Stuart Mills, *Kúgun kvenna*, var þýdd á íslensku og gefin út af Hinu íslenska kvenfélagi 1901. Þær létu þá útgáfu koma í stað *Framsóknar* árið 1901. Svo kom það blað ekki út meir.

Skrifstofureynsla í karlasamfélaginu

Ég vann á skrifstofu nokkur misseri eftir stúdentspróf 1960. Það var nú aldeilis fróðlegt og skiptingin svo skýr á milli karla og kvenna að jafnvel ég, svo glámskyggn sem ég var, gat ekki komist hjá því að sjá það. Herrarnir voru í tignarstöðunum, skrifstofustjórar, deildarstjórar, sérfræðingar enda flestir há-

skólamenntaðir hagfræðingar. Stúlkurnar voru ritarar á talsvert lægri launum. Að vísu var ein kona í Framkvæmdabankanum hagfræðingur, sú merka og ógleymanlega Eiríka Friðriksdóttir frá Tékkóslóvakíu. Hún sat við sama borð og kollegar hennar af karlkyni. Við stúlkurnar vorum í afgreiðslunni, við símavörslu, vélritun og skjalavörslu. Auk þess höfðum við á okkar könnu að sjá um kaffi um miðjan daginn og hugkvæmdist ekki að setja nokkurt spurningarmerki við það. Líka var hægt að afsaka þessa skipan mála með því að við stúlkurnar vorum yfirleitt talsvert yngri en hagfræðingarnir. Engum datt í hug að setja Eiríku í að hita kaffi.

Áður vann ég tæpt ár sem ritari á verkfræðistofu þar sem ég var eini kvenmaðurinn. Þar var karlmaður teiknari og við vorum einu starfsmennirnir, verkfræðingarnir áttu stofuna saman og borguðu okkur Manlio Candi kaup og voru frekar nískir á það og svo fór að við hættum bæði vegna þess. En virðingarstig okkar þar var sambærilegt þótt ég geri ráð fyrir því að hans vinna væri þeim dýrmætari en mín því að hann var óvenjulegur snillingur sem þeir gátu ekki án verið.

Mér þótti gaman í þessum skrifstofuvinnum mínum og kynntist mörgum skemmtilegum manneskjum. Seinna fannst mér ómetanlegt að hafa kynnst þessum heimi; hann er held ég horfinn núna eða a.m.k. mikið breyttur. En þá var reynt að skýra alla slíka kynjamismunun með menntunarmun. Ekki var að furða þótt við rauðsokkar legðum í okkar baráttu mikla áherslu á að konur öfluðu sér menntunar. Það höfðu gömlu kvenréttindakonurnar líka gert. En hægt hafði það gengið; á sjöunda áratugnum voru það víst svo sem þrjár eða fjórar konur sem lokið höfðu kandídatsprófi í lögfræði, örfáar í guðfræði, konur í læknastétt voru mjög fáar, kannski fimm, engin kona prestur, engin sýslumaður. Einstaka kona sat í bæjarstjórn Reykjavíkur og það fannst manni sérstaklega biturt vegna þess að 1908 höfðu fjórar konur komist í bæjarstjórn. Engin kona varð ráðherra fyrr en 1970 og þá vegna sérstakra aðstæðna (sviplegs fráfalls Bjarna Benediktssonar).[1]

Umhverfi og félagslegar aðstæður

Konur máttu í flestum störfum sætta sig við miklu lægri laun en karlar fengu og mörgum fannst það bara allt í lagi, næstum því náttúrulögmál, og alltaf var það afsakað með því m.a. að karlar þyrftu að sjá konu og börnum farborða. Ekki var sú röksemd gild að kona þyrfti að sjá sér og börnum sínum farborða upp á

eigin spýtur. Sennilega hefur það verið þegjandi samkomulag í samfélaginu að konur ættu ekkert að vera að eignast börn ef ekki væri fyrirvinnu af karlkyni til að dreifa. Konur gátu svo sem misst menn sína án þess að sæta áfellisdómi samfélagsins en þeim var talið hollast að verða sér úti um aðra fyrirvinnu sem allra fyrst. Lausaleiksbörn voru ekki viðurkennd og sættu ótrúlegum auðmýkingum. Mörg dæmi eru til um það hve þungt fordæming umhverfisins lagðist á þá sem ekki höfðu orðið til í hinu lögverndaða hjónabandi.

Allt var þetta næstum því í fullum gangi þarna síðla á sjöunda áratug tuttugustu aldar. Ég var sjálf önnum kafin við að stunda nám og síðan launavinnu og sinna heimili mínu og börnum. Mér fannst ekki annað koma til greina, auðvitað alin upp við að móðir mín stundaði sína kennslu, fyrst heima í skólanum fyrir norðan eins og áður er getið en síðan kenndi hún í barnaskólum í Reykjavík. Eiginmaður minn var á sömu skoðun enda hafði mamma hans líka verið kennari svo að hann var alinn upp við það sama og ég. Það sakar ekki að geta þess að kennsla var ein af örfáum starfsgreinum þar sem karlar og konur fengu sömu laun.

Það vakti mér meiri og meiri furðu að sjá og frétta af konum sem voru hæstánægðar með að þiggja framfærslueyri úr hendi eiginmanns og sækja allt til hans, fylgja vilja hans og sæta forræði í hvívetna. Á þessum tíma var það sannarlega ekki einsdæmi, það var viðmið samfélagsins. Ég man eftir því þegar ég flutti í fjölbýlishús árið 1968 að ein nágrannakonan sagði við mig um haustið: Ertu virkilega að vinna úti (eins og það hét) *frá* drengjunum? Henni virtist þykja það allt að því hneykslanlegt. Svo leið nú sá vetur og vorið kom. Þá sagði þessi sama kona: Nú er skólinn búinn. Hvað ætlarðu að gera í sumar? Ég sagðist bara ætla að vera heima hjá mér, *hjá* drengjunum. Þá sagði hún: Hvað, ætlarðu ekki að gera neitt? Svona gat fólk nú verið sjálfu sér ósamkvæmt.

Rauðsokkahreyfingin kemur í fangið á mér

Dag nokkurn vorið 1970 var ég á harðahlaupum að sækja syni mína í Grænuborg þar sem þeir voru í leikskóla þrjá tíma á dag (þá var heilsdagsvist á barnaheimili nefnd dagheimili og litin öðrum og neikvæðari augum en leikskóli hálfan daginn enda hurfu bæði dagheimili og barnaheimili úr málinu og allt er nú kallað leikskóli vegna vinsælda annars og óvinsælda hins). Hitti ég þá aðra móður, Helgu Gunnarsdóttur, sem líka var á hlaupum að sækja sitt barn (konur sem voru bæði að vinna utan heimilis og annast börn sín voru auðvitað alltaf á

hlaupum). Hún grípur í mig og segir: Þú ert í rauðum buxum. Nú ætla konur á rauðum sokkum að fara í kröfugönguna 1. maí. Ertu ekki með?

Þetta leist mér heldur en ekki vel á og við fórum öll saman, synirnir og eiginmaðurinn, héldum nú hópinn og vorum ýmist með í göngunni eða til hliðar við hana. Þetta var sem sé hin fræga ganga með styttuna miklu úr leiksýningunni *Lýsiströtu* sem færð hafði verið upp á Herranótt Menntaskólans í Reykjavík þá um veturinn í leikstjórn Brynju Benediktsdóttur. Þarna var fjöldi kvenna og mikið fjör og kátína í hópnum. Forsprakkarnir höfðu útbúið spjöld og borða með áhrifamiklum slagorðum, hið eftirminnilegasta var með fegurðardrottningarsniði og sveipað um styttuna: *Manneskja – ekki markaðsvara*. Konurnar höfðu orðið fyrir miklu aðkasti þegar gangan var að fara af stað. Forystumenn verkalýðsfélaganna ætluðu að meina þeim að taka þátt í göngunni, vildu bara ryðja þeim burt. Það gekk fram af okkur þá – en ekki er það síður nú á dögum að flestum finnst ástæða til að dæma hart þá miklu frekju og yfirgang sem þeir sýndu. Þessir menn héldu því fram að þetta spillti fyrir verkalýðshreyfingunni!

Svo kom sumarið. Ég vissi af fundi sem haldinn var í Þjóðleikhúskjallaranum um miðjan júní til að undirbúa stofnun nýju kvennahreyfingarinnar en komst reyndar ekki þangað þótt áhuginn væri nægur. Ég var nú búin að ljúka þessu blessaða háskólanámi mínu og kenna tvo vetur, nýliðinn vetur við framhaldsdeildir gagnfræðaskólanna í Lindargötuskólanum. Þar var um að ræða nýtt skólastig sem komið hafði verið á fót af stjórnvöldum til að bregðast við atvinnuleysinu sem dundi yfir þjóðfélagið í kjölfar aflabrests 1968. Nemendurnir áttu að hafa gagnfræðapróf og með prófið úr framhaldsdeildunum gátu þeir svo komist í Hjúkrunarskólann, Fóstruskólann, Íþróttakennaraskólann og Kennaraskólann. Inntökuskilyrði þessara skóla höfðu þá verið aukin og tengd við þessa nýju námsbraut. Að auki opnaðist þarna ný leið inn í menntaskólana framhjá landsprófinu sem var þegar þarna var komið sögu orðið að illræmdum farartálma vegna þess hve margir það voru sem ekki náðu framhaldseinkunn. Okkar nemendur gátu komist í menntaskóla eftir fyrra árið í framhaldsdeildunum en þurftu að fá nokkuð háa einkunn.

Nemendur framhaldsdeildanna í Lindargötuskólanum voru víða að af landinu og ekki allir á sama aldri. Stúlkur voru þar í meirihluta. Þarna var einstaklega gott að vera, bæði sem kennari og nemandi; ég get borið um hið fyrra

og margir nemendur hafa talað fallega um veru sína þar í mín eyru – og enginn illa. Mér þótti kennslan skemmtileg en ég var auðvitað frekar óreynd og þurfti að undirbúa mig mjög mikið, kenndi margar greinar og vakti fram á nætur við undirbúning og skipulag.

Synirnir voru þegar þarna var komið sögu fjögurra og fimm ára. Húsverkin gerðu sig ekki sjálf og verkaskiptingin á heimilinu var satt að segja ekki mjög þróuð. Við þetta bættist ótrúlega mikið samkvæmislíf, t.d. allar frumsýningar í leikhúsum borgarinnar og að auki hjá áhugamannafélögum á öllu höfuðborgarsvæðinu. Maðurinn minn, Ólafur Jónsson, var leiklistargagnrýnandi á *Alþýðublaðinu* og síðar *Vísi*. Við fórum líka í og héldum hjá okkur kvöldboð með vinum og fjölskyldu. Allt voru þetta sannarlega ljúfar skyldur – en útheimtu bæði tíma og orku.

Af fundinum í Þjóðleikhúskjallaranum segja eflaust aðrir höfundar þessarar bókar, mér er sagt að hann hafi verið skemmtilegur og talsverður hiti í konum. Mér þótti það hins vegar vondar fréttir að stelpurnar hefðu látið sig hafa það að gera *karlmann* að fundarstjóra, Flosa Ólafsson. Hann hefur nú kannski boðist til að taka það að sér en ég er smeyk um að hann hafi notað þetta ómetanlega tækifæri til að gera dálítið grín að kvenréttindakonum. Það hafði verið vinsælt í vissum kreðsum áratugina á undan og margir karlmenn reyndu að halda því áfram eftir að Rauðsokkahreyfingin kom til sögunnar. Þeir höfðu kannski ástæðu til að óttast um veldi sitt og hlutverk en heldur fannst manni sú aðferð við að verja vígið ófétisleg.

Í ágúst þetta sama ár var í sjónvarpinu kappræðuþáttur milli lögregluþjóns og konu sem hafði látið til sín taka þessi fyrstu skref í nýju hreyfingunni. Var þar á ferð Vilborg Dagbjartsdóttir skáld. Það segir sína sögu að ekki skyldi efnt til vitrænnar umræðu heldur tvær manneskjur á öndverðum meiði kallaðar til að munnhöggvast framan í þjóðina. Vitað var að þessi maður hafði mjög mikið á móti réttindum og frjálsræði kvenna. En þátturinn vakti þó athygli á því að eitthvað nýtt væri á ferðinni í kvenfrelsismálum.

Svo byrjaði nú ballið fyrir alvöru …

Veturinn kom með skóla og fleiri verkefnum. Í október var svo haldinn kynningarfundurinn mikli í Norræna húsinu, vel undirbúinn og fjölmennur. Konurnar sem þar voru samankomnar voru gríðarlega áhugasamar. Kynningarnar

á hugmyndafræði og verkefnum voru skýrar og efnismiklar. Uppástungur voru um verkefni til að vinna að í hópum. Strax á þessum fundi fann ég fyrir þeim krafti og eldmóði sem átti eftir að einkenna hreyfinguna næstu árin.

Ég skráði mig í starfshóp um kannanir á launum kvenna og karla. Hann skipti sér fljótlega í tvennt. Annar hópurinn kannaði laun karla og kvenna sem tóku laun samkvæmt kjarasamningum Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Hinn hópurinn ákvað að taka fyrir tvö ríkisfyrirtæki. Í honum voru auk mín Þuríður Pétursdóttir, Ragnhildur Bjarnadóttir, Rannveig Jónsdóttir og Guðrún Sigríður Friðbjörnsdóttir. Við byrjuðum að ræða aðferðir og áherslupunkta. Tvær ríkisstofnanir urðu fyrir valinu, Vita- og hafnamálaskrifstofan og Ríkisútvarpið. Okkur var kunnugt um að íslensk stjórnvöld höfðu sem aðilar að ILO – Alþjóðavinnumálastofnuninni – undirgengist 1961 að greiða körlum og konum sömu laun fyrir sömu vinnu. Fengist hafði tíu ára aðlögunartími og hann var því sem næst liðinn.

Okkur var mikið í mun að standa þannig að rannsókninni að ekki væri hægt að bera brigður á neitt sem fram kæmi í niðurstöðum okkar, safna tæmandi upplýsingum og vinna þannig úr þeim að ekki yrði að fundið. Allan veturinn unnum við að þessari könnun í öllum okkar frístundum. Við hittumst á heimilum hver annarrar; oftast man ég eftir fundum á heimili Þuríðar Pétursdóttur í Austurstræti 14 en þar bjó hún með manni sínum og lítilli dóttur.

Þeir þættir sem við skoðuðum voru kyn, menntun, lífaldur, starfsaldur, starfsreynsla og launaflokkur. Niðurstaðan kom jafnvel okkur sjálfum á óvart, svo auðrakinn var sá launamunur kynja sem ekki átti stoð í menntun, starfsaldri eða öðrum réttlætanlegum ástæðum. Góðu stöðurnar voru í höndum karlmanna en lægri stöður og lægri laun voru hlutskipti kvenna. Ein undantekning var þó á þessu en það var staða fréttastjóra Ríkisútvarpsins. Þar var Margrét Indriðadóttir réttur maður á réttum stað. Ég er þegar þetta er ritað nýbúin að lesa frásögn af því hvernig starfsmenn á fréttastofu útvarpsins létu til sín taka í því að Margrét fengi stöðuna sem henni bar þegar Jón Magnússon lét af starfi fréttastjóra fyrir aldurs sakir. Án afskipta starfsmanna er nokkuð víst að gengið hefði verið framhjá henni og karlmaður ráðinn til starfsins.

Við máttum vera ánægðar með árangurinn af vetrarvinnunni. Sigurður A. Magnússon, ritstjóri *Samvinnunnar*, bauð Rauðsokkahreyfingunni að gera grein fyrir stefnu sinni og störfum í þemablaðinu sem kom út haustið 1971[2]. Greinar-

gerðin sem þar birtist vakti mikla athygli og var vitnað í hana næstu árin af ýmsum sem vildu vekja athygli á launamun kynjanna; þarna var hægt að sjá þetta svart á hvítu.

Ásvallagata 8

Helga Ólafsdóttir og Stefán Karlsson höfðu boðið hreyfingunni til afnota tvö herbergi í húsi sínu á Ásvallagötu 8. Haustið 1971 var ég beðin að kynna þar efni BA-ritgerðar minnar á nokkrum kvöldfundum. Það gerði ég með glöðu geði og í framhaldi af því var spjallað líflega um þróun kvenréttinda á fyrri tímum, allt þar til nýja kvennahreyfingin kom til sögunnar.

Allar vorum við svo á kafi í kvenfrelsisbókmenntum samtímans. Margir leshringir voru í gangi þennan vetur og líka veturinn áður. Margar hverjar þessara bóka voru okkur hrein opinberun. Ýmsar höfðu lesið bók Simone de Beauvoir, *Le deuxième sexe*, og nokkrum misserum áður hafði Soffía Guðmundsdóttir þýtt og lesið í útvarp valda kafla úr frægri bók Betty Friedan, *The Feminine Mystique*. Margar okkar voru afar hrifnar af bók Kate Millett, *Sexual Politics,* og svo mætti lengi telja. Hugmyndafræðin sem sett var fram í þessum bókum átti greiða leið að hugum og hjörtum. Hún breytti viðmiðum okkar og tilveru allri.

Á Ásvallagötunni voru haldnir fundir einstakra starfshópa, skipulagðar aðgerðir og haldnir umræðufundir. Þeir voru oft fjörugir og einkenndust af líflegum skoðanaskiptum og ýmiss konar hugmyndum sem settar voru fram og ræddar af ákefð og kátínu, kjarki og eldmóði. Konum var mikið niðri fyrir. Smám saman varð hópurinn þéttari og lögð var æ meiri áhersla á gagnkvæma hollustu og virðingu, að veita hver annarri styrk og ýta undir sjálfsvirðingu.

Ég minnist þess vel þegar ein úr okkar hópi, Guðrún Hallgrímsdóttir matvælaverkfræðingur, kom stormandi inn á Ásvallagötuna með góða hugmynd. Henni hafði verið boðið að flytja fræðsluerindi fyrir húsmæður í útvarpsþættinum „Við sem heima sitjum“. Hún stakk upp á því að þetta boð gengi til hreyfingarinnar og það varð úr að við tókum að okkur að búa til tíu útvarpsþætti um áhugaefni okkar.

Strax var sett af stað hugmyndaflæði um efni þáttanna, starfshópur myndaður utan um hvert þeirra og þættirnir undirbúnir og fluttir. Auðvitað útheimti vinnan við þetta mikinn tíma og kraft en á hinn bóginn gafst okkur þarna ótrúlega mikilvægt tækifæri til að koma á framfæri okkar hjartans málum, einkum



Forsíða og baksíða *Forvitinnar rauðrar* 1. maí 1974. Mynd Eddu Óskarsdóttur.

við þann hóp sem við töldum okkur ekki síst eiga erindi við – heimavinnandi húsmæður. Það orð hafði lagst á okkur að ósekju að við bærum litla virðingu fyrir þeim og það vildum við gjarnan reka af okkur.

Viðbrögð við þáttunum urðu mikil, bæði til lofs og lasts. Margir urðu hrifnir og létu þess getið í ræðu og riti, jafnvel minntust sumir á að hugmyndir þeirra og viðhorf hefðu breyst við að hlusta á einhverja af þáttunum. Aðrir fundu þeim margt til foráttu og létu skammirnar dynja á rauðsokkum, t.d. í lesendabréfum dagblaðanna. Það varð auðvitað til að vekja enn frekari athygli á þáttunum og efni þeirra.

Fyrir þáttaröðina fengum við heilmikla peninga og var ákveðið fyrirfram að það fé skyldi nýtt til blaðaútgáfu hreyfingarinnar en ekki renna í einstaka vasa. Okkur vantaði málgagn. Fyrsta blaðið okkar kom út 1. desember 1972 og bar nafnið *Forvitin rauð* eins og þættirnir. Við kappkostuðum næstu árin að gefa út blað 1. maí. Sá dagur hafði alltaf mikið vægi í okkar huga.

Kynningarstarfsemin var sem sagt þungamiðjan í starfi okkar seinni hluta vetrarins 1971–1972 og við vorum að gera okkur grein fyrir því sem okkur lá á hjarta. Hugmyndafræði okkar var í mótun. Hún kom auðvitað víða að. Við vorum allar á því að

- konur ættu að njóta sannmælis í hvívetna, vera metnar að verðleikum sem manneskjur og njóta þeirrar virðingar og viðurkenningar sem þeim bæri fyrir störf sín, bæði að endurframleiðslu innan fjölskyldunnar frá degi til dags og kynslóð til kynslóðar og fyrir störf sín á vinnumarkaðinum;

- konur vildu ekki láta gera sig að viðfangi karla með fagurgala né þeim blekkingum sem auglýsingaheimurinn miðlaði með snyrtivöru- og fata-auglýsingum sem fólu í sér staðalímynd sem þröngvað var upp á konur;
- við vildum ýta af okkur og berjast gegn kúgun og niðurlægingu á ýmsum sviðum sem konur urðu að þola, svo sem að lúta forsjá karla bæði á heimili og vinnustað;
- við vildum ekki sæta því lengur að framhjá konum væri gengið og þær rangindum beittar í skiptingu auðsins, úthlutun á störfum og verkaskiptingu á heimili.

Viðbrögð fólks við málflutningi og starfsaðferðum rauðsokka voru misjöfn. Sumir sögðust sammála sumu en ósammála öðru og töldu okkur of öfgafullar. Ýmsir misskildu viðhorf okkar og héldu til dæmis að rauðsokkar væru á móti heimahúsmæðrum (varla húsmæðrum, það vorum við nú allar) og fyrirlitu starf þeirra og starfsvettvang. Okkur var líka borið á brýn að við vildum eyðileggja heimilin, hjónaböndin, reka allar konur út á vinnumarkaðinn og fleira þessu líkt.

Kannski var eitthvað til í hinu síðastnefnda. Þegar fram liðu stundir rann það upp fyrir okkur að hjónabandið sem slíkt væri kúgunartæki. Einnig gefur það augaleið að manneskja sem ekki hefur tekjur eða á eignir verður seint fjárhagslega sjálfstæð og það var þáttur sem við gáfum mikið vægi.

Fóstureyðingamál

Haustið 1973 bar Magnús Kjartansson fram frumvarp til laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Var það byggt á frumvarpi frá 1970. Nefndin sem endurskoðaði það frumvarp var skipuð tveimur konum, Guðrúnu Erlendsdóttur og Vilborgu Harðardóttur, en formaður hennar var Pétur H. J. Jakobsson, yfirlæknir á Fæðingardeildinni. Svava Stefánsdóttir félagsráðgjafi var starfsmaður nefndarinnar.

Rauðsokkahreyfingin gaf út sérstakt blað um fóstureyðingar í janúar 1974. Var þar m.a. að finna mjög ýtarlega grein um fóstureyðingalöggjöfina og sjálfsákvörðunarrétt kvenna eftir Hjördísi Hákonardóttur lögfræðing. Einnig er þar texti bréfs sem hreyfingin sendi öllum alþingismönnum þar sem þeir voru hvattir til að samþykkja frumvarp Magnúsar Kjartanssonar óbreytt. Í 9. grein þess frumvarps var kveðið á um að eyða mætti fóstri að ósk konu án annarra skilyrða.

Við nokkuð ramman reip var að draga og reyndust ýmsir vera mjög andvígir þeirri grein og beittu undarlegum röksemdum. Ein var sú að kæmist þetta inn í lögin væri stór hætta á að fóstureyðing yrði notuð sem getnaðarvörn – eða í staðinn fyrir getnaðarvörn. Það var engu líkara en þeir sem beittu sér gegn frumvarpinu héldu að konur og stúlkur sæktust eftir fóstureyðingu eins og einhverjum munaði. Við settum fram þá afstöðu okkar og gerðum að kröfu að *öll börn sem fæddust væru velkomin í heiminn*. Okkur þótti skipta mestu að börn nytu ástar og umhyggju. Margar konur og stúlkur sem yrðu barnshafandi án þess að ætla sér það hefðu takmarkaða getu og afleitar kringumstæður til að annast barn. Ástæður gætu verið mismunandi, til dæmis ungur aldur, heilsuleysi, fjölskylduaðstæður, fátækt, umkomuleysi, krefjandi nám, of hár aldur, of mörg börn fyrir o.m.fl. Við töldum ekki að það væri viðfangsefni karlmanna – né annarra kvenna – að taka ákörðun um það hvort stúlka/kona væri þess umkomin að annast barn.

Frumvarpið kom til fyrstu umræðu í þinginu vorið 1974. Hörð skoðanaskipti urðu um það. Svava Jakobsdóttir sat þá á alþingi og hélt snjalla og efnismikla ræðu til stuðnings frumvarpinu. Sighvatur Björgvinsson hélt líka ágæta ræðu með gildum rökum í sama skyni. Við rauðsokkur vorum margar á þingpöllum en létum ekki svo óðslega að okkur væri fleygt út. Við vorum allar sammála um að orð andmælenda frumvarpsins væru lítils virði, mestmegnis bull.

Ekki urðu fleiri umræður um þetta frumvarp. Nefndarálit sá aldrei dagsins ljós enda átti vinstri stjórnin sem sat frá sumrinu 1971 til vors 1974 skammt eftir ólifað.

Afdrif þessara mála urðu þau að veturinn eftir var skipuð nefnd til að endurskoða frumvarpið. Í henni sátu þrír karlar. Þeir breyttu ýmsu í afturhaldsátt og tóku alveg út 9. greinina sem áður er getið. Það frumvarp var svo borið fram af þáverandi heilbrigðis- og tryggingaráðherra, Matthíasi Bjarnasyni, vorið 1975 og samþykkt með áorðnum breytingum. Í það skipti vorum við rauðsokkar ekkert að ómaka okkur á þingpalla.

Vitaskuld voru okkur það vonbrigði að svona skyldi fara. Við vorum mörg búin að leggja gífurlega vinnu í kynningu og áróður í þessu réttlætismáli. Þannig fór nú það. En næstu árin leituðu til okkar margar konur og stúlkur sem þurftu á að halda aðstoð við að fá fóstureyðingu. Við reyndum að liðsinna þeim eftir því sem í okkar valdi stóð. Það kom reyndar í ljós að í heilbrigðisstéttum landsins voru ýmsar manneskjur sem höfðu samúð með þessum málstað,

Svava Jakobsdóttir (1930–2004) átti mikið og gott samstarf við Rauðsokkahreyfinguna á því tímabili sem til umfjöllunar er í þessari bók. Hún var öflugur talsmaður jafnréttis og kvenfrelsis jafnt í störfum sínum sem alþingismaður, 1971–1979, sem á farsælum rithöfundaferli sínum. Hér er Svava við ritstörf um það leyti sem hún var fyrst kjörin á þing.

byggða á reynslu, og létu ekki sitt eftir liggja að undirstrika og undirbyggja vægi félagslegra aðstæðna við ákvarðanir í slíkum málum.

Norræni sumarháskólinn

Haustið 1972 hófst starf nokkurra rauðsokka í námshópi á vegum Norræna sumarháskólans, NSH. Hann hafði þá starfað um nokkurra ára skeið og þar höfðu farið fram rannsóknir og fagleg samskipti fræðimanna og leikmanna um ýmis málefni og fræðigreinar, ekki síst það sem mönnum sýndist að starfandi háskólar á Norðurlöndum hefðu vanrækt. Þátttakendur í NSH höfðu fram til þessa nær eingöngu verið karlmenn. Nú þótti ýmsum framfarasinnuðum konum á Norðurlöndum nóg komið af svo góðu og gerðu gangskör að því að myndaður væri námshópur um málefni og stöðu kvenna. Forystukonur í þeim hópi settu saman bók til að nota í þessu skyni: *Kvindeundertrykkelsens specifikke karakter under kapitalismen*[3]. Þar var að finna margar merkilegar greinar sem höfðu að geyma hugmyndafræði hinnar nýju kvennahreyfingar. Vilborg Harðardóttir hafði verið fengin til að mynda íslenskan námshóp um þetta efni og stýra honum. Í hópnum voru nær eingöngu konur úr Rauðsokkahreyfingunni. Hann kom saman reglulega í Norræna húsinu. Við völdum umfjöllunarefni sem við unnum að milli funda. Fyrir valinu varð að fjalla um nokkrar merkar bækur úr kvennabókmenntum samtímans. Skipuleggjendur í höfuðstöðvum NSH gáfu út bókalista sem við völdum úr, ein eða tvær úr hópnum voru með

framsögu hverju sinni um tiltekna bók og allar hinar voru þá líka búnar að lesa hana og urðu umræður oft fjörugar og gefandi.

Auk þess unnum við að dálítilli rannsókn á íslenskum kvenfélögum og samanburði við karlafélög. Við fórum tvær og tvær, heimsóttum nokkur kvenfélög og söfnuðum heimildum um þau sem við svo kynntum í hópnum. Okkur þótti sum kvenfélögin nokkuð skringileg, sérstaklega þau sem nefna mætti eiginkvennafélög og okkur virtist setja sér það verkefni helst að safna peningum sem karlarnir voru svo látnir hafa til að nota að vild sinni. En allt var það í góðu skyni gert og mörg þessi kvenfélög létu ýmislegt verulega gott af sér leiða. Einhverjum hefði kannski getað dottið í hug að spyrja hvort við værum ekki líka einhvers konar kvenfélag. Því hefðum við líklega átt erfitt með að neita þótt við teldum okkur hafa allmikla sérstöðu.

Sumarmót NSH 1973 var haldið í Røros í Noregi. Þangað fóru þátttakendur fleiri námshópa frá Íslandi. Tvær úr kvennahópnum sóttu mótið, ég og Gerður Óskarsdóttir. Mér þótti áhrifamikið að hitta hinar skandinavísku stallsystur. Þeim var gífurlega mikið niðri fyrir og sumar magnaðir persónuleikar. Margar þeirra voru mjög vel menntaðar, víðlesnar og búnar að skrifa lærðar ritgerðir um kvenfrelsismál, m.a. voru þarna sumar þeirra sem höfðu sett saman áðurnefnda bók sem við höfðum haft við að styðjast í námshópunum víðs vegar um Norðurlönd.

Þessar konur höfðu margar lagt stund á hinar ýmsu greinar félagsvísinda og gert að sérgrein sinni kvenfrelsisþáttinn í þróun vestrænna samfélaga og samanburð við aðra menningarheima, Austurlönd nær og fjær og Afríku. Um ástand kvenfrelsismála í Austur-Evrópu vissum við flestar ótrúlega lítið – og það litla sem við töldum okkur vita reyndist við nánari athugun vera misskilningur og vitleysa.

Stallsystur okkar og skoðanafélagar í NSH voru flestar mjög vinstrisinnaðar eins og nafnið á grunnbókinni gefur til kynna. Flest af því sem spillti lífi kvenna á Vesturlöndum vildu þær rekja til kapítalisma og markaðsáhrifa. Kapítalisminn væri karlstýrður og karlmiðaður. Konur væru gerðar að markaðsvöru með heftandi fatatísku og snyrtivöruhelsi. Slagorðið sem sveipað var um styttuna miklu í fyrstu kröfugöngu íslenskra rauðsokka 1. maí 1970 var reyndar alveg í þeim anda: *Manneskja – ekki markaðsvara*.

Í miðstöð hreyfingarinnar – kynningarstarf

Veturinn 1973–1974 tók ég að mér að sitja í miðstöð Rauðsokkahreyfingarinnar. Það gerði ég með nokkurri tregðu en fannst ég ekki geta skorast undan því, margar af stallsystrum mínum voru búnar að leggja mikið á sig og vinna gott starf í miðstöð af óeigingirni. Með mér voru þrjár manneskjur, allar talsvert yngri en ég: Erna Egilsdóttir, Eiríkur Guðjónsson og Hjördís Bergsdóttir. Samstarf okkar gekk ágætlega, við héldum oft fundi og ég man ekki betur en eining ríkti í hópnum. Sú ákvörðun hafði verið tekin í upphafi að karlmönnum stæði til boða að starfa innan hreyfingarinnar ef þeir hefðu áhuga á kvenfrelsismálum. Stallsystur okkar á Norðurlöndum höfðu tekið allt aðra stefnu og útilokað karlmenn frá upphafi. Eiríkur var reyndar einn af örfáum karlmönnum sem var í hreyfingunni án þess að vera giftur inn í hana.

Rétt er að geta um einn þátt sem setti talsverðan svip á starfsemi hreyfingarinnar. Það voru boð eða beiðnir frá ýmsum félagasamtökum og klúbbum um að rauðsokkar kæmu á fundi og kynntu hreyfinguna. Við ákváðum strax að neita aldrei slíkum tilmælum því okkur fannst það oft vera notað gegn konum að

Miðstöð Rauðsokkahreyfingarinnar 1973–1974. Frá vinstri: Erna Egilsdóttir, Vilborg Sigurðardóttir, Hjördís Bergsdóttir og Eiríkur Guðjónsson.

þær höfnuðu því jafnan að taka að sér ábyrgðarstörf og -hlutverk og að koma fram opinberlega þótt eftir væri leitað. Við héldum því hins vegar fram að þetta væri ósatt, karlstýrða samfélagið hefði bara komið sér upp þessu skálkaskjóli til að bera af sér ásakanir um að karlar ginu yfir öllu og ýttu konunum út í horn, þ.e.a.s. samtrygging þeirra dygði til að þrýsta konunum að eldavélunum og þvottabölunum.

En heimsóknirnar í kynningarskyni urðu okkur lærdómsríkar, ekki síst í þá karlaklúbba sem langaði til að kynnast okkur. Þeir voru nú sumir í því sem kalla mætti herskáa varnarstöðu. Man ég í því sambandi ekki síst eftir heimsókn okkar Ernu til Rótarýklúbbs Keflavíkur þar sem við vorum m.a. spurðar hvort við héldum að hægt væri að yrkja kvæði eins og Örn Arnarson hefði ort um móður sína ef okkar stefnumál kæmust í framkvæmd. Stundum voru lagðar fyrir okkur nærgöngular, jafnvel grófar spurningar eins og þegar dýralæknir nokkur spurði hvort við vildum ekki helst láta gelda alla karlmenn. En við ömuðumst síður en svo við slíkum spurningum, þótti bara örvandi og hvetjandi að fá fjandsamleg viðbrögð frá karlmönnum því að þá fengum við tækifæri til að mótmæla og færa fram röksemdir sem okkur fannst eiga erindi við umhverfið og samfélagið. Hitt held ég að okkur hafi þótt verra þegar konur reyndust okkur andsnúnar og óvinveittar; við álitum að barátta okkar mundi fyrr eða síðar koma öllum konum til góða. Auðvitað vissum við að margar konur giftar mönnum sem höfðu komist í efri þrep mannfélagsstigans kærðu sig ekki um þjóðfélagsbreytingar, síst af öllu breytingar á hlutverkaskipan kynjanna, og töldu boðskap rauðsokka þar af leiðandi skaðlegan.

Drama á Skógum

Að því kom að við – a.m.k. sumar okkar – vorum farnar að tala um að við þyrftum að taka ákveðna afstöðu í þjóðfélagsmálum. Lengi vel höfðum við eiginlega talið okkur það til tekna að hreyfingin væri það sem kalla mátti þverpólitísk. Þessi umræða leiddi til þess að síðla vetrar 1974 var farið að undirbúa ráðstefnu hreyfingarinnar. Ákveðið var að halda hana helgina 15.–17. júní á Skógum undir Eyjafjöllum en þar var hótelstjóri Þórhildur Þorleifsdóttir sem var hlynnt okkar málstað. Starfshópar byrjuðu að undirbúa hina ýmsu þætti ráðstefnunnar. Einn hópurinn hafði það hlutverk að semja stefnuyfirlýsingu til að leggja fram og ræða á Skógum og var ég í honum ásamt Hildi Hákonardóttur, Vilborgu Harðardóttur, Elísabetu Gunnarsdóttur og Guðrúnu Kristinsdóttur.

Hótelstjóri og ráðstefnugestir skemmta sér að loknum fyrri fundardegi rauðsokka á Skógum í júní 1974. Frá vinstri: Hjördís Bergsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir og Sigríður Hanna Sigurbjörnsdóttir.

Fyrri ráðstefnudaginn voru rædd ýmis mál í starfsemi hreyfingarinnar, skipulagsmál og framkvæmd. Það gekk ágætlega, fjörugar umræður og skoðanaskipti. Um kvöldið var svo veisla og skemmtun með söng og kátínu. Við spjölluðum, hlógum og fengum okkur í staupinu, nokkrar enduðu á fjallgöngu í vorblíðunni.

Svo rann upp seinni dagurinn. Var þá lögð fram stefnuyfirlýsingin sem átti að ræða og bera undir atkvæði. Urðu nú væringar miklar; sumar voru eldheitar á móti tillögunni og töldu á ferðinni stórhættulegan kommúnisma. Lagðar voru fram ýmsar breytingartillögur, sumar þeirra samþykktar og upphaflegu tillögunni breytt talsvert. Loks var yfirlýsingin borin undir atkvæði. Mikill meirihluti samþykkti en nokkrar greiddu atkvæði gegn henni og einhverjar sátu hjá.

Svo fór að sumar þeirra kvenna sem höfðu starfað af krafti hættu í hreyfingunni í kjölfar samþykktarinnar. Var eftirsjá að þeim sumum. Enn í dag er rætt um hvað hafi verið rétt og hvað rangt eða misráðið í þessum efnum. Hvað svo sem manni finnst um það er óhætt að segja að þetta hafi verið örlagastund í sögu hreyfingarinnar.

Kvennaár Sameinuðu þjóðanna

Okkur var það vel kunnugt að Sameinuðu þjóðirnar voru búnar að lýsa því yfir að árið 1975 ætti að vera ár kvenna. Daginn eftir að við komum af hinni sögulegu Skógaráðstefnu stóð til að halda fund forystukvenna ýmissa samtaka, Kvenfélagasambands Íslands, Kvenréttindafélagsins og Kvenstúdenta- og há-

skólakvennafélagsins. Okkur rauðsokkum var boðið að taka þátt í fundinum. Þar átti að ræða tillögur þessara samtaka um aðgerðir í tilefni kvennaársins. Það varð úr að ég sækti fundinn fyrir okkar hönd og ætlunin var að koma á framfæri þeirri hugmynd að allar konur á landinu færu í verkfall einn dag á árinu til þess að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags kvenna heima og heiman. Það gerði ég en tillögunni var ekki vel tekið. Ein fundarkvenna kvað upp úr um vanþóknun sína á þvílíku brölti og sagðist ekkert vilja hafa með slíkt að gera þar sem hún réði ríkjum. Hinar samþykktu það með þögn sinni.

Mér líkaði illa og hafði orð á að þær skyldu ekki hafa boðað fulltrúa frá Menningar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna. Fundurinn fór þó fram með spekt. Seinna boðaði formaður Kvenfélagasambands Íslands, Sigríður Thorlacius, mig á sinn fund og sagðist eiginlega vera sama sinnis með MFÍK. Þegar kom að næsta skrefi mörgum mánuðum seinna voru þær líka með – en það er önnur saga.

Sumarmót NSH í Umeå

Við Rannveig Jónsdóttir fórum svo seinna þetta sumar á sumarmót NSH sem í það skiptið var haldið í Umeå í Svíþjóð. Þar hitti ég margar þeirra kvenna sem ég hafði kynnst í Røros sumarið áður. Var það sérlega áhugavert að taka upp þráðinn og frétta af því sem verið hafði í gangi hjá þeim um veturinn. Umræðan var á svipuðum nótum og árið áður, ekki teljandi áherslubreytingar en fræðileg umfjöllun var kannski fyrirferðarmeiri en í Røros þar sem kvennabaráttan sjálf og birtingarform hennar á hinum ýmsu stöðum hafði verið aðalmálið. Vilborg Harðardóttir kom líka á sumarmótið, bara aðeins seinna. Okkur þótti það mjög gott, enda var hún leiðtogi íslenska hópsins.

Húsnæðið á Skólavörðustíg 12

Þegar heim kom biðu okkar heldur en ekki tíðindi. Við vorum að fá eigið húsnæði! Mikið var búið að velta hlutunum fyrir sér í þeim málum. Við vissum allar að húsnæðið á Ásvallagötu væri orðið of lítið, enda hafði aldrei verið litið á það öðruvísi en til bráðabirgða, svo dýrmætt sem það var á þeim tíma. Okkur hafði sannarlega komið til hugar að „taka“ hús eins og stallsystur okkar í Danmörku höfðu gert, ónotað hús í opinberri eigu, og við höfðum haft augun opin fyrir þeim möguleika. Ég man eftir því að hafa farið ein míns liðs að skoða gamla landlæknishúsið eins og það var þá kallað, húsið á Bernhöftstorfunni sem stendur við Amtmannsstíg 1 og hýsir veitingastaðinn Humarhúsið þegar þetta

er skrifað. Þar leist mér ekkert á blikuna, húsið í mikilli niðurníðslu, ekkert rafmagn og sjálfsagt ekki vatn. Mér fannst ég geta búist við rottum í hverju horni og var sannfærð um að stiginn mundi hrynja ef ég reyndi uppgöngu á næstu hæð. Við fundum ekkert heppilegt hús og smám saman hurfum við frá hústökuhugmyndinni og fórum að líta í kringum okkur eftir leiguhúsnæði. Ein okkar fann svo húsnæði sem var til leigu á Skólavörðustíg 12 og inn í það fluttum við haustið 1974.

Það varð mikið ævintýr. Við byrjuðum á að standsetja húsnæðið og laga að þörfum okkar og margar hendur unnu þar ótrúlega mikið verk á skömmum tíma. Allir lögðust á eitt, ein kom með stól, önnur með borð, sú þriðja með sófa og sú fjórða saumaði gardínur, það var gert hreint, málað, búnar til bóka-hillur og listaverk. Jafnvel börnin okkar lögðu sitt af mörkum; tvö þeirra voru þarna kvöld eftir kvöld að útbúa aðstöðu í einu horninu, barnahornið, með leikföngum, bókum, litum og leir svo að börnum þyrfti ekki að leiðast þegar þau fylgdu mæðrum sínum á fundi eins og þau gerðu oft. Okkur fannst þetta vera konunglegt, einn rúmgóður salur og tvö minni herbergi. Við vildum endilega að þetta yrði nokkurs konar félagsmiðstöð og til þess þurfti að vera hægt að reiða fram kaffi og meðlæti. Ekki þætti aðstaðan beysin nú til dags því að við urðum að fara fram á litla snyrtingu sem þarna var til að þvo bollana í lok dagsins. En okkur óx það nú ekki í augum frekar en annað.

Við þessi tímamót fékk hreyfingin skipulegra form. Settir voru á stofn nokkrir fastir starfshópar með ákveðin starfssvið. Nú þurfti að borga leigu og það gerðum við sjálfar, hver og ein skrifaði sig fyrir framlagi í samræmi við sinn efnahag og aðalmálið var að allt stæðist sem lofað hafði verið. Ákveðið var að bjóða fólki utan úr bæ að líta inn síðdegis. Til þess þurfti auðvitað einhver að vera á staðnum og skipulagðar voru vaktir. Um þær gilti það sama og um fjárframlögin, enginn sætti þrýstingi en mikilvægt var að allir stæðu við orð sín. Ég held að ég geti fullyrt að sjaldan hafi það brugðist sem lofað hafði verið, hvort sem um var að ræða fé eða viðveru. Þarna í Sokkholti var hreyfingin svo til húsa uns yfir lauk.

Mynd á næstu opnu: Rauðsokkar á blaðamannafundi í nýopnuðu Sokkholti í október 1974. Frá vinstri: Vilborg Sigurðardóttir, ópekkt, Elísabet Gunnarsdóttir, Edda Óskarsdóttir, Guðrún Friðgeirsdóttir, Helga Sigurjónsdóttir, Eiríkur Guðjónsson, Hildur Hákonardóttir, Björk Thomsen, Steinunn Pálsdóttir, Þuríður Magnúsdóttir og Lilja Ólafsdóttir.

KVINDEUGE
FEMØ 22/8 74

Verkfallshugmyndin og afdrif hennar

Hugmyndin um kvennaverkfall hafði haldið áfram að gerjast með okkur þrátt fyrir dræmar undirtektir kvennasamtakanna á fundinum sumarið áður. Við höfðum upphaflega stefnt á 8. mars, alþjóðlegan baráttudag kvenna, en auðséð var þegar hér var komið sögu í lok janúar að tíminn til stefnu væri of naumur. Þá man ég til að hafa stungið upp á því í okkar hóp að við stefndum í staðinn á dag Sameinuðu þjóðanna 24. október og það fannst öllum tilvalið og var bara samþykkt á staðnum.

En þó að verkfallinu væri slegið á frest var ýmislegt sem að þurfti að hyggja. Reyndar var haldinn ágætur fundur á vegum MFÍK í Norræna húsinu 8. mars. Ég sé á plöggum mínum að ég hef flutt þar einhvers konar ávarp og talað um eilífðarmál okkar, launamisrétti karla og kvenna, tvöfalt vinnuálag kvenna, láglaunastörf kvenna – í fersku minni frá ráðstefnunni í Lindarbæ – og nauðsyn þess fyrir konur að afla sér menntunar. Í ávarpinu er líka fjallað um innrætingu á kynhlutverkum, yfirdrottnun karla í verkalýðshreyfingunni, lítilsvirðingu á vinnu kvenna heima og heiman, mikilvægi dagvistunarstofnana fyrir börn og hvernig barneignir kvenna eru á ýmsan hátt notaðar gegn þeim sjálfum og að lokum eru konur hvattar til að sýna samheldni og samstöðu í verki með því að leggja niður vinnu 24. október.

Um vorið var haldinn fjölmennur kvennafundur á Hótel Loftleiðum sem opinber nefnd um kvennaár Sameinuðu þjóðanna og kvennasamtök landsins stóðu að í sameiningu. Hann var ágætlega undirbúinn og vel heppnaður. Þegar líða fór að lokum var mælt fyrir verkfallshugmyndinni og á endanum var hún samþykkt eftir að stungið hafði verið upp á því að kalla þetta ekki verkfall heldur kvennafrí. Kannski var það bara endurtekning með tilbrigðum á viðbrögðunum á Skógaráðstefnunni þegar talað var um að nota vopn stéttabaráttunnar í kvennabaráttunni!

24. október 1975

Það er nú á almannavitorði að sá dagur varð sigurdagur íslenskra kvenna og mun hans lengi verða minnst. Ég geri ráð fyrir að margir höfundar þessarar bókar gefi honum rými í sinni umfjöllun og ætla því að sleppa því enda kom ég ekki svo mikið að honum öðruvísi en sem þátttakandi. Reyndar fórum við nöfnurnar þrjár, Dagbjartsdóttir, Harðardóttir og Sigurðardóttir, um morguninn í Ríkisútvarpið og vísuðum Jóni Múla á dyr, raunar með góðu samþykki hans

sjálfs, og tókum við stjórninni, töluðum til kvenna, spiluðum kvennabaráttulög og brýndum kynsystur okkar til að leggja niður vinnu og mæta á Lækjartorg og aðra staði á landinu þar sem konur ætluðu að koma saman. Þetta var nokkuð skemmtilegt, enda minnir mig að það hafi verið hugmynd Bríetar Héðinsdóttur leikkonu – og hennar hugmyndir voru nú yfirleitt góðar, blessuð sé minning þeirra mætu kvenna, hennar og nöfnu minnar Harðardóttur.

Nýir straumar

Hreyfingin lenti í óvæntri uppákomu haustið 1976. Við sem vorum búnar að slást til hægri, eins og ég orða það stundum, urðum nú fyrir árás frá vinstri. Við héldum ráðstefnu sem við kölluðum 2. þing Rauðsokkahreyfingarinnar og þangað komu nokkrar ungar og fallegar stúlkur sem höfðu þá um nokkurt skeið verið brennandi í andanum í harðsnúnum hópum yst á vinstri væng – KSML, EIK-ml og Fylkingunni. Þar höfðu þær drukkið í sig hina „hreinu“ kenningu marxisma, lenínisma, maóisma og trotskýisma og vildu koma á framfæri í hreyfingunni og sjálfsagt ýta okkur gömlu rauðsokkunum út.

Við sem vorum lífsreyndari þekktum slagorðin og klisjurnar og vissum að drengirnir sem við töldum að hefðu gert þær út og nestað voru litlir áhugamenn um kvenfrelsi eins og kynbræður þeirra í Nýju vinstri hreyfingunni vestan hafs og austan. Við höfðum nú fyrr og síðar talað um að nýliðun væri æskileg – en hrifumst ekki af þessum málflutningi af fyrrgreindum ástæðum.

Þarna var lögð fram nokkuð ýtarleg stefnuskrá sem við Elísabet Gunnarsdóttir, Helga Sigurjónsdóttir og Herdís Helgadóttir höfðum samið. Segja má að þar hafi verið nánari útfærsla á ýmsu af því sem sett var fram í stuttu máli í stefnuyfirlýsingunni á Skógum. Óhætt er að segja að margt af því sem sett er fram þar þyki sjálfsagt nú á dögum eins og til dæmis dagvistun handa börnum, skólamáltíðir og einsetnir skólar.

Þarna var togast heilmikið á en mér finnst þegar ég hugsa til baka að þetta hafi verið bæði fyndið og skemmtilegt sem mér fannst ekki um deilurnar á Skógum tveimur árum fyrr.

Lokaorð

En þegar þarna var komið sögu var ég nú eiginlega á leið út úr hreyfingunni. Ekki var það vegna þess að skoðanir eða áherslur hefðu breyst heldur voru það aðstæður mínar. Ég var orðin einstæð móðir og þurfti ekki aðeins að þéna

meira en áður heldur jafnframt að sinna viðveruskyldu minni á eigin heimili af fullri alvöru. Synir mínir voru á viðkvæmum aldri og nýbúnir að missa föður sinn burt af heimilinu.

Vissulega er það kaldhæðnislegt að það að verða einstæð móðir skyldi koma í veg fyrir að ég tæki frekari þátt í kvennabaráttunni; eiginmaðurinn var sem sagt forsenda fyrir því að ég gæti það, bæði með sínum hluta í framfærslu og viðveru á heimilinu. Mér þótti þetta nokkuð skringilegt þegar það rann upp fyrir mér, sem reyndar var ekki fyrr en löngu síðar.

Hvað var það sem við gerðum? Var það bylting? Líklega ekki. Við fórum ekki út úr samfélaginu. Við héldum viðmið samfélagsins í stórum dráttum. Klæðaburður okkar breyttist – þó ekki mjög mikið. Fegrunarlyfjum var hafnað – að vissu marki.

Við bundumst óformlegum samningum um að hæla hver annarri, bakka hver aðra upp, aldrei skyldum við brjóta hver aðra niður.

Við höfðum kannski litla trú á hefðbundnum stofnunum, töldum hjónabandið úrelt, kjarnafjölskylduna kúgunartæki sem stæði í vegi fyrir frelsi kvenna. Karlasamfélagið vildi að okkar dómi halda dauðahaldi í það.

Ég held þó ekki að það hafi verið nein hálfvelgja í okkur. Flestar voru reiðubúnar að leggja talsvert á sig fyrir málstaðinn sem við trúðum á – að minnsta kosti gerði ég það.

En kannski höfum við lagt of hart að okkur. Kannski voru áherslur okkar ekki alltaf réttar. Var þetta of dýrkeypt? Um það er hægt að hugsa endalaust, vega og meta. Auðvitað vona allir sem í þessu stóðu að það hafi verið til einhvers góðs. En ég held að ég geti sagt eins og Edith Piaf forðum: *Non, je ne regrette rien* … Ég iðrast einskis.

Myndirnar hér á eftir tók Anna Kristmundsdóttir við undirbúning að opnun Sokkholts, félagsmiðstöðvar Rauðsokkahreyfingarinnar á Skólavörðustíg 12, haustið 1974.

Steinunn Stefánsdóttir, dóttir Helgu Ólafsdóttur, og Dögg Árnadóttir, dóttir Vilborgar Harðardóttur, mála innréttingar í barnahorni.

Elísabet Gunnarsdóttir, Erna Egilsdóttir og Vilborg Harðardóttir.

Helga Kristmundsdóttir smíðar kolla úr hólkum innan úr pappírsrúllum frá Kassagerðinni. Kollana fullgerði svo Steinunn Bergsteinsdóttir með fagurlega saumuðum sessum.

Jón Ólafsson, sonur Vilborgar Sigurðardóttur, að störfum.

Vilborg Harðardóttir og Hildur Hákonardóttir ræða við gesti. Í sófanum situr Helga Kristmundsdóttir og barnið er Dögg Thomsen, dóttir Bjarkar Thomsen.

Helga Kristmundsdóttir, óþekkt og Erna Egilsdóttir.

Helga Ólafsdóttir (t.v.) og Dagbjört Gunnarsdóttir.

EFTIRMÁLI – EN EKKI ENDIR

DAGNÝ KRISTJÁNSDÓTTIR

Það hefur verið ótrúlega falleg og góð reynsla að sjá þessa bók verða til. Eins og lækir og ár streyma fram og sameinast í fljóti streyma sögur þessara ólíku kvenna fram og mynda eina heild sameinaðra krafta, orku og mikils breytingaafls.

Í inngangi Vilborgar Sigurðardóttur kemur fram hve mannréttindi kvenna voru lágt skrifuð á áratugunum á undan stofnun Rauðsokkahreyfingarinnar. Það er erfitt fyrir ungar nútímakonur að ímynda sér hvernig það var. Kvenréttindafélag Íslands hafði háð marga baráttuna á tímabilinu 1930–1960, gáfaðar og góðar baráttukonur höfðu lagt sitt af mörkum við litlar vinsældir og með takmörkuðum stuðningi en smám saman höfðu konur fengið ýmsar réttarbætur. Samt voru þær „hitt kynið“ í kerfi þar sem karlar höfðu öll völd. Dropinn holar vissulega steininn en hvern langar til að bíða á meðan hann gerir það?

Konurnar sem stofnuðu Rauðsokkahreyfinguna mótuðust í þessu andrúmslofti eins og fram kemur í sögum þeirra hér að framan. Frumkvöðlarnir höfðu hins vegar margir kynnst nýjum hugmyndum um kvenfrelsi og kvennabaráttu erlendis, ekki minnst frá Norðurlöndunum. Nokkrir þeirra töluðu sig saman, héldu fund og ákváðu að ganga niður Laugaveginn undir merkjum kvenfrelsiskrafna á baráttudegi verkalýðsins, fyrsta maí 1970. Vilborg Dagbjartsdóttir fékk þá skáldlegu og villtu hugmynd að auglýsa í útvarpinu eftir konum á rauðum sokkum sem voru hvattar til að mæta í gönguna. Í Reykjavík reyndust vera margar konur sem höfðu fengið nóg og voru tilbúnar að hlýða kallinu. Trúlega grunaði samt enga þeirra að þær ættu eftir að breyta sögu tuttugustu aldarinnar á Íslandi.

Rauðsokkahreyfingin var byggð upp á sama hátt og danska Rødstrømpebevægelsen en sá munur var á að íslenska Rauðsokkahreyfingin var frá upphafi opin körlum. Engin valdsleg stjórn var yfir hreyfingunni en starfshópar voru stofnaðir um sérstök verkefni; blaðhópur, verkalýðshópur, dagheimilahópur, hópur um frjálsar fóstureyðingar o.s.frv. Einn hópurinn var jafnframt „miðstöð“ og átti að sjá um að tengja starf hópanna en gat líka átt frumkvæði að verkefnum. Á dagskrá hreyfingarinnar var fyrst og fremst barátta fyrir auknu frelsi og réttindum kvenna en í málgagninu *Forvitinni rauðri* má sjá að konurnar eru að uppgötva og greina kvennakúgun og misrétti á öllum sviðum, í menntakerfinu, í fiskvinnslu, í kjörum skrifstofukvenna, bændakvenna og heimavinnandi húsmæðra með ung börn en líka í niðrandi viðhorfum og þeirri hugmyndafræði feðraveldisins sem birtist konum í hversdagsveruleika þeirra, í auglýsingum, bröndurum og smáfréttum.

Allmargar kvennanna í Rauðsokkahreyfingunni voru giftar eða bjuggu með róttækum mönnum sem studdu hugmyndir þeirra og baráttu og var ósárt um að ráðist væri gegn karlveldinu eins og öðrum valdakerfum. Sumir þeirra tóku virkan þátt í störfum hreyfingarinnar, einkum fyrstu misserin, en drógu sig flestir í hlé þegar fram í sótti þótt þeir héldu áfram að styðja málstaðinn. Hreyfingin gerði ráð fyrir báðum kynjum eins og nafnið gefur til kynna, en sjálfsagt hefur körlum þótt erfið sú staða að „sitja báðum megin við borðið“ vegna kyns síns – þó ekki væri annað – og þegar til kastanna kom reyndist líka nánast ómögulegt að fá fólk til að tala um hreyfinguna öðruvísi en sem Rauðsokku*h*reyfinguna og kvenkenna þannig alla meðlimi hennar. En víst er að án stuðnings samherja úr hópi karla hefði barátta rauðsokka orðið enn erfiðari en raun bar vitni. Rauðsokkahreyfingin barðist á öllum vígstöðvum fyrstu árin en mesta athygli og hörðust viðbrögð vakti baráttan innan verkalýðshreyfingarinnar og baráttan fyrir frjálsum fóstureyðingum. Allt þetta kemur fram í sögunum hér að framan.

Átta árum eftir stofnun Rauðsokkahreyfingarinnar, í september 1978, var tekið heilsíðuviðtal við rauðsokkana Vilborgu Dagbjartsdóttur, Vilborgu Harðardóttur og nemann Guðrúnu Helgadóttur á Rauðsokkasíðu *Þjóðviljans*. Þar kemur fram að fyrstu tvö ár hreyfingarinnar einkenndust af vitundarvakningu og baráttugleði í kjölfar hennar. Kraftarnir dreifðust hins vegar mikið, nýjar konur bættust í hópinn og þær þurftu að byrja á vitundarvakningu og persónulegu uppgjöri svo að ýmsum fannst að hreyfingin kæmist ekkert áfram. Spurt var

um áherslur og forgangsverkefni í hinni ungu grasrótarhreyfingu. Á ráðstefnu hreyfingarinnar á Skógum 1974 braust fram grundvallarágreiningur sem hafði verið þegjandi samkomulag um að láta liggja á milli hluta á meðan andstaðan við hreyfinguna og hugmyndir hennar var sterkust og harðvítugust. Á Skógaráðstefnunni var hugmyndagrundvöllur Rauðsokkahreyfingarinnar stokkaður upp og samþykkt að kvennabarátta væri stéttabarátta. Hreyfingin skilgreindi þar með sjálfa sig sem róttæka mannréttindahreyfingu. Þetta varð sársaukafullt uppgjör og það kom skýrt fram í viðtölum bæði við hægri- og vinstrisinnaða rauðsokka í heimildarmynd Höllu Kristínar Einarsdóttur, *Konur á rauðum sokkum* (2009), og þetta kemur líka fram í sögunum hér að framan.

Fyrstu tvö árin hafði Rauðsokkahreyfingin mestmegnis verið bundin við Reykjavík en byrjaði fljótt að tengja sig við konur á landsbyggðinni og í framhaldi af Skógasamþykktinni var leitað meira eftir tengslum við verkakonur víða um land. Með hreyfinguna á bak við sig gerðu þær síðan leifturárásir bæði á atvinnurekendur og á forystu verkalýðshreyfingarinnar til að bæta kjör verkakvenna og láta rödd þeirra heyrast. Á árunum 1975 og 1976 voru haldnar tvær fjölmennar láglaunaráðstefnur í Reykjavík þar sem verkakonur lögðu saman krafta sína til að afla upplýsinga og undirbúa aðgerðir. Af því voru róttækir rauðsokkar mjög stoltir vegna þess að enginn vafi lék á því að verkakonur voru lægstlaunaði hópur íslenskra kvenna og hvergi eins brýnt að bæta hag kvenna og þar.

Hægri- og vinstrisinnaðar kvenfrelsiskonur náðu sáttum og grófu stríðsaxirnar þegar ákveðið var að sameinast um að allar konur landsins tækju sér frí eða færu í verkfall 24. október 1975 til að undirstrika vinnuframlag sitt. Þremur árum síðar, í áðurnefndu viðtali við Vilborgu Harðardóttur, Vilborgu Dagbjartsdóttur og Guðrúnu Helgadóttur nema, koma fram miklir bakþankar þeirra allra út af „kvennafrídeginum“. Vilborg Harðardóttir segir að séð eftir á hafi aðgerðin verið góð fyrir margar konur „en ekki fyrir okkur“ og þótt Rauðsokkahreyfingin hafi þarna náð til fjöldans hafi það ekki verið á pólitískum forsendum. Guðrún segir að kvennafrídagurinn hafi orðið „hátíðahöld og húllum hæ“ og hún segir: „Þær fóru bara niður í bæ með krakkana sína eins og þetta væri 17. júní. Það varð aldrei nein barátta úr þessu.“ Þessu mótmælir Vilborg Dagbjartsdóttir og segir að þetta hafi verið stórt skref fyrir konur sem aldrei hafi mótmælt neinu áður eða tekið þátt í félagslegri aðgerð. Hún segir: „Kvennadagurinn var í raun og veru ómarkviss, máttlaus og eiginlega bara skemmtiatriði en samt, þá rann

það upp fyrir konum, að þær voru afl, þær voru margar og þær voru sterkar. Þær fundu að þær gátu staðið saman.“[1]

Þrjátíu og sex árum síðar horfum við á heimildarmyndir sem sýna þennan gífurlega fjölda kvenna sem streymdi, ekki í lækjum heldur ám, eftir aðliggjandi götum til að sameinast á Lækjartorgi í mannhafi sem gaf engum kost á að velkjast í vafa um að konur „þyrðu, vildu og gætu“. Ýmis pólitísk öfl vildu gjarna fá afnotarétt af allri þessari orku og samstaða róttækra og borgaralegra femínista varði ekki lengi. Þær síðarnefndu fóru til starfa í sínum stjórnmálaflokkum en þær fyrrnefndu stóðu á krossgötum. Kvennaverkfallið hafði í raun breytt einhverju, sýnt eitthvað. Það fundu margar ungar konur sem komu með óskilgreindar væntingar og vildu leggja Rauðsokkahreyfingunni lið en hún hafði ekki séð þetta fyrir og var alls ekki tilbúin að taka við þeim. Fundir leystust upp í deilur um pólitíska stefnu hreyfingarinnar, gagnkvæma tortryggni og karp og margir frumkvöðlanna kusu þá að draga sig í hlé. Þetta leiddi af sér ákveðið rof í hreyfingunni, í augum sumra af frumkvöðlunum voru dagar þeirra eigin Rauðsokkahreyfingar taldir við þessi umskipti. Aðrir frumkvöðlar unnu áfram með hreyfingunni eða studdu hana þegar til þeirra var leitað.

Sumar nýju kvennanna sem reyndu að koma inn á þessu millitímabili, 1975–1976, urðu líka fyrir vonbrigðum og hrökkluðust burtu, hissa og svekktar. Um það get ég vitnað því að þetta ár reyndi ég í annað sinn að verða hluti af Rauðsokkahreyfingunni, ungur stúdent og femínisti, þekkjandi fáa, lét lítið fyrir mér fara enda talaði enginn við mig, ekki fannst mér ég sérlega velkomin og forðaði mér fljótlega.

Þessu tímabili og átökum lauk og eftir sátu eldri og yngri rauðsokkar og harðsnúið lið pólitískt róttækra aðferðasinna, aðallega frá EIK-ml og Fylkingunni. Þegar ég gerði þriðju tilraun til að brjótast inn í hreyfinguna ári síðar var þeim átökum að ljúka með ósigri EIK-ml sem stofnaði sína eigin kvennahreyfingu m.a. til höfuðs Rauðsokkahreyfingunni. Stöðug og hörð gagnrýni þeirra hafði hins vegar neytt þá sem eftir voru í Rauðsokkahreyfingunni til að skilgreina sig betur eins og sjá má t.d. í málgagninu *Forvitinni rauðri*.[2] Það má því segja að Rauðsokkahreyfingin 1977–1979 hafi unnið umtalsverða fræðilega vinnu í samtali við Kvennahreyfingu EIK-ml og standi í þakkarskuld við þessa andstæðinga sína á marga vegu.

Sams konar átök áttu sér stað á sama tíma annars staðar á Norðurlöndum. Í Noregi réðust konur í AKP (Arbejdernes Kommunistiske Party), sem var

móðurflokkur EIK-ml, með kjafti og klóm á meinta borgaralega femínista í kvennahreyfingunni og þeir hrökkluðust annaðhvort út úr kvennabaráttunni eða hurfu inn í háskólana. Í Danmörku voru líka skýr hvörf sjáanleg eftir fyrstu fimm árin, þau höfðu gengið mjög nærri frumkvöðlunum á öllum sviðum, bæði tilfinningalega og félagslega, eins og við fengum að lesa í sjálfsskrifum þeirra seinna, ævisögulegum skáldsögum og greinum. Þetta persónulega álag kemur líka fram í sögum íslensku baráttukvennanna hér að framan.

Við, sem komum inn í Rauðsokkahreyfinguna eftir átökin 1976, tókum við keflinu frá róttækasta armi hennar sem markaði hreyfingunni stefnu á Skógum 1974. Við neituðum að tengja hreyfinguna við ákveðna stjórnmálaflokka en stóðum fast á sjálfstæði Rauðsokkahreyfingarinnar. Áhersla var lögð á að hreyfingin skyldi tala við lægstlaunuðu konurnar sem báru þyngstu byrðarnar. Rauðsokkahreyfingin eignaðist trausta vini í röðum verkakvenna og tók sér stöðu með þeim en við vorum millistéttarkonur upp til hópa og gátum aðeins reynt að styrkja þá baráttu sem þær báru uppi. Margar af okkur sem vorum virkar í Rauðsokkahreyfingunni á seinna skeiði hennar voru í skólum, unnu á sjúkrahúsum eða í öðrum kvenna- og millistéttarstörfum.

Við byggðum á sama félagsformi og fyrstu rauðsokkarnir, stofnaðir voru grunnhópar eða vitundarvakningarhópar fyrir nýliða sem voru að byrja að sjá kúgunarmynstrið í samfélagi og einkalífi. Oft voru bókmenntir notaðar til að hefja umræður um vændi, mansal, heimilisofbeldi, staðalmyndir kynjanna o.s.frv. sem síðan gátu orðið afar persónulegar. Í hreyfingunni var starfandi stór blandaður kór og litlir sönghópar tengdust honum og gefin var út sérstök söngbók. Haldnar voru menningarhátíðir, dagskrár settar upp um bóheminn Ástu Sigurðardóttur og sósíalistann og bóndann Jakobínu Sigurðardóttur og mikil vinna var lögð í sögulega dagskrá um baráttu gömlu verkakvennanna og tengsl þeirrar baráttu við samtímann. Dagskráin var gefin út í sérstöku hefti. Þýdd og umskrifuð var bók um líkama kvenna sem fékk nafnið *Nýi kvennafræðarinn.* Listakonur gerðu skartgripi og kort sem við seldum. Mjög mikil orka fór í þessa menningar- og útgáfustarfsemi og tekjur af henni runnu til að borga leigu af Sokkholti, húsnæði hreyfingarinnar á Skólavörðustíg 12.

Rauðsokkahreyfingin var mjög virk á árunum 1977–1980 og starfið tók mikinn toll af þeim konum sem virkastar voru á flestum stöðum. Samt var það ekkert lítill hópur sem dró hlassið á síðasta tímabili Rauðsokkahreyfingarinnar. Að sögulegu 8. mars-dagskránni 1978 og útgáfu hennar stóðu t.d. 38 manns

sem mynduðu verkalýðshóp hreyfingarinnar.[3] Við skemmtum okkur vel saman en við trúðum líka í einlægni eins og fyrstu rauðsokkarnir að við værum að bjarga heiminum. Annars hefðum við ekki getað lagt svona hart að okkur.

Óhjákvæmilega kom upp hugmyndafræðilegur ágreiningur milli einstaklinga, hópa og ólíkra áherslna á seinna skeiði hreyfingarinnar. Þessi ágreiningur um það hvert hreyfingin skyldi stefna og hvert væri erindi hennar var bæði frjór og ófrjór. Hinn flati strúktúr hreyfingarinnar og skortur á miðstýringu varð til þess að konur hópuðust í sum verkefni en önnur ekki. Upp kom sambandsleysi milli aðgerðahópanna, menn vissu ekki hvað hinir voru að gera og fannst hreyfingin vera stöðnuð, hún beitti sér ekki þar sem þörfin væri mest og væri hætt að vera pólitískt afl. Hópur góðra og virkra rauðsokka var við nám og störf í Danmörku á árunum 1979–1981 og stofnaði starfshóp þar og gaf út eitt eintak af *Forvitinni rauðri*. Hópurinn sem gagnrýnastur var á hreyfinguna talaði um „nýja kvennahreyfingu". Hann lagði fram tillögu 15. desember 1981 um að Rauðsokkahreyfingin skyldi lögð niður en gegn því var sterk andstaða.[4] Hópurinn hélt sínu striki og stofnaði Kvennaframboðið og síðar Kvennalistann. Þar með var kominn fram valkostur við Rauðsokkahreyfinguna, konurnar sem eftir voru vildu halda starfinu áfram og voru mjög ósáttar við hina nýju stefnu en urðu undir. Rauðsokkahreyfingin var lögð niður endanlega árið 1982 og gerð upp í ársbyrjun 1983.

Þegar Kvennalistinn hafði runnið sitt skeið sextán árum síðar og femínistarnir sem að honum stóðu hurfu til ýmissa starfa með kynjagleraugun sín á nefinu fannst mörgum að kvennabaráttunni hefði verið vel fyrir komið; annars vegar í háskólunum þar sem femínískir fræðimenn legðu stund á og kenndu femínísk fræði og hins vegar í stjórnsýslunni þar sem femínískir embættismenn ynnu að því að leiðrétta lög og reglugerðir svo að jafnrétti næðist. En það náðist nú ekki.

Innan fárra ára, 1997, reis upp fjallhress hópur ungra kvenna, Bríetarnar, sem stóð fyrir nokkrum aðgerðum og stuttu síðar varð Femínistafélagið til, samtök sem áttu upptök sín á Netinu vorið 2003 og endurspegluðu skýrt nýjar áherslur þriðju bylgju femínista, sem risu upp gegn staðalímyndum, klámvæðingu og kvenlægingu hins svokallaða „góðæris". Þá stóðst undirrituð ekki mátið, „dustaði rykið af dansskónum" og gerðist um tíma ráðskona menningarhóps Femínistafélagsins eftir næstum 25 ára fjarveru frá vígvellinum.

Hver eiga svo eftirmæli Rauðsokkahreyfingarinnar að vera og hvar stöndum við nú? Í bókinni *Ekki systir móður minnar. Kynslóðaátök og þriðju bylgju femínismi* (*Not my mother's sister* 2004) segir Astrid Henry[5] að þriðju bylgju femínistar hafi engan áhuga á „systralagi" annarrar bylgju femínismans. Ungu stúlkurnar sem myndi þriðju bylgju femínismann séu fæddar milli 1965 og 1980. Þær séu aldar upp í femínisma og þekki ekkert annað. Þær sjái enga þörf á vitundarvakningarhópstarfi eða aðgerðum út af málstað sem sé fyrir löngu viðurkenndur og stofnanavæddur. Þær séu aldar upp í samfélagi þar sem kapítalisminn hafi sigrað, stéttahugtakið sé talið úrelt, neyslu- og fjölmiðlunarsamfélagið sé allsráðandi og samstaðan sé með vinum og vinahópum en ekki „ókunnugu" fólki. Þessir femínistar skilgreini sig ekki sem „systur" heldur „dætur" (einbirni) og kvenfrelsið sem þær séu tilbúnar til að berjast fyrir sé það frelsi sem geri þær hamingjusamar sem einstaklinga. Afstaðan til kynferðis og kynlífs skipti þar miklu máli.

Þriðju bylgju femínistar, eða póst-femínistar, eru dætur mæðra sinna en í þetta sinn er móðirin ekki lengur valdalaus í samfélaginu heldur mögulega valdamikil og erfið dótturinni sem gerir uppreisn gegn henni. Dæturnar eru ennþá „mæðrafælnar" (*matrophobia* er óttinn við að breytast í móður sína) en sú ráðríka og ógnandi móðir sem þær rísa gegn er ekki alltaf persóna móðurinnar heldur það sem skóp hana, sjálfur annarrar bylgju femínisminn, sem kynslóð mæðranna bar fram, segir hin umdeilda Phyllis Chesler. Þetta er þróun sem karlveldi og neyslusamfélag síðustu ára hefur ýtt undir með ráðum og dáð – sagt er að stúlka geti náð eins langt og hún vill á hæfileikum sínum, en þá verður hún að hafna femínískum málflutningi.

Önnur leið, sem stundum er stillt upp sem einu færu leiðinni, er að nota kynþokkann sér til framdráttar í karlveldinu sem stendur styrkum fótum, en ekki veit ég hve styrkum fótum þær ungu konur standa sem ganga daglangt á 12 sentimetra háum hælum og sýna sér enga miskunn. Vaxandi stéttamunur í samfélaginu kemur ekki síst fram í gildishlöðnum útlitskröfum sem bitna harðast á þeim konum sem höllustum fæti standa. Sem betur fer blasir við okkur daglega hvernig ungar konur í samfélagi okkar sjá í gegnum þessa hugmyndafræði neysluhyggju og auðvaldssamfélags, eru gagnrýnar, sjálfstæðar og láta heyra í sér. Og það er alveg víst að þær munu tala sig saman, þær munu boða til fundar, stofna grasrótarsamtök að nýju og þær munu berjast fyrir frelsi og jafnrétti.

Ég get ekki ímyndað mér hvernig líf mitt hefði orðið ef ekki hefði verið auglýst í útvarpinu eftir konum á rauðum sokkum hinn 1. maí 1970. Það er alveg ljóst að það hefði orðið allt öðruvísi, kannski auðveldara, kannski erfiðara, en alveg örugglega leiðinlegra og fátækara. Ég færi frumkvöðlum Rauðsokkahreyfingarinnar mínar kærustu þakkir fyrir allt það sem þær gáfu okkur.

TILVÍSANIR OG HEIMILDIR

Vilborg Dagbjartsdóttir:
Um ljóðin

Tíu af tólf ljóðum Vilborgar hér í bókinni er að finna í safnriti hennar, *Ljóð*, sem kom út hjá Máli og menningu 1981. Kyndilmessa, III er hluti af samnefndu ljóði og Hæka er þriðja ljóðið í flokknum Sautján júlídagar 1980. Ljóðið Morgunsöngur útivinnandi móður (Gömul tugga) birtist í ljóðabók Vilborgar, *Fiskar hafa enga rödd*, útgefinni af JPV útgáfu 2004, og ljóðið Furða í bók hennar, *Síðdegi*, sem kom út hjá sömu útgáfu 2010.

Auður Hildur Hákonardóttir:
Konan sem stendur bak við eldavélina þína gæti verið rauðsokka

[1] Sjá: Thoreau, Henry David. 1854. *Walden; or, Life in the Woods*. Boston: Ticknor and Fields.

[2] „When that white driver stepped back toward us, when he waved his hand and ordered us up and out of our seats, I felt a determination to cover my body like a quilt on a winter night." *http://www.what-is-coaching.com/born-to-win.html* [Sótt 1.6. 2011.] Þýðing A.H.H.

[3] Sjá t.d.: Davis, Angela. 1975. *An autobiography*. London: Hutchinson.

[4] Ralph Waldo Emerson (1803–1882), bandarískur heimspekingur, ljóðskáld og rithöfundur, leiðtogi hreyfingar *transcendentalista* um miðja 19. öld.

[5] Ritgerðin var fyrst gefin út 1849 og hefur síðan margoft verið prentuð. Sjá t.d.: Thoreau, Henry David. 1995. *Civil disobedience*. London: Penguin. Ritgerðin birtist í íslenskri þýðingu Elísabetar Gunnarsdóttur árið 2009 undir heitinu „Borgaraleg óhlýðni" í *Tímariti Máls og menningar*, 70. árg., 2. hefti.

[6] Dýrleif Árnadóttir. 1944. „Hver verður réttarstaða konunnar í íslenska lýðveldinu?" *Melkorka, tímarit kvenna,* 1. hefti, 1. árg., bls. 25–26.

[7] Á frummálinu: *Mémoires d'une jeune fille rangée*. Útgefin á frönsku 1958 og í enskri þýðingu James Kirkup 1959.

[8] Á frummálinu: *Le Deuxième Sexe*. Útgefin á frönsku 1949 og í enskri þýðingu H. M. Parshleys 1953. Þýðing Parshleys þótti mjög gölluð og bókin var gefin út í nýrri enskri þýðingu þeirra Constance Borde og Sheilu Malovany-Chevallier árið 2009.

[9] Félagsskapur ungra kvenna í Kvenréttindafélagi Íslands.

Guðrún Hallgrímsdóttir:
Við neituðum að ganga inn í hefðina

[1] Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. 1994. „Að gera til að verða." *Fléttur – rit Rannsóknastofu í kvennafræðum; 1*. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvennafræðum: Háskóli Íslands: Háskólaútgáfan, bls. 105–106.

[2] Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. 1997. *Doing and becoming: women's movements and women's personhood in Iceland 1870–1990.* [Reykjavík]: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands: Háskólaútgáfan, bls. 127. „Mat rauðsokka á því sem einkenndi konur sem menningarhóp hafði af þessum sökum neikvæða merkingu. Í stað þess að standa jafnfætis körlum, en vera þó öðruvísi en þeir, eins og baráttufólk fyrir kosningarétti kvenna hélt fram, litu rauðsokkar svo á að þær ættu að verða jafnar körlum og verða eins og þeir." (Þýð. GH.)

[3] Ritgerð Droplaugar er að finna á Lbs – Hbs Þjóðarbókhlöðu. Sjá einnig: „Margt hefur náðst en enn er langt í jafnrétti", viðtal Sigríðar Víðis Jónsdóttur við Droplaugu Margréti Jónsdóttur í *Morgunblaðinu* 19. júní 2006, bls.10.

[4] Bjarni Ólafsson. 1971. „Almennt um upphaf Rauðsokkahreyfingarinnar og inntak." *Samvinnan*, 65. árg., 5. tbl., 1. október, bls. 14–17.

[5] Sjá: *Þjóðviljinn*, 21. október 1970, bls. 3.

[6] *Tólf konur* kom út hjá Almenna bókafélaginu 1965 og *Veisla undir grjótvegg* hjá Helgafelli 1967.

[7] Alþingi, 92. löggjafarþing, *Frumvarp til laga um jafnlaunadóm* (52. mál). Flutningsmaður Svava Jakobsdóttir.

[8] *Jafnlaunaráð*, lög nr. 37/1993.

[9] Sjá t.d.: *Þjóðviljinn*, 29. desember 1971, bls. 12.

[10] [Frétt frá rauðsokkum.] 1971. „Vilja skynsamleg fóstureyðingarlög". *Morgunblaðið*, 20. nóvember, bls. 14.

[11] *Frumvarp til laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir*. Lagt fyrir alþingi á 94. þingi, 1973, 95. mál, þskj. 104.

[12] *Frumvarp til laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir*. Lagt fyrir alþingi á 96. þingi, 1974, 130. mál, þskj. 233.

[13] Sjá t.d.: [Ónafngreindur blaðamaður.] 1975. „Vilja óbreytt frumvarpið". *Þjóðviljinn*, 26. mars, bls. 7.

[14] Þættirnir eru aðgengilegir á Kvennasögusafni Íslands í Þjóðarbókhlöðu í formi fimm segulbandsspóla auk útskriftar á efni þeirra.

[15] *Stefnuyfirlýsing Rauðsokkahreyfingarinnar*. 1975. *Forvitin rauð*, 5. blað, 1. maí, bls. 7.

[16] *Þjóðviljinn*, 4. október 1974, bls. 1 og 2.

[17] Öll erindi ráðstefnunnar voru prentuð í *Þjóðviljanum* 7. febrúar 1975. Sjá einnig: Hildur Hákonardóttir. 2005. *Já, ég þori, get og vil: kvennafrídagurinn 1975, Vilborg Harðardóttir og allar konurnar sem bjuggu hann til.* Reykjavík: Salka, bls. 55–63.

[18] Ráðstefna um uppeldi og uppeldisskilyrði ungra barna í nútímaþjóðfélagi var haldin í Lindarbæ helgina 22. og 23. febrúar 1975.

[19] Fundurinn var haldinn 26. maí og sóttu hann hátt í 200 manns, sjá *Þjóðviljinn*, 4. maí 1975, bls. 2.

[20] Lima Declaration and Plan of Action on Industrial Development and Co-operation 1975. Adopted by Second General Conference of UN Industrial Development Organisation, Lima, 26th March 1975.

[21] United Nations Industrial Development Organization, *Preparatory Meeting on the Role of Women in Industrialization in Developing Countries*, Vienna, Austria, 6–10. November 1978, ID/WG.283/23.

[22] Alþjóðlegt heiti verkefnisins er CEEWIT; Communication, Education and Employment for Women through Information Technology. Verkefnið var styrkt af Leonardo-áætlun Evrópusambandsins.

[23] Marine Stewardship Council.

Helga Ólafsdóttir:
Barátta rauðsokka: forðabúr femínismans

[1] Lindsjö, Inga. 1971. „Tvö tilbrigði við þekkt stef“. Steinunn Stefánsdóttir þýddi. ***Samvinnan***, 5. tbl., 65. árg., bls. 32.

[2] Ágústa Þorkelsdóttir. 1976. „Vinnuframlag húsmóður stórlega vanmetið í grundvelli landbúnaðarins“. *Búnaðarblað Þjóðviljans*, 5. júní, bls. 9.

[3] Frumvarp til laga [130. mál] um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Lagt fyrir alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974. Sjá: *http://www.althingi.is/altext/96/s/pdf/0233.pdf* [sótt 1. júlí 2011].

[4] „Hundrað konur mótmæla endurskoðun fóstureyðingafrumvarpsins, sem þær telja móðgun við konur“. 1975. *Þjóðviljinn*, 20. mars, bls. 3.

[5] Herdís Helgadóttir. 1996. *Vaknaðu kona!* Reykjavík: Skjaldborg, bls. 53–54.

[6] „Leiðari“. 1975. *Forvitin rauð,* 4. árg., 5. tbl., bls. 3. „Stefnuyfirlýsing Rauðsokkahreyfingarinnar“. 1975. *Forvitin rauð*, 4. árg., 5. tbl., bls. 7.

[7] „Tilraun Alþýðubandalagsins til að gleypa Rauðsokka mistókst“. 1974. *Morgunblaðið*, 19. júní, bls. 3 og bls. 38. „Róttæk stefnuyfirlýsing samþykkt á ráðstefnu Rauðsokka“. 1974. *Þjóðviljinn*, 20. júní, bls. 3.

[8] „Álit ráðstefnu um kjör láglaunakvenna“. 1975. *Forvitin rauð*, 4. árg., 5. tbl., bls. 7.

[9] „Rauðsokkahreyfingin kynnir verk Ástu Sigurðardóttur“. 1977. *Alþýðublaðið*, 27. febrúar, bls. 9.

[10] Helga Ólafsdóttir. 1981. „Konur eru láglaunaður meirihluti“. *Ásgarður*, 30. árg., okt., bls. 17.

[11] Helga Sigurjónsdóttir. 1981. „Það er menning að fæða barn“. Viðtal við Evu Björkander-Mannheimer. *Tímarit Máls og menningar*, 2. hefti, 42. árg., bls. 199–208.

[12] Sjá t.a.m. „Helga Ólafsdóttir spyr Helgu Kress: „Eiga allar konur samleið?““. 1981. *Þjóðviljinn*, 11. júlí, bls. 2; og „Helga Kress svarar: „Hvers má sín ein kona gagnvart 19 karlmönnum?“ og spyr Kristjönu Gunnarsdóttur rithöfund: „Hvað er kvennamenning?““. 1981. *Þjóðviljinn*, 18. júlí, bls. 2. Kristjana Gunnarsdóttir svarar Helgu Kress: „Hvað er kvennamenning?“. 1981. *Þjóðviljinn*, 25. júlí, bls. 2.

Edda Óskarsdóttir:
Ný tilvera

[1] S. J. [fangamark blaðamanns] 1970. „VERÐUR RAUÐSOKKAHREYFINGIN AÐ MANNRÉTTINDAFÉLAGI ÍSLANDS?“ *Alþýðublaðið*, 15. júní, bls. 16 [baksíða] og 15.

[2] [Ónafngreindur blaðamaður]. 1970. „Rauðsokkar þinga“. *Tíminn*, 23. september, bls. 6–7 og 14.

[3] [Ónafngreindur blaðamaður]. 1970. „KONURNAR ERU AÐ KOMA!“ *Alþýðublaðið*, 20. október, bls. 3. [Ónafngreindur blaðamaður]. 1970. „Rauðsokkurnar hyggjast vinna í starfshópum“. *Morgunblaðið*, 21. október, bls. 24. S. B. [fangamark blaðamanns] 1970. „Fjölmenni á Rauðsokkafundi“. *Vísir*, 20. október, bls. 1. [Ónafngreindur blaðamaður]. 1970. „Rauðsokkahreyfingin myndar marga fjölþætta starfshópa“. *Þjóðviljinn*, 21. október 1970, bls. 3.

[4] vh. [nafnstafir Vilborgar Harðardóttur] 1971. „Vantar 250 pláss fyrir börn kvenna sem þegar vinna úti“. *Þjóðviljinn*, 18. maí, bls. 1 og 3. [Ónafngreindur blaðamaður]. 1971. „VERÐA EKKI REKNAR HEIM“. *Þjóðviljinn*, 19. maí, bls. 6–7 og 9.

[5] [Ónafngreindur blaðamaður]. 1971. „Andóf ’71 á mannréttindadag“. *Þjóðviljinn*, 20. júní, bls. 12 [baksíða] og bls. 9. Einnig tilvísun á forsíðu: „Fyrirvinnur óskast, helst ríkar […]“

[6] Dreifimiði Andófs, 1971. Varðveittur í úrklippumöppu greinarhöfundar.

[7] [Ónafngreindur blaðamaður]. 1971. „Andóf með nýjum brag“. *Þjóðviljinn*, 22. júní, bls. 3.

[8] „Konan er maður“ [greinaflokkur a.m.k. 10 nafngreindra höfunda auk starfshópa rauðsokka]. 1971. *Samvinnan*, 5. tölublað 65. árgangs, 1. október, bls. 12–33.

[9] *Forvitin rauð* [tímarit Rauðsokkahreyfingarinnar]. Útgáfuár 1972–1982.

[10] [Ónafngreindur blaðamaður]. 1972. „Rauðsokkótt kvíga í fegurðarsamkeppni á Akranesi“. *Tíminn*, 12. september, bls. 1.

[11] Dreifibréf skoðanakönnun, 1972. Varðveitt í úrklippumöppu greinarhöfundar.

[12] Lómur [dulnefni]. 1972. „Akraneskvígan“. *Alþýðublaðið*, 16. september, bls. 12 [baksíða].

[13] „Ég er forvitin rauð“ [útvarpsþættir á vegum Rauðsokkahreyfingarinnar]. 1972. Ríkisútvarpið 25. janúar – 24. febrúar, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 14.30, 10 skipti. Umsjónarmenn af hálfu Rauðsokkahreyfingarinnar, hver með sínum þætti: Vilborg Harðardóttir, Helga Gunnarsdóttir, Helga Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Helga Sigurjónsdóttir, Guðrún Hallgrímsdóttir, Rannveig Jónsdóttir, Elín Hjaltadóttir, Þuríður Pétursdóttir, Vilborg Sigurðardóttir.

[14] Hildur Harðardóttir. 1972. „Um Rauðsokkur og fleira.“ [Bréf í dálkum Velvakanda]. *Morgunblaðið*, 15. apríl, bls. 28.

[15] Widalinus [dulnefni]. 1972. „Vilja rauðsokkur „kála“ afkvæmum sínum?“ *Mánudagsblaðið*, 14. febrúar, bls. 1 og 5.

[16] 1974. *Forvitin rauð*, 3. árg. 3. tölublað [frá upphafi. Kom út í ársbyrjun.]

[17] [Ónafngreindur skrifari ritstjórnar]. 1975. „Er kvennabaráttan pólitísk?“ *Verkalýðsblaðið*, 3. tölublað 1. árgangs, bls. 3.

[18] [Ónafngreindur blaðamaður]. 1974. „Ráðstefna Rauðsokka að Skógum“ [birt fyrir ráðstefnuna]. *Þjóðviljinn*, 13. júní 1974, bls. 7. vh [nafnstafir Vilborgar Harðardóttur]. 1974. „Ráðstefnan að Skógum“ [birt eftir ráðstefnuna]. *Þjóðviljinn*, 22. júní, bls. 15.

[19] [Ónafngreindur blaðamaður]. 1975. „Kvennaársráðstefnan“. *Morgunblaðið*, 24. júní 1975, bls. 13. [„Kvennaársráðstefnan, haldin 20. og 21. júní 1975, skorar á konur að taka sér frí frá störfum á degi Sameinuðu þjóðanna 24. október næstkomandi til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags síns.“]

Gerður G. Óskarsdóttir:
Brutum þagnarmúra

[1] Nefnd drög að stefnuskrá fyrir samtökin í: *Fundargerð. Fundur haldinn í litla salnum í Norræna húsinu, hinn 7. sept. 1970.* Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 206.

[2] Nefnd markmið í: Bjarni Ólafsson. 1971. Almennt um upphaf Rauðsokkahreyfingarinnar og inntak. *Samvinnan, 65*(5), bls. 14–17.

[3] Sama heimild.

[4] Gerður G. Óskarsdóttir. 1969, des. Jafnrétti í námi. *Kópavogur, 15*(4), bls. 2 og 4.

[5] Gerður G. Óskarsdóttir. 1970. Eiga stúlkur og drengir að læra sömu handavinnu? *Foreldrablaðið, 26*(1), bls. 23–24.

[6] Hegeler, S. 1970. *Hvernig mamma?* Námsefni um kynfræðslu. Gerður G. Óskarsdóttir þýddi [Fjölrit] (8 bls.).

[7] Graae, B. og Houman, J. (ritstj.). 1967. *To køn – ét samfund – kønsrolledebattens relevante problemer.* Danmarks Radios grundbøger. København: DR/Fremad.

[8] Friedan, B. 1963. T*he Feminine Mystique.* Harmondsworth: Penguin.

[9] Bonnevie, M. 1968. *Fra mannssamfunn til menneskesamfunn*. Oslo: J. W. Cappelens Forlag.

[10] Rauðsokkahreyfingin. [1972]. *Forvitin rauð* [1. blað, bls. 14–15].

[11] *Fundargerð. Fundur haldinn í litla salnum í Norræna húsinu, hinn 7. sept. 1970.* Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 206.

[12] Sbr. Rauðsokkahreyfingin. [1972]. *Forvitin rauð* [1. blað, bls. 14–15].

[13] Hildur Hákonardóttir. 1971. Hornsteinar og höfuðpaurar. *Samvinnan 65*(5), bls. 12–13; Rauðsokkahreyfingin. [1972]. *Forvitin rauð* [1. blað, bls. 14–15].

[14] *Rauðsokkar. Veturinn 1970–71* (Símanúmer til að hringja í, þegar mikið liggur við). Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 206.

[15] Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir (ritstj.). 1998. *Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna*, bls. 54, 55 og 58. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands.

[16] Guðrún Sigríður Vilhjálmsdóttir (tók saman) og Ólafur Ragnar Grímsson (ritstj.). [Án ártals]. *Jafnrétti kynjanna. Skýrsla Námsbrautar í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands til félagsmálaráðuneytisins*, bls. 211. Reykjavík: Námsbraut í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands og Örn og Örlygur.

[17] Auður Styrkársdóttir. 1994. *Barátta um vald. Konur í bæjarstjórn Reykjavíkur 1908–1922*, bls. 122. Reykjavík: Háskóli Íslands, Háskólaútgáfan.

[18] Bréfaskóli SÍS og ASÍ. Svarbók fyrir nemanda nr. 24. [1970–1971]. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 306.

[19] Sbr. Eygló Eyjólfsdóttir. 1974. Félagsbýli krafa nútímans. *Forvitin rauð,* 4. blað, bls. 12–13; *Ég er forvitin – rauð. 2. [útvarps]þáttur. Nýir sambýlishættir*. [1972]. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 444.

[20] Sbr. Helga Sigurjónsdóttir. 1972. Samsköttun hjóna. *Forvitin rauð* [1. blað, bls. 9–10]; *Ég er forvitin – rauð. 5. [útvarps]þáttur. Hjúskapur, skattar og tryggingar.* [1972]. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 444.

[21] *Til fjármálaráðherra Halldórs E. Sigurðssonar og endurskoðunarnefndar skattalaga c/o Jón Sigurðsson, form.* (Afrit af bréfi þessu sent öllum þingflokkunum). 1974, 3. febr. [Undirskrift:] Fyrir hönd starfshóps Rauðsokka um skattamál, Gerður G. Óskarsdóttir, Grænutungu 7, Kópavogi. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 206.

[22] *Hr. Jón Sigurðsson fjármálaráðuneyti.* 1974, 27. apríl. [Undirskrift:] f.h. starfshópsins, Gerður G. Óskarsdóttir, Grænutungu 7, Kópavogi. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 206.

[23] Norræni sumarháskólinn. Hópur 2, veturinn 1973–74. *Verkefni: Athugun á félagasamtökum.* [Yfirlit yfir nokkur félög]. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 206. Sjá einnig: *Ég er forvitin – rauð. 8. [útvarps]þáttur. Félagsmál.* [1972]. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 444.

[24] Greer, G. 1971. *Den kvindelige eunuk.* Kaupmannahöfn: Bibliotek Rhodos; Norræni sumarháskólinn. Umræðuhópur um stöðu konunnar í atvinnulífi kapitalistiskra landa. Útdráttur úr kaflanum um vinnuna bls. 139–162. [Undirskrift:] Gert í byrjun marz 1973, Helga Sigurjónsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 206.

[25] Jón Torfi Jónasson. (2008). Fjöldi nemenda og fjármagn. Í Loftur Guttormsson (ritstj.), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007. Skóli fyrir alla 1946–2007* (bls. 185). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

[26] Guðrún Sigríður Vilhjálmsdóttir (tók saman) og Ólafur Ragnar Grímsson (ritstj.). [Án ártals]. *Jafnrétti kynjanna. Skýrsla Námsbrautar í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands til félagsmálaráðuneytisins*, bls. 52. Reykjavík: Námsbraut í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands og Örn og Örlygur.

[27] Sama heimild, bls. 67.

[28] Jón Sigurðsson. 1975, 26. sept. *Kvenþjóðin og þjóðartekjur.* Erindi flutt á kvennaársráðstefnu ASÍ og BSRB, töflur 3 og 5. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 203.

[29] Rannveig Löve. 1965. *Barnagaman. Kennslubók í lestri*. Reykjavík: Ríkisútgáfa námsbóka.

[30] *Ríkir jafnrétti milli kynjanna í barnaskólunum?* 1970. [Drög að dagskrá fyrir fundi í skólum]. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 206.

[31] Úr: Gerður G. Óskarsdóttir. 1974. *Erindi á fundi Rauðsokka í Leirárskóla.*

[32] Í upphafi ávarps: Gerður G. Óskarsdóttir. 1975, 1. maí. Lausnin er gjörbreytt þjóðfélag. Ræða flutt í Neskaupstað 1. maí. *Austurland 25*(21), bls. 1.

[33] Skúli H. Norðdahl. 1969. *Aðalskipulag Kópavogskaupstaðar. Tillaga að greinargerð.* Kópavogi: Kópavogskaupstaður, bls. 41–45.

[34] Sama heimild, bls. 41.

[35] Sama heimild, bls. 42.

[36] Í greinargerð um niðurstöður könnunarinnar kemur fram að gert var slembiúrtak með því að draga nafn fjórðu hverrar konu á aldrinum 20 til 50 ára úr íbúaskrá bæjarins (voru alls 2.149). Dregin voru út 525 nöfn. Þegar brottfluttir og búsettir annars staðar höfðu verið dregnir frá stóðu 430 nöfn eftir og var þessum aðilum afhentur spurningalistinn. Svörun var 80%.

[37] *Skoðanakönnun meðal kvenna í Kópavogi varðandi dagvistarstofnanir fyrir börn*. 1970, jan. [Bréf til þátttakenda og spurningalisti]. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 206.

[38] Verða ekki reknar heim. 1971, 19. maí. *Þjóðviljinn, 36*(111), bls. 6–7 og 9; Konur hafa áhuga á starfi utan heimilis. 1971, 18. maí. *Vísir, 61*(110), bls. 13; Þær sem hafa betri menntun vinna frekar úti. 1971, 19. maí. *Vísir, 61*(111), bls. 13.

[39] *Til bæjarstjórnar Kópavogs.* 1971, 1. september. [Bréf undirritað af sex konum úr starfshópi rauðsokka]. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 206; *Samvinnan, 65*(5), bls. 26–27.

[40] *Undirskriftasöfnun á vegum Kvenréttindafélags Íslands, Úa og Rauðsokkahreyfingarinnar*. 1972, nóvember. [Form fyrir undirskriftir og drög að bréfi til fjárveitinganefndar alþingis]. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 206.

[41] Skrifum allar undir! [1972]. *Forvitin rauð* [1. blað, bls. 10–11].

[42] *Ég er forvitin – rauð. 4. [útvarps]þáttur. Uppeldi og barnaheimili*. [1972]. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 444.

[43] ASÍ-BSRB. Ráðstefna um kaup og kjör kvenna á vinnumarkaði. Munaðarnesi. 1975, 26.–28. sept. *Dagskrá.* [Útdrættir úr fyrirlestrum. Niðurstöður starfshópa]. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 203.

[44] Ragnar Árnason (umsjón). 1991. *Þjóðhagsleg hagkvæmni eflingar leikskóla og lengri skóladags í grunnskóla. Athugun gerð fyrir menntamálaráðuneytið. Bráðabirgðaskýrsla.* Reykjavík: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

[45] Sbr. *Erindi til fjármálaráðherra og endurskoðunarnefndar skattalaga.* 1974, 3. febrúar. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 206; *Bréf til menntamálaráðherra um frumvarp um mannanöfn.* 1971, 20. nóvember. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 206.

[46] Sbr. Bréf sent til allra alþingismanna vegna frumvarps um nýja fóstureyðingalöggjöf sem lagt var fram á alþingi í nóvember 1973. 1974. *Forvitin rauð*, bls. 3; [Svar frá alþingismanni.] 1975, 17. mars. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 203.

[47] Sjá t.d.: Gerður G. Óskarsdóttir. 1971, 14. jan. Kynning á Rauðsokkum á fundi í Alþýðubandalagi Kópavogs; Gerður G. Óskarsdóttir. 1974. Erindi á fundi Rauðsokka í Leirárskóla; Lilja Ólafsdóttir. 1974. Framsöguerindi á fundi Rauðsokka hjá Alþýðubandalaginu á Selfossi. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 204.

[48] Benjamín Kristjánsson. 1971, 6. janúar. Sendibréf til Sankti Jósefs. Hugrenningar í sjúkrahúsi. *Morgunblaðið, 58*(3), bls. 10–11.

[49] Sbr. Bjarni Ólafsson. 1971. Almennt um upphaf Rauðsokkahreyfingarinnar og inntak. *Samvinnan, 65*(5), bls. 14–17.

[50] Sbr.: Vísir spyr: Eruð þér rauðsokka? 1972, 6. apríl. *Vísir*, *62*(78), bls. 2.

[51] Myndirnar eru eftir sænska kvikmyndagerðarmanninn Vilgot Sjöman og eru frá árunum 1967 og 1968. Litirnir vísa í sænska fánann. Aðalleikonan þeysist um með hljóðnema, stundum á Evuklæðum, og er forvitin um lífið, tilveruna, frjálsar ástir, stjórnmál og listir. Viðmælendur hennar eru meðal annars fjöldi frægra Svía eins og Olof Palme. *Kvika* – leikstjórar 10.04.2006. *http://www.heima.is/tonaflod/press/leikstj.asp?strAction=getPublication&intPublId=492*

[52] Útvarpsþættir Rauðsokka, *Ég er forvitin – rauð.* 1972. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 444 [hljóðbönd og þættirnir tölvuskráðir].

[53] Guðrún S. Einarsdóttir. 1972, 5. febrúar. Velvakandi. *Morgunblaðið, 59*(29), bls. 4.

[54] H. J. 1972, 5. febrúar. Velvakandi. *Morgunblaðið, 59*(29), bls. 4.

[55] *Til útvarpsráðs*. 1972, 14. sept. [Bréf frá umsjónarmönnum útvarpsþáttanna Forvitin rauð]. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 206.

[56] G.G.Ó. [1972]. Eiginkonan á vinnustað. *Forvitin rauð*, [1. blað, bls. 7–8].

[57] G.Ó. 1974. [án titils]. *Forvitin rauð*, 3. blað, bls. 2.

[58] *Fjármálaráðuneytið. Frk. Björg Einarsdóttir, Einarsnesi 4, Reykjavík.* 1972, 14. des. [Svarbréf til starfshóps á vegum Rauðsokkahreyfingarinnar]. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 203.

[59] Viðbrögð karla við Rauðsokkum. [1972]. *Forvitin rauð* [1. blað, bls. 12–13].

[60] Sveinn Garibaldason. 1973. Bréf til blaðsins. *Forvitin rauð*, 2. blað, bls. 16–17.

[61] Sjá t.d. *Forvitin rauð*. 1973. 2. blað, bls. 2–3, 6, 10–11 og 15.

[62] *Forvitin rauð*, 1974. 3. blað.

[63] Gerður G. Óskarsdóttir. 1973, 29. mars. *Fóstureyðingar. Erindi á fundi Félags ungra framsóknarmanna.* Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 203.

[64] *Bréf sent til allra alþingismanna vegna frumvarps um nýja fóstureyðingalöggjöf, sem lagt var fram á alþingi í nóvember 1973*. [Undirskrift:] Fyrir hönd starfshóps um nýja fóstureyðingalöggjöf. Helga Ólafsdóttir Ásvallagötu 8. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 206.

[65] *Lög um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar* nr. 38/1935.

[66] *Lög um að heimila í viðeigandi tifellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt* nr. 16/1938.

[67] Rauðsokkahreyfingin, Ásvallagötu 8. 1974, 8. apríl. *Erindi til forsætisráðherra, Ólafs Jóhannessonar,* Reykjavík. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 206.

[68] Forsætisráðuneytið. 1974, 18. apríl. *Svar til Rauðsokkahreyfingarinnar, Ásvallagötu 8, Reykjavík vegna húsnæðis fyrir félags- og kynningarmiðstöð*. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 206.

[69] Stefnuyfirlýsing Rauðsokkahreyfingarinnar. 1975. *Forvitin rauð*. 5. blað, bls. 7.

[70] Rauðsokkur í Neskaupstað. 1975, 1. maí. *Austurland, 25*(19), bls. 4.

[71] Ráðstefna um kjör kvenna, haldin í Neskaupstað. 1975, 1. maí. *Austurland, 25*(20), bls. 1 og 3; Gögn í Kvennasögusafni Íslands, Reykjavík, askja nr. 205.

[72] AB-blaðið spjallar við Gerði Óskarsdóttur skólastj. í Neskaupstað. 1975. Konur láta ekki aðra hugsa fyrir sig. *Alþýðubandalagsblaðið. Málgagn Alþýðubandalagsins í Norðurlandskjördæmi eystra, 6*(19), bls. 4.

[73] Námsflokkar Neskaupstaðar. 1976. *Námshópur um jafnréttismál. Starfsáætlun* [12 fundir]. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 204.

[74] Jafnréttisnefnd Neskaupstaðar. 1978, 8. maí. *Útskrift úr gjörðarbók … 15. fundur*. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 203.

[75] *Fundur jafnréttisnefndar Neskaupstaðar með grunnskólakennurum staðarins*. Kynjamisrétti í kennslubókum [nokkur verkefni umræðuhópa]. 1976, 30. nóvember. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 203.

[76] Jafnréttisnefnd Neskaupstaðar. 1979, 3. apríl. *17. fundur.* Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 203; Jafnréttisnefnd Neskaupstaðar. 1979, 26. maí. *18. fundur.* Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 203.

[77] Jafnréttisnefnd Neskaupstaðar. 1978, 15. mars. *Kynningarfundur í kaffistofu frystihúss S.V.N. á vegum Verkalýðsfélags Norðfirðinga og Jafnréttisnefndar Neskaupstaðar* [fundargerð]. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 203; G. G. Ó. 1978, 23. mars. Vinnustaðarfundur um jafnréttismál í Neskaupstað. *Austurland 28*(12), bls. 1 og 2.

[78] Rauðsokkar kynna verk Ástu Sigurðardóttur. 1977, 11. mars. *Austurland 27*(10), bls. 4.

[79] Sbr. Jafnréttisnefnd Neskaupstaðar. 1980, 16. febrúar. *19. fundur*; [Handskrifaðar nótur frá 1. mars 1982 um fyrirlestur Helgu Kress]. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 203.

[80] Jafnréttisnefnd Neskaupstaðar. 1983, 2. mars. *24. fundur; Jafnréttisnefndir halda fundi um kvennamenningu* [Auglýsing]. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 203.

[81] Námskeið í kvennasögu fyrir konur, haldið í Barnaskólanum á Eiðum 10.–12. júní 1983 á vegum jafnréttisnefnda á Austurlandi (í Neskaupstað, á Eskifirði og í Nesjum) og Kvennahreyfingarinnar á Héraði. *Dagskrá. Markmið námskeiðsins.* Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 207.

[82] Framboðslisti Alþýðubandalagsins í Neskaupstað. 1978, 20. apríl. *Austurland, 28*(16), bls. 1 [á listanum voru 5 konur og 13 karlar].

[83] Sama heimild.

[84] Ráðstefna um íslenskar kvennarannsóknir haldin í Háskóla Íslands, Odda. 1985, 29. ágúst–1. september. *Dagskrá*. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 207; *Íslenskar kvennarannsóknir 29. ágúst–1. sept. 1985*. Háskóla Íslands, Odda. Reykjavík (226 bls.).

[85] Gerður G. Óskarsdóttir. 1987. Námsefni um stöðu kynjanna. *19. júní*, *37*(1), bls. 76–78.

[86] Menntamálaráðuneytið. 1990. *Jöfn staða í skólum. Stefna – markmið – leiðir. Skýrsla starfshóps um stöðu kynja í skólum.* Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

[87] Elín G. Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir og Sigríður Jónsdóttir. 1989. *Upp úr hjólförunum. Um jafna stöðu kynja í skólum.* Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

[88] Gerður G. Óskarsdóttir. 1994, des. *Áhugahópur um varðveislu og framgang Kvennasögusafns Íslands. Starfsskýrsla fyrir árið 1994.* Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 230.

[89] Menntamálaráðuneytið. 1996, 8. maí. *Erindi til Landsbókasafns – Háskólabókasafns*. Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja nr. 230.

[90] Áhugahópur um varðveislu og framgang Kvennasögusafns Íslands. 1996, 8. mars. *Fundargerð.* Kvennasögusafn Íslands, Reykjavík, askja 230.

[91] *Lög um jafnrétti kvenna og karla* nr. 78/1976.

[92] *Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir* nr. 25/1975.

[93] *Lög um breytingu á lögum nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof)* nr. 56/1975.

[94] *Lög um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistarheimila* nr. 29/1973.

[95] *Lög um leikskóla* nr. 48/1991.

[96] *Lög um grunnskóla* nr. 66/1995.

[97] Gerður G. Óskarsdóttir. 1971. Viðhorf Rauðsokka til barnaheimilismála. *Samvinnan 65*(5), bls. 29.

[98] Gerður G. Óskarsdóttir. 1976, 28. mars. Á að berjast fyrir forréttindum kvenna um sinn? *Þjóðviljinn, 41*(70), bls. 2 og 22.

[99] Hlín Agnarsdóttir o.fl. 1976, 30. maí. Jafnréttisbarátta – stéttabarátta. Fyrir hverju berjumst við? *Þjóðviljinn, 41*(117), bls. 2 og 18.

Rannveig Jónsdóttir:
Takmarkið var jafnrétti í reynd

[1] Eftir háseta. 1913. „Nokkur orð um lífið á íslenskum botnvörpungum“. *Verkmannablað*, 12. júlí, 8. tbl., bls. 30.

[2] Sjá: Velvakandi. 1952. „Úr daglega lífinu“. *Morgunblaðið,* 26. júlí, bls. 6.

[3] *Lög um launajöfnuð kvenna og karla* nr. 60/1961.

[4] Launarannsóknahópur Rauðsokka. 1971. „Eru konur hýrudregnar?“ *Samvinnan*, 5. tbl., 65. árg., bls. 25–26.

[5] Sjá: *Frumvarp til laga um réttindi kvenna*, 155. mál/1948; *Frumvarp til laga um sömu laun kvenna og karla*, 64. mál/1953; *Frumvarp til laga um sömu laun kvenna og karla*, 18. mál/1954.

[6] Rannveig Jónsdóttir. 1971. „Krafa íslenskra kvenna er: JAFNRÉTTI Í REYND“. *Nýtt land*, 27. maí, bls. 6, og 11. júní, bls. 2.

[7] e.ö. 1972. „Lífleg Rauðsokkaráðstefna“. *Stúdentablaðið*, 11. janúar, bls. 3.

[8] Skv. tölvupósti 10.11. 2010 frá safn@ruv.is.

[9] Elín Hjaltadóttir og Jón Ásgeir Sigurðsson. 1971. „Tveggja presta „rauðsokka“.“ *Samvinnan,*

65. árg., 5. tbl., bls. 18–19. Svar við grein sr. Benjamíns Kristjánssonar, „Sendibréf til Sankti Jósefs“, í *Morgunblaðinu* 6. janúar 1971, bls. 10, og grein sr. Árelíusar Níelssonar, „Við gluggann“, í *Morgunblaðinu* 20. júní 1971, bls 7.

[10] Höfundar og flytjendur umræddsþáttar voru: Rannveig Jónsdóttir kennari; Vilborg Harðardóttir kennari; Björg Einarsdóttir verslunarmaður; Sigrún Jóhannsdóttir afgreiðslumaður; Margrét Óladóttir húsmóðir; Áslaug Helgadóttir menntaskólanemi; Torfi Geirmundsson, form. Félags hárgreiðslu- og hárskeranema; Erla E. Ársælsdóttir, aðstoðarstúlka á rannsóknarstofu; Guðleif Jörundsdóttir fulltrúi; Edda Svavarsdóttir bankafulltrúi og Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir bankastarfsmaður.

[11] Edda Svavarsdóttir og Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir. 1970. „Kona – hvert stefnir þú?“ *Bankablaðið*, 1.–2. tbl., 36. árg., bls.18–19.

[12] Gögn í fórum höfundar.

[13] *Árbók Háskóla Íslands 1969–1973*. 1983. Reykjavík: Háskólaútgáfan, bls. 63.

[14] Bréf frá L.S.G., ódagsett, í fórum greinarhöfundar.

[15] Magna Gunnarsdóttir. 1973. „Hve langt nær landhelgi heimilanna?“ *Morgunblaðið,* 14. júlí, bls. 23–24.

[16] „Fyrirvinnuhugtakið“. 1974, 1. maí. *Forvitin rauð*, 4. blað, bls. 5–9.

[17] „Stefnuyfirlýsing Rauðsokkahreyfingarinnar“. 1975, 1. maí. *Forvitin rauð,* 5. blað, bls. 7.

[18] Fundarstjórar voru Guðrún Friðgeirsdóttir, Guðrún Hallgrímsdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir. Guðrún Ágústsdóttir setti ráðstefnuna. Heimild í fórum höfundar.

[19] Stella Stefánsdóttir. 1975. „Draumsýnin hrundi í fyrsta höggi“. *Þjóðviljinn*, 25. maí, bls. 2.

[20] „Álit ráðstefnu um kjör láglaunakvenna“. 1975, 1. maí. *Forvitin rauð*, 5. blað, bls. 7 og 12.

[21] Rannveig Jónsdóttir. 1976. „dagheimili fyrir hverja?“ *Forvitin rauð*, 5. árg., 2. tbl., bls. 11.

[22] ÞH. 1976. „Kynningarherferð um dagvistarmál“. *Þjóðviljinn,* 17. nóvember, bls. 16.

[23] Bréfið undirrituðu Elísabet Sveinsdóttir, Verkakvennafélaginu Framsókn, Bergljót Stefánsdóttir, VR, og Rannveig Jónsdóttir, Rauðsokkahreyfingunni. Heimild í fórum höfundar.

[24] HE. 1975. „Yfirvöld sýna kvennaárinu áhugaleysi“. *Vísir*, 20. júní, bls. 1.

[25] Aðalmenn og varamenn nefndarinnar fyrir Kvenfélagasamband Íslands: Margrét Einarsdóttir og Svala Thorlacius, fyrir Kvenréttindafélag Íslands: Kristín Guðmundsdóttir og Lára Sigurbjörnsdóttir, fyrir Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna: Rósa Steingrímsdóttir og Guðbjörg Björgvinsdóttir, fyrir Kvenstúdentafélagið og Félag háskólamenntaðra kvenna: Bergljót Halldórsdóttir og Guðrún Erlendsdóttir, og fyrir Rauðsokkahreyfinguna: Rannveig Jónsdóttir og Vilborg Harðardóttir.

[26] ÞH. 1975. „Hátíðarfundur í Háskólabíói“. *Þjóðviljinn,*14. júní, bls. 3.

[27] „Verkakonur hin eiginlega láglaunastétt“. 1975. *Ný þjóðmál*, 25. júní, bls. 8.

[28] Opnu húsin voru: Norræna húsið, Sokkholt, Lindarbær, Félagsheimili prentara, Hallveigarstaðir og Súlnasalur Hótel Sögu. Einnig voru opin hús í félagsheimili Húsmæðrafélags Reykjavíkur og hjá Orlofsnefnd húsmæðra, á þeirra eigin vegum.

[29] Sjá: Rannveig Jónsdóttir. 1980. *A Study of Sylvia Plath's Late Poems: The Subjective Experience*

of the Persona and the Objective Reality of the Woman. Óprentuð ritgerð á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.

[30] Sjá: Rannveig Jónsdóttir. 1981. „Þær hafa brotið hlekki vanans“. *19. júní,* 31. árg., bls. 26–33.

[31] Rannveig Jónsdóttir. 1983. „Maður verður að bera virðingu fyrir sjálfum sér“. *19. júní*, 33. árg., bls. 13–17.

[32] Fríða Björnsdóttir. 1985. „Laun kvenna lækka eftir því sem þeim fjölgar á vinnumarkaðnum“. *19. júní,* 35. árg., bls. 52.

[33] Rannveig Jónsdóttir. 1984. „Þröstur Ólafsson, framkvæmdastjóri Dagsbrúnar: Félög eins og Framsókn og Dagsbrún verði sameinuð“. *19. júní*, 34. árg., bls. 55.

[34] Fríða Björnsdóttir. 1985. „Laun kvenna lækka eftir því sem þeim fjölgar á vinnumarkaðnum“. *19. júní,* 35. árg., bls. 48–54.

[35] Rannveig Jónsdóttir. 1987. „Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands: Ég hlakka til þess dags …“ *19. júní.* 37. árg., bls. 6–13.

[36] Þær voru Elísabet Þorgeirsdóttir, Guðný Guðmundsdóttir, Inga Hanna Guðmundsdóttir, María Bergmann og Rannveig Jónsdóttir.

[37] Sjá: Rannveig Jónsdóttir o.fl. 1999. „Opið bréf til ríkisstjórnar Íslands“. *Morgunblaðið*, 12. nóvember, bls. 13.

[38] Bréf til Rannveigar Jónsdóttur frá Einari Þorsteinssyni í Sólheimahjáleigu,Vífilsstöðum, 15.11. 1999. Í vörslu R.J.

Lilja Ólafsdóttir:
Konur á rauðum sokkum

[1] Dálkurinn „Í tilefni kvennaárs“. 1975. *Morgunblaðið* 21. maí, bls. 28.

[2] Dálkurinn „Í tilefni kvennaárs“. 1975. *Morgunblaðið* 31. ágúst, bls. 38.

[3] Bjarni Ólafsson. 1971. „Almennt um upphaf Rauðsokkahreyfingarinnar og inntak“. *Samvinnan* 1. október, bls. 15.

[4] Bríet Bjarnhéðinsdóttir. 1885. „Nokkur orð um menntun og rjettindi kvenna“. *Fjallkonan* 5. júní, bls. 42.

[5] Þórunn Magnúsdóttir. 1984. *Sjósókn sunnlenskra kvenna frá verstöðvum í Árnessýslu 1697–1980*. Vestmannaeyjar: Prentsm. Eyrún, bls. 28–35.

[6] Árni Böðvarsson. 1976. *Íslenzk orðabók handa skólum og almenningi.* Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, bls. 415.

[7] Benjamín Kristjánsson. 1971. „Sendibréf til Sankti Jósefs“. *Morgunblaðið* 6. janúar, bls. 11.

[8] [Ónafngreindur blaðamaður]. 1972. „Rauðsokkótt kvíga í fegurðarsamkeppni á Akranesi“. *Tíminn* 12. september, bls. 1.

[9] [Ónafngreindur blaðamaður]. 1974. „Tel gleðiefni að kona taki prestsvígslu“. Viðtal við

Ólaf Skúlason, formann Prestafélags Íslands. *Morgunblaðið* 29. september, bls. 10.

[10] Hannes Guðmundsson. 1974. „Síðbúið svar til Þuríðar Kvaran og annarra sama sinnis". *Morgunblaðið* 20. október, bls. 12.

[11] hj. [fangamark blaðamanns]. 1974. *Þjóðviljinn* 2. október, bls. 5.

[12] [Ónafngreindur blaðamaður]. 1974. *Þjóðviljinn* 13. júní, bls. 7.

[13] vh [nafnstafir Vilborgar Harðardóttur]. 1974. *Þjóðviljinn* 13. júní, bls. 7.

[14] Óprentað eintak af stefnuyfirlýsingunni úr gögnum höfundar frá ráðstefnunni á Skógum 15.–17. júní 1974.

[15] Sjá: Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir. 1975. „Ávarp". *Morgunblaðið* 31. október, bls. 19.

Elísabet Gunnarsdóttir:
Á ferð með Lýsiströtu

[1] Thoreau, Henry David. 2009. Borgaraleg óhlýðni. Elísabet Gunnarsdóttir þýddi. *Tímarit Máls og menningar* 70(2), s. 29–50.

[2] Ódagsettur dreifimiði (illa fjölritaður), undirritaður: RAUÐSOKKAHREYFINGIN, Skólavörðustíg 12, Sími 28798. Sjá einnig *Þjóðviljann* 24. desember 1974, bls. 5.

[3] Heimild í vörslu höfundar.

[4] Llewellyn Jones, Derek. 1985. *Þú og ég, bók um kynlíf fyrir ungt fólk*. Elísabet Gunnarsdóttir þýddi. Reykjavík: Mál og menning.

[5] Oft vill gleymast að „fóstureyðingalögin" fjölluðu um fleira; þau voru „Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

[6] Rit heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis 4/1973: *Fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, nefndarálit, greinargerð og frumvarp til nýrra laga.*

[7] *Lög nr. 25, 22. maí 1975.*

[8] Jafnvel *Neytendablaðið* birti grein undir fyrirsögninni „Óskabörn?" á milli greina um „Kaup á nýjum bílum" og „Leggjumst á eitt um mengun" (*Neytendablaðið* 2. tbl., 1973).

[9] Fundur haldinn á Hótel Sögu 24. mars 1975.

[10] Ódagsettur dreifimiði.

[11] Dreifimiði dagsettur 20. nóvember en ekkert ártal, líklega frá 1974. „Til íslenskra kvenna frá rauðsokkum".

[12] Tilvitnun í ræðu Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur á Lækjartorgi á kvennafrídaginn 1975. Sjá: *Morgunblaðið,* 31. október 1975, bls. 19.

[13] Bréf Hafsteins dagsett í Reykjavík 27.10. 1975. Viðtakanda ekki getið.

[14] French, Marilyn. 1980. *Kvennaklósettið*. Elísabet Gunnarsdóttir þýddi. Reykjavík: Iðunn.

[15] *Nýi kvennafræðarinn*. 1981. Álfheiður Ingadóttir, Dagný Kristjánsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Guðrún Kristinsdóttir, Ingunn Ásdísardóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, María Jóna

Gunnarsdóttir, Nanna K. Sigurðardóttir, Silja Aðalsteinsdóttir og Steinunn Hafstað þýddu, staðfærðu og endursömdu. Reykjavík: Mál og menning.

[16] Elín Eggertsdóttir Briem. 1891. *Kvennafræðarinn*. Reykjavík: Félagsprentsmiðjan.

[17] McNulty, Faith. 1982. *Rúmið brennur*. Elísabet Gunnarsdóttir þýddi. Reykjavík: Mál og menning.

Guðrún Ágústsdóttir:
Besti skóli ævi minnar

[1] Friedan, Betty. 1965. *The Feminine Mystique*. Great Britain: Penguin.

[2] *Forvitin rauð*, 1. maí 1975, bls. 7.

[3] Skv. dagbók Önnu, sem varðveitt er á Kvennasögusafninu, sbr. samtal við Auði Styrkársdóttur, forstöðumann safnsins, 18. mars 2011.

[4] vh [Nafnstafir Vilborgar Harðardóttur]. 1975. „Láglaunakonur ræða kjör sín.“ *Þjóðviljinn*, 18. janúar, bls. 16 og 13.

[5] Allar ræðurnar voru birtar í *Þjóðviljanum*, 7. febrúar 1975.

[6] Guðrún Ágústsdóttir. 1975. „Leggjum niður vinnu til að sýna að munar um okkur!“ *Þjóðviljinn*, 7. febrúar, bls. 7 og 13.

[7] „Kvennaverkfalli“ var síðar breytt í kvennafrídag til að breið samstaða næðist.

[8] Álit ráðstefnunnar um kjör láglaunakvenna. 1975. Þar stendur: „Ráðstefnan tekur undir hugmyndina um að allar íslenskar konur leggi samtímis niður vinnu dagstund á þessu ári til að leggja áherslu á vinnuframlag kvenna í atvinnulífinu og inni á heimilunum.“ *Þjóðviljinn*, 28. janúar, bls. 5.

[9] Sama heimild.

[10] Á ráðstefnunni kom fram að á árinu 1963 unnu 36,6% giftra kvenna utan heimilis, árið 1970 voru þær 52,4%. Um tuttugu árum síðar var atvinnuþátttaka karla og kvenna á Íslandi nokkurn veginn jöfn.

[11] Stofnfundurinn var 24. mars 1975 á Hótel Sögu.

[12] Úr fundargerðarbók Baráttusamtaka fyrir sjálfsákvörðunarrétti kvenna til löglegrar fóstureyðingar. Kvennasögusafn Íslands. Ófrágengin gögn.

[13] *Kvennasmiðjan* 1985, 1. árg., 2. tbl., bls. 1.

[14] Björg Einarsdóttir. 1983. Framkvæmdanefnd um launamál kvenna. *Morgunblaðið*, 1. desember, bls. 14.

[15] Guðrún Ágústsdóttir. 1997. Kvennaathvarfið í *Íslenskar kvennarannsóknir – Erindi flutt á ráðstefnu í október 1995*. Ritstjórar: Helga Kress og Rannveig Traustadóttir. Reykjavík: Háskóli Íslands. Rannsóknastofa í kvennafræðum, bls. 244–253.

Guðrún Friðgeirsdóttir:
Í Rauðsokkahreyfingunni

[1] Sjá: Guðrún Friðgeirsdóttir. 1973. „Hvernig eiga dagheimilin að vera?“ *Forvitin rauð,* 2. blað (1. maí), bls. 17 og 21.

[2] *Þjóðviljinn,* 27. nóvember 1974, bls. 5.

[3] *Det Danske Rengörings Selskab. 1974–1975.* Þjóðskjalasafn Íslands. Sögusafn Alþýðusambands Íslands. A-39. 30/6.

[4] Rannveig Jónsdóttir, Erla E. Ársælsdóttir, Guðrún Friðgeirsdóttir [f.h. Febrúarstarfshóps Rauðsokka]. 1975. „Um samninginn við Danska hreingerningafélagið h.f.: Í þágu hverra?“ *Þjóðviljinn,* 9. febrúar, bls. 4.

[5] Kvennaársnefnd. 1977. *Skýrsla kvennaársnefndar*. Reykjavík: Forsætisráðuneytið, bls.1.

[6] Sama heimild, bls. 2–3.

[7] Sama heimild.

[8] Björg Einarsdóttir. 1986. „Kveikja að kvennafrii“. *Húsfreyjan, 37*(1), bls. 15.

[9] Gerður Steinþórsdóttir. 1980. „Í samstöðunni felst sigur kvenna – Framlag íslenskra kvenna til alþjóðlega kvennaársins“. *Konur skrifa til heiðurs Önnu Sigurðardóttur.* Ritstj. Valborg Bentsdóttir, Guðrún Gísladóttir og Svanlaug Baldursdóttir. Reykjavík: Sögufélag, bls. 54.

[10] Sama heimild, bls. 49.

[11] Sama heimild, bls. 49 og 55.

[12] Sama heimild, bls. 49.

[13] Sama heimild, bls. 49.

[14] Dreifibréf. 1975. „Hvers vegna kvennafrí?“ *Vefur Kvennasögusafns Íslands*. [Sótt 9. mars 2010 af: *http://www.kvennasogusafn.is/Kvennasaga/Kvennafri1975/Avarpkvennafridags1975.html*]

[15] Gerður Steinþórsdóttir. 1980. „Í samstöðunni felst sigur kvenna – Framlag íslenskra kvenna til alþjóðlega kvennaársins“. *Konur skrifa til heiðurs Önnu Sigurðardóttur.* Reykjavík: Sögufélag, bls. 50.

[16] Dreifibréf. 1975. „Hvers vegna kvennafrí?“ Frumheimild í einkaeigu.

[17] Gerður Steinþórsdóttir. 1980. „Í samstöðunni felst sigur kvenna – Framlag íslenskra kvenna til alþjóðlega kvennaársins“. *Konur skrifa til heiðurs Önnu Sigurðardóttur.* Reykjavík: Sögufélag, bls. 52.

[18] Sama heimild, bls. 50.

[19] Sama heimild, bls. 53.

[20] Sama heimild, bls. 52.

[21] Sama heimild, bls. 52.

[22] Jacobi, Kirsten. 1975. „Den nye islandske kvinde-saga“. *Alt for damerne*, 46/1975, bls. 28–29.

[23] Björg Einarsdóttir. 1986. „Kveikja að kvennafríi“. *Húsfreyjan*. 37(1), bls. 15.

[24] „Meira um kvennafrídaginn 1975“. 2010. *Vefurinn kvennafri.is*. [Sótt 30. janúar 2011 af: *http://kvennafri.is/meira-um-kvennafridaginn-1975*]

[25] Gerður Steinþórsdóttir. 1980. „Í samstöðunni felst sigur kvenna – Framlag íslenskra kvenna til alþjóðlega kvennaársins“. *Konur skrifa til heiðurs Önnu Sigurðardóttur*. Reykjavík: Sögufélag, bls. 54.

[26] Vilborg Sigurðardóttir. 2001. „Vitund vaknar – augu opnast“. *Kvennaslóðir, Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, bls. 487.

[27] Bjarni Ólafsson. 1971. „Almennt um upphaf Rauðsokkahreyfingarinnar og inntak“. *Samvinnan*, 65(5), bls. 15.

[28] Tölulegar upplýsingar. 2011. Hagstofa Íslands. [Sótt 21. febrúar 2011 af: *http://www.hagstofa.is/*]

[29] Vilborg Sigurðardóttir. 2001. „Vitund vaknar – augu opnast“. *Kvennaslóðir, Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, bls. 492.

Björg Einarsdóttir:
Frá lögum til reyndar

[1] Bragi Sigurjónsson. 1985. *Skapti í Slippnum. Uppvaxtar- og athafnaár Skapta Áskelssonar skipasmiðs*. Akureyri: Bókaútgáfan Skjaldborg, bls. 124–127.

[2] Guðjón Þórir Tómasson (1923–2001).

[3] Harald Guðmundsson, f. 11. desember 1921, d. 27. ágúst 2002.

[4] Guðmundur Ingi Haraldsson, f. 8. ágúst 1951, Einar Hrafnkell Haraldsson, f. 26. júlí 1953, María Haraldsdóttir, f. 8. apríl 1957.

[5] BjE. 1972. *Forvitin rauð* 1. blað, bls. 2–3.

[6] Sigríður Th. Erlendsdóttir. 1993. *Veröld sem ég vil. Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907–1992*. Reykjavík: Kvenréttindafélag Íslands, bls. 358.

[7] G. Ó. 1974. *Forvitin rauð* 3. blað, bls. 2.

[8] Úrklippa (ódagsett) úr blaðinu *Paris Match* í sendibréfi dags. 8. júlí 1975 frá kunningja höfundar í París, snarað á íslensku.

[9] Sigríður Th. Erlendsdóttir. 1993. *Veröld sem ég vil. Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907–1992*. Reykjavík: Kvenréttindafélag Íslands, bls. 200–201.

[10] Sama heimild, bls. 366.

[11] Sama heimild, bls. 367.

[12] „Í tilefni kvennaárs“: Hvernig hljóðar „9. greinin“? *Morgunblaðið* 22. mars 1975, bls. 21.

[13] *Forvitin rauð* 3. blað 1974, bls. 13–20: 10 sögur; bls. 6 og 20: heimilisföng.

[14] „Í tilefni kvennaárs“: Linda Rós Michaelsdóttir: Hver – ég eða þeir? *Morgunblaðið* 15. mars 1975, bls. 15.

[15] *Forvitin rauð* 3. blað, 1974, bls. 5–9: Fyrirvinnuhugtakið.

[16] Björg Einarsdóttir. 1977. „Var 50% reglan „pennastrik“. *Vísir* 3. febrúar, bls. 11.

[17] Lög nr. 119/1978.

[18] Handrit í fórum höfundar.

[19] G. Ó. 1972. *Forvitin rauð* 1. blað, bls. 7–8.

[20] Sigrún Jóhannsdóttir. 1973. „Það er eins dýrt að lifa fyrir konur og karla.“ *Forvitin rauð* 2. blað, bls. 7.

[21] s-a-m [nafnstafir Sigurðar A. Magnússonar]. 1971. *Samvinnan* 5. tbl., 65. árg., bls. 10.

[22] Handrit í fórum höfundar.

[23] GG. 1973. „Kapprætt um Brúðuheimilið.“ *Vísir* 10. desember, bls. 24.

[24] Starfshópur rauðsokka um jafnréttismál. 1973. „Anna Sigurðardóttir 65 ára. Baráttukveðja frá Rauðsokkum.“ *Morgunblaðið* 14. desember, bls. 39.

[25] Einblöðungur í fórum höfundar.

[26] Björg Einarsdóttir. 1985. Sameinuðu þjóðirnar. *19. júní. Ársrit Kvenréttindafélags Íslands.* 35. árg., bls. 83.

[27] Gylfi Gröndal. 1980. *Níutíu og níu ár. Jóhanna Egilsdóttir segir frá.* Reykjavík: Setberg, bls. 169–172.

[28] Árni Böðvarsson (ritstj.). 1979. *Íslenzk orðabók handa skólum og almenningi.* 6. prentun. Reykjavík: Menningarsjóður, bls. 415, uppsláttarorðið maður.

[29] Stefnuyfirlýsing Rauðsokkahreyfingarinnar. 1975. *Forvitin rauð* 4. árg., 5. tbl., bls. 7.

[30] Björg Einarsdóttir. 1986. Kveikja að kvennafrii. *Húsfreyjan* 1. hefti, 37. árg., bls. 9–18.

[31] *Morgunblaðið* 24. júní 1975, bls. 13.

[32] *Kvennaárið 1975.* [Sérrit á íslensku, ágúst 1975.] Kaupmannahöfn: Upplýsingaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna fyrir Norðurlönd, bls. 19.

Vilborg Sigurðardóttir:
Dreift innra óþol verður að samstilltri ólgu

[1] Auður Auðuns var skipuð dóms- og kirkjumálaráðherra 10. október 1970 og gegndi embættinu fram á sumar 1971. Hún hafði jafnframt setið fyrst kvenna á borgarstjórastóli í Reykjavík þegar hún deildi völdum með Geir Hallgrímssyni um tæplega eins árs skeið á árunum 1959–1960.

[2] Sjá: *Samvinnan*. 1971. 65. árg., 5. tbl.

[3] Sjá: Syberg, Karen og Arnfred, Signe (ritstj.). 1973. *Kvindeundertrykkelsens specifikke karakter under kapitalismen.* Kaupmannahöfn: Nordisk Sommeruniversitet.

Dagný Kristjánsdóttir:
Eftirmáli – en ekki endir

[1] „Rauðsokkahreyfingin kom eins og hressandi gustur.“ Umræður um Rauðsokkahreyfinguna og jafnréttismál. *Þjóðviljinn*, 1978, 2. september, bls. 12 og 18.

[2] Svava Guðmundsdóttir, Dagný Kristjánsdóttir, Ingibjörg Rán Guðmundsdóttir og Kristín Jónsdóttir. 1978. „Hvað er femínismi?“ *Forvitin rauð*, 6. árg., 1. tölublað, bls. 12–15.

[3] 8. marsbókin. Samfelld dagskrá í Félagsstofnun stúdenta á vegum Rauðsokkahreyfingarinnar, Kvenfélags sósíalista og M.F.Í.K. 1978. Reykjavík: Letur.

[4] Anna Karin Júlíussen. 1982. „Endurreisn.“ *Forvitin rauð*, 10. árg., 1. tölublað, bls. 2.

[5] Henry, Astrid. 2004. *Not My Mother's Sister. Generational Conflict and Third Wave Feminism.* Bloomington, Indiana: Indiana University Press, bls. 81.

MYNDASKRÁ

Skrá yfir höfunda og eigendur mynda. Bókstafir vísa til staðsetningar á síðu.

Ljósmyndir innan á kápu voru teknar í Sokkholti, félagsheimili Rauðsokkahreyfingarinnar á Skólavörðustíg 12, haustið 1974. Ljósm. og eig. *Anna Kristmundsdóttir*.

Heilsíðuportrett af höfundum tók Alda Lóa Leifsdóttir sumarið 2011.

Bls. 22: Ljósm. og eig. *Alda Lóa Leifsdóttir.*
Bls. 26: Ljósm. og eig. *Alda Lóa Leifsdóttir.*
Bls. 28: Ljósm. óþ. *Auður Hildur Hákonardóttir*.
Bls. 31: Ljósm. óþ. *Auður Hildur Hákonardóttir*.
Bls. 33: Ljósm. óþ. Af vefsíðunni *http://rosapark.com/rosaparks.htm*
Bls. 37: Höf. og eig. verks: *Steinunn Bergsteinsdóttir*.
Bls. 46–47: Ljósm. Gunnar V. Andrésson. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÞJV 48467.jpg.
Bls. 50: Höf. verks: Hildur Hákonardóttir. *Listasafn Íslands.*
Bls. 52: Ljósm. Ragnar Th. Sigurðsson. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*.
Bls. 60: Ljósm. og eig. *Alda Lóa Leifsdóttir.*
Bls. 63: Ljósm. óþ. *Guðrún Hallgrímsdóttir.*
Bls. 67: Ljósm. óþ. *Guðrún Hallgrímsdóttir.*
Bls. 72–73: Ljósm. R.H. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur.* ÞJV 029 005 6-1.jpg.
Bls. 75: Ljósm. Gunnar V. Andrésson. *Þjóðminjasafn Íslands.*
Bls. 79: *Forvitin rauð*, forsíða 2. bl., 1973. *Lbs-Hbs*.
Bls. 82: Ljósm. óþ. *Guðrún Hallgrímsdóttir.*
Bls. 84: Ljósm. Gunnar V. Andrésson. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur.* 365 Vigdís Finnbogadóttir.
Bls. 92: Ljósm. og eig. *Alda Lóa Leifsdóttir.*
Bls. 95: Ljósm. Filmfoto Loftur. *Helga Ólafsdóttir.*
Bls. 99: Ljósm. óþ. *Helga Ólafsdóttir*.
Bls. 104: Ljósm. óþ. *Messíana Tómasdóttir.*
Bls. 105: Höf. og eig. *Messíana Tómasdóttir*.
Bls. 107: Ljósm. og eig. *Edda Óskarsdóttir*.
Bls. 109: Ljósm. Alda Lóa Leifsdóttir.
Bls. 113: Ljósm. óþ. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÞJV M07 027 1-3.jpg.
Bls. 116–117: Ljósm. Guðjón Einarsson. *Þjóðminjasafn Íslands.*
Bls. 119: Ljósm. óþ. *Auður Styrkársdóttir*.
Bls. 124 og 125: Myndasyrpa óþekkts ljósmyndara úr *Samvinnunni*, 5. tbl. 1971. *Lbs-Hbs.*
Bls. 128: Ljósm. og eig. *Alda Lóa Leifsdóttir.*
Bls. 131: Ljósm. óþ. *Edda Óskarsdóttir.*
Bls. 135: Ljósm. óþ. *Edda Óskarsdóttir.*
Bls. 138: Ljósm. líkl. Þorbjörg Höskuldsdóttir. *Edda Óskarsdóttir.*
Bls. 140: Ljósm. Ari Kárason. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur.* ÞJV 1 maí 40.jpg.
Bls. 146–147: Ljósm. R.H. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur.* ÞJV 029 005 7-4.jpg.

Bls. 148: Ljósm. óþ. *Afkomendur Sæmundar Helgasonar.*
Bls. 153: Ljósm. Þórir Sigurðsson. *Edda Óskarsdóttir.*
Bls. 157: *Þjóðviljinn*, forsíða jólablaðs 1974. *Lbs-Hbs*.
Bls. 162: Ljósm. og eig. *Alda Lóa Leifsdóttir*.
Bls. 166: Ljósm. óþ. *Gerður G. Óskarsdóttir.*
Bls. 169: Ljósm. Ari Kárason. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÞJV 1 maí nr 29.jpg.
Bls. 171: Ljósm. óþ. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÞJV Rauðsokkur 5.jpg.
Bls. 176: Ljósm. Ari Kárason. *Kvennasögusafn Íslands*.
Bls. 177 e: Ljósm. Ari Kárason. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur.* ÞJV 030 011 3-2.jpg.
Bls. 177 n: Ljósm. Ari Kárason. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur.* ÞJV 030 011 3-3.jpg.
Bls. 183: *Forvitin rauð*, baksíða 2. bl., 1973. *Lbs-Hbs.*
Bls. 185: Eig. dreifibréfs: *Gerður G. Óskarsdóttir*.
Bls. 187: Höf. og eig. *Messíana Tómasdóttir.*
Bls. 188: Ljósm. She. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 365 Anna Sigurðardóttir 1.
Bls. 194: Ljósm. og eig. *Alda Lóa Leifsdóttir.*
Bls. 197: Ljósm. óþ. *Rannveig Jónsdóttir.*
Bls. 200: Ljósmyndastofa Lofts. *Rannveig Jónsdóttir*.
Bls. 208: Ljósm. og eig. *Edda Óskarsdóttir*.
Bls. 213 v: Ljósm. Níels Hansson. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur.* ÞJV Rauðsokkur 11.jpg.
Bls. 213 h: Ljósm. Níels Hansson. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur.* ÞJV rauðsokkur nr 9.jpg.
Bls. 216–217: Ljósm. óþ. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur.*
Bls. 221: Ljósm. Árni Páll. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 365 rauðsokkur 1.jpg.
Bls. 222: Ljósm. óþ. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur.* ÞJV M06 018 5-1.jpg.
Bls. 223: Ljósm. Einar Karlsson (eik). *Ljósmyndasafn Reykjavíkur.* ÞJV 002 062 1-2.jpg.
Bls. 234: Ljósm. og eig. *Alda Lóa Leifsdóttir.*
Bls. 236: Ljósm. Asis. *Lilja Ólafsdóttir.*
Bls. 241: Ljósm. óþ. *Lilja Ólafsdóttir.*
Bls. 244: *Forvitin rauð* 2. bl., 1973. *Lbs-Hbs.*
Bls. 248–249: Ljósm. óþ. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur.* ÞJV rauðsokkur nr 4.jpg.
Bls. 251: Ljósm. B.G. *Þjóðminjasafn Íslands*.
Bls. 255: Ljósm. Edda Óskarsdóttir/ Eiríkur Guðjónsson. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur.* ÞJV 48473.jpg.
Bls. 258: Ljósm. Ari Kárason. *Kvennasögusafn Íslands.*
Bls. 264: Ljósm. og eig. *Alda Lóa Leifsdóttir*.
Bls. 266: Ljósm. óþ. *Elísabet Gunnarsdóttir*.
Bls. 269: Ljósm. óþ. *Elísabet Gunnarsdóttir*.
Bls. 273: Ljósm. Bjarnleifur Bjarnleifsson. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 365 rauðsokkur 2.jpg.
Bls. 275: Ljósm. og eig. *Edda Óskarsdóttir*.
Bls. 279: *Forvitin rauð*, forsíða 3. tbl., 1974. *Lbs-Hbs*.
Bls. 281: Ljósm. óþ. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 365 Kvennafrídagur 01.jpg.
Bls. 282: Ljósm. óþ. *Elísabet Gunnarsdóttir*.
Bls. 283: Ljósm. óþ. *Elísabet Gunnarsdóttir*.
Bls. 286: Ljósm. Gunnar V. Andrésson. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 365 kvennaathvarf 3.jpg.

Bls. 290: Ljósm. og eig. *Alda Lóa Leifsdóttir*.
Bls. 293: Ljósm. óþ. *Guðrún Ágústsdóttir*.
Bls. 297: Ljósm. óþ. *Snjólaug Sigurðardóttir*.
Bls. 302: Ljósm. óþ. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ALB 003 090 6-5.jpg.
Bls. 303: Ljósm. óþ. *Guðrún Auðunsdóttir*.
Bls. 306: Ljósm. óþ. Úr eftirlátnum gögnum Vilborgar Harðardóttur. *Börn Vilborgar Harðardóttur.*
Bls. 308–309: Ljósm. óþ. Úr eftirlátnum gögnum Vilborgar Harðardóttur. *Börn Vilborgar Harðardóttur.*
Bls. 313: Ljósm. óþ. *Guðrún Ágústsdóttir*.
Bls. 315: Ljósm. Sigurður Mar Halldórsson. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÞJV 48619.
Bls. 322: Ljósm. og eig. *Alda Lóa Leifsdóttir*.
Bls. 324: Ljósm. óþ. *Eyvindur G. Friðgeirsson*.
Bls. 329: Ljósm. óþ. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÞJV Rauðsokkur 1.jpg.
Bls. 331: Ljósm. Ari Kárason. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÞJV 045 083 4-3.jpg.
Bls. 334: Ljósm. óþ. *Guðrún Friðgeirsdóttir*.
Bls. 337 e: Ljósm. óþ. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÞJV rauðsokkur nr 13.jpg.
Bls. 337 n: Ljósm. óþ. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÞJV rauðsokkur nr 14.jpg.
Bls. 341: Úrklippa með dagskrá útifundar 24. okt. 1975. Ekki vitað hvaðan.
Bls. 342 o: Ljósm. óþ. *Guðrún Friðgeirsdóttir.*
Bls. 342 n t.v.: Ljósm. óþ. *Kvennasögusafn Íslands.*
Bls. 342 n t.h.: Ljósm. óþ. *Kvennasögusafn Íslands.*
Bls. 343 o: Ljósm. óþ. *Kvennasögusafn Íslands.*
Bls. 343 n t.v.: Ljósm. óþ. *Kvennasögusafn Íslands.*
Bls. 343 n t.h.: Ljósm. óþ. *Kvennasögusafn Íslands.*
Bls. 344: Ljósm. Loftur Ásgeirsson. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 365 mótmæli kvennafrídag.
Bls. 352: Ljósm. og eig. *Alda Lóa Leifsdóttir*.
Bls. 355: Ljósm. Pétur Leifsson. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur.* PEL 1502.jpg.
Bls. 356: Ljósm. óþ. *Björg Einarsdóttir*.
Bls. 358: Ljósm. R.H. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÞJV 029 005 6-3.jpg.
Bls. 363: Ljósm. Ólafur Torfason. *Björg Einarsdóttir*.
Bls. 365: Höf. myndar ókunnur. *Forvitin rauð*, 1. tbl., 1972. *Lbs-Hsb*.
Bls. 368: Ljósm. óþ. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÞJV rauðsokkur nr 5.jpg.
Bls. 372–373: Ljósm. óþ. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 365 leiklist Þjóðleikhúsið 2.
Bls. 379: Ljósm. óþ. *Björg Einarsdóttir*.
Bls. 383: Ljósm. líkl. Jóhannes Long. *Björg Einarsdóttir*.
Bls. 388: Ljósm. og eig. *Alda Lóa Leifsdóttir*.
Bls. 391: Ljósm. óþ. *Vilborg Sigurðardóttir*.
Bls. 393: Ljósm. Magnús Ólafsson. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur.* MAÓ 538.jpg.
Bls. 400: *Forvitin rauð*, forsíða og baksíða 1. maí 1974. *Lbs-Hbs.*
Bls. 403: Ljósm. óþ. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 365 Svava Jakobsdóttir 1.
Bls. 405: Ljósm. óþ. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÞJV Rauðsokkur 3.jpg.
Bls. 407: Ljósm. Edda Óskarsdóttir/ Eiríkur Guðjónsson. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÞJV 48455.jpg.
Bls. 410–411: Ljósm. óþ. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur.* ÞJV rauðsokkur nr 1.jpg.
Bls. 415–417: Ljósm. og eig. *Anna Kristmundsdóttir.*

NAFNASKRÁ

Bókstafurinn m við blaðsíðutal táknar mynd.

Aðalbjörg Björnsdóttir 347

Aðalbjörg Sigurðardóttir 199

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 81, 219, 222m, 223, 231m, 258m, 266, 276, 281m, 306, 307, 337m, 346

Adda Bára Sigfúsdóttir 178, 298

Agnes Löve 340

Alda Lóa Leifsdóttir 8

Anna Kristín Arngrímsdóttir 342m

Anna Guðmundsdóttir 197

Anna Vilborg Gunnarsdóttir 138m

Anna Ingólfsdóttir 315

Anna Jónasdóttir 198

Anna Kristmundsdóttir 414

Anna G. Njálsdóttir 163, 164, 167

Anna Sigurðardóttir 186–188m, 199, 304, 305, 371

Anna Tryggvadóttir 122

Anna Þórðardóttir 220

Aristófanes 105, 139

Arndís Steinþórsdóttir 313m

Arnljótur Ólafsson 17

Auðunn Einarsson 67m

Auður Hildur Hákonardóttir 26m, **27–56** (28m, 31m), 70, 138, 139, 142, 145, 147m, 169, 177m, 182, 206, 211, 230m, 231m, 240, 269, 271, 275m, 297, 329, 406, 409, 411m, 417m

Auður Styrkársdóttir 9

Auður Eir Vilhjálmsdóttir 225, 226, 250, 251m, 371, 374

Auður Þorbergsdóttir 215, 217m, 362

Ágúst Bjarnason 292

Ágústa Vigfúsdóttir 100

Ágústa Þorkelsdóttir 110

Álfheiður Ingadóttir 77, 286m, 313

Árni Árnason 64

Árni Björnsson 145, 146m

Árni Kristjánsson 298, 299

Ása Marínósdóttir 220

Ásdís Guðmundsdóttir 219, 281m, 305, 337m

Ásdís Kristjánsdóttir 203

Ásdís Rafnar 286m

Ásgrímur Jónsson 28

Ásmundur Sveinsson 335

Ásta Bjarnadóttir 174

Ásta Sigurðardóttir 119, 185, 422

Ásta Thoroddsen 313m

Ásta Thorstensen 119

Ásthildur Ólafsdóttir 258, 286m, 337m, 343m

Bardot, Brigitte 71

Beauvoir, Simone de 45, 71, 108, 109, 300, 399

Benjamín Kristjánsson 245

Bergljót Stefánsdóttir 221m

Bessí Jóhannsdóttir 281m, 334

Birna Karlsdóttir 221m

Bjarni Ágústsson 292, 293m

Bjarni Benediktsson 394

Bjarni Guðmundsson 67

Bjarni Guðnason 75, 151, 210

Bjarni Ólafsson 141, 180, 346

Björg C. Þorláksdóttir Blöndal 361

Björg Einarsdóttir 212, 214–216m, 223m, 241, 255m, 258, 275m, 281m, 304, 313m, 334, 352m, **353–384** (355m, 356m, 363m, 379m, 383m)

Björk Thomsen 337m, 409, 411m, 417

Björkander-Mannheimer, Eva 121

Björn Ólafur Gíslason 77

Björn Kristinsson 83

Björn Ólafsson 67m

Björn Sigurðsson 390

Bonnevie, Margarete 168

Brecht, Bertolt 391

Bríet Bjarnhéðinsdóttir 13, 16–20, 121, 242, 375, 392, 393

Bríet Héðinsdóttir 75m, 109, 329, 413

Bryndís Zoëga 131
Brynhildur Kjartansdóttir 223m
Brynja Benediktsdóttir 139, 315, 330, 371, 396
Brynjólfur Jónsson 243
Cahill, Holger 34
Calder, Alexander 34
Candi, Manlio 394
Chesler, Phyllis, 424
Dagbjört Gunnarsdóttir 169m, 265, 266, 417m
Dagný Kristjánsdóttir 8, 9, 418
Davis, Angela 35–37
Davíð Oddsson 227
Dóra Kristmanns 200m
Drífa Viðar 222
Droplaug Margrét Jónsdóttir 70
Dýrleif Árnadóttir 39, 40
Dögg Árnadóttir 415m
Dögg Thomsen 417m
Edda Agnarsdóttir 208m
Edda Óskarsdóttir 8, 71, 78, 79, 83, 114, 128m, **129–159** (131m, 135m, 138m, 153m), 175, 177m, 182, 183, 206, 215, 216m, 244, 255m, 271, 329, 400, 409, 410m
Egill Skallagrímsson 40
Einar Örn Guðjónsson 67
Einar Þorkelsson 354
Einhildur Valdimarsdóttir 222
Eiríka Friðriksdóttir 394
Eiríkur Guðjónsson 141, 145, 147m, 208m, 405m, 409, 411m
Elías Davíðsson 77, 141
Elín Eggertsdóttir Briem 12, 285
Elín Flygenring 313m
Elín Hjaltadóttir 171m
Elín G. Ólafsdóttir 186
Elínbjörg Sigurðardóttir 220
Elínborg Jakobsen 13
Elísabet II Bretlandsdrottning 49
Elísabet Gunnarsdóttir 71, 169, 223, 264m, **265–287** (266m, 269m, 273m, 275m, 281m, 282m 283m, 286m), 334, 337m, 406, 409, 410m, 413, 416m
Elísabet Sveinsdóttir 221m
Emerson, Ralph Waldo 36
Engels, Friedrich 108, 300
Erla Ársælsdóttir 332
Erla Lúðvíksdóttir 202
Erna Arngrímsdóttir 220
Erna Egilsdóttir 254, 272, 405m, 406, 416m, 417m
Erna Ragnarsdóttir 281m, 337m
Esther Guðmundsdóttir 223m, 312, 313m
Eyborg Guðmundsdóttir 71, 73m
Eygló Eyjólfsdóttir 108, 163, 164
Eyvindur Garðar Friðgeirsson 324m
Farah Diba 379m
Fiebiger, Mathilde 11
Finnur Fróðason 141
Finnur Torfi Hjörleifsson 138
Flosi Ólafsson 397
French, Marilyn 285
Freud, Sigmund 32
Friðrik Gíslason 244
Friedan, Betty 108, 109, 168, 296, 300, 364, 399
Gandhi, Mohandas Mahatma 36, 269, 270
Gaukur Gunnarsson 238
Geir Gunnarsson 177m
Geir Hallgrímsson 205, 282
Gerður G. Óskarsdóttir 76, 77, 106, 108, 145, 147m, 162m, **163–190** (166m, 169m, 171m, 176m), 210, 305, 316, 383, 404
Gerður Steinþórsdóttir 145, 146m, 215, 217m, 281m, 313m, 334, 337m, 338, 340
Giroud, Françoise 361
Giscard d'Estaing, Valéry 361
Gísli Svanbergsson 67m
Gísli Friðrik Þórisson 221m
Graae, Bodil 108
Greer, Germaine 173
Grímur Grímsson 252
Guðjón Einarsson 354
Guðjón Friðriksson 71, 73m, 141
Guðlaug Sakaríasdóttir 87

Guðleif Jörundsdóttir 212
Guðmundur Einarsson frá Miðdal 62
Guðmundur Heiðar Frímannsson 213m
Guðmundur J. Guðmundsson 211, 333
Guðmundur Stefánsson 195
Guðmundur Þorbjarnarson 40
Guðni Ágústsson 45
Guðni Jónsson 235
Guðný Gunnarsdóttir 175, 176m
Guðríður Elíasdóttir 220, 223m
Guðrún Albertsdóttir 175, 177m
Guðrún Alfreðsdóttir 75m, 315
Guðrún Auðunsdóttir 303m
Guðrún Ágústsdóttir 108, 164, 212, 215, 216m, 241, 290m, **291–318** (293m, 306m, 313m), 334m
Guðrún Árnadóttir 313m
Guðrún G Björnsdóttir 62
Guðrún Davíðsdóttir 133
Guðrún Emilsdóttir 81, 219, 231m, 305, 346
Guðrún Erlendsdóttir 75, 223m, 258, 277, 333, 361, 401
Guðrún Sigríður Friðbjörnsdóttir 398
Guðrún Friðgeirsdóttir 322m, **323–349** (324m, 334m, 337m), 409, 410m
Guðrún Hallgrímsdóttir 60m, **61–88** (63m, 67m, 73m, 82m), 118, 141, 145, 147m, 150, 158, 181, 210, 215, 217m, 275m, 313m, 399
Guðrún Helgadóttir 419, 420
Guðrún Jónsdóttir 132, 198
Guðrún Kristinsdóttir 286m, 406
Guðrún Ósvífursdóttir 13
Guðrún Pétursdóttir 19
Guðrún Sigurðardóttir 390, 391m
Guðrún Á. Símonar 223, 258, 342m
Guðrún Sigríður Vilhjálmsdóttir 312, 313m
Guðrún Þórhallsdóttir 391m
Guðrún Ögmundsdóttir 227, 283m, 284, 317
Gunnar V. Andrésson 74
Gunnar Dyrset 136
Gunnar Norland 201
Gunnar Ólason 265
Gunnar Sigurðsson 240, 241m
Gunnar Reynir Sveinsson 119
Gunnhildur Kristjánsdóttir 311
Gunnlaug Hannesdóttir (Gulla) 167
Gunnlaugur Ástgeirsson 76, 210
Hafsteinn Stefánsson 282
Halla Kristín Einarsdóttir 7, 123, 420
Halla Tryggvadóttir 122
Halldór Laxness 96
Halldór E. Sigurðsson 173
Halldóra Friðriksdóttir 389
Halldóra Sveinsdóttir 220
Hallgrímur Jónas Jónsson Jakobsson 63
Hallveig Einarsdóttir 219, 306
Hannes Guðmundsson 251
Hannes Hafstein 18, 392
Hannibal Valdimarsson 209
Hansen, Jörgen Bruun 283
Haraldur Blöndal 76, 210
Haraldur Guðmundsson 357
Haukur Dór Sturluson 137
Hawthorne, Nathaniel 270
Hákon Guðmundsson 27
Hákon Már Oddsson 34
Heiða á Bakkanum *sjá* Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir
Helga Gunnarsdóttir 106, 108, 115, 116m, 145, 146m, 156, 163, 164, 166, 169m, 171m, 395
Helga Kress 78, 347
Helga Kristmundsdóttir 416m, 417m
Helga Ólafsdóttir 74, 92m, **93–123** (95m, 116m), 141, 169, 208, 246, 275, 399, 415, 417m
Helga Sigurjónsdóttir 76, 78, 112, 121, 175, 177m, 184, 210, 221m, 230m, 383m, 409, 411m, 413
Helga Tryggvadóttir 122
Helgi Hilmarsson 8
Henry, Astrid 424
Herdís Egilsdóttir 390
Herdís Helgadóttir 81, 119m, 120, 219, 220, 305, 413

Herdís Ólafsdóttir 148
Herdís Þorvaldsdóttir 342m
Héðinn Valdimarsson 17
Hildigunnur Ólafsdóttir 286m
Hildur Hákonardóttir *sjá* Auður Hildur Hákonardóttir
Hildur Jónsdóttir 266
Hilmar Skarphéðinsson 106
Hjalti Kristgeirsson 138, 158
Hjördís Bergsdóttir 145, 208m, 405m, 407m
Hjördís Björk Hákonardóttir 29, 401
Hlín Torfadóttir 255m
Houman, Janne 108
Hólmfríður K. Gunnarsdóttir 329
Hrafn Hallgrímsson 63m
Hrafn Magnússon 67m
Hrafnkatla Einarsdóttir 355m
Hrefna Kristjánsdóttir 64
Hrefna Tynes 29
Hringur Jóhannesson 137
Hudson, Henry 30
Hulda Jakobsdóttir 68
Ibsen, Henrik 67, 370, 371
Iðunn Jónsdóttir 323, 324m
Inga Lára Baldvinsdóttir 9
Inga Huld Hákonardóttir 28
Inga Lára Lárusdóttir 18
Ingibjörg H. Bjarnason 20, 356
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir 259, 261, 317
Ingibjörg Guðmundsdóttir 219, 230m, 306
Ingibjörg Guðmundsdóttir (hjúkrunarfræðingur) 227
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir 313m
Ingibjörg Haraldsdóttir 67m
Ingibjörg Skaptadóttir 16, 392
Ingibjörg Stefánsdóttir 221m, 222
Ingólfur A. Þorkelsson 204
Ingveldur Þorkelsdóttir 175
Ísak Jónsson 132
Ívar Brynjólfsson 9
Jakob Hallgrímsson 63m
Jakobína Sigurðardóttir 422
Jarþrúður Jónsdóttir 16, 393
Jensen, Georg 130
Jesús Kristur 53, 251, 252
Jóakim (faðir Maríu meyjar) 245
Jóhann Hafstein 368
Jóhann Þórarinsson 67m
Jóhanna Egilsdóttir 375
Jóhanna Guðnadóttir 235
Jóhanna Jónsdóttir 95, 96
Jóhanna Kristjónsdóttir 152
Jóhanna Ólafsdóttir 93, 95m, 97, 100, 102
Jóhanna Sigurðardóttir 220, 312, 313m
Jóhanna E. Vilhjálmsdóttir 313m
Jóhannes S. Kjarval 27, 49
Jóhannes Páll (páfi) 227
Jóhannes skírari 53
Jón Gunnar Árnason 137, 269m
Jón Múli Árnason 412
Jón Snorri Ásgeirsson 241m
Jón Benediktsson 139
Jón Böðvarsson 138
Jón Ármann Hallgrímsson 63
Jón Ármann Jakobsson 63, 64
Jón Kristófersson 196
Jón Loppufóstri 245
Jón Magnússon 398
Jón Ólafsson (þingmaður) 19
Jón Ólafsson (bróðir Helgu Ólafsdóttur) 93, 96
Jón Ólafsson (sonur Vilborgar Sigurðardóttur) 416m
Jón Sigurðsson 198
Jón Ásgeir Sigurðsson 40, 41
Jóna Svanhvít Hannesdóttir 165
Jónas Jónsson 355
Jónína Guðnadóttir 137
Jónína Jónatansdóttir 19
Jónína Kristmanns 200m
Jónína Leósdóttir 313m
Jósef, heilagur 245
Júlía Sveinbjarnardóttir 223m

Karl Einarsson 27
Karólína Guðmundsdóttir 27
Katrín Fjeldsted 215, 216m, 278, 368
Katrín L. Irvin 166m
Katrín Jóhannsdóttir 200m, 204, 224
Katrín Thoroddsen 361
Kennedy, John F. 35, 291
King, Martin Luther 33, 36, 269
Kolbrún Þóra Oddsdóttir 29
Kolstad, Eva 222
Kristín Bæringsdóttir 265, 266m
Kristín Hauksdóttir 9
Kristín Jónsdóttir 235
Kristín Tryggvadóttir 313m
Kristján Árnason 291, 311
Kristján Eldjárn 222, 298
Kristrún Guðmundsdóttir 220
Laufey Valdimarsdóttir 17–20
Lára Sigurbjörnsdóttir 199, 223
Lára Þórðardóttir 220
Lilja Ólafsdóttir 145, 146m, 212, 234m, **235–261** (236m, 241m, 255m), 275m, 304, 334, 368m, 409, 411m
Lindsjö, Inga 108
Lorca, Federico Garcia 386
Lómur (dulnefni) 150
Magnús Bjarnfreðsson 210, 211
Magnús Eiríksson 11
Magnús Kjartansson 74–76, 302m, 401
Maia Sigurðardóttir 76, 210
Margrethe Nielsen 130
Margrét Árnadóttir 62
Margrét S. Björnsdóttir 186
Margrét S. Einarsdóttir 223m, 281m, 333, 338
Margrét Guðmundsdóttir 175, 177m
Margrét Guðmundsdóttir (sérkennari) 227
Margrét Guðnadóttir 68
Margrét Þóra Gunnarsdóttir 138m
Margrét Indriðadóttir 398
Margrét Jónsdóttir 348
María Bergmann 198, 223, 226
María Elísabet Coghill Jónsdóttir 354, 355
María Kristjánsdóttir 75
María mey 114
María Pétursdóttir 313m
Marteinn Lúther 38
Matthías Bjarnason 76, 402
McCarthy, Joseph 32
McNulty, Faith 285
Melville, Herman 31
Messíana Tómasdóttir 103, 104m, 105, 139, 140, 186, 187
Mill, John Stuart 15, 108, 393
Millett, Kate 108, 399
Mitchell, Juliet 108
Morgan, Elaine 300
Nellemann, Johannes 14
Oddný Sigurðardóttir 119
Oddur Benediktsson 29
Ólafía Einarsdóttir 355m
Ólafía Guðmundsdóttir 354, 355
Ólafía Jóhannsdóttir 13, 15, 16, 393
Ólafur Hansson 201
Ólafur Jóhannesson 184
Ólafur Jónsson (bæjarfulltrúi) 177m
Ólafur Jónsson (leiklistargagnrýnandi) 397
Ólafur Ólafsson (séra) 15
Ólafur Ólafsson (landlæknir) 277
Ólafur Pálsson 95
Ólafur Hólmgeir Pálsson 235
Ólöf Dagmar Árnadóttir 27
Ólöf Guðrún Guðmundsdóttir 266m
Óskar Bjarnason 174
Óskar Gíslason *sjá* Þorleifur *Óskar* Gíslason
Óskar Gunnarsson 165
Óskar Hallgrímsson 240
Parks, Rosa 33m, 268
Pavarotti, Luciano 84
Páll Briem 13, 14
Páll Melsted 12
Pétur H. J. Jakobsson 278, 401
Piaf, Edith 414

Picasso, Pablo 278, 279
Plath, Sylvía 224
Presley, Elvis 353
Ragna Bergmann 313m
Ragna Steinunn Eyjólfsdóttir 357, 358m
Ragnar Ingimarsson 211
Ragnar Kjartansson 137
Ragnheiður Eide Bjarnason 292
Ragnheiður Jónsdóttir 200, 356
Ragnheiður Kristjánsdóttir 291, 295, 299
Ragnheiður Ólafsdóttir 313m
Ragnhildur Bjarnadóttir 398
Ragnhildur Jónsdóttir 27, 40
Ragnhildur Pétursdóttir 19
Randver Þorláksson 75m
Rannveig Jónsdóttir 8, 76, 194m, **195–228** (197m, 200m, 208m, 216m, 221m, 222m, 223m), 241, 281, 304, 332, 338, 340, 398, 408
Rannveig Löve 215, 216m
Reich, Wilhelm 32
Rigmor Hanson 135
Rockefeller, John D. 30
Roosevelt, Franklin D. 34
Rooskens, Anton 269m
Roth, Dieter 137
Róska (Ragnhildur Óskarsdóttir) 269
Rúna Þorkelsdóttir 177m
Rúrí (Þuríður Fannberg) 129
Schildmann, Ulrike 186
Sebastian, heilagur 53
Sighvatur Björgvinsson 402
Sigríður Bjarnadóttir 266
Sigríður Friðriksdóttir 334
Sigríður Guðmundsdóttir 197, 206, 224
Sigríður Hagalín 342m
Sigríður Harðardóttir 8
Sigríður Jónsdóttir 186
Sigríður Kristinsdóttir 222
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 69, 70
Sigríður J. Magnússon 199
Sigríður Hanna Sigurbjörnsdóttir 407m
Sigríður Skarphéðinsdóttir 313m
Sigríður Thorlacius 221m, 222, 223m, 408
Sigríður A. Valdimarsdóttir 221m
Sigríður Þorsteinsdóttir 16, 392
Sigrún Clausen 219, 230m, 305
Sigrún Eldjárn 145
Sigrún Jóhannsdóttir 211
Sigrún Jónsdóttir 222
Sigrún Sigurjónsdóttir 132
Sigurður Björnsson 389
Sigurður Blöndal 390
Sigurður Guðmundsson 269m
Sigurður Guðmundsson málari 17
Sigurður Jónasson 15
Sigurður Jónsson 130
Sigurður Karlsson 342m
Sigurður A. Magnússon 144, 366, 398
Sigurður Skúlason 75m
Sigurjón Jóhannsson 137
Sigurjón Oddsson 354
Sigurlaug Bjarnadóttir 258
Sigurlaug Gunnarsdóttir 17
Sigurlaug Sigurðardóttir 390
Sigurveig Hanna Eiríksdóttir 223m
Sigurveig Sigurðardóttir 313m
Sigþrúður Friðriksdóttir 15, 16
Silja Aðalsteinsdóttir 119, 284
Sjöman, Vilgot 77, 181
Skard, Åse Gruda 325
Skúli Thoroddsen 14, 15
Snjólaug Sigurðardóttir 163, 164, 296, 297m
Snorri Sturluson 40
Soffía Guðmundsdóttir 108, 399
Sólveig Jónsdóttir 74
Stefán Briem 328, 329, 346, 347
Stefán Karlsson 74, 103, 106, 107, 141, 169, 399
Steinunn Bergsteinsdóttir 37, 416
Steinunn Ingimundardóttir 213
Steinunn Pálsdóttir 409, 411m

Steinunn Stefánsdóttir 103, 107, 122, 415m
Steinunn Ögmundsdóttir 94, 99m
Stella Stefánsdóttir 219, 231m, 306
Stórval (Stefán Jónsson frá Möðrudal) 273
Svandís Skúladóttir 221m
Svanhildur Halldórsdóttir 84
Svanhildur Magnúsdóttir 255m
Svava Jakobsdóttir 74–76, 78, 106, 109, 148, 177m, 188, 210, 215, 217m, 225, 258, 302, 310, 359, 362, 367, 402, 403m
Svava Stefánsdóttir 277, 401
Svavar Gestsson 178, 317
Sveinn Einarsson 370
Sveinn Garibaldason (dulnefni) 182
Sæmundur Helgason 148m
Teresa (móðir Teresa) 227
Teresía Guðmundsson 68
Theodóra Thoroddsen 14
Thoreau, Henry David 30, 36, 55, 269, 270
Toma, Toshiki 87
Torfi Bjarnason 87
Tryggvi Gunnarsson 15
Twiggy 71
Unnur Ingvarsdóttir 220
Unnur A. Jónsdóttir 215, 217m, 222, 281, 339
Unnur Óskarsdóttir 165, 167
Unnur Schram 313m
Valborg Bentsdóttir 280, 281m, 286m, 334, 337m
Valdimar Ásmundsson 13, 17
Valgerður Hallgrímsdóttir 63
Valgerður Þorsteinsdóttir 12
Valva Ásgríms 200m
Vigdís Einarsdóttir 313m
Vigdís Finnbogadóttir 83, 84m, 130, 158, 159, 222, 225, 311
Vigdís Guðnadóttir 130
Vigdís Jónsdóttir 197m
Vigdís Vigfúsdóttir 195
Vilborg Dagbjartsdóttir 8, 22m, **23**, 38, 39, 140, 145, 146m, 163, 169, 230m, 231m, 298, 307, 329m, 397, 412, 418, 419
Vilborg Harðardóttir 74–76, 79, 81, 112, 113m, 138, 145, 155–158, 169m, 171m, 182, 210, 222, 225–228, 271, 277, 301, 302, 305–307, 313, 337m, 361, 401, 403, 406, 408, 412, 413, 415, 416m, 417m 419, 420
Vilborg Sigurðardóttir 8, 11, 208m, 281, 334m, 345, 346, 368m, 388m, **389–414** (391m, 405m, 410m), 416, 418
Vilhjálmur Vigfússon 196
Vilmundur Jónsson 361
Widalinus (dulnefni) 152
Wilson, Samuel (Sam frændi) 31
Þorbjörg Höskuldsdóttir 137, 138
Þorbjörg Jónsdóttir 281m, 334
Þorbjörg Ólafsdóttir 13
Þorbjörg Sveinsdóttir 15, 393
Þorbjörn Broddason 175, 208
Þorgeir Þorgeirson 39, 145, 146m
Þorgerður Benediktsdóttir 286m
Þorgerður Egilsdóttir 13
Þorleifur *Óskar* Gíslason 130
Þorvaldur Garðar Kristjánsson 253
Þorvarður Örnólfsson 200
Þór Vigfússon 49, 51, 52m
Þóra Grímsdóttir Melsted 11, 12
Þóra Þorleifsdóttir 223m, 333
Þórbergur Þórðarson 96
Þórdís Eggertsdóttir 14
Þórður Kristleifsson 96
Þórhallur Sigurðsson 75m
Þórhildur Þorleifsdóttir 406, 407m
Þórný Friðriksdóttir 390, 391m
Þórunn Guðmundsdóttir 196
Þórunn Gunnarsdóttir 265, 266m
Þórunn Magnúsdóttir 223
Þórunn Valdimarsdóttir 220, 223
Þröstur Ólafsson 225
Þuríður Einarsdóttir 243
Þuríður Magnúsdóttir 86, 240, 241m, 281m, 282, 334, 337m, 409, 411m
Þuríður Pétursdóttir 171m, 398
Örn Arnarson 406
Örn Erlendsson 368m